Hæstaréttardómar 1994 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1994

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfararheimild 547
Aðfinnslur 20, 79, 104, 136, 143, 147, 171, 179, 228 271, 461, 466, 560
Aðför 547
Aðilaskýrsla 319
Aðild 1, 98
Afnotamissir 241
Afsláttur 143
Afurðalán 354
Aukabiðdagagjald 333
Áhættutaka 396
Bifreiðar:
Einkamál 396
Opinber mál 171, 458, 466
Bókanir 208
Bráðabirgðalög 469
Brenna 298
Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. 566
Brot gegn 2. mgr. 112. gr. alm. hgl. 158
Brot gegn valdstjórninni 566
Börn 343, 400, 639
Dagsektir 190
Dráttarvextir 245
Eignardómsmál 36, 39
Eignarréttur 129, 154
Eignaspjöll 298
Einföld ábyrgð 262
Farmsamningar 333
Fasteign 271, 539
Fasteignakaup 387
Fasteignasala 150
Félagsdómur 17
Fjárdráttur 381
Fjármál hjóna 526
Fjárskipti 413
Fjársvik 498
Flýtimeðferð 79

Bls.
Forgangskrafa 221
Framfærslueyrir 343
Frávísun:
a) frá Félagsdómi 17
b) frá héraðsdómi 36, 39, 117, 625
c) frá Hæstarétti 1, 228, 319, 590
Frávísun frá Hæstarétti hafnað 42
Frávísun héraðsdómara felld úr gildi 98
Frávísunarkröfu hafnað 590
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 30, 495
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi að hluta 424
Friðhelgi einkalífs 287
Fyrning 6
Gabb 258
Gagnaöflun 208
Galli 143, 387
Gerðardómur 20
Gjafvörn 343
Gjaldþrot 154, 606
Gjaldþrotaskipti 1, 104, 221, 354, 491
Gjalþrotalög 313
Gjöf 606
Grandaleysi 154
Greiðslustöðvun 262
Gæsluvarðhald:
2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 28, 102, 213, 617
A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 434
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 268
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 431
Heimvísun 34, 208
Hjón 343
Húsaleigusamningur 69, 221
Húsbóndaábyrgð 400
Hylming 503
Innheimta opinberra gjalda 576
Innsetningargerð 124, 216
Ítrekun 375
Jarðalög 363
Kaupleigusamningur 154
Kaupmáli 526, 606
Kaupsamningur 271, 539
Kjarasamningur 469
Kröfugerð 30, 354, 424

Bls.
Kynferðisbrot 639
Kyrrsetning 104
Kæruheimild 20, 228
Kærumál:
Aðfararheimild 547
Aðfinnslur 20, 104, 136, 228
Aðför 547
Aðilaskýrsla 319
Aðild 1, 98
Eignardómsmál 36, 39
Eingarréttur 129
Félagsdómur 17
Forgangskrafa 221
Frávísun:
a) frá Félagsdómi 17
b) frá héraðsdómi 36, 39, 117, 625
c) frá Hæstarétti 1, 228, 319
Frávísun héraðsdómara felld úr gildi 98
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 30, 495
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi að hluta 424
Fyrning 6
Gerðardómur 20
Gjaldþrotalög 313
Gjaldþrotaskipti 1, 104, 221, 491
Gæsluvarðhald:
2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ..... 28, 102, 213, 617
A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 434
C-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 268
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 431
Húsaleigusamningur 221
Innsetningargerð 124, 216
Jarðalög 363
Kröfugerð 30, 424
Kyrrsetning 104
Kæruheimild 20, 228
Landskipti 363
Leiðbeiningarskylda 104
Lögtak 6
Málsástæður 110
Málskostnaðartrygging 3, 622
Málskostnaður 11, 553
Nauðungarsala 48, 110, 129, 136
Opinber skipti 44

Bls.
Óðalsréttur ... 136
Óvígð sambúð ... 44
Riftun ... 30
Samlagsaðild ... 495
Samningur ... 124
Skiptastjóri ... 313
Skipulag ... 117
Skuldabréf ... 216
Stjórnsýsla ... 117
Úthlutun uppboðsandvirðis ... 48, 110, 129, 625
Vanreifun ... 424
Varnarþing ... 310
Veð ... 129, 136
Veðskuldabréf ... 547
Verslunarkaup ... 310
Vextir ... 110
Vitni ... 619
Vítur ... 313
Víxilmál ... 619
Þinglýsing ... 48, 363
Landskipti ... 363
Laun ... 147
Lausafjárkaup ... 143, 236
Leiðbeiningarskylda ... 104
Líkamsárás ... 161, 179, 252, 560
Læknar ... 400
Lögbann fellt úr gildi ... 590
Lögregluáminning ... 287
Lögregluannsókn ... 298
Lögtak ... 6
Manndráp ... 514
Matsgerð ... 387
Málflutningsmaður ... 461
Málsástæður ... 110, 175, 354
Málskostnaðartrygging ... 3, 622
Málskostnaður ... 11, 553
Miskabætur ... 400
Nauðasamningar ... 262
Nauðgun ... 230
Nauðungarsala ... 48, 110, 129, 136
Neyðarhjálp ... 258
Opinber skipti ... 44
Opinberir starfsmenn ... 469

Bls.
Orlof 329
Óðalsréttur 136
Ógilding 79
Ómaksbætur 16
Ómerking 34, 208
Óvígð sambúð 44, 413
Reynslulausn 455, 458
Riftun 30, 69, 606
Samningsaðild 495
Samningur 124
Sektir 245
Sératkvæði 64, 79, 158, 179, 208, 298, 343, 375, 514, 606, 639
Séreign 526
Sjómannalög 58, 64
Sjómenn 322
Sjóveð 322
Sjúkrahús 400
Skaðabætur 79, 241, 252, 367, 396, 560, 566, 576, 639
Skattar 245, 576
Skilorð 252, 258, 287, 381, 445, 514
Skilorðsrof 230
Skipastjóri 313
Skipulag 117
Skjalafals 455, 503, 556
Skuldabréf 216
Skuldajöfnuður 190, 387
Skuldamál 150
Skylduspamaður 381
Stjórnsýsla 117, 343, 436, 576
Stjórnvaldsákvörðun 79
Stöðvun atvinnurekstrar 576
Sveitarstjórn 262, 539
Sölugjald 576
Sönnun 143
Tékkasvik 556
Trygging 590
Tryggingarbréf 354
Umboð 436
Umboðssvik 445
Umferðarlög 458, 566
Undanskot sönnunargagna 158
Uppsagnarfrestur 329
Uppsögn 322

Bls.
Útgáfa stefnu 42
Úthlutun uppboðsandvirðis 48, 110, 129, 625
Útivist 175
Útivistardómur 14, 15, 16, 212, 429, 430
Vanreifun 424
Varnarþing 310
Veð 129, 136, 236
Veðskuldabréf 547
Veikindaforföll 58, 64
Verðtrygging 271
Verkfall 367
Verksamningur 190, 241, 436, 628, 645
Verslunarkaup 310
Vextir 110
Viðurlagaákvörðun 466, 498, 501, 503, 556
Vinnusamningur 58, 64, 147, 322
Vitni 208, 619
Vítur 313, 461
Víxilmál 619
Þingfesting 42
Þinglýsing 48, 236, 363
Þjófnaður 375, 501, 503, 556
Ökuréttarsvipting 171, 458, 461, 466
Ölvun 171
Ölvunarakstur 458, 461, 466
Örorkubætur 400
45. gr. l. nr. 75/1973 175

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur. 1. hefti. 1994

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 508/1993. **Sæplast hf.**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Guðmundi Óskarssyni,
Guðmundi Þormóðssyni og
Heiðmundi Sigurmundssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðild. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 14. desember. Kærð er ákvörðun Sigurðar T. Magnússonar, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur, er tekin var í þinghaldi 21. október 1993, að verða við þeirri beiðni varnaraðila að skipa skiptastjóra í þrotabúi Tækniplasts hf., en jafnframt laut beiðnin að endurupptöku gjaldþrotaskipta á þrotabúinu, er hófust 15. desember 1988, en lauk 30. júní 1992. Krefst sóknaraðili þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Kærumálið á rætur að rekja til kaupsamnings, er sóknaraðili og Tækniplast hf. gerðu með sér. Ágreiningur reis um efndir samningsins. Höfðaði Tækniplast hf. af því tilefni mál á bæjarþingi Garðabæjar, þingfest 15. desember 1987, og annað mál, þingfest 15. október 1991. Varð samkomulag um, að yngra málið hvíldi, uns dómur

lægi fyrir í eldra málinu. Hinn 4. mars 1993 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í því máli. Var hann á þá leið, að héraðsdómur og meðferð málsins að hluta voru ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist dómurinn á því, að bú Tækniplasts hf. tók ekki við rekstri málsins, eftir að það var tekið til gjaldþrotaskipta, og var enn formlegur aðili að því, er héraðsdómur var kveðinn upp, og lögmaður þess annaðist áfram rekstur þess án umboðs frá þrotabúinu. Þá var litið svo á í dómi Hæstaréttar, að óhjákvæmilegt virtist eins og sakarefni málanna væri háttað, að þau yrðu sameinuð í eitt mál í héraði.

Beiðni varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra í búinu var til komin í því skyni að halda áfram rekstri umræddra dómsmála.

Í kæru sóknaraðila segir, að aðild hans að máli þessu byggist á þeirri staðreynd, að hann hafi verulega hagsmuni af því, að málsókn fyrrum hluthafa í þrotabúi Tækniplasts hf. falli niður, en kröfuhafar í búinu hafi ekki staðið að málsókninni. Sóknaraðili sé hlutafélag, skráð á almennum markaði, og hafi málsókn þessi og áritun um hana í ársreikningum þess valdið félaginu skaða og óþægindum.

Enda þótt ósk varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra tengist dómsmálum milli sóknaraðila og þrotabúsins, skapar það sóknaraðila engan rétt til afskipta af úrlausn þess álitaefnis. Skortir því lagaskilyrði fyrir kæru hans á framangreindri ákvörðun héraðsdómara og ber að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sæplast hf., greiði varnaraðilum, Guðmundi Óskarssyni, Guðmundi Þormóðssyni og Heiðmundi Sigurmundssyni, sameiginlega 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 507/1993. **Þrotabú SH verktaka hf.**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Jóni Ólafi Ólafssyni og
Önnu S. Jónsdóttur
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1993, sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Hann krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að synjað verði kröfu um málskostnaðartryggingu, en til vara að hún verði ákvörðuð lægri fjárhæð. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt fram lagðri kröfulýsingarskrá í þrotabú sóknaraðila voru samþykktar forgangskröfur að fjárhæð samtals 47.944.540 krónur, almennar kröfur samtals 222.574.172 krónur og kröfur utan skuldaraðar samtals 76.630.952 krónur. Svo sem greint er í hinum kærða úrskurði var því lýst yfir af hálfu lögmanns sóknaraðila í þinghaldi 16. nóvember sl., að óvissa væri um verðmæti eigna búsins og jafnvel óvíst hvort forgangskröfur fengjust greiddar úr því. Með vísan til þessa svo og til forsendna hins kærða úrskurðar er rétt að staðfesta hann, enda kemst ný varakrafa sóknaraðila ekki að í kærumálinu, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Frestur til að leggja fram tryggingu ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig að frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili, þrotabú SH verktaka hf., greiði varnaraðilum, Jóni Ólafi Ólafssyni og Önnu S. Jónsdóttur, sameiginlega 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. nóvember 1993.

Mál þetta var þingfest 2. nóvember sl. og frestað til 9. s.m. Þann dag lagði lögmaður stefndu fram bókun á dómskjali nr. 27, þar sem hann gerir kröfu um að stefnanda verði gert að leggja fram kr. 1.040.000 sem tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti.

Vísar lögmaður stefndu í bókuninni máli sínu til stuðnings til b-liðar 1. mgr. 133. gr. l. nr. 91/1991 þar sem hann telur að leiða megi líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Í þinghaldinu þann 9. nóvember beindi lögmaður stefndu þeirri áskorun til lögmanns stefnanda að hann upplýsti um eignir búsins með tilliti til þess hvort þær stæðu til þess að greiða búskröfur miðað við þær áætlanir sem unnt væri að gera að svo komnu. Var málinu síðan frestað til 16. nóvember sl. til flutnings um málskostnaðartrygginguna. Í því þinghaldi upplýsti lögmaður stefnanda að vegna óvissu um verðmæti eigna í búinu annars vegar og ágreinings um lýstar forgangskröfur hins vegar sé óvíst hvort forgangskröfur fáist greiddar að fullu úr búinu. Hann mótmælti því hins vegar að lögð yrði fram málskostnaðartrygging af hálfu stefnanda og lét þess getið að ljóst væri af gögnum málsins að um réttarsamband væri að ræða milli aðila. Lögmaður stefndu benti m.a. á máli sínu til stuðnings að eigendur bús stefnanda væru margir hverjir fjársterkir aðilar og í lófa lagið að leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir málskostnaði. Af hálfu stefnanda hafa ekki komið fram mótmæli gegn fjárhæð hinnar umkröfðu tryggingar.

Ljóst þykir af því, sem fram hefur komið, að af hálfu stefnanda um stöðu bús hans, að leiða megi líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Eins og hér stendur á þykir ekki skipta máli hvort um forgangskröfu í bú stefnanda er að ræða, falli málskostnaður á hann með dómi í málinu. Þá þykir réttarsamband milli málsaðila, tilgangur og tilefni málshöfðunarinnar ekki ráða lyktum. Þykir því rétt að fallast á sjónarmið stefndu og úrskurða með vísan til b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991 að stefnandi skuli leggja fram málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 1.040.000, og ákveða, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, að hún skuli vera í formi banka-

tryggingar eða jafngildi hennar, innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins að viðlagðri frávísun málsins frá dómi.

Úrskurðarorð:

Stefnandi, þrotabú SH verktaka, skal setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 1.040.000 í formi bankatryggingar eða jafngildi hennar innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins vegna þingfestingar máls stefnanda gegn Jóni Ólafi Ólafssyni og Önnu S. Jónsdóttur.

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 449/1993 **Þrotabú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Lögtak. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. desember sl., sem barst réttinum með kærugögnum 10. s.m. Hann krefst sýknu af kröfum varnaraðila að því er tekur til álagðra opinberra gjalda fyrir árið 1987. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kröfu varnaraðila fylgdi lögtaksréttur og hún fyrntist á fjórum árum samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Með lögtaki því, sem gert var í fasteigninni Síðumúla 34 í Reykjavík 13. október 1988, var slitið fyrningu á kröfunni, sbr. 12. gr. nefndra laga. Lögtaksgerðinni var fylgt eftir með beiðni um nauðungaruppboð 6. júlí 1989. Það fór fram 20. júní 1990. Samkvæmt frumvarpi að úthlutun uppboðsverðs í febrúar 1991 kom ekkert til greiðslu á uppboðskröfu varnaraðila. Bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta 30. júní 1992. Hinn 25. ágúst sama ár lýsti varnaraðili umræddri kröfu í þrotabúið, og var hún móttekin af skiptastjóra 28. sama mánaðar. Fyrningarfrestur vegna kröfunnar var þá ekki liðinn. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 80.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, þrotabú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. október sl., var þingfest 30. júní 1993 til úrlausnar um ágreining um viðurkenningu lýstrar kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík í þrotabúið, að fjárhæð kr. 24.282.258,00, en skiptastjóri samþykkti kröfuna sem almenna kröfu, að fjárhæð 11.750.210,00.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúið, að fjárhæð kr. 24.282.258,00.

Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í málinu.

Varnaraðili gerir þær kröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að afstaða skiptastjóra til lýstra krafna verði staðfest. Auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu og virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Málsatvik.

I.

Málsatvik eru þau, að bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur þann 30. júní 1992.

Skiptastjóri var skipaður Einar Gautur Steingrímsson hdl.

Gjaldheimtan í Reykjavík lýsti kröfu að fjárhæð kr. 24.850.648,00, en með nýjum útreikningi, gerðum 4. maí 1993, var krafan lækkuð í kr. 24.282.258,00. Kröfulýsing þessi var send eftir lok kröfulýsingarfrests, en með samþykki allra kröfuhafa var samþykkt að hún kæmist að í þrotabúinu.

Skiptastjóri féllst á kröfuna að fjárhæð kr. 11.750.210,00 þar sem hann taldi álögð gjöld fyrir árið 1987 fyrnd.

Þessari afstöðu skiptastjóra var mótmælt af hálfu Gjaldheimtunnar á skiptafundi sem haldinn var þann 5. maí 1993.

Með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr., laga nr. 21/1991 krafðist því skiptastjóri úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um framangreindan ágreining.

II.

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra til kröfu sinnar. Hann byggir kröfur sínar á því að gert hafi verið lögtak hjá skuldara 13. október 1988 og hafi sú gjörð slitið fyrningu skv. 12. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 3. gr. 3. tl. sömu laga.

Í öðru lagi hafi verið gerður reki að því að innheimta kröfuna með því að biðja um uppboð þann 6. júlí 1989 á eigninni sem gert hafi verið fjárnám í. Gjaldheimtan hafi því haldið kröfunni fyllilega til laga.

Gerir hann athugasemd við þá fullyrðingu skiptastjóra að kröfulýsing Gjaldheimtunnar hafi borist of seint, þ.e.a.s. eftir 29. október 1992, en kröfulýsing Gjaldheimtunnar hafi verið dagsett 25. ágúst og móttekin af skiptastjóra 28. s.m.

Varnaraðili fellst á, að þessar athugasemdir séu réttar, og bendir á, að fyrir mistök hafi varnaraðili ekki verið boðaður á skiptafund með réttum hætti og hafi því ekki mætt til þess að gæta hagsmuna sinna og mótmæla afstöðu skiptastjóra sem þá hafði hafnað kröfulýsingu varnaraðila.

Til að sá þáttur hafi ekki þurft að fara fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, hafi verið farin sú leið að Gjaldheimtan lýsti kröfum sínum á ný og að sú kröfulýsing kæmist að með samþykki allra hlutaðeigandi.

III.

Varnaraðili bendir á til stuðnings kröfum sínum að þann 13. október 1988 hafi verið gert lögtak hjá Sölusamtökum ísl. matjurtaframleiðenda fyrir gjöldum þeim, sem eru grundvöllur deilu þessarar, í Síðumúla 34, Reykjavík. Þann 20. júní 1990 hafi farið fram uppboð á þeirri fasteign og í febrúar 1991 hafi verið út gefið frumvarp til úthlutunar á uppboðsandvirðinu.

Ágreiningslaust sé að kröfur Gjaldheimtunnar fyrnist á 4 árum. Ágreiningurinn snúist um það hvort varnaraðili hafi rofið fyrningu með þeim réttaráhrifum að nýr fyrningarfrestur hafi byrjað að líða.

Hann kveður helstu sjónarmið sín vera þessi:

1. Aldrei hafi verið kveðinn upp dómur um efni kröfunnar. Málsókn í skilningi 11. gr. laga nr. 14/1905 hafi ekki heldur byrjað. Stafi það af því, að það hafi ekki verið hlutverk fógeta á þeim tíma, sem lögtakið var gert, að dæma um efni réttinda heldur hafi fógeti fjallað um hvort lögtak skyldi gert eður ei. Þetta tvennt sé eðlisólíkt þar sem fógeti hafi annars vegar úrskurðað um hvað hann ætlaði að framkvæma, á meðan bæjarþing hins vegar dæmdi um efni réttinda. Málsókn í skilningi fyrningarlaga hafi því aldrei getað hafist fyrir fógetarétti.

Þessi skilningur fái byr undir báða vængi þegar 11. gr. fyrningarlaga sé skoðuð, en þar sé talað um, að málsókn byrji með kæru til sáttanefndar eða

stefndu, og ekki gert ráð fyrir öðrum aðferðum. Í lok 11. gr. sé notað hugtakið efnisdómur, en slíka dóma hafi fógeti aldrei getað kveðið upp. Það hafi ekki heyrt undir hans valdsvið.

Af þessum ástæðum hafi úrskurðir fógeta ekki verið taldir hafa bindandi verkanir gagnvart hliðsettum dómurum bæjarþings eða aukadómþings.

2. Í 12. gr. fyrningarlaga sé fjallað sérstaklega um slit fyrningar með lögtaki o.fl.

Þann skilning verði að leggja í þetta ákvæði, að þegar lögsókn endi hafi gerðarbeiðandi 6 mánuði til að byrja að nýju með þeim réttaráhrifum að hann hafi áfram lögtaksrétt þótt krafan sé fyrnd að efni til, þ.e. lögtaksréttur er eitt, en kröfuréttur annað, þótt þetta tvennt fylgist oftast að. Hér sé því um að ræða sérstaka undantekningu frá þeirri reglu að lögtaksréttur falli niður þegar krafan fyrnist.

Hvað sem öðru líði, þá felist í 12. gr. fyrningarlaga að nýjar aðgerðir fyrir fógeta (eða bæjarþingi verði ekki fallist á þann skilning sem haldið hafi verið fram að ofan), hafi orðið að hefjast innan 6 mánaða frá því að þeim fyrri hafi lokið. Þetta hafi ekki verið gert, eins og sjá megi af því að uppboðsmeðferð hafi lokið þann 20. júní 1990 og verði ekki séð að nein aðgerð hafi farið fram næstu 6 mánuði á eftir sem hefði getað rofið fyrningu.

Niðurstaða.

IV.

Mál þetta snýst um hvort krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík vegna álagðra gjalda fyrir árið 1987 sé fyrnd og hvort fyrning hafi verið rofin með lögtaki sem gert var í eignum varnaraðila 13. október 1988 vegna þeirra gjalda.

Krafa sú, sem hér um ræðir, féll í gjalddaga á árinu 1987 og telja verður að kröfur vegna opinberra gjalda fyrnist á 4 árum, sbr. 3. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905, nema dómur hafi gengið um kröfurnar, sbr. 4. gr. fyrningarlaga.

Þann 13. október 1988 var gert lögtak í eign varnaraðila að Síðumúla 34, Reykjavík, „til tryggingar vangoldnum opinberum gjöldum gerðarþola samkvæmt gjaldheimtuseðli 1987 og 1988 með áföllnum dráttarvöxtum pr. 9. 9. 1988, samtals að fjárhæð kr. 11.051.966,00, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar".

Í 12. gr. fyrningarlaga er sérákvæði um að krafa sé sótt í tæka tíð, ef lögtak eða fjárnám eða nauðungaruppboð án undangengins fjárnáms sé byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Lögtak var gert fyrir kröfunni 13. október 1988. Fyrningarfrestur ofangreindrar kröfu Gjaldheimtunnar vegna álagðra gjalda fyrir 1987 var ekki liðinn, þegar gert var lögtak hjá varnaraðila fyrir kröfunni. Fyrningarslitin miðast við þann tíma sem réttargerðir

hefjast. Hefjist þær innan fyrningarfrestsins, byrjar nýr fyrningarfrestur að líða, og samkvæmt ofangreindu byrjaði nýr fyrningarfrestur að líða 13. október 1988.

Lögtakið fór fram, og það var ekki fellt úr gildi við æðra dómstól. Síðari málsliður 12. gr. fyrningarlaga getur því á engan hátt átt við í máli þessu.

Krafa sóknaraðila í bú varnaraðila er móttekin 28. ágúst 1992. Það er því ljóst að þegar krafan er móttekin er fyrningarfrestur kröfunnar ekki liðinn.

Ber því að fallast á með sóknaraðila, að krafa hans vegna álagðra gjalda fyrir árið 1987 sé ekki fyrnd, og viðurkenna kröfu hans að fjárhæð kr. 24.282.258,00 sem almenna kröfu í bú Sölusamtaka ísl. matjurtaframleiðenda.

Með vísan til ofangreinds ber varnaraðila að greiða sóknaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, er viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Sölusamtaka ísl. matjurtaframleiðenda, að fjárhæð kr. 24.282.258,00.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 6. janúar 1994.

Nr. 519/1993. **Nýja kökuhúsið hf.**
(sjálfir)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í g-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 20. desember sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 27. s.m. Krefst hann þess, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur í málskostnað í héraði með álagi samkvæmt 2. mgr. 131. gr. áðurnefndra laga. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Nýja kökuhúsið hf., greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1993.

Mál þetta, sem þingfest var fyrir dóminum 14. janúar sl., er höfðað af Íslandsbanka hf., Lækjargötu 12, Reykjavík á hendur Nýja kökuhúsinu hf., Austurstræti 8, Reykjavík til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 575.830,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari

breytingum frá 25. desember 1988 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda var lögð fram greinargerð í þinghaldi 15. apríl 1993. Er þar gerð sú dómkrafa að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þá er krafist málflutningslauna að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Eftir að greinargerð stefnda kom fram var málinu þrívegis frestað til sáttaumleitana. Í þinghaldi 1. desember sl. féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda og var þess krafist að málið yrði fellt niður og að stefnanda verði eigi gert að greiða hærri málskostnað en 30.000,00 kr.

Af hálfu stefnda var í sama þinghaldi krafist málskostnaðar, að fjárhæð kr. 200.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, úr hendi stefnanda. Er krafa hans studd þeim rökum að samkvæmt venju dómsins beri að ákveða málskostnað í samræmi við þá hagsmuni sem um ræði í málinu. Höfuðstóll að fjárhæð kr. 575.830,00 auk dráttarvaxta frá 25. desember 1988 nemi kr. 1.548.659.40. Af hans hálfu er vísað til þess að í áskorunarmáli þar sem útivist hafði orðið af hálfu stefnda, en þar var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.407.510,00, var málskostnaður ákveðinn kr. 190.700,00. Því hafi ekki verið mótmælt að í því máli hafi tildæmdur málskostnaður verið í samræmi við venju. Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnanda hefði verið tildæmdur málskostnaður í máli þessu að fjárhæð kr. 200.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, hefði útivist orðið af hálfu stefnda. Þá beri að taka tillit til þess að vinna af hálfu stefnda sé þegar orðin meiri en vinna stefnanda í dæmigerðu áskorunarmáli. Í greinargerð stefnda er þess krafist að stefnandi verði látinn greiða álag á málskostnað vegna málatilbúnaðar síns en af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnandi hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um málsatvik varðandi kröfuna í stefnu.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram, að hann hafi boðið stefnda 30.000,00 kr. í málskostnað en því boði hafi af hálfu stefnda verið hafnað.

Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð einkamála ber að fella mál þetta niður. Málskostnaður stefnda þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts en við ákvörðun málskostnaðar ber að leggja til grundvallar að málið er fellt niður í beinu framhaldi af sáttaumleitunum, sem hófust, er greinargerð hafði verið lögð fram af hálfu stefnda. Einnig er í þessu sambandi hafður til hliðsjónar dómur Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 23. nóvember 1993 í máli nr. 454/1993. Ekki þykja fram komin haldbær rök fyrir því að dæma stefnanda til að greiða álag á málskostnað.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Nýja kökuhúsinu hf., kr. 30.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 7. janúar 1994.

Nr. 90/1992. **Jón Guðmundsson**

gegn

Rafveitu Hafnarfjarðar og landbúnaðarráðherra f.h. landbúnaðarráðuneytis

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 7. janúar 1994.

Nr. 473/1993. **Ásgeir S. Ásgrímsson**

gegn

Barri sf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir S. Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 7. janúar 1994.

Nr. 485/1993. **Bíldudalshreppur**

gegn

Gunnari Valdimarssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bíldudalshreppur, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Gunnari Valdimarssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. janúar 1994.

Nr. 522/1993. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Haraldi og Sigurði hf.
(Gestur Jónsson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarúrskurður Félagsdóms 16. desember 1993 verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir dóminn að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Óumdeilt er, að varnaraðili á enga aðild að þeim kjarasamningi, sem sóknaraðili telur hann hafa brotið gegn. Málsefnið verður eigi borið undir Félagsdóm á grundvelli 7. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 44. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði varnaraðila, Haraldi og Sigurði hf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Félagsdóms 16. desember 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. f.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, hefur Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, höfðað fyrir Félagsdómi gegn Haraldi og Sigurði hf., kt. 470486-0159, Faxafeni 12, Reykjavík, með stefnu þingfestri 29. júní 1993.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi gerst brotlegur við 7. gr. l. nr. 80/1938 og kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að sú háttsemi stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna sé brot á 7. gr. l. nr. 80/1938 og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og vinnuveitenda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

– – –

Niðurstaða.

Stefnandi máls þessa er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, sem er heildarsamtök íslenskra rafiðnaðarmanna. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 eru það sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sem reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir Félagsdómi. Mál þetta er hins vegar höfðað af Rafiðnaðarsambandinu sjálfu, en ekki vegna sérstaks stéttarfélags innan þess. Er sú sóknaraðild ekki í réttu formi samkvæmt greindu lagaákvæði.

Við málshöfðun fyrir Félagsdómi ber stefnanda að hafa hliðsjón af skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýrar dómkröfur og málsástæður. Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru óglöggar, og ekki er gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum, sem þar um ræðir, eða hverjir áttu þar hlut að máli. Eigi kemur heldur fram hvað þeir starfsmenn stefnda báru úr býtum í reynd,

sem áttu að njóta ákvæðisvinnugrundvallarins að áliti stefnanda. Þessi málatilbúnaður stefnanda er ófullnægjandi og andstæður d- og e-liðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Málsaðila greinir ekki á um það að enginn kjarasamningur er til þeirra í millum. Þegar svo hagar til ber það ekki undir Félagsdóm að dæma um brot á kjarasamningi eða um skilning á 7. gr. laga nr. 80/1938, en sú lagagrein á einungis við þegar vinnuveitandinn er bundinn af kjarasamningi.

Framangreind atriði leiða til þess að taka ber til greina kröfu stefnda um frávísun máls þessa frá Félagsdómi. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,00 í málskostnað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Valgeir Pálsson.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Rafiðnaðarsamband Íslands, greiði stefnda, Haraldi og Sigurði hf., kr. 60.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 13. janúar 1994.

Nr. 1/1994. **Lúðvík Gizurarson**
(sjálfur)
gegn
Bergsteini Gizurarsyni,
Helga V. Jónssyni og
Jóhanni J. Ólafssyni
(sjálfir)

Kærumál. Gerðardómur. Kæruheimild. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1993, sem barst réttinum 4. janúar 1994. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma, en auk þess „í venjulegar kærumálsreglur, sbr. lög um Hæstarétt".

Sóknaraðili krefst þess, að „þeim Jóhanni J. Ólafssyni lögfræðingi og Helga V. Jónssyni hrl. verði vikið frá störfum í gerðardómi, sem starfar samkvæmt gerðardómssamningi dagsettum 4. júní 1989 milli mín og Bergsteins Gizurarsonar, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1989". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Bergsteinn Gizurarson krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Kröfur hafa ekki borist frá öðrum varnaraðilum.

I.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi hafi ekki verið farið eftir ákvæðum gerðardómssamningsins um skipun Helga V. Jónssonar sem oddamanns. Í öðru lagi skorti Jóhann J. Ólafsson sérstök hæfisskilyrði héraðsdómara vegna setu í öðrum gerðardómi, er fjallað hafi um hluta þess ágreinings, sem þessi gerðardómur á að leysa úr. Í þriðja lagi hafi orðið verulegur dráttur á meðferð gerðarmálsins vegna vanrækslu gerðardómsmanna. Af þessum atriðum er aðeins hið síðastgreinda kæranlegt til

Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 53/1989, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. Um aðrar kæruheimildir, en fram koma í þessum lögum, er ekki að ræða.

II.

Á það verður að fallast með héraðsdómara, að skilyrði séu ekki til þess að leysa gerðarmenn frá störfum vegna dráttar á málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilanum Bergsteini Gizurarsyni kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

III.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar viðhefur sóknaraðili ýmis óviðurkvæmileg ummæli í garð varnaraðilanna Bergsteins Gizurarsonar og Jóhanns J. Ólafssonar. Þetta verður að átelja. Þá er það ámælisvert, að sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á drætti, sem hann á að verulegu leyti sök á sjálfur, eins og rakið er í hinum kærða úrskurði.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði eru gerðarmenn ekki tilgreindir sem varnaraðilar, sbr. dóm Hæstaréttar 29. október 1993.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðilanum Bergsteini Gizurarsyni 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. desember 1993.

I.

Máli þessu var vísað til Héraðsdóms Suðurlands með bréfi Bergsteins Gizurarsonar dagsettu 13. janúar 1993. Í bréfinu segir: „Þar sem einn gerðardómenda Jón Ármann Héðinsson, hefur sagt sig úr gerðardóminum, óskar undirritaður eftir því, að þér, herra dómstjóri, skipi (sic) gerðardómanda í hans stað sem fyrst. Eins og sést í meðfylgjandi gerðardómssamningi er samningurinn óuppsegjanlegur. Þrátt fyrir það hefur Lúðvík Gizurarsyni liðist að koma í veg fyrir, að gerðardómurinn ljúki hlutverki sínu." Í samræmi við bréf þetta fékk málið heitið „Beiðni Bergsteins Gizurarsonar um að tilnefndur verði maður í gerðardóm".

Málið var fyrst tekið fyrir 24. ágúst sl. og ákvað dómari þá að fresta mál-

inu til 16. september og beindi því jafnframt til aðila að þeir leituðu samkomulags um að gera gerðardómssamninginn virkan eða um nýja gerðarmenn. Er mál þetta var síðan tekið fyrir þann dag, varð varnaraðili, Lúðvík Gizurarson, við því að tilnefna mann af sinni hálfu, og var Magnús Thoroddsen hrl. skipaður í því þinghaldi til þess að taka sæti í gerðardóminum.

Jafnframt því að tilnefna Magnús til setu í gerðardóminum gerði varnaraðili nú kröfu til þess að gerðarmönnunum Jóhanni J. Ólafssyni og Helga V. Jónssyni yrði vikið úr gerðardóminum og dómurinn skipaði nýja menn til starfa í gerðardóminum í þeirra stað. Upphaflegur sóknaraðili, sem eftirleiðis verður nefndur varnaraðili, tók til varna í þessum þætti málsins og krafðist þess, að þeirri kröfu yrði hrundið, og skírskotaði til þess, að ekkert það hefði gerst í málinu, sem gæfi tilefni til þess, að þeim yrði vikið frá, auk þess sem slíkt myndi tefja málið og hafa aukinn kostnað í för með sér. Var málið síðan tekið til munnlegs málflutnings 27. september sl. um þessa kröfu upphaflegs varnaraðila, sem eftirleiðis í úrskurði þessum verður nefndur sóknaraðili. Í samræmi við þetta fékk málið nýtt heiti.

Úrskurður í málinu var kveðinn upp 6. október sl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, er kvað síðan upp dóm í málinu 29. október sl. Í dómi Hæstaréttar segir: „Í máli þessu heldur sóknaraðili fram vanrækslu framangreindra gerðarmanna í starfi. Þeim hefur ekki verið gefinn kostur á því að mæta í málinu og taka til varna. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.“ Í samræmi við dóm Hæstaréttar var málið tekið fyrir að nýju þann 30. nóvember sl. Komu þá fyrir dóminn gerðarmennirnir Helgi V. Jónsson og Jóhann J. Ólafsson. Gerðarmaðurinn Helgi V. Jónsson lagði fram skýrslu um störf gerðardómsins. Var málinu síðan frestað til 6. desember sl. og fór þá fram munnlegur málflutningur og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar að nýju.

II.

Hinn 4. júní 1989 undirrituðu þeir Lúðvík Gizurarson og Bergsteinn Gizurarson gerðardómssamning. Samkvæmt samningnum skyldi gerðardómurinn skera úr deilum vegna viðskipta milli þeirra allt frá árinu 1960 á nánar tilgreindan hátt.

Um skipan gerðardómsins er svohljóðandi ákvæði:

> „Gerðarmenn skulu vera þrír. Það eru þeir Jóhann J. Ólafsson stórkaupmaður, Kleifarvegi 6, Reykjavík, og Jón Ármann Héðinsson, Birkigrund 59, Kópavogi, ásamt oddamanni. Oddamaður verði fenginn samkvæmt samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og fyrrnefndra gerðarmanna. Nái þeir ekki samkomulagi, skal hann dóm-

kvaddur af borgardómaranum í Reykjavík. Gerðardómurinn ákveður þóknun oddamanns og annarra gerðarmanna."

Gerðarmennirnir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson lýstu því yfir með áritun á gerðardómssamninginn að þeir samþykktu að taka þetta gerðardómsstarf að sér.

Samkvæmt skýrslu gerðarmannsins Helga V. Jónssonar, dagsettri 26. nóvember sl., kom gerðardómurinn fyrst saman til starfa 4. október sl. (sic) og sendi síðan deiluaðilum bréf þann 4. janúar 1990, þar sem óskað var eftir nánar tilgreindum upplýsingum frá þeim.

Um tildrög þess, að Helgi V. Jónsson tók sæti í gerðardóminum sem oddamaður, segir í fyrrgreindri skýrslu Helga V. Jónssonar:

> „. . . skipuðu þeir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson gerðardóminn, en undirritaður tók sæti sem formaður gerðardómsins að þeirra beiðni, og var fyrsti fundur gerðardómsins haldinn 4. október 1989. Ekki var mér annað kunnugt á þeim tíma en að sú skipan væri gerð með samþykki sýslumanns Rangárvallasýslu, enda kom ekki fram athugasemd um það af hans hálfu er ég átti samtöl við hann eftir að ég tók að mér starfið."

Í bréfi sóknaraðila, dags. 18. apríl 1991, til Helga V. Jónssonar er gerð sú krafa að hann segi af sér sem formaður gerðardómsins. Þar er skírskotað til þess að ekki hafi verið gætt þess ákvæðis gerðardómssamningsins sem kveður á um að oddamaður skuli skipaður samkvæmt samkomulagi sýslumannsins í Rangárvallasýslu og gerðarmanna. Jafnframt segir í bréfinu: „Ekkert samráð var haft við sýslumann, sem nefndur er þó á undan gerðardómsmönnunum . . ." Þessi krafa er ítrekuð í bréfi, dagsettu 22. maí 1991. Sóknaraðili ritar yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf, dags. 26. ágúst 1991. Í tilefni þess bréfs hafa yfirborgardómarinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu átt tal saman símleiðis eins og fram kemur í bréfi sýslumannsins til yfirborgardómarans, dags. 11. september 1991. Í bréfinu segir svo:

> „Varðandi framangreint vil ég staðfesta að gerðardómsmennirnir Jóhann J. Ólafsson og Jón Ármann Héðinsson hafa eigi snúið sér til mín varðandi oddamann. Hefur hvorugur þeirra rætt við mig varðandi vinnu þeirra gerðardómsmanna né annað gerðardóminum viðvíkjandi. Hins vegar hef ég átt viðtöl við Helga V. Jónsson hrl., sem ég taldi að allir hefðu sætt sig við sem oddamann."

Með bréfi, dags. 24. október 1991, tilkynnir Jón Ármann Héðinsson

Helga V. Jónssyni að samkvæmt tilmælum Lúðvíks Gizurarsonar, en hann telji sér ekki annað fært en að verða við þessari ósk umbjóðanda síns, leggi hann niður störf í gerðardóminum uns nýr oddamaður hafi verið skipaður. Tilgreinir hann sem ástæðu fyrir þessari ákvörðun sinni þau ummæli, er sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu viðhafði í bréfi sínu frá 11. september 1991 sem rakið er hér að framan. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu fékk í hendur afrit af bréfi Jóns Ármanns frá 24. október 1991 og ritaði honum bréf sem dagsett var 31. október 1991. Í bréfinu skorar sýslumaður á Jón Ármann að halda áfram störfum við afgreiðslu verkefna gerðardómsins. Undirstrikar sýslumaður það í bréfi sínu, að bréf hans frá 11. september gefi ekki tilefni til þeirrar ákvörðunar að mæta ekki. Segir jafnframt í bréfi sýslumanns:

> „Í ársbyrjun 1990 varð mér kunnugt um að gerðardómsmennirnir tveir, Jóhann J. Ólafsson og þér, höfðu byrjað að starfa með Helga V. Jónssyni sem oddamanni dómsins. Þetta taldi ég góða ráðstöfun og féllst á hana í framkvæmd. Það gerðu og aðilar málsins, Lúðvík og Bergsteinn."

Hinn 3. nóvember 1991 rita Lúðvík Gizurarson og Valgerður Einarsdóttir svohljóðandi bréf til Jóns Ármanns Héðinssonar:

> „Við undirrituð hjón, Valgerður Einarsdóttir og Lúðvík Gizurarson, munum ekki una væntanlegum úrskurði í gerðardómsmálinu v/Bergsteins Gizurarsonar, en gerðardómurinn hefur nú staðið frá 4. júní 1989 eða á þriðja ár. Sjónarmið og rök okkar hafa ekki fengið neinn hljómgrunn í dóminum og þær greiðslur, sem við höfum innt af hendi sannanlega, eru vefengdar. Þess vegna er það krafa okkar, að þú sem fulltrúi okkar dragir þig endanlega í hlé."

Á bréfinu er svofelld áritun: „Dreg mig í hlé. Er endanlega hættur störfum í gerðardóminum." Undir þessa áritun ritar Jón Ármann Héðinsson.

Í framhaldi af bréfi þessu ritar Bergsteinn Gizurarson sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf 5. nóvember 1991, þar sem hann óskar eftir því að sýslumaðurinn skipi gerðarmann í stað Jóns Ármanns Héðinssonar.

Í bréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 29. desember 1991, þar sem krafist er þess, að gerðardómssamningnum verði aflýst, kemur fram, að sóknaraðili hefur talið sig hafa rift gerðardómssamningnum með skeyti til varnaraðila. Þeirri riftunarkröfu er hafnað í bréfi varnaraðila til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 7. janúar 1991.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1992, ritar sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu

sóknaraðila og skorar á hann að tilnefna mann af sinni hálfu til að taka sæti í gerðardóminum. Sóknaraðili varð eigi við tilmælum sýslumanns. Með bréfi, dags. 4. desember 1992, tilkynnir sýslumaður varnaraðila, að honum beri að snúa sér til Héraðsdóms Suðurlands til þess að fá skipaðan nýjan gerðarmann ef hann kjósi svo, en gagnaðili hafi ekkert aðhafst í því máli.

III.

Sóknaraðili hefur fallist á, og er það ágreiningslaust í málinu, að um gerðardómssamninginn skuli fara samkvæmt lögum nr. 53/1989. Jafnframt hefur hann lýst yfir því, að líta skuli svo á, að um þetta sé samkomulag, sem sé hluti af gerðardómssamningnum og viðbót við hann, og jafnframt, að hann sé því samþykkur að gerðardómssamningurinn sé í fullu gildi.

Sóknaraðili máls þessa reisir kröfu sína um, að gerðarmönnunum Jóhanni J. Ólafssyni og Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum og nýir menn skipaðir í þeirra stað á 9. gr. laga nr. 53/1989. Þar segir, að verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls, sem aðili telur að megi rekja til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum, geti hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti, er segir í 4. og 5. gr., með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.

Þá reisir sóknaraðili kröfu sína um, að Jóhanni J. Ólafssyni verði vikið úr gerðardóminum, einnig á því, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 53/1989 skuli gerðarmenn fullnægja sérstökum hæfnisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Jóhann hafi átt sæti í gerðardómi er hafi fjallað um ágreining málsaðila vegna jarðarinnar Bakkavalla. Þeim gerðardómi, er hér er fjallað um, sé m. a. ætlað að fjalla um þann þátt að nýju. Jóhann hafi þegar tekið afstöðu hvað varðar þann lið gerðardómsins og sé því vanhæfur til að fjalla um þetta atriði að nýju.

Kröfu sína um, að Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum reisir sóknaraðili einnig á því, að við að fá hann sem oddamann gerðardómsins hafi ekki verið farið eftir ákvæðum gerðardómssamningsins. Ekki hafi verið farið eftir því ákvæði að oddamaður verði fenginn eftir samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og fyrrgreindra gerðarmanna (þ.e. Jóh. J. Ólafss. og Jóns Árm. Héðinss.).

Varnaraðili í máli þessu hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðila. Hann heldur því fram, að tafir þær, sem orðið hafi á því, að gerðardómurinn lyki störfum stafi eingöngu af framkomu sóknaraðila og þeirri staðreynd, að sóknaraðili fékk gerðarmanninn Jón Ármann Héðinsson til þess að hætta störfum í gerðardómnum 3. nóvember 1991 og þverskallaðist við að nefna nýjan mann í hans stað þar til í þinghaldinu 16. september sl. Þá hefur hann

mótmælt því að seta Jóhanns J. Ólafssonar í fyrri gerðardómi hafi nokkur áhrif á störf hans í þessum gerðardómi.

Hvað varði kröfu sóknaraðila um, að Helga V. Jónssyni verði vikið úr gerðardóminum, ítrekar hann, að gerðarmennirnir hafi komið sér saman um skipun hans sem oddamanns og að sýslumaður Rangárvallasýslu hafi af því vitað, er gerðardómsmennirnir tóku að starfa, og lýst sig því sammála.

IV.

Kröfu sóknaraðila um að gerðarmanninum Jóhanni Ólafssyni verði vikið úr gerðardómnum á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989, verður að hafna, og kemur hún ekki til álita við efnisúrlaun þessa máls, þar sem ekki hefur verið gætt ákvæða 3. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989 um að formaður gerðardóms skeri úr um ágreining um hæfnisskilyrði gerðarmanna.

Gerðardómssamningurinn, sem um er fjallað í máli þessu, er dagsettur 4. júní 1989. Hann er áritaður af gerðarmönnunum Jóhanni J. Ólafssyni og Jóni Ármanni Héðinssyni. Undirritun þeirra er ekki sérstaklega dagsett, en ætla verður af þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu, að þeir hafi tekið tilnefningunni í gerðardóminn þann dag, enda má ætla að nöfn þeirra hefðu ekki verið tekin inn í texta gerðardómssamningsins, ef þeir hefðu ekki þá þegar fallist á að gegna þeim störfum.

Gerðarmennirnir hafa komið fyrir dóminn. Ekki liggur fyrir dóminum, hvert umfang þeirra starfa er, sem gerðardóminum er ætlað að leysa úr, en ætla má að um talsvert umfang sé að ræða. Gerðarmaðurinn Jóhann J. Ólafsson gat þess er hann kom fyrir dóminn að samkvæmt minnisbókum sínum væru færðar inn yfir þrjátíu innfærslur. Gerðarmaðurinn Helgi V. Jónsson telur upp með dagsetningum 26 atriði er varða störf gerðardómsins.

Nokkuð virðist hafa skort á, að málið hafi verið tekið nægilega föstum tökum í upphafi. Það liggur hins vegar fyrir, að fyrir tilstilli sóknaraðila hætti gerðarmaðurinn Jón Ármann Héðinsson störfum þann 3. nóvember 1991 og sóknaraðili tilnefndi ekki nýjan mann í hans stað fyrr en í þinghaldi 16. september sl. eða rúmum 22 mánuðum eftir að hann lét af störfum. Ljóst er reyndar, að þegar í aprílmánuði 1991 hófst sóknaraðili handa um að rifta gerðardómssamningnum þótt ekki hafi orðið að þeirri riftun og jafnframt krafðist hann þess þá að formaður gerðardómsins segði af sér. Fyrir liggur, að með bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 10. apríl 1992, var skorað á sóknaraðila máls þessa að tilnefna af sinni hálfu nýjan mann í gerðardóminn í stað Jóns Ármanns Héðinssonar. Þegar þetta er virt þykir varhugavert að leysa gerðarmennina frá störfum á grundvelli dráttar á málinu.

Í gerðardómssamningnum er ákvæði um oddamann, sem áður hefur ver-

ið rakið. Samkvæmt því ákvæði skyldi oddamaður vera fenginn eftir samkomulagi sýslumanns Rangárvallasýslu og þar greindra gerðarmanna. Í bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettu 31. október 1991, til Jóns Ármanns Héðinssonar segir:

> „Í ársbyrjun 1990 varð mér kunnugt um að gerðardómsmennirnir tveir, Jóhann J. Ólafsson og þér, höfðu byrjað að starfa með Helga V. Jónssyni sem oddamanni dómsins. Þetta taldi ég góða ráðstöfun og féllst á hana í framkvæmd. Það gerðu einnig aðilar málsins, þeir Lúðvík og Bergsteinn."

Ekki er unnt að gera formbundnar kröfur um það hvernig því samkomulagi, er gerðardómssamningurinn kveður á um, skuli komið fram. Verður að telja að þegar gerðarmennirnir hafa komið sér saman um oddamann þá sé það nægilegt að sýslumaður fallist á þá ráðstöfun til þess að hún verði gild. Ekki liggur fyrir hvernig eða hvenær samkomulag gerðarmannanna um oddamann lá fyrir. Það liggur hins vegar fyrir, að sýslumanni Rangárvallasýslu var kunnugt um þetta samkomulag í ársbyrjun 1990 og taldi góða ráðstöfun. Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið, verður að telja, að samkomulagið um, að Helgi V. Jónsson taki sæti í gerðardóminum sem oddamaður, sé lögmætt og ekki sé tilefni til að víkja honum úr gerðardóminum af þeim sökum.

Málskostnaðar var ekki krafist í upphafi. Við upptöku málsins að nýju eftir dóm Hæstaréttar kröfðust báðir málsaðilar þess að þeim yrði úrskurðaður málskostnaður. Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila um að Helga V. Jónssyni og Jóhanni J. Ólafssyni verði vikið úr gerðardóminum.

Föstudaginn 14. janúar 1994.

Nr. 16/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Jóni Ingva Hilmarssyni
(Bjarni G. Björgvinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 10. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstími verði styttur og hann látinn laus við lok rannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á atvikum málsins.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Er í kröfunni einungis vísað til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en ekki byggt á a-lið 1. mgr. sömu greinar, þar sem ekki þyki lengur hætta á, að varnaraðili geti torveldað rannsókn málsins, sem er á lokastigi.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um stórfellda líkamsárás, er hafði í för með sér lífsháska. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um staðfestingu á hinum kærða úrskurði á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með skírskotun til forsendna hans þar að lútandi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 9. janúar 1994.

Ár 1994, sunnudaginn 9. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Strandgötu 52, Eskifirði, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R 1/1994.

I.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Jóni Ingva Hilmarssyni, kennitala 210174-3899, Svínaskálahlíð 3, Eskifirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. febrúar nk. kl. 16.00. Vísað er til 1. mgr. a-liðar og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

– – –

III.

Álit dómsins.

Af gögnum málsins virðast hin meintu brot kærða m.a. geta varðað við 106. gr., 218. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ekki annað ráðið en að þörf sé á frekari yfirheyrslum, sérstaklega varðandi það hvenær ásetningur á að hafa vaknað og hvernig hin meinta líkamsárás á að hafa átt sér stað. Sýnist því ekki komist hjá að varna því að kærði nái hugsanlega að spilla sakargögnum.

Fallast ber einnig á það með krefjanda að sterkur grunur sé fyrir hendi um að kærði hafi framið brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og almannahagsmunir krefjist þess því að kærði verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt þar til dómur gengur.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal kærði sæta gæsluvarðhaldi, eins og krafist er, allt til kl. 16.00 mánudaginn 21. febrúar 1994.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jón Ingvi Hilmarsson, kennitala 210174-3899, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 21. febrúar 1994.

Föstudaginn 14. janúar 1994.

Nr. 3/1994. **Gunnar Jóhannesson**
(Guðmundur Kristjánsson hdl.)
gegn
Vélorku hf.
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Riftun. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 16. desember 1993, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 4. janúar sl. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 3. desember 1993, verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af málatilbúnaði í héraði af hálfu sóknaraðila ræðst, að kröfugerð hans feli í sér kröfu um viðurkenningu á riftun kaupa á bátsvél þeirri, sem um er fjallað í hinum kærða úrskurði, enda er riftun samkvæmt eðli máls forsenda fyrir kröfu hans um endurgreiðslu kaupverðs vélarinnar. Málflutningur beggja aðila virðist og hafa að þessu lotið. Að svo vöxnu máli verður það ekki talið koma að sök, þótt viðurkenningar á riftun hafi ekki verið berum orðum krafist í stefnu.

Með skírskotun til þessa ber að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunarúrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 11. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Gunnari Jóhannessyni, kt. 280658-6189, Kirkjuvegi 13, Keflavík, með stefnu, birtri 16. júlí 1991, á hendur Vélorku hf., kt. 540684-0499, Grandagarði 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kaupverð bátsvélar af gerðinni Mermaid ásamt fylgi- og aukahlutum skv. dskj. nr. 4, samtals kr. 991.190 auk dráttarvaxta frá 07.08. 1990 til greiðsludags, skv. 7. gr., 9. gr., 10. gr. og 14. gr. l. nr. 25/1987 og 4. og 5. gr. l. nr. 67/1989 um breytingar á þeim. Er gerð sú krafa, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 07.08. 1991, sbr. 12. gr. nefndra laga. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti skv. l. nr. 50/1988. Gegn endurgreiðslu þessari komi afhending bátsvélarinnar, ásamt fylgihlutum til stefnda að undanskildum 100 amp. alternator og Pyrykabyssu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtarlaga nr. 25/1987 af dæmdum málskostnaði að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnanda í stefnu er svohljóðandi: „Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að endurgreiða stefnanda kaupverð eftirgreindrar Mermaid Turbo Four bátsvélar, sem nam alls kr. 1.143.489,00, að viðbættum ársdráttarvöxtum frá 7.8. 1990 til greiðsludags skv. 7. gr., 9. gr., 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum. Gerð er sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7.8. 1991, sbr. 12. gr. nefndra laga. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, að

viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988, og beri málskostnaðarupphæðin dráttarvexti skv. III. kafla nefndra vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, allt gegn afhendingu nefndrar bátsvélar."

Í greinargerð stefnda kemur fram, að stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda, þar sem ekki sé gerð krafa um staðfestingu á riftun, sem þó sé grundvöllur að kröfugerð stefnanda í málinu.

Í sókn, sem lögð var fram, eftir að þingsókn hafði fallið niður af hálfu stefnda, eru kröfur stefnanda þær sömu og í endanlegri kröfugerð að öðru leyti en varðar málskostnað. Enn fremur segir stefnandi svo í sókninni: „Þetta er endanleg kröfugerð stefnanda í þessu máli. Gangi hún eftir, yrði staðfest riftun sú, sem stefnandi lýsti yfir með símskeyti þ. 13.6. 1991." Síðar í sama skjali segir stefnandi svo: „Kröfugerð stefnanda er eðlilegt framhald af þessu og þótt þar sé ekki berum orðum krafist riftunarviðurkenningar, þá felst það þó í henni og leiðir af henni." Og nokkru síðar segir hann m.a.: „Við þetta má svo bæta eða taka fram, að í meginmáli stefnunnar og greinargerðar stefnanda kemur fram, að málsókn hans byggist á framangreindri riftun."

Stefnandi lagði fram við aðalflutning að tilmælum dómara skrá skv. 1. mgr. 103. gr. l. nr. 91/1991. Er dómkrafa hans þar í meginatriðum í samræmi við dómkröfur í sókn. Í kafla, sem fjallar um málsástæður í skjali þessu, segir stefnandi svo m.a.: „Í framanlýstri kröfugerð, svo sem hún er sett fram, er einnig fólgin krafa um viðurkenningu þessarar riftunar."

Við munnlegan málflutning var bókað eftir lögmanni stefnanda eftirfarandi: „Hann kvað riftunarheimild leiða af kröfugerðinni, verði fallist á kröfur stefnanda, en sjálfstæð krafa um viðurkenningu á riftun var ekki gerð." Og enn fremur: „Varðandi kröfugerð kvað hann nauðsynlegt að skýra hana í samræmi við annað það, sem fram komi í stefnu, þótt bein riftunarkrafa sé ekki gerð."

Eins og kemur fram af framanrituðu, virðist sem stefnandi byggi kröfugerð sína á riftunaryfirlýsingu, sem mótmælt hefur verið af hálfu stefnda, án þess þó að stefnandi vilji gera beina kröfu um viðurkenningu riftunar, en heldur því jafnframt fram, að í kröfugerðinni felist krafa um viðurkenningu á riftun.

Verður að telja, að framangreindur málatilbúnaður stefnanda brjóti svo í bága við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. l. nr. 91/1991, að ekki verði lagður á málið efnisdómur. Ber því að vísa kröfum stefnanda frá dómi ex officio.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða stefnanda til að greiða stefnda kr. 90.000 í málskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn ásamt meðdómendunum Lárusi Björnssyni vélfræðingi og Ragnari Bjarnasyni vélfræðingi.

Úrskurðarorð:

Kröfum stefnanda er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Gunnar Jóhannesson, Kirkjuvegi 13, Keflavík, greiði stefnda, Vélorku hf., Grandagarði 3, Reykjavík, kr. 90.000 í málskostnað.

Föstudaginn 14. janúar 1994.

Nr. 329/1993. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)
gegn
Magnúsi Karlssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Erni Karlssyni
(Örn Clausen hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu beggja ákærðu, sem krefjast sýknu, og einnig af hálfu ákæruvalds með stefnu 5. ágúst 1993 til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var flutt munnlega í héraði 6. maí 1993, en dómur eigi kveðinn upp fyrr en 15. júlí, er rúmar 10 vikur voru liðnar frá dómtöku þess. Slíkur dráttur á dómsuppsögu hlýtur að ryra mjög gildi munnlegs málflutnings. Var óhjákvæmilegt, úr því sem komið var, að héraðsdómari tæki málið upp aftur og léti flytja það munnlega á ný, en það fórst fyrir. Er málsmeðferð að þessu leyti svo andstæð brýnum fyrirmælum 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að eigi verður hjá því komist þrátt fyrir skýringu dómara á drættinum að ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppkvaðningar dóms að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 6. maí 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hilmars Ingimundarsonar og Arnar Clausen, 35.000 krónur til hvors.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994.

Nr. 17/1994. **Bólstaðarhlíðarhreppur,**
Seyluhreppur og
Lýtingsstaðahreppur
(Jónatan Sveinsson hrl.)
(Hreinn Loftsson hrl.)
gegn
óþekktum rétthöfum yfir Eyvindarstaðaheiði
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Eignardómsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. desember 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. sama mánaðar um frávísun málsins frá héraði. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilinn Landsvirkjun og varnaraðilarnir fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra, sem sækja þing sameiginlega, krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Landsvirkjun krefst að auki málskostnaðar í héraði.

Mál þetta höfðuðu sóknaraðilar með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993, og tóku varnaraðilar ásamt Skotveiðifélagi Íslands til varnar í málinu.

Sóknaraðilar krefjast fulls og óskoraðs eignarréttar í málinu að afréttarlandinu Eyvindarstaðaheiði í Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Í kröfugerð vísa þeir til kaupsamnings og þinglesins landamerkjabréfs fyrir Eyvindarstaðaheiði. Auk þess leiða sóknaraðilar rétt sinn til heiðarlandsins með því að vísa til kaupsamnings um hluta úr jörðinni Stafni í Bólstaðarhlíðarhreppi. Varnaraðilar bera hins vegar brigður á, að afréttarlandið Eyvindarstaðaheiði hafi nokkurn tíma verið undirorpið fullkomnum eignarrétti.

Sóknaraðilar vísa þannig til skilríkja fyrir eignarréttindum að heiðarlandinu, en ágreiningur er um inntak réttindanna. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að skilyrði bresti til að höfða mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hinn áfrýjaði úrskurður er því staðfestur.

Rétt er, að sóknaraðilar greiði varnaraðilum kærumálskostnað svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur og Lýtingsstaðahreppur, greiði varnaraðila, Landsvirkjun, 30.000 krónur í kærumálskostnað og 30.000 krónur í ríkissjóð í sama skyni.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komnar frávísunarkröfur fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra annars vegar og Landsvirkjunar, kt. 420269-1299 hins vegar, var höfðað fyrir dóminum af Bólstaðarhlíðarhreppi, kt. 470169-4949, Seyluhreppi, kt. 560269-5449 og Lýtingsstaðahreppi, kt. 440269-6649, með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993. Skotveiðifélag Íslands hefur einnig tekið til varna í málinu en gerir ekki kröfur í þessum þætti málsins.

Dómkröfur stefnenda.

Stefnendur gera þær dómkröfur að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur þeirra að afréttarlandinu Eyvindarstaðaheiði í Bólstaðarhlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með öllum gögnum þess og gæðum, að engum réttindum undanskildum, svo sem afréttarlandinu er lýst í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði, dagsettu 28. febrúar 1886 og þinglesnu og innfærðu í landamerkjabók Húnavatnssýslu 20. maí 1889, sbr. einnig viðauka við afréttarlandið í kaupsamningi, dagsettum 6. ágúst 1898, varðandi hluta jarðarinnar Stafns í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Þá gera stefnendur kröfu um málskostnað úr hendi þeirra er tekið hafa til varna í málinu.

Dómkröfur stefndu.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Landsvirkjun gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi.

– – –

III.

Forsendur og niðurstaða.

Ljóst er af málatilbúnaði stefnenda, að þeir höfða eignardómsmál þetta í því skyni að fá viðurkenningu dómsins á því, að þeir eigi slíkan rétt yfir heiðarlandinu Eyvindarstaðaheiði að þeir eigi tilkall til bóta fyrir vatnsréttindi þau, sem Landsvirkjun leysti til sín vegna virkjunar Blöndu.

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála er það skilyrði fyrir því að menn geti leitað eignardóms að þá skorti skilríki fyrir rétti sínum.

Stefnendur leiða rétt sinn til heiðarlandsins af kaupsamningi frá 6. ágúst 1898 við Hannes Pétursson, eiganda Eyvindarstaðaheiðar, og afsali Lýtingsstaðahrepps á hluta jarðarinnar Stafns í Bólstaðarhlíðarhreppi, en fyrrnefndur hreppur lagði jarðarhluta þennan til afréttarinnar 14. ágúst 1898.

Stefnendur hafa þannig í höndum skilríki fyrir eignarréttindum yfir heiðarlandinu, en ágreiningur er um inntak þeirra réttinda. Þegar af þeirri ástæðu að stefnendur hafa slík skilríki í höndum, þykir bresta skilyrði til að reka mál þetta að hætti 122. gr. laga nr. 91/1991, enda eru stefnendum færar aðrar málsóknarleiðir þar sem þeir geta fengið leyst úr álitaefni þessu.

Stefnendur geta og borið fyrir sig skilríki þessi í öðrum tilvikum, þar sem ágreiningur kann að vera uppi um inntak eignarréttinda þeirra.

Þegar af þessari ástæðu þykir verða að vísa máli þessu frá dómi og koma því aðrir meinbugir, sem kunna að vera á málatilbúnaði stefnenda, ekki til álita hér.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994.

Nr. 18/1994. **Svínavatnshreppur og**
Torfalækjarhreppur
(Jónatan Sveinsson hrl.)
(Hreinn Loftsson hrl.)
gegn
óþekktum rétthöfum yfir Auðkúluheiði
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Eignardómsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. desember 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. sama mánaðar um frávísun málsins frá héraði. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilinn Landsvirkjun og varnaraðilarnir fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra, sem sækja þing sameiginlega, krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Landsvirkjun krefst að auki málskostnaðar í héraði.

Mál þetta höfðuðu sóknaraðilar með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993 og tóku varnaraðilar ásamt Skotveiðifélagi Íslands til varnar í málinu.

Sóknaraðilar krefjast fulls og óskoraðs eignarréttar í málinu að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Í kröfugerð vísa þeir til þinglesins afsals og landamerkjabréfs, sem ber heitið „Takmörk Auðkúluheiðar“. Auk þess leiða sóknaraðilar rétt sinn til heiðarlandsins með því að vísa til afsala hluta úr jörðunum Hrafnabjörgum, Marðarnúpi, Þröm, Eldjárnsstöðum og Eiðsstöðum. Varnaraðilar bera hins vegar brigður á, að afréttarlandið Auðkúluheiði hafi nokkurn tíma verið undirorpið fullkomnum eignarrétti.

Sóknaraðilar vísa þannig til skilríkja fyrir eignarréttindum að heiðarlandinu, en ágreiningur er um inntak réttindanna. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að skilyrði bresti til að höfða mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá eru takmörk heiðarlandsins ekki nægilega skýrt mörkuð í kröfugerð sóknaraðila og ekki tíundað, hvort kröfugerðinni er einnig ætlað að ná til þess hluta afréttarins, sem afsalað var úr löndum framangreindra jarða. Hinn áfrýjaði úrskurður er því staðfestur.

Rétt er, að sóknaraðilar greiði varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur, greiði varnaraðila Landsvirkjun 30.000 krónur í kærumálskostnað og 30.000 krónur í ríkissjóð í sama skyni.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komnar frávísunarkröfur fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra annars vegar og Landsvirkjunar, kt. 420269-1299, hins vegar, var höfðað fyrir dóminum af Svínavatnshreppi, kt. 640269-4139, og Torfalækjarhreppi, kt. 660269-0359, með eignardómsstefnu, út gefinni 1. apríl 1993. Skotveiðifélag Íslands hefur einnig tekið til varna í málinu en gerir ekki kröfur í þessum þætti málsins.

Dómkröfur stefnenda.

Stefnendur gera þær dómkröfur að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur þeirra að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með öllum gögnum þess og gæðum, að engum réttindum undanskildum, svo sem afréttarlandinu er lýst í afsali ráðherra Íslands, Jóns Magnússonar, dagsettu 5. júlí 1918, til Blönduósshrepps og beggja stefnenda, og landamerkjabréfi fyrir Auðkúluheiði, sem ber heitið „Takmörk Auðkúluheiðar", dagsettu 4. september 1880 og þinglesnu og innfærðu í landamerkjabók Húnavatnssýslu 17. maí 1890.

Þá gera stefnendur kröfu um málskostnað úr hendi þeirra er tekið hafa til varna í málinu.

Dómkröfur stefndu.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Landsvirkjun gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá dómi en til vara að öllum kröfum stefnenda verði hrundið. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi.

– – –

III.

Forsendur og niðurstaða.

Ljóst er af málatilbúnaði stefnenda að þeir höfða eignardómsmál þetta í því skyni að fá viðurkenningu dómsins á því, að þeir eigi slíkan rétt yfir heiðarlandinu Auðkúluheiði, að þeir eigi tilkall til bóta fyrir vatnsréttindi þau, sem Landsvirkjun leysti til sín vegna virkjunar Blöndu.

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála er það skilyrði fyrir því að menn geti leitað eignardóms að þá skorti skilríki fyrir rétti sínum.

Stefnendur leiða rétt sinn til heiðarlandsins af afsali, dagsettu 5. júlí 1918, frá ráðherra Íslands auk afsala vegna hluta úr jörðunum Hrafnabjörgum, Marðarnúpi, Þröm, Eldjárnsstöðum og Eiðsstöðum.

Stefnendur hafa þannig í höndum skilríki fyrir eignarréttindum yfir heiðarlandinu en ágreiningur er um inntak þeirra réttinda. Þegar af þeirri ástæðu, að stefnendur hafa slík skilríki í höndum, þykir bresta skilyrði til að reka mál þetta að hætti 122. gr. laga nr. 91/1991, enda eru stefnendum færar aðrar málsóknarleiðir, þar sem þeir geta fengið leyst úr álitaefni þessu.

Stefnendur geta og borið fyrir sig skilríki þessi í öðrum tilvikum, þar sem ágreiningur kann að vera uppi um inntak eignarréttinda þeirra.

Þegar af þessari ástæðu þykir verða að vísa máli þessu frá dómi og koma því aðrir meinbugir, sem kunna að vera á málatilbúnaði stefnenda, ekki til álita hér.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 446/1993. **Jón Baldur Baldursson**

gegn

Erni Valdimarssyni

Þingfesting. Útgáfa stefnu. Frávísun frá Hæstarétti hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. október 1992. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1992. Útivist varð af hálfu áfrýjanda við fyrirtöku málsins 1. nóvember 1993 og féll það niður. Áfrýjandi skaut máli þessu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 4. sama mánaðar til þingfestingar 1. desember s. á. samkvæmt heimild í 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Að beiðni áfrýjanda var þingfestingardegi málsins breytt 30. nóvember sl. og hann færður til 7. janúar 1994, þar sem ekki hafði tekist að birta áfrýjunarstefnuna fyrir stefnda þrátt fyrir tilraunir í þá átt.

Er mál þetta skyldi þingfesta 7. janúar sl., kom fram krafa frá stefnda um, að synjað yrði um þingfestingu málsins og því vísað frá Hæstarétti. Þá krafðist hann málskostnaðar.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að breyting á þingfestingardegi jafngildi útgáfu nýrrar áfrýjunarstefnu. Heimild 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 til að skjóta málinu að nýju til Hæstaréttar hafi því verið notuð oftar en einu sinni.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar.

Eigi verður fallist á þann skilning stefnda, að breyting á þingfestingardegi jafngildi útgáfu nýrrar áfrýjunarstefnu. Ber því að þingfesta málið og fresta því óákveðið til munnlegs flutnings, þar sem dómsgerðir, ágrip og greinargerðir liggja fyrir.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað óákveðið til munnlegs flutnings.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 15/1994. **Þorbjörg Atladóttir**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Guðmundi Inga Kristinssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Óvígð sambúð. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Með heimild í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. skaut sóknaraðili máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1993, sem barst réttinum 12. janúar 1994. Hann krefst þess, að synjað verði þeirrar kröfu varnaraðila, að fram fari opinber skipti til fjárslita milli aðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann þess, „að málinu verði heimvísað til flutnings að nýju".

Telja verður nægjanlega í ljós leitt, að málsaðilar hafi að verulegu leyti verið samvistum um átta ára skeið eða frá 1984 til 1992. Aðilar áttu barn saman 5. desember 1988, og sóknaraðili taldi sig ekki einstæða móður, þegar hún sótti um gæslu fyrir barnið hjá dagmóður haustið 1989. Þá taldi hún þau og til sama heimilis, en lögheimili þeirra var aldrei sameiginlegt. Ekki er annað fram komið en að þau hafi varið tekjum sínum til sameiginlegra þarfa, og þau voru með gagnkvæma líftryggingu árin 1988-1992. Hnígur þetta ásamt framburði fjölda vitna að þeirri niðurstöðu, að þau hafi verið í óvígðri sambúð um árabil, sbr. 100. gr. laga nr. 20/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þorbjörg Atladóttir, greiði varnaraðila, Guðmundi Inga Kristinssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1993.

Með bréfi, dagsettu 9. ágúst 1993, krafðist Guðmundur Ingi Kristinsson, kt. 300752-4469, Leirubakka 2, Reykjavík, þess, að opinber skipti hæfust til fjárslita milli hans og Þorbjargar Atladóttur, kt. 200256-4979, Kringlunni 57, Reykjavík. Vísaði hann um heimild til skiptanna til 100. gr. laga nr. 20/1991.

Af hálfu Þorbjargar Atladóttur var kröfu um opinber skipti mótmælt, og hefur því verið rekið ágreiningsmál skv. ákvæðum 1. mgr. 120. gr., sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 20/1991. Skiptabeiðandi, Guðmundur Ingi, er sóknaraðili, en Þorbjörg Atladóttir varnaraðili. Málið var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 6. desember sl.

Sóknaraðili krefst þess að fram fari opinber skipti til fjárslita milli hans og varnaraðila málsins. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu og að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Við munnlegan málflutning krafðist sóknaraðili að auki álags á málskostnað skv. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili krefst þess að synjað verði kröfu sóknaraðila um að fram fari opinber skipti til fjárslita milli málsaðila og að varnaraðili verði að öllu leyti sýknaður af kröfum sóknaraðila, ennfremur, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun og að málskostnaðurinn beri vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Í skiptabeiðni lýsir sóknaraðili málsatvikum á þann veg að sambúð aðila hafi hafist um áramótin 1984–85. Hann segir að á þeim tíma hafi sóknaraðili verið undir gjaldþrotaskiptum, en Þorbjörg átt fjögurra herbergja íbúð í Hvassaleiti 157, að hálfu á móti foreldrum sínum. Aðilarnir hafi búið í þeirri íbúð og á meðan þau bjuggu þar hafi verið skipt um öll gólfefni og gler í gluggum, íbúðin verið máluð og smíðaðar nýjar eldhúsinnréttingar og klæðaskápar, klæddur veggur í svefnherbergi og smíðað skrifborð, bókahillur í barnaherbergi og skipt um sólbekki, sófasett verið yfirdekkt með leðri, keypt heimilistæki og innbú. Sóknaraðili hafi einn séð um þetta og kostað að mestu leyti sjálfur. Sóknaraðili segir að íbúð þessi hafi verið seld um áramótin 1989/1990 fyrir 6.100.00,00 en í staðinn keypt raðhús að Kringlunni 57 fyrir kr. 11.800.000,00. Kaupverðið hafi verið innt af hendi með yfirtöku veðdeildarláns að fjárhæð kr. 3.000.000,00 og tekin tvö lán, hvort að fjár-

hæð 100.000,00, auk þess sem lífeyrissjóðslán hafi hvílt á Hvassaleiti og verið flutt á Kringluna 57.

Húsið að Kringlunni 57 segir sóknaraðili hafa verið tilbúið undir tréverk, þó hafi verið komið rafmagn og hreinlætistæki verið til staðar. Sóknaraðili hafi séð um að standsetja íbúðina enda faglærður trésmiður og hafi kostað framkvæmdirnar einn.

Þá bendir sóknaraðili á að keypt hafi verið líftrygging fyrir báða aðila og hafi þau verið rétthafar til bóta gagnkvæmt.

Fram hefur komið að sóknaraðili er einn hluthafa í hlutafélaginu Nýbú, og starfar hann einn við það fyrirtæki. Mestallt það efni, er lagt var fram til innréttinga hússins að Kringlunni 57, mun hafa verið tekið út hjá þessu fyrirtæki.

Við munnlegan málflutning studdi sóknaraðili málskostnaðarkröfu sína sérstaklega við c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um álag á málskostnað við 2. mgr. 131. gr.

Varnaraðili hefur í greinargerð sinni mótmælt því að aðilar hafi verið í óvígðri sambúð. Í greinargerð segir m. a. svo:

„Umbjóðandi minn kveður kynni sín og sóknaraðila hafa byrjað um áramótin 1984/85. Eins og fram kemur í greinargerð sóknaraðila var hann gjaldþrota á þessum tíma. Umbj. m. kveður sóknaraðila þá hafa verið algjörlega eignalausan og einnig atvinnulausan.

Þegar kynni málsaðila hófust átti sóknaraðili tvö hjónabönd að baki, sem bæði höfðu endað með skilnaði. Hann hafði eignast barn og ættleitt tvo drengi í síðara hjónabandinu. Kveður umbj. m. sóknaraðila hafa verið illa farinn og ósáttan við lífið og tilveruna á þessum tíma.

Umbjóðandi minn hafði áður verið í sambúð og eignast tvö börn, sem hún hefur alið upp á heimili sínu. Hún átti 4ra herbergja íbúð að Hvassaleiti 157 í Reykjavík, að hálfu á móti foreldrum sínum.

Með tilliti til reynslu beggja málsaðila úr fortíðinni kveður umbjóðandi minn þau bæði hafa viljað fara varlega og ekki taka upp sambúð. Nánari kynni umbj. m. af sóknaraðila hafi síðan leitt í ljós ýmsa galla í skapgerð og hegðan hans, sem gerði umbj. m. algjörlega fráhverfa því að taka upp sambúð með honum.

Umbj. m. og varnaraðili áttu aldrei skráð sameiginlegt lögheimili. Lögheimili sóknaraðila var á heimili foreldra hans á þessum tíma. Þá höfðu málsaðilar aldrei sameiginlegan fjárhag að neinu leyti, enda hafa þau ætíð talið fram til skatts hvort fyrir sig, en aldrei sameiginlega. Telur umbj. m. þetta staðfesta ótvírætt, að hvorugur málsaðila hafi nokkru sinni litið á sambandið þeirra á milli sem óvígða sambúð."

Varnaraðili lýsir því hvernig hún hafi staðið að fjármögnun kaupanna á Kringlunni 57. Kemur jafnframt fram hjá henni að húsið hafi verið lengra komið í byggingu en sóknaraðili heldur fram, en þá hafi verið búið í húsinu í þrjú ár að sögn varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að hún hafi á þessum árum haft góðar tekjur, en sóknaraðili mjög litlar. Telur varnaraðili að tekjur sóknaraðila gefi ekki tilefni til eignaaukningar.

Varnaraðili segir allt uppgert milli aðila vegna vinnu sóknaraðila við innréttingar á Kringlunni 57 og viðhald að Hvassaleiti 157. Smíðavinnan hafi gengið upp í meðlagsgreiðslur með barni málsaðila fyrir árin 1989–1991. Þá hafi hún undir nauðung frá sóknaraðila afsalað bifreið til Nýbús hf. án þess að greiðslur kæmu fyrir aðrar en að yfirtekin hafi verið skuld við Íslandsbanka hf. Sóknaraðili hafi tekið bíl þennan í sína vörslu og þar með hafi smíðavinnan öll verið uppgerð.

Varnaraðili tekur fram að öll efniskaup hafi verið greidd af henni.

Telja verður að hugtakið óvígð sambúð í 100. gr. skiptalaga nr. 20/1991 vísi til þeirrar aðstöðu er maður og kona búa saman svo sem þau væru hjón. Því er nauðsynlegt hvort tveggja að um sameiginlegt heimilishald sé að ræða og að fjárhagur þeirra sé a.m.k. að hluta til samofinn, svo að ekki verður sundur greint til hlítar.

Telja verður að sannað sé bæði með skýrslum aðila og framburði fjölda vitna að aðilar málsins hafi haldið til á sameiginlegu heimili um alllanga hríð.

Sambland fjárhags þeirra er hins vegar ekki jafnljóst, af því, sem fram hefur komið. Hins vegar verður að telja að nægilega sé fram komið að fjárhagur þeirra hafi skarast. Verður þá litið til gagna um bifreiðaskráningar, framburðar vitna um framlög og vinnu við endurbætur og frágang á íbúðarhúsnæði, líftryggingu þá, er í gildi var á tímabili, og önnur gögn málsins.

Með hliðsjón af framansögðu eru uppfyllt skilyrði 100. gr. laga nr. 20/1991 til skiptameðferðar til fjárslita milli málsaðila. Með því að sóknaraðili hefur lagt fram hæfilega tryggingu fyrir skiptakostnaði verður krafa hans tekin til greina.

Dæma ber varnaraðila til að greiða málskostnað. Að gættu öllu, sem skylt er, verður hann ákveðinn 150.000,00 kr.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fram skal fara skiptameðferð skv. XIV. kafla laga nr. 20/1991 til fjárslita milli sóknaraðila, Guðmundar Inga Kristinssonar, og varnaraðila, Þorbjargar Atladóttur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 150.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 23/1994. **Jón Hjaltason**
(Óskar Magnússon hrl.)
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. janúar 1994, sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að felld verði úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 6. maí 1993 að verða við kröfu varnaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar nr. 32 við Borgartún í Reykjavík og að úthlutað verði til sín 3.516.396 krónum af söluandvirðinu. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jón Hjaltason, greiði varnaraðila, Sigurbirni Eiríkssyni, 120.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

I.

Mál þetta var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mánudaginn 5. júlí 1993 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 19. nóvember sl.

Sóknaraðili er Jón Hjaltason, kt. 020541-2889, Bakkavör 30, Seltjarnarnesi.

Varnaraðili er Sigurbjörn Eiríksson, kt. 051225-3259, Kjarrvegi 3, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ómerkt verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí 1993 um að verða við kröfu varnaraðila, Sigurbjörns Eiríkssonar, um breytingu á frumvarpi til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar nr. 32 við Borgartún í Reykjavík og að úthlutað verði 3.516.396,00 af söluverðinu til sóknaraðila.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila, og er gerð sú krafa, að úthlutun til varnaraðila lækki sem málskostnaðinum nemur, en hækki til sóknaraðila að sama skapi.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí 1993 um að verða við kröfu varnaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar nr. 32 við Borgartún í Reykjavík.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt fram lögðum reikningi ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Við munnlegan málflutning var þess krafist af hálfu varnaraðila, að lögmaður sóknaraðila, Ásgeir Þór Árnason hdl., yrði dæmdur in solidum með sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt yfirliti á dskj. nr. 21.

Við þingfestingu málsins hinn 5. júlí sl. var þess krafist af hálfu varnaraðila, að sóknaraðili setti tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu með heimild í b-lið 1. mgr. 133. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af hálfu sóknaraðila var kröfunni mótmælt. Var málinu frestað til miðvikudagsins 1. september sama ár til að gefa lögmönnum aðila kost á að tjá sig um kröfur sínar og mótmæli. Er lögmenn aðila höfðu tjáð sig um málskostnaðartryggingarkröfu sóknaraðila við fyrirtöku málsins 1. september sl., kom fram, að bú sóknaraðila væri undir gjaldþrotaskiptum, og kvaðst lögmaður sóknaraðila hafa umboð þrotabúsins til að fara með málið. Málinu var frestað til 10. september sama ár til framlagningar skriflegs umboðs þrotabúsins til lögmannsins. Þann dag lagði lögmaður sóknaraðila fram símbréf skiptastjóra í þrotabúi sóknaraðila til lögmannsins, þar sem honum er veitt heimild til að fara með mál þetta, en á kostnað sóknaraðila persónulega. Kveðinn var upp úrskurður um málskostnaðartryggingarkröfu

varnaraðila 14. september sl. og var sóknaraðila gert skylt að setja tryggingu að fjárhæð kr. 50.000,00 fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu í síðasta lagi 1. október sama ár. Varnaraðili kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar með kæru, dags. 21. september sama ár. Af hálfu varnaraðila var þess krafist, að hinum kærða úrskurði yrði hrundið, af því er fjárhæð málskostnaðartryggingarinnar varðaði, og að Hæstiréttur kvæði á um hærri tryggingarfjárhæð. Með dómi Hæstaréttar var úrskurður héraðsdóms staðfestur og var sóknaraðila veittur frestur til að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar til 15. október 1991. Sóknaraðili lagði trygginguna fram í reiðufé þann dag.

II.

Hinn 31. október 1991 fór fram þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, þinglýstri eign varnaraðila, en talinni eign Kemers á Íslandi hf. og Ragnars (ekki Rögnvalds) Guðmundssonar samkvæmt afsali, dags. 21. ágúst 1991, sem sýnt var í uppboðsréttinum á uppboðsdegi.

Sóknaraðili er eigandi fimm samhljóða skuldabréfa, sem tryggð voru með veði í fyrrgreindri fasteign, sbr. dskj. nr. 10. Bréfin eru öll útgefin af Húsakaupum hf. til Þorleifs Björnssonar hinn 18. desember 1989, hvert upphaflega að fjárhæð kr. 500.000,00. Í skuldabréfum þessum segir, að þau séu tryggð með 5. veðrétti í eigninni með uppfærslurétti næst á eftir 1.–4. veðrétti, en þar er gert ráð fyrir, að veðheimild sé jafnan fyrir verðtryggðum lánum allt að 80.000.000,00 miðað við lánskjaravísitölu 2215 stig. Eru bréfin móttekin til þinglýsingar 11. janúar 1990 og innfærð í fasteignabók 28. febrúar sama ár. Á grundvelli skuldabréfa þessara hafði sóknaraðili krafist nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign með uppboðsbeiðni, dags. 17. janúar 1991.

Varnaraðili seldi Þorleifi Björnssyni framangreinda fasteign með kaupsamningi, dags. 31. maí 1989, sbr. dskj. nr. 19. Skyldi hluti kaupverðsins greiðast með skuldabréfum, annars vegar með skuldabréfi að fjárhæð kr. 8.800.000,00 með gjalddaga 1. desember 1990 og 1. desember 1991 og hins vegar með skuldabréfum að fjárhæð kr. 50.000.000,00, sem greiðast skyldu með 12 afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1992. Fram kemur í greinargerð varnaraðila, að Þorleifur Björnsson hafi síðar selt Gunnari Jóhannssyni eða Húsakaupum hf. umrædda fasteign. Skuldabréf sóknaraðila á dskj. nr. 10, sem tryggð hafi verið með veði í fasteigninni, hafi verið gefin út til greiðslu á hluta kaupverðsins.

Skuldabréf varnaraðila, þau er hann byggir kröfur sínar á í máli þessu,

eru gefin út 5. desember 1990 af Dugguvogi 12 hf. til varnaraðila, en varnaraðili kveður það félag eða Hag hf., sem verið hafi í eigu sömu aðila, hafa keypt fasteignina af Gunnari Jóhannssyni eða Húsakaupum hf. Dugguvogur 12 hf. eða Hagur hf. hafi síðar selt Ragnari Guðmundssyni fasteignina, og hafi hún verið í hans eigu, þegar þriðja og síðasta nauðungaruppboð hafi farið fram á eigninni 31. október 1991.

Á uppboðinu 31. október 1991 var eignin slegin varnaraðila, sem bauð kr. 30.000.000,00 í hana og krafðist útlagningar. Samkvæmt fyrsta frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar, sem dags. er 11. mars 1993, skyldi greiða sóknaraðila kr. 3.516.396,00 af söluverðinu sem veðhafa á 8. veðrétti, Gjaldheimtunni í Reykjavík lögtök á 9. og 10. veðrétti, samtals kr. 1.374.807,00, og varnaraðila kr. 12.524.310,00 vegna veðréttar. Í frumvarpinu segir, að það sé gert með þeim fyrirvara, að veðskuldabréf varnaraðila hafi ekki verið sýnd.

Frumvarpi þessu var mótmælt af hálfu varnaraðila með bréfi til sýslumanns, dags. 26. mars 1993. Var því mótmælt, að veðskuldabréf á 8. veðrétti í eigu sóknaraðila skyldu greiðast af söluverði fasteignarinnar, með vísan til þess, að veðskuldabréf varnaraðila, samtals að fjárhæð kr. 50.000.000,00, sem móttekin hefðu verið til þinglýsingar 24. október 1991, hafi verið tryggð með 1. veðrétti í eigninni og að í veðskuldabréfum sóknaraðila sé veitt veðheimild fyrir lánum allt að kr. 50.000.000,00 (sic). Í fyrrgreindu bréfi lögmanns varnaraðila, dags. 26. mars 1993, kemur og fram, að eftir viðræður lögmannsins við fjármálaráðuneytið gerði lögmaðurinn ráð fyrir, að ráðuneytið afturkallaði kröfu sína til greiðslu krafna á grundvelli lögtaka á 9. og 10. veðrétti, sem Gjaldheimtan í Reykjavík hefði látið gera vegna ríkissjóðsgjalda. Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu sama dag, féll ráðuneytið frá kröfum sínum til úthlutunar af söluverði fasteignarinnar vegna fyrrgreindra lögtaka.

Í samræmi við 1. mgr. 52. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu boðaði sýslumaður þá, sem mótmælin vörðuðu, á sinn fund 6. maí 1993. Eftir að hlutaðeigendum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um mótmælin, ákvað sýslumaður að fallast á kröfu varnaraðila um breytingu á frumvarpinu og úthluta honum kr. 17.415.513,00 af söluverðinu. Féll þar með niður úthlutun til varnaraðila sem veðhafa á 8. veðrétti, svo og úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík vegna lögtaka á 9. og 10. veðrétti, sbr. fyrrgreint bréf ráðuneytisins. Nýtt frumvarp til úthlutunar söluverðs umræddrar fasteignar er dags. 6. maí 1993. Lögmaður sóknaraðila lýsti því yfir á áður greindum fundi, að hann hygðist leita úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um ákvörðun sýslumanns. Beiðni sóknaraðila um úrlausn dómsins er dags. 28. maí 1993 og barst hún Héraðsdómi Reykjavíkur 1. júní sama ár.

III.

Málsástæður sóknaraðila eru þær, að á þriðja og síðasta nauðungaruppboði á fasteigninni nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, sem fram fór 31. október 1991, hafi dskj. nr. 16 verið lagt fram sem veðbókarvottorð greindrar fasteignar, sbr. bókun fulltrúa yfirborgarfógeta þar um. Kveður hann veðskuldabréf varnaraðila ekki hafa komið fram á vottorði þessu. Lögmaður varnaraðila hafi engar athugasemdir gert við vottorðið né látið bóka um tilvist veðskuldabréfa varnaraðila. Sóknaraðili hafi því mátt treysta því, að ekki væri um veðskuldir að tefla, er gengju framar veðrétti hans við nauðungarsöluna og að upplýsingar, sem komu fram á uppboðsþinginu, væru réttar. Samkvæmt ákvæðum í veðskuldabréfum sóknaraðila njóti þau uppfærsluréttar. Við úthlutun söluverðs verði því að skipa þeim þar í veðröð, sem þau voru við lokauppboð. Varnaraðili geti ekki á síðari stigum lagt fram veðskuldabréf, sem hann telji, að ganga eigi framar veðrétti sóknaraðila.

Til vara kveðst sóknaraðili byggja á þeirri málsástæðu, að veðheimild sú, sem veitt sé í veðskuldabréfum sóknaraðila, sé veitt skuldara bréfanna, Húsakaupum hf., en ekki varnaraðila og enn síður Dugguvogi 12 hf., sem tilgreindur sé sem skuldari á veðskuldabréfum varnaraðila.

Þá kveðst sóknaraðili einnig byggja á þeirri málsástæðu til vara, að rökbundin nauðsyn leiði til þess að úthluta beri sóknaraðila af söluverðinu, með því að ella myndi úthlutun ekki ganga upp, þar sem öll lögtök Gjaldheimtunnar í Reykjavík hafi gengið framar réttindum varnaraðila samkvæmt fyrra frumvarpi sýslumanns, en einungis lögtök, sem þinglýst hafi verið fyrir 1. janúar 1990, hafi gengið framar réttindum sóknaraðila. Varnaraðili geti ekki unnið rétt á hendur sóknaraðila með því að greiða þessar lögtaksskuldir, en ætla megi, að ákvörðun sýslumanns hafi verið byggð á því, sbr. dskj. nr. 5.

Við munnlegan málflutning kom fram hjá lögmanni sóknaraðila, að af dskj. nr. 20 verði ráðið, að veðskuldabréf varnaraðila hafi verið móttekin til þinglýsingar 24. október 1991, en síðar hafi verið strikað yfir móttökustimpil þennan. Kvað lögmaður sóknaraðila ástæðu þess þá, að veðskuldabréf varnaraðila hefðu verið í ólagi, og þar sem upplýsingar þær, sem þinglýsingardómari óskaði eftir, hefðu ekki komið fram, hefði skjölunum verið vísað frá þinglýsingu. Veðskuldabréf varnaraðila hafi því aldrei verið afhent til þinglýsingar í skilningi 1. mgr. 14. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og því hafi þau engra þinglýstra réttinda notið á uppboðsdegi 31. október 1991.

Sóknaraðili kveður l. nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og l. nr. 85/1936

um meðferð einkamála í héraði hafa verið í gildi, er nauðungarsala sú, sem mál þetta er sprottið af, fór fram 31. október 1991. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. l. nr. 57/1949 hafi nauðungaruppboð verið dómsathafnir og samkvæmt 4. gr. sömu laga hafi l. nr. 85/1936 átt að taka til nauðungaruppboða eftir því sem við gat átt. Þar sem nauðungaruppboð samkvæmt l. nr. 57/1949 hafi verið ein tegund fullnustugerða, verði réttur kröfuhafa til úthlutunar af söluverðinu að ráðast af þeim staðreyndum, sem fyrir hafi legið við söluna sjálfa. Hafi aðilar uppboðs eitthvað haft við framkvæmd uppboðsins að athuga, hafi þeim borið að gera viðvart um það þegar í stað. Reglu þessa megi leiða af ákvæðum 22. gr. og 1. mgr. 25. gr. l. nr. 57/1949, en þó sérstaklega 26. gr. sömu laga. Þá hafi jafnframt verið í gildi skýr meginregla í 3. mgr. 110. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 15. gr. l. nr. 54/1988, að málsástæður og mótmæli skyldu koma fram, jafnskjótt og tilefni varð til. Umboðsmanni varnaraðila hafi borið í síðasta lagi á uppboðsþinginu 31. október 1991 að láta þess getið, að hann teldi sig eiga veðrétt í fasteigninni nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, sem hann teldi ganga framar rétti sóknaraðila. Það hafi umboðsmaður varnaraðila ekki gert og hafi sóknaraðili því verið í góðri trú, er hann bauð kr. 14.000.000,00 í fasteignina til að tryggja hagsmuni sína. Hafi hann krafist útlagningar sem ófullnægður veðhafi og hafi engar athugasemdir verið gerðar við þá kröfu. Hefði sóknaraðili haft vitneskju um hugsanlegan betri rétt varnaraðila, hefði hann ekki látið slá eignina varnaraðila á kr. 30.000.000,00, heldur íhugað sjálfur frekari boð.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður sóknaraðila þeirri kröfu varnaraðila, að lögmaðurinn yrði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað in solidum með sóknaraðila, sem of seint fram kominni, auk þess sem hún hefði ekki stoð í 75. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Varnaraðili kveður málsástæður sínar þær, að hann sé eigandi veðskuldabréfa, sem samkvæmt efni þeirra njóti 1. veðréttar í fasteigninni að Borgartúni 32, en í skuldabréfum sóknaraðila sé veitt leyfi fyrir veðsetningunni. Skuldabréf sóknaraðila áskilji sér ekki 1. veðrétt í eigninni.

Verði það talið skipta máli varðandi veðleyfi sóknaraðila, hvort bréfum varnaraðila hafi verið þinglýst eða ekki, kveðst varnaraðili byggja á því, að bréf hans hafi verið færð í þinglýsingabók þegar nauðungaruppboðið fór fram. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 teljist forgangsáhrif þinglýsingar frá þeim degi, er skjal er afhent til þinglýsingar. Skuli því veðskuldabréf varnaraðila greiðast á undan veðskuldabréfum sóknaraðila af söluverði fasteignarinnar. Engu máli skipti þótt bréfum varnaraðila hafi ekki verið þinglýst eða að áhvílandi lögtök hefðu leitt til þess, að við þinglýsinguna hefði átt að rita athugasemd um tilvist lögtakanna á skulda-

bréfin. Forgangsáhrif miðist við afhendingu, enda hafi bréfin verið fyllilega tæk til þinglýsingar.

Varnaraðili kveður kaupverð fasteignarinnar ekki hafa verið að fullu greitt, er umrætt nauðungaruppboð hafi farið fram, þótt hann hafi þá fengið margnefnd skuldabréf að fjárhæð kr. 50.000.000,00 afhent. Hljóti krafa eiganda til söluverðs ávallt að ganga fyrir öðrum kröfum, nema sérstakt veðleyfi sé gefið.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að veðbókarvottorð fasteignarinnar hafi verið lagt fram við nauðungaruppboðið. Bendir varnaraðili á, að dskj. nr. 16 sé ljósrit úr fasteignabók en ekki veðbókarvottorð. Af hálfu lögmanns varnaraðila hafi verið upplýst við uppboðið, að margnefnd skuldabréf varnaraðila hefðu verið móttekin til þinglýsingar, en ekkert verið bókað um það. Þá bendir varnaraðili á það, að sóknaraðila hafi verið kunnugt um tilvist skuldabréfa varnaraðila á uppboðsþinginu, enda feli krafa varnaraðila um útlagningu sér til handa í sér, að boðið sé gert fyrir veðhafa. Telji sóknaraðili að uppboðshaldari hafi ekki gætt ákvæða 26. gr. l. nr. 57/1949, svo að hann hafi borið skaða af, beri honum að beina bótakröfu þar um að ríkissjóði. Varnaraðili geti ekki notið annars réttar samkvæmt veðskuldabréfum sínum en þess réttar, sem þau sjálf tilgreina, þ.e., að á undan þeim hvíli verðtryggt lán allt að kr. 80.000.000,00.

Að lokum kveður varnaraðili sóknaraðila óheimilt samkvæmt 2. mgr. 75. gr. l. nr. 90/1991 að hafa uppi þá kröfu í máli þessu, að hann fái dæmdan málskostnað sér til handa greiddan af söluverði fasteignarinnar. Beri að vísa kröfu þessari frá, en ekki sé gerð sérstök krafa um frávísun hennar.

Við munnlegan málflutning kvaðst lögmaður varnaraðila telja framlagningu dskj. nr. 20 ekki hafa neina þýðingu í máli þessu. Ástæður þess, að strikað hafi verið yfir móttökustimpilinn frá 24. október 1991, sé sú meginregla, að niður falli þau veðbönd, sem hvílt hafi á eign, sem seld hafi verið á nauðungaruppboði og uppboðsandvirðið ekki hrokkið til að greiða. Krafa lánardrottins á hendur skuldara falli þó ekki niður og í umræddu tilviki hafi veðskuldabréfum varnaraðila verið þinglýst á eignina að nýju 1. júní 1993. Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður varnaraðila þeirri málsástæðu sóknaraðila, að veðskuldabréf varnaraðila hefðu aldrei verið afhent til þinglýsingar í skilningi 1. mgr. 14. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sem of seint fram kominni. Auk þess benti lögmaður varnaraðila á, að berlega kæmi fram á fram lögðum ljósritum af bréfum varnaraðila, að þau hefðu verið móttekin til þinglýsingar 24. október 1991. Einnig mótmælti lögmaður varnaraðila þeirri fullyrðingu lögmanns sóknaraðila, að veðskuldabréfum varnaraðila hefði verið vísað frá þinglýsingu, sem rangri, ósannaðri og of seint fram kominni.

IV.

Fram lögð ljósrit af hinum 28 veðskuldabréfum varnaraðila, samtals að fjárhæð kr. 50.000.000,00, bera öll með sér, að þau hafi verið tryggð með 1. veðrétti í fasteigninni nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, eldra húsi, og eru þau árituð um samþykki þinglýsts eiganda fyrir veðsetningunni.

Fram lögð ljósrit af 5 samhljóða veðskuldabréfum sóknaraðila, samtals að fjárhæð kr. 2.500.000,00 bera hins vegar með sér, að þau hafi verið tryggð með 5. veðrétti í sömu fasteign með uppfærslurétti næst á eftir veðheimild á 1.–4. veðrétti fyrir verðtryggðum lánum allt að kr. 80.000.000,00 miðað við lánskjaravísitöluna 2215 stig.

Fram kemur á hinum fram lögðu ljósritum af veðskuldabréfum varnaraðila, að þau hafa verið móttekin til þinglýsingar 24. október 1991, þ.e. viku áður en þriðja og síðasta uppboð fór fram á fasteigninni. Samkvæmt 14. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 telst skjal hafa verið afhent til þinglýsingar, ef upplýsingar þær, sem nú, þinglýsingarstjóri, telur sér þörf, eru látnar í té, enda fylgi lögmælt greiðsla og skjal er þinglýsingartækt, sbr. 6. gr. sömu laga, en í 3. mgr. hennar segir, að eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skuli árita það og endurrit eða samrit þess. Áritunin skuli fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags. Með vísan til þessa verður að telja, að fyrrnefnd móttökukvittun sýni, að veðskuldabréf varnaraðila hafi verið afhent til þinglýsingar greindan dag og að þeim hafi ekki verið vísað frá dagbók samkvæmt 2. mgr. 6. gr. l. nr. 39/1978. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. l. nr. 39/1978 teljast forgangsáhrif þinglýsingar frá þeim degi, er skjal var afhent til þinglýsingar, enda sé skjalið þinglýsingartækt. Gögn málsins bera það ekki með sér, að veðskuldabréfum varnaraðila hafi verið vísað frá þinglýsingu síðar, og verður að telja þá fullyrðingu sóknaraðila ósannaða, enda hefur henni verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

Á uppboðsþinginu 31. október 1991 lagði uppboðshaldari fram ljósrit úr fasteignabók, sbr. dskj. nr. 16, en ekki veðbókarvottorð, svo sem ráð var fyrir gert í 26. gr. l. nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Þar sem veðskuldabréf varnaraðila höfðu aðeins verið móttekin til þinglýsingar, en ekki innfærð í fasteignabók, komu þau ekki fram á ljósriti þessu. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að lögmaður sá, er sótti uppboðsþingið fyrir hönd varnaraðila, hafi upplýst um tilvist veðskuldabréfa varnaraðila á þinginu og að þau hafi verið móttekin til þinglýsingar. Þessar upplýsingar hafi hins vegar ekki verið færðar til bókar. Af hálfu sóknaraðila hefur þessari fullyrðingu varnaraðila verið mótmælt. Á uppboðinu bauð varnaraðili hins vegar í fasteignina og krafðist þess, að eignin yrði lögð sér út til eignar fyrir það verð, sem hann hefði boðið, sbr. heimild í 32. gr. l. nr. 57/1947. Sam-

kvæmt nefndu ákvæði gátu aðeins ófullnægðir veðhafar gert slíka kröfu. Sætti krafa þessi engum athugasemdum eða mótmælum á þinginu, hvorki af hendi uppboðshaldara né þeirra, sem uppboðsþingið sóttu. Verður því að telja líkur standa til þess, að uppboðshaldara og þeim, sem uppboðsþingið sóttu, þ.á m. sóknaraðila, hafi verið kunnugt um tilvist veðskuldabréfa varnaraðila. Þá ber og að hafa í huga, að veðskuldabréf varnaraðila höfðu verið móttekin til þinglýsingar viku fyrir uppboðið, og höfðu veðréttindi þau, sem í þeim fólust, þar með hlotið opinbera skráningu og þá réttarvernd, sem henni eru samfara, sbr. 1. mgr. 15. gr. l. nr. 39/1978.

Ekki er fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að veðleyfi það, sem greinir í veðskuldabréfum sóknaraðila, hafi eingöngu verið veitt skuldara bréfanna, Húsakaupum hf., en ekki öðrum, enda verður það ekki ráðið af bréfunum. Í umræddum bréfum samþykkir veðhafi hins vegar að standa að baki tiltekinni fjárhæð, án þess að nánar sé tilgreint, um hvaða skuld sé að ræða. Þá er ekki heldur fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að rökbundin nauðsyn leiði til þess, að úthluta beri honum af uppboðsandvirðinu vegna lögtaka Gjaldheimtunnar í Reykjavík, sem hvílt hafi á fasteigninni.

Með vísan til alls þessa verður að telja, að með síðara frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 6. maí 1993, hafi kröfu varnaraðila verið skipað í veðröð í samræmi við almennar reglur, sem gilda um vernd eignarréttinda. Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí 1993 um að verða við kröfu varnaraðila um breytingu á hinu fyrra frumvarpi verður samkvæmt framansögðu ekki ómerkt með vísan til þess, að sóknaraðila hafi verið ókunnugt um tilvist veðskuldabréfa varnaraðila á uppboðsþinginu 31. október 1991. Sóknaraðili átti þess kost samkvæmt 4. gr. l. nr. 57/1949 um nauðungaruppboð að áfrýja uppboðinu til Hæstaréttar, hafi hann talið, að réttra aðferða hefði ekki verið gætt við framkvæmd þess. Sóknaraðili áfrýjaði ekki uppboðinu og hefur ekki krafist ógildingar þess samkvæmt 2. mgr. 80. gr. núgildandi laga um nauðungarsölu nr. 90/1991.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að staðfesta ber þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí 1993 að verða við kröfu varnaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, eldra húsi.

Sóknaraðili, Jón Hjaltason, greiði varnaraðila, Sigurbirni Eiríkssyni, kr. 50.000,00 í málskostnað og er þar með talinn virðisaukaskattur. Ekki þykja efni til að verða við þeirri kröfu varnaraðila, að lögmaður sóknaraðila, Ásgeir Þór Árnason hdl., verði dæmdur in solidum með sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað í máli þessu.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí 1993 að verða við kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 32 við Borgartún í Reykjavík, eldra húsi. Sóknaraðili, Jón Hjaltason, greiði varnaraðila, Sigurbirni Eiríkssyni, kr. 50.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 321/1991. **Sindri Steingrímsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Útgerðarfélaginu Barðanum hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1991, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 80.784 krónur með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar og dráttarvaxta af honum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ekki hafi verið í ljós leitt, að áfrýjandi hafi, er hann réðst í skiprúm hjá stefnda, vísvitandi leynt sjúkdómi sínum, sbr. 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Þegar litið er til málsatvika í heild og aðdraganda þess, að áfrýjandi fór í hjartaþræðingu í febrúar 1989, þykir og bera að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki af þeim sökum verið óvinnufær vegna veikinda í skilningi 36. gr. sjómannalaga.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 17. október 1990.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 13. júní 1990, af hálfu Sindra Steingrímssonar, kt. 160369-4509, Kambahrauni 16, Hveragerði, á hendur Útgerðarfélaginu Barðanum hf., kt. 660279-0249, Hafnarbraut 17–19, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 80.784,00 með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 01.03. 1989 til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 01.03. 1990, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að þann 23. 11. 1988 réð stefnandi sig á bát stefnda, ms. Ljósfara HF 182. Áður en til þeirrar ráðningar kom, hafði stefnandi um nokkurt skeið fundið fyrir verkjum í brjósti. Af þessum sökum hafi stefnandi leitað læknis og farið tvisvar í skoðun, hina fyrri 19. 11. 1988 og hina síðari tveimur dögum síðar.

Komið hafi í ljós í þessum rannsóknum að hjartalínurit væri afbrigðilegt. Læknirinn hafi tjáð stefnanda að hann teldi að stefnandi væri með tvískipta loku. Samt hafi stefnandi enga skýringu fengið á þeim verk sem hann hafði í hjartastað og hafi raunar enn. Stefnandi segir að ekki hafi verið rætt um frekari rannsóknir. Þó hafi komið fram að læknirinn hafi viljað hafa samráð við annan lækni og fá hans álit.

Það hafi svo verið tveim dögum eftir síðari rannsóknina að stefnandi réð sig á skip stefnda. Er stefnandi kom í land úr fyrstu veiðiferð sinni kveður hann að læknir sá, sem séð hafði um fyrri rannsóknir, hafi haft samband við sig og sér hafi verið tjáð, að þörf væri á frekari rannsókn, þ.e. hjartaþræðingu. Ekki hafi verið ákveðinn tími fyrir þá rannsókn. Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi tilkynnt skipstjóra skipsins þetta áður en haldið var í næstu veiðiferð.

Það hafi svo verið í janúar 1989 að stefnandi hafi tilkynnt skipstjóra skipsins að umrædd rannsókn færi fram í byrjun febrúar sama ár. Stefnandi hafi fengið frí frá 31. janúar 1989 og hjartaþræðing verið gerð eftir innlögn á Landspítalann 3. febrúar s.á. Að læknisráði hafi stefnandi verið frá vinnu fram til loka febrúarmánaðar 1989, sbr. yfirlýsingu læknis. Stefnanda hafi verið neitað um greiðslu veikindalauna fyrir þennan tíma. Krafa stefnanda hljóðar upp á kr. 80.784,00 og er fjárhæðinni ekki mótmælt sem slíkri.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína um laun fyrir tímabilið 1. febrúar 1989 til 1. mars 1989 á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 1.14 í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1987. Krafan um hlífðarfatapeninga styðjist við grein 1.04 í ofangreindum kjarasamningi. Um orlof vísist til laga nr. 30/1987 og greinar 1.18 í ofangreindum kjarasamningi. Um vaxtakröfu vísar stefnandi til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr. Kröfu sína um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Sundurliðun stefnukröfu:

Veikindalaun 01.02.–01.03. 1989		
Aflamagn	kr.	71.335 kg
Aflaverðmæti	kr.	4.075.381,00
Skiptaverðmæti	kr.	3.097.290,00
Skiptahlutfall		35,10%
Skráningard.		15
Fjöldi		15
Hásetahlutur	kr.	72.477,00
Hlífðarfatapeningar 15 daga	kr.	850,00
Samtals	kr.	73.327,00
10,17% orlof	kr.	7.457,00
Samtals	kr.	80.784,00

sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þær að stefnandi, Sindri Steingrímsson, hafi eigi vitað um, er hann réð sig á skip stefnda, að hann þyrfti síðar að fá frí vegna frekari rannsókna, enda hafi læknir sá, er annaðist fyrri rannsóknir, eigi tjáð stefnanda neitt um frekari rannsóknir. Stefnandi hafi ekki haft ástæðu til að ætla að frekari rannsókna væri þörf. Því eigi ákvæði 4. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 um vísvitandi leynd ekki við hér. Stefnandi hafi, þegar hann vissi, að frekari rannsókn, þ.e. hjartaþræðing, þyrfti að fara fram, tilkynnt stefnda það. Er þeirri málsástæðu stefnda, að um vísvitandi leynd við ráðningu hafi verið að ræða, algerlega vísað á bug. Varðandi hugtakið óvinnufærni í skilningi sjómannalaga vill stefnandi taka fram að í bókinni Ansættelsesret eftir Ole Hasselbach komi fram að um óvinnufærni

sé að ræða þegar starfsmaður getur alls ekki sinnt starfi sínu sem afleiðingu af sjúkdómi. Í þessu tilviki hafi verið um slíka óvinnufærni að ræða. Nauðsynlegt hafi verið fyrir stefnanda að fá úr því skorið hvort og þá hvaða sjúkdóm hann hefði við hjartað. Stefnandi vill sérstaklega taka fram að þeir héraðsdómar, sem stefndi vísar til, eigi ekki við hér. Þar hafi verið um að ræða aðgerðir til að bæta úr afleiðingum þess sjúkdóms sem vitað var að stefnendur voru haldnir (sic). Í þessu máli sé hins vegar um að ræða nauðsynlega aðgerð til að ákvarða sjúkdóm hjá stefnanda. Þess vegna sé stefnandi óvinnufær frá því hann leggst inn til hjartaþræðingar og þangað til læknir heimilar honum að hefja vinnu að nýju.

Stefnandi mótmælir algerlega þeim hugleiðingum, sem koma fram á dómskjali 15, vegna þess að ekki verði séð á því, á hverju þær séu reistar og mótmælir einnig hugleiðingum um að hjartaþræðing standi í sambandi við atvinnuflugmannspróf. Hugleiðingar þar um dugi ekki til að fá framkvæmda hjartaþræðingu, enda sé slík rannsókn einungis gerð af brýnni nauðsyn. Stefnandi mótmælir einnig því sem kemur fram á dómskjali 6 enda sé það eingöngu hugmynd skipstjóra.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 1. mgr. 36. gr. sl.

Málsástæður sínar kveður stefndi vera þær að stefnandi hafi ekki skýrt frá því, er hann réð sig á skip stefnda, að hann hafi fundið fyrir verkjum í u. þ. b. þrjá mánuði fyrir ráðninguna. Einnig hafi stefnandi ekki skýrt frá því að hann hafði leitað læknis og farið í tvær rannsóknir og að frekari rannsóknir væru í gangi. Stefnandi hafi ekki skýrt frá þessu, jafnvel þótt honum hafi mátt vera ljóst að hann gekk ekki heill til skógar við ráðningu. Því eigi 4. mgr. 36. gr. sjóml. við hér.

Í málflutningi sínum byggði stefndi aðallega á því að stefnandi hefði eigi verið óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjóml., þegar hann lagðist inn til hjartaþræðingar, jafnvel þótt hann yrði óvinnufær eftir að hjartaþræðing fór fram.

Stefndi telur ljóst að hjartaþræðing hafi verið framkvæmd fyrst og fremst vegna flugmannsprófs. Vísar hann þar um til dómskjals 6 og dómskjals 15. Stefndi tekur fullt mark á því, sem fram kemur hjá lækninum á dómskjali 15.

Stefndi vísar í fjóra héraðsdóma um óvinnufærni. Í þessu tilviki hafi einungis verið um að ræða rannsókn og því hafi stefnandi ekki verið óvinnufær í skilningi sjóml., þegar hann lagðist inn til rannsóknar.

Stefndi vísar í Dagpengeloven eftir Ole Hasselbach, þar sem kemur

fram, að launþegi verði að vera ófær til að sinna nokkru því starfi, sem liggi innan starfssviðs hans samkv. ráðningarsamningi.

Stefndi telur, að rannsókn, hversu nauðsynleg sem hún sé, verði þess ekki valdandi, að starfsmaður sé óvinnufær. Ekki sé um það deilt að stefnandi hafi getað sinnt starfi sínu, þegar hann tók sér frí til að fara í hjartaþræðingu. Nú á dögum sé hjartaþræðing ekki óalgeng rannsókn. Allt þetta telur stefndi sýna, svo að ekki verði um það deilt, að stefndi hafi verið vinnufær í skilningi sjóml. þegar hann lagðist inn til hjartaþræðingar. En því er ekki mótmælt að stefnandi hafi orðið óvinnufær eftir þræðinguna. Það leiði hins vegar ekki til þess, að stefndi greiði veikindalaun.

Niðurstöður.

Það liggur fyrir í máli þessu og ekki er um það deilt að stefnandi málsins fór í hjartaþræðingu í byrjun febrúar og var frá vinnu til loka febrúarmánaðar. Ekki er heldur deilt um þá fjárhæð sem er stefnufjárhæð í máli þessu. Stefnandi byggir kröfu sína um laun á þessu tímabili, þ.e. frá 1. febrúar til 1. mars 1989, á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, þar sem m.a. kemur fram að ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur skuli hann eigi missa neins í af launum sínum, meðan hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum. Stefndi byggir sýknukröfu sína annars vegar á 4. mgr. 36. gr. sjóml., þar sem kemur fram m. a., að skipverji eigi ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Hins vegar byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjóml. þegar hann fór í hjartaþræðingu þótt hann hafi orðið óvinnufær eftir aðgerðina.

Varðandi fyrri málsástæðu stefnda um leyndina verður ekki séð af gögnum málsins að stefnandi hafi við ráðningu sína leynt stefnda slíkum upplýsingum að hann glati rétti til að heimta laun fyrir umkrafið tímabil. Verður ekki séð að stefnandi hafi mátt ætla að frekari rannsókna yrði þörf, og að læknirinn hafi ekki gefið honum tilefni til að ætla slíkt. Að sama skapi verður að telja að verkur sá, sem stefnandi hafði fyrir brjósti, hafi ekki gefið honum ástæðu til að ætla að hefði áhrif á ráðningu hans hjá stefnda. Verður þar að taka tillit til aldurs stefnanda. Ef um eldri mann hefði verið að ræða ættu hugsanlega önnur sjónarmið við. Auk þess liggur fyrir að stefnandi tilkynnti skipstjóra skipsins um að frekari rannsókna yrði þörf, strax og hann fékk veður af því hjá lækni sínum. Gat stefndi þá þegar gripið til þeirrar aðgerða, sem hann taldi nauðsynlegar vegna þessa. Verður því að telja að skilyrði 4. mgr. 36. gr. sjóml. um vísvitandi leynd eigi ekki við hér.

Varðandi seinni málsástæðu stefnda, þ. e., að stefnandi hafi ekki verið

óvinnufær í skilningi sjóml., er ljóst að stefnandi var í starfi hjá stefnda, þegar hann óskaði eftir að fá frí til að gangast undir hjartaþræðingu, og sinnti starfi sínu af fullum krafti allt fram á síðasta dag. Ekkert liggur fyrir um það að hann hefði ekki getað sinnt því áfram þótt hann hefði ekki farið í slíka rannsókn. Verður að telja að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í skilningi sjóml. þegar hann undirgekkst rannsóknina. Jafnvel þótt rannsókn sem slík sé bráðnauðsynleg gerir það menn ekki óvinnufæra í þeim skilningi að þeir geti ekki sinnt því starfi, sem þeir eru ráðnir til að sinna.

Verður því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um laun fyrir tímabilið frá 1. febrúar 1989 til 1. mars s. á.

Málskostnaður skal falla niður.

Dóminn kvað upp Ólafur Helgi Árnason fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Barðinn hf., kt. 660279–0249, Hafnarbraut 17–19, Kópavogi, er sýknað af kröfu stefnanda, Sindra Steingrímssonar, kt. 160369–4509, Kambahrauni 16, Hveragerði.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 283/1991. **Valgeir Valgeirsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Samtogi hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 248.292 krónur með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar og sjóveðsréttar í bv. Sindra VE-60 fyrir dómkröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í héraðsdómi er rakið vottorð Knúts Björnssonar, sérfræðings á lýtalækningadeild Landspítalans, um slys það, sem áfrýjandi varð fyrir 7. september 1987, og aðgerð þá, er hann gekkst undir í janúar 1989. Kemur þar fram meðal annars, að strax eftir slysið hafi orðið ljóst, að gera yrði síðar aðgerðir á brunaörum í andliti svo og til þess að lagfæra hægra neðra augnlok og efri vör hægra megin. Auk aflögunar á augnloki og efri vör hafi áfrýjandi orðið kulvís í allri hægri kinn og einnig haft þar sviða og óþægindi. Hafi graftarkýli myndast þar vegna truflunar í skeggrót. Örmyndun þurfi að ganga í gegnum ákveðinn þroskaferil og aðgerð sé ekki tímabær fyrr en eftir eitt til eitt og hálft ár. Aðgerðin sé alls ekki hrein lýtaaðgerð, heldur gerð „vegna sjúklegs ástands eftir brunaáverkana“. Fyrir dómi kvað læknirinn læknisfræðilegar ástæður hafa legið til þess, að áfrýjandi fór í aðgerðina í janúar 1989 til að fá bata af hinu sjúklega

ástandi í kinninni, fyrir utan það að mikið hafi tekið í neðra augnlokið, sem gapti og þannig hafi augað ekki átt að vera. Hafi slímhúð augans verið hætta búin af þessu. Samkvæmt öðru vottorði læknisins var áfrýjandi óvinnufær frá 5. janúar til 19. febrúar 1989.

Fram kom í skýrslu áfrýjanda fyrir dómi, að þótt hann hefði stundað vinnu fram að aðgerðinni hefði honum liðið mjög illa vegna stanslauss kláða og graftar.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þykir ekki leika vafi á um það, að aðgerðin á áfrýjanda í janúar 1989 hafi verið nauðsynleg til að bæta úr sjúklegu ástandi, sbr. ofangreinda lýsingu hins sérfróða læknis. Hana var ekki unnt að gera fyrr en að liðnum nokkrum tíma frá slysinu 7. september 1987. Ber að líta á þennan sjúkleika í beinum tengslum við slysfarirnar og telja hann hafa leitt til óvinnufærni í skilningi 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Óumdeilt er í málinu, að áfrýjandi fékk greidd laun frá stefnda í 3 mánuði í fjarveru vegna brunaslyssins á árinu 1987. Stefndi túlkar 36. gr. sjómannalaga svo, að þegar um ítrekuð forföll sé að ræða vegna sama sjúkdóms eða slyss, endurnýist sá réttur ekki á 12 mánaða fresti eða á öðru tímabili. Vísar hann þessu til stuðnings til dóms Hæstaréttar 23. mars 1960 í málinu nr. 165/1959. Af hálfu áfrýjanda er því hins vegar haldið fram, að það sé venjubundin og viðurkennd túlkun á þessu ákvæði, að á hverju 12 mánaða tímabili endurnýist réttur til veikindalauna. Upplýst er þó í málinu, að þetta hefur verið deiluefni milli samtaka sjómanna og útgerðarmanna og ekki náðst um það samkomulag við gerð kjarasamninga.

Orðalag 36. gr. sjómannalaga þykir eigi heimila svo rúma túlkun að þessu leyti, sem áfrýjandi byggir á, og ber hér meðal annars að hafa í huga niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum dómi 23. mars 1960. Eru því ekki skilyrði til að taka kröfur áfrýjanda til greina, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar

Við teljum, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, en erum sammála meiri hluta dómara um, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 28. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 18. desember 1989.

Stefnandi er Valgeir Valgeirsson, Helgafellsbraut 18, Vestmannaeyjum.

Varnaraðili er Samtog hf., Strandvegi 50, Vestmannaeyjum, sem með samþykki stefnanda kom í stað Samtogs sf., sem upphaflega var stefnt.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði kr. 248.292,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 19.2. 1989 til greiðsludags og málskostnað með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Hann krefst og staðfestingar sjóveðsréttar í bv. Sindra VE-60 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem var skipverji á skipi stefnda, bv. Sindra VE-60 brenndist í slysi 7. september 1987, þar sem hann var gestkomandi í húsi sem kveikt var í. Hann var lengi frá vinnu vegna slyssins, en kom til starfa á ný í ársbyrjun 1988. Stefndi greiddi stefnanda staðgengilskaup í tvo mánuði, frá 14.9.–14.11. 1987, sbr. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, og síðan kauptryggingu í einn mánuð, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í ársbyrjun 1989 fór stefnandi í skurðaðgerð á Landspítalann, húðflutning og ígræðslu í andliti vegna brunaslyssins. Þá var hann frá vinnu 5. janúar til 19. febrúar 1989. Hann leitaði til útgerðarinnar um greiðslu veikindalauna fyrir þennan tíma, en fékk synjun.

Knútur Björnsson læknir, sérfræðingur á lýtalækningadeild Landspítalans, sem annaðist stefnanda strax eftir slysið og gerði aðgerðina 9. janúar 1989, hefur í málinu gefið svofellt vottorð, dags. 20. september 1990:

> „Valgeir varð fyrir mjög alvarlegum brunaáverkum af eldi í andliti og á höndum, þann 7. september 1987, svo að flytja varð húð á III. gráðu brunasár í andliti og á höndum. Afleiðingarnar af þessu slysi urðu mikil brunaör í andlitinu, sérstaklega hægra megin, og orsökuðu þau,

sérstaklega, aflögun á hægra, neðra augnloki og á efrivör hægra megin. Það varð strax ljóst að það yrði að gera aðgerð á brunaörunum í andliti, til þess að lagfæra hægra, neðra augnlok svo og að laga efrivör. Auk nefndrar aflögunar á augnloki og efrivör varð hann kulvís í allri hægri kinn og hafði þar að auki sviða og óþægindi í allri hægri kinn fyrir utan að hafa truflun í skeggrótinni á efrivör og kinninni, sem leiddi til smá-graftarkýla. Örmyndun þarf að ganga í gegnum ákveðinn þroskaferil áður en gerðar eru betrumbætandi aðgerðir og er sá tími yfirleitt 1–1½ ár og er dæmt um það með eftirliti hvenær tímabært er að gera aðgerðina. Skurðaðgerð var gerð á Valgeiri þann 9. janúar 1989 og var þá í nokkurn tíma búið að vera tímabært að gera aðgerðina, en ekki fengist pláss á lýtalækningadeild fyrr. Þessi aðgerð og fleiri aðgerðir, sem þarf að gera í andlitinu á Valgeiri, vegna brunaöranna, eru alls ekki hreinræktaðar, electivar aðgerðir, heldur gerðar vegna sjúklegs ástands eftir brunaáverkann."

Hér fyrir dómi lýsti læknirinn því, að strax hefði verið séð fyrir um framhaldsaðgerðirnar og stefnandi verið á biðlista, þar sem tími hafi verið kominn um miðjan desember 1988.

Stefnandi byggir kröfur sínar um greiðslu veikindalauna á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ágreiningur aðila í máli þessu sé um tvennt, hvort hann hafi verið „óvinnufær" í skilningi 36. gr. og hvort réttur til veikindalauna endurnýist á 12 mánaða tímabili.

Ekki sé vafi um, að hann hafi verið óvinnufær í skilningi 36. gr. sjómannalaga. Það komi skýrt fram í vottorði Knúts Björnssonar læknis og vitnaframburði hér fyrir dómi, að aðgerðin hafi verið liður í að bæta hið sjúklega ástand húðarinnar í andliti og að viss tími hafi þurft að líða á milli aðgerða.

Einnig sé ljóst, að á grundvelli venjubundinnar og viðurkenndrar túlkunar á framangreindum ákvæðum endurnýist réttur til veikindalauna á 12 mánaða tímabili.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær, þegar hann fór í aðgerðina 9. janúar 1989. Um hafi verið að ræða fegrunaraðgerð til að lagfæra útlitslýti, sem stafað hafi af brunasárunum. Stefnandi hafi verið á sjó allt árið 1988, og sé því ljóst, að hann hafi ekki verið óvinnufær.

Verði talið að óvinnufærni í merkingu 36. gr. sjómannalaga sé fyrir hendi byggir stefndi í öðru lagi á því, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu

þann forfallakaupsrétt, sem hann eigi mestan rétt á. Gagnstætt því, sem stefnandi fullyrðir, hafi 36. gr. sjómannalaga alltaf verið túlkuð svo, að þegar um ítrekuð forföll sé að ræða vegna sama sjúkdóms eða slyss, þá endurnýist sá réttur ekki á 12 mánaða fresti eða á öðru tímabili. Hvað sjómenn snerti, hafi ætíð verið beitt þeirri lögskýringu, sem fram komi í dómi Hæstaréttar 1960:333, svonefndum Sementsverksmiðjudómi, og hingað til hafi ekki verið mótmælt af hálfu sjómannasamtakanna. Í þeim dómi hafi allri tímatakmörkun verið hafnað, og síðan hafi aðilar í samningum samið sig frá þessari reglu, sem Hæstiréttur hafi slegið fastri. Það sé gert í kjarasamningum og hafi ekki verið gert enn í samningum sjómanna. Túlka beri 36. gr. sjómannalaga þröngt, þar sem hún sé undantekning frá þeirri meginreglu að laun komi fyrir vinnu.

Niðurstaða.

Eins og læknir sá, sem annaðist stefnanda, hefur hér fyrir dómi lýst er ekki vafi á því að stefnanda var nauðsynlegt að fara í aðgerð þá, sem gerð var 9. janúar 1989 og var í framhaldi af þeirri meðhöndlun á brunasárunum, er hann hlaut strax eftir slysið 7. september 1987.

Skilyrði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er hins vegar, að skipverji verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla. Þrátt fyrir óþægindi af meiðslunum var stefnandi vinnufær, þegar hann fór í aðgerðina, og getur því ekki talist fullnægja þessu skilyrði laganna. Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina og ber að sýkna stefnda af þeim.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samtog hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Valgeirs Valgeirssonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 201/1990. **Jón Hjaltason f.h.**
þrotabús Jóns Hjaltasonar
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Katli Axelssyni
(Agnar Gústafsson hrl.) **og**
til réttargæslu
Birgi Viðari Halldórssyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Húsaleigusamningur. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1990. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, sem hefur ekki sótt þing fyrir Hæstarétti.

I.

Bú áfrýjanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1992. Áfrýjandi rekur málið sjálfur fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild í 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem haldið var í Héraðsdómi Reykjavíkur 25. nóvember 1993, þar sem Indriði Þorkelsson héraðsdómslögmaður kom fyrir dóm.

II.

Eins og lýst er í héraðsdómi, gerðu stefndi og Óðal sf., einkafirma áfrýjanda, með sér húsaleigusamning í október 1985, þar sem stefndi leigði fyrirtækinu þrjár hæðir og kjallara húseignarinnar Austurstræti 12 A í Reykjavík, en leigutakinn hafði þá haft húsnæðið á leigu undanfarin 15 ár. Átti leigutíma að ljúka án uppsagnar 31. júlí 1992. Í samningnum var ákvæði þess efnis, að leigutaka væri óheimilt að framleigja hið leigða án samþykkis leigusala, og heimild til framsals á leigurétti var ekki veitt, sbr. 56. gr. húsaleigulaga nr. 44/1979. Í héraðsdómi er einnig lýst kaupsamningi 20. janúar 1987, þar sem Óðal sf. selur veitingarekstur þann, sem það hafði haft með höndum í húsnæðinu. Við þann kaupsamning lá framangreindur húsaleigusamningur frammi, og var tekið fram í kaupsamningnum, að vera kynni vandkvæðum bundið að fá húseiganda til að samþykkja kaupanda sem yfirtökuaðila samningsins, en seljandi skuldbatt sig til að tryggja kaupendum, að samningurinn héldi þrátt fyrir það. Þegar veitingareksturinn var seldur öðru sinni með kaupsamningi 16. desember 1988, var enn byggt á framangreindum húsaleigusamningi, og var tekið fram, að ekki lægi fyrir húsaleigusamningur, áritaður af leigusala til kaupanda um húsnæðið.

Samkvæmt framangreindum samningum var áfrýjanda ljóst, að stefndi yrði að samþykkja nýjan leigutaka. Fram er komið, að samþykki stefnda lá ekki fyrir við gerð kaupsamninganna. Gegn mótmælum stefnda verður að telja ósannað, að hann hafi samþykkt aðilaskipti að húsaleigusamningnum og með því leyst áfrýjanda frá skuldbindingum sínum samkvæmt honum.

III.

Um áramótin 1988/1989 var húsaleiga fyrir hluta ágústmánaðar og mánuðina september til desember 1988 öll ógreidd. Ósannað er, að stefndi hafi krafið áfrýjanda um greiðslu leigunnar fyrr en með innheimtubréfi 13. janúar 1989, og var leigusamningnum rift 13. febrúar. Vanskil höfðu því staðið í rúma fimm mánuði, áður en stefndi hófst handa. Þegar litið er til þess, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun á bótum til stefnda. Þykir hæfilegt að lækka bótakröfuna sem nemur tveggja mánaða leigugreiðslum frá því, sem

kveðið var á í héraðsdómi. Ber því að lækka fjárhæð hennar um 631.019,17 krónur, en ekki er tölulegur ágreiningur í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.289.044,83 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, þrotabú Jóns Hjaltasonar, greiði stefnda, Katli Axelssyni, 2.289.044,83 krónur með ársvöxtum eins og hér segir: 56,4% af 182.445 krónum frá 1. ágúst 1988 til 1. september sama ár, 49,2% af 495.995 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 33,6% af 809.545 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27% af 1.123.095 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 24% af 1.436.645 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% af 1.750.195 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 21,6% af 2.063.745 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% af 2.289.044,83 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1990.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. mars 1989, og framhaldsstefnu, þingfestri 24. október 1989, af Katli Axelssyni, kt. 200430–4929, Ægisíðu 70, Reykjavík, gegn Jóni Hjaltasyni, kt. 020541–2889, Melabraut 59, Seltjarnarnesi, persónulega og

fyrir hönd Óðals sf., kt. 501270–0169, með lögheimili í Reykjavík, sem einkaeiganda þess.

Með réttargæslustefnu, þingfestri 17. nóvember 1989, stefndi Jón Hjaltason, stefndi í máli þessu, Birgi V. Halldórssyni, kt. 221048–4079, Efstasundi 100, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök og framhaldssök eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 3.663.044,00 [með nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að teknu tilliti til söluskatts af 50% lögmannsþóknunar, en virðisaukaskatts af 50% hennar og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Réttargæslustefndi gerir ekki aðra kröfu en þá, að hann krefst málskostnaður úr hendi réttargæslustefnanda, Jóns Hjaltasonar.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að með leigusamningi, dags. í október 1985, hafi Óðal sf. tekið á leigu hjá stefnanda þrjár neðstu hæðirnar og kjallara í húsi stefnanda að Austurstræti 12 A, Reykjavík.

Grunnleiga hafi verið ákveðin kr. 150.000,00 á mánuði og skyldi breytast „í samræmi við gildandi reglur um húsaleigu, annaðhvort vísitölu húsnæðiskostnaðar eða eins og nú gildir, skv. ákvörðunum verðlagsstjóra, sem auglýst er á þriggja mánaða fresti", eins og það sé orðað í leigusamningi.

Mikil vanskil hafi orðið á greiðslu húsaleigunnar á árinu 1988, svo að um áramót 1988/1989 hafi verið óuppgerð húsaleiga fyrir hluta ágústmánaðar og húsaleiga fyrir september-desember 1988. Hafi stefnda verið ritað kröfubréf 13. janúar 1989, greiðsluáskorun í símskeyti hinn 4. febrúar 1989 og leigusamningi rift með símskeyti 13. febrúar 1989.

Í framhaldi af riftun leigusamnings hafi verið beðið um útburð hinn 22. febrúar 1989.

Í ljós hafi komið, að stefndi, sem fengið hafi húsnæðið leigt til veitingarekstrar, hafði í janúar 1987 selt reksturinn, kaupendur sagðir vera Birgir V. Halldórsson og Örn Karlsson. Enn fremur hafi komið í ljós, að Birgir og Örn höfðu stofnað hlutafélag um reksturinn, Veitingahúsið Nonna hf. Það hlutafélag hafi svo í desember 1988 selt reksturinn öðru hlutafélagi, Veitingahúsinu Austurstræti 12 A hf.

Í leigusamningi stefnanda við stefnda hafi verið ákvæði þess efnis, að leigutaka væri óheimilt að framleigja hið leigða, nema til kæmi samþykki leigusala. Ekki hafi stefnandi samþykkt nein aðilaskipti að leigusamningnum og hafi raunar verið ókunnugt um ofangreinda sölu á veitingarekstrinum.

Eftir að útburðarmálið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur, hafi náðst samband við forráðamenn Veitingahússins Austurstræti 12 A hf., og hafi þeir fallist á að skila lyklum að húsnæðinu. Hafi það verið gert 14. mars 1989.

Stefndi hafi neitað að greiða húsaleiguskuldina og hafi vísað á Birgi V. Halldórsson og Örn Karlsson.

Þessu sé mótmælt af hálfu stefnanda. Leigusamningur stefnanda sé við Óðal sf. og stefnandi hafi aldrei samþykkt neinn annan leigutaka.

Húsaleiguskuldin sundurliðist þannig: Eftirstöðvar fyrir ágúst 1988 séu kr. 182.445,00. Húsaleiga fyrir september 1988 til og með mars 1989 kr. 313.550,00 á mánuði eða samtals kr. 2.377.295,00.

Upphaflegur leigusamningur skyldi gilda til 31. júlí 1992. Vegna vanskila stefnda hafi stefnandi orðið fyrir tjóni. Stefnanda hafi tekist að leigja umrætt húsnæði með leigusamningi, dags. 23. maí 1989. Hinn nýi leigutaki greiði leigu frá og með 1. ágúst 1989. Sé því jafnframt stefnt til greiðslu á leigu fyrir tímabilið 1. apríl 1989 til 31. júlí 1989.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hafi húsaleiga mátt hækka hinn 1. apríl 1989 um 1,25% og hinn 1. júlí 1989 um 5%. Leigutap stefnanda fyrir þetta tímabil sundurliðist þannig:

Húsaleiga fyrir apríl, maí og júní 1989 sé kr. 317.469,00 á mánuði, en í júlí 1989 kr. 333.342,00 eða samtals kr. 1.285.749,00.

Málsástæður stefnanda eru þær, að aðilar málsins hafi gert með sér gagnkvæman samning. Hafi stefnda borið að greiða umsamda leigu. Vegna vanskila stefnda hafi samningnum verið rift. Sú mótbára stefnda, að stefnandi hafi í verki samþykkt leigutakaskipti, fái ekki staðist. Stefnandi hafi aldrei samþykkt leigutakaskipti. Stefnanda hafi verið ókunnugt um nýja leigutaka. Bent sé á, að sá háttur hafi verið viðhafður á greiðslu leigunnar, að hún var lögð inn á bankareikning stefnanda.

Vegna vanefnda stefnda á leigusamningi hafi stefnandi orðið fyrir leigutapi tímabilið 1. apríl 1989 til 31. júlí 1989. Beri stefnda skv. reglum kröfuréttar um loforð og efndir samninga að bæta stefnanda það tjón, sem af vanefndunum hefur hlotist.

Af hálfu stefnda er málavöxtum þannig lýst, að 10. október 1985 hafi stefndi gert nýjan leigusamning við stefnanda um hluta af húsnæðinu nr. 12

A við Austurstræti í Reykjavík. Hafði stefndi um árabil rekið veitinga- og skemmtistað í umræddu húsnæði. Skömmu eftir að leigusamningur var undirritaður, hafi stefndi selt fyrirtækinu Jónsbræðrum sf. veitingarekstrinn. Um miðjan desember 1985 hafi þeir opnað nýjan veitingastað í húsnæðinu undir heitinu Kreml. Stefnanda hafi verið kunnugt um þessa sölu, og hafi hann aldrei hreyft athugasemdum við henni.

Jónsbræður sf., sem síðar hafi orðið að hlutafélagi, hafi rekið veitinga- og skemmtistað í húsnæðinu í rúmt ár og greiddu þann tíma umsamda leigugreiðslu til stefnanda, án þess að hann hafi gert athugasemd við það.

Hinn 20. janúar 1987 hafi Óðal sf. selt Birgi V. Halldórssyni og Erni Karlssyni veitingahússrekstur þann, sem hafi verið í hinu leigða húsnæði. Ástæða þess, að Óðal sf. er seljandi, en ekki Jónsbræður sf., sé sú, að með samkomulagi aðila hafi áðurnefndum kaupsamningi þeirra frá október 1985 verið rift.

Samkvæmt kaupsamningi Óðals sf. og Birgis V. Halldórssonar og Arnar Karlssonar hafi þeir síðarnefndu yfirtekið öll réttindi og skyldur skv. leigusamningnum frá 10. október 1985. Þeir Birgir og Örn hafi síðan hafið rekstur veitingastaðar í leiguhúsnæðinu undir nafninu Lennon. Hafi þeir greitt húsaleiguna til stefnanda um tveggja ára skeið án þess, að stefnandi gerði nokkrar athugasemdir við það.

Það hafi síðan ekki verið fyrr en í byrjun árs 1989, þegar vanskil höfðu staðið yfir á leigugreiðslum í um hálft ár, að stefnandi krefur stefnda um hina vangreiddu húsaleigu. Þá hafi engin samskipti verið með málsaðilum vegna leiguhúsnæðisins í rúm þrjú ár, frá október 1985 til janúar 1989. Stefnandi hafi síðan í febrúar 1989 höfðað mál fyrir fógetarétti Reykjavíkur og gert þá kröfu, að stefndi yrði borinn út úr leiguhúsnæðinu. Það mál hafi síðan verið fellt niður, eftir að stefndi benti á, að hann hefði ekki umráð húsnæðisins og hefði ekki haft það um þriggja ára skeið, eins og stefnanda hafi verið kunnugt um.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Stefnandi hafi bæði í orði og verki og með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi samþykkt aðilaskipti að leigusamningnum frá 10. október 1985. Stefnandi hafi athugasemdalaust í rúm þrjú ár veitt viðtöku leigugreiðslum frá öðrum aðilum en stefnda, fyrst í rúmt ár frá Jónsbræðrum, síðan í um tvö ár frá Birgi V. Halldórssyni og Erni Karlssyni. Með umræddum aðilum hafi því stofnast nýir leigusamningar eða ígildi þeirra, sem leyst hafi stefnda undan öllum skuldbindingum gagnvart stefnanda samkvæmt upphaflegum leigusamningi þeirra.

Þá sé á því byggt, að tæpt ár líður, frá því að vanefndir verða á leigu-

greiðslum af hálfu Birgis V. Halldórssonar og Arnar Karlssonar, þar til stefnandi hafi uppi kröfu á hendur stefnda. Með aðgerðarleysi sínu hafi stefnandi í raun viðurkennt, að aðilaskipti hafi orðið á leigusamningnum.

Um lagarök er vísað til almennra ólögfestra meginreglna kröfuréttarins um aðilaskipti og tómlæti. Þá er byggt á reglum samningaréttarins.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggist á 12. kafla laga nr. 85/1936.

Af hálfu réttargæslustefnda er á það bent, að réttargæslustefnu sé ranglega beint að Birgi V. Halldórssyni. Af hálfu réttargæslustefnanda sé því haldið fram, að Birgir V. Halldórsson og Örn Karlsson beri persónulega ábyrgð á greiðslu húsaleigu til stefnanda. Þessu sé harðlega mótmælt af hálfu réttargæslustefnda. Hann hafi aldrei tekið á sig neinar persónulegar skyldur hvorki gagnvart Jóni Hjaltasyni né Katli Axelssyni vegna húsaleigusamnings um hið leigða húsnæði að Austurstræti 12 A, Reykjavík. Aðilar leigusamnings á dskj. nr. 13 séu annars vegar Óðal sf. sem seljandi og Birgir V. Halldórsson og Örn Karlsson f. h. óstofnaðs hlutafélags, í samningnum nefndur kaupandi. Kaupsamningur þessi hafi gert ráð fyrir, að þeir félagarnir myndu stofna með sér hlutafélag um rekstur veitingahússins Kremlar, Austurstræti 12 A, Reykjavík, sem þeir hafi síðar breytt í Veitingahúsið Lennon. Um svipað leyti og kaupsamningur þessi var gerður, hafi þeir Birgir V. Halldórsson og Örn ásamt þremur öðrum stofnað Veitingahúsið Austurstræti 12 A hf., og hafi það félag tekið við réttindum og skyldum sem kaupandi skv. kaupsamningi við Óðal sf., dags. 20. janúar 1987. Hlutafélagið Austurstræti 12 A hf. hafi orðið gjaldþrota fyrir allnokkru.

Ítrekað sé því, að réttargæslustefnu sé ranglega beint að Birgi V. Halldórssyni persónulega.

Málsókn stefnanda á hendur stefnda, Jóni Hjaltasyni, sé réttargæslustefnda að öðru leyti óviðkomandi. Þó komist hann ekki hjá því að skýra frá því, að allan þann tíma, sem Veitingahúsið Austurstræti 12 A hf. og síðar Veitingahúsið Lennon hf., sem keypt hafi veitingastaðinn af hinu fyrra hlutafélagi, hafi rekið skemmtistaðinn Lennon, hafi stefnandi átt mikil samskipti við réttargæslustefnda og aðalmeðeiganda hans, Örn Karlsson. Einkum hafi þau samskipti lotið að innheimtu húsaleigu og því að semja um vanskil, en húsaleiga hafi oft verið í einhverjum vanskilum.

Þær staðhæfingar, er fram komi í sóknargögnum stefnanda, að stefnanda hafi verið ókunnugt um sölu á veitingarekstrinum, að honum hafi verið ókunnugt um nýja leigutaka, og að hann hafi ekki átt nein bein viðskipti við nýja leigutaka, séu því rangar. Örn Karlsson og réttargæslustefndi hafi átt mikil samskipti við stefnanda allt frá miðju sumri eða hausti 1987 og nánast allt árið 1988 vegna húsaleigugreiðslna.

Húsaleigugreiðslur hafi oft og tíðum verið greiddar annaðhvort með tékkum eða beinhörðum peningum beint til stefnanda, án þess að leigukvittanir kæmu fyrir, enda hafi ekki verið farið fram á að fá þær.

Réttargæslustefnda sé ókunnugt um, að á meðan fyrirtæki hans ráku umræddan veitingastað og greiddu húsaleigu, hafi verið nokkur samskipti milli stefnanda og stefnda, enda þótt húsaleigugreiðslur hafi öðru hverju á þessu tímabili verið í vanskilum. Það sé ekki fyrr en í óefni sé komið, að stefnandi beini fjárkröfum sínum að stefnda.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að í október 1985 gerðu stefnandi og stefndi með sér leigusamning, þar sem stefndi tekur á leigu húsnæði hjá stefnanda að Austurstræti 12 A, Reykjavík, og skyldi leigutíma ljúka 31. maí 1994 án uppsagnar.

Í málinu hafa verið lagðir fram tveir kaupsamningar um sölu á veitingarekstri þeim, er stundaður var í umræddu húsnæði.

Með kaupsamningi, dagsettum 20. janúar 1987, selur stefndi Birgi V. Halldórssyni, réttargæslustefnda, og Erni Karlssyni f. h. óstofnaðs hlutafélags þeirra veitingarekstur, sem hann hafði haft með höndum í húsnæði því, er hann hafði á leigu hjá stefnanda.

Með kaupsamningi, dags. 16. desember 1988 selur Veitingahúsið Nonni hf. Veitingahúsinu Austurstræti 12 A hf. öll tæki og áhöld í eigu seljanda, en Nonni hf. hafði stundað veitingarekstur í umræddu húsnæði.

Í samningi frá 20. janúar 1987 er ákvæði þessa efnis: „Kaupendur hafa kynnt sér húsaleigusamning dags. í okt. 1985 um húsnæði það, er firmað er rekið í, og skuldbindur kaupandi sig til þess að yfirtaka réttindi og skyldur samningsins. Kaupanda er ljóst að það getur verið vandkvæðum bundið að fá húseiganda til að samþykkja kaupanda sem yfirtökuaðila samningsins en seljandi skuldbindur sig til þess að tryggja kaupendum að samningur haldi þrátt fyrir það og undirr. Óðal sf., þ.e. sá aðili sem hefur húsaleigusamninginn við húseiganda, samning þennan því til staðfestu."

Ljóst er af ákvæði þessu, að samþykki leigusala á því, að kaupandi yfirtæki leigusamning í stað seljanda, lá ekki fyrir við gerð samningsins. Stefndi, Jón Hjaltason bar fyrir dómi, að ekki hefði verið leitað eftir formlegu samþykki stefnanda á þessum aðilaskiptum. Staðið hefði til að leita eftir formlegu samþykki stefnanda, en þar sem samskipti hans við þessa nýju leigutaka hafi virst snurðulaus, hafi það runnið út í sandinn af þeim sökum, enda hafi engin mótmæli komið fram af hálfu stefnanda.

Í kaupsamningi, dags. 16. desember 1988, er svofellt ákvæði í 8. gr. samningsins: „Við undirritun kaupsamnings þessa liggur ekki fyrir húsaleigu-

samningur, áritaður af leigusala til kaupanda um húsnæði það, er hýsir hinn selda rekstur. Núgildandi leigusamningur milli leigusala og Óðals hf. er til loka júlí 1992."

Ljóst má vera af þessu ákvæði, að seljandi telur gildandi leigusamning um húsnæði það, er veitingareksturinn var í, vera upphaflegan leigusamning milli stefnanda og stefnda frá árinu 1985 og aðspurður um þetta ákvæði samningsins upplýsti réttargæslustefndi, Birgir V. Halldórsson, sem undirritar kaupsamninginn f. h. stjórnar Veitingahússins Nonna hf., að þegar þeir hafi selt, hafi þessi umræddi leigusamningur stefnanda og Óðals sf. verið eini leigusamningurinn, sem þeir hafi haft í höndum.

Fram hefur komið, að réttargæslustefndi, Birgir V. Halldórsson, Örn Karlsson og Indriði Karlsson, lögmaður réttargæslustefnda, höfðu samskipti við stefnanda vegna leigugreiðslna, en ósannað er, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að þeir komu ekki fram í umboði stefnda.

Gegn andmælum stefnanda þykir ekki sýnt fram á það, að þeir aðilar, er þarna stunduðu veitingarekstur, hafi skuldbundið sig gagnvart stefnanda til þess að greiða húsaleigu fyrir húsnæðið. Þá þykir ekki með hliðsjón af því, sem áður er rakið, sýnt fram á, að í framkvæmd hafi skapast samningsígildi milli stefnanda og þessara aðila um leiguafnot af húsnæðinu, er leysi stefnda undan skuldbindingum hans samkvæmt leigusamningi við stefnanda frá 1985.

Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi fyrr en í ársbyrjun 1989 beint innheimtutilraunum sínum að stefnda vegna vangoldinnar húsaleigu. Rúmir fimm mánuðir liðu því, frá því að vanskil hófust, þar til stefnandi hóf innheimtuaðgerðir sínar gagnvart stefnda. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að með þessu hafi stefnandi sýnt af sér aðgerðarleysi, er feli í sér viðurkenningu á aðilaskiptum að leigusamningnum.

Krafa stefnanda á hendur stefnda í máli þessu er tvíþætt. Annars vegar krefur hann stefnda um vangreidda húsaleigu fyrir mánuðina ágúst 1988 til og með mars 1989, en hins vegar um bætur fyrir tjón, er leitt hafi af vanefndum stefnda á leigusamningi aðila, og byggist skaðabótakrafa hans á þeim leigutekjum, er stefnandi telur sig hafa orðið af fyrir mánuðina apríl 1989 til og með júlí 1989.

Óumdeilt er, að leigusamningi aðila var rift þann 13. febrúar 1989. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að honum hafi ekki tekist að leigja hið umrædda húsnæði fyrr en 23. maí 1989, og er þessari fullyrðingu ómótmælt af hálfu stefnda.

Með hliðsjón af samningi aðila ber að fallast á, að stefnda beri að greiða stefnanda það tjón, er hann varð fyrir vegna vanefnda stefnda, og telst tjón

hans felast í því, að stefnandi gat ekki leigt út húsnæði sitt fyrr en 23. maí 1989. Ekki er ágreiningur um fjárhæð mánaðarlegrar húsaleigu og ber að leggja hana til grundvallar skaðabótakröfu stefnanda.

Samkvæmt leigusamningi stefnanda og Haukaness hf., er gerður var 23. maí 1989, eins og áður er rakið, skyldi leigutími hefjast við undirskrift samnings, en leigutaki ekki greiða leigu fyrir tímabilið frá 23. maí til júlíloka 1989. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á, að það stafi af atvikum, er stefndi beri ábyrgð á, og verður krafa stefnanda um, að stefndi greiði stefnanda bætur vegna þess tímabils, ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins er því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 2.920.064,00 ásamt umkröfðum vöxtum.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.000,00 án virðisaukaskatts, en stefnandi hefur ekki fært að því rök, að taka beri til greina kröfu hans um virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar.

Krafa réttargæslustefnda um málskostnað úr hendi réttargæslustefnanda, Jóns Hjaltasonar, er ekki tekin til greina.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Hjaltason persónulega og f. h. Óðals sf., greiði stefnanda, Katli Axelssyni, kr. 2.920.064,00 með [nánar tilgreindum vöxtum og kr. 350.000,00 í málskostnað] og ber málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 442/1993. **Hagkaup hf.**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
landbúnaðarráðherra og
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Stjórnvaldsákvörðun. Ógilding. Skaðabætur. Flýtimeðferð. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1993. Féllst Hæstiréttur á, að málið sætti flýtimeðferð samkvæmt 5. mgr. 124. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómkröfur áfrýjanda eru þær:

„1. Að ógiltur verði úrskurður stefnda fjármálaráðherra, dags. 10. september 1993, um synjun á tollafgreiðslu 1008 kg af soðinni svínaskinku með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS002C, og ógilt verði synjun tollstjórans í Reykjavík, dags. 06.09.1993, um tollafgreiðslu á soðnum svínahamborgarhrygg með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS001.

2. Að ógilt verði synjun stefnda landbúnaðarráðherra, dags. 15. september 1993, um tollafgreiðslu á ofangreindum 1008 kg af soðinni svínaskinku með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS002C.

3. Að stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.323.091,50 með 0,9% ársvöxtum frá 15.09.1993 til 24. október 1993 og síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá þ.d. til greiðsludags.

4. Að stefnda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins."

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning segir: „Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.“ Í athugasemd með greininni segir, að með henni sé innflutningsfrelsi lögfest. Síðan segir: „Lagt er til að einungis verði unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með stoð í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Dæmi um þetta eru ákvæði um innflutningstakmarkanir á búvöru og dýrum í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, svo og innflutningstakmarkanir í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.“ Í ræðu viðskiptaráðherra, þá er hann mælti fyrir frumvarpi til þessara laga á Alþingi, kom fram, að frumvarpið væri í samræmi við ákvæði EES-samningsins um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu.

Frumvarp að lögum um innflutning var flutt samhliða frumvarpi um gjaldeyrismál og voru frumvörpin afgreidd samhliða frá Alþingi. Lögin saman leystu af hólmi lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en í þeim lögum var bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál, enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 63/1979 var það meginregla, að innflutningur á vörum skyldi ekki háður leyfum, nema annað væri ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerðum eða auglýsingum, sem settar væru með heimild í lögunum sjálfum. Jafnframt var tekið fram í 2. gr., að viðskiptaráðuneytið skyldi annast útgáfu leyfa til innflutnings, að því leyti sem hann væri þeim háður. Var hvort tveggja þetta efnislega í samræmi við ákvæði laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o.fl., er voru undanfari laga nr. 63/1979 og komu á umræddri meginreglu um innflutningsfrelsi.

Þeim vörum, sem háðar eru innflutningsleyfi, hefur fækkað smátt og smátt á undanförnum áratugum. Innflutningshömlur hafa þó haldist á fjölmörgum landbúnaðarvörum. Viðskiptaráðuneytið hafði með heimild í lögum nr. 63/1979 gefið út auglýsingar um þær vörutegundir, sem ekki mátti flytja inn óheft, síðast auglýsingu nr.

313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Í þeirri auglýsingu var fjöldi landbúnaðarvara, sem skilgreindar voru með vísan til flokkunar í tollskrá. Á grundvelli 5. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning setti ráðuneytið reglugerð nr. 415/1992. Öllum landbúnaðarvörum var sleppt í þessari nýju reglugerð.

Engar breytingar voru gerðar á lögum nr. 46/1985 samfara þessum ráðstöfunum. Vorið 1993 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp að breytingu á þeim ákvæðum laganna, er vörðuðu innflutning á landbúnaðarvörum. Það frumvarp varð ekki útrætt, áður en þinginu lauk, og náði þannig ekki fram að ganga. Á Alþingi því, er nú situr, var lagt fram annað frumvarp um þessi efni, og hefur lögunum verið breytt á grundvelli þess með lögum nr. 126/1993.

Aðilar eru sammála um, að innflutningur á soðinni skinku og hamborgarhrygg hafi verið óheimill án leyfis, meðan lög nr. 63/1979 og auglýsing nr. 313/1990 voru í gildi. Áfrýjandi heldur því fram, að við gildistöku laga nr. 88/1992 hafi innflutningur þessara vörutegunda orðið frjáls, því ekkert í lögum eða milliríkjasamningum banni innflutninginn. Stefndu halda því aftur á móti fram, að í 41. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem í gildi var, þegar ágreiningur reis með aðilum, felist sjálfstætt bann eða takmörkun á allan innflutning landbúnaðarvara án leyfis. Áfrýjandi heldur því fram, að þessari grein sé einungis ætlað að ná til þeirra landbúnaðarvara, sem bannað er að flytja inn samkvæmt öðrum lagaheimildum, og varði greinin skyldu til að leita álits Framleiðsluráðs, áður en þær landbúnaðarafurðir eru fluttar inn. Lög nr. 46/1985 hafa verið endurútgefin sem lög nr. 99/1993, eftir að áorðnar breytingar hafa verið felldar inn í meginmál þeirra. Svarar 52. gr. nýju laganna til 41. gr. eldri laga og er samhljóða henni. Greinin hljóðar svo:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni."

Í greinargerð með 41. gr. laga nr. 46/1985 sagði, að 1. mgr. ákvæðisins væri í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3. gr. fyrri laga um

sama efni nr. 95/1981, en samkvæmt fyrri málslið þess ákvæðis áttu þeir, sem ákvarðanir tækju um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu að leita áður álits Framleiðsluráðs. Verður að líta svo á að hér sé átt við stjórnvaldsákvarðanir. Ber því að skilja ákvæði 1. mgr. 41. gr. laga nr. 46/1985, sbr. nú 52. gr. laga nr. 99/1993, þannig að í því felist að stjórnvöld, sem þessar ákvarðanir ber undir samkvæmt lagafyrirmælum, skuli leita álits ráðsins áður en innflutningur er ráðinn á landbúnaðarvörum sem háðar eru innflutningsleyfum. Er það í samræmi við orðalag og tilurð málsgreinarinnar að verið sé að tryggja að álits Framleiðsluráðs sé leitað áður en hlutaðeigandi stjórnvöld taka þessar ákvarðanir.

Með 2. mgr. 41. gr. var breytt ákvæði í síðari málslið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 95/1981 sem mælti fyrir um það að þess skyldi jafnan gætt að innflutningur færi því aðeins fram að innlend framleiðsla fullnægði ekki neysluþörfinni. Í greinargerð með 2. mgr. 41. gr. var meðal annars sagt: „Í 2. mgr. er nýmæli, en Framleiðsluráði er skv. gildandi lögum aðeins ætlaður umsagnarréttur um innflutning landbúnaðarvara og tekið fram, að þess skuli jafnan gætt að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni. Hér er hins vegar sett sú regla, að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni vegna viðkomandi landbúnaðarvöru. Framleiðsluráði er því veittur réttur til að stöðva innflutning þeirra landbúnaðarvara, sem bannað er að flytja inn skv. öðrum lögum, nema að fengnu leyfi einhverra opinberra aðila.“ Síðar í greinargerðinni er hnykkt á þessu og sagt: „Ákvæðum þessarar greinar er ekki ætlað að fjölga eða fækka þeim vörutegundum, sem bannað er að flytja til landsins án sérstaks leyfis, heldur tekur regla 2. mgr. 41. gr. aðeins til þeirra landbúnaðarvara, sem skv. öðrum lögum, þ.e. oftast vegna heilbrigðisástæðna, er bannað að flytja til landsins án leyfis. Þessi regla kemur til viðbótar slíkum ákvæðum. Það ræðst því af skýringu á þeim lagaákvæðum, hvað af búvörum skv. þessu frv. falla undir hugtakið landbúnaðarvara í greininni.“

Líta verður á ákvæði 2. mgr. 41. gr. laga nr. 46/1985 í ljósi þess hvar henni er komið fyrir í löggjöfinni og að á þeim tíma, er hún var

í lög leidd, var innflutningur landbúnaðarvara takmarkaður í ýmsum lagaákvæðum, þ. á m. með reglugerðum og auglýsingum, settum með heimild í lögum nr. 63/1979. Af þessu leiðir að 2. mgr. 41. gr. verður ekki skilin öðru vísi en svo, að þar sé vísað til 1. mgr. greinarinnar og átt sé við þær vörur sem nauðsynlegt er að leita umsagnar um. Á þessi skilningur ekki aðeins stoð í greinargerð með ákvæðinu, heldur og í texta lagagreinarinnar sjálfrar, meðal annars vegna orðanna „því aðeins leyfður", sem fela í sér skírskotun til leyfisbundins innflutnings og sett voru í stað orðanna „fari því aðeins fram" í fyrri lögum.

Af framansögðu leiðir, að 41. gr. laga nr. 46/1985, sbr. nú 52. gr. laga nr. 99/1993, verður ekki skilin svo, að í greininni felist sjálfstæð takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara, heldur sé þar verið að tryggja Framleiðsluráði umsögn um þann innflutning landbúnaðarvara sem takmarkaður er af öðrum lagaákvæðum, eins og fram kemur í skýrum orðum greinargerðar, en þar er að finna helstu heimild um vilja löggjafans við setningu laganna.

Stefndu hafa ekki bent á annað ákvæði í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða í öðrum lögum, sem banni innflutning soðinnar skinku og hamborgarhryggs án leyfis. Þurfti því ekki innflutningsleyfi fyrir þessum vörum eftir að lög nr. 63/1979 og auglýsing nr. 313/1990 höfðu verið felld úr gildi. Ber því að taka kröfur áfrýjanda samkvæmt 1. og 2. tölulið til greina þegar af framangreindum ástæðum. Þarf þá ekki að taka afstöðu til varamálsástæðu áfrýjanda um valdsvið og skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Er þá næst að líta til kröfu áfrýjanda um skaðabætur sér til handa. Gögn málsins bera það með sér að áfrýjanda var fullkunnugt um, að réttarágreiningur var uppi á sviði innflutnings landbúnaðarafurða. Verður ekki annað séð en hann hafi með innflutningnum verið að láta reyna á þennan ágreining. Hann gat því firrt sig tjóni með því að beina fyrirspurn til yfirvalda varðandi innflutninginn áður en í hann var ráðist, svo sem hann hafði áður gert í svipuðu tilviki. Væri hann ekki sáttur við svarið, gat hann lagt ágreining um það fyrir dóm, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Verður krafa áfrýjanda um greiðslu skaðabóta ekki tekin til greina af þessum ástæðum. Hefur sú niðurstaða stoð í þeirri almennu reglu skaða-

bótaréttarins, að mönnum beri að haga málum sínum svo, að komist verði hjá tjóni.

Eftir þessum úrslitum er rétt að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að framlagning áfrýjanda á ljósritum úr dagblöðum var óþörf, enda ekki á þeim gögnum byggt í málinu. Hins vegar verður framlagning lögfræðilegra álitsgerða, sem gerðar voru af öðru tilefni, látin óátalin eins og hér hagar til.

Dómsorð:

Ógiltur er úrskurður stefnda fjármálaráðherra frá 10. september 1993 um synjun á tollafgreiðslu 1008 kg af soðinni svínaskinku með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS002C og ógilt jafnframt synjun tollstjórans í Reykjavík frá 6. sama mánaðar um tollafgreiðslu á soðnum svínahamborgarhrygg með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS001.

Ógild er synjun stefnda landbúnaðarráðherra frá 15. september 1993 um tollafgreiðslu á ofangreindum 1008 kg af soðinni svínaskinku með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS002C.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal sýkn af kröfu áfrýjanda, Hagkaupa hf., um greiðslu skaðabóta.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Hver aðili skal bera kostnað sinn af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar, Haralds Henryssonar og Péturs Kr. Hafstein

Þegar áfrýjandi sótti um heimild til innflutnings á soðinni svínaskinku og soðnum hamborgarhrygg 31. ágúst og 2. september 1993, voru í gildi lög nr. 88/1992 um innflutning. Samkvæmt 1. gr. þeirra skyldi innflutningur á vöru og þjónustu til landsins vera óheftur, nema annað væri sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Með lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992, sem sett voru samtímis fyrrnefndum lögum, voru numin úr gildi lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Með reglugerð nr. 415/1992 um innflutning og innflutningsleyfi féll úr gildi auglýsing nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem gefin hafði verið út með stoð í lögum nr. 63/1979, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í þessari auglýsingu og fyrri reglugerðum um sama efni, sem fyrir gildistöku laga nr. 63/1979 höfðu verið settar á grundvelli laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o.fl., voru ákvæði þess efnis, að innflutningur annarra vara en þar voru greindar væri óheftur eða frjáls.

Á þessum tíma voru og í gildi lög nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, sbr. lög nr. 5/1992 og lög nr. 112/1992. Samkvæmt 55. gr. laganna, upphaflega 41. gr., sbr. nú 52. gr. laga nr. 99/1993 um sama efni, skyldi leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, áður en ákvarðanir væru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Jafnframt var sagt, að innflutningur landbúnaðarvara skyldi því aðeins leyfður, að Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfesti, að innlend framleiðsla fullnægði ekki neysluþörfinni. Með innflutningslögunum frá 1992 var ekki hróflað við ákvæðum þessara laga. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að skýring þessarar lagagreinar hljóti að ráðast af greinargerð með henni í frumvarpi að lögunum, þannig að merking hennar sé í reynd önnur og mun þrengri en orð hennar segi til um. Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt lögskýringarreglum víkur greinargerðin að því leyti, sem hún samrýmist ekki skýru og af-

dráttarlausu orðalagi lagagreinarinnar og ótvíræðum vilja löggjafans.

Af greinargerð með frumvarpi til laga um innflutning nr. 88/1992 og meðferð þess á Alþingi verður örugglega ráðið, að vilji löggjafans hefur ekki staðið til þess, að innflutningur landbúnaðarvara yrði svo að segja óheftur nema af heilbrigðisástæðum. Um það ber ekki síst glöggt vitni framsöguræða viðskiptaráðherra á Alþingi 10. september 1992, sbr. og yfirlýsingu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 13. september 1993, þar sem fram kemur sá skilningur, að með lögum nr. 88/1992 hafi „engar efnislegar breytingar orðið á heimildum til innflutnings á búvörum".

Samkvæmt þessu eru engin efnisrök fyrir því, að svo verði litið á, að gildi áðurnefnds ákvæðis búvörulaga frá 1985 um atbeina Framleiðsluráðs landbúnaðarins og neysluþörf innan lands hafi á þeim tíma, er hér skiptir máli, einskorðast við ákvæði laga um skorður við innflutningi af heilbrigðisástæðum. Innflutningur landbúnaðarvara sætti því í september 1993 þeim reglum, sem fram koma í lögunum, enda varð ekki annað ráðið af öðrum lögum eða milliríkjasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 88/1992. Ákvæði samnings um hið evrópska efnahagssvæði um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu, sem ekki hafði öðlast gildi á þessum tíma, getur ekki skipt máli við þessa lagatúlkun.

Eigi verður talið, að Framleiðsluráði landbúnaðarins hafi verið fengið ákvörðunarvald með fyrrgreindri 41. gr. búvörulaga. Því er einungis ætlað að staðfesta á grundvelli tiltækra upplýsinga, hvort neysluþörf verði fullnægt með innlendri framleiðslu eða ekki. Ákvörðun um þá skipan hefur löggjafinn tekið. Þeir, sem telja ályktanir ráðsins í þessu efni fara í bága við hagsmuni sína, geta brugðist við þeim með úrræðum, sem almenningi eru tryggð gagnvart stjórnvöldum samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar. Verður því ekki fallist á, að í þessu lagaákvæði felist óheimilt framsal valds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Í málinu voru lagðar fram af hálfu áfrýjanda lögfræðilegar álitsgerðir og blaðaúrklippur með fréttum og greinum, þar sem fjallað

er um þau álitaefni, sem um er deilt. Framlagning slíkra gagna í dómsmáli er andstæð grundvallarreglum réttarfars um málatilbúnað, og ber að átelja hana.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað með þingfestingu þess 24. f. m.

Stefnandi er Hagkaup hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík.

Stefndu eru landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði úrskurður stefnda fjármálaráðherra, dagsettur 10. september 1993, um synjun á tollafgreiðslu 1008 kg af soðinni svínaskinku með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS002C og ógilt verði synjun tollstjórans í Reykjavík, dagsett 6. september 1993, um tollafgreiðslu á soðnum hamborgarhrygg með vörusendingarnúmeri SHEG31083DKAARS001, enn fremur, að ógilt verði synjun stefnda landbúnaðarráðherra, dags. 15. september 1993, um tollafgreiðslu á ofangreindum 1008 kg af soðinni svínaskinku.

Endanlegar dómkröfur stefnanda varðandi skaðabætur eru þær, að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til greiðslu kr. 1.323.019,50 með 0,9% ársvöxtum frá 15. september 1993 til 25. október 1993 og síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun skv. málskostnaðarreikningi.

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur féllst á beiðni stefnanda, að mál þetta fengi flýtimeðferð einkamála að hætti 19. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau, að 31. ágúst sl. flutti stefnandi til landsins 1008 kg af soðinni, niðurskorinni og pakkaðri svínaskinku og 1479 kg af soðnum hamborgarhrygg. Stefnandi lagði samdægurs fram umsókn um tollafgreiðslu á skinkunni ásamt gögnum og vottorðum um hana, svo sem heilbrigðis- og upprunavottorði. Af hálfu tollstjórans í Reykjavík var synjað um tollafgreiðslu vörunnar þegar næsta dag. Þann dag sendi stefnandi tollstjóranum í Reykjavík bréf, þar sem hann krafðist tafarlausrar tollafgreiðslu vörunnar, enda taldi hann synjunina ólögmæta.

Stefnanda barst svarbréf 9. september sl., þar sem fram kom, að tollstjórinn í Reykjavík hefði sent erindi hans til umfjöllunar og ákvörðunar fjármálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefði svarað erindinu með því að vísa til bréfs forsætisráðherra, dags. daginn áður, þar sem fram kom, að forræði málsins væri hjá landbúnaðarráðherra og væri það í samræmi við yfirlýsingu, sem forsætisráðherra hefði gefið Alþingi sl. vor um forræði á innflutningi á búvöru.

Stefnandi lagði fram umsókn um tollafgreiðslu á soðnum hamborgarhrygg þann 2. september sl. ásamt gögnum og vottorðum um hann. Afgreiðsla þeirrar umsóknar er dags. 6. september sl., þar sem stefnanda er bent á að áritun landbúnaðarráðuneytis fyrir innflutningi svínakjöts vanti.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 9. september sl., kærði stefnandi afgreiðslu beggja þessara vörusendinga eftir því sem ráða má af efni bréfsins. Hins vegar er þar einvörðungu vísað til vörusendingarnúmers er varðar svínaskinkuna.

Með úrskurði 10. september sl. staðfesti fjármálaráðherra synjun tollstjórans í Reykjavík um afgreiðslu vörunnar. Í úrskurðarorði var þess jafnframt getið að stefnanda bæri að leita álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um innflutning vörusendingarinnar.

Stefnandi sendi landbúnaðarráðherra samdægurs bréf og krafðist þess, að ráðuneyti hans tilkynnti tollstjóranum í Reykjavík, að innflutningur væri heimill á soðnu svínakjöti. Teldi ráðuneytið hins vegar, að innflutningur þessi væri háður leyfi, var þess krafist, að ráðuneytið léti í té skriflegan rökstuðning fyrir þeirri niðurstöðu sinni þar sem fram kæmi á hvaða lagareglu hún byggðist.

Landbúnaðarráðuneytið synjaði kröfu stefnanda með bréfi, dagsettu 13. s. m., með þeim rökstuðningi, að ekki lægi fyrir staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir því, að innlend framleiðsla á svínakjöti fullnægði ekki neysluþörfinni hér á landi, sbr. ákvæði 2. mgr. 52. gr. laga nr. 99/1993 og reglugerðar nr. 373/1993.

Stefnandi mótmælti þessum sjónarmiðum ráðuneytisins með bréfi, dagsettu 14. s.m. Jafnframt vakti hann athygli á því, að ef leita skyldi umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins, væri það skv. 52. gr. laga nr. 99/1993 í verkahring þess sem teldi sig hafa vald til leyfisveitingarinnar. Stefnandi benti á, að umsókn hans um innflutning hefði legið fyrir allt frá því að hann óskaði eftir tollafgreiðslu vörunnar 31. ágúst sl., og teldi ráðuneytið þann innflutning háðan leyfi sínu, hlyti það að leita þeirra álita og umsagna, sem það teldi þörf á.

Hinn 15. september sl. voru landbúnaðarráðherra afhent gögn þau, sem lögð höfðu verið fyrir tollstjóra. Eftir því sem fram kemur í bréfi, sem gögnunum fylgdi, var það gert samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra. Sama dag barst lögmanni stefnanda afrit af bréfi landbúnaðarráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík þar sem fram kemur, að ráðuneytinu hafi borist bréf Framleiðsluráðs landbúnaðarins, dags. 10. september sl., með þeim upplýsingum, að nægar birgðir væru til af svínakjöti í landinu og því gæti ráðið ekki mælt með innflutningi meðan þannig stæði á. Landbúnaðarráðuneytið taldi að virtum þessum upplýsingum, að ekki væri unnt að tollafgreiða vörusendingu stefnanda, og endursendi því stefnanda umbeðin gögn.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður úrskurð fjármálaráðherra um synjun á tollafgreiðslu ofangreindrar vörusendingar ólögmætan, þar sem niðurstöðu hans skorti bæði lagaheimild og lagarök. Þá sé synjun tollstjórans í Reykjavík og landbúnaðarráðherra ólögmæt af sömu ástæðu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning skuli innflutningur á vöru og þjónustu til landsins vera óheftur, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland sé aðili að. Telur stefnandi, að hér sé sett fram skýr meginregla um frjálsan innflutning og eingöngu megi takmarka þann innflutning með lagasetningu, sbr. orðalag ákvæðisins. Að áliti stefnanda sé hvergi í íslenskum lögum bannaður innflutningur á soðnu svínakjöti. Því sé innflutningur á þeirri vöru ekki háður leyfisveitingu samkvæmt íslenskum rétti og óheimilt sé að takmarka hann með ákvörðun stjórnvalds. Þá sé hvergi í þeim milliríkjasamningum, sem Ísland sé aðili að, kveðið á um bann við innflutningi á soðnu svínakjöti. Þvert á móti sé tilgangur þessara samninga fríverslun og langtímamarkmið samningsaðila að aflétta hindrunum á innflutningi landbúnaðarafurða í viðkomandi ríkjum.

Stefnandi telur hvorki lagaheimild né lagarök heimila það skilyrði stefndu fyrir innflutningnum, að Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfesti, að innlend framleiðsla á þeim vörum, sem um ræðir, fullnægi ekki eftirspurn, með vísan til 52. gr. laga nr. 99/1993 og reglugerðar nr. 373/1993.

Stefnandi telur af athugasemd með 41. gr. laga nr. 46/1985, sem sé samhljóða 52. gr. laga nr. 99/1993, megi ætla að hún taki til þeirra landbúnaðarvara sem bannað sé að flytja inn samkvæmt öðrum lögum. Greinin feli því ekki í sér sjálfstætt bann við innflutningi búvara. Verði innflutningur á

soðnu svínakjöti því ekki takmarkaður með tilvísun til þessa ákvæðis sjálfstætt.

Að áliti stefnanda getur takmörkun á hinni afdráttarlausu meginreglu um frjálsan innflutning ekki grundvallast á eins rúmri og frjálsri lögskýringu á 52. gr. laga nr. 99/1993 og stefndu byggja ákvarðanir sínar á. Allar takmarkanir á innflutningsfrelsi þurfi að vera skýrar. Telur stefnandi, að þetta hafi verið ítrekað með hinum nýju innflutningslögum nr. 88/1992, en þeim lögum hafi verið ætlað að tryggja, að þetta frelsi gæti ekki verið takmarkað af stjórnvöldum hverju sinni. Komi upp vafi um innflutningstakmarkanir, verði að skýra hann borgurunum í hag.

Stefnandi telur að tilvísanir stefndu til reglugerðar nr. 373/1993 fái ekki staðist. Sú reglugerð sé ekki birt í Stjórnartíðindum fyrr en 10. september sl., sama dag og fjármálaráðherra úrskurðaði um innflutninginn. Umrædd reglugerð hafi því ekki tekið gildi fyrr en 10 dögum eftir að umsókn stefnanda lá fyrir um innflutninginn og geti þar af leiðandi ekki gilt um hana. Þá telur stefnandi, að reglugerðin uppfylli ekki þau skilyrði innflutningslaga að undantekningar verði að eiga sér stoð í lögum eða milliríkjasamningum.

Í því tilviki að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu þrátt fyrir skýr ákvæði laga nr. 88/1922, að lög nr. 99/1993 gildi um innflutning landbúnaðarvara, þá kveður stefnandi það vera varamálsástæðu sína, að synjun stjórnvalda á tollafgreiðslu ofangreindra vörusendinga sé allt að einu ólögmæt með því að 52. gr. laga nr. 99/1993 feli í sér óheimilt framsal löggjafans á ákvörðunarvaldi til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, enda sé ráðið hvorki stjórnvald í skilningi stjórnarfarsréttar né hlutlaus úrskurðaraðili, heldur hagsmunagæslunefnd innlendra framleiðenda, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1993.

Vegna synjunar tollstjórans í Reykjavík, fjármálaráðherra og síðar landbúnaðarráðherra á ofangreindum innflutningi telur stefnandi umræddar vörusendingar hafa orðið sér verðlausar. Niðurstöðu í máli sínu hafi hann fengið 15 dögum eftir að umsókn hans lá fyrir. Sá langi tími, sem það tók stjórnvöld að taka ákvörðun í málinu, sé að áliti stefnanda óafsakanlegur og einkum í ljósi þess, að hér hafi verið um að ræða viðkvæma vöru með takmarkað geymsluþol.

Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum um upphæð skaðabótakröfu stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er sýknukrafan byggð á þeirri forsendu að 52. gr. laga nr. 99/1993, áður 41. gr. laga nr. 46/1985, takmarki innflutning á búvöru,

þ.á m. soðnu svínakjöti. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar sé fyrirvaralaust boðið að þeir aðilar, sem taka ákvarðanir um inn- og útflutning landbúnaðarvara, skuli leita álits og tillagna Framleiðsluráðs, jafnframt því sem í 2. mgr. sé fortakslaust mælt svo fyrir, að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að ráðið staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni. Í eldri lögum um sama efni, þ.e. lögum nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., hafi samsvarandi ákvæði ekki verið eins afdráttarlaust. Þannig hafi ekki verið svo fyrir mælt í þeim lögum, að innflutningur landbúnaðarvara skyldi því aðeins leyfður, að ráðið staðfesti að innlend framleiðsla fullnægði ekki neysluþörfinni. Í lagaákvæðinu sé vísað til ákvarðana um inn- og útflutning búvara, án þess að nánar sé tiltekið hverjar þær ákvarðanir séu.

Hugtakið „ákvarðanir" hafi verið skýrt mjög rúmt í stjórnarfarsrétti og hljóti m.a. að taka til almennra ákvarðana um inn- og útflutning, sem eðli máls samkvæmt séu fyrst og fremst í höndum tollyfirvalda skv. tollalögum nr. 55/1987. Dæmi um slíka ákvörðun sé einmitt ákvörðun tollstjórans í Reykjavík að synja stefnendum um afhendingu á vörum þeim, sem mál þetta snýst um.

Hugtakið „landbúnaðarvörur" beri sömuleiðis að skýra rúmt, sbr. samsvarandi ákvæði í eldri lögum nr. 95/1981. Að minnsta kosti sé ljóst, að það hljóti að taka til svínakjöts, hvort sem um sé að ræða hrátt eða soðið kjöt. Með orðinu neysluþörf í niðurlagi ákvæðisins sé að sjálfsögðu vísað til neysluþarfar hér innan lands. Í greinargerð með frumvarpi því, sem síðar hafi orðið að lögum nr. 46/1985 og lögum nr. 99/1993, sé að vísu gert ráð fyrir að umrætt ákvæði takmarki ekki innflutning á landbúnaðarvörum eitt sér. Þessi ráðagerð í greinargerðinni endurspeglist á hinn bóginn ekki í orðalagi ákvæðisins, sem takmarki, eins og fyrr segir, slíkan innflutning við það, að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni innan lands.

Ummæli í greinargerð með lagafrumvarpi geti að sjálfsögðu haft áhrif á skýringu laga, en slík ummæli geti hins vegar ekki breytt afdráttarlausu orðalagi laga eða ótvíræðum skilningi á þeim. Við skýringu á hinu umrædda ákvæði 52. gr. laga nr. 99/1993 verði og að hafa í huga við hvaða aðstæður lög nr. 46/1985 voru sett. Þá hafi verið í gildi reglugerð nr. 172/1980 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem sett hafi verið með heimild í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en í reglugerðinni sé skýrt kveðið á um, að innflutningur á landbúnaðarvörum sé háður leyfi hverju sinni. Af þeim sökum skipti í sjálfu sér engu máli varðandi það álita-

efni, sem hér sé til úrlausnar, hvort ákvæði í 41. gr. laga 46/1985 hafi sjálfstætt gildi eða ekki á þeim tíma.

Samkvæmt þessu sé sýknukrafan byggð á þeirri forsendu að ákvæði það, sem upphaflega hafi verið að finna í 41. gr. laga nr. 46/1985, nú 52. gr. laga nr. 99/1993, hafi sjálfstætt og frá upphafi takmarkað innflutning á landbúnaðarvörum, þ. á m. soðnu svínakjöti, með þeim hætti, sem fram komi í 2. mgr. ákvæðisins. Lög nr. 88/1992 hafi þess vegna engin áhrif haft á þessa takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

Komist dómendur að þeirri niðurstöðu að ákvæðið í 41. gr. laga nr. 46/1985 hafi ekki sjálfstætt og frá upphafi takmarkað innflutning á landbúnaðarvörum, þ. á m. soðnu svínakjöti, þá sé því haldið fram, að gildissvið ákvæðisins hafi breyst og orðið víðtækara með setningu laga nr. 88/1992. Í lögum nr. 63/1979, sem lög nr. 88/1992 hafi leyst af hólmi, segi, að innflutningur á vörum til landsins skyldi ekki háður leyfum nema annað væri ákveðið í sérstökum lögum svo og í reglugerðum eða auglýsingum, sem ríkisstjórnin hafi sett samkvæmt heimild í lögum. Þrátt fyrir breytt orðalag hafi því ekki falist neitt nýmæli í lögum nr. 88/1992, þrátt fyrir það að vöruinnflutningur til landsins væri þar talinn frjáls. Hins vegar hafi breytingin verið í því fólgin, að í hinum nýju lögum sé svo mælt fyrir að undantekningar frá meginreglunni þurfi að styðjast við lög eða milliríkjasamning. Af því leiði að innflutningur verði ekki lengur bannaður eða takmarkaður með stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem áður hafi tíðkast. Hafi viðskiptaráðherra lýst því yfir á Alþingi, þegar hann hafi mælt fyrir frumvarpi til laga nr. 88/1992, að efnisatriði þeirra væru „nánast þau sömu og innflutningsákvæðin í lögum nr. 63/1979". Í greinargerð með frumvarpinu hafi verið áréttað, að við gildistöku laganna verði einungis unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með stoð í lögum eða milliríkjasamningum. Síðan segi þar orðrétt: „Dæmi um þetta er ákvæði um innflutningstakmarkanir á búvöru og dýrum í lögum nr. 46/1985 og framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra." Verði ekki annað ráðið af þessum ummælum en að gengið sé út frá því að í lögum nr. 46/1985 og lögum nr. 99/1993 sé að finna almennt ákvæði, er sjálfstætt banni eða takmarki innflutning á landbúnaðarvörum.

Ef það hefði verið ætlun Alþingis að leyfa með setningu laga nr. 88/1992 takmarkalausan innflutning á landbúnaðarvöru, hefði slíkt að sjálfsögðu falið í sér algjöra stefnubreytingu löggjafans í landbúnaðarmálum frá því, sem tíðkast hefur um áratugaskeið. Engin tiltæk lögskýringargögn gefi til kynna, að þetta hafi verið tilgangur löggjafans.

Með vísan til þessa sé krafist sýknu af dómkröfum stefnanda á þeirri for-

sendu, að með setningu laga nr. 88/1992, er hafi afnumið þær takmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara, sem hafi verið að finna í auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, hafi það verið eindreginn vilji löggjafans, að slíkur innflutningur yrði áfram takmarkaður með sama hætti og áður hafi verið.

Sú staðhæfing stefnanda, að 52. gr. laga nr. 99/1993 feli í sér óheimilt valdframsal löggjafans á ákvörðunarvaldi til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sé ekki á rökum reist. Í fyrsta lagi sé Framleiðsluráði landbúnaðarins ekki ætlað að meta upp á sitt eindæmi, hvort innflutningur á landbúnaðarvörum skuli heimilaður, heldur sé ráðinu einvörðungu ætlað að gefa umsögn um, hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni innan lands. Löggjafinn feli þannig sérfróðum aðila að upplýsa hverjar séu staðreyndir málsins, þ.e. í þessu tilviki fyrirliggjandi birgðir og væntanleg framleiðsla á svínakjöti í landinu í samanburði við neyslu innan lands.

Í öðru lagi verði að hafa það í huga að Framleiðsluráð landbúnaðarins sé stjórnvald í skilningi stjórnarfarsréttar.

Niðurstaða þessa sé sú, að löggjafinn hafi sjálfur tekið af skarið um það hvenær innflutningur á landbúnaðarvörum skuli heimilaður og hvenær ekki, sbr. hið fortakslausa orðalag í 52. gr. laga nr. 99/1993. Það lagaákvæði taki mið af verkaskiptingu þeirri milli löggjafans og framkvæmdavaldsins, sem gert sé ráð fyrir í stjórnarskránni.

Af hálfu stefndu er því sérstaklega mótmælt að stefnandi skuli leggja fram sem sönnunargögn í máli þessu lögfræðilegar álitsgerðir og greinargerð frá utanríkisráðuneyti, sem hafi nær einvörðungu að geyma lögfræðileg álit starfsmanna í ráðuneytinu. Álitsgerðir þessar feli í sér málflutning af hálfu stefnanda og brjóti framlagning þeirra sem dómskjala í bága við meginreglu laga nr. 91/1991, sbr. einkum 80., 95. og 101. gr. laganna. Þess er þó ekki krafist úr því sem komið er, að stefnanda verði synjað um að leggja fram umræddd skjöl, en hins vegar beri dómendum að líta fram hjá þeim við úrlausn málsins, þar sem þau séu ekki sýnileg sönnunargögn í skilningi X. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Á undanförnum áratugum hefur sú þróun orðið í löggjöf að dregið hefur verið úr takmörkunum á vöruinnflutningi til landsins. Sama gildir um útflutning vara frá landinu. Þannig var innflutningur á vörum til landsins gefinn frjáls með lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, nema annað væri ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð sem ríkisstjórninni var heimilt að gefa út samkvæmt þeim lögum að höfðu samráði

við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Þetta var að mestu tekið óbreytt upp í lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem felld voru úr gildi með lögum nr. 88/1992 um innflutning. Í 1. gr. hinna síðarnefndu laga segir svo: „Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að." Í athugasemd með greininni segir, að með henni sé innflutningsfrelsi lögfest. Síðan segir orðrétt: „Lagt er til, að einungis verði unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með stoð í lögum eða milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að." Dæmi um þetta eru ákvæði um innflutningstakmarkanir á búvöru og dýrum í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum . . ."

Kemur þá til skoðunar, hvort innflutningstakmarkanir á soðinni svínaskinku sé að finna í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem voru í gildi er ágreiningsefni þetta reis. Lög þessi voru endurútgefin sem lög nr. 99/1993 eftir að áorðnar breytingar höfðu verið felldar inn í meginmál þeirra. Tóku þau gildi 8. september sl. og svarar 52. gr. þeirra til 41. gr. eldri laga og er henni samhljóða. Greinin hljóðar svo: „Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni."

Í upphafi greinargerðar með 41. gr. segir, að 1. mgr. hennar sé í samræmi við reglu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 95/1981 um útflutning búvara. Síðan segir í greinargerðinni: „Hér er hins vegar sett sú regla, að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni vegna viðkomandi landbúnaðarvöru. Framleiðsluráði er því veittur réttur til að stöðva innflutning þeirra landbúnaðarvara, sem bannað er að flytja inn skv. öðrum lögum, nema að fengnu leyfi einhverra opinberra aðila. . . . Ákvæðum þessarar greinar er ekki ætlað að fjölga eða fækka þeim vörutegundum, sem bannað er að flytja til landsins án sérstaks leyfis, heldur tekur regla 2. mgr. 41. gr. aðeins til þeirra landbúnaðarvara, sem skv. öðrum lögum, þ. e. oftast vegna heilbrigðisástæðna, er bannað að flytja til landsins án leyfis. Þessi regla kemur til viðbótar slíkum ákvæðum. Það ræðst því af skýringu á þeim lagaákvæðum, hvað af búvörum skv. þessu frv. falla undir hugtakið landbúnaðarvara í greininni."

Í tilvitnaðri 3. mgr. 3. gr. laga nr. 95/1981 segir, að áður en ákvarðanir séu teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur,

mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skuli aðilar, sem með mál þessi fara, leita álits Framleiðsluráðs. Þrátt fyrir það að upptalning sú á landbúnaðarvörum, sem tekin er upp í lagatexta 3. mgr. 3. gr. laga nr. 95/1981, sé felld brott í 41. gr. laga nr. 46/1985, þá er orðalag lagaákvæðisins sjálfs skýrt og markmið þess ljóst. Innflutningur landbúnaðarvara er heimill að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Annars vegar er um að ræða það formsatriði, að álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins skuli leita, áður en ákvörðun um inn- og útflutning er tekin. Hins vegar kemur sú efnisregla fram í greininni að því aðeins skuli leyfa innflutning, að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörf landsmanna.

Deilt er um það í máli þessu, hvort ákvæði 41. gr. laga nr. 46/1985 feli í sér sjálfstæða heimild til takmörkunar á innflutningi landbúnaðarvara eða hvort skýra beri ákvæðið í ljósi tilvitnaðrar greinargerðar þannig að slík takmörkun ráðist aðeins af ákvæðum annarra laga. Hér stangast á skýrt orðalag lagaákvæðisins og tilgangur höfunda lagafrumvarpsins eins og hann kemur fram í greinargerðinni.

Samkvæmt afdráttarlausu orðalagi 41. gr. laga nr. 46/1985, sem ekki verður vikið til hliðar vegna orðalags í greinargerð, og í ljósi þess skýra markmiðs löggjafans að veita innlendri landbúnaðarframleiðslu forgang gagnvart erlendum afurðum, geti hún fullnægt þörfum markaðarins, er niðurstaða dómsins sú, að áðurgreind 41. gr., nú 52. gr. laga nr. 99/1993, takmarki frelsi til innflutnings á landbúnaðarvörum.

Það er pólitísk ákvörðun hvenær afnema beri takmörkun á meginreglunni um innflutningsfrelsi. Slík ákvörðun er á verksviði löggjafans en ekki á verksviði dómstóla. Umræður á Alþingi um frumvarp það, er varð að lögum nr. 88/1992 um innflutning, benda til þess, að litið hafi verið svo á að um formbreytingu á löggjöfinni væri að ræða fremur en efnisbreytingar. Verður ekki talið að með þeim lögum hafi ákvæði 41. gr. laga nr. 46/1985 verið vikið til hliðar og heimildir til innflutnings landbúnaðarvara rýmkaðar.

Þá er deilt um það hvort greindar innflutningstakmarkanir taki til soðins svínakjöts. Orðið landbúnaðarvara verður ekki skýrt þrengra en orðið „búvara“ sem löggjafinn hefur sjálfur skilgreint í 2. gr. laganna, m.a. sem afurðir svína. Þykir verða að líta svo á, að þar sé vísað til afurða í hvaða formi sem er og að ákvæðið taki jafnt til soðinna sem hrárra landbúnaðarvara.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 99/1993, ber að leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, áður en ákvörðun er tekin um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Málefni landbúnaðarins heyra undir landbúnaðarráðuneytið skv. 9. gr. laga nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt því er það landbúnaðarráðherra, sem fer með ákvörðunarvald það, sem talað er um í greininni.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ætlað tvíþætt hlutverk í 41. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 52. gr. laga nr. 99/1993, annars vegar skv. 1. mgr. að gefa landbúnaðarráðherra álit og tillögur áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Það hlutverk ráðsins skerðir ekki ákvörðunarvald ráðherra varðandi inn- og útflutning landbúnaðarvara. Hins vegar ber ráðinu skv. 2. mgr. að gefa umsögn um birgðir viðkomandi landbúnaðarvöru í landinu og hvort þær fullnægi neysluþörfinni. Má fallast á með stefndu að með þeim hætti hafi löggjafinn falið ráðinu, sem sérfróðum aðila, að afla upplýsinga um staðreyndir máls. Þrátt fyrir það að landbúnaðarráðherra skuli því aðeins veita leyfi til innflutnings að með upplýsingum ráðsins sé staðfest að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni, þá verður ekki talið að löggjafinn hafi framselt ákvörðunarvald sitt til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með þeim hætti sem stefnandi heldur fram. Ber því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum er sjálf afgreiðsla Framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 10. september sl., sem synjun landbúnaðarráðherra byggist á, ekki til umfjöllunar hér.

Það er álit dómsins, þegar það er metið sem hér hefur verið rakið, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Af hálfu lögmanns stefnanda hafa verið lagðar fram sem dómskjöl lögfræðilegar álitsgerðir. Gerði lögmaður stefndu athugasemdir við framlagningu þeirra. Dómurinn fellst á að framlagning þessara gagna brjóti í bága við 80., 95. og 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda virðist tilgangur þeirra sá einn að upplýsa dóminn um lögfræðilega túlkun þeirra sem álitin veittu, á þeim lögum, sem hér eru til umfjöllunar. Ber að finna að þessum málatilbúnaði lögmanns stefnanda.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt héraðsdómurunum Hjördísi Hákonardóttur og Sverri Einarssyni.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Hagkaupa hf.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. janúar 1994.

Nr. 2/1994. **Tryggvi Einar Geirsson og þrotabú Ulrichs Falkners**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Karli L. Magnússyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Frávísun héraðsdómara felld úr gildi. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 16. desember 1993, sem barst Hæstarétti ásamt öðrum málskjölum 4. janúar sl. Krefjast þeir þess, að ómerkt verði það ákvæði dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-2247/1992, sem lýtur að frávísun krafna sóknaraðila á hendur varnaraðila. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að staðfest verði hin kærða frávísun og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta snýst um endurgreiðslukröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila og Jan Gunnari Davidssyni vegna skuldabréfs, og var þeim stefnt in solidum sem skuldara og ábyrgðarmanni bréfsins. Af hálfu beggja stefndu var krafist sýknu. Sýknukrafa varnaraðila var reist á því, að á honum hvíldi ekki greiðsluskylda vegna umrædds bréfs.

Sóknaraðilar benda á, að varnaraðili hafi ekki vefengt aðild þeirra að dómkröfum á hendum honum. Aðildarskortur hafi því ekki komið til álita. Sú niðurstaða héraðsdómara sé röng að vísa kröfu frá dómi á þeim forsendum, að óvissa sé um aðild.

Varnaraðili vísar um kröfur sínar til raka héraðsdómara.

Af forsendum í héraðsdómi fyrir frávísun krafna sóknaraðila á hendur varnaraðila verður ráðið, að krafa hans um sýknu myndi hafa náð fram að ganga, ef hún hefði berum orðum byggst á þeirri

málsástæðu, að sóknaraðilar ættu ekki aðild að kröfum í málinu gagnvart honum. Ófullnægjandi málflutningur varnaraðila að þessu leyti, að mati héraðsdómara, gat hins vegar ekki að lögum leitt til frávísunar kröfunnar frá dómi, enda veldur aðildarskortur sýknu, en ekki frávísun, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella frávísunina úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka þátt varnaraðila í málinu til efnismeðferðar.

Að svo vöxnu máli er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að hefðu lög staðið til frávísunar krafna sóknaraðila gegn varnaraðila, hefði héraðsdómara verið rétt, þar sem einni og sömu kröfu var beint in solidum gegn tveimur aðilum, að kveða upp frávísunarúrskurð og láta málsmeðferð að öðru leyti hvíla, meðan kærufrestur leið, og síðan áfram, yrði úrskurðurinn kærður, þar til dómur í kærumálinu væri upp kveðinn.

Dómsorð:

Felld er úr gildi frávísun krafna sóknaraðila, Tryggva Einars Geirssonar og þrotabús Ulrichs Falkners, á hendur varnaraðila, Karli L. Magnússyni, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka þær til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 22. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Tryggva Einari Geirssyni, kt. 171152-3059, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og þb. Ulrichs Falkners, kt. 210737-2949, Lynghaga 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. og 28. febrúar 1992, á hendur Jan Gunnari Davidssyni, kt. 100745-7989, Lokastíg 13, Reykjavík, og Karli L. Magnússyni, kt. 070638-3129, Sólheimum 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 1.090.764,15 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. mars 1988 til greiðsludags.

Til vara er krafist dráttarvaxta eins og að framan greinir frá 31. október 1990 til greiðsludags.

Til þrautavara er krafist dráttarvaxta frá 11. október 1991 til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda Jans eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Jafnframt er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda Karls eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Sama hvernig málið fer er gerð krafa um málskostnað [. . .].

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi Jan byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á aðildarskorti stefnenda. Af hálfu stefnda Karls er aðild stefnenda ekki vefengd.

Það liggur fyrir og er óumdeilt, að stefnendur tóku persónulega lán til að greiða umræddar ábyrgðarskuldbindingar stefnda Jans vegna samnings hans og Sportlands hf., sem fyrir liggur á dómskjali nr. 3. Er enn fremur óumdeilt, að samanlögð lánsfjárhæð stefnenda nam að frádregnum lántökukostnaði kr. 4.301.640,00, og rann sú fjárhæð beint til greiðslu þriggja skuldabréfa í Iðnaðarbanka Íslands. Er enn fremur óumdeilt, að stefnendur sem og aðilar að samningi á dskj. nr. 3 töldu þá greiðslu á skuldabréfi því, sem deilt er um í máli þessu, nr. 500688, vera í samræmi við ákvæði samningsins á dskj. nr. 3, lið 3-a, þegar greiðslan var innt af hendi.

Það liggur fyrir og er m. a. staðfest í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 411/1992, upp kveðnum 14. desember 1992, þar sem frávísunardómi í máli þessu er hrundið, að stefnendur í máli þessu höfðu áður framselt rétt sinn skv. skuldabréfinu til Sportlands hf. Á grundvelli þess framsals m. a. höfðaði Sportland hf. mál á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd. til viðurkenningar á riftun samnings aðila frá 17. desember 1987, sem liggur fyrir í máli þessu á dskj. nr. 3, auk endurgreiðslu á tilteknum greiðslum, þar á meðal greiðslu vegna ofangreinds skuldabréfs nr. 500688. Undir rekstri málsins framseldi Sportland hf. kröfuna til Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínussonar, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfsdóttur og Þórhildar R. Geirsdóttur, þar á meðal kröfu þá, sem Sportland hf. hafði fengið framselda frá stefnendum máls þessa vegna skuldabréfs nr. 500688.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 31. október 1990, var því m.a. hafnað, að greiðsla á umdeildu skuldabréfi nr. 500688 skyldi teljast efndir á samningnum. Máli því var áfrýjað, en í áðurgreindum dómi Hæstaréttar frá 14. desember 1992 kemur fram, að við áfrýjun á því máli hafi aðil-

ar þess fallist á þau sjónarmið héraðsdómarans, sem lúta að umdeildu skuldabréfi. Kemur þar enn fremur fram, að sóknaraðilar í máli þessu, Tryggvi Geirsson og þb. Ulrichs Falkners, telji sig hafa við þetta öðlast rétt yfir bréfinu á ný. Á þeim grundvelli virðast þeir byggja aðild sína að málinu nú.

Eins og að framan greinir, framseldu stefnendur rétt sinn samkvæmt skuldabréfinu til Sportlands hf. Við yfirheyrslur fyrir dómi bar Ulrich Falkner aðspurður, að framlag þeirra Tryggva Geirssonar í þágu Sportlands hf. hefði verið fært til skuldar við þá hjá Sportlandi hf. Kvaðst Ulrich Falkner hafa verið hluthafi í Sportlandi hf. Einnig hafi kona Tryggva Geirssonar verið hluthafi. Tryggvi Geirsson kvað aðspurður ástæðu þess, að hann hefði tekið persónulegt lán vegna Sportlands hf., hafa verið samkomulag við Ulrich Falkner um að hann kæmi hugsanlega inn í málið síðar og þá sem hluthafi.

Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnendur hafi fengið kröfuna framselda til sín á nýjan leik eða að framsali stefnenda á kröfunni til Sportlands hf. hafi verið rift. Er ekki á það fallist, að brostnar forsendur leiði sjálfkrafa til þess að réttindin gangi til baka til stefnenda, enda áttu þeir, eins og fram hefur komið, að öðlast réttindi á hendur Sportlandi hf. í staðinn. Er því ekki unnt að fallast á það með stefnendum, að þeir séu réttir handhafar kröfu þessarar. Með því að stefndi Jan byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti stefnenda, ber að sýkna hann af kröfum þeirra skv. 2. mgr. 16. gr. l. nr. 91/1991.

Þar sem stefndi Karl hefur ekki uppi varnarástæðu, sem byggð er á aðildarskorti, ber að vísa kröfum stefnenda á hendur honum frá dómi ex officio, þar sem aðild stefnenda að kröfunni er ekki ljós.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda Jan Gunnari Davidssyni kr. 180.000,00 í málskostnað og stefnda Karli kr. 60.000,00 í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda á hendur stefnda Karli L. Magnússyni, Sólheimum 25, Reykjavík, er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi Jan Gunnar Davidsson, Lokastíg 13, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda Tryggva Einars Geirssonar, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og þb. Ulrichs Falkners, Lynghaga 15, Reykjavík.

Stefnendur Tryggvi Einar Geirsson og þb. Ulrichs Falkners, greiði stefnda Jan Gunnari Davidssyni kr. 180.000,00 í málskostnað og stefnda Karli L. Magnússyni kr. 60.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 21. janúar 1994.

Nr. 27/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Thanh Thoung Bui
(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 14. janúar 1994, sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 14. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Thanh Thoung Bui, kt. 100259-2149, til lögheimilis að Skúlagötu 62, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til mánudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa veist að Ragnari Ólafssyni, fæddum 17. júlí 1971, með hnífi í Lækjargötu í Reykjavík aðfaranótt 21. nóvember sl. með þeim afleiðingum, að Ragnar hlaut áverka á hægri upphandlegg. Í læknisvottorði Magnúsar Páls Albertssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, kemur fram, að áverki sá

sem Ragnar hlaut við hnífstunguna, hafi upphaflega verið lífshættulegur, þar sem upparmsslagæð hafi verið sundur skorin að hluta, og því verið hætt við, að honum blæddi út. Auk þess var taug í handlegg sundur skorin og vöðvar.

Kærði hefur hins vegar neitað að hafa þessa sömu nótt lagt til Hlyns Eggertssonar, fædds 20. nóvember 1973, með hnífi og veitt honum áverka, en í kröfugerð lögreglu er frá því greint, að við rannsókn málsins hafi komið fram upplýsingar, sem renni stoðum undir þann grun, að kærði hafi verið valdur að árásinni á Hlyn eða átt verulegan þátt í henni. Hlynur hlaut verulega áverka af árásinni, en hann var m.a. stunginn í brjóstið. Samkvæmt vottorði Jóhanns Róbertssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, hlaut Hlynur þrjár hnífstungur, hina fyrstu vinstra megin framan til á brjóstkassa, aðra hægra megin framan til á brjóstkassa og hina þriðju á hægri upphandlegg. Kemur fram í vottorðinu, að hrein mildi hafi verið, að ekki fór verr, því að stungur á þessum stöðum, sem gengið hefðu inn í brjóstkassa, hefðu getað leitt til lífshættulegra áverka.

Rannsókn máls þessa er að mestu lokið, og voru gögn þess send embætti ríkissaksóknara þann 10. þ.m. til ákvörðunar. Er beðið niðurstaðna DNA-rannsókna, sem framkvæmdar eru í Englandi, en þeirra mun að vænta um miðjan næsta mánuð.

Brot það, sem kærði hefur viðurkennt að hafa framið, getur varðað hann fangelsi allt að 16 árum samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Þá er kærði, svo sem að framan greinir, undir sterkum grun um að hafa þessa sömu nótt framið alvarlega líkamsárás gagnvart öðrum pilti. Ber því með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna málsins og skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Thanh Thoung Bui, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, til mánudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 24. janúar 1994.

Nr. 19/1994. **Sigfinnur Sigurðsson**
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)
gegn
Valgerði Jóhannesdóttur
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Kyrrsetning. Leiðbeiningarskylda. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 4. janúar sl. Kærugögn bárust Hæstarétti 13. janúar. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi byggði sóknaraðili mótmæli sín gegn kröfu varnaraðila um gjaldþrotaskipti fyrst og fremst á því, að hann hefði að fullu greitt skuld þá, sem krafa um kyrrsetningu eigna hans byggðist á. Einnig hélt hann því fram, að hin árangurslausa kyrrsetningargerð gæti ekki verið grundvöllur kröfu um gjaldþrotaskipti, þar sem staðfestingarmál hefði ekki verið höfðað, sbr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Með skírskotun til raka héraðsdóms er niðurstaða hans um þessar málsástæður sóknaraðila staðfest.

Í kæru sinni til Hæstaréttar byggir sóknaraðili auk framangreinds á því, að við framkvæmd kyrrsetningargerðarinnar 23. september 1993 hafi fulltrúi sýslumanns ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart honum sem ólöglærðum aðila, sbr. 9. gr. laga nr. 31/1990. Þá hafi ekki verið farið eftir ákvæðum 13. gr. laganna, þegar fram komu mótmæli af hans hálfu gegn réttmæti kröfu varnaraðila.

Framkvæmd umræddrar kyrrsetningargerðar var áfátt að því leyti, að ekki var fullnægt leiðbeiningarskyldu gagnvart sóknaraðila,

og er það aðfinnsluvert. Það er ljóst af málflutningi sóknaraðila í þessu máli, að mótmæli hans hjá sýslumanni gátu ekki hindrað framgang gerðarinnar. Sóknaraðili hefur ekki borið það fyrir sig, að hin árangurslausa kyrrsetningargerð gefi ranga mynd af fjárhag hans, sbr. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigfinnur Sigurðsson, greiði varnaraðila, Valgerði Jóhannesdóttur, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 9. desember sl.

Sóknaraðili málsins er Valgerður Jóhannesdóttir, kt. 110739-7619, Víðihlíð 28, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Sigfinnur Sigurðsson, kt. 160237-2959, Ásvallagötu 60, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að bú Sigfinns Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta og jafnframt gerir hann kröfu um hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur að synjað verði um umkrafið gjaldþrot hjá honum og jafnframt krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. september, krafðist Helgi Jóhannesson hdl. f.h. sóknaraðila, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili kvaðst eiga kröfu á hendur varnaraðila vegna launa fyrir mars, apríl og hálfan maí 1992, auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar fyrir sama tímabil vegna vinnu við fyrirtæki gerðarþola, Austurströnd sf., kt. 540788-2009. Í kröfu sinni um gjaldþrotaskipti er höfuðstóll skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greindur kr. 249.385,40. Að kröfu sóknaraðila var reynt að kyrrsetja eignir varnaraðila til tryggingar skuldinni, en þeirri gerð lauk án árangurs þann 23. september sl.

Krafa sóknaraðila var fyrst tekin fyrir á dómþingi þann 24. nóvember sl. Mætt var af hálfu varnaraðila og var kröfu sóknaraðila mótmælt. Var því þann 30. nóvember sl. þingfest mál þetta til úrlausnar um fram kominn ágreining, sbr. 168. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Sóknaraðili kveðst hafa unnið hjá varnaraðila allt frá árinu 1987. Hafi hún unnið ýmis skrifstofustörf fyrir varnaraðila og hafi vinnutími hennar verið frá kl. 9–15 alla virka daga. Þegar fyrirtæki varnaraðila hafi hætt rekstri um miðjan maí 1992 hafi sóknaraðili ekki fengið greidd laun fyrir mánuðina mars, apríl og 1.–15. maí, en samkomulag hafi verið með aðilum um að starfslok yrðu um miðjan maí 1992. Sé það rangt sem komi fram í greinargerð varnaraðila að sóknaraðili hafi einungis unnið tvo tíma á dag í mars og hafi verið á atvinnuleysisbótum frá 1. apríl 1992. Hið rétta sé að sóknaraðili hafi starfað sinn samningsbundna vinnutíma allt til þess tíma er hún hætti störfum hjá varnaraðila þann 15. maí 1992. Við starfslok hafi sóknaraðili átt inni laun fyrir áðurgreint tímabil, en laun vegna febrúar 1992 hafi hún fengið með úttekt á ýmsum skrifstofubúnaði úr fyrirtækinu. Hefur sóknaraðili lagt fram lista yfir það sem hún kveðst hafa fengið og metur hún það á kr. 53.000 sem hún kveður að varnaraðili hafi samþykkt á sínum tíma. Sóknaraðili kveður að sér hafi ekki tekist að innheimta laun vegna tímabilsins með venjulegum innheimtuaðgerðum og hafi hún leitað til Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Hafi innheimtuaðgerðir þess ekki heldur borið árangur, og því hafi málið verið sent til lögmanns. Til að freista þess að tryggja kröfuna hafi verið „gerð" kyrrsetning hjá varnaraðila þann 23. september 1992, en þeirri aðgerð hafi lokið án árangurs. Vegna þess að ábyrgðarsjóður launa beri ábyrgð á hinum vangreiddu launum sóknaraðila við gjaldþrot hafi sóknaraðili farið fram á gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila á grundvelli hinnar árangurslausu kyrrsetningar, og styður sóknaraðili kröfu sína við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

IV.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því að fyrirtæki hans hafi að fullu gert upp við sóknaraðila. Megi sjá af réttarskjali nr. 6 að öll laun til áramóta hafi verið að fullu greidd, því að sú bankakvittun beri með sér að verið sé að greiða fyrir janúar 1992. Hafi sóknaraðili sjálf séð um að greiða sér laun og vart hefði hún greitt sér janúarlaun á undan desemberlaunum. Hljóti því desemberuppbót að hafa verið greidd. Að öðru leyti kveður varnaraðili að

öll launakrafa sóknaraðila hafi verið greidd til vinnuloka með skrifstofuhúsgögnum, sbr. lista á réttarskjali nr. 7. Hafi varnaraðili í þinghaldi (sic) þann 23. september sl. við framkvæmd fjárnámsgerðar (sic) þeirrar, er sóknaraðili byggi kröfu sína um gjaldþrotaskipti á, haft þessar mótbárur uppi en deildarstjóri við embætti sýslumannsins í Reykjavík ekkert tillit tekið til þeirra.

Varðandi lagarök vísar varnaraðili helst til 168. gr. laga nr. 21/1991 og síðan til almennra reglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga. Varðandi málskostnaðarkröfu sína vísar hann til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í málflutningi kom lögmaður varnaraðila með þá málsástæðu, að þar sem sóknaraðili hefði ekki hirt um að höfða staðfestingarmál vegna umræddrar kyrrsetningar, væri kyrrsetningin niður fallin og því ekki unnt að byggja kröfu um gjaldþrotaskipti á henni. Lögmaður sóknaraðila mótmælti því ekki, að málsástæða þessi kæmist að, þótt seint fram kæmi. Jafnframt lýsti lögmaður varnaraðila því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann drægi í land með þá yfirlýsingu, sem fram kæmi í greinargerð varnaraðila, að sóknaraðili hefði verið á atvinnuleysisbótum frá 1. apríl 1992.

V.

Í 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 er kveðið á um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldara ef kyrrsetning hefur verið gerð hjá skuldaranum án árangurs að nokkru leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag. Jafnframt er áskilið að ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag skuldara.

Eins og fram kemur í 5. gr. laga nr. 31/1990, er ekki skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skal um kyrrsetningu ef ætla verður af fyrirliggjandi gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja. Þann 23. september 1993 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík kyrrsetningarbeiðni sóknaraðila þessa máls á hendur varnaraðila þessa máls. Lauk gerðinni sem árangurslausri með vísan til 15. gr. laga nr. 31/1990 og fór því ekki fram kyrrsetning eigna skuldarans. Var því ekki ástæða fyrir sóknaraðila að höfða dómsmál samkvæmt VI. kafla laga nr. 31/1990 til staðfestingar kyrrsetningargerðinni.

Samkvæmt 65. gr. 2. mgr. 1. tl. var sóknaraðila heimilt að krefjast þess að bú skuldara, varnaraðila, yrði tekið til gjaldþrotaskipta, án þess að áður væri leitað álits dómstóla um kröfuna.

Sóknaraðili hefur lagt fram launaseðla vegna ársins 1991 og janúar og febrúar 1992. Eru föst laun sóknaraðila kr. 55.000 á mánuði alla þá mánuði,

og er fjárkrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila byggð á þeirri fjárhæð. Af fram lögðum launaseðlum má ráða, að ráðningarsamningur var milli aðilanna, enda er ekki ágreiningur um það, heldur um starfslok sóknaraðila. Sóknaraðili hefur haldið því fram að hún hafi verið í vinnu hjá varnaraðila til 15. maí 1992, er fyrirtækið hætti rekstri. Sóknaraðili hefur lagt fram ljósrit af innritunarskírteini Vinnumiðlunar í Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og kemur þar fram að innritun hefst þann 19. maí 1992. Hefur varnaraðili ekki hnekkt þeirri staðhæfingu sóknaraðila um starfslok þann 15. maí 1992 og ekki stutt það neinum gögnum, að starfslok hafi verið fyrir þann tíma, og ekki lagt annað fram um það en yfirlýsingu vitnisins Sigurðar Sigurðssonar, sem starfaði í sama húsnæði og fyrirtæki varnaraðila var í, en vitnið hélt því fram að hann hefði ekki séð sóknaraðila á staðnum eftir páska 1992. Telst sú yfirlýsing vart sönnun um starfslok sóknaraðila.

Varnaraðili hefur haldið því fram að fyrirtæki hans hafi að fullu gert upp við sóknaraðila. Hafi hann greitt með húsgögnum, sem hann metur á kr. 150.000,00, og hefur lagt fram lista yfir þau húsgögn. Vitnið Sigurður Sigurðsson hefur upplýst það hér fyrir réttinum að hann hafi útbúið þennan lista og verðmetið húsgögnin. Vitnið var ekki starfsmaður varnaraðila, heldur, eins og að framan er getið, starfaði hann í sama húsnæði. Vitnið taldi sig einnig vita, að gert hefði verið upp við sóknaraðila, og byggði hann þá vitneskju á því sem hann sagði að varnaraðili hefði sagt sér á sínum tíma, en reyndar hefði sóknaraðili sagt sér hið gagnstæða. Þetta eru þau einu gögn sem varnaraðili hefur lagt fram því til sönnunar að krafa sóknaraðila sé greidd að fullu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, má telja að sóknaraðili hafi sýnt fram á það, að hann eigi kröfu á hendur varnaraðila vegna launa fyrir tímabilið mars–15. maí 1992. Það kann hins vegar að vera umdeilanlegt, hvort inn á þá kröfu hennar hafi verið greiddar kr. 150.000,00 eða kr. 53.000,00 eða hvort innborgun að fjárhæð kr. 53.000,00 hafi komið inn á laun vegna febrúar 1992.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir skilyrðum 2. mgr. 1. tl. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 fullnægt og því ekki hjá því komist að taka til greina kröfu sóknaraðila málsins að bú Sigfinns Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000, þar með talinn virðisaukaskattur.

Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bú varnaraðila, Sigfinns Sigurðssonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 24.000 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Mánudaginn 24. janúar 1994.

Nr. 20/1994. **Sparisjóður vélstjóra**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.) **og**
Jakobi A. Traustasyni
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Vextir. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1993, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 13. janúar sl. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 5. október 1993 að verða ekki við kröfu hans um breytingar á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík og úthlutað verði til hans 9.671.455 krónum af söluverðinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, var ekki mætt af hálfu sóknaraðila hjá sýslumanni við fyrirtöku uppboðs á fasteigninni Kleppsvegi 86 hinn 28. desember 1992. Sóknaraðili sendi nýja beiðni um uppboð á eigninni til sýslumanns 9. febrúar 1993. Í kæru sinni til Hæstaréttar vísar sóknaraðili, auk þess sem hann ítrekar málsástæður í héraði, til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Af hálfu beggja varnaraðila er því mótmælt, að málsástæður byggðar á þessari lagagrein fái að komast að fyrir Hæstarétti, þar sem þeim hafi ekki verið hreyft í héraði. Varnaraðilinn Jakob Traustason mótmælir því og, að 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1991 eigi hér við, og geti hún einungis náð til tilvika þar sem gerðarbeiðanda verði ekki kennt um, að beiðni falli niður. Ella hafi ákvæði laga nr. 23/1901, sem héraðsdómari byggir á, ekkert gildi lengur.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1991 missir veðhafi ekki forgangsrétt fyrir vöxtum, þótt uppboðsbeiðni falli niður, ef ný beiðni kemur fram innan sex mánaða, frá því að það gerðist. Sóknaraðili vísaði ekki í héraði til þessarar lagagreinar til stuðnings kröfum sínum. Verður ekki talið, eins og hér stendur á, að skírskotun til hennar í kærunni sé of seint fram komin, enda byggði sóknaraðili málflutning sinn í héraði á því, að hann hefði ekki fyrirgert rétti sínum til vaxta þrátt fyrir útivist við fyrirtöku uppboðsmálsins 28. desember 1992.

Eins og áður getur, sendi sóknaraðili nýja uppboðsbeiðni til sýslumanns hinn 9. febrúar 1993. Samkvæmt fyrrnefndri 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1991 hafði hann þá ekki fyrirgert forgangsrétti sínum fyrir vöxtum, eins og úthlutun sýslumanns á söluverði ofangreindrar eignar byggði á. Ber því að taka kröfu sóknaraðila til greina, en hún hefur ekki verið vefengd tölulega.

Rétt þykir, að hvor varnaraðila um sig greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Tekin skal til greina krafa sóknaraðila, Sparisjóðs vélstjóra, að honum verði úthlutað 9.671.455 krónum af söluverði fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg, sem seld var á nauðungaruppboði 8. júlí 1993.

Varnaraðilar, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Jakob A. Traustason, greiði sóknaraðila hvor um sig 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

I.

Mál þetta var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur miðvikudaginn 27. október 1993 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 29. nóvember sl.

Sóknaraðili er Sparisjóður vélstjóra, kt. 610269–2229, Borgartúni 18, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, kt. 610269–5089, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, og Jakob Adolf Traustason, kt. 180846–2049, Barónsstíg 3, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ómerkt verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. október 1993 að verða ekki við kröfu sóknaraðila um breytingar á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík og úthlutað verði til sóknaraðila kr. 9.671.455,00 af söluverðinu.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Sóknaraðili kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. október 1993 að taka ekki til greina mótmæli sóknaraðila gegn frumvarpi til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík.

Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar að mati réttarins úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Varnaraðilar kveðast hvorugir vera virðisaukaskattsskyldir.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 5. september 1990 krafðist sóknaraðili þess, að fram færi uppboð á fasteigninni að Kleppsvegi 86 í Reykjavík. Af hálfu uppboðsþola, Jörundar Pálssonar, var öðru og síðara nauðungaruppboði á fasteigninni mótmælt í uppboðsrétti 8. október 1991 og var rekið sérstakt uppboðsréttarmál um ágreininginn: Jörundur Pálsson gegn Jakobi A. Traustasyni. Kveðinn var upp úrskurður í málinu 14. janúar 1992 og var málinu áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt þágildandi lögum um nauðungaruppboð, en málið skyldi hljóta kærumálsmeðferð eftir 1. júlí 1992. Kærumál þetta virðist hafa verið fellt niður í Hæstarétti eftir gildistöku hinna nýju nauðungarsölulaga nr. 90/1991. Í framhaldi af því ákvað sýslumaðurinn í Reykjavík í samræmi við 2. mgr. 96. gr. l. nr. 90/1991 að byrja uppboð á fyrrgreindri fasteign föstudaginn 4. desember 1992, sbr. tilkynningu þar um, dags. 10. nóvember sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag var mætt af hálfu sóknaraðila og fleiri gerðarbeiðenda svo og gerðarþola. Ákveðið var að fresta byrjun uppboðs til 28. desember það ár á skrifstofu sýslumanns. Er málið var tekið fyrir þann dag var aðeins mætt af hálfu gerðarbeiðandans, Lífeyrissjóðs lækna, og gerðarþola. Ekki var mætt af hálfu sóknaraðila máls þessa. Ákveðið var að uppboðinu yrði fram haldið á eigninni sjálfri föstudaginn 22. janúar 1993, en uppboðsbeiðnin mun hafa verið afturkölluð skömmu áður en framhaldssalan skyldi fara fram.

Með nýrri beiðni, dags. 9. febrúar 1993, krafðist sóknaraðili þess, að fasteignin nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík yrði seld til lúkningar kröfu hans. Nauðungarsala fór fram á eigninni 8. júlí 1993 og var söluverð hennar kr.

10.600.000,00. Krafa sóknaraðila var að fjárhæð kr. 10.652.701,00. Frumvarp til úthlutunar söluverðs eignarinnar er dags. 28. júlí 1993 og er þar sóknaraðila sem veðhafa á 8. veðrétti úthlutað kr. 7.950.540,00. Mun sú fjárhæð miðuð við, að sóknaraðili hafi veitt gjaldfrest á skuldinni með því að fyrri uppboðsbeiðni hans hafi fallið niður hinn 28. desember 1992 þegar ekki var mætt af hans hálfu við byrjun hins fyrra uppboðsmáls þann dag. Hafi því fallið niður forgangsréttur hans sem veðhafa fyrir vöxtum og dráttarvöxtum eldri en eins árs miðað við dagsetningu seinni nauðungarsölubeiðninnar. Þessu vildi sóknaraðili ekki una og mótmælti hann frumvarpinu með bréfi, dags. 13. ágúst 1993. Sýslumaðurinn boðaði þá, sem mótmælin vörðuðu, á sinn fund 5. október sl., sbr. 1. mgr. 52. gr. l. nr. 90/1991, þar sem hlutaðeigendum var gefinn kostur á að tjá sig um mótmælin. Ákvað sýslumaður að taka ekki til greina mótmæli sóknaraðila gegn frumvarpinu og að fyrrgreint frumvarp til úthlutunar á söluverði umræddrar fasteignar, dags. 28. júlí 1993, skyldi standa óbreytt. Lögmaður sóknaraðila lýsti því yfir á fundinum, að hann hygðist leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns. Beiðni sóknaraðila um úrlausn dómsins er dagsett 12. október 1993 og barst hún Héraðsdómi Reykjavíkur 13. október sama ár.

III.

Sóknaraðili kveður þau mistök hafa orðið við fyrirtöku hins fyrra uppboðsmáls 28. desember 1992, að lögmaður sá, sem skyldi mæta fyrir hönd sóknaraðila, hafi gleymt fyrirtöku málsins. Þrátt fyrir það að starfsmönnum sýslumannsembættisins hafi verið fullljóst, að um mistök væri að ræða, sóknaraðili hefði ekki afturkallað uppboðsbeiðni sína og hægðarleikur hefði verið að hringja í skrifstofu lögmanns sóknaraðila eða fá annan lögmann, sem verið hafi á staðnum, til að mæta fyrir sóknaraðila, hafi uppboðsbeiðni sóknaraðila verið felld niður. Lögmanni sóknaraðila hafi fyrst verið kunnugt um framangreind mistök þegar tilkynning hafi borist um framhaldssölu á eigninni 22. janúar 1993. Kveðst sóknaraðili þá strax hafa sett málið af stað að nýju.

Sóknaraðili kveður, að á undan kröfu sinni hafi hvílt á umræddri fasteign kr. 928.545,00, og hefðu sóknaraðila því borið eftirstöðvar söluverðsins, kr. 9.671.455,00. Af hálfu sóknaraðila er því mótmælt, að hann hafi veitt gjaldfrest á kröfu sinni og geti þau mistök hans að mæta ekki við fyrirtöku fyrra uppboðsmálsins hinn 28. desember 1992 ekki jafngilt afturköllun uppboðsbeiðni hans. Lög nr. 23/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum eigi ekki við hér og beri að úthluta sóknaraðila kr. 9.671.455,00 af söluverði eignarinnar. Tilflutningur fjármagns frá betri rétthafa til lakari, sem byggður sé á mistökum, fái ekki staðist.

Í öðru lagi er það málsástæða sóknaraðila, að þar sem hann hafi í raun ekki haft forræði málsins fyrr en 4. desember 1993, er málið hafið verið tekið fyrir á ný hjá sýslumanni, sé óeðlilegt og ósanngjarnt, að hann glati rétti til vaxta og skaðist vegna seinagangs í „kerfinu" (sic).

Sóknaraðili kveðst styðja kröfu sína við l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu og l. nr. 23/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að samkvæmt l. tl. 2. mgr. 15. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu teljist beiðni um nauðungarsölu fallin niður, ef ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmæt forföll, sem hamli að mætt sé. Ágreiningslaust sé, að lögmæt forföll hafi ekki hamlað því, að sóknaraðili mætti við fyrirtöku hins fyrra uppboðsmáls 28. desember 1992. Verði því að telja, að forföllin hafi stafað af því, að sóknaraðili hafi veitt uppboðsþola gjaldfrest á hinni verðtryggðu skuld. Af hálfu varnaraðila sé því litið svo á, að fyrri uppboðsbeiðni sóknaraðila vegna umræddrar fasteignar hafi fallið niður vegna útivistar sóknaraðila sem gerðarbeiðanda umræddan dag með þeim réttaráhrifum, sem greini í 15. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu og l. nr. 23/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum. Af þessum ástæðum teljist nýtt uppboðsmál hafa byrjað með nýrri greiðsluáskorun og uppboðsbeiðni sóknaraðila. Verði réttaráhrif nauðungarsölubeiðninnar að miðast við rekstur þess máls, sem að lokum hafi leitt til nauðungarsölu á fyrrgreindri fasteign. Sóknaraðili verði að sæta skerðingu samnings- og dráttarvaxta af veðkröfum sínum í samræmi við meðferð hans á málinu.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að afsökunarástæður sóknaraðila, eins og þær séu fram settar í greinargerð hans á dskj. nr. 11, eigi við nokkur lagarök að styðjast. Hafi mæting fallið niður fyrir sinnuleysi sóknaraðila, svo sem látið sé að liggja í greinargerð hans, hafi slíkt sama gildi og beinar yfirlýsingar sóknaraðila um gjaldfrest til skuldara, sbr. ákvæði 15. gr. l. nr. 90/1991. Í máli þessu verði hvorki leyst úr hugsanlegri bótakröfu sóknaraðila vegna „seinagangs í kerfinu" né því, hvort niðurfelling á uppboðsbeiðni sóknaraðila hinn 28. desember 1992 hafi verið óréttmæt.

IV.

Í máli þessu er um það deilt, hvort talið verði að sóknaraðili hafi veitt gjaldfrest á vöxtum af kröfu sinni í skilningi laga nr. 23/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum með því að mæta ekki við byrjun uppboðs á fasteigninni nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík hinn 28. desember 1992 með þeim réttarverkunum að uppboðsbeiðni hans féll niður.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að þau mistök hafi átt sér stað, að lögmaður sá, sem skyldi mæta fyrir hönd sóknaraðila við byrjun uppboðs á umræddri fasteign hinn 28. desember 1992, hafi gleymt að mæta. Í l. tl. 2. mgr. 15. gr. l. nr. 90/1991 segir, að beiðni um nauðungarsölu teljist niður fallin, ef ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmæt forföll, sem hamli að mætt sé. Samkvæmt lögjöfnun frá 97. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst það ekki til lögmætra forfalla að gleyma að mæta við fyrirtöku máls. Sóknaraðili hafði beiðst framangreindrar nauðungarsölu og fór því með forræði málsins, að því er kröfu hans varðaði, og hafði hann ráðið sér lögmann til að annast málið fyrir sína hönd. Að lögum hvílir ekki sú skylda á sýslumanni eða fulltrúum hans, að minna lögmenn á að mæta við fyrirtökur á málum eða að gera aðrar ráðstafanir til þess, að mætt sé af hálfu málsaðila, enda væri slíkt andstætt meginreglunni um málsforræði aðila í einkamálum. Fulltrúa sýslumanns bar því samkvæmt l. tl. 1. mgr. 15. gr. l. nr. 90/1991 að fella niður beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu á umræddri fasteign þegar útivist varð af hans hálfu við byrjun uppboðs hinn 28. desember 1992.

Lög nr. 23/1901 um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum hljóða svo: „Sé skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignaveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsréttur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga."

Tilgangur reglu þessarar er sá að koma í veg fyrir, að veðhafi geti veitt skuldara óhæfilega gjaldfresti á kostnað annarra veðhafa. Þeir vextir, sem umfram eru árið, færast aftar í veðröðinni. Regla laganna auðveldar mönnum að ganga úr skugga um, hverjar skuldbindingar hvíla á tilteknum veðréttum eignar, og hún veitir í raun tryggingu fyrir því, að ekki hvíli á eignum aðrar skuldir en þær, sem hægt er að ganga úr skugga um með nokkurri vissu, hve miklar eru. Túlka verður ákvæðið svo, að það nái bæði til samnings- og dráttarvaxta. Ekki hefur verið talið skipta máli, hvort gjaldfrestur hefur verið veittur berum orðum eða með aðgerðaleysi. Telja verður að sá gjaldfrestur, sem kann að hafa verið veittur til þess að greiða samnings- og dráttarvexti, rofni við að uppboðsaðgerðir hefjast og hefur í framkvæmd verið miðað við þann dag, er beiðni um nauðungarsölu er móttekin. Síðari veðhafar mega því treysta því, að svo fremi að rétthærri veðhafar krefjist ekki aðgerða framkvæmdavalds eða dómstóla til fullnustu krafna sinna, fái þeir ekki úthlutað af söluverði fasteignarinnar meira en nemur höfuðstól kröfunnar með samnings- og dráttarvöxtum, sem fallið hafa í gjalddaga á

næstliðnu ári, frá því að fullnustuaðgerðir hófust, að viðbættum innheimtukostnaði.

Með hliðsjón af framangreindu verður að líta svo á, að með því að sóknaraðili mætti ekki við byrjun uppboðs á umræddri fasteign hinn 28. desember 1992 með þeim réttarverkunum, sem greinir í l. tl. 1. mgr. 15. gr. l. nr. 90/1991, hafi sóknaraðili með aðgerðaleysi sínu veitt skuldara gjaldfrest á vöxtum af kröfu hans í skilningi l. nr. 23/1901. Féll þá niður forgangsréttur hans sem veðhafa fyrir samnings- og dráttarvöxtum eldri en eins árs miðað við dagsetningu seinni nauðungarsölubeiðni hans. Þykir því bera að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. október 1993 að verða ekki við kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík, sem tekur mið af framangreindu.

Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis kr. 40.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Sömuleiðis greiði sóknaraðili varnaraðilanum Jakobi A. Traustasyni kr. 40.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. október 1993 að verða ekki við kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 86 við Kleppsveg í Reykjavík.

Sóknaraðili, Sparisjóður vélstjóra, greiði varnaraðila Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis kr. 40.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt, og varnaraðilanum Jakobi A. Traustasyni kr. 40.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Mánudaginn 24. janúar 1994.

Nr. 514/1993. **Hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps,**
Magnús B. Eyjólfsson,
Valgerður Helga Eyjólfsdóttir og
Sigríður Magnúsdóttir
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
ferðafélaginu Útivist
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
félagsmálaráðherra f.h. félagsmálaráðuneytis og
umhverfisráðherra f.h.
umhverfisráðuneytis
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Skipulag. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1993, sem barst réttinum 17. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðilar mótmæla því sérstaklega, að þau atriði, sem héraðsdómur tiltaki, eigi að leiða til frávísunar málsins. Málið sé ekki rekið til ákvörðunar á landamerkjum jarðarinnar Hrútafells eða staðarmörkum Austur-Eyjafjallahrepps. Það sé hins vegar málsástæða sóknaraðila, að staður sá, sem skálinn sé reistur á, sé í landareign Hrútafells og það sé þeirra að sanna, að svo sé. Takist sú sönnun ekki, kunni það að leiða til sýknu, en ekki frávísunar. Af hálfu sóknaraðila er jafnframt á því byggt, að það sé réttarregla í ís-

lenskum rétti, að landamerki eignarlands, sem liggur að jökli, ráðist af jökulbrún hverju sinni og land, sem kemur undan jökli, tilheyri aðliggjandi fasteign með sama hætti og landauki við sjó.

Sóknaraðilar vísa til dóms Landsyfirréttar 31. mars 1913 í málinu: Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti gegn eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal. Þar hafi verið staðfest niðurstaða landamerkjadóms um merki milli jarðanna, og þar segi svo um merki á því svæði, sem hér skipti máli: „... þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnípu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnípu og þaðan sjónhending í jökul".

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að í þessu máli sé ekki þörf á því að staðsetja jökulbrúnina nákvæmlega, því að hún liggi og hafi jafnan legið á þeim tíma, sem hér skipti máli, það norðarlega á þessu svæði, að skálinn sé ótvírætt innan landamerkja Hrútafells. Jafnvel þótt staður sá, sem skálinn stendur á, teljist ekki vera innan landamerkja Hrútafells, sé hann innan staðarmarka Austur-Eyjafjallahrepps, þar sem hann sé innan *afréttar*, sem íbúar hreppsins eigi upprekstur.

II.

Varnaraðili ferðafélagið Útivist mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila í kærumáli þessu og sérstaklega þeirri málsástæðu, sem ekki hafi legið fyrir við úrlausn héraðsdóms, að land það, sem hinn umdeildi skáli standi á, geti talist afréttur utan eignarlanda og að sauðfé gangi á þessu svæði á sumrin. Hið rétta sé, að á umræddu svæði finnist ekki og hafi aldrei fundist, a.m.k. á sögulegum tíma, stingandi strá og þar því enga beit að hafa. Í ljós sé leitt, að svæðið hafi verið undir jökli fram á þessa öld.

Varnaraðilar félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra vísa til forsendna hins kærða úrskurðar til rökstuðnings kröfu um staðfestingu hans. Jafnframt telja þeir, að með kærunni hafi sóknaraðilar breytt grundvelli málsins frá því, sem í stefnu var greint. Þar hafi átt að fara saman mörk Hrútafells í norður og staðarmörk sveitarfélagsins. Hinn 29. október 1993 hafi hins vegar verið lögð fram gögn í héraði af hálfu sóknaraðila, þar sem hreppamörkin séu teiknuð sem

bein lína frá Hámundi að Þrívörðuskeri uppi á hájökli, en Hrútafell byggi á jökulbrúninni sem mörkum. Í kærumálinu byggi sóknaraðilar á þessari nýju línu. Línur, sem í upphafi hafi átt að liggja saman samkvæmt stefnu, geri það ekki lengur.

Um landamerki jarðanna segja varnaraðilar, að merkjalína milli lands jarðanna og hálendisins að norðan hafi aldrei verið ákveðin. Einhliða yfirlýsingar landeigenda dugi ekki einar til að ákveða landamerki né heldur eignarrétt á öræfalandsvæði. Ef eða þegar landamerkjalína yrði sett, sé líklegast, að hún yrði einhvers staðar á mótum heimalanda jarðanna og hálendisins, sbr. lög nr. 73/1993 um breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964. Um hreppamörkin sé þess að geta, að í 1. gr. sveitastjórnarlaga nr. 8/1986 segi: „Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög . . .“ Landfræðileg ytri mörk sveitarfélaganna miðist þannig við þann hluta landsins, sem sé í byggð. Óbyggðunum, hálendinu, eigi samkvæmt þessu lagaákvæði ekki að skipta í eða milli sveitarfélaga. Sveitarfélögin skuli hafa ákveðin staðarmörk, sem óheimilt sé að breyta nema með lögum. Staðarmörk sveitarfélaganna séu því þar, sem heimalönd jarðanna og hálendið mætast, enda sé ekki afréttur á milli. Í því tilviki geti sveitarfélögin farið með stjórnsýslu á því svæði að takmörkuðu leyti. Hin nýja málsástæða um, að svæðið sé innan afréttar, stangist á við aðrar yfirlýsingar af hálfu sóknaraðila í málinu, en það sem þó skeri úr í þessu efni, sé, að jökulskerið í 1100 metra hæð sé ekki annað en gróðurlaust land. Því síður sé land þetta heimaland jarðarinnar Hrútafells, sem geti að hámarki náð í u.þ.b. 400 metra hæðarlínu. Þar fyrir ofan sé vart unnt að tala um beitarhæft land. Þar taki við hálendið og óbyggðirnar.

III.

Í skjölum máls þessa er að finna bréf Helga Björnssonar jöklafræðings, dags. 14. nóvember 1990, vegna fyrirspurnar um tengsl íss og snævar á Fimmvörðuhálsi. Þar segir:

„Fjallshryggurinn Fimmvörðuháls, milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls, nær upp í um 1100 m hæð og er því á mörkum þess að vera jökull, því að við núverandi loftslag er snælína á þessu landsvæði að meðaltali í um 1100 m y.s.

Eftir landnám og fram undir lok 12. aldar má ætla að aðstæður hafi verið svipaðar og nú, en síðan kólnaði, snælína lækkaði og samfelldur jökull varð á milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Í jöklariti sínu frá lokum 18. aldar lýsti Sveinn Pálsson mjóum jökulhrygg í slakkanum milli meginjöklanna og kallaði hann Lágjökul. Þegar hlýna tók nálægt síðustu aldamótum tóku jöklar að rýrna, en Fimmvörðuháls var hulinn jökli fram yfir aldamót. Þegar Fjallamenn byggðu skála í 1080 m hæð á hryggnum árið 1940 „var jökullinn mjög genginn til baka á þessu svæði, en það var jökli hulið fram yfir aldamót, nema hvað hæstu fell svo og Fimmvörðuháls stóðu þá upp úr ísnum“ (Guðmundur Einarsson, Árbók Ferðafélags Íslands 1960, bls. 72). Þannig reis Fimmvörðuháls eins og jökulsker upp úr ísnum við upphaf þessarar aldar. Á hlýindaskeiðinu, sem stóð fram á sjötta áratuginn, hvarf jökull og sísnævi að mestu af hryggnum og í ljós komu jökulurðir, sem vitnuðu um þann jökul sem yfir honum lá fram yfir síðustu aldamót. En á síðustu tveimur áratugum hefur aukinn snjór lifað af sumrin á Fimmvörðuhálsi og samfellt sísnævi tengir nú Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul á ný. Við áframhald sams konar veðráttu má ætla að jökull setjist á hrygginn og verði samfelldur á milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls.“

Eins og sjá má af uppdrætti, gerðum af verkfræðistofunni Hnit hf. í október sl. fyrir sóknaraðila, eru austurmörk jarðarinnar Hrútafells eftir línu, sem hugsuð er frá Yxnadalsöxl í sjónhending í Hornfellsnípu og þaðan sjónhending í jökul. Hinn umdeildi skáli er sýndur nálægt endimörkum línu þessarar, vestan megin, á svæði, þar sem telja má að sjónhending sé í jökul frá stóra steininum á Yxnadalsöxl. Mjög er á reiki, hvar jökulbrúnin hefst, eins og lesa má úr ofangreindu bréfi Helga Björnssonar. Þá er óvíst, hvar norðurmörk jarðarinnar Hrútafells liggja. Engar heimildir liggja fyrir um, að fé hafi fundið beit á þessu svæði. Í máli þessu er og ágreiningur um staðarmörk sveitarfélaga og mörk milli heimalanda, afrétta og hálendis. Með vísan til þessa og til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, þar

með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps, Magnús B. Eyjólfsson, Valgerður Helga Eyjólfsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir, greiði varnaraðilum óskipt samtals málskostnað í héraði og kærumálskostnað þannig: ferðafélaginu Útivist 120.000 krónur og félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra sameiginlega 120.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 26. nóvember 1993.

Mál þetta er höfðað með stefnu, fram lagðri í dóm 24. júní 1992.

Stefnendur málsins eru hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps, kt. 430169–7349, Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, og eigendur Hrútafells I og II, Austur-Eyjafjallahreppi, þau Magnús B. Eyjólfsson, kt. 190540-4999, Hrútafelli, Valgerður Helga Eyjólfsdóttir, kt. 040734-4579, Brimhólabraut 8, Vestmannaeyjum, og Sigríður Magnúsdóttir, kt. 220615-3599, Bergþórugötu 21, Reykjavík.

Málið er höfðað gegn Jóhönnu Boeskov, kt. 120732-3909, Markarflöt 14, Garðabæ, f.h. ferðafélagsins Útivistar, kt. 420475-0129, Grófinni 1, Reykjavík, félagsmálaráðherra f.h. félagsmálaráðuneytisins, kt. 540169-4119, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, og umhverfisráðherra f.h. umhverfisráðuneytisins, kt. 571189-1519, Vonarstræti 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru eftirfarandi:

1. Að ógiltur verði með dómi úrskurður stefnda félagsmálaráðuneytisins frá 31. desember 1990, en samkvæmt honum var ferðafélaginu Útivist veitt leyfi „til að endurbyggja fjallaskála sinn á Fimmvörðuhálsi á grundvelli 3. mgr. 1. gr. byggingarlaga, sbr. 3. gr. sömu laga“. Þá verði hinu stefnda félagi, ferðafélaginu Útivist, sem byggingarleyfishafa og stefnda umhverfisráðuneytinu, sem nú fer með skipulags- og byggingarmál, gert að þola dóm í framangreinda átt.

2. Að stefnda ferðafélagið Útivist verði dæmt til að flytja umræddan skála af þeim stað á Fimmvörðuhálsi sem hann nú stendur á, að viðlögðum dagsektum, 20.000 krónum á dag, innan hæfilegs frests frá uppsögu dóms, sem þó verði ekki lengri en einn mánuður. Að öðrum kosti verði stefnendum heimilt, að framangreindum fresti liðnum, að láta fjarlægja skálann á kostnað hins stefnda félags.

3. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti. Þá er þess krafist að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu ferðafélagsins Útivistar eru gerðar þær dómkröfur, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnenda og því dæmdur málskostnaður in solidum úr hendi stefnenda auk 24,5% virðisaukaskatts.

Af hálfu stefndu félagsmálaráðherra f.h. félagsmálaráðuneytis og umhverfisráðherra f.h. umhverfisráðuneytis er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá verði stefndu tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 24. júní 1992 var stefnendum veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

– – –

III.

Dómkröfur stefnenda í máli þessu hafa þegar verið raktar. Er málið að meginstefnu til höfðað í því skyni að fá hnekkt úrskurði félagsmálaráðherra frá 31. desember 1990, en samkvæmt honum var ferðafélaginu Útivist veitt leyfi til að „endurbyggja fjallaskála sinn" á Fimmvörðuhálsi.

Kröfugerð stefnenda er grundvölluð á því, að umræddur skáli standi innan landamerkja jarðarinnar Hrútafells í Austur-Eyjafjallahreppi. Í öllu falli hafi það verið á valdsviði hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps að veita leyfi til byggingarframkvæmda á þeim stað sem hér um ræðir.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um hver séu norðurmörk Hrútafells og er ekki loku fyrir það skotið, að hinn umþrætti skáli standi norðan við þau. Þá er það á sama hátt álitaefni, hvort lögsaga hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps nái til þess svæðis sem skálinn stendur á. Varðar málið þannig öðrum þræði ákvörðun staðar- og stjórnsýslumarka sveitarfélags og merkjalínu jarðar gagnvart aðliggjandi landsvæði. Viðurkenning á dómkröfum stefnenda í þessu máli og svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn, fæli það hins vegar í sér, að kveðið yrði á um framangreind álitaefni að hluta til, án þess að málsókninni hafi í upphafi verið markaður sá farvegur og enn fremur án þess að þeim, er hugsanlega hefðu hagsmuna að gæta af

úrlausn þar um, væri sérstaklega gefinn kostur á að gæta réttar síns. Þar sem stefnendur teljast ekki hafa gætt þessara atriða nægilega við höfðun málsins, þykja dómkröfur þeirra að svo komnu ekki tækar til efnislegrar úrlausnar og ber að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Eftir úrslitum málsins verður stefnendum óskipt gert að greiða stefndu málskostnað eins og í úrskurðarorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, þar með talinn útlagður kostnaður við gerð uppdráttar samkvæmt tilmælum dómsins, svo og laun skipaðs talsmanns þeirra, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar til lögmannsins hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af héraðsdómurunum Þorgeiri Inga Njálssyni, Allan V. Magnússyni og Eggerti Óskarssyni.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnendur, hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps, Magnús B. Eyjólfsson, Valgerður Helga Eyjólfsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir, greiði óskipt málskostnað til stefndu þannig: ferðafélaginu Útivist 120.000 krónur og félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra sameiginlega 120.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 26. janúar 1994.

Nr. 14/1994. **Sigurður Ólason og**
Laugakaffi hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Kemikalíu hf.
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Samningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1993, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 10. janúar sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfu varnaraðila um innsetningargerð hafnað. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í samkomulag það, sem innsetningarkrafa varnaraðila byggist á, skortir nauðsynlegar upplýsingar og umfjöllun um veigamikil atriði, sem ágreiningur er um milli aðila. Er réttur varnaraðila samkvæmt samkomulaginu engan veginn svo ótvíræður, að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir innsetningargerð samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og hafna kröfu varnaraðila um innsetningargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og hafnað kröfu varnaraðila, Kemikalíu hf., um innsetningargerð hjá sóknaraðilum, Sigurði Ólasyni og Laugakaffi hf.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 6. þ.m., var tekið til úrskurðar 14. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Kemikalía hf., kt. 550191-1059, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík.

Gerðarþolar eru Sigurður Ólason, kt. 170855-3969, Heiðnabergi 8, Reykjavík, og Laugakaffi hf., kt. 490677-0119, Austurstræti 20, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, að úrskurðað verði, að þrjú hlutabréf, hvert að nafnvirði 100.000 krónur, en samtals að nafnvirði 300.000 krónur, í hlutafélaginu Laugakaffi hf. verði tekin með beinni aðfaragerð úr vörslum gerðarþola, framseld gerðarbeiðanda og fengin Garðari Briem hdl. fyrir hans hönd. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur gerðarþola eru, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að mati dómsins. Þá er þess krafist, fari svo að úrskurður falli gerðarbeiðanda í vil, að ákveðið verði, að málskot til æðra dóms fresti aðfaragerð.

Á aðfararbeiðninni er kröfu um innsetningargerð einnig beint að Gunnlaugi Ragnarssyni, kt. 110743-2899, Rauðarárstíg 41, Reykjavík, og Helga Gunnlaugssyni, kt. 180766-3839, Veghúsum 25, Reykjavík. Við þingfestingu málsins sóttu þeir þing og upplýstu að hvorugur þeirra hefði undir höndum umkrafin hlutabréf. Af hálfu gerðarbeiðanda var þá fallið frá kröfum á hendur þeim.

II.

Málavextir.

Hinn 2. september 1991 undirrita Gunnlaugur Ragnarsson, Helgi Gunnlaugsson og Sigurður Ólason f.h. Laugakaffis hf. svohljóðandi skjal: „Samkomulag: – Milli Gosan hf. kt. 550191-1059 og Laugakaffi hf. kt. 490677-0119 og eigenda þess félags í dag sem eru Helgi Gunnlaugsson kt. 180766-3839 og Sigurður Ólason kt. 170855-3969 og Gunnlaugur Ragnarsson kt. 110743-2899 um eftirfarandi: – 1. Ef til vanskila kemur á skuldabréfi útgefnu dags 02. sept. 1991 kr. 6.000.000,- samþykktu af Laugakaffi hf., þá skuldbinda félagið og eigendur þess sig til að afhenda meirihluta hlutabréfa í Laugakaffi hf. og leigusamning milli Laugakaffis hf. og eigenda Hressingaskálans til Gosan hf., þannig að Gosan hf. fái fullan rétt til þess að yfirtaka rekstur

veitingastaðarins sem rekinn er samkvæmt ofangreindum leigusamningi og sölusamningi milli félaganna. – 2. Ofangreint samkomulag kemur strax til framkvæmda ef vanskil verða meiri en sem nemur tveimur afborgunum og þarf ekki að leita til dómstóla þar um, vegna þess hve veitingarekstur er viðkvæmur atvinnurekstur."

Ofangreindar sex milljónir króna ásamt vöxtum og vísitöluálagi skuldbatt Laugakaffi hf. sig til að endurgreiða með 45 afborgunum á mánaða (sic) fresti, í fyrsta skipti 10. janúar 1992 samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 2. september 1991, dskj. nr. 3. Ekki er deilt um að skuldabréfið hafi verið í vanskilum síðan 10. nóvember 1992.

Með tilkynningu, sem móttekin var 31. desember 1992 hjá Hlutafélagaskrá, var nafni Gosan hf. breytt við sameiningu Kemikalíu hf. og Gosdrykkjaverksmiðju Sanitas hf. (Gosan hf.) í Kemikalíu hf.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er haldið fram að hlutafé Laugakaffis hf. sé 400.000 krónur og hljóði hvert hlutabréf upp á 100.000 krónur. Því leiði af efni samkomulags aðila að gerðarþolum sé skylt að afhenda og framselja gerðarbeiðanda þrjú hlutabréf í félaginu. Hann byggir kröfur sínar á þessu og óumdeildum vanefndum gerðarþola að öðru leyti. Kröfu um málskostnað var af hálfu gerðarbeiðanda ekki talin ástæða til að gera fyrr en ljóst varð að haldið yrði uppi vörnum af hálfu gerðarþola, og á það bent, að málskostnaðarkrafan hafi verið gerð strax í næsta þinghaldi þegar greinargerð gerðarþola var lögð fram og málflutningur hófst.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram að hafna beri kröfum sóknaraðila á hendur gerðarþola, Laugakaffi hf., þegar af þeirri ástæðu að félagið sjálft eigi ekki hlutabréf í félaginu, en kröfum á hendur gerðarþola, Sigurði Ólasyni, beri að hafna þar sem skilmálar svokallaðs „samkomulags" séu bersýnilega svo ósanngjarnir að líta beri fram hjá þeim samkvæmt meginsjónarmiðum ákv. 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 eins og þeim hefur verið breytt. Þá hafi ekki verið gætt eðlilegs jafnræðis með aðilum í viðskiptum þeirra og gerðarbeiðandi sniðgengið eðlilega og venjuhelgaða viðskiptahætti, t.a.m. sé í lausu lofti hvað verði um skuldabréfið, færi svo að hlutabréfin yrðu afhent. Þá sé ljóst að gerðarþola sé ómögulegt að afhenda bréfin vegna skilmála í samþykktum félagsins, m.a. um forkaupsrétt. Staðhæft er að að öllu samanlögðu sé réttur gerðarbeiðanda ekki svo skýr að jafna megi til þess að dómur hafi gengið um hann.

Af hálfu gerðarþola er dregið í efa að rétt framsal hafi farið fram á kröfum Gosan hf. á hendur gerðarþolum til gerðarbeiðanda, og á það bent, að viðskipti Gosan hf. við gerðarþola hafi byggst á samkomulagi aðila um að

Laugakaffi hf. seldi öl og gosdrykki einungis frá Gosan hf. Þá er mótmælt málskostnaðarkröfu gerðarbeiðanda á grundvelli þess að hennar hafi ekki verið getið í aðfararbeiðni. Enn fremur er mótmælt að í loforði gerðarþola um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf. hafi falist loforð um að bréfin yrðu formlega framseld eins og gerðarbeiðandi geri kröfu til.

IV.

Ekki þykir ástæða til að efa það að stjórn Kemikalíu hf., kt. 550191-1059, hafi fulla heimild til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur sem fylgdu og voru yfirteknar þegar samruni félagana Kemikalíu hf. og Gosdrykkjaverksmiðjunnar Sanitas hf. (Gosan hf.) átti sér stað 31. desember 1992 með þeim hætti að Kemikalíu hf. var slitið og réttindi þess og skyldur gengu inn í Gosan hf. skv. 126. gr. laga nr. 32/1978 en nafni hins sameinaða félags breytt í Kemikalíu hf., sbr. dskj. 8.

Eins og greint hefur verið frá, er brigðakrafa gerðarbeiðanda byggð á loforði gerðarþola um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf., færi svo að tvær afborganir af skuldabréfi, sem gefið var út í tilefni af sex milljón króna láni gerðarbeiðanda til gerðarþola, gjaldféllu án greiðslu, en staðhæft er af hálfu gerðarbeiðanda án andmæla gerðarþola að hlutabréf félagsins séu fjögur að tölu, hvert 100.000 krónur að nafnviði.

Kröfum gerðarbeiðanda hefur verið andmælt af hálfu gerðarþola á þeim forsendum að réttur gerðarbeiðanda sé reistur á löggerningi sem sé ógildur og óframkvæmanlegur. Á þau andmæli gerðarþola er ekki fallist þar sem telja verður að loforði gerðarþola frá 2. september 1991 um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf., eins og þar segir, verði ekki vikið til hliðar sem ógildu frá upphafi. Og þar sem loforðinu hefur ekki verið hnekkt með löglegum hætti verður að byggja á því. Í annan stað hefur af hálfu gerðarþola ekki fortakslaust verið neitað að umrædd hlutabréf í Laugakaffi hf. kunni ekki að vera í vörslum gerðarþola Sigurðar Ólasonar eða í vörslum gerðarþola Laugakaffis hf., þó að félagið eigi þau ekki. Þykir því mega viðurkenna rétt gerðarbeiðanda til að taka úr vörslum gerðarþola umkrafin hlutabréf, eins og þeim er lýst í aðfararbeiðninni, jafnframt því að þau verði árituð um framsal „þannig að Gosan hf. fái fullan rétt til þess að yfirtaka rekstur veitingastaðarins“ eins og segir á dskj. nr. 2 og rakið hefur verið hér að framan fullum stöfum.

Krafa gerðarþola um, að málskot úrskurðar þessa til æðra dóms fresti aðfarargerð, er ekki tekin til greina, þar eð hér er einungis um fjárhagslega hagsmuni að ræða, en greiðslugeta gerðarbeiðanda hefur ekki verið dregin í efa.

Gerðarþolar greiði in solidum gerðarbeiðanda 40.000 krónur í máls-

kostnað, en telja verður, að krafan um málskostnað hafi verið gerð, jafnskjótt og tilefni gafst til þess.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðanda, Kemikalíu hf., til að þrjú hlutabréf í Laugakaffi hf., hvert að nafnvirði 100.000 krónur, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola Sigurðar Ólasonar og gerðarþola Laugakaffis hf., framseld gerðarbeiðanda og fengin Garðari Briem héraðsdómslögmanni fyrir hönd gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan gerðarbeiðanda 40.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 28/1994. **Glitnir hf.**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Framkvæmdasjóði Íslands
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Eignarréttur. Veð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 18. s.m. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og frumvarpi sýslumannsins á Selfossi að úthlutun uppboðsandvirðis JCB Loadall 525 HL lyftara úr þrotabúi Smára hf. verði breytt þannig, að 2.070.000 krónur af uppboðsandvirðinu renni til hans í stað varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Fyrir héraðsdómi gaf skýrslu Gylfi Þór Rútsson, sem var starfsmaður sóknaraðila, er viðskipti þau, sem um er fjallað í málinu, áttu sér stað. Kveður hann forsvarsmenn Smára hf. hafa leitað til sín vegna kaupa á lyftara vorið 1990 og falast eftir fjármögnun sóknaraðila til kaupanna. Málaleitun þessi hafi verið samþykkt með því skilyrði, að hluti kaupverðs lyftarans kæmi frá Smára hf. og eigendur félagsins tækjust á hendur persónulega greiðsluábyrgð á kaupverði hans að öðru leyti. Er gengið hafði verið frá kaupum á lyftaranum við Glóbus hf., hafi Smári hf. fengið umráð hans. Til hafi staðið að gera kaupleigusamning um lyftarann við Smára hf., en þegar til kom, hafi greiðsluábyrgð eigenda félagsins ekki fengist. Hafi þá verið brugðið á það ráð af hálfu sóknaraðila, að Smári hf. gæfi út

þau tvö skuldabréf í erlendum gjaldeyri, sem kröfur sóknaraðila í málinu byggjast á. Gert hafi verið ráð fyrir því, að Smári hf. yrði eigandi lyftarans, er umræddum skuldabréfum hefði verið þinglýst, en frá formlegri eignarheimild hafi ekki verið gengið.

II.

Kaupverð lyftarans virðist hafa numið 4.500.000 krónum. Samkvæmt gögnum málsins greiddi Smári hf. 1.800.000 krónur af kaupverðinu 3. maí 1990 með því að afhenda Glóbusi hf. eldri lyftara, er félagið átti, og 7. s.m. 600.000 krónur með víxli. Kaupverðið að öðru leyti, 2.100.000 krónur, innti sóknaraðili af hendi til Glóbusar hf. 4. s.m. með gírógreiðslu. Neðanmáls á gíróseðilinn undir yfirskriftinni „skýring greiðslu“ er skráð: „Greiðsla vegna Smára hf.“

Samkvæmt framansögðu og öðru því, sem fram kemur í hinum kærða úrskurði um viðskipti sóknaraðila og Smára hf. varðandi kaup á umræddum lyftara, hefur sóknaraðila ekki tekist sönnun þess, að svo hafi um samist, að hann eignaðist lyftarann. Þvert á móti eru ekki efni til að álykta á annan veg en að Smári hf. hafi öðlast eignarumráð yfir lyftaranum þegar við kaup hans af Glóbusi hf. og að hlutur sóknaraðila í viðskiptum þessum hafi eingöngu verið peningalán til Smára hf. vegna kaupanna. Veðsetning lyftarans af hálfu Smára hf. í þágu varnaraðila var því gild gagnvart sóknaraðila, og vísast til forsendna héraðsdómara um þann þátt málsins.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði eru málsaðilar ranglega nefndir stefnandi og stefndi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Glitnir hf., greiði varnaraðila, Framkvæmdasjóði Íslands, 100.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. desember 1993.

Mál þetta barst Héraðsdómi Suðurlands 16. febrúar sl. með bréfi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl. f.h. Glitnis hf., dagsettu 15. febrúar sl., þar sem því er lýst að Glitnir hf. geti ekki fallist á frumvarp til úthlutunar á uppboðsandvirði JCB Loadall 525 HL lyftara úr þrotabúi Smára hf., en kröfu Glitnis hf. um breytingu á frumvarpinu var hafnað á fundi hjá uppboðshaldara þann 15. janúar sl. Málið var fyrst tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 21. júní sl. en var endurupptekið þann 25. ágúst með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991. Fór fram frekari gagnaöflun og var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju að loknum munnlegum málflutningi þann 25. október sl. Þrátt fyrir það að lengri tími er liðinn en áskilinn er í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, eru lögmenn aðila og dómari á einu máli um að ekki sé þörf á endurflutningi málsins.

Dómkröfur.

Af hálfu Glitnis hf. eru gerðar þær dómkröfur að úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dags. 15. janúar 1993, varðandi JCB Loadall 525 B4 HL lyftara, serialnr. 563814, sem seldur var á nauðungaruppboði 28. febrúar 1992, verði breytt á þann veg, að þeir fjármunir sem samkv. úthlutunargerðinni eigi að renna til stefnda, Framkvæmdasjóðs Íslands, gangi í stað þess til Glitnis hf. Þá er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun samkvæmt mati réttarins.

Stefndi, Framkvæmdasjóður Íslands, gerði þær dómkröfur, að úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dags. 15. janúar 1993, varðandi JCB Loadall 525 B4 HL-lyftara, vinnuvélarnr. JF-0001 verði staðfest. Þá er gerð krafa um að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts.

Málavextir.

Á opinberu nauðungaruppboði, er fram fór í Þorlákshöfn 28. febrúar 1992, voru seldir munir í eigu þrotabús Smára hf. Meðal þess, sem selt var samkvæmt uppboðsauglýsingu, var lyftari, tegund JCB Loadal 525 B4 HL. Lyftari þessi var seldur hæstbjóðanda fyrir kr. 2.310.000,00. Með bréfi, dagsettu 28. febrúar, lýsti Framkvæmdasjóður Íslands kröfu í uppboðsandvirðið, að fjárhæð kr. 16.521.555,00. Krafan byggðist á veðskuldabréfi, út gefnu 13. júlí 1990 og mótteknu til þinglýsingar samdægurs, upphaflega að fjárhæð USD 238.297,87, en samkvæmt bréfinu veðsetti Smári hf. Framkvæmdasjóði Íslands ýmsa lausafjármuni og meðal þeirra er talinn „JCB Loadall 525-67, lyftari, vinnuvélarnr. JF-0001, seriunr. 525-67/563815". Í kröfulýsingarbréfinu er því jafnframt mótmælt að Glitnir hf. eigi nokkur

þau veðréttindi í hinum selda lyftara samkvæmt veðbréfi, þinglýstu 12.09. 1990, er gangi fyrir framangreindum 1. veðrétti Framkvæmdasjóðs Íslands.

Með bréfi, dagsettu 9. mars, lýsti Glitnir hf. kröfu í uppboðsandvirðið, að fjárhæð kr. 3.298.588,00. Ekki var þess getið í kröfulýsingunni við hvað hún styddist, en ætla verður að hún hafi byggst á þeim tveim skuldabréfum er fylgdu kröfulýsingunni. Veðskuldabréf þau, er fylgdu kröfulýsingunni, sem út gefin voru 7. september 1990 af Smára hf. og móttekin voru til þinglýsingar þann 18. september 1990, voru upphaflega að fjárhæð DEM 30.294,46 og USD 18.051,20. Samkvæmt veðskuldabréfum þessum var Glitni hf. veðsett með fyrsta veðrétti „JCB Loadall 525 B4 HL lyftara m. serialnúmeri 563814".

Þann 2. apríl 1992 var málsaðilum sent frumvarp að úthlutunargerð. Samkvæmt frumvarpinu skyldi uppboðsandvirðið, að frádregnum kostnaði, renna til Framkvæmdasjóðs Íslands vegna fyrrgreinds veðbréfs.

Af hálfu Glitnis hf. var með bréfi, dagsettu 24. apríl 1992, gerð krafa um það að úthlutunargerðinni yrði breytt á þann hátt að uppboðsandvirðið, að frádregnum kostnaði, rynni óskipt til Glitnis hf.

Þann 15. janúar 1993 var haldinn fundur á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi vegna fyrrgreindra mótmæla af hálfu Glitnis hf. Var þá lýst þeirri ákvörðun sýslumanns að frumvarpið skyldi standa óbreytt. Var því þá lýst yfir af hálfu Glitnis hf. að ekki yrði á þá ákvörðun fallist og leitað yrði úrlausnar héraðsdóms Suðurlands.

Upplýst er að Smári hf. átti eldri lyftara af sömu gerð og lyftara þann sem seldur var á uppboðinu 28. febrúar 1992, en það er nýrri lyftarinn, sem er andlag deilu þeirrar sem fjallað er um í máli þessu. Smári hf. samdi við stefnanda máls þessa, Glitni hf., um fjármögnun á nýjum lyftara af sömu gerð. Var upphaflega gert ráð fyrir því að um kaupleigusamning yrði að ræða. Þó yrði þarna hlutafjármögnun þannig, að hluti af fjármagninu til lyftarakaupanna kæmi frá Smára hf. Jafnframt gerði Glitnir hf. kröfu til þess, að til baktryggingar kæmu persónulegar ábyrgðir eigenda Smára hf. Þegar gengið var frá kaupunum á lyftaranum tók seljandi lyftarans, Globus hf., eldri lyftarann upp í kaupin, að því er virðist á kr. 1.800.000,00. Globus hf. gaf út kvittanir fyrir andvirði lyftarans 8. og 9. maí 1990 og voru þær stílaðar á Smára hf. Ljóst er þó, að kr. 2.100.000,00 voru greiddar inn á reikninginn af Glitni hf. Þann 13. júní 1990 er innborgunarfjárhæðin síðan millifærð af viðskiptareikningi Smára hf. hjá Globusi hf. og yfir á Glitni hf., að því er virðist samkv. fram lögðu viðskiptayfirliti.

Smári hf. virðist hafa fengið nýja lyftarann í hendur þegar gengið hafði verið frá greiðslum til Globusar hf. Ekkert varð þó af því að kaupleigu-

samningur yrði gerður milli Glitnis hf. og Smára hf., þar sem ekki náðist samkomulag milli fyrirtækjanna um skilmála. Var síðar ákveðið að fyrirgreiðsla Glitnis hf. til Smára hf. yrði í því formi að hluti Glitnis hf. yrði fjármagnaður með erlendu lánsfé og myndi Smári hf. gefa út tvö skuldabréf fyrir lánsfjárhæðinni og yrði helmingur lánsins í USD en hinn helmingurinn í DEM. Ekki var þó gengið endanlega frá kaupunum fyrr en 7. september 1990 og voru bréfin þá gefin út og voru þau móttekin til þinglýsingar 12. september og innfærð 18. september 1990, án athugasemdar.

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Smári hf. hafi ekki verið eigandi að lyftaranum er veðsetningin til stefnda fór fram og stefndi hafi því ekki öðlast neinn veðrétt í lyftaranum sem hafi á þeim tíma verið eign stefnanda. Byggir hann það á því að forsvarsmenn Smára hf. hafi óskað eftir því við stefnanda að hann keypti tiltekinn lyftara af Globusi hf. og leigði hann síðan til Smára hf. með kaupleigusamningi. Stefnandi hafi í framhaldi af því keypt lyftarann og hafi hann verið afhentur Smára hf. Það hafi síðan dregist að gengið væri frá kaupleigusamningnum. Síðan hafi verið horfið frá því að gera slíkan samning en ákveðið að gera lánssamning milli aðila í stað kaupleigusamnings og í framhaldi af því hafi Smári hf. gefið út 2 skuldabréf til stefnanda sem móttekin voru til þinglýsingar þann 12. september 1990 og færð athugasemdalaust inn í þinglýsingabók þann 18. sama mánaðar. Þegar skuldabréfið til Framkvæmdasjóðs Íslands var gefið út hafi stefnandi verið eigandi að lyftaranum og Smára hf. því óheimilt að veðsetja hann og stefndi í máli þessu hafi ekki getað öðlast neinn rétt yfir lyftaranum við útgáfu þess veðbréfs. Á stefnanda hvíli engin skylda að þinglýsa eignarréttarkaupsamningum. Þá sé serialnúmer lyftarans í veðbréfi stefnda annað en lyftarans sem seldur var á uppboðinu og því hafi stefndi ekki veð í þeim lyftara sem hér er fjallað um.

Þá byggir stefnandi kröfu sína á því að tilgreining hins veðsetta lyftara í veðbréfi stefnda hafi ekki verið nægilega glögg til þess að sérgreina mætti hið veðsetta og bendir að auki á að í veðbréfinu sé serialnúmer lyftarans rangt.

Stefndi styður kröfu sína um staðfestingu á úthlutunargerðinni þeim rökum að veðskjali stefnda sé þinglýst án athugasemdar 2 mánuðum á undan veðskjölum stefnanda og hafi hún því fullt gildi gagnvart stefnanda skv. III. kafla laga nr. 39/1978.

Þá telur stefndi að innfærsla sýslumannsins á Selfossi og tilgreining í veðmálabókum sé fullnægjandi og í samræmi við 9. gr. l. nr. 39/1978 til að sér-

greina lyftarann. Er því mótmælt að stafvilla í serialnúmeri lyftarans í veðbréfi stefnda hafi nokkur þau áhrif á gildi veðbréfs er varði því að það glati réttarvernd gagnvart veðbréfum stefnda.

Loks telur stefndi að sú málsástæða stefnanda, að lyftarinn hafi ekki verið í eigu Smára hf. er veðsetning lyftarans átti sér stað, sé ekki studd fullnægjandi gögnum. Lyftarinn hafi verið í vörslum Smára hf. og í notkun hjá fyrirtækinu. Skriflegur kaupsamningur hafi ekki legið fyrir, en stefndi telur að án efa hafi komist á munnlegur samningur um kaup Smára hf. á lyftaranum. Hafi verið um formlega vanheimild að ræða er veðsetningin til stefnda fór fram, hafi verið úr þeirri vanheimild bætt er formlega var gengið frá kaupunum og Smári hf. gaf út veðskjölin til stefnanda í september 1990.

Niðurstaða.

Deila sú, sem hér er til umfjöllunar, lýtur að forgangsröð veðréttinda. Annars vegar er um að ræða veðbréf, út gefið 13. júlí 1990 af stjórn Smára hf., þar sem Framkvæmdasjóði Íslands er sett að veði fyrir láni að fjárhæð USD 238.297,87 með 6. veðrétti lóð fiskeldisstöðvar Smára hf. ásamt mannvirkjum og búnaði. Að auki er veðsett með 1. veðrétti lausafé samkvæmt viðfestum lista. Á lista þessum er meðal annars talið „JCB Loadall 525-67 lyftari, vinnuvélarnúmer JF-0001, seriunr. 525-67/563815". Veðbréf þetta var móttekið til þinglýsingar af sýslumanninum í Árnessýslu 13. júlí 1990 og innfært í þinglýsingabók 16. júlí 1990 án athugasemdar. Hins vegar er um að ræða tvö veðbréf, annað að fjárhæð USD 18.051,20, en hitt að fjárhæð DEM 30.294,46. Bæði eru veðbréfin út gefin 7. september 1990 fyrir hönd Smára hf. Með bréfunum er Glitni hf. veðsett með 1. veðrétti, samhliða hvort öðru, „JCB Loadall 525 B4 HL lyftari m. serialnúmeri 563814". Veðbréf þessi voru móttekin til þinglýsingar af sýslumanninum í Árnessýslu 12. september 1990 og innfærð í þinglýsingabók 18. september 1990, án athugasemdar.

Hvað varðar tilgreiningu hins veðsetta verður að leggja til grundvallar mat þinglýsingadómara, en hann hefur metið tilgreininguna nægilega og fært veðsetninguna inn í veðmálabækur. Við veðsetningu Framkvæmdasjóðs er hinn veðsetti lyftari skráður í veðmálabækur sem „JCB Loadall liftari (sic)" þrátt fyrir það að tilgreiningin í veðbréfinu sé ítarlegri. Verður að byggja á því að samkvæmt mati þinglýsingadómara hafi þarna verið um nægilega tilgreiningu að ræða, enda átti veðhafi ekki möguleika á að segja þinglýsingadómara fyrir verkum með það, á hvern hátt hann tilgreindi hið veðsetta í veðmálabókum. Þar sem þinglýsingadómari kaus að nota ekki „serial"-númer lyftarans til tilgreiningar á honum, verður ritvilla í núm-

erinu ekki þess valdandi að hægt sé að telja að ekki hafi stofnast veðréttur í hinum margnefnda lyftara. Þá ber á það að líta að á þessum tíma var ekki um að ræða nema einn lyftara af þessari gerð í vörslum Smára hf. Verður að telja að í samræmi við meginreglu 15. gr. laga um þinglýsingu nr. 39/1978 gangi veðréttur Framkvæmdasjóðs Íslands skv. veðbréfinu, er móttekið var til þinglýsingar 13. júlí 1990, fyrir veðrétti Glitnis hf. samkvæmt veðbréfunum tveim er móttekin voru til þinglýsingar 12. september 1990.

Stefnandi rökstyður kröfu sína aðallega með því að Smári hf. hafi ekki verið eigandi lyftarans er veðsetningin fór fram. Glitnir hafi verið eigandi lyftarans og því hafi Smára hf. verið óheimilt að veðsetja hann. Hér er um lausafé að ræða, sem ekki er skráningarskylt. Verður að líta svo á að handhöfn hins veðsetta af hálfu veðsala sé nægileg heimild til þess að veðhafi öðlist þann rétt, er veðbréfið kveður á um, enda sé veðhafi í góðri trú. Þá ber þess að gæta, að fyrir liggur, að við kaup á lyftaranum var verulegur hluti kaupverðsins greiddur af veðsala og einnig að stefnandi máls þessa hefur með höndum þá fjármálastarfsemi að annast fjármögnun á slíkum kaupum, ýmist með kaupleigusamningum, með lánveitingum eða milligöngu um slíkar lánveitingar. Verður að telja rétt, að hann beri því hallann af því, ef eitthvað fer úrskeiðis, þar sem það var í hans verkahring að ganga tryggilega frá skjölum í sambandi við þessa eignayfirfærslu. Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, verður að synja kröfu stefnanda, Glitnis hf., um breytingu á úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi, dagsettri 15. janúar 1993, og ber að staðfesta hana. Stefnandi greiði stefnda, Framkvæmdasjóði Íslands, málskostnað sem ákveðst kr. 300.000,00.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er úthlutunargerð sýslumannsins á Selfossi frá 15. janúar 1993, þar sem úthlutað er kr. 2.070.000,00 upp í kröfu Framkvæmdasjóðs Íslands samkv. veðbréfi, út gefnu 13. júlí 1990. Stefnandi, Glitnir hf., greiði stefnda, Framkvæmdasjóði Íslands, kr. 300.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 31/1994. **Landsbanki Íslands**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Borgþóri Jónssyni
(Atli Gíslason hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Veð. Óðalsréttur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. janúar 1994, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að hrundið verði þeirri ákvörðun sýslumannsins á Seyðisfirði 1. október 1993 að stöðva nauðungarsölu jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Þegar varnaraðili hér fyrir dómi mótmælti framgangi nauðungarsölu á Hvammi í Vallahreppi 1. október 1993, lagði hann fram bréf til sýslumanns, dags. 30. september 1993, þar sem segir svo: „Leitað mun verða nú þegar til héraðsdóms Austurlands um úrlausn á réttmæti fyrrnefndrar veðsetningar og þar með heimildar Landsbanka Íslands til þess að krefjast nauðungarsölu á óðalsjörðinni Hvammi í Vallahreppi, og er þess því krafist, að nauðungarsölumeðferð verði frestað, þar til niðurstaða héraðsdóms liggur fyrir.“ Í bókun sýslumanns segir: „Aðgerðir við nauðungarsölu þessa eru stöðvaðar, uns niðurstaða er fengin um þrætuna hjá Héraðsdómi Austurlands.“ Í greinargerð sinni til héraðsdómara 7. október 1993 lýsti sýslumaður því, að ákvörðun sín um frestun hefði byggst á vafa um nauðungarsöluheimild sóknaraðila. Líta verður svo á, að sýslumaður hafi með þessu í raun tekið ákvörðun um, að nauðungarsala færi ekki fram,

sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991. Sóknaraðili samþykkti 26. október, að „leitað verði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns".

Skilja verður kröfugerð og málflutning sóknaraðila svo, að hann haldi ekki til streitu andmælum gegn því, eins og gert var í greinargerð hans í héraði, að í málinu verði fjallað um gildi veðsetningar í jörðinni samkvæmt veðskuldabréfi frá 7. september 1990, enda verður eigi kveðið á um framgang uppboðsins án þess að meta gildi uppboðsheimildarinnar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þegar litið er til aðdraganda máls þessa og þáttar varnaraðila í því, þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Hæstarétti hafa borist kærumálsgögn í fjórum heftum. Frágangi er ábótavant að því leyti, að fjöldi þeirra er í tveimur eintökum á mismunandi stöðum í heftunum, og er framsetningin ruglingsleg.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 31. desember 1993.

I.

Föstudaginn 31. desember 1993 er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem haldið er í skrifstofu dómsins að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Bernhard Bogasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Z-2/1993: Úrlausn um réttmæti nauðungarsölumeðferðar jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 3. desember sl.

II.

Dómkröfur.

Sóknaraðili málsins, Landsbanki Íslands, Egilsstöðum, kt. 660177-1249, hefur í máli þessu gert þær kröfur að ómerkt verði með úrskurði dómsins sú ákvörðun sýslumannsins á Seyðisfirði að stöðva nauðungarsölumeðferð jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi og að í úrskurði verði kveðið á um að veðskuldabréf, út gefið 7. september 1990 af Borgþóri Jónssyni með veði í

nauðungarsöluandlaginu, sé gild nauðungarsöluheimild. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Varnaraðili málsins, Borgþór Jónsson, kt. 060757-4459, Hvammi, Vallahreppi, S.-Múlasýslu, hefur gert þær kröfur, að nauðungarsölumeðferð jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi verði felld niður með úrskurði dómsins og að í úrskurði verði kveðið á um að veðsetning jarðarinnar til handa sóknaraðila skv. veðskuldabréfi því, er Borgþór Jónsson gaf út 7. september 1990, sé ógild. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

III.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að jörðin Hvammur í Vallahreppi var gerð að óðalsjörð með yfirlýsingu Þórðar Helgasonar, dagsettri 9. júlí 1956. Með skiptagerð, dagsettri 2. janúar 1986, varð Borgþór Jónsson óðalsréttarhafi jarðarinnar en Borgþór er dóttursonur óðalsstofnanda, Þórðar Helgasonar. Upplýst er í málinu að á jörðinni var stundaður hefðbundinn kvikfjárbúskapur en þann 15. apríl 1986 lagði Borgþór Jónsson niður þann búskap og seldi Framleiðnisjóði landbúnaðarins ærgildi jarðarinnar. Hafði Borgþór þá í hyggju að hefja loðdýrarækt en ekkert varð úr því. Á árinu 1993 gerði Borgþór Jónsson samning við Héraðsskóga um nytjaskógrækt á jörðinni.

Þann 7. september 1990 gaf Borgþór Jónsson út veðskuldabréf til Samvinnubanka Íslands með veði í óðalsjörðinni. Bréfinu var þinglýst athugasemdalaust hjá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu þann 10. september 1990. Þann 31. ágúst 1990, þegar lánsumsókn Borgþórs Jónssonar var til skoðunar hjá Samvinnubankanum, hafði verið gefið út veðbókarvottorð jarðarinnar hjá sama embætti þar sem ekki kom fram að um óðalsjörð væri að ræða, og liggur afrit þess vottorðs frammi í máli þessu. Ekki er upplýst í hvaða skyni varnaraðili tók ofangreint lán hjá Samvinnubankanum.

Þann 24. september 1991 setti sóknaraðili máls þessa fyrst fram beiðni um uppboð á jörðinni á grundvelli þess ákvæðis veðskuldabréfsins, sem kveður á um, að ef vanskil verði á bréfinu, megi selja veðið á nauðungaruppboði án frekari fyrirvara. Sú uppboðsmeðferð féll niður. Þann 15. desember 1992 setti sóknaraðili máls þessa fram beiðni um nauðungarsölu jarðarinnar á sama grundvelli. Við meðferð þeirrar beiðni hjá sýslumanninum á Seyðisfirði þann 1. október sl. var svohljóðandi bókun færð í gerðabók:

Gerðarþoli er sjálfur mættur ásamt lögmanni sínum, Bjarna G. Björgvinssyni hdl. Þeim eru kynnt framlögð gögn. Hilmar Gunnlaugsson stud.

junis. (sic) *f.h. Sveins Hauks Valdimarssonar hrl., v/Landsbanka Íslands, Egilsstöðum, krefst sölu og að byrjað verði uppboð á eigninni. Bjarni G. Björgvinsson hdl. mótmælir framgangi uppboðsins og vísar til 2. og 3. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og krefst þess að aðgerðir við nauðungarsölu verði stöðvaðar og að leitað muni verða úrlausnar héraðsdóms um réttmæti nauðungarsölu á óðalsjörðinni Hvammi í Vallahreppi. . . .*

Var síðan lögð fram greinargerð Bjarna G. Björgvinssonar hdl. en því næst bókaði sýslumaður eftirfarandi:

. . . Aðgerðir við nauðungarsölu þessa eru stöðvaðar uns niðurstaða er fengin um þrætuna hjá Héraðsdómi Austurlands. Gísli M. Auðbergsson lögfræðingur óskar þess nú að verða bókaður mættur f.h. Ingibjargar Þórðardóttur. Hann kveðst mótmæla framkvæmd gerðarinnar og vísar aðallega til 2. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991. . . .

Þann 7. október sl. barst dóminum síðan bréf Bjarna G. Björgvinssonar hdl. f.h. Borgþórs Jónssonar, þar sem þess var krafist að nauðungarsölumeðferðin yrði felld niður með úrskurði dómsins og jafnframt að dæmd yrði ómerk sú veðsetning jarðarinnar sem nauðungarsölumeðferðin var grundvölluð á. Sama dag barst greinargerð sýslumannsins á Seyðisfirði skv. 6. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Þann 26. október sl. barst dóminum bréf Sveins Hauks Valdimarssonar hrl. f.h. gerðarbeiðandans, Landsbanka Íslands, þar sem samþykkt var að leitað yrði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns. Dómurinn boðaði þá til þinghalds skv. 3. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 eftir að hafa ákveðið að Landsbanki Íslands skyldi vera sóknaraðili máls þessa en Borgþór Jónsson varnaraðili. Jafnframt var skiptastjóra þrotabús Borgþórs Jónssonar tilkynnt um þinghaldið og Gísla M. Auðbergssyni lögfræðingi vegna Ingibjargar Þórðardóttur o.fl., þar sem hann hafði mætt við nauðungarsölumeðferðina og haft þar uppi kröfu. Ekki voru gerðar kröfur í máli þessu af hálfu þessara aðila en skiptastjóri þrotabúsins upplýsti dóminn um að skiptameðferð þrotabús Borgþórs Jónssonar hefði verið lokið, með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem engar eignir hefðu fundist í búinu, og er afrit skiptalokaauglýsingar meðal gagna málsins. Jafnframt kvað skiptastjórinn það hafa verið afstöðu búsins að jörðin Hvammur væri ekki eign búsins þar sem um óðalsjörð væri að ræða.

Í þinghaldi þann 10. nóvember sl. settu aðilar fram framangreindar kröfur auk þess sem sóknaraðili krafðist þess að varnaraðili setti fram málskostnaðartryggingu honum til handa. Varnaraðili mótmælti þeirri kröfu og var henni hafnað með úrskurði dómsins sama dag. Aðilar lögðu síðan fram

greinargerðir í þinghaldi þann 3. desember sl. og var málið munnlega flutt sama dag.

IV.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að veðskuldabréf það, er varnaraðili gaf út 7. september 1990, sé gild nauðungarsöluheimild skv. ákvæðum bréfsins, sem vísa til þágildandi uppboðslaga nr. 57/1949, sbr. nú 2. tl. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 2. mgr. 98. gr. sömu laga. Þá byggir sóknaraðili á því, að 57. gr. jarðalaga nr. 65/1976 beri að skýra þröngt. Þar sem ekki sé kveðið á um bann við öðrum veðsetningum í ákvæðinu en þar eru tilgreindar, verði að telja að aðrar veðsetningar séu heimilar. Sóknaraðili hefur enn fremur byggt á því, að varnaraðili hafi fyrirgert óðalsrétti sínum, sbr. a- og b-lið 68. gr. jarðalaga nr. 65/1976, og því sé veðskuldabréf máls þessa fullgild heimild til að knýja fram nauðungarsölu á jörðinni Hvammi.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að 57. gr. jarðalaga nr. 65/1975 hafi að geyma tæmandi talningu þeirra aðila sem óðalsréttarhafi getur veitt veð í óðalsjörð til tryggingar skuldum. Veðsetning til Landsbanka Íslands sé því ekki gild og bankinn geti ekki knúið fram nauðungarsölu á eigninni á grundvelli þeirrar veðsetningar. Varnaraðili byggir einnig á því að ákvæði 60. gr. jarðalaga, sem kveður m.a. á um, að unnt sé að selja ættaróðal til lúkningar áhvílandi veðskuldum, eigi einungis við um þær skuldir, sem heimilað er skv. 57. gr. jarðalaga, að tryggja með veði í ættaróðulum. Þá byggir varnaraðili á því, að hann hafi ekki fyrirgert óðalsrétti sínum. Gjaldþrot hans sjálfs leiði ekki til þess og þá hafi til þess bærir stjórnsýsluaðilar engan reka gert að því að fella óðalsréttinn niður vegna annarra atvika.

V.

Forsendur og niðurstaða.

Sóknaraðili máls þessa hefur m.a. byggt málatilbúnað sinn á því að varnaraðili hafi fyrirgert óðalsrétti sínum.

Þótt óðalsbóndi fyrirgeri óðalsrétti sínum verður ekki talið að þar með leysist óðalið frá óðalsákvæðum jarðalaga nr. 65/1976. Í slíkum tilvikum hvílir hins vegar sú skylda á viðeigandi stjórnsýsluaðilum að hafast að til að stuðla að áframhaldandi byggingu óðalsins.

Með hliðsjón af ofangreindu, kröfugerð sóknaraðila og með skírskotun til 2. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu verður að telja að úrlausn máls þessa lúti að ákvörðun sýslumannsins á Seyðisfirði frá 1. október 1990 og því, hvort veðskuldabréf það, sem nú er í eigu Landsbanka Íslands eftir samruna Samvinnubanka Íslands við þann banka, sé fullgild heimild til

að krefjast nauðungarsölu á jörðinni Hvammi, en jörðin lýtur ákvæðum VI. kafla núgildandi jarðalaga.

Samkvæmt 57. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er óðalsbónda heimilt að taka lán með veði í óðali til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Telja verður að um sé að ræða tæmandi talningu á þeim aðilum sem óðalsbónda er heimilt að veita veð í óðalsjörð.

Samkvæmt 60. gr. jarðalaga má eigi gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Samkvæmt 47. gr. jarðalaga verður jörð ekki gerð að ættaróðali, hvíli aðrar skuldir á jörðinni en þær, sem framangreind 57. gr. jarðalaganna vísar til. Því verður að telja að með áhvílandi veðskuldum í 60. gr. sé einungis átt við þær skuldir, sem heimilt er, að hvíli á jörðinni við stofnun óðalsins, og þær skuldir, sem síðar er hægt að tryggja með veði í jörðinni.

Nefndar greinar jarðalaganna takmarka eignarráð óðalsbónda yfir óðalsjörð. Síðan lög voru fyrst sett um óðalsjarðir hér á landi hafa verið í gildi takmarkanir á heimildum óðalsbónda til veðsetningar óðalsjarðar. Áður voru takmarkanirnar með þeim hætti, að veðskuldir máttu ekki fara yfir ákveðið hámark. Með lögum nr. 16/1950, er breyttu lögum nr. 116/1943 um ættaróðul o.fl., var þessu breytt þannig, að heimilt var að taka lán hjá tilteknum lánastofnunum. Sýnt þykir af ákvæðum nú- og áðurgildandi laga um óðul og frumvörpum með þeim, að tilgangur löggjafans með þessum takmörkunum hafi verið að tryggja að ekki söfnuðust upp óheyrilegar veðskuldir á óðalsjarðir, svo að búrekstur á þeim myndi ekki bera sig. Telja verður, að stefnt hafi verið að því, að reglur um lánastofnanir þær, sem heimilt er að veita veð í óðalsjörð, myndu veita nauðsynlegt aðhald í þá átt, að ekki yrði um óheyrilegar veðskuldir að ræða og að lánin yrðu tekin í því skyni sem núgildandi 57. gr. jarðalaga vísar til. Þá verður að telja að ætlun löggjafans varðandi óðalsjarðir almennt hafi verið að stuðla að áframhaldandi byggingu jarða í sveitum og að reyna að tryggja, að óðalsjarðirnar gengju mann fram af manni í sama ástandi, enda hefur verið litið svo á að óðalsjörð megi líkja við sjálfseignarstofnun í umráðum óðalsbónda, eins og fram kemur í frumvarpi til laga um ættaróðul o.fl. er varð að lögum nr. 102/1962. Ákvæði þeirra laga um óðalsjarðir voru síðan tekin upp lítið breytt í núgildandi jarðalögum.

Þótt búskaparhættir og aðstæður landbúnaðarins hafi breyst mikið hafa lagaákvæði um óðalsjarðir ekki tekið teljandi breytingum á síðustu áratug-

um og ofangreindar takmarkanir eru því enn í gildi. Því verður að telja að varnaraðila máls þessa hafi verið óheimilt að semja við Samvinnubanka Íslands um, að bankinn gæti látið selja jörðina Hvamm við opinbert uppboð til fullnustu skuldar varnaraðila við bankann, yrði ekki staðið í skilum með greiðslur skuldarinnar. Vegna þessarar vanheimildar og með skírskotun til 60. gr. jarðalaga nr. 65/1976 verður því að telja, að veðskuldabréf það, sem um ræðir í máli þessu, sé ekki gild heimild til að krefjast nauðungarsölu á jörðinni Hvammi í Vallahreppi. Staðfesta ber þá ákvörðun sýslumannsins á Seyðisfirði að stöðva nauðungarsölu jarðarinnar og rétt er að nauðungarsölumeðferðin falli niður.

Rétt þykir að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins á Seyðisfirði hinn 1. október 1993 um að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Hvammi í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu.

Veðskuldabréf, út gefið af Borgþóri Jónssyni hinn 7. september 1990 til Samvinnubanka Íslands með veði í jörðinni Hvammi, er ekki gild heimild til að krefjast nauðungarsölu jarðarinnar.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 406/1991. **Hörður Már Harðarson**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Ágústi Garðarssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Sönnun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1991. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. maí 1990 seldi áfrýjandi stefnda bifreið, Honda Prelude, árgerð 1985, sem ekið hafði verið um 68.000 km. Kaupverð var 560.000 krónur, og var það reitt fram við kaupin. Stefndi kveðst skömmu síðar hafa orðið var við torkennileg hljóð í bifreiðinni, og hafi komið í ljós, að tannhjól í sjálfskiptingu hennar voru ónýt. 11. júní 1990 var bifreiðin flutt í togi frá heimili stefnda að Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur sf. við Síðumúla 12 í Reykjavík, þar sem viðgerð fór fram og skipt var um fjögur tannhjól í sjálfskiptingunni.

Af gögnum málsins má ráða, að orsakir slíkra skemmda í tannhjólum sjálfskiptingar, sem hér um ræðir, myndist við það, að bifreið er ekki stöðvuð til fulls, áður en skipt er úr bakgír í framgír eða öfugt. Við aðalmeðferð málsins í héraði 27. júní 1991 voru lögð fram fjögur tannhjól, sem þá var ekki ágreiningur um, að væru úr bifreið stefnda. Ingólfur Aðalsteinsson, bifvélavirki hjá véla- og bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar í Kópavogi, þar sem einnig fara fram viðgerðir sjálfskiptinga í Hondabifreiðum, kom fyrir dóm og lýsti viðhorfi sínu til skemmda á tannhjólunum. Hann sagði, að þær hefðu getað orsakast af einu handtaki eða á löngum tíma. Hann kvað ekkert unnt að fullyrða um þetta og sagði: „. . .það er möguleiki að þetta gæti hafa skeð á 3 – 5 dögum“.

Það er ósannað, að stefndi hafi látið áfrýjanda vita um hina umræddu bilun fyrr en með símskeyti 13. júní 1990, tveimur dögum eftir að bifreiðin var færð til viðgerðar. Áfrýjandi átti þess því ekki kost að vera viðstaddur, er tannhjólin voru tekin úr sjálfskiptingunni. Stefndi hlutaðist ekki til um að fá dómkvadda matsmenn í því skyni að tryggja sönnunarstöðu sína. Sá viðgerðarmaður, sem tók tannhjólin úr sjálfskiptingunni og annaðist viðgerð hennar, var ekki kvaddur fyrir dóm.

Eins og mál þetta er úr garði gert, verður stefndi að bera halla af skorti á sönnun um það, að ástand sjálfskiptingar bifreiðarinnar hafi verið slíkt, sem hann heldur fram, þegar hann keypti hana. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja sérfróða meðdómendur til setu í héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 37. gr. A þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hörður Már Harðarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ágústs Garðarssonar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, þingfestri 27. september 1990.

Stefnandi er Ágúst Garðarsson, Álmholti 7, Mosfellsbæ.

Stefndi er Hörður Már Harðarson, Hnjúkaseli 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 62.576,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. 7. 1990 til greiðsludags og málskostnað ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti bifreiðina R-44570, sem er Honda Prelude, árgerð 1985, af stefnda hinn 28. maí 1990 fyrir kr. 560.000, sem greiddar voru út í hönd. Bifreiðinni hafði þá verið ekið um 68.000 km.

Tveimur dögum eftir kaupin tók stefnandi eftir óhljóðum í bifreiðinni sem ekki höfðu heyrst er hann skoðaði bifreiðina og prófaði hana. Hinn 31. maí leitaði stefnandi til tveggja bifreiðaverkstæða til þess að ganga úr skugga um hvað væri að bílnum. Í ljós kom að tannhjól í sjálfskiptingu voru skemmd. Stefnanda var og tjáð, að óhljóðin heyrðust aðeins, þegar bíllinn væri kaldur, en færu, þegar búið væri að aka bílnum um nokkra stund. Ástæða þess, að tannhjólin voru ónýt, var sögð sú, að skipt hafði verið úr afturábak-gír í áfram-gír án þess að stöðva bílinn fullkomlega. Einnig var sagt að skemmd af þessu tagi væri algeng og myndist á nokkrum tíma en ekki snögglega. Stefndi lét gera við bifreiðina, og var skipt um 4 tannhjól í sjálfskiptingunni á Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur, og var viðgerðarkostnaður kr. 60.126,00, flutningskostnaður kr. 2.450,00, samtals kr. 62.576,00.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefnda hafi verið kunnugt um þessa bilun í bílnum en ekki látið hann vita af henni við sölu, enda þótt ljóst væri að stefnandi gæti ekki orðið hennar var þar sem bíllinn var heitur er hann var skoðaður. Þarna sé um saknæma háttsemi stefnda að ræða og sé hann því bótaábyrgur fyrir tjóni stefnanda.

Verði ekki fallist á að um sök hafi verið að ræða, sé á því byggt, að hinn leyndi galli hafi rýrt verðmæti bílsins miðað við kaupverðið, sem hafi miðast við heila sjálfskiptingu, og beri honum því afsláttur sem nemi útlögðum kostnaði við viðgerð og flutning.

Stefnandi vísar í skýrslu vitnisins Rúnars Vigfússonar, sem hafi unnið með stefnda og heyrt urg og slík óhljóð í bifreiðinni þegar henni var ekið út af bílastæði, spurt stefnda um hljóðið, sem hafi sagt að þetta væri vegna mengunarbúnaðar.

Stefnandi vísar og í skýrslu vitnisins Magnúsar Geirs Pálssonar, þjónustuforstjóra hjá Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur. Hann hafi lýst hljóðinu sem „skralli“ í skiptingunni, sem aðeins heyrist þegar bíllinn er kaldur. Hondasjálfskiptingin sé viðkvæm, og þessi skemmd verði oft um vetur, þegar ekið sé í snjó. Vitnið Ingólfur Aðalsteinsson, bifvélavirki hjá bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar, hafi einnig borið, að þetta væri algeng skemmd og að viðgerðarreikningur í málinu væri eðlilegur. Þeir hjá verkstæðinu ráðleggi viðgerð í slíku tilfelli, en unnt sé að aka bifreiðinni áfram þar til hún stöðvast.

Stefndi segir stefnanda hafa gengið á eftir sér í lengri tíma til að fá bifreiðina keypta, en hann hafi verið tregur til að selja. Hann hafi þó að lokum látið tilleiðast í maí 1990. Hann kveðst aldrei hafa orðið var við galla þann sem stefnandi fullyrðir að hafi hrjáð bílinn, enda hafi bíllinn verið í „topp“-standi og seldur sem slíkur. Fullyrðir stefndi, að gallinn hafi ekki

verið til staðar þegar kaup voru gerð og hafi því komið til þegar bifreiðin var í eigu stefnanda. Stefndi hafi ekki verið látinn vita um viðgerðina og ekki fengið að koma nokkrum sjónarmiðum að við viðgerðarmanninn áður en hann kvað upp álit sitt. Stefnandi hafi ekki fengið dómkvadda matsmenn eða látið fara fram mat á tjóninu og verði kröfur hans því ekki teknar til greina. Stefndi mótmælir sérstaklega yfirlýsingu Magnúsar G. Pálssonar, sem lögð hafi verið fram í málinu, þar sem í ljós sé leitt að hún hafi verið samin af föður stefnanda.

Niðurstaða.

Með framburði vitnanna Magnúsar G. Pálssonar og Ingólfs Aðalsteinssonar, sem sérfróðir eru um bilun þá sem í ljós kom í bifreiðinni, verður að telja upplýst að bilun þessi sé algeng og að hún komi fremur á lengri tíma en skyndilega. Bifreiðin var sex ára gömul, þegar kaup voru gerð, og hafði verið ekið 68.000 km. Yfirgnæfandi líkur verða því taldar á því að umræddur galli hafi verið í sjálfskiptingunni þegar kaup voru gerð.

Hvorki er sannað að áskilið hafi verið að gírkassinn væri í fullkomnu lagi né að stefndi hafi með sviksamlegum hætti leynt gallanum, og verður skaðabótakrafa stefnanda því ekki tekin til greina. Telja verður að í kaupunum hafi stefnandi mátt reikna með að sjálfskiptingin væri í lagi, og verður því talið að hann eigi rétt á afslætti, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, og telst afsláttur hæfilegur kr. 40.000. Verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð með dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 og málskostnað, sem ákveðst kr. 42.000 ásamt vöxtum.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Már Harðarson, greiði stefnanda, Ágústi Garðarssyni, kr. 40.000 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. júní 1991 til greiðsludags og kr. 42.000 í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 462/1991. **Hagkaup hf.**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Bjarna Geir Alfreðssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Laun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnda vexti einungis frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með leigusamningi 17. maí 1988 tók áfrýjandi á leigu verslunarhúsnæði Vöruhússins Eiðistorgs hf. við Eiðistorg á Seltjarnarnesi frá 1. ágúst 1988. Með í leigunni fylgdu „öll áhöld, vélar og tæki til reksturs matvörubúðar. . .“ Í leigusamningnum voru engin ákvæði um skyldur áfrýjanda gagnvart starfsfólki leigusala. Fram er komið, að áfrýjandi gaf öllu starfsfólkinu kost á endurráðningu í nýrri verslun sinni. Hins vegar er ósannað gegn neitun áfrýjanda, að hann hafi yfirtekið réttindi og skyldur leigusala gagnvart þessu starfsfólki.

Stefnda stóð þannig til boða starf hjá áfrýjanda, og er ekki ágreiningur um, að kjör hans skyldu vera óbreytt varðandi vinnutíma og laun. Í júlímánuði kom í ljós, að áfrýjandi hafði ekki í hyggju að starfrækja áfram eldhús, eins og ráðgert hafði verið í upphafi, og ætlaði stefnda starf við kjötborð verslunarinnar. Þar átti hann að sögn starfsmannastjóra áfrýjanda fyrir dómi að útbúa tilbúna rétti í kjötborðið, eins og aðrir matreiðslumenn í versluninni, og vera jafnframt við afgreiðslustörf. Því vildi stefndi, sem eingöngu hafði starfað í eldhúsi fyrri vinnuveitanda, ekki una. Hann kaus að

hefja ekki störf hjá áfrýjanda 1. ágúst 1988. Það er ósannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að breyta ekki verksviði stefnda á þann veg, sem hann hugðist gera, og á stefndi enga kröfu til launa á hendur honum. Ber því að sýkna áfrýjanda.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var fyrst munnlega flutt og dómtekið 18. mars 1991. Það var endurupptekið og flutt að nýju 19. september sama ár, þar sem „ekki tókst vegna mikilla anna dómarans að ljúka dómi í málinu innan eðlilegra tímamarka". Þessi langi dráttur á málsmeðferð er aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hagkaup hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bjarna Geirs Alfreðssonar.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Bjarna Geir Alfreðssyni, kt. 300551-2709, Hraunteigi 15, Reykjavík, gegn Hagkaupum hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 22. febrúar 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 282.034,00 [auk nánar tilgreinds vaxta- og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega. Krafist er málskostnaðar [...].

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. mars sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 19. september sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

– – –

III.

Með bréfi, dags. 30. maí 1988, var stefnanda sagt upp starfi sínu hjá Sláturfélagi Suðurlands, en hann starfaði hjá Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. sem matsveinn í eldhúsi í versluninni Nýjabæ. Uppsögnin miðaðist við 1. júní 1988 og var uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

Fyrir lá að stefndi, Hagkaup hf., tæki húsnæði verslunarinnar á leigu frá 1. ágúst 1988 og að starfsfólki öllu gæfist kostur á endurráðningu hjá stefnda. Stefnanda var boðið starf sitt áfram með óbreyttum kjörum og vinnutíma, sem hann þáði, og til stóð, að hann hæfi störf hjá stefnda hinn 1. ágúst 1988. Seint í júlí 1988 var sú ákvörðun tekin af sölustjórn stefnda að leggja niður rekstur eldhússins, sem stefnandi hafði starfað í, en honum var jafnframt boðið starf við afgreiðsluborð verslunarinnar. Það sætti stefnandi sig ekki við og hóf ekki störf hjá stefnda, svo sem fram er komið.

Uppsagnarfrestur stefnanda var ekki liðinn er hann skyldi hefja störf hjá stefnda hinn 1. ágúst 1988. Hann átti því sjálfkrafa rétt á óbreyttum starfskjörum út ágústmánuð og þurfti engum breytingum á því að hlíta. Stefndi, sem bauð stefnanda fyrra starf með sömu kjörum, yfirtók í raun réttindi og skyldur fyrri atvinnurekanda gagnvart stefnanda í uppsagnarfresti. Samkvæmt því þurfti stefnandi ekki að sætta sig við fyrrgreinda breytingu á starfssviði sínu, sem stefndi stóð einhliða að. Við fyrrgreind starfslok sín átti stefnandi því rétt til launa úr hendi stefnda fyrir einn mánuð í uppsagnarfresti.

Ekki verður talið að stefnandi hafi glatað rétti sínum til launa vegna tómlætis, eins og haldið er fram af hálfu stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 141.017,00, sem eru umsamin laun í einn mánuð, auk orlofs, sem ekki er tölulegur ágreiningur um. Dæma ber dráttarvexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði, og skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. nóvember 1989, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 75.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hagkaup hf., greiði stefnanda, Bjarna Geir Alfreðssyni, kr. 141.017,00 með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags og kr. 75.000,00 í málskostnað. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. nóvember 1989. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 352/1991. **Ólafur Magnússon**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Húsafelli hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Skuldamál. Fasteignasala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1991. Hann krefst aðallega sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að „til skuldajafnaðar komi gagnkrafa áfrýjanda á hendur stefndum, kr. 558.226,-, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1989 til greiðsludags, . . .“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði lét áfrýjandi við það sitja að áskilja sér rétt til að hafa uppi kröfu til skuldajafnaðar við dómkröfur stefnda. Varakrafa hans kom fyrst fram við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Magnússon, greiði stefnda, Húsafelli hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. október 1990 og þingfestri 1. nóvember sama ár, af hlutafélaginu Húsafelli, kt. 711285-0249, Langholtsvegi 115, Reykjavík, gegn Ólafi Magnússyni, kt. 010936-3499, Eiríksgötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 246.528,00 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Í stefnu áskilur stefndi sér jafnframt rétt til þess að hafa uppi til skuldajafnaðar kröfur á hendur stefnanda eða höfða gagnsök eða sérstakt mál á hendur stefnanda vegna tjóns þess, er stefndi telur sig kunna að verða fyrir vegna áhvílandi skuldar á Skólavörðustíg 6 B, sem stefndi kveður Guðmundi Franklín hf. hafa borið að leysa af eigninni, en hafi ekki gert.

Málavextir og málsástæður.

Málavextir eru þeir, að stefndi fól stefnanda að annast fyrir sig sölu á fasteigninni að Grettisgötu 16 í Reykjavík og er umstefnd skuld sölulaun vegna þeirrar sölu. Makaskiptasamningur milli stefnda og Guðmundar Franklíns hf. um kaup hins síðarnefnda á fasteigninni að Grettisgötu 16 er dagsettur 29. september 1989. Stefndi tók upp í söluverð Grettisgötu 16 ýmsar eignir, m.a. söluturn að Auðbrekku 18 í Kópavogi, en engar peningagreiðslur fóru fram. Með stefnanda og stefnda samdist þá svo, að stefndi greiddi 100.000,00 krónur upp í sölulaunin, en að stefnandi veitti stefnda greiðslufrest vegna eftirstöðvanna, þar til söluturninn að Auðbrekku 18 seldist. Með kaupsamningi, dagsettum 22. ágúst 1990, seldi stefndi söluturninn að Auðbrekku. Upp í andvirði söluturnsins tók stefndi ýmsar eignir, en ekkert var greitt í peningum.

Stefnandi kveður, að svo hafi um samist með sér og stefnda, að hann frestaði útgáfu reiknings vegna sölulaunanna þar til söluturninn seldist, en þá hafi átt að greiða reikninginn tafarlaust. Gjaldfrestur hafi því aðeins verið veittur til söludags og eðli málsins samkvæmt hafi gjaldfresturinn verið veittur gegn því, að söluturninn seldist á eðlilegum tíma. Loforð um einhliða eftirgjöf beri að túlka þröngt og verði því eingöngu að byggja á fullyrðingum stefnanda í þessu efni.

Stefndi kveður samkomulag sitt og stefnanda hins vegar hafa verið fólgið í því, að stefnandi veitti sér gjaldfrest á eftirstöðvum sölulaunanna, þar til söluturninn að Auðbrekku seldist og hann fengi peninga út úr sölu hans. Stefndi kveðst hafa reynt að selja söluturninn, en ekki tekist það lengi vel, m.a. vegna þess, að húsaleigan hafi verið 20.000,- krónum hærri en stefnandi hafi sagt stefnda, þegar kaupin áttu sér stað. Með kaupsamningi, dagsettum 22. ágúst 1990, hafi stefnda loks tekist að selja turninn, en fengið andvirði hans greitt með ýmsum eignum, en ekkert í peningum. Stefndi kveðst enn enga peninga hafa fengið út úr sölunni á margnefndum söluturni né öðrum eignum þeim, sem hann hafi tekið upp í söluverð Grettisgötu 16. Af þeim sökum telji hann kröfu stefnanda í máli þessu ekki fallna í gjalddaga.

Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá hugsanlegum gagnkröfum sínum á hendur stefnanda í máli þessu vegna meints tjóns, er stefnandi hafi valdið honum við sölu á Grettisgötu 16. Stefndi áskildi sér hins vegar rétt til þess síðar í sérstöku máli, að hafa uppi bótakröfur á hendur stefnda vegna þessa. Þykir því ástæðulaust að rekja í máli þessu málavaxtalýsingu stefnda, að því er varðar hugsanlega bótakröfu hans á hendur stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína úr 285.203,00 krónum í 246.528,00 krónur með vöxtum eins og í stefnu greinir og að framan er rakið. Að öðru leyti gerði hann sömu kröfur og fram koma í stefnu.

Lagarök.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til 5. gr. laga nr. 39/1922. Stefndi vísar hins vegar til almennra reglna um samninga. Til stuðnings málskostnaðarkröfunni vísar stefndi til 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og til 175. gr. sömu laga að því er varðar dráttarvexti af málskostnaði.

Niðurstaða.

Í máli þessu er aðeins um það deilt, hvort krafa stefnanda á hendur stefnda er fallin í gjalddaga eða ekki. Tilvist skuldarinnar og endanlegri fjárhæð dómkröfunnar er hins vegar ómótmælt. Aðila málsins greinir á um, á hvern veg þeim samdist um greiðslufrest á eftirstöðvum umstefndra sölulauna.

Stefndi hefur lagt fram í málinu kvittun stefnanda fyrir innborgun hans inn á sölulaunin og er hún dagsett 29. september 1989. Meginmál hennar hljóðar svo: „Ólafur Magnússon hefur í dag greitt innb. inn á sölulaun (sem er 346.528 m/sölusk.) kr. 100.000,-, rest, kr. 246.528 greiðist að fullu við sölu á sölut. Auðbrekku 18, Kóp."

Eins og fram hefur komið fullyrðir stefnandi, að svo hafi um samist með

þeim stefnda, að eftirstöðvar sölulaunanna skyldu falla í gjalddaga við sölu á söluturninum að Auðbrekku. Þykir stefndi eigi hafa leitt líkur að því, að um annað hafi samist. Áðurgreind kvittun, er stefndi lagði fram í máli þessu, þykir og styðja fullyrðingar stefnanda um efni samkomulagsins. Þá bar stefndi sjálfur m.a. hér fyrir dómi, að raunveruleg ástæða þess, að hann greiddi ekki sölulaunin, hefði verið óánægja sín með störf stefnanda. Þá ber og á það að líta, að loforð stefnanda um gjaldfrest á eftirstöðvum sölulaunanna var einhliða. Samkvæmt viðurkenndum túlkunaraðferðum skal sú niðurstaða höfð að leiðarljósi við túlkun slíkra loforða, sem síst er íþyngjandi fyrir loforðsgjafa.

Af framansögðu þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 80.000,00 krónur.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Magnússon, greiði stefnanda, Húsafelli hf., 246.528,00 krónur ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni, sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 28. ágúst 1990 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 80.000,- krónur í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 467/1991. **Íslenska útvarpsfélagið hf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Lind hf.
(Guðni Á. Haraldsson hrl.) **og**
þrotabúi Hljóðvarps hf. til réttargæslu

Kaupleigusamningur. Gjaldþrot. Eignarréttur. Grandaleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. október s.á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Í gögnum málsins kemur fram, að samningur hafi komist á milli áfrýjanda og Hljóðvarps hf. í mars 1989 um sameiningu félaganna. Var svo um samið, að frá 10. þess mánaðar tæki áfrýjandi við eignum og skuldum Hljóðvarps hf. og að félögin yrðu frá þeim tíma rekin sem eitt félag undir nafni áfrýjanda. Var sameiningin samþykkt á hluthafafundum beggja félaganna, og flutti áfrýjandi starfsemi sína í húsnæði Hljóðvarps hf. Hinn sameiginlegi rekstur stóð til 11. september s.á., er áfrýjandi rifti samningnum á grundvelli brostinna forsendna og fluttist úr húsnæði Hljóðvarps hf. Hafði áfrýjandi þá undir höndum öll gögn varðandi fjármál, fjárreiður og rekstur félaganna frá upphafi sameiningar þeirra.

Hinn 21. september 1989, þremur dögum eftir að bú Hljóðvarps hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, gerði bústjóri til bráðabirgða í þrotabúinu kaupsamning við áfrýjanda. Samkvæmt honum keypti áfrýjandi af þrotabúinu „allt lausafé búsins, hverju nafni sem nefnist og tiltekið er á eigna- og tækjalista Guðmundar Frímannssonar, lögg. endurskoðanda, dags. 19. 9. 1989, og telst vera fylgiskjal samn-

ings þessa auk annarra muna sem tilheyra kunna búinu. . . . Þá mun seljandi ekki gera athugasemdir við það að kaupandi gangi inn í kaupleigusamninga sem seljandi hefur gert við kaupleigufyrirtæki um eignir, sem tengjast útvarpsrekstri, nái kaupandi samningi þar að lútandi við kaupleigufyrirtækin. . . ."

Þegar framanskráð er virt, verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að málsástæða hans, byggð á grandleysi, hafi við haldbær rök að styðjast. Með skírskotun til þess og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslenska útvarpsfélagið hf., greiði stefnda, Lind hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 28. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 12. september 1990.

Stefnandi er Lind hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Stefndi er Íslenska útvarpsfélagið hf., Snorrabraut 54, Reykjavík.

Réttargæslustefndi er þrotabú Hljóðvarps hf., Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda yfir 24 rása hljóðblöndunarborði af Tac Scorpion-gerð, sem nú er í vörslum stefnda, jafnframt, að stefndi greiði málskostnað, er beri vexti lögum samkvæmt 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar ásamt dráttarvöxtum.

Réttargæslustefndi hefur ekki látið sækja þing, og engar kröfur hafa verið á hann gerðar að svo stöddu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi gerði hinn 22. apríl 1988 fjármögnunarleigusamning við Hljóðvarp hf. um leigu á tækjum til reksturs útvarpsins Stjörnunnar. Hljóðvarp hf. sá um að panta tækin frá útlöndum, en stefnandi fjármagnaði kaupin og leigði þau til Hljóðvarps hf. Í samningi aðila var búnaðinum lýst sem „soundtech mixer og tilheyrandi búnaður frá Canford Audio" og leigufjárhæð kr. 799.292,00. Fob-verð hins leigða var samtals skv. reikningum frá Hljóðvarpi kr. 799.292, en sú fjárhæð var í raun samanlögð fjárhæð þriggja reikninga frá jafnmörgum seljendum. Síðar kom í ljós, að

„soundtech mixer“ hafði ekki verið keyptur, heldur Tac Scorpion frá KGM-specialists í Englandi.

Hinn 18. september 1989 varð Hljóðvarp hf. gjaldþrota. Stefnandi lýsti hinn 15. janúar 1990 eignarhaldskröfu í búið vegna „soundtech mixer“. Síðar kom í ljós að um annað tæki var að ræða. Er sækja átti tækið hafði þrotabú Hljóðvarps hf. selt stefnda flestallar eignir Hljóðvarps hf. með kaupsamningi, dags. 21. september 1989. Forsvarsmenn stefnda höfnuðu því að afhenda umrætt tæki, og fyrir fógetarétti var innsetningarbeiðni stefnanda á hendur stefnda hafnað með úrskurði, upp kveðnum 11. júní 1990.

Vitnið Ólafur Hauksson, fyrrverandi forsvarsmaður Hljóðvarps hf., sem annaðist samninginn við stefnanda og undirritaði hann, hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að hljóðblöndunartæki af gerðinni „TAC SCORPION CONSOLE with 18 mono inputs“ o.s.frv. skv. reikningi frá KGM-Studio Specialists hafi verið keypt af stefnanda og síðan leigt Hljóðvarpi hf. Fyrst hafi staðið til að kaupa tækið „soundtech mixer“ sem getið sé um í samningnum, en þeirri ákvörðun hafi verið breytt, án þess að heiti tækisins í samningnum hafi verið breytt.

Stefnandi kveður könnun Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa leitt í ljós, að Tac Scorpion-tækið sé í húsakynnum stefnda í Sigtúni 7 hér í borg.

Stefnandi byggir á því, að stefndi hafi aldrei keypt umrætt tæki, enda sé það hvergi eignfært á eignalista Hljóðvarps hf. Stefnandi sé löglegur eigandi þess skv. greiddum reikningum, sem samanlagðir nemi fjárhæðinni ísl. kr. 799.292,00. Vitnið Ólafur Hauksson hafi lýst því fyrir dóminum hvað gerst hafi, og ljóst sé að þarna sé um sama tækið að ræða, sem keypt hafi verið og stefnandi hafi sannanlega greitt fyrir. Eignarréttur stefnanda tapist ekki þótt misfarist hafi að tilgreina tækið í samningnum um fjármögnunarleigu.

Stefndi kveðst hafa keypt allt lausafé þrotabús Hljóðvarps hf., hverju nafni sem nefndist og tiltekið var á eigna- og tækjalista Guðmundar Frímannssonar, lögg. endurskoðanda, dags. 19. september 1989, auk annarra muna sem tilheyra kynnu búinu og ekki væru á nefndum lista. Meðal þeirra muna, sem ekki voru tilgreindir á nefndum lista, en forsvarsmenn stefnda hafi hins vegar vitað að til voru í búi Hljóðvarps hf. við gerð kaupsamningsins, hafi m.a. verið Tac-hljóðblöndunarborð það sem hér sé deilt um. Stefndi kveðst hafa vitað, að nokkrir þeirra muna, sem voru í húsakynnum hins gjaldþrota félags, tilheyrðu fjármögnunarleigufyrirtækjum, þar sem samningar um þau lágu fyrir. Þess vegna var sérstaklega tekið fram í samningi að þrotabúið gerði ekki athugasemdir við það að stefndi gengi inn í kaupleigusamninga er hið gjaldþrota félag hafði gert.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi keypt nefnt hljóð-

blöndunarborð af þrotabúi Hljóðvarps hf. í góðri trú. Samkvæmt meginreglum eignarréttar um traustfang verði að telja hann réttan eiganda TAC-tækisins. Stefnandi hafi ekki sannað eignarrétt sinn. Framlögð gögn séu ekki í samræmi við framlagðan samning stefnanda og Hljóðvarps hf. frá 22. apríl 1988, og ekkert mark sé takandi á orðum vitnisins Ólafs Haukssonar um þetta. Sá sem afhendir öðrum aðila einhverja eign sína í tengslum við gerð samnings um viðkomandi, verði að gera sérstakan og skýran samning um að nákvæmlega tilgreindur hlutur skuli teljast eign þess er afhendir, uns tilteknum kröfum hans samkvæmt samningum um sama hlut hefur verið fullnægt. Að öðrum kosti á viðkomandi aðili á hættu að eignarréttur hans verði að þoka fyrir betri rétti þriðja manns.

Niðurstaða.

Upplýst er í máli þessu, að Hljóðvarp hf., sem rak útvarpsstöðina Stjörnuna, hafi séð um pöntun og kaup á tækjum í framhaldi af samningi við stefnanda um fjármögnunarleigu, og stefnandi hafi greitt kr. 799.292 til Hljóðvarps hf. vegna kaupa þessara og þar með eignast tækin og leigt þau síðan til Hljóðvarps hf. Einn af fram lögðum reikningum yfir umrædd tæki er frá fyrirtækinu KGM-Studio Specialists yfir „TAC SCORPION CONSOLE"-tæki eins og það, sem upplýst er að fannst í fórum stefnda og komið er frá Hljóðvarpi hf. og mál þetta fjallar um. Vitnið Ólafur Hauksson, sem sá um kaup á tækjunum, hefur útskýrt að þetta tæki hafi verið keypt í stað þess tækis sem tilgreint er í samningi stefnanda við Hljóðvarp hf. Stefndi hefur ekki hnekkt þessum framburði vitnisins, og er ekki ástæða til að rengja hann. Þegar þetta er virt verður að telja að stefnandi hafi gert nægilega sennilegt að umrætt tæki sé eign hans, og ber því að taka kröfu hans til greina. Verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 70.000,- ásamt vöxtum eins og krafist er.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Lindar hf., yfir 24 rása hljóðblöndunarborði af „Tac Scorpion-gerð" sem nú er í vörslum stefnda, Íslenska útvarpsfélagsins hf.

Stefndi greiði stefnanda kr. 70.000,00 í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 14/1993. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Jóni Hrafni Hlöðverssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Undanskot sönnunargagna. Brot gegn 2. mgr. 112. gr. alm. hgl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. desember 1992. Krefst ákærði aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim til meðferðar og dóms að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar dómsins.

Samkvæmt bókunum héraðsdómara í þinghaldi 11. desember 1992 játaði ákærði skilyrðislaust þá háttsemi, sem hann var ákærður fyrir. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa álitið, að hann væri að brjóta lög með því að taka við hnífnum. Mál þetta snerist því í héraði eingöngu um lagaatriði og ákvörðun refsiviðurlaga, og mátti því fara með það samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem héraðsdómari gerði, enda var því hvorki mótmælt af ákærða né verjanda hans samkvæmt bókun í þingbók. Dómaranum hefði að vísu verið rétt að bóka kröfur verjandans, en eins og mál þetta er vaxið, veldur það ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms. Ómerkingarkröfu ákærða er hafnað.

Ákærði tók við hnífi, sem notaður hafði verið til atlögu að manni, af kunningja sínum. Hann heyrði á vettvangi, að ásökun kom fram um þessa atlögu, án þess að gefa sig fram og afhenda hnífinn lögreglumönnum, sem komnir voru á vettvang. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og færslu brots til refsiákvæðis.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til hnífsins strax daginn eftir, þegar hann var kallaður til yfirheyrslu, og vann þannig að því, að málið

upplýstist. Hann hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Þykja ekki næg efni til að ákveða honum frelsissviptingu vegna brots hans. Er honum því ákveðin sekt, sem telst hæfilega metin 30.000 krónur, og komi í hennar stað 10 daga varðhald, greiðist hún ekki innan mánaðar frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað vegna áfrýjunar málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Hrafn Hlöðversson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað hennar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og
Ingibjargar Benediktsdóttur

Við erum samþykk niðurstöðu meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að við teljum, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdómara um refsiákvörðun.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 11. desember, er kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, dómur í málinu nr. S-220/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Hrafni Hlöðverssyni, sem dómtekið var þann dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. desember 1992, á hendur ákærða, Jóni Hrafni Hlöðverssyni, Hjallabrekku 35 í Kópavogi, kt. 260662-6519, „fyrir að tálma rannsókn brots með því að hafa að-

faranótt sunnudagsins 16. ágúst 1992 haft á brott með sér hníf af brotavettvangi við Bankastræti 3 í Reykjavík, sem ákærða var ljóst að beitt hafði verið við líkamsárás og hann hafði tekið við úr höndum hins grunaða, og fleygt hnífnum niður í holræsi við Bólstaðarhlíð í borginni þar sem rannsóknarlögreglan fann hnífinn að kvöldi sama dags.

Telst þetta varða við 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur skýlaust játað það athæfi sem hann er ákærður fyrir. Þykir hann með því hafa gerst brotlegur við 112. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Þykir refsing hans nú vera hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Hrafn Hlöðversson, sæti varðhaldi í 30 daga. Framkvæmd refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 25,000 krónur.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 393/1993. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 18. ágúst 1993. Krefst ákærði sýknu, en af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá hefur Viðar Jónsson gert skaðabótakröfu í málinu, að fjárhæð 277.000 krónur auk dráttarvaxta, og ber samkvæmt 173. og 174. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að taka hana til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð tvö ný gögn. Er þar um að ræða áverkavottorð Stefáns Carlssonar, læknis á Borgarspítala, vegna ákærða og vottorð Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis S.Á.Á. Í áverkavottorðinu segir m.a.: „. . .Hann er með um 2 cm skurð yfir hægra gagnauga. Skurðurinn er grunnur". Þá er þess getið í vottorðinu að sárið hafi verið saumað saman með þremur húðsaumum. Í vottorðinu frá S.Á.Á. er þess getið, að ákærði hafi verið í meðferð á sjúkrahúsinu Vogi frá 24. ágúst til 2. september 1992 og á endurhæfingarstöðinni að Staðarfelli frá 4. september til 2. október sama ár.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Með játningu ákærða og skýrslum vitna, sem raktar eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði lagði til Viðars Jónssonar með hnífi og að hnífslagið kom í bak Viðari á vinstra herðablað. Ekki verður slegið föstu hvor þeirra átti upptök að sjálfum átökunum, þótt rót þeirra megi rekja til þess, er ákærði lét sig falla utan í bifreið Viðars. Ósannað er, að ákærði hafi brugðið hnífnum fyrr en Viðar hafði slegið hann

með glasinu. Rannsókn á fötum ákærða sýnir, að honum blæddi verulega, og kveðst hann hafa misst stjórn á sér við þetta og gripið til hnífsins, sem hann hafi borið á sér vegna vinnu sinnar. Hnífur þessi hefur verið sýndur í réttinum, og verður við það að miða, að hann sé hættulegt vopn, þótt áverki Viðars hafi ekki reynst mikill. Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sekt ákærða og færslu brota til ákvæða 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að staðfesta afgreiðslu héraðsdóms á skaðabótakröfu Viðars Jónssonar. Færa ber þó miskabætur til hans niður í 70.000 krónur, þar sem engin gögn liggja fyrir um kröfuna önnur en áverkavottorð.

Þegar refsiviðurlög eru ákveðin, ber til þess að líta, að atlaga ákærða að Viðari Jónssyni gat verið stórhættuleg. Hins vegar verður við það að miða, eins og sönnunaraðstaða er í máli þessu, að Viðar hafi áður slegið hann í andlitið með glasi. Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, og framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins var óaðfinnanleg. Hann reyndi að hafa samband við Viðar og bjóða fram bætur. Með ofangreind sjónarmið í huga og með vísan til 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði, en fresta má fullnustu sex mánaða af fangelsistímanum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Eyfjörð Eiríksson, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af fangelsisrefsingunni og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Viðari Jónssyni 144.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 11. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-217/1992: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Málið er höfðað á hendur ákærða, Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni, Laugarnesvegi 92, Reykjavík, kt. 300163-5489, „fyrir líkamsárás og eignaspjöll, framin aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst 1992 við Bankastræti 3 í Reykjavík, svo sem hér greinir:

I.

Ráðist á Viðar Jónsson, kt. 051147-3089, og lagt til hans með hnífi og kom lagið í bak hans, og hlaut hann 5 sm langan skurð yfir vinstra herðablaði, en skömmu áður hafði komið til átaka milli þeirra og var Viðar að flýja undan ákærða inn í bifreið sína er ákærði lagði til hans með hnífnum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Valdið skemmdum á bifreiðinni JI-973 eftir að nefndur Viðar hafði flúið inn í hana, sbr. lið I, með því að sparka í bifreiðina svo að vinstri afturhurð hennar dældaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Viðar Jónsson bótakröfu, samtals að fjárhæð 323,575 kr. auk vaxta".

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst sl. voru lögreglumenn á ferð í bifreið í Bankastræti og sáu þá hvar maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, stóð og sparkaði í kyrrstæða fólksbifreið. Fóru lögreglumennirnir til og

handtóku manninn. Þá gaf sig fram Viðar Jónsson, kt. 051147-3089, Hlíðarvegi 38 í Kópavogi, og sagðist halda, að ákærði hefði stungið sig í bakið með hnífi. Var Viðar blóðugur á bakinu. Viðar var fluttur á slysadeild Borgarspítalans í lögreglubifreið og reyndist hann vera með grunnt sár yfir vinstra herðablaði. Var það skeifulaga og rúmlega 5 sm að lengd, tæpa 10 sm frá hryggsúlu. Sárið náði inn að herðablaði, en hvergi inn úr brjóstvegg. Þá var Viðari tekið blóð til alkóhólrannsóknar og reyndist það hafa að geyma 1,62‰ af alkóhóli.

Ákærði var færður á slysadeild og tekið blóð til rannsóknar. Reyndust í því 2,20‰ af alkóhóli.

Bifreið sú, sem um ræðir, er af gerðinni Toyota Camry, árgerð 1987. Vinstri afturhurð á henni reyndist vera nokkuð dælduð og voru skemmdir á henni metnar á 86.575 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Fatnaður Viðars og ákærða var tekinn til rannsóknar og reyndust jakki Viðars og skyrta vera skorin og blóðug á baki eftir hnífslagið. Þá var fatnaður ákærða blóðugur, aðallega á bringu.

Við rannsókn málsins hjá lögreglu varð uppvíst, að ákærði hafði rétt hnífinn nærstöddum manni, sem hann hafði hitt á vettvangi, og hafði sá maður komið hnífnum undan að beiðni ákærða. Hnífurinn fannst í göturæsi í Bólstaðarhlíð eftir tilvísun mannsins, sbr. hér á eftir. Reyndist það vera vasahnífur, 17,8 sm að lengd með 7,8 sm löngu blaði, og hafði ákærði borið hnífinn í sérstöku slíðri við belti sér. Ekki var hnífurinn blóðugur að sjá en agnir úr naglarrauf á hnífsblaði gáfu „jákvæða svörun við blóðprófi".

Viðar Jónsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið að koma út af veitingastaðnum Borgarvirkinu og gengið út að bíl sínum og sest í hann. Þar hafi verið fyrir kunningjar hans tveir, þeir Magnús Sigurðsson og Þórir Úlfarsson. Hafi Magnús haft orð á því, að maður, sem stóð götu megin við bílinn, hefði verið að gera sér leik að því að láta sig detta utan í bílinn. Kveðst Viðar hafa stigið út úr bílnum og séð þar tvo menn, ákærða, sem hallaði sér upp að bílnum, og annan, sem hefði dregið sig í hlé. Kveðst Viðar hafa spurt þann fyrrnefnda hvort ekki væri allt í lagi með hann og hafi maðurinn þá æst sig upp og veist að sér fyrirvaralaust. Hafi hann komið framan að sér og tekið með annarri hendi aftur fyrir háls sér og lagt brugðinn hníf þéttingsfast að hálsinum framanverðum. Hafi maðurinn haldið hnífnum þannig að hálsinum nokkra stund, en Viðar kveðst hafa reynt að róa manninn og sagt að hann hefði verið að spila í Borgarvirkinu og ekkert til saka unnið. Um síðir hafi maðurinn linað tak sitt og kveðst Viðar þá hafa slegið ákærða í andlitið með glasi sem hann hafi haldið á. Hann hafi á þann hátt losnað frá manninum, sem hafi elt sig einn eða tvo hringi kringum bílinn. Kveðst

hann hafa tekið flösku, sem hann hefði verið með í buxnastrengnum, og reitt á loft til þess að verja sig, en svo náð að komast inn um vinstri afturdyr bílsins, en um leið fengið þungt högg á bakið. Hafi hann skellt á eftir sér bílhurðinni og læst. Hann hafi fundið að hann dofnaði upp í bakinu, og svo fundið að sér blæddi úr stungusári á bakinu. Ákærði hafði þá hafið að sparka í bílinn, í hurðarhúninn og sjálfa hurðina og svo víðar í bílinn. Virtist vitninu ákærði vera að reyna að brjótast inn í bílinn. Eftir að hafa gert þetta um stund hafi ákærði hætt og kveðst hann þá hafa hætt á að opna bílinn til þess að kalla á hjálp, en ákærði, sem var skammt undan, hafi komið strax að og reynt að komast inn í bílinn. Hafi hann svo verið handtekinn.

Vitnið skýrir frá því að eftir atburðinn hafi hann verið mjög hræddur, átt erfitt með svefn og séð hnífamann í hverju horni. Hafi hann ekki getað sofið heima hjá sér. Þetta ástand hafi varað í um hálfan mánuð, en ennþá komi það fyrir að hann verði andvaka út af þessu. Kveður vitnið sér mest hafa orðið um að maðurinn reyndi að komast inn í bílinn og ná til sín eftir að hann hafði stungið vitnið. Þá skýrir hann frá því að sárið hafi rifnað upp innvortis nokkru seinna og valdið vitninu þjáningum.

Ákærði, sem kennir siglingar, hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi verið að koma af veitingastað á Klapparstíg og orðinn ofurölvi, enda búinn að drekka um tvo lítra af bjór og hálfan viskípela og jafnvel eitthvað meira. Muni hann næsta lítið af atburðum næturinnar. Hann muni þó eftir að hafa verið í slagsmálum og verið með hnífinn á lofti og að hafa fengið högg á höfuðið. Þá muni hann eftir að hafa stungið mann með hnífinum í bakið og að hafa rétt öðrum manni hnífinn. Hann muni ekki hvort hann hafi sagt nokkuð við þann mann. Þá muni hann ekki eftir því að hafa haldið hnífinum að hálsi kærandans og eins muni hann ekki eftir því að hafa sparkað í bíl. Ákærði kveðst halda að hann hafi ekki ætlað að stinga manninn heldur aðeins ætlað að ógna honum með hnífinum.

Hér fyrir dómi hefur hann skýrt frá því að hann hafi gengið niður Bankastræti og þá rekist óvart utan í kyrrstæðan bíl sem þar var. Þar skammt frá hafi hann einnig hitt fólk sem hann þekkti, Jón Hrafn Hlöðversson og Elsu Gísladóttur. Fólk, sem sat í bílnum, hafi eitthvað verið að finna að því, að hann hefði rekist utan í bílinn, og kveðst hann þá hafa látið sig detta utan í bílinn í einhverjum fíflaskap. Þá hafi Viðar Jónsson komið aðvífandi og fundið að þessu. Einhver átök hafi orðið með þeim og man ákærði næst að hann sat í götunni með sár á gagnauga eftir högg frá Viðari. Ákærði kveðst hafa reiðst heiftarlega, staðið upp og elt Viðar, sem hafi tekið upp flösku til varnar sér, en sjálfur hafi hann tekið upp hníf, sem hann ber á sér vegna siglingakennslunnar, og kveðst hann muna eftir því að hafa stungið hnífn-

um í Viðar. Ekki kveðst hann muna nákvæmlega hvernig þeir stóðu þegar hann stakk Viðar. Þá kveðst ákærði muna að hafa veist að bifreið Viðars og sparkað í hana. Ákærði vefengir þá frásögn Viðars að hann hafi tekið hann taki og brugðið hnífnum að hálsi hans áður en Viðar sló hann með glasinu.

Ákærði kveðst hafa átt við áfengisvandamál að stríða þegar þetta varð og vill hann skýra athafnir sínar með þeim svo og vinnuálagi. Hann vill taka það fram að hann hafi skynjað það að sér hafi stafað ógn af Viðari.

Elsa Dóróthea Gísladóttir, sem er fyrrverandi eiginkona ákærða, hefur skýrt frá því hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hún hafi verið á gangi í Bankastræti ásamt kærasta sínum, Jóni Hrafni Hlöðverssyni, og þá hitt ákærða mjög drukkinn. Hafi hann dottið utan í kyrrstæðan bíl, sem tveir hafi setið í, um leið og þau heilsuðust. Hafi bílverjar fundið að þessu, en ákærði þá brugðist við því með því að láta sig falla aftur á bílinn og haldið áfram að tala við þau. Bíleigandinn hafi komið þarna að með glas í hendi og verið ógnandi í garð ákærða. Hafi hann kvartað undan því, að ákærði hefði lagst utan í bílinn, og spurt hvort hann hefði verið að skemma bílinn. Hafi þeir farið að deila og verið mjög æstir og svo tekist á. Þau Jón Hrafn hafi ákveðið að koma sér í burtu. Hafi hún séð þá standa hvorn andspænis öðrum og virtist ákærði halda utan um háls bíleigandans með hægri hendi eða efri hluta líkama hans. Þegar þau Jón Hrafn hafi verið búin að ganga nokkur skref hafi þau heyrt hávaða og snúið sér við. Kveðst hún þá hafa séð hvar glas bíleigandans féll í brotum á götuna. Virtist henni ákærði hafa orðið fyrir glasinu og blæddi úr andliti hans. Bíleigandinn hafi tekið á rás og ákærði á eftir honum en þeir svo numið staðar á gangstéttinni við bílinn og hafi sá fyrrnefndi tekið upp áfengisflösku úr vasa sínum og reitt upp með vinstri hendi. Þannig hafi þeir staðið um stund en bíleigandinn svo hlaupið fram fyrir bílinn og svo inn í bílinn um vinstri afturdyr. Hún viti ekki hvað ákærði hafi aðhafst næst en hann hafi verið hamslaus af bræði. Hann hafi svo byrjað að sparka í afturhurðina vinstra megin svo að á henni sá. Þá hafi hann einnig sparkað í afturljós bílsins nokkrum sinnum en svo komið til þeirra Jóns Hrafns. Bíleigandinn hafi opnað bíldyrnar og kallað til lögreglu sem hafi komið strax. Vitnið kveðst ekki hafa séð hníf í fórum ákærða en hún hafi ekki fylgst óslitið með atburðunum.

Vitni þetta dvelst erlendis og hefur ekki komið fyrir dóm. Þykir ekki varhugavert að meta þessa skýrslu hennar fullgilda, sbr. 3. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Jón Hrafn Hlöðversson, sem áður er nefndur, hefur sagt, að þau Elsa Dóróthea hafi hitt ákærða, mjög ölvaðan, í Bankastræti. Hafi þau Elsa og ákærði tekið tal saman. Ákærði hafi dottið á kyrrstæðan fólksbíl og hafi

fólk í bílnum fundið að því. Hafi ákærði þá eins og í stríðni látið sig detta aftur á bílinn. Eftir nokkrar mínútur hafi borið þar að mann með glas í hendi sem hefði spurt ákærða hvort hann hefði verið að sparka í bílinn. Hafi þetta orðið að rifrildi milli þeirra og kveður Jón Hrafn þau þá hafa lagt af stað upp götuna. Hafi þeir ákærði og maðurinn virst vera í hálfgerðum faðmlögum. Ekki hafi þau gengið lengi þegar heyrst hafi hvellur og þegar vitnið leit við hafi hann séð hvar glasið, sem maðurinn hafði haldið á, lá við fætur ákærða. Hélt ákærði um höfuðið og virtist blæða úr honum. Næst sá vitnið, að þeir ákærði og maðurinn stóðu hvor andspænis öðrum á gangstéttinni og að maðurinn þreif flösku úr buxnastreng sínum og reiddi á loft. Maðurinn hafi svo hlaupið fram fyrir bílinn og komist inn í hann vinstra megin að aftan og ákærði á eftir honum. Ekki sá vitnið hvort ákærði náði manninum en hann hafi farið að sparka í bílinn. Kveðst vitnið hafa gengið í áttina til ákærða og beðið hann um að hætta þessu og sagt að lögreglan væri að koma. Hafi ákærði þá komið og rétt honum samanbrotinn hníf og hvíslað að hann skyldi taka við hnífnum. Kveðst hann hafa tekið við hnífnum og stungið á sig. Hafi hann fleygt hnífnum niður í göturæsi í Bólstaðarhlíð skammt frá heimili sínu.

Magnús Sigurðsson, kunningi Viðars Jónssonar, hefur skýrt frá því að þeir Þórir Úlfarsson hafi verið á veitingastofunni Borgarvirkinu þar sem þeir Viðar og Þórir leiki á hljóðfæri. Þeir Þórir hafi farið á undan út í bílinn og hafi hann sest í vinstra aftursæti en Þórir í farþegasætið frammi í. Hafi þá þrjú ungmenni staðið á tali hjá bílnum. Hafi þeir ekkert gefið sig að þessu fólki. Þegar hann hafi verið nýsestur inn í bílinn hafi piltur, einn af þeim þremur, dottið utan í vinstri afturhurðina. Kveðst vitnið hafa litið á hann og hafi pilturinn þá skellt sér tvisvar utan í bílinn aftur, eins og af ráðnum hug. Hvorugur þeirra Þóris hafi sagt neitt við fólkið en þegar Viðar hafi verið sestur út í bílinn, kveðst vitnið hafa sagt honum frá þessu og að hann ætti að athuga hvort bíllinn hefði skemmst nokkuð við þetta. Hafi Viðar farið úr bílnum og gengið að piltinum og tekið hann tali í stað þess að huga að því hvort bíllinn hefði skemmst. Kveðst vitnið ekki hafa séð til þeirra þar sem hann sat en svo litið um öxl til þeirra og þá séð að þeir stóðu í einhvers konar faðmlögum svo sem hálfan metra fyrir aftan bílinn, götu megin. Skyndilega hafi Viðar eins og rétt upp hendurnar og slegið til piltsins með glasi sem hann hélt á og hlaupið fyrir aftan bílinn upp á gangstéttina og pilturinn á eftir honum. Hann hafi numið staðar á móts við miðjan bílinn, snúið sér við og tekið flösku, sem hann bar í buxnastrengnum, og borið fyrir sig eins og til að verjast. Pilturinn hafi staðið fyrir framan Viðar og verið með vinstri höndina útrétta í átt að Viðari. Hann hafi hörfað þegar

Viðar tók upp flöskuna og hafi Viðar þá komist fram fyrir bílinn og að vinstri afturdyrum, sem vitnið hafði opnað fyrir honum. Viðar hafi stungið sér inn í bílinn en vitnið kveðst hafa orðið fyrir honum og tafið fyrir. Hann hafi ekki séð hvort pilturinn elti Viðar, en eftir að Viðar hafði læst bílhurðinni hafi pilturinn farið aftur fyrir bílinn og barið og sparkað í rúðuna og hurðina. Vitnið kveðst hafa séð þegar pilturinn var við afturhurðina að hann hélt á einhverju sem líktist hnífsblaði og sneri blaðið upp og inn með hægri framhandlegg. Hafi þetta verið í eina skiptið sem hann hafi séð eitthvað sem líktist vopni hjá piltinum. Þegar pilturinn hafði sparkað í afturhurðina hafi hann gengið aftur fyrir bílinn og sparkað í hann þar, líkast því að hann væri að reyna að brjóta afturljósin. Lögreglan hafi svo sést koma og hafi Viðar opnað dyrnar á bílnum og kallað „lögreglan".

Vitnið Gunnar Sigurðsson stóð álengdar í Bankastræti þegar átökin urðu. Segist hann muna mjög óljóst eftir atvikum en telur að ákærði og hinn maðurinn hafi verið í átökum við bílinn. Segist hann hafa séð eitthvað í hendi ákærða, og virtist vitninu ákærði stinga manninn í síðuna eða bakið með þessu. Í framhaldi af því hafi mennirnir hlaupið umhverfis bílinn. Hinn maðurinn hafi svo komist inn í bílinn en ákærði reynt að hindra það með því að halda hurðinni. Hafi maðurinn komist inn í aftursætið vinstra megin. Vitnið kveðst ekki hafa séð hann stinga eða berja manninn þá. Ákærði hafi svo sparkað í hurðina á bílnum og afturendann á honum.

Vitnið Ríkharður Sigurðsson var einnig staddur í Bankastræti og kveðst hafa séð að átök urðu með tveimur mönnum. Hafi annar, yngri maðurinn, slegið hinn í bakið, að því er vitninu virtist. Þeir hafi síðan hlaupið í kringum bílinn og hafi sá eldri þeirra, sem komið hafði út úr Borgarvirkinu, reynt að verja sig með flösku. Hafi sá komist inn í bílinn en hinn ráðist á bílinn með spörkum. Vitnið kveðst ekki hafa séð að yngri maðurinn hafi haft neitt í hendinni. Vitnið kveðst ekki hafa séð að yngri maðurinn hafi náð eldri manninum, áður en sá komst inn í bílinn. Vitnið segist ekki muna það að eldri maðurinn hafi haft glas í hendi og ekki hafa séð eldri manninn slá til hins yngra, nema þá að hann hafi gert það með flöskunni.

Vitni þessi tvö voru óskilrík hér fyrir dóminum og vætti þeirra óljóst og einurðarlítið.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og skýrslum vitna, sem raktar hafa verið hér að framan, er sannað, að ákærði lagði til Viðars Jónssonar með hnífi og að hnífslagið kom í bak Viðari á vinstra herðablað eins og lýst hefur verið. Ekki verður neinu slegið föstu um það hvernig átök þeirra hófust. Þá þykir ekki alveg óhætt að telja sannað að ákærði hafi brugðið hnífinum fyrr en

Viðar hafði slegið hann með glasinu. Hefur ákærði með þessu athæfi orðið sekur um brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

Þá er á sama hátt sannað að ákærði olli skemmdum á bíl Viðars með því að sparka í hann svo að vinstri afturhurð dældaðist. Hefur hann með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Viðar Jónsson hefur gert fébótakröfu á hendur ákærða og hefur hann lækkað hana frá því sem greinir í ákæru. Er hún sem hér segir:

Skemmdir á bíl	kr.	40.000
Fataskemmdir	-	20.000
Vinnutap	-	17.000
Miski	-	200.000
Samtals	kr.	277.000

Þá krefst hann vaxta og dráttarvaxta af þessari fjárhæð samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði hefur mótmælt miskabótakröfunni en samþykkt að greiða sanngjarnar bætur fyrir tjón á bílnum að frádregnum bótum fyrir skemmdir á afturljósum sem séu ósannaðar. Þá samþykkir hann að greiða fyrir fataskemmdir og vinnutap eins og krafist er.

Eins og ákæru er háttað verður ákærði ekki dæmdur til þess að greiða bætur fyrir afturljós, og þykir hæfilegt að dæma hann til þess að greiða 37.000 krónur fyrir tjón á bílnum, 20.000 krónur fyrir fataskemmdir, 17.000 krónur fyrir vinnutap og 100.000 krónur fyrir miska, eða 174.000 krónur alls, ásamt dráttarvöxtum frá kröfudegi, 21. ágúst 1992, til greiðsludags.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um refsilagabrot áður og hefur framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins verið óaðfinnanleg. Á hitt er aftur á móti að líta að ákærði stakk flýjandi mann í bakið, að atlaga hans var beinlínis lífshættuleg og hending réð að ekki hlaust af voði. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Þykir ekki fært að skilorðsbinda refsingu fyrir svo hættulegt brot.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni hdl., 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Eyfjörð Eiríksson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði Viðari Jónssyni 174.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 21. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni héraðsdómslögmanni, 80.000 krónur.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 388/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Vilhelmínu Eddu Lúðvíksdóttur
(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Ölvun. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærðu og af hálfu ákæruvalds með stefnu 9. september 1993. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að svipting ökuréttar miðaðist við 5. maí 1992. Ákærða krefst sýknu.

Sýni var tekið úr blóði ákærðu hálfri klukkustund eftir umferðarslys það, sem um ræðir í málinu. Staðið var að töku og meðferð blóðsýnis með eðlilegum hætti, og hefur ekkert komið fram, er rýri sönnunargildi rannsóknarinnar. Magn alkóhóls í blóðsýninu mældist 1,12‰. Samkvæmt því er sannað, að ákærða ók undir áhrifum áfengis og braut með því gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Staðfesta ber refsiákvörðun í héraðsdómi og ákvæði hans um sviptingu ökuréttar, þó svo að hún teljist frá 5. maí 1992, er ákærða var svipt ökurétti til bráðabirgða. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Lögreglurannsókn í máli þessu er mjög ófullkomin. Engin skýrsla var tekin af bifreiðarstjóra S-511, og skýrsla af farþega, sem var í bifreiðinni, var ekki tekin fyrr en 13 mánuðum eftir slysið. Lögregluskýrsla var fyrst tekin af ákærðu 5. maí 1992. Þann dag var ákærða svipt ökurétti til bráðabirgða, en rétt hefði verið, úr því sem komið var, að það biði dóms í málinu, sbr. Hrd. 1991, 1632. Ákæra í málinu var ekki gefin út fyrr en 4. mars 1993. Átelja ber hina ófullkomnu lögreglurannsókn og drátt á málsmeðferð fram að útgáfu ákæru.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærðu telst frá 5. maí 1992.

Ákærða, Vilhelmína Edda Lúðvíksdóttir, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 13. ágúst 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms mánudaginn 26. júlí sl., er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Höfn, dagsettu 4. mars 1993, á hendur „Eddu Lúðvíksdóttur, Hólum í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, kennitala 300830-4049, fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 23. nóvember 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Z-3042 norður Hafnarbraut á Höfn".

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í upphaflegri ákæru var ákærða einnig ákærð fyrir að hafa ekið á bifreiðina S-511, þegar hún var að taka vinstri beygju af Hafnarbraut yfir á Vesturbraut, og valda þannig tjóni á bifreiðinni S-511 og líkamstjóni á tveimur farþegum hennar, en við munnlegan málflutning breytti fulltrúi ákæruvaldsins ákærunni þannig að þessi ákæruliður var felldur niður, en hann taldist í upphaflegu ákæruskjali varða við 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr., umferðarlaga nr. 50/1987. Ástæða þess, að ákæruvaldið féll frá þessum ákærulið, var að sögn sú, að aðalvitni ákæruvaldsins, ökumaður bifreiðarinnar S-511, sem ákærða lenti í árekstri við, er fluttur til Bandaríkjanna og kemur til með að vera þar a.m.k. næsta ár svo að fyrirsjáanlegt var, að það myndi hafa í för með sér verulegan drátt á rekstri málsins að reyna að fá vitnið hér fyrir dóm.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. nefndra umferðarlaga. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að ákærða greiddi allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

– – –

Niðurstöður.

Samkvæmt framansögðu liggur nokkuð ljóst fyrir hverjir málavextir eru, og er það óumdeilt í málinu að ákærða fór að heiman frá sér um kl. 19.00 laugardaginn 23. nóvember 1991, akandi bifreiðinni Z-3042, og ók að versl-

uninni Hornabæ á Höfn, og þaðan mun hún hafa ekið norður Hafnarbraut og lent í árekstri við bifreiðina S-511 á gatnamótum Hafnarbrautar og Vesturbrautar.

Í framhaldi af þessu var ákærða flutt á heilsugæslustöðina á Höfn og þaðan með flugvél til Reykjavíkur.

Það sem deilt er um í málinu, er hins vegar það, hvort ákærða var undir áhrifum áfengis, þegar hún ók bifreiðinni Z-3042 í umrætt skipti.

Fyrir liggur í málinu á þar til gerðu hefðbundnu eyðublaði beiðni um töku blóðsýnis vegna alkóhólrannsóknar úr ákærðu, merkt nr. A-31, undirritað af Jóni Inga Björnssyni varðstjóra og einnig undirritað af Mána Fjalarssyni lækni og áritað af honum um, að hann hafi tekið blóðsýni samkvæmt þessari beiðni úr ákærðu laugardaginn 23. nóvember 1991 kl. 20.00.

Einnig liggur frammi í málinu beiðni til Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði um, að umrætt blóðsýni merkt nr. A-31, verði rannsakað, og er sú beiðni undirrituð af Jóni Inga Björnssyni varðstjóra þann 23. nóvember 1991 og árituð af Rannsóknastofu háskólans 4. desember 1991 um, að mælst hafi 1,12 prómill af alkóhóli í blóðsýninu, og rita Kristín Magnúsdóttir og Þorkell Jóhannesson undir nefnda rannsókn fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Með tilliti til framburðar vitna verður að teljast sannað, að áfengislykt var af ákærðu eftir að áreksturinn varð, og einnig verður að telja sannað með framburði vitna að ákærða hafði einkenni þess að hún væri undir áhrifum áfengis.

Mjög langt er liðið síðan hin kærða háttsemi átti sér stað, og því verður að telja eðlilegt að læknir, hjúkrunarkona og lögreglumenn muni ekki nákvæmlega hvernig staðið var að töku og sendingu blóðsýnisins, en þrátt fyrir það liggja þó fyrir hin skriflegu gögn. Verður ekki séð að meðferð og taka blóðsýnisins hafi á nokkurn hátt verið með öðrum hætti en venja er hér á landi.

Þrátt fyrir það að rannsókn lögreglu í máli þessu sé á margan hátt ábótavant, á það fyrst og fremst við um þann hluta ákærunnar sem fallið var frá við munnlegan flutning málsins.

Verður því samkvæmt framburði vitna og öðrum gögnum málsins að telja það sannað að ákærða ók bifreiðinni Z-3042 undir áhrifum áfengis nefnt sinn, og þykir háttsemin réttilega færð til 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærða hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 27.000 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er ákærða svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 19. desember 1991, er hún var svipt ökuréttindum til bráðabirgða af sýslumanninum á Höfn. Hefur ákærða því þegar tekið út ökuleyfissviptingu sína.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákvarðast kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 60.000.

Helgi Jensson, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærða, Vilhelmína Edda Lúðvíksdóttir, greiði kr. 27.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi níu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 19. desember 1991 að telja.

Ákærða greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 60.000.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 442/1991. **Fjárskipti hf.,**
Sigurður Örn Sigurðsson,
Sigurður H. Garðarsson og
Guðrún R. Einarsdóttir
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Útivist. Málsástæður. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1991. Áfrýjendurnir Fjárskipti hf., Sigurður Örn Sigurðsson og Sigurður H. Garðarsson krefjast þess, að málskostnaður samkvæmt héraðsdómi verði lækkaður verulega. Áfrýjandinn Guðrún R. Einarsdóttir krafðist þess upphaflega, að kröfu stefnda um viðurkenningu á veðrétti í fasteigninni Háagerði 20 í Reykjavík yrði vísað frá dómi. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist hún til vara sýknu. Áfrýjendur krefjast allir málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var ekki sótt þing af hálfu áfrýjendanna Fjárskipta hf., Sigurðar Arnar Sigurðssonar og Sigurðar H. Garðarssonar, og fellur málið niður fyrir Hæstarétti, að því er þá varðar.

Áfrýjandinn Guðrún R. Einarsdóttir reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að birting stefnu í héraði hafi verið ólögmæt, þar sem hún var birt á vinnustað, sem hún hafi aldrei starfað á. Í öðru lagi hafi kröfugerð á hendur henni í stefnunni verið mjög óskýr og óákveðin.

Rangt er það, sem segir í héraðsdómi, að áfrýjendur hafi hvorki sótt né látið sækja þing í héraði. Þing var sótt af hálfu þeirra allra við þingfestingu málsins 18. apríl 1991. Í því þinghaldi fékk stefnandi (stefndi fyrir Hæstarétti) frest til gagnaöflunar, en eftir það var

stefndu (áfrýjendum) veittur tvisvar frestur til að leggja fram greinargerð. Í þinghaldi 13. júní s. á. synjaði stefnandi þeim frekari frests. Í þinghaldi 18. s. m. var ekki mætt af hálfu stefndu, og var málið tekið til dóms að kröfu stefnanda.

Að svo vöxnu máli og gegn mótmælum stefnda eru ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að kröfur áfrýjandans Guðrúnar R. Einarsdóttur fái komist að fyrir Hæstarétti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er hana varðar.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Málið er fellt niður, að því er varðar áfrýjendurna Fjárskipti hf., Sigurð Örn Sigurðsson og Sigurð H. Garðarsson.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjandann Guðrúnu R. Einarsdóttur.

Áfrýjendur greiði stefnda, Íslandsbanka hf., samtals 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. september 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. júní 1991, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. apríl og 10. apríl 1991, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-1589, Bankastræti 5, Reykjavík, á hendur Sigurði Erni Sigurðssyni, kt. 110759-3209, Háagerði 20, Reykjavík, en áður til heimilis að Stuðlaseli 5, Reykjavík, fyrir hönd Fjárskipta hf., Skipholti 50C, Reykjavík, kt. 470789-5229, sem framkvæmdastjóra félagsins og persónulega, Sigurði H. Garðarssyni, kt. 150357-2179, Eskiholti 19, Garðabæ, og Guðrúnu R. Einarsdóttur, kt. 090923-3239, Háagerði 20, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 9.056.563,54 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, af kr. 130.000,00 frá 3. desember 1990 til 31. janúar 1991, af kr. 3.826.132,48 f.þ.d. til 4. febrúar 1991, en af kr. 9.056.563,54 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 7.200,00 í bankakostnað. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi veðréttindi samkvæmt tveimur tryggingarveðbréfum til tryggingar hinni innstefndu fjárhæð eða svo langt sem veðið samkvæmt þeim hrökkvi til, annars vegar veðréttur að fjárhæð kr. 5.000.000,00 auk innheimtukostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ samkvæmt bréfi, út gefnu 18. desember

1990, þar sem fasteignin Háagerði 20, Reykjavík, er veðsett fyrir greindri fjárhæð með 10. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir þá áhvílandi veðlánum, hins vegar veðréttur að fjárhæð kr. 5.000.000,00 samkvæmt bréfi, út gefnu 11. september 1990, þar sem eignarhluti 0106 fasteignarinnar nr. 18 við Kleifarsel í Reykjavík er veðsettur fyrir greindri fjárhæð með 11. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir þá áhvílandi veðskuldum. Þess er jafnframt krafist að dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstól hans á 12 mánaða fresti.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt þremur víxlum, öllum út gefnum í Reykjavík, tveimur út gefnum af Sigurði Erni Sigurðssyni 11. október 1990, að fjárhæð kr. 130.000,00, og 17. janúar 1991, að fjárhæð kr. 5.230.431,06, og samþykktum af Fjárskiptum hf. til greiðslu í Íslandsbanka hf., Reykjavík, þann 3. desember 1990 og 4. febrúar 1991, – víxlarnir séu framseldir af útgefanda og ábektir af Sigurði H. Garðarssyni, – einum út gefnum af Sigurði H. Garðarssyni þann 16. janúar 1991, að fjárhæð kr. 3.696.132,48, og samþykktum af Fjárskiptum hf., til greiðslu í Íslandsbanka hf., Reykjavík, þann 31. janúar 1991. Víxillinn sé framseldur af útgefanda og ábektur af Sigurði Erni Sigurðssyni. Bæði útgefendur og ábekingar hafa lýst því yfir að afsögn víxlanna væri óþörf. Greiðslufall hafi orðið.

Stefnandi kveður bankann vera eiganda tveggja fasteignaveðtryggingarbréfa, út gefinna til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjárskipta hf. við hann, þ. e. að segja svonefnt allsherjarveð. Annars vegar sé um að ræða bréf, út gefið 11. september 1990, með veði í Kleifarseli 18, Reykjavík, eignarhluta 0106, þinglesinni eign Fjárskipta hf., hins vegar bréf, út gefið 18. desember 1990, með veði í Háagerði 20, Reykjavík, þinglesinni eign Guðrúnar Einarsdóttur.

Um lagarök vísar stefnandi til 47. og 48. gr. víxillaga nr. 93/1933 og ákvæða tryggingarbréfa þeirra, sem að framan er getið, auk almennra reglna íslensks fjármunaréttar. Krafa um greiðslu bankakostnaðar sé byggð á gjaldskrá Íslandsbanka hf., staðfestri af bankaráði hans, með heimild í 21. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1989. Kröfu um virðisaukaskatt byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Því beri sér nauðsyn til að fá skattinn dæmdan úr hendi stefndu.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 650.000,00 og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Dóminn kvað upp Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Fjárskipti hf., Sigurður Örn Sigurðsson og Sigurður H. Garðarsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., kr. 9.056.563,54 með dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, af 130.000,00 frá 3. desember 1990 til 31. janúar 1991, af kr. 3.826.132,48 f.þ.d. til 4. febrúar 1991, en af kr. 9.056.563,48 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 7.200,00 í bankakostnað og kr. 650.000,00 í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Staðfestur er veðréttur samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum 18. desember 1990, vegna fasteignarinnar Háagerðis 20, Reykjavík, og 11. september 1990, vegna fasteignarinnar nr. 18 við Kleifarsel, eignarhluta 0106, fyrir hinni tildæmdu fjárhæð eða svo langt sem veðið samkvæmt þeim hrekkur til.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 479/1993. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

H

(Sigurður Georgsson hrl.)

Líkamsárás. Sératkvæði. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni af ákærðu og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu með áfrýjunarstefnu 22. nóvember 1993. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti voru dómkröfur ákæruvalds þær, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, en af hálfu ákærðu var þess krafist, að refsing hennar yrði milduð verulega og refsivist ákveðin að öllu leyti eða hluta skilorðsbundin.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, er varða ákærðu, meðal annars greinargerð yfirsálfræðings unglingadeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um hagi hennar, meðan á gæsluvarðhaldi hennar stóð, og bréf um kennslu hennar á sama tíma.

Enn fremur voru lögð fram læknisvottorð Þóris Ragnarssonar, sérfræðings á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans, dagsett 11. janúar 1994, þar sem lýst er áverkum G, og vottorð Péturs Lúðvígssonar, barnalæknis á Landspítalanum, dagsett 13. s. m., varðandi endurhæfingu og frekari læknismeðferð hennar á Barnaspítala Hringsins frá 2. nóvember 1993, en þá útskrifaðist hún af heila- og taugaskurðlækningadeild. Í vottorði sérfræðingsins segir meðal annars: „. . . tel ég ljóst að G muni búa við verulega varanleg örkuml vegna þessa áverka“. Þá segir í niðurstöðu vottorðs barnalæknisins: „Á þessu stigi verður ekki fullyrt um hversu mikinn bata stúlkan fær. Útlit er þó fyrir að hún muni sitja uppi með verulega fötlun eftir þennan áverka.“

Sannað þykir með framburði ákærðu og vitna, að ákærða og N veittust að G með höggum og spörkum, þar á meðal í höfuð hennar.

Það er álit sérfræðingsins Þóris Ragnarssonar, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, að ógerningur sé að fullyrða, hvort höfuðáverkinn stafi af einu höggi eða fleirum. Hugsanlegt sé, að slíkur áverki komi af litlum höggum eða hnefahöggi í niðurandlit, þótt hann orsakist venjulega af miklum höfuðhöggum. Þegar litið er til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann um annað en ákvörðun refsingar. Við hana ber sérstaklega að líta til ungs aldurs ákærðu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 3 ára fangelsi.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærðu, sem hún hefur sætt óslitið frá 3. október 1993.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærða skal greiða allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að við fyrstu yfirheyrslu yfir ákærðu hjá rannsóknarlögreglu var þess ekki gætt að kalla til fulltrúa barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, eða skipa ákærðu réttargæslumann, en þetta var sérstaklega brýnt vegna ungs aldurs hennar og hinna alvarlegu sakargifta á hendur henni.

Dómsorð:

Ákærða, H, sæti fangelsi í 3 ár, en frá refsingunni dregst gæsluvarðhald hennar með fullri dagatölu frá 3. október 1993.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Ákærða veittist að stúlkunni G á almannafæri, án teljandi tilefnis, og naut til þess fulltingis vinkonu sinnar, sem síðan tók þátt í árás-

inni. Atlaga þeirra var ofsafengin, en erfitt er að fullyrða, hversu langt hún gekk, þar sem stúlkan bar engin ytri merki um meiðsl á höfði, og hin stórfelldu örkuml, sem rakin verða til árásarinnar, geta einnig hlotist af höggi, sem annars yrði talið minni háttar. Þótt ákærða hafi eflaust gert sér óljósa grein fyrir þeirri hættu, sem til var stofnað, verður að miða ábyrgð hennar við þessar afleiðingar árásarinnar, og vegna þeirra er verknaðurinn réttilega talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er unglingsstúlka, 16 ára að aldri, og enn óþroskuð að mörgu leyti. Hún á sér enga sögu um afbrotahneigð, en hefur löngum búið við erfiðar heimilisaðstæður og átt í misjöfnum félagsskap. Hún þarf nú að horfast í augu við þá þungbæru staðreynd að hafa lagt framtíð rúmlega 15 ára stúlku svo að segja í rúst í einu vetfangi, án þess að ætlandi sé, að hún hafi í raun viljað vinna henni varanlegt mein. Brot ákærðu verður að meta svo, að það varði þungri refsingu, og er ég samþykkur því, að hún verði ákveðin 3 ára fangelsi. Með hliðsjón af framansögðu og ósku ákærðu er þó ástæða til að ætla, að refsivist um langan tíma geti reynst henni skaðleg og torveldað henni að takast á við vanda sinn í framtíðinni, en hún á annars fyrir höndum að halda áfram skólagöngu. Er því rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar ákærðu, sem ekki hefur þegar verið tekin út, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, og falli refsingin niður að 4 árum liðnum, haldi hún almennt skilorð 57. gr. sömu laga. Verði frestunin háð því, að ákærða hlíti umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, og verði henni skipaður sérstakur tilsjónarmaður, er hafi eftirlit með námi hennar, vinnu og tómstundaiðju og leiðbeini henni í hvívetna.

Ég er sammála öðrum dómendum um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 596/1993: Ákæruvaldið gegn H, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október sl., á hendur ákærðu, H, f. 1977, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfara-

nótt laugardagsins 2. október 1993 á Lækjartorgi í Reykjavík í félagi við N, fædda 1979, ráðist á A, fædda 1978, og slegið hana oft með krepptum hnefa í andlit og búk, togað í hár hennar og sparkað í fætur hennar, kvið og bak og margsinnis í höfuð með þeim afleiðingum, að það blæddi milli heila og heilahimnu við litla heila og heilastofn og missti A meðvitund og hætti að anda í lögreglubifreið, sem hún hafði áður leitað skjóls í, á leið á slysadeild Borgarspítalans. Blésu lögreglumenn í hana lífi á leiðinni, og hafði hún við komu á spítalann merki mjög alvarlegra truflana á heilastarfsemi vegna heilablæðingarinnar og gekkst þá þegar undir skurðaðgerð, en hefur enn ekki komist til meðvitundar og er alls óvíst um bata.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar".

N er ósakhæf fyrir aldurs sakir.

Málavextir.

Laugardagsnóttina 2. október sl. var margt fólk á ferli í miðbæ Reykjavíkur og margir ölvaðir. Á Lækjartorgi voru á verði þrír lögreglumenn í bíl, þar á meðal Adolf Árnason. Kom þá til þeirra ung stúlka í miklu uppnámi og sagði að þrjár stúlkur, dökkhærðar með meðalsítt hár, hefðu veist að sér og sparkað í höfuð sér, meðan hún lá í götunni. Kvartaði hún um eymsli í höfðinu. Eftir að stúlkan, A, var komin inn til þeirra í bílinn, kenndi hún ógleði, og var þá ekið með hana áleiðis til slysadeildar Borgarspítalans. Á leiðinni þangað kastaði hún upp þrisvar og varð svo rænulaus og hætti loks að anda. Gat Adolf blásið í hana lífi, og var þetta um það bil, sem lögreglubíllinn náði ákvörðunarstað. Var A þá í djúpu dái, og mjög alvarlegar truflanir voru á heilastarfsemi hennar vegna blæðingar milli heila og heilahimnu við litla heila og heilastofn (subdural hematoma í fossa posterior). Var gerð skurðaðgerð í skyndi á höfði hennar vegna þessa. Var A í lífshættu nokkurn tíma.

Að mati Þóris Ragnarssonar, sérfræðings í heila- og taugaskurðlækningum á Borgarspítalanum, sem framkvæmdi aðgerðina, var höfuðhögg orsök blæðingarinnar. Hefur hann komið fyrir dóminn og sagt A hafa orðið fyrir miklum heilaskemmdum með taugalömun og lömun á öllum útlimum. Hafi taugar, sem stjórni raddböndum, kyngingu og öðru orðið fyrir skemmdum. Sé stúlkan mjög þungt haldin. Telur læknirinn það vera ákaflega ósennilegt að hún nái fullri heilsu aftur. Horfurnar séu dökkar og ekki hægt að slá neinu föstu um það hve mikill varanlegur heilaskaði verður en nokkur bati sé hugsanlegur, einkanlega ef hún fær mikla endurhæfingu og þjálfun og

það þá um margra mánaða skeið. Hugsanlegt sé þó að hún verði áfram í því ástandi sem hún er í dag og jafnvel geti þetta riðið henni að fullu. Stúlkan sé ekki alveg meðvitundarlaus, hún opni augun og sýni svipbrigði. Vegna hinnar miklu lömunar sé ekki hægt að átta sig á því hvert meðvitundarstig hennar sé þar sem hún sé ófær um að tjá sig. Líklegast sé að stúlkan hafi fengið högg aftan á höfuðið, en blæðing af þessu tagi geti einnig orsakast af höggi hvar sem er á höfuðið. Sé óhætt að fullyrða að stúlkan hefði látist þarna um nóttina ef hún hefði ekki komist undir læknishendur, bæði vegna heilaskemmda, öndunarlömunar og blóðþrýstingstruflunar. Sá hluti heilans, sem sé skemmdur, hafi ekki með að gera vitsmuni, sjón eða heyrn enda sé stóri heili óskemmdur. Megi því gera ráð fyrir, að ef stúlkan nái besta hugsanlega bata þá yrðu vitsmunir hennar óskertir. Læknirinn segist ekki hafa séð neina ytri áverka á höfði stúlkunnar þegar hún kom á spítalann. Sé ógerningur að segja til um hvort áverkinn sé af einu höggi eða fleirum, en blæðingar af þessu tagi orsakist venjulega af miklum höfuðhöggum en einnig megi hugsa sér að þau komi af litlum höggum, jafnvel hnefahöggi á niðurandlit. Blæðingin í heila A hafi verið mjög mikil og stafi af því að bláæð yfir litla heila hafi rofnað á þeim stað í höfðinu sem sé viðkvæmastur fyrir höggi. Alls ekki sé óhugsandi að stúlkan hefði getað hlaupið einhvern spöl eftir höggið enda blæðingin úr bláæð og lítill blóðþrýstingur. Geti liðið allt frá nokkrum mínútum upp í nokkra klukkutíma þangað til einkenni slíkrar blæðingar komi fram.

Eftirgrennslan rannsóknarlögreglu leiddi til þess að tvær stúlkur voru handteknar og sakaðar um árásina á A, þær ákærða og N, fædd 1979, til lögheimilis í . . . hér í borginni. Í fyrstu báru stúlkurnar að þær hefðu verið þrjár saman í árásinni á A en könnuðust svo við að það hefðu þær spunnið upp eftir að hafa heyrt að stúlka lægi stórslösuð eftir þær á sjúkrahúsi.

Ákærða hefur sagt að þær N hafi verið staddar hjá Hressingarskálanum en þó nær Lækjargötu þegar stúlka að nafni B hafi komið á tal við sig og sagt að stúlka, sem hún benti á þarna skammt frá, hefði barið C, frænku ákærðu, fyrr um kvöldið. Hafi B beðið sig um að tala við stúlku þessa en verið geti einnig að B hafi beðið sig um að berja stúlkuna. Þær hafi síðan gengið til stúlkunnar og kveðst ákærða hafa spurt hana hvort hún hefði verið að berja stúlkuna. Hafi hún svarað að sér kæmi þetta ekki við og sagt sér að fara burt. Kveðst ákærða þá hafa ýtt við stúlkunni, sem henni var sagt síðar að væri kölluð [...] og kýlt hana á vangann. N hafi svo blandað sér í þetta og sparkað í magann á stúlkunni og kýlt hana í andlitið. Maður hafi komið þarna að og gengið á milli og haldið sér. Hafi stúlkan þá komist frá þeim og á bak við bekk sem þarna er. Þær N hafi ráðist aftur á stúlkuna og

bæði kýlt hana og sparkað í hana. Kveðst hún hafa séð N halda í bringu stúlkunnar eða axlir og beygja hana áfram svo að hún stóð hokin. Hafi N rekið hnéð í stúlkuna en hún geti ekki sagt hvort hnéð kom í andlit hennar eða líkama. Sjálf hafi hún kýlt stúlkuna í öxlina og sparkað í fætur henni. Hafi maðurinn þá gengið aftur á milli. Hafi stúlkan þá getað hlaupið á brott og kveður hún þær B og C, sem þarna voru nærstaddar, hafa sagt þeim að koma og einnig sagt þeim að stúlkan hefði komist í lögreglubíl sem þarna var. Hafi þær B og C farið úr jökkum sínum og sagt þeim að skipta við þær. Kveðst ákærða hafa farið í jakkann af C en seinna um nóttina hafi þær skipst á jökkum aftur.

Ákærða segist hafa verið berhent og slegið með krepptum hnefa. Hafi hnefahögg sín komið í andlit og líkama stúlkunnar, en spörkin hafi komið í maga og fætur. Hún neitar því að hafa sparkað í höfuð stúlkunnar. Þá neitar hún því að þær N hafi haldið í fléttur stúlkunnar, beygt hana fram og sparkað í höfuð hennar, sbr. hér á eftir. Segir hún að ekki hafi verið ætlunin að meiða stúlkuna eða slasa heldur aðeins að taka í hana og hræða hana.

N hefur skýrt frá því að þær ákærða og C og B hafi verið staddar í Austurstræti þessa nótt og hefði ákærða verið „blindfull" en sjálf hefði hún aðeins verið búin að drekka nokkra sopa af áfengi og fundið á sér. Hafi ákærða þá sagt sér eftir C að þarna væri stúlka sem hefði verið að berja C í unglingavinnunni nú í sumar. Hafi ákærða beðið hana að koma með sér og tala við stúlkuna. Kveðst hún hafa sagt við ákærðu að hún færi ekki að slást en ákærða svarað að hún ætlaði aðeins að tala við hana. Hafi þær allar gengið til stúlkunnar, sem var með ljósar fléttur og stóð hjá bekk fyrir framan sjoppu sem heitir Fröken Reykjavík. Á bekknum hafi setið nokkrar stúlkur, líklega vinkonur hennar. Ákærða hafi spurt stúlku þessa hvað hún hefði verið að angra C. Stúlkan hafi sagt að hún vissi ekki hver þessi C væri eða hvað hún væri að tala um. Ákærða hafi ráðist á stúlkuna og rifið í hárið á henni og hafi stúlkan þá rifið í hár ákærðu. Ákærða hafi svo byrjað að sparka í stúlkuna sem hafi reynt að ýta og sparka á móti til þess að losna frá henni. Kveðst hún þá hafa öskrað á ákærðu að hætta þessu og gengið á milli. Hafi hún þá fengið högg frá ákærðu og við það hafi hún orðið alveg brjáluð og tekið í þær báðar. Telur N að stúlkan hafi haldið að hún væri að ráðast á sig líka, og ýtt við henni svo að hún datt. Kveðst hún þá hafa sparkað nokkrum sinnum í fætur og læri stúlkunnar meðan hún lá. Í þessu hafi borið að nokkra menn og hafi þeir tekið í sig og dregið sig frá. Hafi hún því ekki séð hvað gerðist á milli þeirra um stund. Hún hafi svo fært sig til og þá séð að stúlkan lá í götunni og ákærða stóð hjá henni. Hjá rannsóknarlögreglu kvað hún ákærðu hafa legið ofan á henni. Þær hafi svo stað-

ið upp og stúlkan farið í burtu. Hafi stúlkan kallað eitthvað til þeirra. Þær C og B hafi svo sagt við þær að þær skyldu skipta við þær hinar á jökkum til þess að lögreglan þekkti þær ekki og hafi þær gert það. Þær ákærða hafi svo orðið viðskila við þær.

N segist ekki vita fyrir víst hvar spörk sín komu í stúlkuna, en telur víst að hún hafi ekki getað náð að sparka í höfuð hennar þaðan sem hún lá. Hafi hún ekkert gert annað á hlut stúlkunnar en að sparka í hana í þetta sinn og spörkin komið í fætur stúlkunnar Hún hafi hvorki sett hnéð í höfuð stúlkunni, kýlt hana né tekið í hárið á henni. Aftur á móti hafi ákærða tekið í hárið á stúlkunni en hún kveðst hvorki hafa séð hana kýla né sparka í höfuðið á henni.

Vitnið . . ., 15 ára, var með vinkonum sínum, A, D, E og F, á Lækjartorgi um kl. tvö til hálfþrjú þessa nótt. Hafi hún þá séð hvar þrjár stúlkur á sama reki og þær, dökkhærðar og dökkklæddar, hafi verið að ýta við A og sparka í hana. Hafi spörkin komið í síðu hennar og aftan á herðablað. Ein þeirra hafi togað í vinstri fléttuna á henni og hafi hún því verið hokin og höfuðið svo neðarlega að auðvelt hefði verið að sparka í það. Hún hafi þó ekki séð að sparkað væri í höfuðið. Þá viti hún ekki til þess að A hafi fallið í götuna. Hún hafi svo misst sjónar á henni vegna fólks sem hnappaðist þarna að. Kveðst hún hafa ætlað að skakka leikinn, en stúlka, sem hefði verið með þeim tveimur, hefði hindrað það. Vitnið gat ekki borið kennsl á stúlkurnar tvær, ákærðu og N, þegar hún sá þær í réttarsalnum við meðferð málsins.

Vitnið B, 14 ára, kveðst hafa verið stödd á mótum Austurstrætis og Pósthússtrætis með þeim C, vinkonu sinni, og ákærðu og stúlku að nafni N. Hafi þær C verið að tala saman um eitthvað en ekki heyrði vitnið hvað. Allt í einu hafi þær ákærða og N hlaupið í áttina að Lækjargötu og þær C á eftir þeim. Hafi þær misst sjónar á þeim fyrir margmenni. Þegar þær nálguðust klukkuna hafi verið slagsmál í gangi þar skammt frá. Þær hafi þó ekki séð sjálf slagsmálin fyrir mannþvögu en séð að ákærða og N voru að rífast við tvær stelpur, aðra með ljósar fléttur.

Vitnið C, 14 ára, kannast við að hafa hitt þær ákærðu og N í miðbænum þessa nótt. Hafi hún bent þeim á stúlku að nafni A og sagt að sú hefði verið leiðinleg við sig í unglingavinnunni í sumar. Síðan hafi hún orðið viðskila við þær ákærðu og N og ekki séð þær aftur fyrr en hún var að fara heim um tvöleytið. Þær hafi skipst á jökkum og svo fljótlega aftur.

Vitnið G, 16 ára, hefur skýrt frá því, að um tvöleytið þessa nótt hafi hún

verið stödd við sölulúgu „sjoppunnar“ Fröken Reykjavík í Austurstræti. Hafi hún ekki verið undir áhrifum áfengis og muni hún atvikin greinilega. Hafi hún þá séð hvar tvær eða þrjár stelpur stóðu við bekk, sem þar er, og nokkrar aðrar, sem höfðu komið aðvífandi, voru að rífast við eina þeirra, með ljósar fléttur. Vitnið kveðst hafa staðið rétt hjá og enginn verið á milli sín og þeirra. Hafi aðkomustúlkurnar verið að ýta við henni og tvær þeirra tekið í flétturnar, svo að hún varð að beygja sig, og báðar sparkað margsinnis og látlaust í höfuð hennar, ekki með hnjánum heldur fótunum. Vitnið kannaðist við ákærðu í sjón þegar hún sá hana í réttinum og segir hana hafa verið aðra af þessum stúlkum. Hafi hún gengið harðar fram gegn stúlkunni. Vitnið kannaðist aftur á móti ekki við N, þótt hún sæi hana í réttinum. Maður um tvítugt hafi komið þarna að og reynt að skilja þær að en gengið illa, því að þær hafi haldið áfram að sparka, meðan hann var að því. Að lokum hafi stúlkan losnað frá þeim tveimur og farið í áttina til vinkvenna sinna við veitingastaðinn Berlín. Hafi hún þá heyrt einhvern hrópa, að hinar stúlkurnar væru að koma aftur, en þó ekki séð það. Loks hafi hún séð, að sú, sem fyrir árásinni varð, fór að lögreglubíl, sem var þarna á torginu.

Vitnið Sigurbjörn Ottó Björnsson, 19 ára, hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur við sjoppulúgu við Lækjartorg þessa laugardagsnótt, allsgáður. Hafi hann þá séð tvær dökkhærðar stúlkur, á að giska 15-16 ára gamlar, vera að lemja þá þriðju, og hafi sú verið hálfbogin. Önnur þeirra hafi staðið andspænis stúlkunni og virst halda henni niðri á meðan hin stóð til hliðar og barði hana í hnakkann. Kvað hann ákærðu hafa verið aðra þessara stúlkna. Hann hafi svo misst sjónar á stúlkunum í mannfjöldanum í 20-30 sekúndur en svo séð hvar hin árásarkvennanna, þ.e. ekki ákærða, hélt í hárið á stúlkunni og skellti höfði hennar niður á hné sér. Ekki hafi hann séð hvað hin aðhafðist á meðan. Skömmu seinna hafi stúlkan, sem ráðist var á, komið til sín og beðið sig ásjár. Hafi hann skýlt henni að baki sér en hinar tvær komið í áttina til þeirra. Hafi þá stúlkan hlaupið á brott og hann ekki séð hana eftir það. Vitnið giskar á að átökin hafi varað í 2-4 mínútur.

Vitnið Arnbjörg Sigurðardóttir, 20 ára, hefur skýrt frá því að hún hafi verið stödd við Berlín og séð 15-16 ára stúlku með ljósar fléttur hrekjast undan annarri á sama reki, dökkhærðri og klæddri í svartan, stuttan leðurjakka. Hafi sú ljóshærða verið grátandi og sagt: „Hvað er að ykkur?“ Stúlkan hafi hörfað fram hjá vitninu og lengra út á torgið. Sú dökkhærða hafi fylgt á eftir með spörkum og hafi sum þeirra lent í baki þeirrar ljóshærðu. Þegar út á torgið var komið hafi sú dökkhærða náð í hárið á henni, ekki þó í flétturnar, beygt höfuð hennar niður og rekið hnéð tvisvar til fjórum sinn-

um í andlit hennar. Vitnið hafi gengið í burtu og ekki séð hvernig þessu lyktaði. Vitnið sá þær ákærðu og N í réttinum en gat ekki sagt til um hvor þeirra hefði átt þarna hlut að máli. Hún kannaðist þó við svipinn á ákærðu.

Vitnið Jón Arnarson, 30 ára, hefur sagt að hann hafi verið staddur skammt fyrir austan veitingahúsið Berlín í Austurstræti. Hafi hann þá séð þrjár stúlkur koma út úr mannþvögu og hafi tvær þeirra, dökkhærðar og dökkklæddar og önnur þeirra a.m.k. í leðurjakka, verið að elta hina þriðju sem var með ljósar fléttur. Skammt frá vitninu hafi önnur þeirra tveggja náð taki á hári hinnar ljóshærðu, þó ekki í flétturnar, og dregið hana til sín svo að hún hlaut að beygja sig og þá rekið hnéð tvisvar í andlit hennar. Stúlkan hafi verið í hnipri eftir þetta og hafi þá hin dökkhærða stúlkan komið og sparkað einu sinni með fæti í magann á henni. Sú ljóshærða hafi svo flúið frá þeim en hinar elt hana og hafi þær allar horfið sjónum vitnisins út á torgið.

Vitnið T, 15 ára, hefur skýrt frá því að þær vinkonurnar hafi staðið við bekk sem er hjá sjoppunni Fröken Reykjavík. Hafi hún þá heyrt sagt: „Þarna er stelpan sem var að berja frænku mína." Hún hafi þá snúið sér við og séð tvær stelpur ráðast umsvifalaust á A. Báðar hafi þær verið dökkklæddar og önnur í leðurjakka og hvítum bol undir. Hafi þær togað í hár hennar og sparkað í hana. Maður hafi komið þarna aðvífandi og sagt A að flýta sér í burtu. Hafi hún þá hlaupið af stað og þær vinkonurnar með henni. Eftir að þær höfðu hlaupið stuttan spöl hafi hinar tvær komið á eftir þeim og ráðist aftur á A. Kveðst vitnið ekki hafa séð vel til í það sinnið fyrir fólki sem hópaðist þarna að. Hún segist ekki myndu þekkja stúlkurnar aftur, þó að hún sæi þær. Ekki treystir hún sér til þess að segja hvor stúlknanna hafi gert hvað á hluta A. Geti hún ekki sagt hvort önnur eða þær báðar hafi sparkað eða slegið hana. Þær hafi þó tekið í hana og beygt hana niður og hafi þær þá líklega haldið í hárið á henni. Vitnið segist ekki vera viss um hvort þær stóðu að þessu saman eða hvort þær skiptust á um að ráðast á hana.

Vitnið EH, 15 ára, hefur skýrt frá því að þær vinkonurnar hafi staðið á tali við sjoppuna Fröken Reykjavík. Hafi þá komið aðvífandi tvær ókunnar stúlkur, dökkklæddar og dökkhærðar. Vitnið kveðst ekki muna eftir því hvernig stúlkurnar litu út. Önnur stúlkan hafi verið öll dökkklædd en hin í svörtum jakka og hvít-skræpóttum buxum. Hafi önnur þeirra sagt að A hefði verið að berja frænku hennar í sumar. Þær hafi farið að ýta við A og nánast strax að sparka í hana. Hafi spörkin komið í fætur henni og upp eftir henni. A hafi hrakist undan þeim og reynt að bera fyrir sig hendurnar. Þær

vinkonurnar hafi reynt að fylgja þeim eftir en engu áorkað fyrir þvögunni, sem þarna varð, og eiginlega misst sjónar á A. Maður um tvítugt hafi komið þarna að og hafi hann haldið í A og sagt þeim að hlaupa með hana á brott. Þær dökkklæddu hafi komið aftur aðvífandi og ráðist að nýju á A. Kveðst vitnið ekki geta sagt hvort einhver munur hafi verið á atlögum stúlknanna eða hvor gerði hvað. Kveðst hún þá hafa misst sjónar á henni í mannfjöldanum og ekki séð hana aftur.

Vitnið IH, 16 ára, var í miðbænum þessa nótt. Þegar hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann ekkert hafa séð af átökunum. Hér fyrir dómi breytti hann frásögn sinni og kvaðst hafa séð báðar stúlkurnar veitast að A með spörkum og eins hafi þær tekið í hana og tuskast við hana. Ekki hafi hann séð nein hnefahögg. Hafi hann aðeins séð upphaf átakanna þar sem þarna hafi verið margt fólk sem hafi skyggt á. Eitthvað af spörkunum hafi lent á fótum stúlkunnar en mjög mörg hafi geigað. Vitnið kveðst ekki vera viss um hvort spörk hafi lent í höfði stúlkunnar. Hann segist ekki hafa séð að stúlkan hafi verið hokin eða bogin þegar hún fékk spörkin í sig. Hann segir enn fremur að þær hafi elt hana þarna um. Vitnið segist svo hafa séð stúlkuna hlaupa að lögreglubílnum og berja hann að utan. Hafi hann þá ekki séð neina áverka á henni.

Vitnið L, 14 ára, kveður ákærðu og N hafa verið að rífast við ljóshærðu stúlkuna og hún svarað fyrir sig. Hafi þetta færst í aukana og þær sparkað í fætur stúlkunni en hún svarað í sömu mynt. Kveðst vitnið hafa séð að N sparkaði í höfuð stúlkunnar. Vitnið segist muna eftir því að togað hafi verið í hárið á stúlkunni en ekki hafi hún séð að sparkað hafi verið í höfuð hennar þá. Vitnið kveður sig muna að stúlkan hafi staðið eitthvað bogin þegar N sparkaði í höfuðið á henni. Vitnið kveðst telja að N hafi sparkað með vinstra fæti og hafi höggið komið hægra megin í höfuð stúlkunnar. Ekki muni hún vel eftir þessu og geti ekki sagt hvort einhver hafi haldið í hana eða beygt hana áfram þegar hún fékk sparkið. Skömmu eftir þetta spark hafi maður komið að og skakkað leikinn. Stúlkan hafi svo hlaupið burt og horfið í mannfjöldann. Vitnið kveður ákærðu hafa verið svo drukkna að hún hefði ekki getað gert mikið. Ekki muni hún hvort ákærða hafi slegið stúlkuna en a.m.k. hafi hún ekki slegið hana í höfuðið.

Niðurstaða.

Rækilega hefur verið leitt í ljós með skýrslum ákærðu, N og sjónarvotta, að þær ákærða veittust saman að A með höggum og spörkum, þar á meðal í höfuð hennar. Þá er það einnig vafalaust, að ákærða og N áttu fullan og óskiptan hlut að árásinni. Ekkert verður fullyrt um hvaða högg eða spörk

þeirra ollu hinum mikla áverka sem hún fékk af árásinni en það er hafið yfir allan vafa að þeir stafa af henni. Ber að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Viðurlög.

Ákærða er sakhæf. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur hún ekki sætt refsingu áður. Refsinguna ber annars vegar að meta með hliðsjón af ungum aldri hennar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður að miða við það, að A nái nokkrum bata, eins og Þórir Ragnarsson læknir telur hugsanlegt. Er þá ekki á ákærðu hallað. Á hinn bóginn verður að líta til þess, að þær N veittust hrottalega og tilefnislaust að stúlkunni, að árásin stóð nokkra stund og þær sóttu að henni og létu sér ekki segjast þótt gengið væri á milli. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 3. október sl., 37 daga.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, sem skipaður var verjandi hennar 3. október sl., 100.000 krónur.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, sótti málið fyrir ákæruvaldið.

Dómsorð:

Ákærða, H, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni dregst 37 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 401/1990. **Plastmótun hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Árna Möller,
Guðmundi Baldurssyni,
Guðmundi Ingvarssyni,
Jóni Hólm Stefánssyni og
Þorsteini Gunnarssyni
persónulega og f.h. Austurveitu
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Verksamningur. Dagsektir. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér 5.682.861 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. febrúar 1989 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavöxtum er ýtarlega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefndu Árna Möller, Guðmundar Baldurssonar, Guðmundar Ingvarssonar, Jóns Hólm Stefánssonar og Þorsteins Gunnarssonar persónulega af kröfum áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfu sína svo:

1.	Samtals vegna verksamnings	kr.	6.462.253
2.	Vegna Pípna sf.	kr.	1.979.065
3.	25% söluskattur	kr.	2.110.329
Heildarkrafa		kr.	10.551.647

Greitt af stefnda	kr.	4.868.786
Mismunur alls	kr.	5.682.861

Um 1. kröfulið og greiðslur stefnda er ekki ágreiningur með aðilum, en stefndi andmælir kröfuliðum 2 og 3, eins og í héraðsdómi greinir. Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um þessa kröfuliði. Telst áfrýjandi eiga kröfu á hendur stefnda Austurveitu sem nemur 1. og 2. kröfulið ásamt söluskatti af samanlagðri fjárhæð þeirra.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, hefur stefndi Austurveita gert kröfu til skuldajafnaðar vegna kröfu sinnar á hendur áfrýjanda um dagsektir. Ákvæði um dagsektir er í lok 2. gr. verksamnings aðila og hljóðar svo:

„Dagsektir reiknast 1% af samningsupphæð fyrir hvern almanaksdag sem skilafrestur verksins dregst fram yfir lokadag, sem ákveðinn er 1. okt. 1988."

Fyrirsvarsmenn stefnda Austurveitu önnuðust sjálfir samskipti við áfrýjanda varðandi verkframkvæmdir, en starfsstöð hans er í nágrenni veitusvæðisins. Telja verður í ljós leitt, að þeim hafi verið kunnugt um þær verulegu tafir, sem urðu á afhendingu hráefnis frá útlöndum, og að þær stöfuðu af erfiðleikum í útvegun hráefnis, sem ekki var unnt að sjá fyrir. Tímasetningar verksamnings voru miðaðar við, að þar til greindar dagsetningar á afhendingu hráefnis í skip erlendis stæðust.

Aðilar verksamningsins komu saman á fyrsta verkfund sinn 5. október 1988, og var þar ekkert bókað um tafir á verkinu, en nýrri áætlun um verktíma fyrir verkþátt Pípna sf. var framvísað. Í henni segir m.a.: „Miðað við að suða á restinni af rörunum gangi eins og á þeim sem komin eru, tekur verkið 16 til 17 daga. Þeir þættir sem helst geta tafið verkið eru veður og skortur á efni." Um lokatíma segir þar: „Ef allt gengur að óskum ætti að vera hægt að ljúka verkinu á u.þ.b. 22 dögum." Á þessum fyrsta verkfundi aðila var einnig bókað um efnisútvegun, að reiknað sé með, að PE-efnið komi fljótlega til landsins, en síðan segir: „Afgangurinn af PP-efninu fór frá Saudi-Arabíu í dag og verður væntanlega sett í skip í „Norðursjávarhöfn" 18. okt., eða í síðasta lagi 25. okt. nk. Til viðbótar er reikn-

að með 7-8 dögum til landsins." Annar verkfundur aðila var haldinn 8. nóvember, og voru enn gerðar skilmerkilegar bókanir, þar sem m.a. koma fram skýringar á töfum á verkinu. Þar var einnig bókað, að rætt hefði verið um dagsektarmál, og sagt, að þau verði rædd frekar í tengslum við nýja verkáætlun. Þriðji verkfundur aðila var haldinn 13. nóvember, og var enn lögð fram ný verkáætlun, sem miðaðist við nýjan lokadag um áramót. Enn fremur var bókað: „Ýmislegt rætt um dagsektir, orsakir fyrir töfum o.fl. því tengt. Í meginatriðum sama umræða og var á síðasta verkfundi."

Fjórði verkfundur aðila var haldinn 16. janúar 1989. Þar kom fram, að verkþætti áfrýjanda væri lokið í reynd og að búið væri að framleiða öll plaströr, sem pöntuð hefðu verið. Þar var enn rætt um nýja verkáætlun fyrir samstarfsaðila áfrýjanda, Pípur sf., en engar bókanir gerðar um dagsektir. Aðilar hittust aftur á fundi 20. janúar, og voru þar engar bókanir gerðar um dagsektir. Forsvarsmaður Pípna sf. lýsti þar væntanlegum verkframkvæmdum af sinni hálfu. Vegna veðurs var ógerlegt að vinna að verkinu um veturinn frá byrjun febrúar 1989, og hófst vinna á ný ekki fyrr en 19. maí 1989. Lítt var unnið þá um sumarið, og fór svo að lokum, að verksalar hurfu endanlega frá verki 15. ágúst 1989.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að áfrýjandi hafi við þessar breytingar á tímaáætlun verksamnings skuldbundið sig til þess að skila verkinu á sérstaklega ákveðnum tíma að viðlögðum dagsektum þeim, sem í samningnum greinir. Ekki er leitt í ljós, að forsvarsmenn stefnda hafi, áður en mál þetta var höfðað, tilkynnt viðsemjendunum ákvörðun sína um að krefja þá um dagsektir frá ákveðnum tíma. Verður ekki séð, að stefndu hafi krafið áfrýjanda um greiðslu samkvæmt févítisákvæði verksamningsins fyrr en í greinargerð sinni til héraðsdóms, þar sem krafan er sett fram sem skuldajafnaðarkrafa. Var þó ærin ástæða til vegna þess, hve háar dagsektirnar voru ákveðnar í verksamningi. Verður ekki talið, að stefndu geti eftir á borið fyrir sig févítisákvæði þetta eftir efni þess, á þann hátt, sem þeir gera í máli þessu. En þar sem áfrýjanda var ætíð vel kunnugt um ákvæðið og margrætt var þeirra í milli um dagsektir vegna tafanna og þar sem bersýnilegur dráttur varð á verkinu og verksalar fóru frá því óloknu, þykir rétt að taka skuldajafnaðarkröfu stefndu til greina með þeim hætti, að verklaun áfrýjanda verði

lækkuð að álitum sem nemi 1.000.000 króna. Verður 1. kröfuliður áfrýjanda lækkaður sem þessu nemur og tekinn til greina með 5.462.253 krónum. 3. kröfuliður, söluskattur, telst því nema 1.860.330 krónum. Verður krafa áfrýjanda því tekin til greina með 4.432.862 krónum (þ. e. 5.462.253 + 1.979.065 + 1.860.330 – 4.868.786) ásamt dráttarvöxtum af þessari fjárhæð að frádregnum söluskattinum frá þingfestingardegi héraðsstefnu 17. janúar 1990 til greiðsludags.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, en að stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar sýknu stefndu Árna Möller, Guðmundar Baldurssonar, Guðmundar Ingvarssonar, Jóns Hólm Stefánssonar og Þorsteins Gunnarssonar persónulega af kröfum áfrýjanda, Plastmótunar hf.

Stefndi Austurveita greiði áfrýjanda 4.432.862 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.572.532 krónum frá 17. janúar 1990 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi Austurveita greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 12. október 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. f.m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 6. janúar 1990, af Björgvini Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Plastmótunar hf., Læk, Ölfushreppi, á hendur Jóni Hólm Stefánssyni, Gljúfri, Árna Möller, Þórustöðum, Guðmundi Ingvarssyni, Akurgerði, Þorsteini Gunnarssyni, Kotströnd, og Guðmundi Baldurssyni, Kirkjuferju, öllum í Ölfushreppi, Árnessýslu, persónulega og f.h. Austurveitu, Gljúfri, Ölfushreppi, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.016.983,00 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 2.525.786,00 frá 1. október 1988 til 24. s.m., af kr. 2.325.786,00 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., en af kr. 971.331,00 frá

þeim degi til 20. desember s.á., en af kr. 471.331,00 frá þeim degi til 15. janúar 1989, en af kr. 6.016.983,00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 150.000,00, sem greiddar voru inn á skuldina 23. febrúar 1989.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð máls þessa gáfu skýrslur fyrir dómi Jón E. Hjartarson, framkvæmdastjóri Plastmótunar hf., stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson og Guðmundur Baldursson, Guðmundur Karl Guðjónsson tæknifræðingur, Sigurgeir Bjarnason pípulagningamaður, Páll Auðar Þorláksson bóndi og Gunnar Hrafn Jónsson vélstjóri.

II.

Mál þetta var upphaflega dómtekið 28. júní 1990. Það var síðan endurupptekið 7. f.m., þar sem dómaranum hafði eigi tekist sökum embættisanna og sumarleyfis að ljúka dómi á málið innan lögmæltra tímamarka. Þann dag var málið dómtekið að nýju að undangengnum munnlegum málflutningi.

III.

Málavextir eru þeir, að þann 20. júní 1988 var undirritaður verksamningur á milli stefnanda og Pípna sf. annars vegar sem verksala og Austurveitu hins vegar sem verkkaupa, þar sem verksalar tóku að sér framleiðslu og samsetningu á einangruðum hitaveiturörum með hlífðarkápu auk allrar sérhæfðrar suðuvinnu við einangrun og samsetningar í lagnastæði. Í samningnum segir m.a.: „Undirritaðir, annars vegar Pípur sf., nnr. 7123-1976, Smiðjuvegi 16, Kópavogi, og Plastmótun hf., Læk í Ölfusi, sem verksalar og hins vegar Austurveita í Ölfusi sem verkkaupi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Verksalar taka að sér framleiðslu og samsetningu á polyureþaneinangruðum plaströrum úr polypropylene með hlífðarkápu úr polyetylene auk allrar sérhæfðrar suðuvinnu við einangrun og samsetningar í lagnastæði samkvæmt meðfylgjandi lista:

HITARÖR:

vatnsrör Dy/t mm	kápa Dy mm	lengd m	verð án ssk. pr. m	verð samtals kr.
140×12,8	225	3.300	1.557,00	5.138.100,00
110×10,0	200	250	1.229,00	307.250,00
90×8,2	160	5.700	826,00	4.708.200,00
63×5,8	140	2.400	619,00	1.485.600,00
50×4,6	110	1.750	420,00	735.000,00
40×3,7	110	3.900	372,00	1.450.800,00
32×3,0	90	2.600	252,00	655.200,00
			Alls kr.	14.480.150,00

Í listanum kemur fram: – – –

a) Polypropylene-rör framleiðist úr Vestolen P-9422 frá HULS í V.-Þýskalandi.

– – –

e) Innifalið í verði er allt efni, sem þarf til að koma rörunum í fulleinangraðar og samsettar lengjur í lagnastæði, en greinstykki og aukasuður greiðast samkvæmt einingaverðlista Pípna sf., sem fylgir samningi þessum.

f) Öll tæki og vélar, sem sérhæfðar eru til suðuvinnu, s. s. suðuvélar, pressur, hefla, rafstöðvar o. fl., leggur verksali til svo og einn suðumann með hverri suðuvél. Önnur tæki og mannafla, er þarf við suðuvinnu í lagnastæði, leggur verkkaupi til og kostar.

2. gr.

Afhending fulleinangraðra röra fari fram að Læk í Ölfusi á vagna, sem verkkaupi lætur í té, samkvæmt eftirfarandi tímasetningum:

25. júlí	1988	32 mm	2.600 m
1. ágúst	1988	40 mm	3.900 m
8. ágúst	1988	50 mm	1.750 m
15. ágúst	1988	63 mm	2.400 m
27. ágúst	1988	90 mm	5.700 m
30. ágúst	1988	110 mm	250 m
15. sept.	1988	140 mm	3.300 m

Afhendingartímar miðast við að eftirfarandi dagsetningar á hráefni í skip standist:

13. júní	1988	PP	14. júní	1988	PEH
21. júní	1988	PP	24. júlí	1988	PEH
1. júlí	1988	PP			

Verksalar tilkynni verkkaupa tafarlaust skriflega, ef dráttur verður á afhendingu hráefna.

Suðuvinna fari fram:

1. ágúst	til 8. ágúst 1988	32 mm
8. ágúst	til 15. ágúst 1988	40 mm
15. ágúst	til 27. ágúst 1988	50 mm
27. ágúst	til 30. ágúst 1988	63 mm
30. ágúst	til 25. sept. 1988	90, 110 og 140 mm.

Dagsektir reiknast 1% af samningsupphæð fyrir hvern almanaksdag, sem skilafrestur verksins dregst fram yfir lokadag, sem ákveðinn er 1. okt. 1988.

3. gr.

Fyrir framangreint verk greiðir verktaki verksölum:

a) 15% samningsupphæðar við undirritun samnings,
b) eftir því sem verki miðar, 1. og 15. dag hvers mánaðar upphæðir þær sem tilgreindar eru í listanum, með verðbreytingum, sem taka mið af sölugengi danskrar krónu, eins og það er á hverjum tíma, og miðast við gengi hennar 1. júní 1988 (6,6946) að frádregnum 15%, sbr. lið a.

Verkið telst greiðsluhæft:

a) samkvæmt framangreindum lista að 38,335 prósentum, þegar fulleinangraðar pípur eru tilbúnar til afhendingar, og greiðist sú upphæð Plastmótun hf.,
b) samkvæmt framangreindum lista að 61,665 prósentum við afhendingu fulleinangraðra röra, þó þannig að 10% hverrar greiðslu heldur verkkaupi eftir fram yfir lokaúttekt.

Þessar greiðslur renna til Pípna sf. Endanlegt uppgjör miðast við einingaverð og samanlagða lengd í hverri stærð, eins og hún mælist í verklok. Greiðslur fyrir greinstykki og suður, sbr. gr. 1, lið e í samningi þessum, greiðist Pípum sf. óskipt.

4. gr.

Samningurinn skuldbindur verksala óskipt (in solidum).“

Undir samninginn rita f.h. verkkaupa, Austurveitu, stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson.

Eins og fram hefur komið áttu heildargreiðslur til verksala að nema kr. 14.480.150,00 miðað við gengi danskrar krónu þann 1. júní 1988 og þær magntölur sem fyrir lágu við samningsgerð. Í samningnum er tilgreint með hvaða hætti því fjármagni skyldi skipt á milli Pípna sf. og Plastmótunar hf. Þann 15. febrúar 1989 var síðan gert samkomulag milli aðila verksamningsins vegna efnisúttekta Pípna sf. hjá Plastmótun hf. vegna verksins. Í þeim samningi segir m.a.: „Austurveita samþykkir að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plastmótun hf. í nafni Austurveitu eða í eigin nafni fyrir allt að kr. 1.979.065 til þess að ljúka verki samkvæmt framangreindum verksamningi. Skuldbindur Austurveita sig til þess að greiða nefndar efnisúttektir til Plastmótunar hf. samkvæmt framlögðum reikningum, enda liggi ljóst fyrir um hvaða efni er að ræða og til hvers það hefur verið notað. Pípur sf. afsala sér sömu fjárhæð (og nemur framangreindri efnisúttekt vegna verksamningsins) af þeim greiðslum sem Pípur sf. telja sig eiga inni hjá Austurveitu vegna framkvæmda samkvæmt verksamningnum á því tímabili sem efnið er tekið út á.“ Fram kemur í greinargerð stefndu, að lögmenn verksala hafi lagt til að framangreint samkomulag yrði gert þar sem fjárhagsstaða Pípna sf. hafi verið orðin mjög slæm og gjaldþrot verið fyrirsjáanlegt.

Verki því, sem hér um ræðir, átti samkvæmt verksamningi að vera lokið 1. október 1988 miðað við að áætlanir um afhendingu á erlendu hráefni stæðust. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að verulegar tafir hafi orðið á afhendingu hráefnisins og því hafi framleiðslu röra seinkað sem því nam. Þá hafi einnig orðið mikil aukning á magntölum, rúmlega 20%, og hafi aukningin verið að koma fram allt þar til í byrjun janúar 1989.

Stefnandi telur að verulegar vanefndir hafi orðið af hálfu stefndu hvað varðar greiðslur fyrir verkið og þegar verkþætti stefnanda lauk hafi stefndu skuldað honum kr. 6.016.983,00 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu. Inn á þá skuld hafi stefndu einungis greitt kr. 150.000,00. Hafi þeir lýst því yfir að þeir telji sig ekki eiga að greiða meira vegna vanefnda stefnanda og Pípna sf.

Af gögnum málsins verður ráðið, að heildarkostnaður þess verkþáttar, sem stefnandi annaðist, hafi numið kr. 10.662.481,-. Inn á þá kröfu hafi Austurveita greitt kr. 4.645.498,- miðað við 20. desember 1988. Greiðsla í

peningum hafi numið kr. 2.807.645,-. Þá hafi stefndi afhent stefnanda þrjá víxla samtals að nafnvirði kr. 1.911.061,- en andvirði þeirra er af hálfu stefnanda metið á kr. 1.837.853,-. Mismunur heildarkostnaðar og andvirðis innborgana er þannig 10.662.481 – 4.718.706 (2.807.645 + 1.911.061) = 5.943.695,-. Mismunur heildarkostnaðar og andvirðis innborgana að mati stefnanda er hins vegar stefnufjárhæð málsins, þ.e. 10.662.481 – 4.645.498 (2.807.654 + 1.837.853) = 6.016.983,-.

Samkvæmt þessu verður að sundurliða stefnukröfu málsins með eftirfarandi hætti:

1. Efnisúttekt utan samninga		kr.	46.994,-
2. Efnisúttekt Pípna skv. samningi 15. febrúar 1989		–	2.020.737,-
3. Söluskattur		–	2.132.497,-
	Samtals	kr.	4.200.228,-
4. Ógreitt skv. verksamningi 6.016.983 – 4.200.228 = 1.816.755		–	1.816.755,-
	Samtals	kr.	6.016.983,-

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndu ekki fengist til að gera upp við stefnanda og borið því við að stefnandi beri ábyrgð á drætti á lokum verksins og að beita eigi ákvæðum verksamningsins um dagsektir sem leiði til þess að um frekari greiðslur verði ekki að ræða af hálfu Austurveitu. Stefnandi telur sig hins vegar enga ábyrgð bera á töfum sem á verkinu urðu.

Í fyrsta lagi hafi verkinu seinkað vegna tafa á afhendingu á erlendu hráefni en gert hafi verið ráð fyrir því í samningi, að svo gæti farið. Í greinargerð sinni hefur stefnandi lýst þessum drætti með eftirfarandi hætti: „Polypropylene frá HULS: Áætlað var í samningi að efnið yrði afgreitt í þrennu lagi dagana 13. og 21. júní og 1. júlí en endanlegur afgreiðslutími var 24. júní, 28. júlí, 29. nóvember og 8. desember. Polyetylene frá Felixstowe: Áætlað var í samningi, að efnið yrði afgreitt í skip 14. og 24. júní, en endanleg afgreiðsla varð 25. júní, 22. júlí og 13. október."

Í öðru lagi hafi verið um verulega magnaukningu að ræða, rúmlega 20%. Framleiðsla á rörum hafi hafist 13. júlí 1988, og 14. s. m. hafi verið beðið um staðfestingu á magntölum. Sú staðfesting hafi síðan ekki fengist fyrr en 2. ágúst 1988. Samkvæmt þeim magntölum hafi aukning frá samningi verið 9% en endanlegar magntölur hefðu síðan breyst allt fram í byrjun janúar 1989 og nemi heildaraukning 20%.

Í þriðja lagi hafi verið um verulegan greiðsludrátt að ræða af hálfu

Austurveitu, bæði til stefnanda og Pípna sf., sem réttlætt hefðu verktafir af hálfu Pípna sf. við suðuvinnu. Ekki hafi verið staðið við greiðslur til Pípna og hafi það leitt til þess að fyrirtækið lauk ekki við sinn verkþátt.

Ákvæði umræddS verksamnings um solidariska ábyrgð verksala telur stefnandi marklaust. Plastmótun hf. og Pípur sf. hafi gert tilboð í verkið hvor í sínu lagi, annars vegar Plastmótun hf. í framleiðslu röra og hins vegar Pípur sf. í samsetningu þeirra. Í hagræðingarskyni hafi hins vegar verið gerður einn samningur í stað tveggja. Plastmótun hf. hafi aldrei tekið á sig ábyrgð á suðuvinnu. Þetta hefðu allir vitað sem að samningnum stóðu. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi enga grein gert sér fyrir því hvað fólst í samningsákvæðinu um in solidum ábyrgð verksala og því sé ákvæðið marklaust.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi að öllu leyti staðið við sinn hluta samningsins og því beri stefndu að gera slíkt hið sama og inna sínar skyldur af hendi með greiðslur til stefnanda, sem séu í verksamningi nákvæmlega aðgreindar frá greiðslum til Pípna sf.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar svo og ákvæða samningalaga nr. 7/1936 kröfum sínum til stuðnings.

IV.

Aðdragandi umræddS verksamnings er að mati stefndu sá, að Pípur sf. og Plastmótun hf. gerðu tilboð í verk það, sem hér um ræðir, 15. og 19. apríl 1988. Forráðamenn fyrirtækjanna, Sigurgeir Bjarnason og Jón Hjartarson, hafi ráðið því í samráði við starfsmenn Verkfræðistofu Suðurlands, sem gert hafi drög að verksamningi, að þeir áttu sameiginlega aðild að samningnum og báru in solidum ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt honum. Í umræðu um það atriði hefðu verið fyrir hendi tveir kostir, annars vegar að Austurveita gerði verksamning við Pípur sf., sem síðan gerði samning við Plastmótun hf. sem undirverktaka, eða hins vegar að gerður yrði samningur við fyrirtækin sameiginlega. Forráðamenn Pípna og Plastmótunar hafi valið síðari kostinn.

Í öllum þeim umræðum, sem fram hefðu farið fyrir og við samningsgerðina, hafi verið lögð á það áhersla af hálfu forsvarsmanna Austurveitu, að verkinu yrði lokið eigi síðar en 1. október 1988. Jafnoft hafi því verið lýst yfir af hálfu Sigurgeirs Bjarnasonar og Jóns Hjartarsonar fyrir hönd verksala, að engin vandkvæði yrðu á því að uppfylla þær kröfur.

Samkvæmt verksamningnum skyldi afhending fulleinangraðra röra fara fram að Læk í Ölfusi. Afhendingartímar skyldu miðast við dagsetningar á hráefni í skip. Skyldu verksalar tilkynna verkkaupa, Austurveitu, tafarlaust skriflega ef dráttur yrði á afhendingu hráefnis. Verulegur dráttur hafi síðan

orðið á afhendingu röra miðað við ákvæði samnings. Fyrstu rörin, sem afhenda átti 25. júlí 1988, hafi verið afhent 26. ágúst 1988 og aðrar samningsbundnar dagsetningar hafi ekki staðist. Þá hafi stefnandi ekki tilkynnt verkkaupa skriflega um drátt á afhendingu hráefnis þrátt fyrir skýrt samningsákvæði þar um. Vitneskja verkkaupa um þetta hafi fyrst komið fram í bókun verkfundar 5. október 1988. Þá hafi suðuvinna átt að fara fram á tilteknum tímabilum frá 1. ágúst til 25. september 1988. Að sögn stefndu hófst suðuvinna hins vegar ekki fyrr en 21. september, þegar aðeins 9 dagar voru eftir að umsömdum verktíma.

Að því er dagsektir varðar er til þess vísað af hálfu stefndu, að ákvæði um dagsektir og tiltekinn lokadag hafi verið sett í verksamninginn til þess að tryggja, að verkinu yrði lokið áður en vetur gengi í garð. Þetta hafi verið aðalforsenda þess að verkkaupar réðust í framkvæmdir. Mikilvægi þessarar forsendu hafi byggst annars vegar á því, að veruleg vandkvæði væru á að vinna verkið að vetrarlagi, og hins vegar á því, að félagsmenn Austurveitu hafi reiknað með verulegum sparnaði af því að nýta hitaveituna í stað þess að kaupa rafmagn til húshitunar. Mismuninn, sem þannig sparaðist, hafi þeir ætlað að nota til að standa straum af kostnaði við hitaveitufram-kvæmdir.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar 1. október 1988 rann upp, hafi verið ljóst, að verulegar vanefndir yrðu á verksamningnum af hálfu verksala. Forráðamenn verksala, þeir Sigurgeir Bjarnason og Jón Hjartarson, hefðu hins vegar lýst því yfir við tvo stjórnarmenn í Austurveitu í byrjun október 1988, að ljúka mætti verkinu á skömmum tíma með fjölgun suðuvéla og auknum fjölda starfsmanna. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að verksalar hafi ekki sett þann kraft í verkið sem þeir höfðu lofað svo sem greinilega megi sjá af bókunum í vinnudagbók.

Í greinargerð sinni vísa stefndu til verkfunda sem haldnir voru 5. október og 8. og 13. nóvember 1988. Á verkfundi þann 5. október hafi Sigurgeir Bjarnason framvísað áætlun um verktíma fyrir verkþátt Pípna sf. Samkvæmt þeirri áætlun hafi verið gert ráð fyrir að ljúka suðuvinnu á 16 eða 17 dögum og öllu verkinu á u.þ.b. 22 dögum. Á verkfundi 8. nóvember hafi legið ljóst fyrir að áætlun um verktíma frá 8. október hafði ekki staðist. Á verkfundi 13. nóvember hafi Sigurgeir Bjarnason lagt fram endurskoðaða verkáætlun, dags. 12. nóvember 1988, þar sem gert var ráð fyrir að ljúka verkinu fyrir lok desember. Sú áætlun hefði ekki heldur staðist. Samningsaðilar hafi síðan haldið með sér fund þann 20. janúar 1989. Á þeim fundi hafi verið lögð á það áhersla af hálfu verkkaupa, að verkinu yrði lokið sem fyrst. Verksalar hafi ekkert talið því til fyrirstöðu að verkinu yrði lokið á

um það bil tveimur vikum. Hafi verið gerð grein fyrir enn einni verkáætlun. Samkomulag hafi orðið um það á þessum fundi að fresta umræðum um frekari greiðslur frá verkkaupa og um kröfur verkkaupa um greiðslu dagsekta, þar til verkinu væri lokið. Síðan hafi verið haldnir tveir fundir um málið.

Í niðurlag málavaxtalýsingar í greinargerð stefndu segir: „Þrátt fyrir yfirlýsingar sínar luku verksalar ekki verkinu og leið svo veturinn og fram á vor. Verksalar héldu þá enn að sér höndum. Fór svo að í ágúst 1989 fengu verkkaupar aðra menn til þess að ljúka verkinu enda þótti þeim það slæmur kostur að ekki tækist að ljúka verkinu áður en vetur gengi í garð á ný."

Stefndu benda á, að Austurveita sé verkkaupi samkvæmt margnefndum verksamningi. Stefndu Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson eigi ekki aðild að málinu og beri því að sýkna þá af dómkröfum stefnanda.

Stefndu mótmæla þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann beri ekki ábyrgð á töfum verksins. Í fyrsta lagi hafi hann með samningnum tekið á sig ábyrgð á verkinu in solidum ásamt Pípum sf. Þegar af þeirri ástæðu beri hann ábyrgð á vanefndum samningsins og seinkun verksins í heild, en ekki eingöngu að því er varðar sök hans sjálfs. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki sýnt fram á að framleiðsla og afhending efnis hafi dregist af ástæðum sem hann beri ekki ábyrgð á. Í þriðja lagi hafi verið gert ráð fyrir magnaukningu í verksamningnum. Magnaukningin hafi verið um 15%, en ekki 20%. Í fjórða lagi sé ljóst, að óverulegur greiðsludráttur af hálfu verkkaupa, Austurveitu, eftir að verkinu átti að vera lokið samkvæmt verksamningi, hafi engin áhrif haft á möguleika eða skyldu verksala til þess að ljúka verkinu.

Að mati stefndu er ljóst, að dráttur á afhendingu röra og lítil afköst við suðu og samsetningu röra hafi valdið því, að verksalar skiluðu ekki umsömdu verki á réttum tíma. Á þessum vanefndum beri verksalar, Pípur sf. og Plastmótun hf., óskipta ábyrgð.

Þá sé til þess að líta, að með því að taka að sér framleiðslu plaströranna og ábyrgð á því að samsetningu þeirra yrði lokið á tilsettum tíma, hafi stefnandi skuldbundið sig til þess að sjá um, að nægilegt hráefni yrði fyrir hendi til framleiðslunnar. Telja stefndu að í því sambandi hafi stefnandi alls ekki sýnt nægilega fyrirhyggju. Er í því sambandi vísað til lýsingar Björns Ástmundssonar forstjóra á dskj. nr. 35. Stefnandi hafi hins vegar fullvissað forsvarsmenn Austurveitu margsinnis um, bæði fyrir og eftir undirritun verksamnings, að engin vandkvæði yrðu á því að fá efni og afhenda rörin á umsömdum tíma. Við undirritun samnings þann 20. júní 1988 hafi þetta einnig verið sérstaklega áréttað af Jóni Hjartarsyni í ljósi þess, að fyrsta afgreiðsla hráefnis í skip hafði þegar farið fram.

Stefndu telja að stefnandi geti ekki, löngu eftir að verkinu átti að vera að fullu lokið, borið því við, að seinkun hafi orðið á afhendingu efnis af ástæðum sem hann telji sig ekki bera ábyrgð á. Stefndu telja enn fremur, að framleiðsla röra hafi verið komin svo langt í nóvember og byrjun desember 1988, að ljúka hefði mátt verkinu að mestu fyrir lok desember 1988. Nægilegur kraftur hafi hins vegar ekki verið settur í verkið þá af hálfu Pípna sf., enda hefðu starfsmenn fyrirtækisins þá verið bundnir við störf fyrir aðra að eigin sögn.

Með vísan til framanritaðs telja stefndu, að Austurveita eigi rétt til greiðslu dagsekta úr hendi stefnanda vegna vanefnda sem urðu og verksalar, Pípur sf. og Plastmótun hf., beri óskipta ábyrgð á. Gera stefndu kröfu til þess, að dagsektakröfu samkvæmt 2. gr. verksamnings verði skuldajafnað við kröfur stefnanda í málinu, enda fullnægja kröfurnar að þeirra mati skilyrðum kröfuréttar um skuldajöfnuð.

Enn fremur gera stefndu eftirfarandi athugasemdir við kröfugerð stefnanda:

1. Stefnandi hefur ekki lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir kröfum sínum og ekki hefur farið fram úttekt á því hversu mikið efnismagn hafi farið frá stefnanda í hitaveitulögnina. Samkvæmt 2. gr. verksamnings skyldi uppgjör miðast við samanlagða lengd í hverri stærð eins og hún mældist í verklok. Kröfu stefnanda mótmæla stefndu því í heild sem órökstuddri.

2. Stefnandi sýnist byggja stefnukröfu sína á greiðsluyfirliti sem hann hefur lagt fram í málinu. Á yfirlitinu er ógreidd samningsfjárhæð sögð vera 3.714.563,- og söluskattur kr. 2.132.497,- eða samtals kr. 5.847.060,- en ekki 6.016.983,-.

3. Austurveita innti af hendi greiðslur til stefnanda samkvæmt greiðsluyfirliti sem unnið var af Verkfræðistofu Suðurlands, og var samkomulag um að sá háttur skyldi á hafður og verðbætur reiknaðar þegar reikningur yrði lagður fram í lok verksins. Hluti greiðslu var inntur af hendi með víxlum. Fjárhæð þeirra var í samræmi við yfirlit eða útreikning verkfræðistofunnar og enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefnanda um vexti af víxlunum. Stefnandi tók við þeim sem greiðslu athugasemdalaust.

4. Liður í stefnukröfu stefnanda er svonefnd efnisúttekt utan samninga þann 14. nóvember 1988, kr. 46.994,-. Stefndu mótmæla þessum kröfulið sem órökstuddum.

5. Þá er liður í stefnukröfu svonefnd efnisúttekt Pípna sf. hjá stefnanda,

sem greiða átti 1. október 1988, kr. 903.821,- og þann 15. janúar 1989, kr. 1.116.916,-. Stefnandi kveður Austurveitu hafa lofað að greiða stefnanda þessar fjárhæðir. Hér mun vera vísað til samkomulags frá 15. febrúar 1989, þar sem Austurveita samþykkir að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plastmótun hf. í nafni Austurveitu eða í eigin nafni fyrir allt að kr. 1.979.065,- til þess að ljúka verki samkvæmt verksamningnum. Þegar samkomulagið var gert höfðu verksalar lýst því yfir að verkinu yrði lokið fljótlega. Þeirri yfirlýsingu treystu forráðamenn Austurveitu. Lögmenn verksala lögðu til að samkomulagið yrði gert þar sem fjárhagsstaða Pípna sf. var orðin mjög slæm og gjaldþrot blasti við. Plastmótun hf. þótti því slæmur kostur að lána Pípum sf. efni. Pípur sf. þurftu að fá efnið til þess að ljúka verkinu. Til þess að greiða fyrir því, að verkinu yrði lokið, gerði Austurveita samkomulagið. Verksalar luku ekki verkinu og því hefur samkomulagið ekkert gildi. Verklok voru forsenda samkomulagsins samkvæmt efni þess. Stefndu mótmæla því kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið.

6. Söluskattsfjárhæð, kr. 2.132.497,- sem fram kemur á greiðsluyfirliti, er tölulega mótmælt með sömu rökum og hér að framan er lýst varðandi höfuðstólsfjárhæðir þær sem söluskatturinn er lagður á.

Með hliðsjón af framangreindum mótmælum og athugasemdum yrði skuld við stefnanda kr. 1.593.547,-.

V.

Tölulegur grundvöllur máls þessa er mjög óskýr. Þannig er nokkurt misræmi á milli sundurliðunar á fjárhæðum í stefnu og einstakra málsgagna sem stefnandi sýnist byggja dómkröfur sínar á. Misræmi þetta hefur að nokkru leyti verið skýrt við meðferð málsins hér fyrir dómi. Af þeim skýringum og með samanburði málsgagna verður eftirfarandi ráðið:

1) Heildarkrafa stefnanda vegna þess verkþáttar, er hann annaðist, nemur kr. 10.662.481,-. Greiðslur til stefnanda fram til 23. febrúar 1989 nema að hans mati kr. 4.645.498,- og er mismunur þessara fjárhæða stefnufjárhæð málsins. Á yfirliti á dskj. nr. 7, en við tilgreiningu kröfufjárhæða í stefnu hefur stefnandi stuðst við það málskjal, kemur fram, að ógreidd samningsfjárhæð auk efnisúttekta nemi kr. 3.714.563,-. Að viðbættum söluskatti, kr. 2.132.497,-, nemur skuld stefnda samkvæmt yfirlitinu kr. 5.847.060,-. Framangreindur mismunur á stefnufjárhæð og skuld samkvæmt yfirliti á dskj. nr. 7 skýrist að hluta til með því, að víxill að fjárhæð kr. 1.011.708,-, sem stefndu afhentu stefnanda þann 27. september 1988, er að andvirði metinn til sömu fjárhæðar á yfirlitinu, en í sérstöku skjali, sem stefnandi lagði fram til skýringar á stefnukröfu sinni, er andvirði víxilsins metið á kr. 991.785,-. Að öðru leyti skýrist umræddur mismunur með því, að innborgun þann 23.

febrúar 1989 kemur til lækkunar á ógreiddri samningsfjárhæð samkvæmt yfirlitinu, en dómkrafa stefnanda er miðuð við stöðu skuldarinnar fyrir þá innborgun. Tölulega má skýra þetta með eftirfarandi hætti: 6.016.983 – (1.011.708 – 991.785) – 150.000 = 5.847.060.

2) Í málinu hafa verið lagðir fram útreikningar, sem sýna, hverjar fjárhæðir Austurveitu bar að inna af hendi til stefnanda vegna einstakra greiðsluáfanga. Útreikningar þessir eru gerðir af Verkfræðistofu Suðurlands. Þar kemur m.a. fram, að þann 2. september 1988 skyldi Austurveita greiða stefnanda kr. 751.378,- þann 16. s.m. kr. 1.011.708,- þann 3. október sama ár kr. 1.622.975,- þann 6. janúar 1989 kr. 1.983.813,- og þann 19. s.m. kr. 227.880,-. Í stefnu segir hins vegar að samkvæmt útreikningum, sem gerðir hafi verið, hafi veitunni borið að greiða stefnanda kr. 728.551,- þann 2. september 1988, kr. 982.853,- þann 16. s.m., kr. 1.621.965,- þann 3. október 1988 og kr. 2.296.239,- þann 6. janúar 1989. Af þessum sökum er samningsfjárhæð samkvæmt stefnu og yfirliti á dskj. nr. 7 sögð vera kr. 6.462.253,- en hliðstæð tala samkvæmt útreikningi Verkfræðistofu Suðurlands nemur kr. 6.430.399,-. Framangreint ósamræmi í kröfuútlistun stefnanda hefur ekki verið skýrt af hans hálfu. Þá er til þess að líta, að innborganir Austurveitu fram til 6. janúar 1989 eru í samræmi við þá útreikninga sem verkfræðistofan hafði gert fram til þess tíma.

VI.

Þann 8. ágúst 1988 gerðu ábúendur og/eða eigendur nánar tiltekinna fasteigna í austanverðum Ölfushreppi í Árnessýslu með sér samning um nýtingu jarðhitaréttinda í landi Gljúfurárholts í Ölfusi. Í 2. gr. samningsins segir m.a.: „Hver ofangreind fasteign ber 1/34 hluta stofnkostnaðar við virkjun og hitaveitu heim að hverju býli . . .“ Stefndu Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson undirrituðu nefndan samning ásamt 24 öðrum einstaklingum. Í samræmi við 5. gr. samningsins stofnuðu samningsaðilar með sér hitaveitufélag sem samkvæmt samþykktum þess fékk nafnið Austurveita. Upplýst er að félagið er óskráð.

Aðilar að verksamningi þeim, sem um er deilt í málinu, eru Austurveita sem verkkaupi annars vegar og Pípur sf. og Plastmótun hf. sem verksalar hins vegar. Undir samninginn, sem er dagsettur 20. júní 1988, rita fyrir hönd verkkaupa fimm ofangreindir einstaklingar.

Verk það, sem stefnandi tók að sér að vinna með framangreindum verksamningi, var liður í þeirri heildarframkvæmd að leggja hitaveitu að þeim bæjum sem tilgreindir eru m.a. í stofnsamningi um Austurveitu frá 8. ágúst 1988. Fyrirsvarsmönnum stefnanda mátti vera þetta ljóst. Verður ekki

talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að með undirritun sinni fyrir hönd verkkaupa væru stefndu að taka á sig ábyrgð in solidum á efndum samningsins gagnvart stefnanda. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna þá persónulega af dómkröfum stefnanda í málinu.

VII.

Eins og áður greinir má sundurliða dómkröfu stefnanda í máli þessu með eftirfarandi hætti:

1.	Ógreitt skv. verksamningi	kr.	1.816.755,-
2.	Efnisúttekt utan samninga	–	46.994,-
3.	Efnisúttekt Pípna sf. skv. samningi 15. febrúar 1989	–	2.020.737,-
4.	Söluskattur af kr. 6.462.256,-	–	2.132.497,-
	Samtals	kr.	6.016.983,-

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða.

1. Samkvæmt útreikningum Verkfræðistofu Suðurlands, sem fram hafa verið lagðir í málinu, bar Austurveitu að greiða stefnanda vegna verksamnings miðað við 3. október 1988 kr. 4.218.706,-. Hluta þeirrar fjárhæðar greiddi Austurveita með þremur víxlum. Samanlögð fjárhæð víxlanna nemur kr. 1.911.061,- en andvirði þeirra er af hálfu stefnanda metið á kr. 1.837.853,-. Þegar til þess er litið, að greiðslur Austurveitu til stefnanda miðað við nafnverð umræddra víxla eru í samræmi við útreikningana og að ekki verður séð að við móttöku víxlanna hafi af hálfu stefnanda verið gerður fyrirvari varðandi greiðslu að þessu leyti, ber að fallast á það með stefndu, að eigi verði nú höfð uppi krafa á hendur Austurveitu vegna umræddra víxla. Ber því að lækka kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið um kr. 73.208,- (1.911.061 – 1.837.853). Þá er upplýst að Austurveita hafi greitt stefnanda kr. 150.000,- þann 23. febrúar 1989. Niðurstaðan að því er varðar þennan lið í kröfugerð stefnanda er því sú, að Austurveita hafi átt eftir að greiða stefnanda kr. 1.593.547,- (1.816.755 – 73.208 – 150.000) fyrir verk það, sem hann hafði leyst af höndum samkvæmt verksamningi að söluskatti frátöldum.

2. Þessi liður í kröfugerð stefnanda hefur ekki verið studdur fullnægjandi gögnum og ber að hafna honum gegn eindregnum mótmælum stefndu.

3. Samkvæmt samkomulagi verksala og verkkaupa frá 15. febrúar 1989 samþykkir verkkaupi, að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plastmótun hf. í nafni verkkaupa „fyrir allt að kr. 1.979.065,- til þess að ljúka verki samkvæmt framangreindum verksamningi“, eins og segir í samkomulaginu.

Taka ber kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið til greina að þessu marki, enda hefur stefndu ekki tekist að sýna fram á, að það hafi verið forsenda samkomulagsins að umræddu verki yrði að fullu lokið.

4. Samkvæmt útreikningum Verkfræðistofu Suðurlands, sem áður er til vitnað, bar Austurveitu að greiða stefnanda kr. 6.430.399,- vegna verksamnings. Taka ber kröfu stefnanda um söluskatt til greina með þeirri lækkun, sem leiðir af þessu, og því, sem greinir hér að framan varðandi úrlausn á liðum nr. 2 og 3 í kröfugerð stefnanda. Samkvæmt þessu nemur skuld Austurveitu vegna söluskatts kr. 2.102.366,- ((6.430.399 × 25%) + (1.979.065 × 25%)).

Miðað við þá lækkun, sem einstaka liðir í kröfugerð stefnanda hafa sætt samkvæmt framansögðu, nemur krafa stefnanda á hendur Austurveitu kr. 5.674.978,-. Ber að taka þá kröfu stefnanda til greina.

VIII.

Lokadagur þess verks, sem stefnandi tók að sér að vinna ásamt Pípum sf. með verksamningi þeim sem í málinu greinir, var samkvæmt 2. gr. verksamningsins ákveðinn 1. október 1988. Upplýst er, að verksalar hurfu frá verkinu óloknu þann 15. ágúst 1989 og að því hafi verið lokið án atbeina þeirra í október sama ár. Samkvæmt skýru og ótvíræðu ákvæði verksamnings bera stefnandi og Pípur sf. in solidum ábyrgð á samningsskyldum sínum sem verksalar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verulegar tafir hafi orðið á afhendingu hráefnis frá útlöndum. Því hafi framleiðslu á rörum seinkað, en í verksamningi sé tekið fram að verklok þann 1. október 1988 miðist við að áætlanir um afhendingu á hráefni standist. Það er mat dómsins, m.a. með hliðsjón af framburði Guðmundar Karls Guðjónssonar verkfræðings hér fyrir dómi, að stefnanda bresti sönnun fyrir því, að framangreindar ástæður hafi leitt til þess, að svo verulegur dráttur varð á framkvæmdum sem raun ber vitni. Er sérstaklega til þess að líta, að ekki verður séð að verksalar hafi tilkynnt verkkaupa skriflega eða á annan sannanlegan hátt um drátt á afhendingu erlends hráefnis þrátt fyrir samningsákvæði þar um fyrr en eftir samningsbundinn lokadag. Þá hefur stefnandi ekki fært fullnægjandi sönnur á, að verktafir og það, að verksalar hurfu frá umræddu verki óloknu, megi rekja til dráttar á umsömdum greiðslum eða annarra vanefnda Austurveitu á samningsskyldum sínum.

Með vísan til framanritaðs þykja verksalar hafa vanefnt samning sinn við verkkaupa, Austurveitu, sem á því tilkall til þess, að stefnandi gjaldi honum dagsektir samkvæmt ákvæði í verksamningnum.

Eins og áður greinir hurfu verksalar frá umræddu verki óloknu þann 15.

ágúst 1989, en sá dagur er í dagsektakröfu stefndu tilgreindur sem lokadagur dagsektanna. Álitaefni kann hins vegar að vera, hvern beri að telja upphafsdag þeirra. Með vísan til þess, að stefnandi telst ekki hafa réttlætt verulegar tafir á umræddu verki, og þegar litið er til dagsektaákvæðis verksamnings, þykja stefndu hafa sýnt nægilega fram á, að kröfur Austurveitu séu hærri en dómkröfur stefnanda, enda verður ekki séð að forsvarsmenn veitunnar hafi einhvern tíma fallið frá því að beita dagsektunum eða sýnt af sér slíkt tómlæti að það hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla að ekki yrði höfð uppi fjárkrafa vegna seinkunar á verkinu.

Fallast ber á kröfu stefndu um skuldajöfnuð. Af því leiðir, að stefndu eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson dómarafulltrúi. Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson persónulega og f.h. Austurveitu, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Plastmótunar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 341/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
S
(Magnús Norðdahl hdl.)

Ómerking. Heimvísun. Gagnaöflun. Vitni. Bókanir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds með stefnu 5. júlí 1993. Ákærði krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af refsikröfu og skaðabótakröfu. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd og miskabætur hækkaðar.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess samkvæmt 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 163. gr. laga nr. 19/1991.

I.

Verjandi ákærða hefur lagt fyrir Hæstarétt endurrit af símbréfi sínu 1. júní 1993 til héraðsdómarans. Óskar hann þar eftir því, að íbúar tilgreindra húsa í Kópavogi verði leiddir fyrir dóm og kannað verði, hvort þeir hafi orðið varir við þá atburði, sem eru tilefni máls þessa. Þá óskar hann enn fremur eftir því, að húsráðendur, þar sem kærendur knúðu dyra eftir fund þeirra og ákærða og fengu léð afnot af síma, verði leiddir fyrir dóm. Telur hann vitnisburð þeirra mikilvægan vegna tímasetninga svo og hegðunar og ástands kærenda. Af bókunum héraðsdómara verður ekki ráðið, hvort símbréf þetta hefur borist honum, og ekki sér þess stað, að hann hafi tekið

afstöðu til þessara óska verjandans. Fyrir Hæstarétti tjáðu sækjandi og verjandi sig sérstaklega um efni þessa símbréfs. Voru þeir sammála um, að bréfið hefði komið til tals í þinghaldi í héraði 3. júní 1993. Sækjandi mundi ekki, hvaða afgreiðslu það hefði hlotið, en verjandi taldi, að héraðsdómari hefði ekki sinnt því.

II.

Mál þetta var þingfest í héraði 13. apríl 1993. Var þá mætt af hálfu ákæruvalds. Þar voru og mættir ákærði og lögmaður hans, sem skipaður var verjandi í þessu þinghaldi. Saksóknari las síðan upp ákæru, og ákveðin var aðalmeðferð málsins 3. júní 1993. Af bókun dómara verður ekki ráðið, að ákærði hafi verið um það spurður, hvort hann játaði efni ákæru. Þá verður ekki séð, að honum hafi verið kynnt efni fram lagðra skjala, sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur sést ekki, að verjandi hafi verið inntur eftir því, hvaða sönnunargögn hann hugðist leggja fram og hver vitni hann ætlaði að leiða, sbr. 2. mgr. 128. gr. sömu laga. Gagnaöflun var ekki lýst lokið. Þar sem þingfestingu málsins var hagað með þessum hætti, var ekki tímabært að ákveða aðalflutning málsins. Var rétt að ákveða þinghald, þar sem aðilum gæfist kostur á að færa fram sönnunargögn og láta uppi, hvaða vitni þeir ætluðu að leiða við aðalflutning málsins. Þá bar dómara að taka skýra afstöðu til framangreinds erindis verjanda, þótt síðbúið væri, og færa hana til bókar, ætlaði hann ekki að verða við erindinu, sbr. 4. mgr. 128. gr. Að öðrum kosti bar honum að gefa út kvaðningu til vitna, sbr. 1. mgr. 58. gr. sömu laga. Að þessum ákvörðunum teknum bar honum að ákveða tíma til aðalflutnings. Rétt var dómara að hlutast til um, að þeir kæmu fyrir dóm, sem fyrstir sáu kærendur eftir atburði þá, sem eru tilefni máls þessa. Þá var rétt að afla umsagnar sérfræðings um andlega heilsu ákærða, eins og meintu afbroti hans var háttað. Þar sem meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi er ábótavant, á þykir skorta, að skýr afstaða hafi verið tekin til óska verjanda um gagnaöflun og gögn vantar, verður ekki hjá því komist að fella héraðsdóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til frekari gagnaöflunar, aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Ingibjargar Benediktsdóttur

Af gögnum málsins verður ekki séð, að verjandi ákærða hafi við þingfestingu málsins eða síðar óskað eftir öðru þinghaldi eða að hann hafi þá eða fyrir aðalmeðferð óskað frekari gagnaöflunar, svo sem honum var í lófa lagið, sbr. 2. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Héraðsdómari ákvað aðalmeðferð við þingfestinguna, en þá var því ekki lýst yfir, að gagnaöflun væri lokið. Ekki verður séð af bókun þessa þinghalds, að þessari ákvörðun hans hafi verið mótmælt, en samkvæmt framangreindu lagaákvæði skal dómari „að jafnaði“ ekki ákveða þinghald til aðalmeðferðar máls fyrr en að gagnaöflun lokinni. Í upphafi aðalmeðferðar lagði verjandi ákærða hins vegar fram nokkur ný gögn.

Héraðsdómara bar að taka skýra afstöðu til beiðni verjandans um yfirheyrslu vitna, sem fram kom í símbréfi fyrir aðalflutning málsins, enda hefði synjun á þeirri beiðni gefið verjandanum kost á að kæra hana til Hæstaréttar, sbr. 142. gr. framangreindra laga um meðferð opinberra mála. Símbréfið ber með sér, að það hafi borist Héraðsdómi Reykjaness, og verður að gera ráð fyrir, að það hafi borist dómaranum í hendur. Gögn málsins bera hvorki með sér, að dómarinn hafi svarað þessari málaleitan verjandans né að hann hafi tekið afstöðu til hennar. Ekki kemur fram í bókun við aðalmeðferð, að verjandinn hafi mótmælt því, að vitni þessi voru ekki leidd fyrir dóminn, eða að hann hafi lýst yfir kæru til Hæstaréttar vegna þess, sbr. 2. mgr. 142. gr. fyrrgreindra laga. Í upphafi aðalmeðferðar synjaði dómarinn hins vegar kröfu verjandans, sem þá kom fram, um framlagningu tiltekins skjals.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti um formhlið kvaðst verjandi ákærða efast um, að nú kæmi að gagni að yfirheyra þau vitni, sem héraðsdómari sinnti ekki að kveðja fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins.

Héraðsdómari og verjandi ákærða sáu hvorugur ástæðu til þess að láta fara fram rannsókn á andlegum og líkamlegum þroska hans og heilbrigðisástandi, sbr. d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991. Þrátt fyrir það hefði verið æskilegt, að slík rannsókn eða önnur umsögn um ákærða hefði legið fyrir vegna ungs aldurs ákærða, þeirra upplýsinga, sem fram komu við lögreglurannsókn um persónulega hagi hans, og þeirra sakargifta, sem að honum beindust.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, þykir ekki, eins og hér á stendur, vera nægileg ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna framangreindra ágalla.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. júní 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 29. júní, er í Héraðsdómi Reykjaness af Sigurði Halli Stefánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í máli nr. S-57/1993.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. þ. m., var höfðað með ákæru 2. mars 1993 á hendur S [...] fyrir kynferðisbrot með því að hafa um kl. 05.00 aðfaranótt föstudagsins 1. janúar 1993 utan dyra við Vallargerði og í húsagarði við horn Suðurbrautar og Kópavogsbrautar í Kópavogi þröngvað piltunum A, fæddum [...] 1978, og B, fæddum [...] 1979, með ofbeldi og hótunum til að sjúga á sér getnaðarliminn, þeim síðarnefnda tveim sinnum.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

– – –

D ó m s o r ð:

Ákærði, S, sæti fangelsi í 12 mánuði. Fullnustu 9 mánaða af refsingunni skal fresta og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

– – –

Miðvikudaginn 2. febrúar 1994.

Nr. 6/1994. **Skagaplast hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skagaplast hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1994.

Nr. 52/1994. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Ólafi Gunnarssyni
(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili lýsti því yfir þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. janúar sl. um framlengingu á gæsluvarðhaldi sínu, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Bárust kærugögnin skrifstofu réttarins daginn eftir. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn í máli þessu hefur staðið yfir í rúmt hálft ár, en varnaraðili hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 2. september sl. Kveðnir hafa verið upp sex úrskurðir um gæsluvarðhaldsvist hans. Fjórir þeirra hafa verið kærðir til Hæstaréttar, hinn síðasti 1. desember, sbr. dóm Hæstaréttar 9. s.m. Í því kærumáli rökstuddi sóknaraðili kröfu sína um gæsluvarðhald varnaraðila til 27. janúar sl. með því, að fyrir þann tíma ætti að vera unnt að ljúka rannsókn í málinu, senda það ríkissaksóknara og gefa út ákæru. Í forsendum úrskurðar þess, sem nú er kærður, kemur fram af hálfu sóknaraðila, að rannsókn málsins sé svo að segja lokið, en ekki hafi tekist að ljúka frágangi þess og senda það ríkissaksóknara í tæka tíð.

Þess verður að krefjast, að rannsókn og meðferð máls þessa af hálfu rannsóknaraðila og ákæruvalds sé hraðað eins og framast er kostur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, sbr. og forsendur áðurnefnds dóms Hæstaréttar 9. desember sl., þykir óhjákvæmilegt, að varnaraðili sæti áfram gæsluvarhaldi, en þó eigi lengur en til 15. mars nk.

Dómsorð:

Varnaraðili, Ólafur Gunnarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 15. mars 1994.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 20. apríl vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni svo og gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa hófst 25. júlí sl. Við hana hefur komið fram rökstuddur grunur um að Ólafur Gunnarsson sé frumkvöðull að skipulögðum innflutningi á allt að 30 kg af hassi og 4,9 kg af amfetamíni frá Amsterdam, Lúxemborg, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi og að efnið hafi verið flutt hingað til lands í 13 ferðum á tímabilinu maí 1992 til og með júlí 1993. Ólafur hefur við lögregluyfirheyrslur sem og fyrir dómi ekki viðurkennt að eiga aðild að öllum þessum ferðum, en flestum þeirra þó með þeim hætti, að hann hafi ýmist lagt fé til fíkniefnakaupa erlendis eða fengið menn til að bera efnin milli landa og séð um dreifingu þeirra hérlendis.

Í kæruskýrslu lögreglu eru ofangreindar 13 ferðir raktar og einnig er þar greint frá hluta af framburði flestra þeirra, sem áttu aðild að innflutningi fíkniefnanna eða/og fjármögnun efniskaupanna. Í framburði þeirra, sem stóðu að innflutningi fíkniefna og tóku þátt í milligöngu um útvegun þeirra erlendis, kemur fram að innflutningurinn hafi verið gerður að undirlagi Ólafs gegn þóknun frá honum. Ólafur hafi verið skipuleggjandi þessa innflutnings og sá sem hafi fjármagnað fíkniefnakaupin.

Í kröfugerð lögreglu kemur fram að rannsókn máls þessa sé nánast lokið en ekki hafi tekist að ljúka frágangi málsins og senda það ríkissaksóknara. Frágangur málsins sé hins vegar á lokastigi og verði málið sent ríkissaksóknara á næstu dögum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að eiga aðild að, geta varðað 10 ára fangelsi skv. 173. gr. a alm. hgl.

Í dómi Hæstaréttar frá 9. desember 1993 er gæsluvarðhald yfir kærða framlengt með vísan til 2. mgr. 103. laga nr. 19/1991.

Með vísan til þess, sem kærði hefur játað fyrir lögreglu og fyrir dómi, sem og með hliðsjón af framburði margra þeirra, er stóðu að innflutningi fíkniefna með kærða, er sterkur grunur um að kærði hafi átt aðild að svo stórfelldu fíkniefnamisferli að varðað geti við 173. gr. a alm. hgl. Þykja því skilyrði 2. mgr. 103. laga nr. 19/1991 enn vera fyrir hendi.

Ber því að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um áframhaldandi gæsluvarðhald á hendur kærða, eins og hún er fram sett, með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 20. apríl 1994.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1994.

Nr. 43/1994. **Þrotabú Þórkötlustaða hf.**
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Fiskanesi hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1993, er barst réttinum ásamt kærugögnum 25. janúar sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og tekin til greina krafa sín fyrir héraðsdómi um að fá með beinni aðfarargerð umráð skuldabréfs, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gaf út 24. apríl 1992, upphaflega að fjárhæð 10.620.573 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, þrotabú Þórkötlustaða hf., greiði varnaraðila, Fiskanesi hf., 150.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. desember 1993.

Mál þetta var þingfest 29. september 1993 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 8. desember s.á.

Gerðarbeiðandi, þrotabú Þórkötlustaða hf., kt. 601290-1389, gerir þá

kröfu, að skuldabréf, út gefið af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Aðalstræti 6, Reykjavík, þann 24. apríl 1992, upphaflega að fjárhæð kr. 10.620.573, verði með beinni aðfarargerð tekið úr vörslum gerðarþola og fengið Helga Jóhannessyni skiptastjóra f.h. gerðarbeiðanda. Við munnlegan flutning málsins gerði gerðarbeiðandi kröfu um málskostnað að mati dómsins.

Gerðarþoli, Fiskanes hf., kt. 451165-0119, Hafnargötu 17-19, Grindavík, gerir þá kröfu, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að hinn 18. desember 1990 var Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. sameinað Fiskanesi hf. Að sameiningunni lokinni seldi Fiskanes hf. Þórkötlustöðum hf., sem þá var nýstofnað, með kaupsamningnum, dagsettum 28. desember 1990 og 29. desember 1990, allar eignir, sem áður voru í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. En sameining Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Fiskaness hf. var eingöngu gerð í þeim tilgangi að Fiskaness hf. gæti nýtt sér tap Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. Kaupverð eignanna greiddu Þórkötlustaðir hf. með yfirtöku áhvílandi veðskulda, auk þess sem Fiskanes hf. átti að greiða peninga, þar sem yfirteknar skuldir voru meiri en andvirði eignanna. Í kaupsamningnum milli Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. er tekið fram að allar eignir Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. séu með í kaupunum, fasteignir, vélar og tæki, annað lausafé sem og allar útistandandi kröfur, bundnir sjóðir og hlutabréf. Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. átti inneignir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fylgdu þær með í kaupunum. Allar eignir, sem seldar voru Þórkötlustöðum hf., voru þegar í stað afhentar fyrir utan nefndar inneignir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, auk inneigna í SÍF. Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. hætti viðskiptum sínum við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna við sameininguna við Fiskanes hf. og var eignarhluti Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna greiddur út með skuldabréfi, að upphæð kr. 10.620.571, út gefnu af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. 24. apríl 1992, bréfi því sem krafist er afhendingar á í máli þessu.

Málsástæður.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að skuldabréfið, sem gefið hafi verið út á nafn Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf., sé eign Þórkötlustaða hf. samkvæmt kaupsamningi Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. Fiskanes hf. hafi neitað að afhenda bréfið, sem nú sé í innheimtu hjá Landsbanka Íslands, Grindavík, og borið fyrir sig fundargerð frá 4. mars 1993, þar sem fært hafi verið til bókar samkomulag, sem eigi að hafa verið gert haustið 1991, þess efnis að Fiskanes hf. ætli að halda öllum mögulegum inneignum

hjá Þórkötlustöðum hf. vegna dóms sem þá hafði fallið á Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. og Fiskanes hf. hafði verið krafið um greiðslu á vegna sameiningarinnar. Þessari afstöðu Fiskaness hf. hafi verið mótmælt og bent á að ekki sé heimilt með þessum hætti að halda eignum búsins til tryggingar hugsanlegum kröfum á það. Að auki sé erfitt að koma auga á hvers vegna það ætti að vera heimilt fyrir Fiskanes hf. að neita að uppfylla kaupsamning milli Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. þó að fyrirtækið telji sig á einhvern hátt hafa farið illa út úr sameiningu við Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. Engin formleg tengsl séu á milli Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Þórkötlustaða hf. í málinu og kaupsamningurinn á milli Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. algerlega sjálfstætt mál.

Gerðarþoli byggir á því að með samrunanum hafi Fiskanes hf. tekið umtalsverða áhættu, þar sem vitað hafi verið að Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. var verulega skuldsett, og að við samrunann myndu kröfuhafar Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. eiga greiða leið að innheimtu á hendur Fiskanesi hf. Því séu í samningnum slegnir varnaglar af hálfu Fiskaness hf.

Í kaupsamningi Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf., dags. 28. desember 1990, sé svohljóðandi málsgrein: „Með í kaupunum fylgja einnig allar útistandandi kröfur, bundnir sjóðir og hlutabréf ásamt öllum öðrum skuldum en áður nefndum veðskuldum sem Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. átti og skuldaði á sameiningardeginum við Fiskanes hf.“ Sé málsgreinin lesin í heild, fari ekki á milli mála við hvað sé átt, þ.e., að settur er varnagli í samninginn, að ef skuldir hækki eða nýjar komi í ljós, þá minnki greiðsluskylda Fiskaness hf. að sama skapi.

Þá segir í kaupsamningnum m.a.: „Hækki eða lækki einhver skuld skv. framansögðu skal heildarverð keyptra og seldra eigna breytast í samræmi við það.“ „Við innköllun Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. vegna sameiningarinnar við Fiskanes hf. gætu komið fram skuldir sem ekki eru listaðar upp á skuldalista þeim er fylgir kaupsamningi þessum, eða að lýstar kröfur séu annarrar upphæðar en segir í nefndum skuldalista, og skal þá heildarverð breytast í samræmi við það.“

Tilvera og staða Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. sé forsenda og ástæða samninga milli Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. Þetta ferli sé ekki hægt að skilja í sundur.

Þá segi í kaupsamningi aðilanna, dags. 29. desember 1990 m.a.: „Upphæð skuldabréfsins í lið V. 5., kr. 7.000.000,00, gæti lækkað, ef ákvæði í samkomulagi milli hluthafa Fiskaness hf. og fyrrverandi hluthafa Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. frá því í byrjun desember 1990 gefur ástæðu til þess.“

Þá segi einnig í samningnum: „Hækki eða lækki einhver eign eða skuld samkvæmt framansögðu, skal heildarverð keyptra og seldra eigna breytast í samræmi við það."

Í samningum aðila sé gert ráð fyrir að sala Fiskaness hf. á eignum Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. yfir til Þórkötlustaða hf. sé eitt samfellt ferli, og að þær skuldir, sem yfirfærðar eru til Þórkötlustaða hf., verði hvorki meiri né minni en þær eignir og skuldir er Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. átti. Þórkötlustaðir hf. hafi skuldbundið sig samkvæmt samningnum til þess að yfirtaka eignir og skuldir Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. Fyrirtækið Þórkötlustaðir hf. og eigendur þess skyldu hvorki fá meira né minna af eignum en þær, sem runnu í gegnum Fiskanes hf. við sameiningu þess við Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. Ljóst sé af samningum aðilanna að Þórkötlustaðir hf. geti ekki eignast meiri rétt en þann sem Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. átti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur frá 22. júlí 1991 í málinu Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., sem áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar, geti haft með sér greiðsluskyldu fyrir Fiskanes hf., að fjárhæð allt að kr. 14.000.000. Hér sé um að ræða dæmigert atvik er ráð hafi verið gert fyrir og varnagli sleginn við í samningi Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf.

Skuldabréfið sé gefið út til Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. Skuldabréfið sé löglega framselt af þar til bærum aðilum til Fiskaness hf. og því eign þess fyrirtækis samkvæmt efni sínu. Skuldabréfið hafi ekki verið framselt Þórkötlustöðum hf. Með vísan til þess og þess, sem að framan er rakið, hafi gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á skýlausan rétt sinn til þess að fá í hendur skuldabréfið. Skýrslutaka væri nauðsynleg til að leiða í ljós öll atriði í viðskiptum aðila.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um að inneign Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fylgdi með í kaupum Þórkötlustaða hf. á eignum Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. samkvæmt kaupsamningnum milli Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf., en inneignin var greidd út með skuldabréfi því sem í máli þessu er krafist að tekið verði úr vörslum Fiskaness hf. með beinni aðfarargerð.

Í kaupsamningi Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf. eru gerðir ýmsir fyrirvarar, m. a. fyrirvari þess efnis, að ef einhver eign eða skuld hækki eða lækki, skuli heildarverð keyptra og seldra eigna breytast í samræmi við það. Þá er í samningnum gerður fyrirvari um breytingu á heildarverði, komi

fram við innköllun vegna sameiningar Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Fiskaness hf. skuldir sem ekki eru listaðar upp á skuldalista þeim er fylgir kaupsamningnum, eða að lýstar kröfur séu annarrar upphæðar en segir í nefndum skuldalista. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram að niðurstaða tiltekins dómsmáls geti haft í för með sér greiðsluskyldu fyrir Fiskanes hf. Varnaglar í samningum aðila eigi við um slík tilvik.

Í málinu liggur frammi staðfesting Fiskaness hf. og Þórkötlustaða hf., dags. 4. mars 1993, á samkomulagi frá haustinu 1991, þess efnis, „að allar mögulegar inneignir Þórkötlustaða hf. hjá Fiskanesi hf. vegna kaupsamnings og samkomulags frá því í desember 1990 skuli teljast eign Fiskaness hf. þar til umræddu dómsmáli lýkur fyrir Hæstarétti."

Þegar framangreint er virt verður ekki talið að réttur gerðarbeiðanda sé svo ótvíræður og skýlaus, að unnt sé að fallast á kröfu hans um að heimilað verði að taka umrætt skuldabréf úr vörslum gerðarþola með beinni aðför, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 30.000 í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, þrotabús Þórkötlustaða hf., kt. 601290-1389, að heimilað verði að taka skuldabréf, út gefið af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 24. apríl 1992, upphaflega að fjárhæð kr. 10.620.573, úr vörslum gerðarþola, Fiskaness hf., kt. 451165-0119, með beinni aðfaragerð, er hafnað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 30.000 í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 47/1994. **Kaupgarður hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Húsaleigusamningur. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar sl. samkvæmt heimild í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Krefst hann þess, að krafa að fjárhæð 1.463.271 króna, auk vaxta og dráttarvaxta, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar, verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú varnaraðila samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1978 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sbr. VII. og X. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á kröfufjárhæð sóknaraðila og að kærumálskostnaður verði felldur niður.

Varnaraðili hefur eigi sýnt fram á, að hann hafi eigi, þegar eftir að bú Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 22. apríl 1991, getað gefið yfirlýsingu um, hvort hann neytti réttar síns samkvæmt 1. mgr. 43. gr. þágildandi laga nr. 6/1978 og tæki við réttindum og skyldum samkvæmt húsaleigusamningi þeim, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili nýtti sér í reynd rétt samkvæmt leigusamningnum eftir töku búsins til gjaldþrotaskipta. Skiptir ekki máli í því efni, þótt hann hafi framleigt öðrum húsnæðið. Á sóknaraðili því samkvæmt 49. gr. laganna rétt á að fá greidda leigu fyrir húsnæðið eftir þágildandi 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, frá 1. maí 1991, sem er upphafstími kröfu hans, og þar til yfirlýsingin var gefin 24. júní s.á. Sama gildir um vexti af kröfunni, sbr. 86. gr. laganna, svo og dráttarvexti. Krafan miðast ekki við nákvæmlega sama tímabil og að of-

an getur, ágreiningur er milli málsaðila um fjárhæð hennar og hversu mikið hefur verið greitt upp í hana. Eru því ekki skilyrði til þess, að um fjárhæð kröfunnar verði fjallað í kærumáli þessu.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Sóknaraðili á rétt á að fá fjárhæð þessa greidda samkvæmt 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila, Kaupgarðs hf., til að fá leigu greidda samkvæmt 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, úr hendi varnaraðila, þrotabús Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, fyrir tímabilið frá 1. maí 1991 til 24. júní s.á. í samræmi við ákvæði um leigufjárhæð í framangreindum leigusamningi frá 1. febrúar 1988 um verslunarhúsnæði að Engihjalla 8 í Kópavogi. Sama gildir um vexti af þeirri fjárhæð og dráttarvexti.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1993.

Mál þetta er til orðið með þeim hætti að sóknaraðili, Kaupgarður hf., gerði þær kröfur í skiptarétti Reykjavíkur þann 7. febrúar 1992 að krafa hans á hendur varnaraðila, þrotabúi KRON svf., að fjárhæð kr. 1.895.360.- ásamt vöxtum, eins og fram kemur í greinargerð hans á dskj. nr. 1, verði viðurkennd í þrotabúið sem búskrafa samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. VII. og X. kafla laga nr. 6/1978. Sóknaraðili hafði lýst kröfunni í þrotabúið sem búskröfu en bústjóri hafnaði henni sem búskröfu en viðurkenndi hana sem almenna kröfu. Úrskurður þessi er kveðinn upp í samræmi við 178. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 191. gr. sömu laga.

Endanlegar kröfur sóknaraðila í máli þessu eru þær að krafa hans að fjárhæð kr. 1.463.271,00 [með nánar tilgreindum vöxtum], verði viðurkennd í þrotabú KRON sem búskrafa skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr VII. og X. kafla laga nr. 6/1978. Þá er þess krafist að varnaraðila verði dæmt að greiða sóknaraðila málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts og vöxtum skv. lögum nr. 91/1991

og að málskostnaðarkrafan verði einnig viðurkennd sem búskrafa í þrotabú KRON.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær dómkröfur aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Til vara er gerð sú krafa að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður. Gerð er krafa um skuldajöfnuð, að fjárhæð kr. 300.000,00 með dráttarvöxtum frá 3. maí 1991 til greiðsludags, skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum. Þá er gerð sú krafa, að dæmt verði að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. maí 1992, sbr. 12. gr. nefndra laga. Skuldajafnaðarkrafan er á því byggð að greitt hafi verið inn á skuldina eftir upphaf gjaldþrotaskipta varnaraðila hinn 22. apríl 1991 með innborgunargreiðslu Gunnarskjara hf. hinn 3. maí 1991, að upphæð kr. 300.000,-, vegna skuldar varnaraðila við sóknaraðila á leigugjaldi fyrir mars, apríl og maí eða kr. 100.000.- inn á hvern mánuð.

Yfirlit um málavexti og ágreiningsefni.

Með leigusamningi, dags. 1. febrúar 1988, tók KRON, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, á leigu af sóknaraðila verslunarrými að Engihjalla 8 í Kópavogi til 10 ára frá þeim degi. Með leigusamningi, dags. 31. mars 1990 framleigði KRON húsnæðið til Bræðranna Bjartmars hf., síðar Gunnarskjara hf., sem rak matvöruverslun í húsnæðinu til 27. maí 1991 eins og fram kemur í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur þann 29. maí 1991 um töku bús hlutafélagsins til gjaldþrotaskipta. Hafði hlutafélagið greitt húsaleigu beint til sóknaraðila, síðast þann 3. maí 1991, en þá voru greiddar samtals 300.000,00 kr. sem innborgun á húsaleigu fyrir mars, apríl og maí, kr. 100.000,00 fyrir hvern mánuð samkvæmt ljósriti af reikningi sem lagður hefur verið fram í málinu.

Hinn 22. apríl 1991 var KRON úrskurðað gjaldþrota. Bústjóri var skipaður til bráðabirgða og sendi lögmaður sóknaraðila honum ofangreindan leigusamning frá 1. febrúar 1988 með símbréfi, dags. 24. apríl sama ár, eins og fram kemur í gögnum málsins. Með bréfi, dags. 3. júní 1991, gerði lögmaður sóknaraðila þá kröfu á hendur þrotabúinu að það greiddi húsaleigu fyrir maí það ár samkvæmt leigusamningnum sem er sagður dagsettur 1. febrúar það ár en þrotabúið hafi hvorki sagt upp samningnum né rýmt húsnæðið. Þá var bústjóra send áskorun um greiðslu á leigu fyrir júní s.á. með símbréfi 13. júní s.á., annars yrði leigusamningnum rift og leitað eftir aðstoð fógeta við að fá húsnæðið rýmt, ef þörf krefði. Með bréfi bústjóra, dags. 24. júní 1991, var lögmanni sóknaraðila tilkynnt, að þrotabúið tæki ekki við

réttindum og skyldum leigutaka samkvæmt leigusamningnum. Þrotabúinu væri hins vegar þörf á umþóttunartíma til að rýma húsnæðið, selja innanstokksmuni, innréttingar og tæki sem sóknaraðila var gefinn kostur á að gera tilboð í. Var samningnum síðan rift með símbréfi lögmanns sóknaraðila 26. júní s.á. og þess krafist að húsnæðið yrði rýmt án tafar eða í síðasta lagi fyrir 1. júlí s.á. Jafnframt var þess krafist að þrotabúið greiddi húsaleigu fyrir tímabilið 1. maí 1991 til rýmingardags, en krafan flokkaðist sem búskrafa, sbr. 82. gr. laga nr. 3/1878. Kröfunni var lýst í búið sem búskröfu eins og áður er komið fram og er kröfulýsingin dagsett 12. júlí 1991.

Sóknaraðili gerði varnaraðila tilboð í tæki og innréttingar í hinu leigða verslunarhúsnæði þann 2. júlí 1991 en af kaupum varð ekki. Bústjóri afhenti fyrirsvarsmanni sóknaraðila lykla að húsnæðinu þann 15. júlí s.á., en þá hafði 3ji aðili keypt innréttingar og aðrar eignir þrotabúsins sem þar voru. Í yfirlýsingu sóknaraðila, dags. sama dag, kemur m.a. fram, að varnaraðili væri frá þeim degi laus undan kröfum um greiðslu leigugjalds fyrir húsnæðið. Sóknaraðili leigði húsnæðið síðan út aftur til verslunarrekstrar þann 10. nóvember sama ár eftir að breytingar höfðu verið gerðar á því.

Aðila málsins greinir á um það hvort krafa sóknaraðila teljist til búskrafna á grundvelli 82. gr. laga um skipti á dánarbúum, félagsbúum o.fl. nr. 3/1878, sbr. 2. gr l. nr. 32/1974 og samkvæmt VII. kafla laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978. Ekki er ágreiningur um fjárhæðir nema varðandi innborgun, þ.e. greiðslu Gunnarskjara hf., að fjárhæð kr. 300.000,00 þann 3. maí 1991, sem varnaraðili telur, að eigi að koma til frádráttar, verði krafa sóknaraðila í málinu tekin til greina en í kröfu sóknaraðila hafa aðeins verið dregnar frá kr. 100.000,00 vegna þessarar innborgunar.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á.

Krafa sóknaraðila byggist á því að ákvæði VII. kafla laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti séu fyrst og fremst sett til þess að vernda þriðja mann gegn því að verða fyrir tjóni við gjaldþrot. Ákvæðin tryggi rétt þrotabúa til þess að ganga inn í gagnkvæma samninga, en jafnframt setji þau skorður við því, hversu langan umhugsunarfrest bústjóri/skiptaráðandi hafi til þess að ákveða, hvort hann gangi inn í gagnkvæman samning eða ekki. Ákvæði VII. kafla laganna verði því að túlka með þetta að leiðarljósi. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að varnaraðili hafi haldið umræddu húsnæði fyrir sóknaraðila í þrjá mánuði eftir að KRON var úrskurðað gjaldþrota. Með því hafi varnaraðili valdið sóknaraðila tjóni sem VII. kafla laga nr. 6/1978 miði að koma í veg fyrir með því að ákveða að bætur/leiga skuli greiðast úr þrotabúinu sem búskrafa samkvæmt 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Samkvæmt 49. gr. laganna beri þrotabúi að svara

áskorun samkvæmt 43. gr. strax. Telja verði tímann frá 22. apríl til næstu mánaðamóta nægan fyrir varnaraðila, bæði til að svara áskoruninni og til að rýma húsnæðið. Þegar varnaraðili hafi hafnað því að ganga inn í leigusamninginn 24. júní, taki hann fram, að hann þurfi nokkurn umþóttunartíma til að rýma húsnæðið. Kröfu um leigugreiðslu fyrir júlí byggir sóknaraðili á því, að 24. júní hafi varnaraðili þegar haft nægan umþóttunartíma til að rýma húsnæðið, enda þá liðnir tveir mánuðir frá gjaldþroti KRON. Varnaraðili hafi því á tímabilinu 1. til 15. júlí haldið húsnæðinu fyrir sóknaraðila án nokkurrar heimildar. Beri honum því að greiða leigu fyrir afnot af húsnæðinu á þessu tímabili samkvæmt leigusamningnum, og er krafan þannig sundurliðuð:

Leiga fyrir maí 1991	kr.	583.836,–
Leiga fyrir júní 1991	kr.	647.346,–
Leiga fyrir 1.–15. júlí 1991	kr.	332.089,–
Samtals	kr.	1.563.271,–
Innborgun 3.5. 1991 á maíleigu, sbr. dskj. 18	kr.	100.00,–
Eftirstöðvar	kr.	1.463.271,–

Sóknaraðili byggir málskostnaðarkröfu sína á 177. gr. laga nr. 85/1936, nú lög nr. 91/1991. Þar sem krafan varði útleigu á húsnæði, sem ekki er virðisaukaskattsskyld, sé sóknaraðila nauðsynlegt að fá málskostnað dæmdan með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á lögmannsþóknun.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi ekki nýtt sér það úrræði að krefjast afstöðu varnaraðila til þess hvort hann tæki við réttindum og skyldum KRON samkvæmt leigusamningnum og er því mótmælt að slíkri áskorun hafi verið beint til hans þann 24. apríl 1991, eins og sóknaraðili heldur fram. Engin gögn hafi heldur verið lögð fram af hálfu sóknaraðila er sýni að hann hafi fyrr eða síðar beint slíkri áskorun til varnaraðila. Á þessum tíma hafi verið saminn kaupsamningur á grundvelli tilboðs sóknaraðila um kaup á eignum varnaraðila í leiguhúsnæðinu, dags. 2. júlí 1991. Af samningnum varð þó ekki, heldur hafi verið samið við annan aðila um kaup á umræddum eignum þann 15. júlí sama ár. Við sama tækifæri hafi framkvæmdastjóri sóknaraðila gefið út yfirlýsingu, þar sem hann lýsi því yfir, að varnaraðili sé frá þeim degi laus undan kröfum um greiðslu leigugjalds fyrir húsnæðið. Þar til leigusamningnum var rift af hálfu sóknaraðila þann 26. júní 1991, hafi verið talið líklegt, að sóknaraðili keypti þær eignir, sem í húsnæðinu voru. Er því haldið fram af hálfu varnaraðila að enginn óeðlilegur dráttur hafi orðið á afhendingu húsnæðisins. Auk þess hafi það beinlínis verið andstætt hagsmunum sóknaraðila að rífa og tæta allt út úr húsinu meðan unnið var að samningum um að selja innréttingar

og tæki í heilu lagi til þess að unnt væri að hefja verslunarrekstur í húsnæðinu á ný. Því væru ekki lagaskilyrði fyrir því að krafa sóknaraðila verði viðurkennd sem búskrafa.

Þá er á því byggt af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi með samningum við Gunnarskjör hf. viðurkennt þann aðila sem leigutaka og í raun leyst varnaraðila undan leigusamningi þeim sem hann byggir kröfur sínar gegn varnaraðila á.

Lögskýringu sóknaraðila, að ákvæði VII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978 séu fyrst og fremst til þess ætluð að vernda þriðja mann gegn því að verða fyrir tjóni við gjaldþrot, er af hálfu varnaraðila mótmælt. Þótt tilteknar aðstæður veiti viðsemjanda réttháa kröfu á þrotabú, styttan uppsagnarfrest og önnur réttarúrræði til að tryggja réttarstöðu sína, væri þar um að ræða afleidd atriði vegna þeirra ákvæða, sem heimila þrotabúi að ganga inn í gagnkvæma samninga, sem nauðsyn getur verið til til að afstýra fjárhagstjóni þrotabús.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi ekki beint áskorun til hans samkvæmt 2. mgr. 43. gr. gjaldþrotalaga. Afstaða varnaraðila hafi að hans frumkvæði verið kynnt sóknaraðila þann 24. júní 1991. Sóknaraðili geti því ekki byggt kröfu sína um viðurkenningu húsaleiguskuldarinnar sem búskröfu á 49. gr. laganna. Vegna vanefnda á greiðslu leigugjaldsins var sóknaraðila rétt að rifta leigusamningi aðila skv. 1. mgr. 45. gr. laganna og 20. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Sóknaraðili hafi síðan haft það úrræði að fá húsnæðið rýmt með útburði, yrði húsnæðið ekki rýmt í framhaldi af riftun innan þess tíma sem sóknaraðili felldi sig við. Riftun eða rétturinn til riftunar vegna vanskila á leigugjaldinu hafi ekki veitt sóknaraðila hina réttháu búskröfu fyrir leigugjaldinu, hvorki fyrir eða eftir að riftun var lýst yfir. Sóknaraðili geti ekki öðlast betri rétt gegn varnaraðila heldur en viðsemjanda sínum nema að uppfylltum hinum ströngu skilyrðum VII. kafla laganna. Varnaraðili hafi ekki valdið sóknaraðila tjóni í þessum efnum, heldur þvert á móti.

Af hálfu varnaraðila er lagarökum sóknaraðila mótmælt. Varnaraðili vísar til riftunarreglna gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. einkum ákvæða 1. mgr. 54. gr., sbr. 62. gr., og ákvæða l. tl. 59. gr. og 61. gr., sbr. 63. gr. laganna, sbr. og 2. tl. 68. gr., og kröfu um málskostnað styður varnaraðili við 1. mgr. 130. gr., sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstöður.

Ekki þykir unnt að fallast á þá lögskýringu sóknaraðila að ákvæði VII. kafla laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti séu fyrst og fremst sett til verndar 3ja aðila heldur verður að líta svo á að þau lagaákvæði, sem hér eiga við,

veiti þrotabúi rétt til að ganga inn í gagnkvæma samninga, sem þrotamaður hefur gert, gegn því að réttur viðsemjanda til að fá greiðslu úr þrotabúinu verði betur tryggður en ella, sbr. 43. og 49. gr. laganna, sbr. 82. gr. 3. tl. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Þá verður að telja ósannað gegn andmælum varnaraðila að sóknaraðili hafi krafist þess þann 24. apríl 1991 eða síðar að þrotabúið tæki afstöðu til þess hvort það ætlaði að nota rétt sinn til að ganga inn í leigusamninginn. Þegar litið er til þess að KRON hafði framleigt húsnæðið og stundaði þar hvorki atvinnurekstur sjálft, er það varð gjaldþrota, né þrotabúið síðar, en um það var sóknaraðila kunnugt, og að bústjóri tilkynnti sóknaraðila þann 24. júní 1991 að þrotabúið myndi ekki ganga inn í leigusamninginn, verður ekki unnt að fallast á, að með því að rýma ekki húsnæðið fyrr en 15. júlí s.á., hafi sóknaraðili öðlast rétt til þess að fá húsaleigu greidda samkvæmt 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, enda afhenti bústjóri þrotabúsins sóknaraðila húsnæðið, strax og innréttingar og tæki höfðu verið seld. Með vísan til þessa skortir kröfu sóknaraðila lagastoð í máli þessu og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber sóknaraðila, Kaupgarði hf., að greiða varnaraðila, þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,00 að viðbættum virðisaukaskatti.

Úrskurðinn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 13. október 1992.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Kaupgarðs hf., á hendur þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, að krafa hans, að fjárhæð kr. 1.463.271,00, ásamt vöxtum verði viðurkennd sem búskrafa í þrotabúið, er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili, Kaupgarður hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, kr. 100.000,00 í málskostnað ásamt virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 51/1994. **Elcon hf.**
(Björn Jónsson hdl.)
gegn
Skipabrautinni hf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar sl., er barst réttinum ásamt kærugögnum 29. janúar sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið, eins og það lá fyrir að lokinni aðalmeðferð 2. desember 1993. Þá krefst hann kærumálskostnaðar in solidum úr hendi varnaraðila og lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Varnaraðili krefst þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Mál það, er aðilar reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, var dómtekið 2. desember 1993 að loknum aðalflutningi, en endurupptekið 11. janúar sl. með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991. Í hinum kærða úrskurði er því lýst, að héraðsdómi hafi eftir dómtöku 2. desember borist yfirlýsing frá lögmanni varnaraðila með fullyrðingum um ágreiningsefni málsins. Af þeim sökum taldi dómarinn rétt að gefa aðilum kost á að upplýsa frekar staðreyndir málsins. Beindi dómarinn því til lögmanna aðila að leiða fyrir dóminn tiltekin vitni.

Úrskurður héraðsdómara um gagnaöflun samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 og frestun málsins ex officio vegna hennar sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt XXIV. kafla laga nr. 91/1991. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Um hliðstætt kæruefni var dæmt í Hæstarétti 5. nóvember 1993 í málinu nr. 403/1993. Er kæra þessa máls því ófyrirsynju og ámælisverð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Elcon hf., greiði varnaraðila, Skipabrautinni hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1994.

Við aðalflutning málsins komu fram yfirlýsingar forsvarsmanna aðila um staðreyndir málsins sem stönguðust á. Engin vitni voru leidd. Eftir dómtöku barst dóminum frá lögmanni stefnda yfirlýsing, undirrituð af þremur mönnum, með tilteknum fullyrðingum um það hvernig staðið hefði verið að verki því sem deilt er um greiðslu fyrir og stangast þessi fullyrðing á við það sem stefnandi heldur fram um málsatvik og reisir málsókn sína á.

Af þessum ástæðum telur dómurinn að staðreyndir málsins séu ekki nægilega ljósar og telur rétt að gefa aðilum kost á að upplýsa þær betur. Beinir dómurinn því þar með til lögmanns stefnanda að hann leiði fyrir dóminn sem vitni þá tvo starfsmenn stefnanda sem sagðir eru hafa unnið verkið, Eirík Þórarinsson og Lúðvík Guðjónsson. Enn fremur gefur hann lögmanni stefnda kost á að leiða þau þrjú vitni sem undirritað hafa framangreinda yfirlýsingu, Helga S. Sigurðsson, Kristin Ármannsson og Jóhannes Jóhannesson.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er endurupptekið með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnanda er gefinn kostur á að leiða sem vitni Eirík Þórarinsson og Lúðvík Guðjónsson.

Stefnda er gefinn kostur á að leiða sem vitni Helga S. Sigurðsson, Kristin Ármannsson og Jóhannes Jóhannesson.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 430/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmanni Ólfjörð Guðmannssyni
(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Nauðgun. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. september 1993. Krefst ákærði sýknu, en af ákæruvaldsins hálfu er krafist þyngingar á refsingu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, eru ákærði og stúlkan A sammála um, að samfarir þeirra hafi í upphafi verið með samþykki stúlkunnar. Ákærði var 22 ára gamall, en stúlkan var tæplega 15 ára. Ákærði bar í skýrslu fyrir lögreglu, að hann hefði verið það ölvaður, að hann myndi óglöggt eftir atburðarásinni, en minntist þess þó, að stúlkan hefði haft á orði, að hún vildi þetta ekki. Hann hefði engu að síður haldið áfram að hafa samfarir við stúlkuna, en „hún hafi þá orðið alveg brjáluð. Hún byrjaði að öskra eða ætlaði að fara að byrja að öskra og þá hélt ég fyrir munninn á henni. Ég hélt síðan eitthvað smávegis áfram þarna og svo sleppti ég henni bara en þá var hún orðin alveg brjáluð". Er hann var spurður um það, hvort hann hefði neytt aflsmunar gagnvart stúlkunni, sagði hann: „Ég man bara eftir að hafa haldið fyrir munninn á henni. Annað man ég ekki en eitthvað hefur maður sennilega tekið á henni." Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þröngvað stúlkunni til samfara, eftir að hún vildi hætta. Hann kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum, sem hér voru greind, en synjaði ekki fyrir þau. Stúlkan A hefur í meginatriðum verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni af atburðarásinni umrædda nótt. Ástand stúlkunnar og hegðun, þegar lögreglumennirnir óku fram á hana, styðja eindregið framburð hennar. Samkvæmt vottorði sérfræðings

á fæðingar- og kvensjúkdómadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem skoðaði stúlkuna sömu nótt, var hún í miklu uppnámi. Skoðun leiddi í ljós grunnt, ferskt sár í leggöngum ofanverðum, sem greinilega var eftir samfarir. Samkvæmt framansögðu er fallist á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæðis.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð dóms sakadóms Akureyrar 11. mars 1992, þar sem hann var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 60. gr., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, ber að staðfesta refsiákvörðun héraðsdómara, fangelsi í tólf mánuði.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðmann Ólfjörð Guðmannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 5. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní 1993, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. mars 1993, á hendur „Guðmanni Ólfjörð Guðmannssyni, Fjólugötu 9, Akureyri, fæddum 29. júlí 1970, fæðingarnúmer 424, fyrir nauðgun með því að hafa um eða laust eftir kl. 03.00 aðfaranótt laugardagsins 24. október 1992 í herbergi sínu í kjallara raðhússins Vanabyggðar 4 e, Akureyri, með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað stúlkunni A, fæddri [...] 1977 til holdlegs samræðis eða tælt hana til þess.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 eða 2. mgr. 202. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Verjandi ákærða hefur aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

Málavextir eru þeir, að um kl. 03.20 aðfaranótt laugardagsins 24. október óku lögreglumenn í eftirlitsferð suður Þórunnarstræti. Sáu þeir þá stúlkuna

A sunnan gatnamóta Þórunnarstrætis til norðurs. Var hún í skyrtu, berlærð en í sokk á hægra fæti. Er lögreglumennirnir hugðust hafa tal af stúlkunni, hljóp hún austur Hamarsstíg, þar sem þeir stöðvuðu hana. Tjáði hún þeim, að sér hefði verið nauðgað og að Guðmann, frændi sinn, hefði gert það. Stúlkan var í miklu uppnámi, grét í ekka og átti erfitt með mál. Var hún flutt á lögreglustöðina og síðan á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA).

Vitnið A skýrir svo frá í lögregluskýrslu, sem tekin var af henni daginn eftir framangreinda atburði, að hún hafi verið við drykkju ásamt nokkrum kunningjum sínum kvöldið áður. Hafi þau farið í miðbæinn laust fyrir miðnætti. Vitnið kvaðst hafa verið orðin ölvuð og lítið muna eftir sér fyrr en hún var stödd í leigubifreið ásamt ákærða. Þó muni hún eftir því að hafa dottið fyrr um kvöldið og fengið skurð á hnakkann. Hún hafi engin samskipti haft við ákærða fyrr en þessa nótt utan þau, að þau hafi einstaka sinnum talast við [...]. Vitnið kvað þau ákærðu hafa verið að kyssast í aftursæti bifreiðarinnar, sem síðan hafi staðnæmst fyrir utan heimili ákærða, og þau farið þangað inn, niður í kjallara í herbergi ákærða. Þar hafi þau lagst upp í rúm og haldið áfram að kyssast, en ekki kvaðst vitnið þó hafa farið með ákærða til að hafa samfarir við hann, heldur til að ræða við hann. Vitnið kvaðst sjálf hafa hneppt frá buxnaklaufinni að gallabuxunum sínum og losað beltið, en ákærði hafi síðan dregið buxurnar og nærbuxurnar niður af henni og síðan afklæðst sjálfur. Ákærði hafi síðan lagst ofan á hana og sett getnaðarlim sinn inn í fæðingarveg hennar og hafið samræðishreyfingar. Vitnið kvað þetta í fyrstu hafa verið með sínu samþykki, en síðan hafi hún „áttað sig betur" og fundist þetta „ógeðslegt" og viljað hætta. Hún hafi farið að gráta og um leið reynt að snúa sér í rúminu og losa sig við ákærða. Hún hafi sagt ákærða, að hún vildi komast í bæinn og hitta B, unnusta sinn. Hún hafi reynt að ýta við ákærða og kreppa saman fæturna, til að hann kæmist ekki að henni, en ákærði hafi haldið henni fastri, hann hafi með valdi fært sundur á henni fæturna og þröngvað getnaðarlim sínum inn í fæðingarveg hennar. Ákærði hafi jafnframt gripið fyrir munn hennar og sagt: „Hættu að grenja, ég þoli ekki grenjuskjóður." Þá hafi hann hótað að kæfa hana, ef hún léti ekki að vilja hans. Vitnið kvaðst hafa óttast, að ákærði myndi framfylgja þessum hótunum og því hafi hún ekki streist frekar á móti, hún hafi verið komin með köfnunartilfinningu og verið orðin afar skelkuð. Ákærði hafi síðan hætt, en hún sé ekki viss um hvort honum hafi orðið sáðlát. Hún hafi síðan staðið á fætur, en ákærði neitað henni um að klæðast og varnað henni útgöngu. Ákærði hafi loks kveikt á sjónvarpstæki og sofnað. Hún hafi þá komist óhindrað út úr húsinu og lögreglan stöðvað hana skömmu síðar.

Vitnið hefur staðfest framangreinda skýrslu sína fyrir dómi og var framburður hennar þar í aðalatriðum í samræmi við skýrsluna.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna, hvort ákærði hefði ætlað að hjálpa henni um nóttina, en á því hafði vitnið orð, er lögreglumenn fundu hana. Þá kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa þurft að ganga til læknis eftir atburðinn.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu daginn eftir umræddan atburð. Þar skýrir ákærði svo frá að hann hafi verið ölvaður og muni óglöggt eftir sér þessa nótt. Hann kvaðst hafa hitt A og systur hennar hjá Nætursölunni og hafi síðan hann og A gengið að BSO og tekið leigubifreið, en líklegast taldi ákærði, að hann hefði boðið henni heim og hún þegið boðið. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna, hvort hann hefði ætlað að hjálpa A. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað þeim hafi farið á milli í leigubifreiðinni, en hefði ætlað að hafa samfarir við A og kvaðst ekki hafa vitað betur en hún hefði haft það sama í huga. Ákærði kvaðst hafa vitað um aldur A. Um það, sem gerðist, eftir að þau yfirgáfu leigubifreiðina, sagði ákærði: „Þá fórum við inn og fórum að kyssast er inn var komið. Svo æstist leikurinn eitthvað. Ég held að ég hafi háttað mig sjálfur. Mig minnir að hún hafi sjálf klætt sig úr buxunum. Hún lá á bakinu og ég fór á hana.“ Ákærði kvað A í fyrstu hafa verið hikandi, en sig minnti, að hún hefði haft orð á því að hún vildi þetta ekki. „Ég man þetta ekki alveg, mig minnir þetta bara. Jú – hún fór eitthvað að tala um að hún væri á túr en ég sagði að það væri alveg sama.“ Ákærði kvaðst síðan hafa haldið áfram að hafa samfarir við A, en „hún hafi þá orðið alveg brjáluð. Hún byrjaði bara að lemja frá sér – annars man ég þetta ekki – ég man bara brot. Hún byrjaði að öskra eða ætlaði að fara að byrja að öskra, og þá hélt ég fyrir munninn á henni. Ég hélt síðan eitthvað smávegis áfram þarna og svo sleppti ég henni bara en þá var hún orðin alveg brjáluð. Ég man óglöggt eftir þessu en hún var eitthvað að berja frá sér. Ég hætti samförunum og þá rauk hún bara út alveg einn, tveir og þrír eins og hún stóð.“ Ákærði kvaðst ekki hafa veitt stúlkunni eftirför, hann hafi kallað á eftir henni, en farið svo inn í herbergið aftur og sett spólu í myndbandstækið. Hann hafi síðan fróað sér í rúminu þar til honum varð sáðlát, en honum hafi ekki orðið sáðlát á meðan á samförunum stóð.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Ákærði neitar að hafa beitt A ofbeldi eða hótunum eða tælt hana til samræðis, en kvaðst þó aðspurður ekki geta neitað að hann kunni að hafa fært í sundur fætur A og tekið fyrir munn hennar, því að hann muni þetta ekki.

Vitnið Valgeir Þór Stefánsson leigubifreiðastjóri, 59 ára að aldri, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sem hann gaf fyrir lögreglu. Vitnið

sagði, að einhvern tíma fyrir kl. 03.00 aðfaranótt laugardagsins 24. október 1992 hefði ungt par komið gangandi á leigubifreiðastöðina. Piltinn þekkti vitnið sem ákærða, en stúlkuna þekkti hann ekki. Þau hafi beðið um akstur að Vanabyggð 4. Vitnið kvað allt hafa verið í góðu lagi á milli ákærða og stúlkunnar og þau hafi talað saman eins og þau þekktust. Stúlkan hafi spurt ákærða að því, hvort Sævar eða Svavar kæmi ekki líka. Þau hafi svo farið úr bifreiðinni á ákvörðunarstað.

Blóðsýni voru tekin úr ákærða og A um kl. 04.30 umrædda nótt og þau rannsökuð. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist 1,68‰, en 1,35‰ í blóði A.

Jóhannes Sigfússon rannsóknarlögreglumaður, Gunnar J. Jóhannsson lögreglufulltrúi, og Guðmundur Svanlaugsson lögreglumaður komu allir fyrir dóm og staðfestu að hafa unnið að rannsókn málsins, ýmist með skýrslutökum, rannsókn á vettvangi, myndatökum af fatnaði, aðstæðum í íbúð ákærða og fleira.

Í málinu liggur fyrir vottorð Edwards Kiernan, sérfræðings á fæðingar- og kvensjúkdómadeild FSA. Í niðurstöðu hans segir orðrétt.

„Samantekt. Skoðunin hefur leitt í ljós grunnt en ljótt sár (sic) djúpt uppi í leggöngum ofanverðum, greinilega eftir samfarir. (A segist ekki hafa haft samfarir við kærasta síðan um síðustu helgi.) Skoðunin leiddi í ljós lifandi sæði, slím er tekið frá leggöngum og skoðuð (sic) í smásjá. Ekki er að sjá neina ytri skaða á líkama A.

Þetta vottorð hefur verið gert eftir bestu samvisku í starfi."

Bæði A og ákærði hafa borið, að samfarir þeirra hafi í fyrstu verið með samþykki A. Ákærði hefur fyrir dómi neitað að hafa síðan, eftir að A vildi hætta, með ofbeldi og hótunum um ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis, en það virðist í nokkru ósamræmi við skýrslugjöf hans fyrir lögreglu. Þó hefur ákærði aðspurður fyrir dómi ekki geta neitað, að frásögn A af atburðum sé rétt, og ber við minnisleysi. A hefur hins vegar frá upphafi í meginatriðum verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni af því, hvað gerst hafi á milli hennar og ákærða. Þá bendir ástand hennar og hegðun, er lögreglumenn hittu hana hálfnakta á mótum Þórunnarstrætis og Hamarsstígs, eindregið til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina. Loks er ekkert komið fram í málinu sem rennir stoðum undir að hræðsla hennar og flótti frá húsinu Vanabyggð 4 hafi stafað af öðru en viðskiptum hennar og ákærða.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði, sem er 22 ára að aldri og starfar sem sjómaður, er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði þrisvar gengist undir sátt vegna umferðarlagabrota og tvisvar vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærði hlotið eftirfarandi dóma:

1991 08/03 Eyjafjarðars., Ak.
Dómur: Fangelsi 1 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1992 11/03 Eyjafjarðars., Ak.
Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 218. gr. og 217. gr. alm. hgl.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að hann hefur með háttsemi sinni rofið skilorð tveggja dóma sakadóms Akureyrar, en jafnframt ber að hafa í huga aðdraganda máls þessa og það, að háttsemi ákærða virðist ekki hafa haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir A. Með hliðsjón af þessu og vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 60.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hrl., krónur 60.000.- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af önnum dómara og fjarveru frá starfi.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Ólfjörð Guðmannsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 60.000.-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hrl., krónur 60.000.- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 384/1991. **Díselverk**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Viggó Guðmundssyni
(Árni Guðjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Veð. Þinglýsing

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, seldi áfrýjandi stefnda bifreið fyrir milligöngu sölustjóra bifreiðasölunnar Bílaþings, sem rekin er á vegum Heklu hf. Bifreiðasalinn var umboðsmaður áfrýjanda í þessum viðskiptum. Umboð hans hefur ekki verið vefengt. Hann undirritaði afsalið fyrir hönd áfrýjanda 3. maí 1989, og kom þar fram, að kaupandi hefði „að fullu staðið . . . skil á andvirði hinnar seldu bifreiðar". Umboðsmaðurinn tók við greiðslu úr hendi stefnda. Hluti hennar var skuldabréf, að fjárhæð 400.000 krónur, sem stefndi hafði fengið við sölu bifreiðar sinnar skömmu áður og tryggt var með veði í þeirri bifreið, en hafði ekki verið þinglýst. Skuldabréfið var gefið út af kaupanda bifreiðarinnar, og voru á því tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn. Fyrir dómi kvaðst umboðsmaðurinn hafa kannað þessi nöfn, en ekkert fundið athugavert. Skuldabréfið var ekki tækt til þinglýsingar, þegar viðskipti aðila þessa máls fóru fram, þar sem bifreiðin var ekki umskráð á nafn útgefanda bréfsins fyrr en 6. maí. Þess var ekki óskað af hálfu áfrýjanda eða umboðsmanns hans, að stefndi annaðist þinglýsingu bréfsins eða tækist á hendur ábyrgð á greiðslu þess með áritun sinni.

Áfrýjandi fékk skuldabréfið í sínar hendur tveimur til þremur vikum eftir útgáfu afsals. Gjalddagi fyrstu afborgunar var 20. júní 1989, en ekkert hefur fengist greitt af bréfinu. Öðru veðskuldabréfi, að fjárhæð 400.000 krónur, var þinglýst í hinni veðsettu bifreið 10. júlí 1989. Það skyldi greiðast með einni greiðslu 15. ágúst sama ár. Ekki hefur verið upplýst, hvort skuld samkvæmt þessu bréfi var greidd. Til þess var þó sérstök ástæða, eins og mál þetta er vaxið. Þegar framangreind þinglýsing fór fram, hafði áfrýjandi enn engan reka gert að því að tryggja réttarstöðu sína með því að þinglýsa skuldabréfinu frá stefnda. Ósannað er, að umrædd bifreið hafi ekki verið fullnægjandi veð til tryggingar greiðslu samkvæmt skuldabréfinu, hefði því verið þinglýst í tæka tíð. Þá er ekkert fram komið um það, að stefndi hafi ekki mátt ætla, að bréfið væri fullgild greiðsla.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Díselverk, greiði stefnda, Viggó Guðmundssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þann 23. mars 1991, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Díselverki, kt. 660285–0169, Draupnisgötu 3, Akureyri, gegn Viggó Guðmundssyni, kt. 120527–2829, Ljósheimum 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 400.000,00, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir að stefnandi seldi þann 3. maí 1989 stefnda bifreið af gerðinni Opel Kadett GL, árgerð 1985. Milligöngu um þessi viðskipti hafði sölustjóri bílasölunnar Bílaþings, Pétur Þór Brynjarsson, sem jafnframt var

umboðsmaður stefnanda. Stefndi greiddi kaupverðið, kr. 450.000,00, með víxlum að fjárhæð kr. 50.000,00, en afganginn með skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000,00, út gefnu 2. maí 1989, til handhafa af Lárusi R. Þ. Arasyni og með sjálfskuldarábyrgð Óskars Arnar Jónssonar og Sigurðar Bjarnasonar. Skuldabréf þetta var tryggt með 1. veðrétti í bifreið af gerðinni Citroën BX 16 TRS, árgerð 1984, óþinglýst. Skuldabréf þetta var til 18 mánaða og átti að greiðast með 18 mánaðarlegum afborgunum, þeirri fyrstu þann 20. júní 1989, og bera hæstu leyfilega meðalvexti, sem áttu að reiknast frá 2. maí 1989, og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir. Samkvæmt bréfinu var heimilt að gjaldfella alla skuldina ef vanskil yrðu veruleg. Stefnandi kveður ekkert hafa verið greitt af bréfinu þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefndi kveðst hafa fengið skuldabréfið í hendur vegna annarra bílaviðskipta sama dag eða daginn áður en viðskipti hans og stefnanda áttu sér stað. Stefndi kveður skuldabréfið hafa borið það með sér að það hafi verið óþinglýst, enda hafi hann fengið það í hendur skömmu áður eins og dagsetning þess hafi borið með sér. Þrátt fyrir það hafi forsvarsmenn bílasölunnar þá þegar haft símasamband við seljanda bifreiðarinnar og gengið hafi verið frá kaupunum í kjölfar þess og honum gert að afhenda skuldabréfið strax. Alllöngu síðar kveðst stefndi hafa fengið vitneskju um að ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu og hafi hann þá boðið stefnanda að láta kaupin ganga til baka, enda hafi bifreiðin þá staðið á þessari sömu bílasölu, en því hafi stefnandi hafnað.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að kaupverð það, sem stefndi hafi lofað að greiða fyrir bifreiðina, sé enn ógreitt að því marki, er nemi fjárhæð skuldabréfsins. Stefnandi hafi ekki tekið við skuldabréfinu sem fullnaðargreiðslu, heldur á þeirri forsendu að það fengist greitt. Þar sem skuldabréfið hafi ekki greiðst og skuldari þess og ábyrgðarmenn séu ógjaldfærir hafi greiðsluskylda stefnanda vegna bifreiðakaupanna raknað við að nýju.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á þeirri meginreglu að við gerða samninga beri að standa og vísar til reglna kröfuréttar um lok skuldasambands á grundvelli greiðslu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi móttekið skuldabréfið sem fullnaðargreiðslu, þannig að fyrra viðskiptasamband aðila geti ekki orðið virkt að nýju, þótt greiðslufall hafi orðið á skuldabréfinu. Þess hafi ekki verið óskað að stefndi léti í té ábyrgð á skuldabréfinu með áritun á það. Ósannað sé annað en verð bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við greiðslukjör þau er um samdist. Stefnandi byggir og á því að umrætt skuldabréf hafi verið fullnægjandi greiðsla þegar það var afhent, en það hafi verið fyrir gáleysi og vanrækslu stefnanda sjálfs eða umboðsmanns

hans, sem greiðslan hafi reynst ófullnægjandi. Umboðsmaður stefnanda hafi verið reyndur bílasali og honum hafi verið það kunnugt að stefndi kom beint af annarri bílasölu þar sem hann hafi fengið bréfið afhent. Skuldabréfið hafi borið það með sér að það átti eftir að þinglýsa því. Það að móttaka bréfið áður en því hafi verið þinglýst, feli í sér að stefnandi sjálfur eða umboðsmaður hans hafi tekið að sér að þinglýsa því. Eftir að stefndi, sem sé óreyndur á þessu sviði, hafi afhent umboðsmanni stefnanda bréfið, hafi honum verið ómögulegt að þinglýsa því, og verði því stefnandi að bera hallann af því að bréfinu var ekki þinglýst. Í þessu sambandi byggir stefnandi á því að ósannað sé, að hin veðsetta bifreið hafi ekki getað staðið að fullu til tryggingar skuldinni þegar greiðslufall varð. Engin vandkvæði hefðu átt að vera á þinglýsingu bréfsins samkvæmt bifreiðaskrá. Hafi stefnandi ekki unað við bréfið, hafi honum borið að gera þegar við móttöku þess athugasemd eða krefjast þess af stefnda að hann annaðist þinglýsingu bréfsins. Hallann af því, að það var ekki gert, verði stefnandi sem handhafi skuldabréfsins að bera.

Stefnandi vísar til laga nr. 39/1978, VI. kafla, um þinglýsingar, og almennra reglna kröfuréttarins um eigin sök, tómlæti og skyldu til að takmarka tjón sitt.

Eigandi Díselverks, Valgeir Anton Þórisson, stefndi, Viggó Guðmundsson, og Pétur Þór Brynjarsson, fyrrverandi sölustjóri bílasölunnar Bílaþings, gáfu skýrslu fyrir dóminum.

II.

Umboðsmaður stefnanda, starfsmaður bílasölunnar Bílaþings, afsalaði fyrir hönd stefnanda bifreiðinni IH 919 til stefnda með afsali, dagsettu 3. maí 1989. Í afsali þessu er greint að umsamið kaupverð sé kr. 450.000,00 og það greiðist með skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000,00 og víxlum að fjárhæð kr. 50.000,00. Á afsali þessu segir m.a.: „Þar sem ofanritaður kaupandi hefur á framangreindan hátt að fullu staðið mér skil á andvirði hinnar seldu bifreiðar, lýsi ég hann hér með löglegan eiganda hennar.“ Afsal þetta er undirritað af umboðsmanni seljanda, sölustjóra Bílaþings, Pétri Brynjarssyni, og stefnda, Viggó Guðmundssyni.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð skiptaráðandans í Reykjavík, dskj nr. 8, þar sem staðfest er að útgefandi skuldabréfsins, Lárus R. Þ. Arason, og annar sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn, Sigurður H. Bjarnason, hafa báðir verið úrskurðaðir gjaldþrota og hinn sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn, Óskar A. Jónsson, sé látinn.

Umboðsmaður stefnanda tók við skuldabréfi, tryggðu með 1. veðrétti í

bifreiðinni R 46925, af gerðinni Citroën BX, árgerð 1984. Útgefandi bréfsins var samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands dskj., nr. 7, eigandi hinnar veðsettu bifreiðar frá 2. maí 1989 til 3. júlí 1989. Viðskipti aðila máls þessa áttu sér stað þann 3. maí 1989, þann dag afhenti stefndi umboðsmanni stefnanda skuldabréfið sem var móttekið án athugasemda. Stefnandi óskaði ekki eftir því við stefnda, að hann léti þinglýsa bréfinu, né heldur gerði hann það sjálfur.

Með hliðsjón af afdráttarlausu orðalagi í afsali stefnanda til stefnda, þar sem beint er tekið fram að stefndi greiði kaupverð bifreiðarinnar með víxlum að fjárhæð kr. 50.000.00 og skuldabréfi að fjárhæð kr. 400.000.00, og því að stefnandi lét ekki þinglýsa skuldabréfinu, þykir stefnandi hafa sýnt af sér svo verulegt tómlæti um gæslu þess réttar sem hann átti samkvæmt skuldabréfinu að hann hafi þar með fyrirgert hugsanlegum rétti til að gera fyrra skuldasamband aðila virkt. Enda ber að fallast á það með stefnda að ósannað sé að hin veðsetta bifreið hafi ekki getað staðið að fullu til tryggingar skuldinni.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Eftir niðurstöðu málsins skal stefnandi greiða stefnda kr. 100.000,00 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Viggó Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Díselverks.

Stefnandi skal greiða stefnda kr. 100.000,00 í málskostnað og er þar með talinn virðisaukaskattur. Málskostnaðarfjárhæðin skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá dagsetningu dóms þessa að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 241/1992. **Ellert Svavarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Valgeiri Antoni Þórissyni og einkafirma hans, Díselverki
(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Verksamningur. Afnotamissir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1992. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér 307.240 krónur með vöxtum frá 1. júlí 1990 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar að álitum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau þess, að kröfufjárhæð áfrýjanda verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi kom báti sínum, v/b Önnu HU 90, til viðgerðar á verkstæði stefndu á Akureyri 21. ágúst 1989 vegna bilunar í olíuverki. Ekki var unnt að ljúka viðgerð fyrr en í lok október, þar sem bíða þurfti varahluta, en um ákveðinn afhendingartíma var ekki samið. Stefndu gerðu áfrýjanda reikning 2. nóvember 1989, að fjárhæð 89.968 krónur. Ósannað er, að áfrýjandi hafi vitjað verksins fyrr en um páska 1990. Frekari stillingar á olíuverkinu þurfti þá við, en áfrýjandi, sem búsettur var á Blönduósi og var til sjós á þessum tíma, kom ekki til Akureyrar að nýju fyrr en um miðjan júní. Þá var gengið í að lagfæra það, sem nauðsyn þótti bera til, og lauk þeim lagfæringum í júlílok.

Engar líkur hafa verið leiddar að því, að ekki hafi mátt ljúka viðgerð bátsins á skömmum tíma, ef áfrýjandi hefði vitjað hans þegar í nóvember 1989, er stefndu töldu viðgerð lokið og sendu honum reikning. Telja má víst, að áfrýjandi hefði þá getað hafið róðra á

bátnum eigi síðar en í apríl 1990, eins og hann kvaðst hafa ætlað sér venju samkvæmt. Stefndu verður ekki gefin sök á þessum drætti, eins og hér hagar til. Það er því ósannað, að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum stefndu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að grundvelli kröfugerðar áfrýjanda er ábótavant, og hefur hún verið ómarkviss. Við útreikning aflatjóns hefur hann látið við það sitja að tíunda afla og kostnað annars báts af sömu stærð og gerð, en hvorki tekið mið af eigin aflareynslu né meðalaflatölum sambærilegra báta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ellert Svavarsson, greiði stefndu, Valgeiri Antoni Þórissyni og Díselverki, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar sl., hefur Ellert Svavarsson, kt. 100562–3839, Skúlabraut 4, Blönduósi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 23. janúar 1991, á hendur Valgeiri Antoni Þórissyni, kt. 290452–7919, Seljahlíð 5a, Akureyri, persónulega og f.h. einkafirma síns Díselverks, kt. 660285–0169, Draupnisgötu 3, Akureyri.

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 411.474,00 með 23% ársvöxtum frá 1. júlí 1990 til 1. okt. 1990, en með 21% ársvöxtum frá þ.d. til þingfestingardags 21. febrúar 1991, en með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum [...]. Einnig er krafist málskostnaðar.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi komið með bát sinn, v/b Önnu HU-90, til viðgerðar á verkstæði stefnda 21. ágúst 1989 vegna bilunar í olíuverki. Stefndi hafi gert stefnanda reikning vegna viðgerðarinnar 2. nóvember 1989, að fjárhæð kr. 90.704,00, og hafi báturinn þá átt að vera í fullkomnu lagi. Stefnandi hafi komið skömmu fyrir páska 1990, er hann hafi ætlað að hefja útgerð bátsins, og prófað bátinn. Báturinn hafi þá ekki verið í lagi og hafi stefnandi tjáð starfsmönnum stefnda, að hann væri ekki ánægður með viðgerðina, bæði reykti báturinn of mikið og eins væri hann erfiður í gang. Starfsmenn stefnda hafi talið að eingöngu ætti eftir að fram-

kvæma minni háttar stillingar. Er stefnandi hugðist sækja bátinn hafi komið í ljós að ekkert hafði verið unnið við stillingar eða annað, og hafi ástand bátsins verið óbreytt. Stefnandi hafi þá gengið í að panta þá viðbótarvarahluti, sem honum var tjáð að vantaði, og hafi þeir komið samdægurs. Í júní 1990 hafi stefndi talið viðgerðinni lokið og þann 29. júní hafi stefnandi komið og prófað bátinn. Ástand hans var þá verra eins og komið hafi vel fram í reynslusiglingu með Antoni, starfsmanni stefnda. Stefnandi hafi valið þann kost að dvelja á Akureyri til þess að fylgjast með því að eitthvað væri unnið við bátinn. 2. júlí 1990 hafi komið í ljós að stefndi hafði sett of þunnar þéttiskinnur, skipt hafi verið um skinnur en ekki hafi báturinn lagast. 3., 4. og 5. júlí 1990 hafi starfsmenn stefnda þóst vera að gera við bátinn, en án annars árangurs en að brjóta botna í stíflum og brenna allar stýribjargir. Tjónskoðunarmenn frá Vátryggingafélagi Íslands hf. hafi komið og litið á tjónið. Olíuverkið í bátnum hafi verið sent til Reykjavíkur á verkstæði, sem heitir Bogi hf., díselstillingar. Þangað hafi það komið að morgni 9. júlí og hafi viðgerð verið lokið daginn eftir. „Heddið" úr vélinni hafi verið sent Vélorku hf. og komið þangað sama dag. Vélorka hf. hafi lokið viðgerð sama dag og sent heddið norður 11. júlí 1990. 20. júlí 1990 hafi stefndi loks lokið þeirri viðgerð, sem hann hóf 21. ágúst 1989. Vátryggingafélag Íslands hf. hafi bætt tjón það, er starfsmenn stefnda ollu á bátnum í júlí 1990, svo og aflatjón í júlí, en tryggingafélagið telji sig ekki bera ábyrgð á öðru þar sem óhæfilega langur viðgerðartími stafi ekki af handvömm eða rangri viðgerð, heldur af kunnáttuleysi og slóðaskap, sem stefndi sé ekki tryggður fyrir. Hinn 8. október hafi stefnda verið skrifað bréf og hann krafinn bóta fyrir tjónið, en frá stefnda hafi engin viðbrögð komið.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi með óhæfilega löngum viðgerðartíma bakað honum tjón, sem sé bótaskylt eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Stefndi, sem auglýsi sig sem viðgerðarverkstæði og tiltekur sérstaklega olíuverk, hafi tekið að sér að gera við tiltölulega einfalda bilun í olíuverki í bát stefnanda hinn 21. ágúst 1989. Þrátt fyrir það hafi viðgerð ekki lokið fyrr en í lok júlí 1990 og þá eftir að stefndi hafði valdið enn meira tjóni á vél bátsins, þannig að tvö vélaverkstæði í Reykjavík hafi þurft til þess að bæta úr.

Stefndi kveðst hafa tekið að sér að yfirfara olíuverk í bát stefnanda. Ekki hafi verið samið um afhendingartíma eða að stefnandi hafi gefið til kynna hvenær hann þyrfti að fá bátinn afhentan, enda megi öllum vera ljóst að viðgerð hafi verið lokið um mánaðamótin október/nóvember 1989. Stefnandi hafi hins vegar ekki sinnt tilmælum stefnda um að koma og prófa bátinn að viðgerð lokinni, og því sé fráleitt, að stefnandi geti krafið stefnda um

ætlað tjón, sem hann telji að hafi hlotist af því að viðgerð hafi dregist. Þá er því mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni þar sem hann hafi verið í fullri vinnu þann tíma, sem krafist sé bóta fyrir.

Auk aðila málsins hefur vitnið Kristján Jóhannesson gefið skýrslu hér fyrir dóminum.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að samið hafi verið um ákveðinn afhendingartíma verksins og ekki er heldur að finna gögn í málinu er sanni að fyrir hendi séu önnur atvik, er byggja megi bótaskyldu stefnda á. Þykir því eiga að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Valgeir Anton Þórisson persónulega og f.h. Díselverks, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ellerts Svavarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 28/1991. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
þrotabúi Vínils hf.
(Ingi Ingimundarson hrl.)
og gagnsök

Sektir. Skattar. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en gagnáfrýjanda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 28. janúar 1991. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað, en aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 31. desember 1992 var breytt nafni hlutafélagsins Steina, sem var gagnáfrýjandi máls þessa, og heitir það síðan Vínill hf. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 16. september 1993 var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins hér fyrir dómi, og annast skiptastjóri sjálfur flutning þess.

Mál þetta varðar greiðslu fésektar, sem gerð var á hendur Steinum hf. með úrskurði ríkisskattanefndar á grundvelli 1. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Var tilefnið það, að félagið hafði vantalið skattskylda veltu sína á söluskattsskýrslum, og nam sektin rúmlega einfaldri fjárhæð þess sölugjalds, sem undan var dregið. Félagið var krafið um dráttarvexti af sektinni, áður en greiðslu hennar lauk, og náði krafan á því stigi til hluta af þeim tíma, sem liðinn var frá sektarákvörðun. Greiddi það þessa vexti hinn 20. júní 1989 til

tollstjórans í Reykjavík með 620.000 krónum, en krefur nú um endurgreiðslu þeirra. Er ekki deilt um fjárhæð greiðslunnar né fyrirvara félagsins á henni, heldur ræðst úrlausn málsins af efni þeirra lagareglna, sem við sektina eiga.

Af hálfu aðaláfrýjanda er einkum á því byggt, að heimild til álagningar dráttarvaxta á sektarfjárhæðina hafi verið fólgin í 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. gr. laga nr. 33/1982, en ákvæði þetta er rakið í héraðsdómi. Segir þar efnislega, að um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurði samkvæmt 25. gr. laganna, gildi sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt, og einnig um heimild til að stöðva hinn söluskattsskylda atvinnurekstur með lögregluvaldi.

Um orðalag þessa ákvæðis er á það að líta, að dráttarvextir eru ekki innheimtuúrræði í eiginlegum skilningi, heldur felst í þeim greiðsluskylda, sem að jafnaði verður til við vanskil óháð því, hvort gripið hefur verið til innheimtuaðgerða. Er þetta mjög skýrt, að því er varðar dráttarvexti samkvæmt söluskattslögum, þar sem skyldan til greiðslu þeirra er felld á aðila í formi álags á vangreiddan skatt, sbr. 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laganna, en á einnig við varðandi þau skattalög, þar sem dráttarvaxtaákvæði eru orðuð að hefðbundnum hætti, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Með skírskotun til þessa ber að fallast á það með héraðsdómara, að lagaheimild hafi brostið til að reikna stefnda dráttarvexti af þeirri fésekt hans í ríkissjóð, sem hér um ræðir. Verður dómurinn þannig staðfestur.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, þrotabúi Vínils hf., 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. september 1989, af Steinum hf., kt. 491275–0819, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, á hendur ríkissjóði Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi, ríkissjóður Íslands, greiði stefnanda 620.000,00 krónur [með nánar tilgreindum vöxtum].

Að auki krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í máli þessu er um það deilt, hvort innheimtumanni ríkissjóðs, tollstjóranum í Reykjavík, sé heimilt að lögum að innheimta dráttarvexti af vangoldinni skattsekt vegna vanskila á söluskatti.

Á árinu 1986 athugaði rannsóknardeild ríkisskattstjóra bókhald stefnanda og skil á söluskatti frá janúar til nóvember 1985. Á grundvelli þeirrar rannsóknar úrskurðaði ríkisskattstjóri hinn 13. febrúar 1986, að stefnandi skyldi greiða viðbótarsölugjald af vantalinni söluskattsskyldri veltu ásamt álagi samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960. Nam viðbótarálagning sölugjalds auk álags alls 2.718.691,00 krónu.

Að auki ákvað skattrannsóknarstjóri að krefjast skattsektar yfir stefnanda á grundvelli 1. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982.

Með úrskurði nr. 544, dags. 18. nóvember 1986, úrskurðaði ríkisskattanefnd að stefnanda bæri refsing samkvæmt 25. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 10/1960, að fjárhæð 2.000.000,00 króna, og var þá tekið tillit til álags á viðbótargjaldi úr hendi stefnanda samkvæmt áðurgreindum úrskurði ríkisskattstjóra frá 13. febrúar 1986. Úrskurðarorð ríkisskattanefndar eru svohljóðandi: „Steinar hf. greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 2.000.000 kr."

Í kjölfar þessa úrskurðar ríkisskattanefndar hóf stefnandi samningaumleitanir við innheimtumenn söluskattsdeildar tollstjórans í Reykjavík um tilhögun greiðslna á nefndri sekt svo og á viðbótarsölugjaldi sem hafði verið úrskurðað hinn 13. febrúar 1986 og áður hefur verið greint frá. Stefnandi samdi um greiðslur við yfirlögfræðing innheimtudeildar söluskattsdeildar tollstjórans í Reykjavík, Kjartan Ragnars. Fyrir dómi lýsti stefnandi, hvernig hann hefði að beiðni Kjartans samið greiðsluáætlun yfir greiðslu sektarinnar, sbr. dómskjal nr. 12, sem Kjartan hefði fallist á. Stefnandi kvaðst að

vísu hafa vikið frá ofangreindri greiðsluáætlun, og hafi þá Kjartan óskað eftir nýrri greiðsluáætlun, sem stefnandi hafi látið í té. Stefnandi lýsti því, að það hefði verið skilningur Kjartans Ragnars, að dráttarvextir væru ekki reiknaðir af sektargreiðslum.

Kjartan Ragnars, þáverandi yfirlögfræðingur tollstjórans í Reykjavík, sem jafnframt veitti eftirstöðvadeild embættisins forstöðu, kom fyrir dóm og var framburður hans í meginatriðum samhljóða framburði stefnanda. Kjartan kvaðst ekki muna eftir að hafa fullyrt við stefnanda, að skattsektir bæru ekki dráttarvexti, hins vegar hafi það verið skilningur sinn, að þær gerðu það ekki. Kjartan minnti að stefndi hefði innt sig eftir því, hvort skattsektin bæri dráttarvexti, og hefði hann, Kjartan, sagt, að svo væri ekki. Enn fremur staðfesti Kjartan, að hann hefði af þeirri ástæðu ekki krafið stefnanda um greiðslu á dráttarvöxtum af skattsektinni frekar en af öðrum aðilum sem höfðu verið úrskurðaðir til greiðslu skattsekta. Þá bar Kjartan fyrir dómi, að fátítt hefði verið á starfsferli hans hjá tollstjóranum í Reykjavík, að sektir vegna vanskila á söluskatti hefðu verið til innheimtu hjá embættinu, og í þeim tilvikum, sem svo hefði verið, þá hefði hann ekki innheimt dráttarvexti af sektarfjárhæðinni.

Stefnandi greiddi eftirstöðvar höfuðstóls skattsektarinnar 13. febrúar 1989, sbr. dómskjal nr. 10.

Grétar Guðmundsson, deildarstjóri gjaldadeildar tollstjórans í Reykjavík, bar fyrir rétti að ávallt hefðu dráttarvextir verið lagðir á skattsektir. Af tæknilegum ástæðum hafi ekki verið unnt að reikna dráttarvexti mánaðarlega af skattsektum fyrr en frá og með 15. ágúst 1988, þegar sérstökum gjaldstofni fyrir skattsektir var bætt í tekjubókhaldskerfi embættis tollstjórans í Reykjavík. Fyrir þann tíma hafi dráttarvextir verið handfærðir eftir á. Dráttarvextir hafi reiknast frá 15. degi næsta mánaðar eftir álagningu. Dráttarvextir hafi miðast við höfuðstól skattsektarinnar. Innborganir hafi gengið fyrst upp í vexti og síðan upp í höfuðstól sektarinnar. Það hafi ekki breytt dráttarvaxtastöðunni, þótt samið hafi verið um greiðslufrest. Það kom einnig fram hjá Grétari fyrir dómi, að gjaldendur fengu ekki yfirlit yfir greiðslustöðu sína hjá tollstjóranum á hverjum tíma nema að biðja um það sérstaklega. Þessi yfirlit báru ekki með sér dráttarvaxtaútreikning vegna vangoldinna sekta.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi að úrskurðarorð ríkisskattanefndar kveði aðeins á um tiltekna fjárhæð sem refsingu stefnanda til handa en mæli eigi fyrir um vexti af sektinni. Af þeim sökum sé stefnda óheimilt að innheimta dráttarvexti af sektinni.

Í öðru lagi að hin umrædda sekt sé refsing og um hana hljóti að gilda almenn lagasjónarmið um refsingar og refsiviðurlög. Af þeim sökum gildi eigi kröfuréttarsjónarmið um sektina, enda hafi ríkisskattstjóri með sérstökum úrskurði gert stefnanda að greiða viðbótarsölugjald auk sérstaks álags vegna vangoldins söluskatts. Fjármunaréttarlegar afleiðingar söluskattsvanskila stefnanda hafi að fullu verið ákvarðaðar með þeim hætti.

– – –

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum:

Á það er bent að samkvæmt 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982 svo og sambærilegt ákvæði í 4. mgr. 40. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt, sé beinlínis tekið fram, að um innheimtu sekta gildi sömu reglur og um innheimtu skatta. Þar af leiðandi beri að greiða dráttarvexti af sektinni á sama hátt og dráttarvexti beri að greiða af vangoldnum söluskatti, sbr. 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960.

Þar sem gjalddagi sektarinnar sé ekki tilgreindur í úrskurðinum beri að líta svo á, að sektin falli strax í gjalddaga. Ákvæði söluskattslaga um upphafstíma dráttarvaxta, þ.e. 2. tl. 2. mgr. 21. gr., sbr. og 12. gr., eigi því við.

Þá er á því byggt, að þar sem vararefsing fylgi ekki úrskurðum ríkisskattanefndar samkvæmt 26. gr., 1. mgr. i.f., þá geri lögin ráð fyrir, að dráttarvextir komi í stað vararefsingar, ef til greiðslufalls komi.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að hafa verði hér í huga, að refsiákvæði skattalaga gildi um afmarkað og sérhæft svið stjórnsýslunnar og séu þau ákvæði því sérákvæði gagnvart hinum almennu ákvæðum hegningarlaga.

– – –

Niðurstaða.

Ákvæði 4. mgr. 26. gr. söluskattslaga nr. 10/1960 er svohljóðandi: „Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkisjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 8. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra."

Ákvæði 5. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt er svohljóðandi: „Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum ríkisskattanefndar. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um skatta skv. lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt."

Ákvæði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt er svohljóðandi: „Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 1.–4. og 6.–8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki

áhrif á dráttavaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma."

Þegar ákvæði 4. mgr. 26. gr. söluskattslaga nr. 10/1960 og 5. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt eru virt, verður ekki af þeim ráðið, að þar felist bein heimild til þess að leggja dráttarvexti á gjaldfallna skattsekt. Í framangreindum ákvæðum er að finna úrræði sem innheimtumaður getur gripið til við innheimtu skattsektarinnar, m. a. að gera lögtak hjá úrskurðarþola svo og að láta stöðva atvinnurekstur hans, skv. heimild í 8. mgr. 12. gr. söluskattslaga. Ákvæði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 tekur til skatta sem fallnir eru í gjalddaga, en þar er ekki að finna heimild til þess að reikna dráttarvexti á sektir.

Þegar eldri lagaákvæði um sektarinnheimtu eru virt, þá er það sama uppi á teningnum. Þar er ekki heldur að finna beina lagaheimild til þess að leggja dráttarvexti á gjaldfallna skattsekt heldur einungis fjallað um úrræði til innheimtu skattsektarinnar; t.d. í þágildandi lögum um tekju- og eignarskatt nr. 45/1954 segir svo í 54. gr.: „Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför."

Hlutverk dráttarvaxta er tvíþætt. Þeim er í fyrsta lagi ætlað að hvetja til lögmætra efnda á fjárkröfum. Í öðru lagi er þeim ætlað að bæta kröfuhafa það tjón sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum, án þess að hann þurfi að færa sönnur á hvert raunverulegt tjón hans er vegna greiðsludráttarins.

Tilgangur skattsekta er hins vegar sá að ákvarða úrskurðarþola refsingu vegna brota gegn ákvæðum skattalaga.

Í máli þessu hefur stefnandi greitt álag og dráttarvexti af vangoldnum söluskatti og hefur því bætt ríkissjóði það tjón sem almennt má ætla að hann hafi bakað honum með greiðsludrætti sínum í samræmi við ofangreint hlutverk dráttarvaxta.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að það eigi sér stoð í settum lögum að reikna dráttarvexti á gjaldfallna skattsekt, og þar sem skattsekt er í eðli sínu refsing, og af þeirri ástæðu ber hún ekki dráttarvexti, lítur dómurinn svo á, að stefnda hafi verið óheimilt að reikna dráttarvexti á gjaldfallna sekt stefnanda í máli þessu.

Niðurstaðan er því sú með hliðsjón af framansögðu, að stefnda beri skylda til að endurgreiða stefnanda kr. 620.000,00 með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Ólöf Pétursdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Steinum hf., 620.000,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 20. júní 1989 til 1. júlí 1989, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1989, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 26. september 1989 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 380/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Halldóri Ara Brynjólfssyni
(Hreinn Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða, sem krefst aðallega sýknu, og af hálfu ákæruvalds með stefnu 6. september 1993 til þyngingar á refsingu og hækkunar á dæmdum skaðabótum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sakarmat hans staðfest.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði, en rétt er að fresta fullnustu hennar skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um skaðabótagreiðslu ákærða til Hjartar Steinbergssonar að undanskildu því, að krafa samkvæmt lið 1 d í kröfugerð hans vegna skoðunar á bifreið, að fjárhæð 1.109 krónur, verður ekki tekin til greina, enda tengist hún ekki ákæruefni málsins. Samkvæmt þessu nemur heildarfjárhæð skaðabótanna 80.918 krónum.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal standa óhaggað, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Ari Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Hirti Steinbergssyni 80.918 krónur í skaðabætur.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 5. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 2. apríl 1993, á hendur Halldóri Ara Brynjólfssyni, Miðholti 8, Akureyri, fæddum 10. janúar 1955, fæðingarnúmer 400, „fyrir líkamsárás með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 27. janúar 1993 við Gagnfræðaskóla Akureyrar slegið Hjört Steinbergsson, fæddan 19. maí 1961, hnefahögg í andlitið, en við það brotnuðu gleraugu Hjartar með þeim afleiðingum, að hann hlaut skurðsár neðan við vinstra augnalok.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur Hjörtur Steinbergsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð kr. 583.778".

Málsatvik eru þau, að kl. 23.50 miðvikudaginn 27. janúar 1993 kom Hjörtur Steinbergsson, kt. 190561-2759, á lögreglustöðina á Akureyri. Var hann með skurð á vinstra kinnbeini, sem mikið blæddi úr, og sagði, að þá rétt áður hefði hann verið staddur úti fyrir Gagnfræðaskóla Akureyrar og hefði Halldór Ari Brynjólfsson, ákærði í máli þessu, slegið sig hnefahögg í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum. Hjörtur var með gleraugu og hafði hann skorist undan glerinu sem brotnaði.

Daginn eftir hringdi Hjörtur Steinbergsson á lögreglustöðina og tilkynnti að losaður hefði verið tappi úr smurolíupönnu bifreiðar hans, sem staðið hafi utan við Gagnfræðaskólann þar sem árásin hafi átt sér stað.

Sama dag kom Hjörtur á lögreglustöðina til skýrslugjafar. Kvaðst hann kvöldið áður hafa verið við vinnu sína í gagnfræðaskólanum, en er hann hefði lokið störfum um kl. 23.40, hefði hann farið að bifreið sinni, sem hann hafði skilið eftir á bifreiðastæði vestan við skólann. Er hann hafi komið að bílnum hafi skyndilega risið upp mannvera fyrir framan hann og hann hafi séð að þar var kominn ákærði. Hafi hann sagt eitthvað í þeim dúr: „Ert þú þarna, helvítis fíflið þitt." Kveðst vitnið hafa svarað á þá leið: „Nú, ertu kominn aftur." Kveðst vitnið hafa séð ákærða halda á verkfæri, föstum lykli, í vinstri hendi. Ákærði hafi þá sagt: „Ég var búinn að segja þér að láta Valgerði í friði." Hafi engum togum skipt, að hann hafi rekið sér um leið

fast kjaftshögg með krepptum hnefa hægri handar, en hann hafi ekki lamið með þeirri hendi sem hann hélt á lyklinum í. Við höggið hafi strax sprungið fyrir vinstra kinnbeini og blætt mjög mikið úr sárinu. Kveðst vitnið hafa verið með gleraugu, sem brotnuðu við höggið. Vitnið kveðst ekki hafa misst meðvitund, en vankast augnablik við höggið. Ákærði hafi strax snúið frá og gengið til norðurs með ruðningi í átt að leikfimishúsinu við Laugargötu.

Vitnið kvaðst strax hafa farið í bílinn og ekið rakleiðis á lögreglustöðina þar sem hann hefði tilkynnt um atburðinn. Að því loknu hefði hann farið á slysadeild FSA, þar sem gert hefði verið að sárum sínum. Vitnið kvaðst síðan hafa farið að hugsa um hvar ákærði hefði eiginlega verið, er hann kom að bílnum, og ekki getað komist að annarri niðurstöðu en þeirri að hann hefði kropið við bílinn. Bar vitnið, að sér hefði þá dottið í hug, þar sem ákærði var með skrúflykil í hendi, að hann hefði hugsanlega verið að eða ætlað að vinna spellvirki á bílnum. Þess vegna hafi hann farið með bílinn til skoðunar í Vélsmiðju Akureyrar um morguninn eftir. Þar hafi komið í ljós að búið var að losa tappann úr smurolíupönnunni. Hefði það ekki uppgötvast, hefði tappinn hrokkið úr eftir nokkurn akstur og mótor bílsins hugsanlega brætt úr sér vegna olíuleysis.

Kvaðst vitnið hafa verið röntgenmyndað á FSA. Í ljós hafi komið, að ekki var um beinbrot að ræða og augað hafði sloppið við skemmdir. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ölvunareinkenni á ákærða í umrætt sinn, en hann hafi verið afar reiður.

Vitnið Hjörtur skýrði enn fremur svo frá, að ákærði hefði áreitt sig fyrir þennan atburð og hafi ástæðan verið sú að vinfengi var með vitninu og eiginkonu ákærða, sem var skilin við hann að borði og sæng. Hefði ákærði jafnframt áreitt fyrrverandi eiginkonu sínu, Valgerði Skjaldardóttur.

Vitnið skýrði sjálfstætt efnislega eins frá og í skýrslu sinni fyrir lögreglu hér fyrir dóminum og staðfesti jafnframt framangreinda skýrslu. Kvaðst vitnið ekki vera í minnsta vafa um að það hefði verið ákærði, sem veitti honum áverkann.

Vitnið Valgerður Skjaldardóttir gaf skýrslu hjá lögreglu og skýrði þar frá margítrekaðri áreitni ákærða á hendur sér og hótunum, sem hann hefði haft í frammi. Þá kvað hún ákærða hafa hringt í sig eftir að Hjörtur fékk áverkann og sagt sem svo: „Sérðu ekki nú hvað ég get gert?“ Hann hafi einnig sagt að hann myndi ofsækja þau Hjört áfram ef þau færu að búa saman. Þá hafi ákærði sagt að ef hún fengi Sigrúnu (yngsta barnið) stæði sér á sama hvort sér leiddist í fangelsi eða heima hjá sér.

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu hér í dóminum.

Ákærði hefur bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi neitað allri aðild sinni að framangreindri árás á Hjört Steinbergsson. Þá hefur hann enn fremur neitað að hafa haft uppi áreitni eða hótanir í garð Hjartar og Valgerðar Skjaldardóttur. Skýrði hann svo frá fyrir lögreglu að hann hefði verið heima hjá sér er umrædd árás átti sér stað. Sú staðhæfing ákærða var ekki staðfest af syni hans, sem gaf skýrslu hjá lögreglu og var staddur á heimili þeirra á þeim tíma er hér um ræðir, en hann hefur ekki komið hér fyrir dóm.

Vitnið Felix Jósafatsson lögreglumaður kveðst hafa farið á vettvang, þar sem Hjörtur kvað bílinn hafa staðið og kveðst hafa séð þar blóðbletti í snjónum, einnig hafi það fundið gler úr gleraugum. Segir vitnið að snjór hafi verið þjappaður á staðnum en ekki beinlínis hálka. Segir vitnið að ekkert sérstakt hafi verið á staðnum, sem benti til þess að Hjörtur hefði rekið sig í eða dottið.

Í vottorði Bjarka S. Karlssonar, aðstoðarlæknis á slysadeild FSA, segir: „Þann 28.01.1993 leitar maður á slysadeild FSA laust eftir miðnætti. Kvaðst hann vera ofannefndur Hjörtur. Sagði hann að maður hefði veist að sér fyrir utan Gagnfræðaskólann á Akureyri og slegið sig bylmingshögg á vinstri kinn. Að sögn mun gler í gleraugum hans hafa brotnað. Hjörtur leitaði fyrst til lögreglunnar en kom síðan á slysadeild FSA til skoðunar. Við skoðun er 4 cm skurður neðan vinstra augnaloks með tveimur 1 cm greinum út frá. Brúnir sléttar, engin óhreinindi en talsvert mikil blæðing, engir aðrir áverkar sjáanlegir í andliti. Við skoðun á sárinu er fjarlægt um 3 mm þríhyrningslaga glerbrot. Sár síðan saumað í staðdeyfingu og búið um með hefðbundnum umbúðum. Endurkoma að morgni, þá röntgenmyndataka af kinnbeini og ekki er að sjá neina beinaáverka á þeim myndum. Loks endurkoma 03.02. 1993 í saumatöku, þá lítur sár vel út og saumar fjarlægðir. Eftir það var endurkoma óþörf.“ Vottorð þetta er dagsett 10. febrúar 1993.

Fram er komið að ákærði hafði margsinnis fyrir umræddan atburð áreitt bæði vitnið Hjört Steinbergsson og Valgerði Skjaldardóttur vegna vinfengis þeirra og haft uppi hótanir við þau.

Vitnið Valgerður Skjaldardóttir ber að ákærði hafi í símtali við sig eftir atburðinn kannast við verknaðinn.

Vitnið Felix Jósafatsson ber að ekkert sérstakt hafi verið á árásarstað sem benti til þess að kærandi hefði rekið sig í eða dottið.

Framangreint þykir styðja framburð vitnisins Hjartar Steinbergssonar nægjanlega til þess að telja brot ákærða sannað gegn neitun hans.

Varðar brot ákærða við lagaákvæði þau er í ákæru greinir.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga. Rétt er að fullnustu refsingar verði frestað og að hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fyrir liggur í málinu bótakrafa frá Benedikt Ólafssyni hdl. fyrir hönd Hjartar Steinbergssonar á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 583.778,-, vegna tjóns er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna líkamsárásarinnar.

Sundurliðar hann kröfu sína þannig:

1.	Beinn útlagður kostnaður:		
	a) fatahreinsun	kr.	1.300,-
	b) sjúkrahúskostnaður	kr.	3.200,-
	c) augnlæknir og bráðabirgðagler	kr.	5.618,-
	d) Vélsmiðja Akureyrar hf., skoðun á bíl	kr.	1.109,-
	e) sérpantað gler í gleraugu	kr.	5.800,-
	f) vinnutap frá kennslu (þrír veikindadagar)	kr.	10.726,-
2.	Miskabætur og ófyrirséður kostnaður vegna lýtalækninga, þar með talinn ferðakostnaður og vinnutap	kr.	500.000,-
3.	Lögfræðikostnaður:		
	a) þóknun lögmanns	kr.	45.000,-
	b) virðisaukaskattur	kr.	11.025,-
	Samtals	kr.	583.778,-

Ákærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Undir lið 1 í kröfugerðinni hafa verið lagðir fram reikningar vegna a-liðar, b-liðar, c-liðar, og d-liðar, en liður e er áætluð tala. Þykir mega taka þessa liði til greina að fullu.

Liður f hefur ekki verið nægjanlega rökstuddur og verður hann ekki tekinn til greina.

Bætur samkvæmt lið 2 þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000,-.

Lögfræðikostnaður samkvæmt lið 3 þykir ásamt virðisaukaskatti hæfilega ákveðinn kr. 25.000,-.

Ber þá að dæma ákærða til að greiða Hirti Steinbergssyni samtals kr. 82.027,- í skaðabætur.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000,-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hrl., kr. 40.000,- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar af önnum dómara og fjarvistum frá störfum.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Ari Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 25 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19 /1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Hirti Steinbergssyni kr. 82.027,- í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000,-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hrl., kr. 40.000,- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 381/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Héðni Sverrissyni
(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Neyðarhjálp. Gabb. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt kröfu ákærða, sem krefst aðallega sýknu, og af hálfu ákæruvalds með stefnu 30. ágúst 1993 til staðfestingar á sakfellingu og refsiákvörðunar.

Á það er fallist með héraðsdómara, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst af þekkingu sinni og langri reynslu, að langlíklegast væri, að afleiðingar þess að skjóta upp neyðarflugeldum yrðu með þeim hætti, sem raun varð á. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en sakarkostnað.

Héraðsdómari dæmdi ákærða ekki til greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, en það bar að gera samkvæmt 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður ákærði því dæmdur til að greiða 35.000 krónur í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en sakarkostnað.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest með þeirri breytingu, að ákærði, Héðinn Sverrisson, greiði einnig saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júlí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæruskjali, dagsettu 20. apríl 1993, „á hendur Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, fæddum 20. september 1949, fæðingarnúmer 331, fyrir að hafa miðvikudaginn 17. júlí 1991 við bæinn Geiteyjarströnd I, Skútustaðahreppi, skotið upp neyðarflugeldum án tilefnis, 2 flugeldum um kl. 10.15 og aftur 3 flugeldum um kl. 13.30, með þeim afleiðingum að björgunarsveitin Stefán í Mývatnssveit hóf neyðarleit laust eftir kl. 10.30 frá Hverfjalli að Bláfjalli og Sellandafjalli suður af Mývatni og kl. 12.00 hófst leit í lofti á ofangreindu svæði allt suður undir Dyngjufjöll en leit lauk um kl. 13.35.

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu krefst sýslumaðurinn á Húsavík skaðabóta, kr. 63.360,-.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

– – –

Niðurstaða.

Í máli þessu er háttsemi ákærða talin varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í tilvitnaðri lagagrein er verknaður lýstur refsiverður, ef maður gabbar lögreglumenn, björgunarlið eða annað hjálparlið með misnotkun hættumerkja.

Óumdeilt er að ákærði skaut í loft upp neyðarflugeldum og í framhaldi af þeim verknaði hófu félagar í björgunarsveitinni Stefáni leit, svo sem nánar er lýst í ákæruskjali.

Samkvæmt almennum reglum, sem gilda um sönnun í opinberum málum, sbr. 108. gr. eldri réttarfarslaga nr. 74/1974 og nú 45. gr. og 46. gr. laga nr. 19/1991, hvílir það á ákæruvaldi að sanna, að fullnægt sé saknæmisskilyrðum þess refsiákvæðis sem ákært er fyrir. Í því felst í þessu máli að hugræn afstaða ákærða til brotsins hafi verið á þann veg að jafna megi til ásetnings. Við mat á því verður einkum að líta til framburðar ákærða svo og þeirrar staðreyndar að hann var formaður björgunarsveitarinnar Stefáns í Mývatnssveit til margra ára. Skiptir ekki máli í því sambandi, að ákærði hafði, þegar atvik málsins áttu sér stað, ekki lengur það starf með höndum. Samkvæmt skýrslum lögreglu var framburður ákærða að sumu leyti mótsagnakenndur. Þannig segir hann við skýrslutöku 7. desember 1992 í einn stað að sér hafi ekki komið í hug að farið yrði að hefja leit, en í annan stað að hann hafi velt fyrir sér að láta lögregluna vita fyrir fram, en ekki gert það í trausti

þess að hann yrði sjálfur fyrsti maður sem hringt yrði til. Síðarnefnda atriðið er í samræmi við framburð hans fyrir dómi.

Þegar ofangreind atriði eru virt með hliðsjón af því, að ákærði var gjörkunnugur allri starfsemi björgunaraðila í Mývatnssveit, verður að telja að honum hafi hlotið að vera ljósar þær afleiðingar sem það myndi hafa að skjóta í loft upp þvílíku björgunartæki sem neyðarflugeldur er. Er þá einnig tekið með í reikninginn að ákærði endurtók athafnir sínar þremur og hálfri klukkustund síðar. Að mati dómsins lýsir verknaður ákærða slíkri afstöðu til brotsins að fullnægt er saknæmisskilyrðum fyrir sakfellingu, svo sem krafist er í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Brot ákærða varðar við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Frá upphafi lögreglurannsóknar þann 17. júlí 1991 til móttöku Héraðsdóms Norðurlands eystra á ákæruskjali ríkissaksóknara leið tæpur 21 mánuður. Allt frá byrjun var upplýst um háttsemi ákærða og verður ekki séð að hann hafi tafið rannsókn. Dómari málsins tók við rekstri þess hinn 14. maí sl. Ákærða var birt ákæruskjal 25. júní og skipaður verjandi 28. s. m. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 27. júlí sl.

Við ákvörðun refsingar verður m. a. litið til hins óhæfilega dráttar er varð á rekstri málsins, enn fremur til persónulegra haga ákærða og hnökralauss sakaferils um margra ára skeið. Að þessu virtu þykir, eins og hér stendur á, rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og láta hana falla niður að liðnu einu ári frá dómsuppsögu ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sýslumaðurinn á Húsavík hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða vegna útlagðs kostnaðar við leitarflug, samtals kr. 63.360,-. Skýra ber 1. mgr. 170. gr. laga nr. 19/1991 á þann hátt, að sýslumaðurinn á Húsavík njóti þess réttarfarshagræðis, sem greinir í XX. kafla laga nr. 19/1991. Bótakröfu sýslumannsins á Húsavík hefur ákærandi rökstutt frekar með verðlista yfir leigu- og sjúkraflug flugfélagsins Mýflugs hf., frá 1. janúar 1992, sbr. dskj. nr. XV. Fallast má á það með ákæranda að bótagrundvöllur sé til staðar í málinu. Eru ekki efni til annars en að fallast á óbreytta upphæð bótakröfunnar, en vaxta var ekki krafist í málinu.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum, sbr. XIX. kafla laga nr. 19/1991, ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 35.000,- auk virðisaukaskatts. Eins og hér stendur á skal ákærði eigi greiða saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Héðins Sverrissonar, er frestað og fellur hún niður að liðnu einu ári frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sýslumannsembættinu á Húsavík skaðabætur, krónur 63.360,-.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,- auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 68/1991. **Bæjarsjóður Akureyrar**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri
(Ólafur B. Árnason hrl.)

Einföld ábyrgð. Sveitarstjórn. Greiðslustöðvun. Nauðasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1991, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nýtt skjal, bréf stefnda til áfrýjanda, dags. 13. september 1989, hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi gaf út svofellda ábyrgðaryfirlýsingu 14. febrúar 1989 að beiðni Plasteinangrunar hf.:

„Bæjarstjórn Akureyrar ábyrgist hér með einfaldri ábyrgð greiðslu til Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, vegna ábyrgðar að fjárhæð DEM 250.000. Ábyrgðin er veitt til BEMACO Maschinenbau GmbH, Þýskalandi, vegna kaupa á plaststeypuvél.

Ábyrgð þessi gildir í 9 mánuði frá dagsetningu þessa bréfs."

Tildrög þessarar ábyrgðaryfirlýsingar voru þau, að Plasteinangrun hf. þurfti á nýrri vél að halda til framleiðslu sinnar. Fyrirtækið gerði samning við þýskan framleiðanda, sem féllst á að selja því nýja vél fyrir 250.000 þýsk mörk og selja gömlu vélina. Þýski framleiðandinn áætlaði, að taka myndi 3 til 6 mánuði að selja þá gömlu, og verðið, sem átti að fást fyrir hana, var áætlað 250 til 300 þúsund þýsk mörk. Plasteinangrun hf. fór því fram á bankaábyrgð stefnda og fékk einfalda ábyrgð áfrýjanda vegna bankaábyrgðarinnar.

Hinn 13. september 1989 ritaði stefndi áfrýjanda svofellt bréf:

„Með bréfi, dags. 14. febr. 1989, ábyrgðist bæjarstjórn Akureyrar

með einfaldri ábyrgð greiðslu til okkar vegna ábyrgðar, sem síðan var veitt Plasteinangrun hf., Akureyri, að fjárhæð DEM 250.000,00, til BEMACO Maschinenbau GmbH í Þýskalandi vegna kaupa á plaststeypuvél.

Gjalddagi samkvæmt ábyrgðinni er 15. september 1989 og mun bankinn greiða ábyrgðina, sem nú er DEM 262.738,80.

Þar sem Plasteinangrun hf. hefur fengið greiðslustöðvun og getur því sannanlega ekki reitt þessa fjárhæð af hendi, leyfum við okkur hér með að spyrjast fyrir um, hvort bæjarsjóður sé ekki reiðubúinn til þess að endurgreiða okkur upphæðina samkvæmt ábyrgðinni vegna getuleysis Plasteinangrunar hf. án þess að til frekari kostnaðar komi."

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, innleysti stefndi bankaábyrgðina með 8.324.028 krónum hinn 15. september 1989, en Plasteinangrun hf. hafði fengið greiðslustöðvun til þriggja mánaða frá 10. júlí. Svar barst ekki frá áfrýjanda, og ritaði stefndi áfrýjanda annað bréf dags. 6. október. Þar sem segir m.a.:

„. . . nú hefur það gerst, að Plasteinangrun hf. hefur fengið greiðslustöðvunina framlengda til 10. des. 1989.

Ábyrgð bæjarins átti skv. efni sínu að gilda til 14. nóv. 1989. Þar sem ég geri ráð fyrir því, að það sé ósk allra, að Plasteinangrun hf. taki til starfa af fullum krafti, þegar greiðslustöðvun lýkur, leyfi ég mér að fara þess á leit við bæjarstjórn Akureyrar, að hún framlengi framangreinda ábyrgðaryfirlýsingu frá 14. febr. 1989 um óákveðinn tíma á meðan séð verður hvernig fer. . . ."

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort hin einfalda ábyrgð áfrýjanda hafi orðið virk, áður en ábyrgðartíminn var úti.

Með bréfi sínu 13. september 1989 beindi stefndi kröfu sinni að ábyrgðarmanni, áfrýjanda í máli þessu. Það var innan þess tíma, sem áfrýjandi hafði bundið ábyrgð sína. Með því hélt stefndi kröfu sinni í gildi gagnvart áfrýjanda meðan á greiðslustöðvun stóð, sbr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Var hann ekki háður því, að framlenging ábyrgðartímans yrði samþykkt af áfrýjanda hálfu. Ábyrgðin varð því greiðslukræf við nauðasamning þann, sem staðfestur var 23. apríl 1990. Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 500.000 krónur samtals í málskostnað í

héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Akureyrar, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað af Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, kt. 490169–3509, á hendur Plasteinangrun hf., kt. 500269–7239, og bæjarstjóranum á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar, kt. 410169–6229, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8.324.028,00 auk dráttarvaxta og málskostnaðar með stefnu, út gefinni 28. október 1989 og þingfestri 2. nóvember 1989.

Við aðalflutning málsins féll stefnandi frá kröfum á hendur Plasteinangrun hf. og gerði jafnframt þá aðalkröfu á hendur bæjarstjóranum á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar, að hann greiddi stefnanda kr. 6.575.982,00. Jafnframt var gerð krafa um dómvexti samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 8.324.028,00 frá 15. september 1989 til 23. apríl 1990 og af kr. 6.575.982,00 frá þeim degi til greiðsludags. Varakrafa stefnanda var sú að viðurkennt yrði með dómi, að ábyrgð bæjarsjóðs frá 14. febrúar 1989 til níu mánaða héldi gildi sínu á meðan greiðslustöðvun var í gildi og eftirfarandi nauðasamningur. Þá var krafist málskostnaðar samkv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi bæjarstjórinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þeir í máli þessu að Plasteinangrun hf. fór þess á leit við stefnanda að hann opnaði ábyrgð í þýskum banka vegna vélakaupa að fjárhæð DEM 250.000,00. Jafnframt fékk Plasteinangrun hf. stefnanda í hendur bréf bæjarstjórans á Akureyri þar sem hann tilkynnti að bæjarstjórn ábyrgðist með einfaldri ábyrgð greiðslu til stefnanda vegna ábyrgðar að fjárhæð DEM 250.000,00 vegna kaupa á plaststeypuvél. Skyldi ábyrgðin gilda í níu mánuði frá dagsetningu bréfsins. Var ábyrgðin opnuð 17. febrúar 1989. Hinn 15. september 1989 varð stefnandi að innleysa ábyrgðina sem þá var með kostnaði erlendis DEM 262.738,80 á gengi 31.5214 kr. 8.281.894,00

og íslenskt yfirfærslugjald og kostnaður kr. 42.134,00 eða alls kr. 8.324.028,00.

Þá hafði það gerst að hinn 10. júlí 1989 hafði Plasteinangrun hf. fengið greiðslustöðvun, sem gilti til 10. október 1989 en var síðan framlengd til 10. desember 1989.

Stefnandi fór þess á leit við stefnda, að ábyrgðin yrði framlengd fram yfir greiðslustöðvunina meðan athugað væri hvernig Plasteinangrun hf. reiddi af, en þess var synjað af stefnda. Stefnandi var því neyddur til þessarar málsóknar til að halda rétti sínum. Fram kom við aðalflutning málsins að staðfestir hafa verið nauðasamningar við Plasteinangrun hf. og hefur stefnandi fallið frá kröfu á hendur því og jafnframt lækkað kröfu sýna á hendur stefnda um þá fjárhæð sem stefnandi fékk greidda hjá Plasteinangrun hf. við nauðameðferð sem var 21% kröfunnar.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til laga nr. 6/1978, einkum 8. gr., 2. tl. Öll skilyrði séu fyrir hendi að á ábyrgðina reyni og hafi verið það strax við innlausn 15. september 1989. Samkvæmt venjulegum reglum um einfalda ábyrgð sé ábyrgðarmaður ekki skyldur til að inna sína greiðslu af hendi nema eigandi skuldarinnar hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldaranum t.d. með árangurslausu fjárnámi. Stefnandi telur, að nægilega sé sýnt fram á getuleysi Plasteinangrunar hf. til greiðslu umræddrar skuldar, þar sem fyrirtækið hafi farið í greiðslustöðvun og síðar í nauðameðferð og því sé ekki unnt að fá frekari greiðslur hjá Plasteinangrun hf. og vísar þá til 23. og 24. gr. laga nr. 19/1924.

Stefndi krefst sýknu og vísar til þess að ábyrgð hafi verið veitt í 9 mánuði og hún hafi því runnið út 14. nóvember 1989. Það atvik, að til greiðslustöðvunar Plasteinangrunar hf. kom 10. júlí 1989 segi ekkert um greiðsluhæfni fyrirtækisins og raunar hefði fyrirtækið ekki átt að fá greiðslustöðvun (sic), ef fjárhag þess væri svo illa komið að það væri í raun gjaldþrota.

Þegar um einfalda ábyrgð sé að ræða, eins og hér sé, sé ábyrgðarmanni óskylt að greiða kröfuna fyrr en kröfuhafi hefur sannað ógjaldfærni aðalskuldarans. Slík sönnun hafi ekki komið fram og sé málsókn þessi því með öllu ótímabær á hendur stefnda og beri því einnig af þeim sökum að sýkna stefnda í máli þessu.

Við málflutning vísaði stefndi til þess að ef ábyrgðin yrði viðurkennd meðan greiðslustöðvun varaði, hefði ekki við nauðasamninga Plasteinangrunar hf. verið sýnt fram á ógjaldfærni aðalskuldarans, fyrirtækið væri enn til staðar, og því gæti ekki komið til greiðslu ábyrgðar af þeim sökum.

Skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 6/1978 er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, gera fógetaaðgerð í eigum hans eða selja eigur hans á nauðungaruppboði meðan greiðslustöðvun varir.

Í máli þessu er því ljóst, að stefnandi gat ekki, á meðan greiðslustöðvun varaði, sýnt fram á ógjaldfærni Plasteinangrunar hf., enda verður ekki talið, að greiðslustöðvun til fyrirtækisins sé fullnægjandi til þess að á ábyrgð stefnda reyni. Hins vegar þykir rétt, m. a. með vísan til þess, að stefnandi gerði það, sem honum er unnt, meðan greiðslustöðvun varaði, bæði gagnvart Plasteinangrun hf. og stefnda til að halda kröfu sinni til haga, m. a. með málsókn þessari, að ábyrgðin falli ekki niður, er ábyrgðartími rann út 14. nóvember 1989, heldur haldist meðan bú aðalskuldara Plasteinangrunar hf. er í meðferð skiptaréttarins, enda getur stefnandi ekki gengið að búi aðalskuldara á meðan.

Fallast má á það með stefnda í máli þessu að stefnandi eigi ekki sjálfstæða kröfu á hendur (sic) er mál þetta var höfðað en við meðferð málsins hefur stefnandi breytt kröfugerð sinni og lagt fram frekari gögn, sem sýna, eins og nánar verður vikið að síðar, ógjaldfærni aðalskuldara og því sjálfstæða kröfu á hendur stefnda og hefur sú breyting málsins verið í raun samþykkt af hálfu stefnda.

Verður því ekki orðið við kröfu hans um sýknu af þessum sökum.

Í framhaldi af greiðslustöðvun fór Plasteinangrun í nauðameðferð og lauk nauðasamningum 23. apríl 1990 með því að fyrirtækið greiddi 21% af kröfum, eins og þær voru 31. ágúst 1989, vaxtalaust. Fyrir liggur í málinu að stefnandi lýsti því yfir að hann væri meðmæltur nefndri nauðameðferð og samþykkti greiðslu 21% af kröfunni úr hendi Plasteinangrunar hf.

Stefnandi á því ekki frekari kröfur á hendur aðalskuldara og beinir því kröfunni að ábyrgðaraðila, stefnda í máli þessu, með vísan til 23. gr. laga nr. 19/1924.

Telja verður að með staðfestingu nauðasamninga til Plasteinangrunar hf. hafi nægilega verið sýnt fram á ógjaldfærni fyrirtækisins gagnvart stefnanda þar sem hann getur ekki sótt frekari kröfur á hendur því, þannig að til greiðslu einfaldrar ábyrgðar geti komið og þykir ekki í þessu sambandi skipta máli, þó svo að stefnandi hafi samþykkt nauðasamningana fyrir sitt leyti og má þar vísa til 23. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga varðandi greiðsluskyldu ábyrgðaraðila.

Aðalkrafa stefnanda um greiðslu kr. 6.575.982,00 með dómvöxtum samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 8.324.028,00 frá 15. september 1989 til 23. apríl 1990 og af kr. 6.575.982,00 frá þeim degi til greiðsludags er því tekin til greina að fullu enda hefur henni ekki verið tölulega mótmælt.

Stefnda ber því að greiða stefnanda í málskostnað kr. 781.725,00, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Dóm þennan kvað upp Kjartan Þorkelsson, skipaður dómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri kr. 6.575.982,00 með dómvöxtum samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 8.324.028,00 frá 15. september 1989 til 23. apríl 1990 og af kr. 6.575.982,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 781.725,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Mánudaginn 7. febrúar 1994.

Nr. 57/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Birgi Þór Birgissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti við uppkvaðningu úrskurðar í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. janúar 1994. Kæran barst Hæstarétti 1. febrúar sl. Í greinargerð varnaraðila, sem barst réttinum í dag, eru settar fram þær dómkröfur aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstímanum verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald er byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í kröfugerð sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar sl. er gerð grein fyrir því, að varnaraðili hafi þann dag verið handtekinn, grunaður um aðild að níu innbrotum og þjófnuðum undanfarna daga og vikur og tékkafalsi í tengslum við það. Hér er um að ræða innbrot í P. Samúelsson hf., Kemis hf. og Sandtak í Kópavogi, Rúmfatalagerinn (tvívegis), Þykkvabæjar-Nasl, Gunnars Majones sf. og Raf-X í Hafnarfirði og Gluggasmiðjuna hf. í Reykjavík. Þá hafi varnaraðili viðurkennt að hafa tekið á leigu bifreið hjá bílaleigunni Bílalundi sf. í Reykjavík undir fölsku nafni, og hafi hann ekki skilað henni. Loks er í kröfugerð sóknaraðila vísað til þess, að undanfarnar vikur hafi verið send til ríkissaksóknara 13 mál, þar sem varnaraðili hafi gengist við hegningarlagabrotum, einkum innbrotum og þjófnuðum. Greinargerðir sóknaraðila til ríkissaksóknara um þessi mál, sem munu vera 16, hafa verið sendar Hæstarétti, en hvorki þær né rannsóknargögn málanna voru lögð fram í héraði. Samkvæmt nýjum upplýsingum sóknaraðila hafa þrjú mál að auki verið send ríkissaksóknara í dag.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru 25. janúar 1994 á hendur varnaraðila fyrir þrjú þjófnaðarbrot í september 1993, og eru þau talin í framangreindum skýrslum.

Þegar varnaraðili var leiddur fyrir héraðsdómara, áður en úrskurður um gæsluvarðhald var kveðinn upp, var honum samkvæmt bókun í þingbók „kynnt sakarefnið". Honum var sýnd skýrsla hans hjá lögreglu fyrr um daginn, sem hann kvað rétta að efni, og viðurkenndi hann að hafa framið þau brot, sem þar eru greind. Varnaraðili virðist hins vegar ekki hafa verið inntur efnislega eftir afstöðu sinni til þeirra mála, sem send höfðu verið ríkissaksóknara. Varnaraðili viðurkenndi fyrir dómi að viðstöddum verjanda sínum að hafa að undanförnu verið í „innbrotum og fíkniefnaneyslu". Hann kvaðst fjármagna fíkniefnaneyslu sína með því að „selja efni, en aðallega fjármagni hann eigin neyslu með innbrotum". Þótt ekki verði með vissu séð af bókun í þingbók, á hvern hátt varnaraðili hefur verið spurður um sakarefni málanna, þykir með hliðsjón af framangreindri yfirlýsingu og staðfestingu varnaraðila fyrir dómi á játningu sinni hjá lögreglu rétt að fallast á það mat héraðsdómara, að ætla megi, að varnaraðili muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ekki lokið, ef hann heldur óskertu frelsi, sbr. c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verjandi leitaði 2. febrúar sl. umsagnar Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis um heilsufar varnaraðila með tilliti til ákvæða 110. gr. laga nr. 91/1991. Í vottorði læknisins frá 4. febrúar kemur fram, að hann telur ekki ástæðu til sjúkrahússvistunar varnaraðila, eins og heilsufari hans sé nú háttað.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Birgi Þór Birgissyni, atvinnulausum, kt. 210971–4839, með lögheimili að Kambsvegi 21, Reykjavík, dvalarstaður Hrauntunga 41, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. mars nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í dag og játaði við yfirheyrslu hjá RLR að hafa

staðið að fjölda innbrota, auk þess að hafa falsað skjöl og staðið í fjársvikum. Kærði staðfesti fyrir dómi að framangreind skýrsla væri rétt. Þá viðurkenndi kærði að hann væri fíkniefnaneytandi og að hann fjármagnaði þá neyslu með afbrotum. Kærði, sem er atvinnulaus, kvaðst þurfa 20.000 kr. á dag til fíkniefnakaupa.

Ljóst er, að kærði, sem er fíkniefnaneytandi, fjármagnar taumlausa fíkniefnaneyslu með afbrotum. Þegar litið er til þess sem að framan er rakið, þykir sýnt að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur nú undanfarið sent 13 mál á hendur kærða til ríkissaksóknara, sem flest eru vegna afbrota hans frá því í desember 1993 og ársbyrjun 1994.

Kærði sat í fangelsi í 7 mánuði á síðasta ári.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. 155., 244. og 248. gr. laga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem hér að ofan greinir, þykir ljóst, að kærði muni halda áfam afbrotum, meðan málum hans er ólokið og hann heldur óskertu frelsi. Þykir því rétt með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. mars nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Þór Birgisson, sæti gæsluvarðhaldi, allt til fimmtudagsins 17. mars 1994 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994.

Nr. 62/1991. **Bjarni Jónsson og**
Gréta Björgvinsdóttir
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Trésmiðjunni Akri hf.
(Guðmundur Markússon hrl.)
og gagnsök

Kaupsamningur. Fasteign. Verðtrygging. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1991. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum 393.718 krónur með hæstu almennum innlánsvöxtum frá 1. mars 1988 til uppsögu dóms í Hæstarétti, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá krefjast þeir til þrautavara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og með þeim vöxtum, sem greindir eru í varakröfu. Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins með stefnu 17. apríl 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. apríl sama ár. Krefst hann þess, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 960.290,79 krónur með árlegum dráttarvöxtum eins og hér segir: 45% frá 1. mars 1988 til 1. maí sama ár, 44,4% frá þeim degi til 1. júlí sama ár og 49,2% frá þeim degi til 1. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að héraðsdómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér allan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Málavöxtum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu er deilt um uppgjör vegna kaupsamnings aðila um timbureiningahús frá 9. apríl 1987. Einkum er um það deilt, hvort timburgólf hafi fylgt með í kaupunum. Þá greinir málsaðila á um aðferð við útreikning þeirra verðbóta, sem aðaláfrýjendum bar að greiða. Loks er deilt um ýmsa reikninga, sem gagnáfrýjandi gerði aðaláfrýjendum vegna flutninga á húseiningum á byggingarstað og kostnaðar við ferðir og uppihald starfsmanna gagnáfrýjanda.

Í 1. gr. framangreinds kaupsamnings segir, að seljandi skuldbindi sig til að selja kaupanda timbureiningahús samkvæmt meðfylgjandi verklýsingu „á húsgrunn". Við gerð samningsins lá fyrir verklýsing og almenn lýsing gagnáfrýjanda á húsum þeirrar gerðar, sem aðaláfrýjendur keyptu, en í henni er annars vegar fjallað um steypta gólfplötu og hins vegar trégólf, svo sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar samningurinn var gerður, höfðu aðaláfrýjendur ekki tekið ákvörðun um það, hvers konar gólf þeir hugðust hafa í húsinu, en í júní 1987 ákváðu þeir að hafa steypta plötu, en ekki trégólf, og tilkynntu gagnáfrýjanda það. Kom sú tilkynning fram í tæka tíð, en aðaláfrýjendum varð fyrst ljós við lokauppgjör sú skoðun gagnáfrýjanda, að gólfið væri ekki innifalið í kaupverðinu, og mótmæltu þeir þá þeirri túlkun á samningnum.

Í verklýsingu með kaupsamningi er m. a. fjallað um gólf, og þar segir um grunn hússins, að kaupandi eigi að vera tilbúinn með grunnplötu, áður en húsið verði reist. Samkvæmt hinni almennu lýsingu var það hins vegar valkvætt, eins og fyrr segir, hvort haft yrði steypt gólf eða timburgólf í húsinu. Ákvæði samningsins um að selja hús á húsgrunn eru óskýr. Hvorki verður af þeim, almennri lýsingu húsanna né verklýsingu ráðið, að gólf sé undanskilið í kaupunum eða að kaupandi eigi að greiða það sérstaklega.

Gegn mótmælum aðaláfrýjenda þykir gagnáfrýjandi ekki hafa sýnt fram á, að timburgólf hafi ekki átt að vera innifalið í verði hússins. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um verð gólfsins á þeim tíma, er kaupin voru gerð, en samkvæmt verðskrá gagnáfrýjanda virðist slíkt gólf hafa kostað rúmar 370 þúsund krónur í júní 1988. Samkvæmt áætlun verkfræðistofunnar Hönnunar hf., sem aðaláfrýj-

endur hafa lagt fram í málinu, var kostnaður vegna efnis og vinnu sambærilegs gólfs miðað við verðlag í október 1987 rúmar 350 þúsund krónur, en þessari áætlun er mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda. Um þetta álitaefni liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn, en rétt þykir að taka til greina lækkun á kaupverði, sem hæfileg er talin 250 þúsund krónur.

Ákvæði um greiðslu vísitöluálags í kaupsamningi aðila, sem samið er af gagnáfrýjanda, var á þá leið, að verð hússins skyldi breytast „í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eftir greiðslum". Í þessu fólst, að verðbætur yrðu reiknaðar eftir greiðslutíma eða gjalddögum umsaminna greiðslna upp í kaupverðið, en ekki því, hvernig byggingu hússins miðaði fram. Hins vegar varð ekki ráðið af orðunum, að miða skyldi við línulegan útreikning vísitölunnar fremur en hinar lögmæltu breytingar hennar, sem þá voru gerðar á þriggja mánaða fresti, og er ákvæðið óskýrt að þessu leyti. Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að aðaláfrýjendum hafi mátt vera það ljóst vegna venju í starfsgreininni eða atvika að kaupunum, að átt væri við hið fyrrnefnda. Verðbætur samkvæmt ákvæðinu áttu að leggjast við síðasta greiðslulið kaupverðsins, sem tengdur var afhendingu hússins. Aðaláfrýjendur mótmæltu línulegum útreikningi vísitölunnar, þegar eftir að verðbótareikningur gagnáfrýjanda var lagður fram í desember 1987. Með vísan til þess, sem fyrr var rakið, ber að fallast á það með héraðsdómara, að verðbætur hafi átt að nema samtals 328.057 krónum, eins og aðaláfrýjendur halda fram.

Með skírskotun til forsendna í héraðsdómi ber að staðfesta niðurstöðu hans um reikninga þá, sem aðilar deila um í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er skuldastaða aðaláfrýjenda við gagnáfrýjanda sem hér segir:

Skuld á afhendingardegi 24.10.1987	kr.	1.264.657
30,5% ársv. 24.10.1987-01.11.1987	kr.	7.714
31,5% ársv. 01.11.1987-01.12.1987	kr.	33.197
35,0% ársv. 01.12.1987-15.12.1987	kr.	18.442
Skuld 15.12.1987	kr.	1.324.010
Innborgun 15.12.1987	(kr.	50.000)
35% ársv. 15.12.1987-01.01.1988	kr.	18.572
36,2% ársv. 01.01.1988-01.02.1988	kr.	38.432
Innborgun 01.02.1988	(kr.	800.000)

36,4% ársv. 01.02.1988-01.03.1988	kr.	16.101
Viðbótarreikningar	kr.	154.633
Frádráttur vegna 10 stk. innihurða	(kr.	152.000)
Skuld 01.03.1988 samtals	kr.	549.748

Ber að dæma aðaláfrýjendur til greiðslu þessarar fjárhæðar ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Við hinn áfrýjaða dóm er það aðfinnsluvert, að dæmdir vextir af kröfu gagnáfrýjanda voru ekki tilgreindir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Bjarni Jónsson og Gréta Björgvinsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Trésmiðjunni Akri hf., 549.748 krónur með árlegum dráttarvöxtum þannig: 45% frá 1. mars 1988 til 1. maí sama ár, 44,4% frá þeim degi til 1. júlí 1988 og 49,2% frá þeim degi til 1. október 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 28. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 29. nóv. sl., hefur trésmiðjan Akur hf., Smiðjuvöllum 9, Akranesi, kt. 410169–4019, höfðað fyrir bæjarþingi Akraness á hendur Grétu Björgvinsdóttur, kt. 121263–3519, og Bjarna Jónssyni, kt. 020761–3939, báðum til heimilis að Bjarnastaðavör 6, Bessastaðahreppi, Álftanesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 991.711.41 með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Á grundvelli framangreindra reikninga sundurliðaði stefnandi kröfugerð sína svo:

1)	Eftirstöðvar kaupverðs	kr.	336.600,00
2)	Verðbætur	kr.	359.359,00
3)	Áfallnir ógreiddir samningsvextir frá 01.10. 1987 til 01.03. 1988, og er þar miðað við meðalvexti, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands, frá afhendingardegi 01.10. 1987	kr.	197.917,41

4)	Umsamdar hækkanir skv. 13 reikn.	kr.	249.835,00
5)	Til frádráttar 10 stk. innihurðir	kr.	150.000,00
	Samtals	kr.	991.711,41

Fyrir dómi hefur stefnandi breytt kröfugerð sinni þannig, að stefnufjárhæð er lækkuð í kr. 960.290,79 með drv. skv. III. kafla vaxtalaga frá 01.03. 1988 til greiðsludags. Lækkun þessi er sögð til komin vegna lækkunar samningsvaxta úr kr. 200.263,10 í kr. 166.496,79, en í stefnu hafi upphafstími vaxta verið 01.10. 1987, en sé nú 24.10. 1987. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Skuldastaða 01.10. 1987	kr.	1.545.959,00
30,5% ársvextir 24.10. 1987–01.11. 1987	kr.	7.858,62
31,5% ársvextir 01.11. 1987–01.12. 1987	kr.	40.581,41
35,0% ársvextir 01.12. 1987–15.12. 1987	kr.	22.545,20
	kr.	1.616.944,23
Innb. 15.12. 1987	kr.	50.000,00
	kr.	1.566.944,23
35,0% ársvextir 15.12. 1987–01.01. 1988	kr.	22.851,15
36,2% ársvextir 01.01. 1988–01.02. 1988	kr.	47.269,48
	kr.	1.637.064,86
Innb. 01.02. 1988	kr.	800.000,00
	kr.	862.455,79
Reikningar dskj. nr. 4–16	kr.	249.835,00
Til frádr. dskj. nr. 17	kr.	152.000,00
	kr.	960.290,79

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning. Þess er krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Málavextir.

Með samningi, dags. 9. apríl 1987, festu stefndu kaup á timbureiningahúsi frá Trésmiðjunni Akri hf. á Akranesi, stefnanda þessa máls, fyrir kr. 2.586.600. Einingahús frá stefnanda voru að sögn stefndu hagstæðust að því

er tók til verðs og annars kostnaðar. Baggamun við kaupin reið, að „þeim hafi þótt kynningarbæklingur stefnanda skýrari en annarra um, hvað fælist í kaupunum“ og hús frá stefnanda hafi samkvæmt upplýsingum hans verið kostnaðarminni í flutningi frá verksmiðju á byggingarstað en frá öðrum, og „allur uppsetningarkostnaður var innifalinn í kaupverðinu“. Ekki var þó allt innifalið í kaupunum, t.d. ekki sökklar (grunnur) og ekki pípulögn og raflögn. Húsið var keypt á þriðja afhendingarstigi, sem kallað er, þ.e. hús með innréttingum. Heimilt skyldi kaupanda að sleppa einstökum byggingarhlutum, ef hann kaus að afla þeirra annars staðar. Stefndu notuðu þá heimild og ákváðu t.d. þegar við samningsgerð að taka ekki eldhússinnréttingu, sem því var ekki reiknuð inn í kaupverðið. Hins vegar var ákvörðun um að sleppa 10 innihurðum tekin, eftir að samningur var gerður, enda verðmæti þeirra dregið frá kaupverðinu við lokauppgjör. Sakir aðstæðna á Álftanesi ákváðu stefndu að hafa steypta gólfplötu á fylltum grunni og skriðkjallara, en ekki timburgólf. Létu þau annan aðila en stefnanda sjá um gerð steypta gólfsins. Þar sem þau vöktu ekki máls á því við samningsgerð, bendir það til þess, að þau hafi tekið ákvörðun um steypt gólf síðar, svo sem þau og halda fram.

Við samningsgerð 9. apríl 1987 lágu fyrir verklýsing og teikningar, verðskrá og almenn lýsing á timbureiningahúsum Akurs hf., og eru málsaðilar sammála um, að þessi gögn séu hluti samningsins. Húsið, sem er að flatarmáli 137,7 fermetrar af 3B-húsgerð, var keypt „á húsgrunn“ að Bjarnastaðavör 6, Bessastaðahreppi. Kaupverðið skyldi greitt með sex greiðslum, þ.e. (1) við undirritun samnings, (2) þegar húsið væri fokhelt, (3) þegar fyrri hluti húsnæðisstjórnarláns væri greiddur, (4) 1. des. 1987, (5) þegar seinni hluti húsnæðisstjórnarláns væri greiddur og (6) eftirstöðvar með skuldabréfi til sex mánaða með mánaðarlegum afborgunum, fyrsta greiðsla 1. mars 1988. Venjulegir útlánsvextir banka skyldu greiðast af eftirstöðvum eftir afhendingardag. Húsið skyldi afhent í áföngum, þ.e. á fyrsta stigi svokölluðu í júlí 1987 og eigi síðar en 1. sept. 1987 á þriðja stigi, enda væri „grunnur tilbúinn eigi síðar en 1. júní '87“. Verðið var miðað við „byggingarvísitölu einbýlishúsa 297 stig“, þ.e. byggingarvísitölu 1. janúar 1987, og skyldi verðið breytast „í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eftir greiðslum“. Yrðu breytingar á verðlagi samkvæmt þessu ákvæði, skyldi sú breyting koma inn á lið greiðslna. Flutningur á efni frá verksmiðju að byggingarstað var ekki innifalinn í kaupverði, en umsamið var þó, að stefnandi annaðist þann flutning á kostnað stefndu. Umsamið var og, að stefndu útveguðu starfsmönnum stefnanda fæði og húsnæði á byggingarstað á sinn kostnað. Umdeilt er, á hvern kostnaður af flutningi starfsmanna stefnanda á byggingarstað skyldi falla.

Sjálfstæður flutningsaðili, Þórður Þ. Þórðarson á Akranesi, sá um flutning efnisins frá verksmiðjunni á byggingarstað, og krafði stefnandi stefndu um greiðslu vegna þess flutningskostnaðar, sbr. dskj. nr. 5. Stefndu útveguðu starfsmönnum stefnanda gistingu í Kópavogi í um 14 km fjarlægð frá byggingarstað, en fæði fengu þeir á Gaflinum í 6 km fjarlægð. Stefnandi krafði stefndu um greiðslu vegna kostnaðar við ferðir starfsmanna frá svefnstað og matstað. Formleg afhending hússins dróst nokkuð og fór ekki fram fyrr en 24. okt. 1987. Þá var smíði þess að mestu lokið og stefnandi sendi stefndu reikningsyfirlit, heildaruppgjör viðskiptanna. Stefndu höfðu greitt fyrstu fimm greiðslurnar í samræmi við samninginn samtals kr. 2.250.000,00. En þau áttu eftir að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum, kr. 336.600,00 að viðbættum vísitöluhækkunum.

Yfirlitsreikningur stefnanda, reikningsuppgjör fram til 1. okt. 1987, var svohljóðandi, sbr. dskj. nr. 19:

Dags.	Úttekið	Innlagt
17.01. 1987: Samn. verð ein.hús.	2.586.600,00	
09.04. 1987: Innborgun á kaupsamn.		250.000,00
14.07. 1987: Innborgun á kaupsamn.		150.000,00
11.08. 1987: Innborgun á kaupsamn.		1.000.000,00
01.10. 1987: Verðbætur skv. lista	359.959,00	
	2.945.959,00 (sic)	1.400.000,00
Skuld 01.10. 1987	kr.	1.545.959,00

Auk þess krafið um 13 reikninga, sbr. dskj. nr. 4–16, samtals að fjárhæð kr. 249.835,00 vegna, (1) flutnings á efni frá verksmiðju að byggingarstað, (2) kostnaðar við ferðir starfsmanna stefnanda til og frá Akranesi að byggingarstað og ferða þeirra, á meðan þeir voru að reisa húsið, og (3) umsaminna breytinga á húsinu. Frá kaupverði voru þar á móti dregnar kr. 152.000,00 sem voru andvirði 10 innihurða, er stefndu tóku ekki, sbr. dskj. nr. 17.

Í bréfi, dags. 29. des. 1987, gerðu stefndu athugasemdir við reikningsuppgjörið. Þau kváðu það hafa komið sér „í opna skjöldu, eftir þau annars svo ágætu viðskipti" sem þau hefðu átt við fyrirtækið Akur, og hefði það gengið þvert á ánægju þeirra með húsið eins og það endanlega var, en með húsið kváðust þau í hæsta máta ánægð. Athugasemdir stefndu tóku til þriggja meginatriða: (1) frádráttar af kaupverði vegna timburgólfs, (2) útreiknings verðbóta á kaupverð skv. kaupsamningi, (3) reikninga á dskj. nr. 4–16, að fjárhæð kr. 249.835,00. Ágreiningur málsaðila snýst og um þessi þrjú atriði.

A. Timburgólf.

Á yfirlitsreikningnum 1. okt. 1987 var gólfefni og kostnaður við lagningu gólfs ekki dreginn frá. Oftast nær er timburgólf í einingahúsum þessarar tegundar. Stefndu segjast hafa skilið samninginn á þann veg, að timburgólf væri hluti hússins og ætti því verð þess að koma til frádráttar, ef það væri ekki tekið. Í almennri lýsingu stefnanda á timbureiningahúsum, sbr. dskj. nr. 21., sé gerð grein fyrir frágangi ýmissa atriða og tekið fram, að ákveðnar breytingar séu ekki innifaldar í verði, svo sem sólgler í glugga, vandaðar útihurðir, litað þakstál eða ýmsir viðaukar aðrir. Um alla þessa hluti sé tekið fram, að greiða verði þá til viðbótar kaupverði, en það sé ekki tekið fram um gólf. Samkvæmt upplýsingum, sem stefndu m.a. öfluðu hjá Húsasmiðjunni hf., kostar timburgólf í húsið fyrir utan vinnu um kr. 370.000,00 og vinnan álíka mikið. Þau telja samningsfjárhæðina því eiga að lækka um kr. 740.000 sakir þess frádráttar. Stefnandi heldur hins vegar fram, að ávallt hafi verið gerður viðbótarreikningur fyrir timburgólf. Af hans hálfu er og haldið fram, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, að timburgólf fylgdi með í kaupunum, og beri því ekki að draga frá verðmæti gólfs, sem ekki er tekið. Stefnandi kveðst hafa selt hundruð einingahúsa, stór og smá, og hafi aldrei áður komið upp mál, þar sem kaupandi hafi talið sig eiga rétt á timburgólfi, þótt ekki hefði verið sérstaklega um það samið.

Verkstjóri stefnanda segir, að um timburgólf hafi verið rætt allýtarlega í viðræðum við sig fyrir kaupin. Timburgólf hafi verið rætt í ljósi þess, hvert hagræði væri að því með tilliti til pípulagna og með hliðsjón af jarðvegi undir húsinu. Hann kveðst hafa tekið fram, að stefndu gætu fengið keypt timburgólf hjá fyrirtækinu og að þau yrðu að hafa góðan fyrirvara á því. En þegar ljóst hafi orðið, hvers konar jarðvegur var undir húsinu, hafi ekki annað komið til greina en að nota steypta plötu. Jarðveg úr grunninum hafi mátt nota sem fyllingarefni. Stefndu kveðast ekki fyrr en eftir skoðun timbureiningahúsa á Akranesi hafa komist á þá skoðun, að rétt væri að hafa steypt gólf, og síðan tekið ákvörðun um það í júní 1987.

Fyrir dóminn hefur komið Leifur Benediktsson verkfræðingur, kt. 080445–4829. Hann bendir á, að í hinni almennu lýsingu á einingahúsum frá stefnanda á dskj. nr. 21 sé lýst öllum eiginleikum húsanna, og á öftustu síðu í þeirri lýsingu sé lýst þaki og síðan gólfi, án þess að sérstaklega sé tekið fram, að gólf sé ekki innifalið í heildarverði hússins. Af því sé eðlilegt að draga þá ályktun, að gólf sé innifalið í heildarverðinu. Í samningnum segir, og, að húsið sé selt á „húsgrunn". Það orð hafi í samningnum aðra merkingu en í mæltu máli og byggingarreglugerð nr. 292/1987. Í víðustu merkingu merki orðin „húsgrunnur" og „grunnur" jarðveg þann, sem hús er

reist á. Leifur kannast ekki við það, að húsgrunnur sé stundum skilinn í merkingunni sökklar og plata. Hugsanlegt sé þó, að húsgrunnur merki sökkla. Platan sé hins vegar aldrei nefnd annað en grunnplata eða einhverjum slíkum nöfnum.

B. Útreikningur verðbóta samkvæmt kaupsamningi.

Samkvæmt lögum nr. 18/1983 um vísitölu byggingarkostnaðar var hún reiknuð út fjórum sinnum á ári og gilti „í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ.e. í apríl–júní, júlí–september og október–desember 1983 o.s.frv.“, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í reikningsuppgjöri sínu hefur stefnandi lagt til grundvallar svokallaðan línulegan útreikning, þ.e. ef t.d. greiðsludag ber upp mitt á milli þeirra daga, sem nýr útreikningur vísitölunnar tekur gildi, skuli meðaltal þeirra lagt til grundvallar.

Verðbótareikningur stefnanda er svohljóðandi, sbr. dskj. nr. 18: Verð samkv. samningi miðað við 01.01. 1987. Vísitala 297 stig. Samningsverð:

Hús gerð 3B kr. 2.586.600,00

Verðbætur		Samningsverð	kr.	2.586.600,00
1/1–9/4 '87				
$\frac{2.586.600 \times (312.5-297)}{297}$	= 134.991,00		kr.	134.991,00
			kr.	2.721.591,00
		Innb. 9/4 '87:	kr.	250.000,00
			kr.	2.471.591,00
10/4–14/ 7 '87				
$\frac{2.471.591,00 \times (329-312.5)}{312.5}$	= 130.500,00		kr.	130.500,00
			kr.	2.602.091,00
		Innb. 14/7 '87	kr.	150.000,00
			kr.	2.452.091,00
15/7–11/8 '87				
$\frac{2.452.091 \times (335-329)}{329}$	= 44.719,00		kr.	44.719,00
			kr.	2.496.810,00
		Innb. 11/8 '87	kr.	1.000.000,00
			kr.	1.496.810,00

12/8–1/10 '87

$$\frac{1.496.810\times(346-335)}{335} = 49.149{,}00$$

	kr.	49.149,00
	kr.	1.545.959,00

Verðbætur samtals kr. 359.359,00

Samkvæmt reikningsuppgjöri stefnanda nam vísitöluhækkun kaupverðs þannig á grundvelli línulegs útreiknings kr. 359.359,00. Þessa aðferð telja stefndu óheimila, þar sem hún hafi hvorki stoð í lögunum nr. 18/1983 né í samningi aðila. Stefndu gera svofellda grein fyrir framvindu viðskiptanna:

Samningsverð 1/1'87	kr.	2.586.600,00
Verðbætur til 9/4 '87 / 2.586×311–297/297	kr.	121.927,00
Innborgun 9/4 '87	(kr.	250.000,00)
Samtals	kr.	2.458.527,00
Verðbætur til 14/7 '87 / 2.458.527×326–311/311	kr.	118.578,00
Samtals	kr.	2.577.105,00
Innborgun 14/7 '87	(kr.	150.000,00)
Innborgun 11/8 '87	(kr.	1.000.000,00)
Samtals	kr.	1.427.105,00
Verðbætur til 24/10 '87 / 1.427.105×346–326/326	kr.	87.552,00
Samtals	kr.	1.514.657,00
Frádráttur vegna:		
efnis í timburgólf	(kr.	370.000,00)
vinnu við timburgólf	(kr.	370.000,00)
Skuld á afhendingardegi, 24/10 '87	kr.	774.657,00
Vextir skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands:		
30,5% ársv. 24/10 '87–1/11 '87	kr.	4.609,00
31,5% ársv. 1/11 '87–1/12 '87	kr.	19.692,00
35% ársv. 17/12 '87–15/12 '87	kr.	11.271,00
Samtals	kr.	810.229,00
Innborgun 15/12 '87	(kr.	50.000,00)
Samtals	kr.	760.229,00

Vextir skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands:		
25% ársv. 15/12 '87–1/1 '88	kr.	11.061,00
Skuld 1/1 '88	kr.	771.290,00
Vextir skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands:		
36,2% ársv. 1/1 '88–1/2 '88	kr.	23.270,00
	Samtals kr.	794.560,00
Innborgun 1/2 '88	(kr.	800.000,00)
Inneignn 1/2 '88	(kr.	5.440,00)

C. Viðbótarreikningar.

Stefndu segjast hafa við samningsgerð lagt ríka áherslu á að fá raunverulegt verð hússins uppgefið. Telja þau sig ekki þurfa að standa skil á öðrum kostnaði en þau hafi undirgengist með samningi.

Reikninga, sem stefndu höfðu samþykkt, þ. e. reikningar (nótur) nr. 34024, 21575, 21577, 21576 og 22130, sbr. dskj. nr. 10–12, 15, kveðast þau greiða. Samþykktu reikningarnir hafi orðið til vegna óska þeirra um breytingar, en þeir séu að fjárhæð kr. 75.112,00. Allir aðrir reikningar séu þeim óviðkomandi, sbr. dskj. nr. 4–9, 13–14 og 16.

a. Um ferðakostnað starfsmanna taka stefndu fram, að stefnanda hafi láðst að láta þau vita, að þau ættu að greiða hann frá verksmiðjudyrum til byggingarstaðar. Flutning húseininga, sem stefndu bar samkvæmt samningnum að greiða en stefnanda að sjá um, hafi framkvæmdastjóri stefnanda sagt myndu kosta um kr. 18.000,00, en reikningur fyrir það nemur kr. 102.096,00. Loks taka þau fram, að ferðakostnaður sá, sem getið er á reikningi nr. 6127 og dskj. nr. 5, eigi að felast í ferðakostnaði almennt.

b. Klæðningu vegna sturtubotns og baðkers, sem kostað hafi kr. 11.766,00 fyrir utan ferðakostnað. Þar hafi þurft að fá smið til að lagfæra verkið, sbr. reikning nr. 6170 og dskj. nr. 9.

c. Uppsetning á hurðarkörmum, sbr. reikninga nr. 6228, og 34620 og dskj. nr. 16, að fjárhæð kr. 15.158,00, beri ekki að greiða, þar sem húsið hafi verið keypt á 3. byggingarstigi.

Stefndu telja inneign sína hafa verið kr. 5.440,00, þegar taka skyldi afstöðu til viðbótarreikninga stefnanda. Og þar til viðbótar komi frádráttur vegna 10 hurða, sem ekki voru teknar, um kr. 150.000,00. Af sjónarhóli stefndu lítur dæmið svo út:

1. Flutningskostnaður	kr.	18.000,00
2. Reikn. nr.		
17720: nóta 334620, ýmsir smáhlutir	kr.	1.719,20
17329: nóta 34024, léttull	kr.	10.062,00

25340: nóta 22130, mismunur á loftplötum	kr.	5.040,00
25365: nótur 21576–77, innihurðir í búr og messing á útihurðir	kr.	15.010,00
25366: nóta 21575, verðbreyting v/eldhúss	kr.	45.000,00
Að hluta:		
17722: nóta 34434, flísar	kr.	5.640,00
25367: nóta 62228, setja karma	kr.	15.158,00
25314: nóta 6170, klæða sturtubotn	kr.	11.766,25
Frádráttur, 10 stykki innihurðir	(kr.	152.00,00)
	Inneign kr.	30.044.55 (sic)

II.

Málsástæður aðila og lagarök.

Stefnandi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um greiðsluskyldu skuldar og laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, einkum 12. gr. og 1. mgr. 28. gr. Hann kveður stefndu ekki hafa innt af hendi samningsbundnar greiðslur samkvæmt kaupsamningi frá 9. apríl 1987.

Áhersla var lögð á, að stefnandi hefði ekki selt fullbúið hús. Hann hefði afhent gallalausa greiðslu, eins og henni var lýst í samningi aðila. Ef hann hefði átt að útvega gólf í húsið, liggi ljóst fyrir, að stefndu hafi, með því að láta steypa gólfplötu, gripið inn í verk það, sem hann átti að sjá um. Stefndu hafi sýnt af sér tómlæti um að gera stefnanda grein fyrir viðhorfi sínu til frádráttar á gólfi og ekki haft uppi kröfu um frádrátt fyrr en við lokauppgjör. Verð það, sem stefndu hafa áætlað á timburgólf, kveður stefnandi vera allt of hátt.

Þá er haldið fram, að samið hafi verið um milli aðila, að stefndu greiddu ferðakostnað starfsmanna stefnanda milli Akraness og Álftaness. Og ferðakostnaður milli byggingarstaðar og gististaðar sé þáttur í fæðis- og gistikostnaði. Enn fremur er haldið fram, að stefndu hafi ekki staðið við skuldbindingu sína um að sjá starfsmönnum stefnanda fyrir gistingu á byggingarstað, þar sem þeir hafi orðið að gista inni í Kópavogi.

Vaxtakröfuna reisir hann á 5. gr. og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað og vexti á málskostnað reisir hann á 1. mgr. 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Málsástæður stefndu eru þær í aðalatriðum, að samningur aðila rétt skýrður og fylltur gefi ekki stefnanda rétt til að krefja stefndu um fjárhæð þá, sem þeim er stefnt vegna í málinu. Stefnandi geti ekki hækkað kaupverð hússins einhliða. Því er mótmælt sem ósönnuðu, að samið hafi verið

um, að stefndu greiddu ferðakostnað starfsmanna stefnanda. Aldrei hafi verið rætt sérstaklega um ferðakostnað starfsmanna, og ferðakostnaður milli gististaðar og byggingarstaðar geti ekki talist hluti fæðis- og gistikostnaðar. Stefndu styðja kröfur sínar að þessu leyti við óskráðar meginreglur samningaréttar um túlkun samninga og auk þessa varðandi verðbótaútreikning við 1. og 2. gr. laga nr. 18/1983, sbr. 4. gr. laga nr. 42/1987 og ákvæði þeirra laga til bráðabirgða. Slíka samninga beri að skýra í ljósi þess, að annar samningsaðilinn, sem sé sérfróður, hafi orðað samningsákvæðin, en hinn aðilinn hafi enga sérþekkingu á því sviði. Samninginn beri því, að því leyti sem hann sé óskýr, að skýra til hagsbótar þeim aðila hans, sem ekki er sérfróður og ekki hefur orðað ákvæði hans. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 177. gr., sbr. og 184. gr. laga nr. 85/1936. Um dráttarvexti er vísað til 3. mgr. 175. gr. sömu laga.

III.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi hefur með samningi tekist á herðar fyrir tiltekna fjárhæð að reisa timbureiningahús að miklu leyti og að útvega efni til þeirrar framkvæmdar. Um áhættu og ábyrgð aðila á því, að forsendur bresta eða reynast rangar, fer eftir skýringu og fyllingu á verksamningnum og landslögum að öðru leyti.

A. Gólf. Meginágreiningur aðila snýst um, hvort stefnandi hafi samkvæmt samningi aðila átt að afhenda timburgólf sem einn hluta hins selda einingahúss. Í samningi aðila er ekki tekið berum orðum fram, að timburgólf skuli ekki teljast hluti hússins, né heldur er tekið berum orðum fram, að slíkt gólf sé innifalið í samningnum. Ýmist er það svo, að timburgólf eða steypt gólf er í timbureiningahúsum. Seljandi skyldi afhenda húsið á „húsgrunn“ eða „grunn“. Þau orð eru notuð í óvenjulegri merkingu í samningnum, sem ekki er skýr og ótvíræð.

Ef timburgólf er tekið, er það allstór hluti af kaupverði timbureiningahúss. Og þar sem stefndu álitu slíkt gólf innifalið í kaupverðinu, hefði það verið eðlileg ráðstöfun frá þeirra hendi, er þau tóku ákvörðun um að hafa steypt gólf um tveimur mánuðum eftir samningsgerð, að beiðast upplýsinga hjá stefnanda um, hversu mikið kaupverð hússins lækkaði af þeim sökum. En það gerðu þau ekki fyrr en þeim varð ljóst við lokauppgjör, að seljandi áleit sig ekki hafa selt þeim timburgólf með húsinu.

Stefndu styðja kröfu sína um frádrátt á verðmæti timburgólfs frá kaupverði m.a. við almenna lýsingu stefnanda á „Akurshúsum“, sbr. dskj. nr. 21. Þar segir um gólf:

„Gólf í þessum húsum hafa verið gerð með tvennu móti, annars vegar

steypt gólfplata á fyllingu, og er þá plasteinangrun komið fyrir ofan á fyllingu, áður en plata er steypt. Slíkar plötur eru svo lagðar múr eftir að hús er fokhelt. Hins vegar eru svo timburgólf. Þá er sökkull steyptur upp á sama hátt og áður, en ekki fyllt í grunn. Gólfbitar eru svo settir áður en hús er reist. Gengið er svo frá gólfi eftir að hús er fokhelt. [...] Undir þessum gólfum er skriðkjallari, sem auðveldar mjög alla skolp- og vatnslögn innan húss."

Auðvitað hefði samningur aðila orðið miklu skýrari, ef berum orðum hefði verið tekið fram í honum, að timburgólf væri ekki innifalið og yrði því að borga sérstaklega, ef tekið væri. En þar sem bæði var í hinni almennu lýsingu getið um steypt gólf og timburgólf án nokkurs greinarmunar, var rökrétt að álykta, að steypt gólf fylgdi með í kaupunum, ef timburgólf gerði það – og öfugt. Þannig ályktuðu stefndu þó ekki, heldur völdu steypt gólf og sáu sjálf um og kostuðu gerð þess. Bendir það til þess, að hugmyndir þeirra um gólf og kostnað af því hafi lítt stuðst við orð samningsins, heldur hafi þau hugsað sem svo, að allt úr tré hlyti að fylgja húsinu.

Ekkert liggur fyrir í málinu um, að kaupverð hússins hafi verið ósanngjarnt eða hærra en frá öðrum húsaverksmiðjum, jafnvel þótt timburgólf sé ekki talið innifalið, sbr. meginreglu 5.–6. gr. laga um kaup á lausafé nr. 39/1922. Stefndu bíða því ekki sannanlega tjón, þótt verðmæti timburgólfs sé ekki dregið frá kaupverðinu. Stefndu hafa látið í ljós mikla ánægju með húsið og segja upplýsingar stefnanda um, hvað fælist í kaupunum, hafa verið gleggri en frá öðrum húsaverksmiðjum. Að öllu þessu athuguðu þykir ekki unnt að taka til greina kröfu þeirra um lækkun kaupverðs sem nemur verðmæti timburgólfs, sbr. og 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 85/1936.

B. Útreikningur verðbóta. Ekki var í kaupsamningnum tekið fram, að verðbætur á greiðslur samkvæmt honum skyldu sæta línulegum útreikningi. Þykir því verða að reikna bæturnar út á grundvelli vísitölu, eins og hún var hverju sinni, er greiðsla skyldi fara fram, eða m.ö.o. eins og stefndu gera kröfu um. Verðbætur námu því fram til 9/4 '87 kr. 121.927,00, frá þ.d. til 14/7 '87 kr. 118.578,00 og frá þ.d. til 24/10 '87 kr. 87.552,00 eða samtals kr. 328.057,00. Skuld stefndu nam því hinn 24. okt. 1987 kr. 1.514.657,00.

C. Viðbótarreikningar.

1. Flutningur á húseiningum og efni, sbr. dskj. nr. 4 (nóta nr. 7818), samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 30.285,00, er tekinn til greina í ljósi þess, að óumdeilt er að stefndu skyldi kosta flutning efnis, enda sýnist reikningurinn ekki ósanngjarn.

2. Ferðir og vinna við að taka efnið af bifreið, sbr. dskj. nr. 5 (nóta nr.

6127). Þar sem stefnandi áskildi sér ekki greiðslu fyrir ferðakostnað starfsmanna, þykir hann eiga að bera þann kostnað sjálfur. Þykir rétt að taka til greina kr. 15.000,00 af reikningsfjárhæðinni.

3. Reikningur á dskj. nr. 6 (nótur nr. 4477, 4478, 4479, 4480, 4485, 4486 og 4488), að fjárhæð kr. 5.540,00, er ekki tekinn til greina.

4. Tími á ferðum samkvæmt dskj. nr. 7 (nóta nr. 6165). Rétt sýnist, þar sem ekki er annað tekið fram í samningi, að sá tími, að fjárhæð kr. 11.676,00, teljist hluti verksins og beri stefnandi því þann kostnað.

5. Reikningur frá sendibílastöð að hálfu, kr. 625,00 og flutningur með Þ.Þ.Þ., kr. 7.432,00, sbr. dskj. nr. 8 (nóta nr. 6701, 6703, 7822 og 7819). Reikningur þessi er ekki tekinn til greina, þar sem ekkert liggur fyrir um, að ekki hefði verið unnt að flytja efni þetta þegar í upphafi framkvæmda.

6. Ferðir og klæðning á sturtubotn samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 21.305,15, sbr. dskj. nr. 9 (6170). Reikningur þessi er tekinn til greina, að því leyti sem stefndu hafa samþykkt hann, þ. e. fyrir kr. 11.766,25.

7. Reikningar vegna ýmiss konar smávöru eru teknir til greina, þar sem þeir voru samþykktir af stefndu, þ. e. smáhlutir kr. 1719,00, sbr. dskj. nr. 13 (nóta nr. 34620), léttull (nóta nr. 34024) kr. 10.062,00, mismunur á loftplötum (nóta nr. 22130) kr. 5.040,00, innihurðir í búr og messing á útihurðir (nótur nr. 21576–77) kr. 15.010,00 og verðbreyting vegna eldhúss (nóta 21575) kr. 45.000,00, flísar að fjárhæð kr. 5.640,00, sbr. dskj. nr. 14 (nótur nr. 6717, 6706 og 34434).

8. Ferðir og flutningur og uppsetning karma að fjárhæð kr. 21.598,00, sbr. dskj. nr. 16 (nótur nr. 6302 og 6228). Reikningur þessi er tekinn til greina að því er tekur til uppsetningar karma (nóta nr. 6228), þ.e. fyrir kr. 15.158,00, þar sem stefndu hafa samþykkt hann.

Samtals nema viðbótarreikningar, sem stefndu ber að greiða, því kr. 154.633,00.

Skuldastaða stefndu við stefnanda er því sem hér segir:

Skuld hinn 24/10 '87	kr.	1.514.657,00
30,5% ársv. 24/10 1987–1/11 1987	kr.	8.884,00
31,5% ársv. 1/11 1987–1/12 1987	kr.	39.759,00
35,0% ársv. 1/12 1987–15/12 1987	kr.	22.088,00
Skuld 15/12 1987	kr.	1.585.388,00
Innborgun 15/12 1987	kr.	50.000,00
25% ársv. 15/12 1987–1/1 1988	kr.	15.777,00
36,2% ársv. 1/1 1988–1/2 1988	kr.	45.692,00
Innborgun 1/2 1988	kr.	800.000,00

Viðbótarreikningar		kr.	154.633,00
Frádráttur vegna 10 stk. innihurða		kr.	152.000,00
Skuld 1/2 1988	samtals	kr.	849.490,00

Samkvæmt þessu teljast stefndu skulda stefnanda kr. 849.490,00 með 45% ársv. frá 1/3 1988 til 1/5 1988, með 44,4% ársv. frá þ.d. til 1/7 1988, með 49,2% ársv. frá þ.d. til 1/10 1988, með 33,6% ársv. frá þ.d. til 1/11 1988, með 27,6% ársv. frá þ.d. til 9/12 1988, með 24% ársv. frá þ.d. til 1/1 1989, með 21,6% ársv. frá þ.d. til 1/3 1989, með 24% ársv. frá þ.d. til 1/4 1989, með 33,6% ársv. frá þ.d. til 1/5 1989, með 38,4% ársv. frá þ.d. til stefnubirtingardags, en síðan með drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Rétt þykir, að dráttarvextir leggist þá við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1/3 1989. Í ljósi málavaxta, mikils vafa og svo málsúrslita þykir rétt, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Gréta Björgvinsdóttir, kt. 121263-3519, og Bjarni Jónsson, kt. 020761-3939, til heimilis að Bjarnastaðavör 6, Bessastaðahreppi, Álftanesi, greiði stefnanda, Trésmiðjunni Akri hf., Smiðjuvöllum 9, Akranesi, kt. 410169–4019, kr. 849.490,00 með dráttarvöxtum, svo sem að framan greinir.

Málsaðilar beri hvor fyrir sig kostnað sinn af málinu.

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994.

Nr. 392/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Friðhelgi einkalífs. Lögregluáminning. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. ágúst 1993 til þyngingar á refsingu.

Samkvæmt 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er það skilyrði refsiábyrgðar, að lögregla hafi áður veitt sakborningi áminningu. Rétt er, að í slíkri áminningu sé tilgreint svo gjörla, sem kostur er, efni þeirra ávirðinga, sem áminnt er fyrir, og þau tímabil, er hin ámælisverða hegðun á að hafa átt sér stað. Þótt þessa hafi ekki verið gætt sem skyldi 11. febrúar 1988 og 12. mars 1991, er ákærði var áminntur af lögreglu, verður það ekki talið koma að sök, enda hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa sætt þessum áminningum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Hjörvar Hjaltason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 27. júlí 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 27. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1685/1992: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni.

Mál þetta var þingfest þann 8. janúar sl., en dómtekið þann 25. júní sl. Hins vegar hefur dregist um viku að kveða upp dóm í málinu vegna spítalavistar dómara.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. nóvember sl., „. . . á hendur Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni, Strandgötu 79a, Eskifirði, fæddum 8. ágúst 1942, fæðingarnúmer 325, fyrir ofsóknir og ónæðisathafnir á Eskifirði árin 1988–1992 með því að hafa, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar lögreglunnar þar, þá fyrstu 11. febrúar 1988, haldið áfram að ofsækja og ónáða Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur, Strandgötu 120, með símhringingum heim til hennar og á vinnustað, en 28 símtöl frá árinu 1990 voru tekin upp á segulbandsspólu og fylgja með í máli þessu, enn fremur með því að láta hana ekki í friði á götum úti, bæði gangandi og akandi, svo og að vera með ónæðisathafnir utan við heimili hennar og önnur hús þar sem hún var gestkomandi, þannig að hún gat ekki um frjálst höfuð strokið, en allar þessar athafnir ákærða bitnuðu og á sambýlismanni hennar og börnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

– – –

Málavextir.

Hinn 10. febrúar 1988 sneri Þórunn Gyða Kristjánsdóttir sér til lögreglunnar á Eskifirði og kærði ákærða í máli þessu fyrir áreitni af hans hálfu í sinn garð. Taldi hún upp nokkur tilvik í þessu sambandi og kvaðst lifa í stöðugum ótta við ákærða. Krafðist hún þess að lögregla sæi til þess að ákærði léti af háttsemi sinni.

Þann 11. febrúar 1988 kallaði Björn Halldórsson lögreglufulltrúi ákærða fyrir og veitti honum áminningu.

Með ódagsettu bréfi, mótteknu þann 8. janúar 1990, ítrekaði kærandi ósk til lögreglustjórans á Eskifirði um að ákærða yrði á ný veitt áminning eða viðvörun þar sem hann hefði ekki látið af háttsemi sinni.

Með bréfi, dagsettu 1. október 1990, til lögreglustjórans á Eskifirði var

þess krafist af hálfu kæranda að ákærða yrði refsað, með vísan til 232. gr. laga nr. 19/1940, en að einnig væri um að ræða ofsóknir ákærða í garð fjölskyldu kæranda. Í framhaldi af því yfirheyrði lögregla í þessum októbermánuði ákærða tvisvar og tvö vitni, auk þess sem segulbandsspóla sú, sem nefnd er í ákæru, var afhent lögreglu.

Samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara í bréfi, dags. 14. febrúar 1991, var ákærði áminntur hjá lögreglu þann 12. mars 1991 í samræmi við ákvæði 232. gr. laga nr. 19/1940.

Þann 19. mars 1991 gaf Þórunn Gyða á ný skýrslu hjá lögreglu og ítrekaði óskir um að ákærði léti hana í friði, en sú skýrsla var gefin í framhaldi af ákveðnu atviki milli hennar og ákærða og var ákærði enn yfirheyrður hjá lögreglu.

Þann 29. september 1992 ítrekaði nefnd Þórunn hjá lögreglu enn fyrri kærur sínar og á næstu dögum yfirheyrði lögregla þrjú vitni og ákærða.

Í þágu rannsóknar málsins fylgdist lögregla með ferðum kæranda og ákærða kvöld eitt í október 1991.

Yfirheyrslur fyrir dómi fóru fram þann 9. og 10. febrúar og 25. júní sl. Ákærði hefur mótmælt efni ákærunnar. Kveðst hann ekki hafa ónáðað kæranda í máli þessu eða fjölskyldu hennar.

Vitnið Þórunn Gyða Kristjánsdóttir kveður ákærða hafa áreitt sig með litlum hléum allt frá fyrri hluta ársins 1985. Hafi ákærði þó hætt áreiti sínu í 4–6 mánuði á árinu 1988, eftir að vitnið hafði kært ákærða til lögreglu, en ákærði síðan tekið upp fyrri siði og ónáðað vitnið og ofsótt nær daglega, en mismikið í hvert sinn. Vitnið kvaðst þó „ekki beint“ hafa óttast um líf sitt, en sagði fyrir rétti: „Mér fannst hann vera það ruglaður, að mér fannst þetta geta endað með einhverju verra en á undan hafði gengið.“ Háttsemi ákærða í garð vitnisins hafi m.a. lýst sér í símhringingum heim til vitnisins og á vinnustað, þar sem ákærði hafi kallað vitnið ónöfnum. Hins vegar hafi vitnið nú fengið sér óskráð símanúmer á heimasímann. Vitnið kvaðst þennan tíma aldrei hafa getað farið rólegt um Eskifjarðarbæ, án þess að eiga það á hættu að ákærði myndi ónáða vitnið. Hafi ákærði mörgum sinnum truflað vitnið við akstur um götur Eskifjarðar með því að aka bifreið sinni í veg fyrir bifreið vitnisins, fyrir aftan bifreið vitnisins og upp að hlið bifreiðar vitnisins, stíga á hemla á vitlausum augnablikum, blika ljósum bifreiðar sinnar og/eða kveikja á neyðarljósum. Þá hafi ákærði oft ónáðað vitnið er vitnið hafi verið á gangi um götur bæjarins, t.d. með því að aka að vitninu, opna gluggann á bifreið sinni og hrópa og kalla til vitnisins, þá oft „áróður og svívirðingar“, en einnig oft bull, sem vitnið hafi ekki skilið, eins og vitnið komst að orði. Hins vegar kvaðst vitnið ekki minnast þess að

ákærði hefði ónáðað sig, er vitnið hefði mætt ákærða gangandi á förnum vegi. Einnig hafi ákærði oft lagt bifreið sinni fyrir framan hús vitnisins á Mjóeyrinni, nokkuð fyrir utan bæinn, og flautað þar bæði oft og lengi. Vitnið lýsti sérstaklega sumum ónæðisathöfnunum. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í sérstöku vinfengi við ákærða áður en ónæðið hafi byrjað, en hafa eitt sinn snemma árs 1985 ásamt vinkonu sinni þegið bílfar með ákærða á dansleik, en síðar hafi ákærði komið til föður vitnisins og tjáð honum að þau væru trúlofuð og vitnið væri að svíkja sig í tryggðum.

Við meðferð málsins fyrir dómi voru yfirheyrð mörg önnur vitni og verður nú stuttlega gerð grein fyrir framburði þeirra.

Vitnið Guðmundur Gunnlaugsson kvað ákærða hafa ónáðað kæranda á árinu 1985.

Vitnið Gunnar Jónsson kvaðst hafa verið í sambúð með kæranda frá árinu 1989 og þá strax á fyrsta degi hafi borið á ónæði frá ákærða. Kvað vitnið ónæðið hafa átt sér stað nær daglega og einnig beinst að vitninu, en nefndi að svo hafi virst sem ákærði hafi sérstaklega reynt að ónáða kæranda, er hann hafi talið að vitnið væri ekki heima. Nefndi vitnið að nýlega hefði það komið að konu sinni heima, og hefði hún þá „gjörsamlega fallið saman af álaginu", eins og vitnið komst að orði. Lýsti vitnið ónæðisathöfnum ákærða á sömu lund og kærandi og lýsti sérstaklega nokkrum tilvikum. Kvað vitnið ákærða hafa oft verið mjög munnljótan í garð konu sinnar.

Arnar Birgisson, tólf ára sonur kæranda, kvaðst einnig hafa orðið fyrir áreiti af hálfu ákærða, en hún hefði dvínað undanfarið. Aðspurt um það, hvort vitnið hefði verið hrætt við ákærða, sagði vitnið: „Ég var hræddur við hann en þetta var miklu minna þegar ég fór að þekkja hvernig þetta var." Vitnið kvað ónæðið aðallega lýsa sér í því, að ákærði hefði kallað að vitninu. Nefndi vitnið tvö tilvik þar sem það hefði forðað sér vegna hræðslu, en í annað sinn hafi afi vitnisins verið akandi á eftir vitninu, er það hafi verið að hjóla heim til sín, en vitnið talið að um ákærða hafi verið að ræða. Hitt tilvikið hafi átt sér stað um mitt síðasta sumar. Hafi vitnið þá verið á gangi ásamt Birni Ívari Haukssyni, skólafélaga sínum, og hafi ákærði þá gert sér að leik að aka margoft fram hjá þeim og kalla einhverja vitleysu að þeim. Hafi þeir því gripið til þess ráðs að fela sig á róluvelli, en síðan læðst heim til Björns Ívars þar sem vitnið hafi fengið að hringja í móður sína sem sótt hafi vitnið, því að það hafi ekki þorað eitt heim.

Vitnið Björn Ívar Hauksson staðfesti þessa sögu félaga síns og kvaðst oft hafa orðið vart við ónæði af hálfu ákærða í garð Arnars, en ekki í garð annarra barna.

Vitnið Kristján V. Kristjánsson, faðir kæranda, kvað ákærða hafa eitt

sinn komið til vitnisins, og hefði af orðum ákærða mátt skilja, að ákærði og kærandi væru á leið í sambúð. Vitnið kvaðst ekki sjálft hafa orðið vart við ofsóknir ákærða í garð dóttur sinnar eða barnabarns, en minntist þess að dóttursonur sinn hefði eitt sinn að kvöldlagi reynt að forða sér á hjóli undan vitninu er það var að aka út á Mjóeyrina, og gefið þá skýringu, að hann hafi haldið að vitnið væri ákærði.

Vitnið Kristín Lukka Þorvaldsdóttir, kunningjakona kæranda, kvaðst hafa orðið vart við ónæði af hálfu ákærða í garð kæranda frá þeim tíma er kærandi og sambýlismaður hennar hafi verið að draga sig saman. Lýsti vitnið athöfnum ákærða á svipaðan hátt og kærandi, auk þess kvað vitnið ákærða hafa oft og lengi þeytt flautu á bifreið sinni fyrir utan hús vitnisins er kærandi var þar í heimsókn. Þá kvað vitnið það stundum hafa gerst, er kærandi var í heimsókn hjá vitninu, að síminn hefði hringt, en sá, sem hringt hefði, hefði þagað í stuttan tíma og síðan lagt á.

Vitnið Jóna Kolbrún Halldórsdóttir, samstarfsmaður kæranda á bæjarskrifstofum Eskifjarðar, kvaðst hafa snemma árs 1988 orðið vart við ónæðissímtöl á vinnustað þeirra. Hefði sá, sem hringdi, spurt um kæranda og verið með ákveðin orðatiltæki og „frasa" og hefði það borið við, að sagt hefði verið „eitthvað leiðinlegt", eins og vitnið komst að orði. Kvaðst vitnið hafa þekkt rödd ákærða í símanum. Um tíðni þessara hringinga, sagði vitnið: „Það var nokkuð misjafnt. Mér fannst þetta lýsa sér í dálitlum „törnum". Stundum var hringt jafnvel fjórum til fimm sinnum á dag, en svo liðu kannski dagar á milli." Vitnið kvaðst hafa orðið vart við, að ákærði hefði verið að ónáða kæranda, og nefndi að eitt sinn árið 1991 hefði kærandi ekki viljað fara úr bifreið sinni við bæjarskrifstofurnar þar sem ákærði hefði verið búinn að leggja bifreið sinni við hennar bifreið og verið með háðsglósur til kæranda. Hafi kærandi hins vegar yfirgefið bifreið sína er vitnið kom að en ákærði farið eftir að vitnið hafði hótað að kalla á lögreglu. Hafi umrætt atvik átt sér stað snemma dags, áður en skrifstofurnar voru opnaðar.

Vitnið Ágústa Egilsdóttir kvaðst minnast þess að í mars 1991, er vitnið hefði verið við vinnu sína í fyrirtækinu Sporði hf., Eskifirði, hefði kærandi komið inn og virst hrædd og í mikilli geðshræringu, og hefði vitnið þurft að fylgja henni í næsta hús, svo að hún kæmist í síma. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir ákærða, er út kom, og hefði bifreið ákærða og kæranda staðið hvor á móti annarri á þröngri götunni.

Vitnið Kristbjörg Júlíanna Hallgrímsdóttir kvaðst hafa komið að bifreiðum þeirra við fiskverkunarhús Sporðs hf., en ekki getað komist leiðar sinnar vegna staðsetningar bifreiðanna. Hefði kærandi setið inni í bifreið sinni og legið á bílflautunni, en ákærði stigið úr bifreið sinni og gengið til vitnis-

ins og sagt, að hann myndi ekki færa bifreið sína, því að kærandi hefði einhverjum dögum áður ekið á sína bifreið. Í þann mund hefði kærandi farið úr bifreið sinni og hlaupið í átt að fiskverkunarhúsinu, en ákærði rifið í handlegg kæranda, sem slitið hefði sig lausa og farið í húsið.

Vitnið Helgi Rafnsson lögreglumaður kvað kæranda hafa hringt í lögreglu, og hefði ákærði fært bifreið sína eftir ósk vitnisins á vettvangi. Lögreglumaðurinn kvað ákærða hafa talað um að kærandi hefði einhverjum dögum áður ekið á bifreið hans, en hins vegar hefði ákærði ekki kært það.

Vitnið Elsa Þórisdóttir kvaðst hafa átt barn á svipuðum tíma og kærandi, í apríl 1992. Eftir fæðingu barnanna hefðu þær haft mikil samskipti. Kvaðst vitnið hafa spurt kæranda af hverju hún æki aldrei barnavagni um götur bæjarins, og hefði kærandi svarað því til, að það væri vegna ónæðis frá ákærða. Vitnið kvaðst því hafa boðist til að ganga með henni heim að lokinni göngu. Hafi þær farið nær daglega í göngutúra þetta sumar og haust, en flesta daga þetta tímabil hafi ákærði verið að áreita þær, stundum oft á dag. Hafi ákærði ekið bifreið sinni að þeim, stundum ógætilega, og hrópað og skrækt og þeytt flautu bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við ónæðishringingar frá ákærða heim til kæranda, en nefndi að kærandi hafi þá verið búin að fá óskráð símanúmer.

Vitnið Guðný Stefánsdóttir, er bjó á nefndu tímabili í sama húsi og kærandi, kvað ákærða hafa oft undanfarin ár ekið að húsi þeirra í Mjóeyrinni og þeytt flautu bifreiðar sinnar „í tíma og ótíma“, eins og vitnið komst að orði.

Þann 26. október 1991 fóru lögreglumennirnir Jónas Wilhelmsson og Hafsteinn Larsen á óeinkenndri lögreglubifreið um götur Eskifjarðar til að fylgjast með ökuferð kæranda og eiginmanns hennar að höfðu samráði við þau m.t.t. meints ónæðis af hálfu ákærða. Fyrir dómi skýrði vitnið Jónas Wilhelmsson svo frá atburðum: „Það voru ekki ákveðnar sérstakar leiðir, heldur skyldi hún fara venjulegan kvöldrúnt. Það kom mér verulega á óvart hvað maðurinn var gírugur í sínu ónæði. Þessi tími sem ákveðinn var, var ákveðinn vegna þess, að á þessum tíma var mikil vinna hérna og lítil umferð í bænum þannig að við gætum með auðveldara móti fylgst með þessari ökuferð. Við þekktum bifreið ákærða en að vísu var myrkur. Hann flautaði, hann blikaði háum og lágum ljósum, ók á eftir henni, fór fruntalega fram úr bifreið hennar, mjög gassalega, og hægði síðan mjög á, þegar hann var kominn fyrir framan hana þannig að hún þurfti að hægja mjög á. Við Eskikjör í Útkaupstaðarbraut stóð Þórunn við bílinn, og með henni stóð sambýlismaður hennar, Gunnar Jónsson. Þar fara þau að skoða í glugga, ég legg lögreglubifreið í götunni og við Hafsteinn Larsen förum og göngum að þeim. Þá kemur Guðjón að, og um það bil, er hann er að fara fram hjá,

skrúfar hann niður rúðuna og gargar einhverja orðaleppa sem við skildum ekki." Síðar í þinghaldinu sagði vitnið: „Hann elti hana, hvert sem hún fór, t.d. keyrði í tvígang í veg fyrir hana á höfninni og inn á Bræðslubryggju, eins og við segjum hérna, þá gerði hann nákvæmlega það sama. Hann gerði þetta ekki gagnvart öðrum. Það má kannski nefna hér, að hann vissi vel, að við værum að skoða, það er ég alveg viss um og hann hringdi í mig daginn eftir og hundskammaði mig. Hann reyndi t.d. einu sinni að stinga okkur af þetta kvöld, en það var í lagi. Við eltum hann ekki, heldur fylgdumst með Þórunni, því að hann „dúkkaði alltaf upp" gagnvart henni."

Framburður lögreglumannsins Hafsteins Larsen, kæranda og sambýlismanns hennar um atburði þann 26. október 1991 samræmist framburði Jónasar Wilhelmssonar.

Í gögnum málsins er spóla með upptökum á 28 símtölum sem tekin voru upp á símsvara sem tengdur var við heima- og vinnusíma kæranda. Kærandi kveður símtölin hafa verið tekin upp á einum mánuði sumarið 1990. Upptökur voru ekki framkvæmdar af lögreglu, heldur kæranda sjálfum og með samþykki bæjarstjórans á Eskifirði. Samkvæmt þessum upptökum er sá, sem ræðir við kæranda, með leiðindi í hennar garð og kallar hana ýmsum ónöfnum. Sá, sem talar við kæranda í símann, kallar sig stundum Guðjón, Guðjón Hjaltason eða Guðjón Hjalta og svarar stundum því nafni. Viðkomandi kallar sig líka eskfirskan athafnamann sem eigi rækjuverksmiðju. Þá er kærandi skv. upptökunum oft nefnd sömu ónöfnum og ákærði á að hafa kallað kæranda skv. framburði ýmissa vitna. Lögreglumennirnir Jónas Wilhelmsson og Úlfar Jónsson hafa báðir fullyrt fyrir dómi að hér sé um að ræða rödd ákærða. Kærandi og eiginmaður hennar hafa og fullyrt að hér sé um að ræða rödd ákærða, en af samtölunum á hljóðsnældunni má ráða að viðkomandi aðilar þekkist.

Ákærði hefur, eins og áður segir, mótmælt efni ákærunnar. Hann hefur neitað fyrir dómi að svara spurningu um það hvort þetta hafi verið hans rödd í segulbandsspólunni. Hann hefur svarað því til fyrir dómi að hann þekki ekki rödd sína af segulbandi, auk þess sem hann hafi aldrei hringt heim til kæranda. Við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 24. október 1990 kemst ákærði eins að orði um að hann hafi aldrei heyrt rödd sína á segulbandsspólu. Hann viðurkenndi hins vegar að hafa átt tvö af þeim símtölum sem tekin voru upp, m.a. að hafa kallað kæranda „lygatúrbínu" og „lygadrullupíku".

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði því, sem lagt var fram við þingfestingu málsins, gekkst ákærði undir dómsátt á árinu 1980 vegna umferðarlagabrots. Þá var

þess getið að ákærði hefði þann 11. febrúar 1988, þann 14. febrúar 1991 og þann 12. mars 1991 verið áminntur af lögreglu í samræmi við ákvæði 232. gr. almennra hegningarlaga, en við rannsókn málsins kom í ljós að ákærði hefur einungis tvisvar verið áminntur af lögreglu og var því í málinu lagt fram nýtt sakavottorð.

Niðurstöður.

Framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir rétti er óljós, en ákærði hefur, eins og áður segir, mótmælt efni ákærunnar, en lítið viljað tjá sig um einstök tilvik sem vitni hafa lýst. Af framburði ákærða má ráða, að hann hafi talið sig eiga sökótt við bæjaryfirvöld á Eskifirði, en Þórunn Gyða Kristjánsdóttir er starfsmaður á bæjarskrifstofunum, eins og áður er nefnt.

Þrátt fyrir neitun ákærða er sannað skv. framburði vitna, að ákærði hefur ónáðað og ofsótt Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur. Flest vitnin nefna ákveðin tilvik í þessu sambandi, en þau, sem gerst þekkja til, segja ónæðið hafa verið viðvarandi og m.a. vegna þess sé erfitt að nefna nákvæmlega hvenær hinir einstöku atburðir, sem spurt var um í réttinum, áttu sér stað. Þó kemur fram hjá vitnum að ákærði hafi ofsótt kæranda eftir fyrri áminningu lögreglu og einnig eftir þá síðari.

Eins og áður segir kallaði Björn Halldórsson lögreglufulltrúi ákærða fyrir þann 11. febrúar 1988 og bókaði svo í lögregluskýrslu, sem ákærði undirritaði: „Guðjón er mættur hjá rannsóknarlögreglunni, samkv. boðun, en hann er ákærður (sic) fyrir að hafa áreitt og ofsótt Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur, Strandgötu 120, Eskifirði, undanfarin ár. Gætt er 40. gr. 1. mgr. l. nr. 74/1974 og skýrir mætti svo frá, áminntur um sannsögli: Mætti kveðst ekki svara spurningum, þar sem hann segist vera of mikill maður til þess. Þá segir mætti að Þórunn viti betur en það, að það sanna komi ekki fram. Mætta er nú bent á, að hann sé áminntur samkv. 232. gr. hgl. og er mætta kynnt greinin. Hann segist skilja greinina og hugsanlegar afleiðingar, ef áminningin verður ekki virt."

Lögreglumaðurinn hefur nefnt að tveir vottar hafi verið að áminningunni, en ákærði þvertekið fyrir það að svo hafi verið, en á nefnda skýrslu er ekki vottað og ekki hefur komið fram hverjir eigi að hafa gert það. Ákærði hefur haldið því fram að Björn Halldórsson lögreglumaður hafi sagt sér að ekki yrði frekar aðhafst í málinu, en lögreglumaðurinn hefur þvertekið fyrir að hafa viðhaft orð þess efnis við ákærða. Hins vegar hefur verið upplýst við meðferð málsins fyrir dómi að tilkynning um áminninguna var ekki send Sakaskrá ríkisins fyrr en rúmlega tveimur árum eftir að áminnt var. Ákærði og lögreglumaðurinn hafa báðir borið að viðkomandi lagagrein hafi verið lesin upp fyrir ákærða nefnt sinn og kærandi hefur sagt að ákærði

hafi hætt ofsóknum í 4–6 mánuði eftir þessa áminningu. Þrátt fyrir ágalla við áminninguna verður talið að ákærði hafi skilið eða mátt skilja efni áminningarinnar, og telst hún, eins og á stendur, uppfylla skilyrði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýnt er að áminnt var að gefnu tilefni.

Í gögnum málsins er bókun um áminningu lögreglunnar frá 12. mars 1991. Þar er skýrlega bókað um efni áminningarinnar og áhrif hennar. Ákærði var áminntur af Jónasi Wilhelmssyni varðstjóra í viðurvist Elvars Óskarssonar varðstjóra og ákærða sem skrifaði undir skjalið.

Í þinghaldi þann 9. febrúar sl. kvaðst ákærði ekki minnast þess að sér hafi verið veitt síðari áminningin, en í þinghaldi þann 25. júní sl. kvaðst ákærði muna eftir að hafa hlotið þá áminningu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er sannað að ákærði hefur á árunum 1988–1992 ofsótt og ónáðað Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur með þeim hætti sem nefnt er í ákæru, þrátt fyrir það að ákærði hafi tvisvar verið varaður við af lögreglu í samræmi við 232. gr. almennra hegningarlaga.

Telst háttsemi ákærða því varða við þá lagagrein sem getið er í ákæruskjali.

Geðhagir ákærða.

Að tilhlutan ákæruvaldsins fór ákærði í viðtöl hjá Jóni Friðrik Sigurðssyni sálfræðingi þann 28. janúar 1993, þar sem hann gekkst undir ýmis sálfræðileg próf. Niðurstöður sálfræðingsins eru eftirfarandi:

„– – –

Að því er varðar mat á sakhæfi Guðjóns þá er það mat undirritaðs að Guðjón hafi átt við að stríða visst ójafnvægi á geðsmunum sem undanfara verknaða þeirra sem mál þetta snýst um. Það er þó álit undirritaðs að framangreint ójafnvægi hafi að líkindum ekki verið á svo háu stigi að hann hafi ekki átt að vera fær um að gera sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum atferlis síns. Það er því mat undirritaðs að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við í þessu tilviki, né heldur virðast ákvæði 16. gr. sömu laga uppfyllt samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Guðjón Hjörvar Hjaltason telst því sakhæfur."

Refsing.

Með hliðsjón af þeim gögnum, sem fram hafa komið um geðhagi ákærða, telst ákærði sakhæfur.

Hér er um að ræða samhverft brot, en við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga að brot ákærða er stórfellt og að því er virðist án tilefnis. Þrátt fyrir það að ákærði hafi ekki áður verið fundinn sekur fyrir rétti um brot á

almennum hegningarlögum, verður að hafa í huga við ákvörðun refsingar að ákærði var tvisvar áminntur af lögreglu vegna háttsemi sinnar.

Í 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga segir að viðurlög við broti varði „sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum".

Að hálfu ákæruvaldsins hefur því verið haldið fram að refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga geti orðið varðhald í tvö ár, en verjandi ákærða hefur mótmælt þeirri túlkun og talið að varðhaldsrefsing geti mest orðið 6 mánuðir fyrir brot gegn ákvæðinu.

Ákvæði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga er sambærilegt 265. gr. dönsku hegningarlaganna. Við samningu frumvarps að almennum hegningarlögum nr. 19/1940 voru hegningarlögin dönsku frá 1930 að miklu leyti höfð til hliðsjónar. Hins vegar er hámarkstími varðhaldsrefsingar skv. dönsku hegningarlögunum 6 mánuðir, en 2 ár skv. íslensku hegningarlögunum. 1. mgr. 232. gr. hegningarlaganna íslensku var breytt með lögum nr. 16/1976, en áður hafði hámarksrefsing verið 6 mánaða varðhald. Í greinargerð með lögum nr. 16/1976 segir m.a.: „Sýnist vera þörf á auknum refsiviðurlögum, sem m.a. gera það mögulegt að beita mann gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn stendur, sbr. hins vegar nú 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 og 3. mgr. 65. gr stjórnarskrár . . ." Þá má hafa í huga reglu 1. mgr. 79. gr. almennra hegningarlaga sem var í gildi er lögin nr. 16/1976 voru sett, en þessi regla var felld úr lögum árið 1988, en hún kvað á um að þegar breyta skyldi refsingu þeirri sem við broti var lögð, teldist tveggja daga fangelsi jafnt þriggja daga varðhaldi.

Samkvæmt orðum greinargerðar með lögum nr. 16/1976 er óvíst að löggjafinn hafi ætlað að auka hámark varðhaldsrefsingar fyrir brot gegn ákvæðinu heldur einungis að láta brotið einnig geta varðað fangelsisrefsingu. Þrátt fyrir það að ákvæði 1. mgr. 232. gr. tiltaki ekki sérstakt hámark varðhaldsrefsingar fyrir brot sem þetta, verður í samræmi við meginreglur um lögskýringu í refsirétti og með hliðsjón af framansögðu að telja þennan vafa við túlkun varðandi refsihámark ákærða í hag, þannig að fangelsisrefsing í 6 mánuði sé hámarksrefsing fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. og að mönnum verði eigi ákveðið lengra varðhald en í 6 mánuði fyrir brot gegn ákvæðinu. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af þessari niðurstöðu um refsihámark.

Þar sem ákærði hefur ekki áður sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu þykir skv. framansögðu rétt að ákærði sæti varðhaldsrefsingu, sem ákveðst hæfileg 4 mánuðir, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum fjórum árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar, kr. 80.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Hjörvar Hjaltason, sæti varðhaldi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum fjórum árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, kr. 80.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000,00.

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994.

Nr. 360/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
H
(Jóhann Þórðarson hrl.)

Brenna. Eignaspjöll. Lögregluranns ókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða og einnig af ákæruvaldsins hálfu með stefnu 11. ágúst 1993. Ákærði krefst sýknu, en af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar upplýsingar um menntun og starfsreynslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns til að rannsaka bruna.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa kveikt í íbúðarhúsinu að N í V 15. desember 1992. Frásögn hans af atburðum hefur verið stöðug. Sakfelling héraðsdóms er byggð á vettvangsrannsókn Bjarna J. Bogasonar og Gylfa Gylfasonar rannsóknarlögreglumanna 17. desember 1992 og athugun Sigmundar Þórissonar rafmagnseftirlitsmanns á raflögnum og rafbúnaði á bænum N 18. desember. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar segir Sigmundur, að við athugun sína hafi ekkert komið í ljós, er bent gæti til bruna út frá rafmagni. Hann hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi og kvaðst þá þeirrar skoðunar að eldsupptök yrðu ekki rakin til rafmagns. Hann vildi ekki fullyrða, að um íkveikju væri að ræða. Hann taldi eldsupptökin hafa verið við kommóðu í forstofu, þar sem bruninn hefði verið mestur þar.

Lögreglumennirnir segja í skýrslu sinni, að rannsókn þeirra hafi leitt í ljós, að upptök eldsins hefðu verið á tveimur stöðum, annars vegar í eða við kommóðu, sem staðið hafi við norðurvegg forstof-

unnar milli dyra inn í eldhús og inn á bað, en hins vegar í skáp undir vaskinum í eldhúsi. Telja þeir engin tengsl milli þessara tveggja eldsupptaka og engar líkur á því, að eldurinn hafi af sjálfsdáðum færst þar á milli. Útiloka þeir, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða eða að kviknað hafi í út frá rafmagni. Þar sem eldurinn hefði þannig komið upp á tveimur stöðum, fullyrða þeir, að kviknað hafi í af mannavöldum. Þeir gerðu myndband á vettvangi og létu ákærða lýsa atburðarásinni frá hans sjónarhóli. Þar kemur ekki fram, hvort ákærði var yfirheyrður sem vitni eða grunaður eða hvort annarra ákvæða laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála varðandi yfirheyrslur lögreglu hafi verið gætt. Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður hefur ekki komið fyrir dóm til skýrslugjafar, en hann er sá lögreglumannanna, sem hefur þekkingu og reynslu af rannsókn á brunavettvangi. Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður staðfesti skýrslu þeirra lögreglumanna fyrir dómi. Hann kvaðst ekki geta svarað því, hvernig eldurinn gat kraumað klukkutímum saman, en taldi ástæðuna hugsanlega vera þá, að ákærði hefði reynt að slökkva eldinn, svo sem hann hefur borið. Hann gat ekki gefið skýringu á því, hvaðan brunaleifar framan við vaskinn væru komnar, en taldi hugsanlegt, að þær hefðu fallið niður úr loftinu, en loftið milli forstofu og eldhúss brann burt. Hann kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvernig þéttingar voru í kringum frárennslisrör undir vaski í eldhúsi. Fyrir héraðsdómi voru ekki frekar kannaðar þær skýringar, er verjandi ákærða taldi geta verið á því, að eldur barst í eldhússskáp. Af myndum og myndbandsupptöku að dæma verður ekki útilokað, að eldurinn hafi getað borist í eldhússskáp úr loftinu. Ekki var haft samráð við sérfræðinga Brunamálastofnunar við rannsókn brunans, eins og boðið er í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. Sakfelling héraðsdóms er því í raun eingöngu byggð á mati eins lögreglumanns, sem sérfróður er um rannsóknir á eldsupptökum. Sá sérfræðingur kom ekki fyrir dóm til skýrslugjafar.

S, nágranni ákærða, sem fór ásamt honum á vettvang, eftir að ákærði taldi sig hafa slökkt eldinn, kvaðst fyrir dómi trúa á sakleysi hans. Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt, sem benti til, að ákærði hefði borið eld að húsinu. Eigur þær, er ákærði átti að N, voru óvátryggðar, og ekki hafði hann bjargað þeim út, er aðrir komu á vettvang. Hugleiðingar lögreglu á Blöndu-

ósi um, hvað ákærða hefði getað gengið til með íkveikju, eru órannsakaðar og engum gögnum studdar.

Af framangreindu leiðir, að ákæruvaldinu hefur ekki tekist sönnun þess, að um íkveikju hafi verið að ræða. Ber því samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna ákærða af kröfum þess.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, H, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og
Ingibjargar Benediktsdóttur

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem lagðar hafa verið fram í réttinum um menntun og starfsreynslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns, er ljóst, að hann hefur aflað sér víðtækrar þekkingar á rannsóknum, er lúta að brunamálum. Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm og staðfesti vettvangsrannsókn þeirra lögreglumannanna, en samkvæmt henni voru eldsupptök á tveimur stöðum í húsinu. Telja þeir, að engin tengsl hafi verið milli þessara tveggja eldsupptaka og engar líkur á því, að eldurinn hafi farist þar á milli. Þeir fullyrða, að um íkveikju hafi verið að ræða.

Frásögn ákærða er um margt ótrúverðug, einkum varðandi tilraunir hans til að ráða niðurlögum eldsins og þann tíma, sem leið áður en hann leitaði aðstoðar á K 2. Hann kvaðst ekki hafa reynt að komast í síma, sem var í svefnherbergi, þar sem hann taldi það hættuspil. Allt að einu fór hann upp á loftið eftir eldsupptök til að kanna, hvort þar væri eldur, þrátt fyrir það að þá væri plötuklæðning í loftinu farin að sligast niður. Ákærði settist upp í bifreið sína,

sem stóð fyrir utan húsið, eftir að hann varð eldsins var. Í framsæti bifreiðarinnar var lítið slökkvitæki, en innsigli þess var órofið. Ákærði kvaðst hafa haldið, að sér hefði tekist að ráða niðurlögum eldsins, áður en hann fór að K 2. Er ljóst, að hann gekk ekki úr skugga um þetta, svo sem eðlilegt hefði verið. Með vísan til þessa og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja fram komnar yfirgnæfandi líkur á, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, og ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 3. ágúst 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 3. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-263/1993: Ákæruvaldið gegn H, sem tekið var til dóms þann 9. júlí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 22. mars sl. gegn ákærða H, N, V. A.-Húnavatnssýslu, fæddum [...] 1949, „fyrir brennu eða stórfelld eignaspjöll með því að hafa þriðjudaginn 15. desember 1992 lagt eld að tveimur stöðum á jarðhæð íbúðarhússins á bænum N, í skáp undir eldhússvaski og í forstofu, í eða við kommóðu við vegginn milli eldhúss og baðs. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið eldsvoða, sem hafði í för með sér almannahættu og olli verulegu eignatjóni, en eldurinn var slökktur af brunavörnum A.-Húnavatnssýslu.

Telst þetta varða við 164. gr., en til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Þriðjudaginn 15. desember 1992 kl. 21.15 barst lögreglunni á Blönduósi tilkynning um að eldur væri laus í íbúðarhúsi á bænum N í V. Kom tilkynningin frá Sigurði Þorbjörnssyni, Kornsá, og var ábúandi að N, ákærði í máli þessu, sagður staddur hjá honum. Veður þennan dag var mjög slæmt og hafði verið svo undanfarna daga, stormur og stórhríð. Gekk lögreglu og slökkviliði því erfiðlega að komast á vettvang vegna ófærðar og hófst slökkvistarf ekki fyrr en kl. 01.02. Gekk greiðlega að slökkva eldinn, og lauk skökkvistarfi að fullu kl. 03.00 um nóttina.

Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á vettvang og unnu þeir að rannsókn málsins þann 17. og 18. desember sl. Einnig komu á vettvang Sigmundur Þórisson frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Akureyri, og Guðjón Ragnarsson frá Rafmagnsveitum ríkisins, Blönduósi.

Í skýrslu rannsóknara er aðstæðum á vettvangi lýst. Segir í skýrslunni, að umrætt íbúðarhús standi eitt og sér við V.veg í vestanverðum V. Eru hesthús og hlaða um 200 metra sunnan við íbúðarhúsið og um það bil 500 metrar í næsta býli, Kornsá I. Húsið er steinsteypt, ein hæð og ris og 79 m^2 að grunnflatarmáli. Það er með bárujárnsþak og veggir viðarklæddir. Gaflar hússins snúa mót norðri og suðri. Einar dyr eru á húsinu og snúa móti vestri. Þegar gengið er inn er komið inn í forstofu. Til vinstri er eldhús, inn af því geymsla. Austar er gengið inn á baðherbergi. Beint á móti aðaldyrum er herbergi. Innst til hægri er svefnherbergi, við hliðina á því er stofa. Hægra megin við aðaldyr er tréstigi upp á loft. Risinu er skipt í tvennt, annars vegar geymsluloft í norðurhluta en tvö herbergi í suðurhluta. Beint upp af stiganum er geymsluherbergi. Steyptir innveggir eru í forstofunni og milli eldhúss og baðs. Gólfið er steypt en loftið úr tré. Loftið var einangrað með heyi og sementspokum. Í norðurhluta rissins var þakið óeinangrað en steinullarmottur höfðu verið lagðar á gólfið. Í norðurhluta rissins er rafmagnstafla hússins. Loftið í forstofunni var klætt með asbestplötum og höfðu þær verið klæddar spónaplötum að hluta. Veggir voru klæddir með svonefndum filmuplötum, krossviðarplötum. Í forstofunni var stóll undir símanum og fatahengi, símatengill tengdur snúru og símtæki, milli svefnherbergisdyra og stofudyra, við vegginn milli eldhúss og baðs var kommóða. Í eldhúsinu eru tveir ísskápar, eldhússborð, stólar og eldhússinnrétting.

Í skýrslu rannsóknara er þróun brunans lýst og segir þar að í eldhúsi hafi eldurinn takmarkast við eldhússskápinn undir vaskinum. Hluti af eldhússloftinu, suðurhluti, næst forstofu hafi brunnið burt. Forstofan er sögð talsvert brunnin, mest nyrst. Neðstu brunaferlar í forstofunni eru við vegginn milli eldhúss og baðs og þar fyrir ofan hefur loftið brunnið í burtu. Ekki brann þó allt loft í forstofu burt. Loftið fyrir ofan baðið og hluta herbergis var einnig burt brunnið. Steinveggir í forstofunni svo og asbestklæðningin í loftinu og lokaðar útidyr töfðu að mati rannsóknara fyrir útbreiðslu eldsins og komu í veg fyrir, að húsið brynni allt til kaldra kola.

Rannsóknarar komast að þeirri niðurstöðu að um tvo eldsupptakastaði sé að ræða, annars vegar í forstofu í eða við kommóðu við norðurvegginn, vegginn milli eldhúss og baðs, og hins vegar í eldhússskápnum undir vaskinum. Telja rannsóknarar engin tengsl á milli þessara tveggja eldsupptaka-

staða og engar líkur á að eldur hafi af sjálfsdáðum færst á milli. Að mati rannsóknara er útilokað að eldurinn hafi kviknað af sjálfsdáðum og einnig útiloka þeir að kviknað hafi í út frá rafmagni. Fullyrða þeir að um sé að ræða íkveikju af mannavöldum.

Rannsóknarar hafa lagt mat á það, hvort almannahætta hafi verið samfara brunanum. Segir í skýrslu þeirra að á 1. veðrétti íbúðarhússins hvíli 500.000 króna lán frá Lífeyrissjóði Norðurlands vestra, dags. 05.12. 1990, og fasteignin er brunatryggð fyrir 5.471.000 krónur. Telja rannsóknarar að um almannahættu hafi verið að ræða, þ.e. hættu á, að hagsmunir, sem bundnir eru við eignina, hefðu getað farið forgörðum. Þá telja rannsóknarar ekki hættu á því að hagsmunir utan eignarinnar hefðu getað farið forgörðum vegna eldsvoðans. Hins vegar er það mat þeirra, að öryggi íbúa þess svæðis sem slökkvilið Blönduóss þjónar, hafi verið verulega stefnt í voða, þar sem meiri hluti slökkviliðs var bundinn í ófærð utan þéttbýlis.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn farið út í hesthús um kl. 14.00, og þegar þangað kom, hafi fennt mikið inn, og var hann lengi að moka út. Ákærði kvaðst ekki hafa nákvæmar tímasetningar en kvaðst hafa verið 3 til 5 tíma í hesthúsinu að hreinsa snjó og tað undan hrossum. Ákærði kvað rafmagnið hafa farið af hesthúsunum einhvern tíma, og fannst honum það ekki undarlegt en aftakaveður var.

Þegar ákærði kom heim, sennilega um kl. 18, kvaðst hann hafa opnað dyrnar og þá fundið mikið reykjarkóf koma á móti sér og kvaðst hann hafa gengið inn. Ákærði kvaðst hafa farið út aftur og þá gripið sjónvarp sem var fyrir innan dyrnar, og farið með það út og skellt hurðinni aftur. Ákærði kvaðst hafa farið með sjónvarpið út í bifreið sína og bakkað henni frá.

Ákærði kvaðst hafa farið aftur að húsinu og opnað og þá kvað ákærði að eldur hefði komið á móti sér. Ákærði kvaðst ekki hafa komist inn og kvaðst hafa lokað hurðinni aftur. Ákærði kvaðst hafa gert aðra tilraun til þess að komast inn, en það hafi ekki tekist.

Ákærði kvaðst hafa lagt af stað til bæja en kvaðst ekki hafa treyst sér langt sökum veðurs. Ákærði kvaðst hafa reynt aftur að komast inn, en það hafi ekki tekist fyrr en eftir nokkra stund.

Ákærði kvaðst hafa kastað snjó inn í „holið“, og eftir nokkurn tíma fór hann inn og fór upp á loft og kíkti þar inn, en kvaðst engan eld hafa séð. Ákærði kvað mikinn reyk hafa verið uppi. Ákærði kvað norðurenda loftsins óinnréttaðan, en hurð hafi verið á skilrúmi, sem ákærði kvaðst hafa opnað og séð reyk þar en enga glóð. Ákærði kvaðst síðan hafa farið beint út aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa gert fleiri tilraunir til að fara inn í húsið en loftplötur voru farnar að síga.

Ákærði kvaðst nú hafa farið að bænum Kornsá II, þegar ákærði treysti sér vegna veðurs, en veðri hafði þá slotað aðeins. Ákærði kveðst hafa sagt bóndanum þar að kviknað hefði í og taldi ákærði sig hafa slökkt allan eld. Ákærði kvaðst hafa þegið matarbita þarna og síðan farið með Sigurði Þorbjörnssyni að N.

Ákærði kvað, að Sigurður hefði opnað og var þá kominn upp eldur aftur. Hefði Sigurður þá lokað dyrunum og fóru þeir strax aftur og hringdu eftir aðstoð, en ákærði kvað það hafa verið í fyrsta sinn, sem slökkviliði var tilkynnt um eldinn.

Ákærði kvaðst telja, að kviknað hefði í út frá rafmagni.

Ákærði neitaði því að hafa kveikt í sjálfur.

Aðspurður, hvaða efni hefði verið í eldhússskápnum, svaraði ákærði því til, að hann myndi það ekki, en taldi, að ýmis efni hefðu verið þar, sem eigandinn setti þangað. Ákærði kvaðst hafa sett bréfarusl í ruslakörfu.

Kvað ákærði, að á loftinu hefðu verið ýmis málningarefni, terpentína, málning o.fl.

Vitnið Ásta Sigurbjörg Magnúsdóttir, kt. 081029–3429, til heimilis að Húnabraut 22, Blönduósi, staðfesti, að það hefði oft þvegið þvotta af ákærða, þegar hann þurfti á að halda.

Vitnið Jón Hannesson, kt. 020627–3799, til heimilis að Húnabraut 22, Blönduósi, skýrði svo frá fyrir dómi, að það væri eigandi umræddrar jarðar.

Vitnið kvaðst hafa nokkrum dögum fyrir brunann verið að setja upp ramma úr furu í dyraop í eldhúsi, en eldhúss megin var klæðningin laus, en engin klæðning var komin upp forstofu megin. Vitnið kveðst hafa notað terpentínu, þynni og fleira við þetta, og kvaðst vitnið telja, að það hefði sett þessi efni í ruslaskápinn í eldhúsi.

Vitnið kvaðst vera búið að fá tryggingabætur að nokkru leyti en kvaðst eiga von á bótum eftir því sem endurbótum miðar.

Kvað vitnið, að tjónið hefði verið metið á 3,6 milljónir króna.

Vitnið kvað, að sett hefði verið upp rafleiðsla frá hitakúti í rafmagnstöflu, sem var uppi á lofti, fyrir 8 árum. Kvað vitnið, að fyrri ábúandi hefði tekið hitakútinn ásamt tengli og stóðu eftir þetta 2 rafmagnsvírar. Hitakúturinn stóð fast við vegginn, gagnstætt staðsetningu hitakútsins, sem er þar nú. Vitnið kvað, að umræddir tveir rafmagnsvírar hefðu staðið út úr veggnum inn á baðið og voru þeir notaðir til að hengja föt á þá. Vitnið taldi að straumur hefði verið á þessum vírum, en þeir lágu í rafmagnstöflu.

Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök mætti rekja til umræddra víra.

Þá kvaðst vitnið telja mögulegt, að eldur hefði borist inn í eldhússskáp í gegnum leiðslur frá hitakúti sem liggja inn í eldhús.

Þá benti vitnið á, að bruni við kommóðu virtist koma ofan frá, frá umræddu dyraopi í eldhúsi.

Vitnið Bragi Sigurgeir Árnason, kt. 261250–2929, til heimilis að Urðarbraut 9, Blönduósi, slökkviliðsstjóri, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa unnið að slökkvistörfum að N 15. desember sl. Aðspurt, hvernig eldur gæti kraumað svo lengi sem raun varð á, kvað vitnið mögulegt, að svo gæti farið, ef súrefni kæmist ekki að.

Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir eldsupptökum, en taldi ekki ósennilegt, að þau hefðu orðið með þeim hætti sem rannsóknarar segja. Vitnið kvað mestan eld hafa verið í forstofu, við inngang á baðið og við herbergisvegg milli baðs og herbergis.

Vitnið kvað fyrstu slökkviaðgerðir hafa verið þær að reynt var að komast að framdyrum, en þeir hefðu gefist upp á því og þá brotið upp þrjá glugga á austurhlið og sprautað vatni þar inn.

Vitnið kvað, að einhver eldur hefði verið í forstofu og eldhúsi, en hann var slökktur, eftir að þeir komust inn í húsið. Vitnið kvað, að einnig hefði verið dælt inn um eldhússgluggann.

Vitnið Sigurður Ingi Þorbjörnsson, kt. 301145–3499, til heimilis að Kornsá II, V., skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði umrætt sinn komið heim til vitnisins um kvöldmatarleytið og sagt, að kviknað hefði í. Kvað vitnið, að ákærði hefði talið sig búinn að slökkva eldinn. Vitnið kvað ákærða hafa verið gefið að borða, og fóru þeir síðan að líta á aðstæður. Kvað vitnið sig þá hafa séð að húsið var fullt af reyk og jafnframt kvaðst vitnið hafa séð, að glóð var inni á baðherbergi. Vitnið kvaðst hafa opnað útidyrahurðina en séð að allt var fullt af reyk, og því lokað strax aftur. Hafi þeir síðan kallað eftir aðstoð.

Vitnið Sigmundur Þórisson, kt. 300346–3759, til heimilis að Mýrarvegi 114, Akureyri, rafmagnsiðnfræðingur hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa skoðað vettvang að N.

Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök yrðu ekki rakin til rafmagns. Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök hefðu verið þar, sem kommóða stóð, sökum þess að þar var mestur bruni, eða í forstofu.

Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða, að um íkveikju hefði verið að ræða.

Vitnið kvað lekastraumsrofa leysa út og venjulega valdi þeir ekki íkveikju. Vitnið kvað að mjög lítill neisti geti myndast þegar hann leysir út.

Vitnið kvaðst ekkert hafa fundið sem benti til skammhlaups og kvað

vitnið að öll öryggi hefðu verið inni. Vitnið kvað lekastraumsrofa ekki koma í veg fyrir bruna vegna skammhlaups. Vitnið kvað slæmar tengingar og hitamyndun milli fasa ekki leysa lekastraumsrofa út.

Vitnið kvað, að þau skilyrði gætu myndast, að kviknað gæti í út frá rafmagni, enda þótt lekastraumsrofi væri fyrir hendi. Vitnið kvaðst ekkert hafa séð, sem benti til þess, að svo hefði orðið.

Vitnið kvað, að miðað við brunaferla hefðu eldsupptök verið á svæði, þar sem kommóða stóð.

Vitnið kvað allar raflagnir, sem það skoðaði, hafa verið sviðnar utan frá.

Vitnið kvað, að ef viðvarandi truflanir yrðu í sjónvarpi, þegar kveikt væri á rafmagnsrofa, væri eitthvað að, sem benti til slæms sambands í rofanum.

Vitnið kveðst ekki hafa haft rafmagnsteikningu undir höndum, þegar það skoðaði vettvang.

Vitnið Kristján Þorbjörnsson, kt. 100754–3639, til heimilis að Heiðarbraut 12, Blönduósi, yfirlögregluþjónn, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið sitt mat, þegar öll gögn lágu fyrir, að ákærði hefði sjálfur kveikt í, en vitnið kvaðst í fyrstu ekki hafa séð ástæðu til að ætla að svo hefði verið. Vitnið kvaðst ekki hafa farið á brunavettvang.

Vitnið Kristófer Sæmundsson, kt. 161258–2889, til heimilis að Heiðarbraut 5, Blönduósi, lögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fljótlega fengið það álit, að um íkveikju hefði verið að ræða.

Vitnið kvaðst ekki hafa gengið á ákærða um það atriði.

Vitnið kvaðst hafa talað um að ekki logaði eldur í suðurhluta hússins og kvað vitnið, að talað hefði verið um það, áður en slökkvistörf hófust, að ná mætti einhverjum hlutum út um suðurgluggann. Vitninu fannst ákærði svara því einkennilega en hann taldi lítinn tilgang að bjarga hlutum úr húsinu ef ekki væri hægt að koma þeim í hús. Vitninu fannst ákærði ekki hafa mikinn vilja til að bjarga eignum sínum. Kvað vitnið þetta ástæðu þess að hann grunaði ákærða um verknaðinn.

Þá fannst vitninu líða óeðlilega langur tími þangað til ákærði leitaði aðstoðar.

Vitnið kvað, að grunur þess hefði staðfest, þegar inn var komið. Vitnið kvaðst engin tengsl hafa séð milli brunastaða í forstofu og eldhúsi. Vitnið kvað, að allt hefði bent til, að eldur hefði logað á tveimur aðskildum stöðum. Vitninu virtist eldur hafa logað í eldhússskáp og slokknað þar, en í forstofu virtist eldurinn hafa logað inni á baðherbergi og herbergi.

Vitnið kvaðst engin tengsl hafa séð milli þessara tveggja brunastaða. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð ummerki bruna í kverk í dyraopi í eldhúsi.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það nákvæmlega hvar upptök eldsins

voru. Vitnið mundi ekki hvað bruninn náði langt inn eftir loftinu úr forstofunni í húsinu. Vitnið kvaðst ekki muna hversu mikið veggur milli forstofu og herbergis var brunninn.

Vitnið Gylfi Gylfason, kt. 280164–3999, rannsóknarlögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa skoðað brunavettvang ásamt Bjarna J. Bogasyni og gert skýrslu um niðurstöður athugana sinna.

Vitnið kvað ekki hafa verið tekin sýnishorn vegna málningarefnamengunar, en kvað græna málningu hafa fallið niður af lofti við brunann og gert öll sýni einskis nýt.

Vitnið kvaðst ekki geta svarað því, hvernig eldur hefði getað kraumað klukkutímum saman, en taldi ástæðuna hugsanlega geta verið þá, að ákærði hefði reynt að slökkva, en ekki tekist að slökkva alla glóð. Vitnið kvað ekki hægt að segja til um hvenær eldur kom upp.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvaðan brunaleifar framan við vaskinn komu, en hugsanlegt sé, að þær hafi fallið niður úr lofti eða að slökkviliðsmenn hafi sparkað leifum þangað við slökkvistörf. Vitnið kvað að sá hluti hurðalama, sem er úr plasti, hefði bráðnað og hurðir á eldhússinnréttingu fallið niður við það.

Vitnið kvaðst ekki hafa sérþekkingu til að svara því, hvaða áhrif klór getur haft á bruna.

Vitnið kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvernig þéttingar voru í kringum frárennslisrör við vask í eldhúsi.

Vitnið Ingibjörg Hafberg, kt. 290761–4099, til heimilis að Fannafold 76, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið ráðskona hjá ákærða að N frá miðjum ágúst í fyrra sumar til 6. nóvember sama ár. Vitnið kvaðst ekki telja, að það hefði verið í sambúð með ákærða, og sá því ekki ástæðu til að skorast undan vitnisburði í máli þessu.

Vitnið kvaðst hafa verið statt á Snæringsstöðum 15. desember sl., þegar eldur kom upp á bænum N, og kvaðst því ekkert geta borið um ástæður brunans.

Vitnið kvað þvottavélina hafa verið í baðherberginu við hliðina á hitakatlinum og kvaðst vitnið hafa notað framlengingarsnúru, sem það leiddi úr baðherberginu í tengil fyrir ofan vask í eldhúsi. Vitnið kvaðst hafa tekið þessa snúru með sér að Snæringsstöðum, þegar það fór þangað. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið sjónvarp sitt með sér, þegar það fór frá N. Vitnið kvað sjónvarpið hafa staðið við miðjan austurvegg stofunnar, meðan vitnið bjó þar. Vitnið kvað, að hitaketillinn hefði alltaf verið í sambandi, meðan vitnið bjó þarna. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið þvottavél sína með sér er

það flutti. Vitnið kvaðst ekki hafa lent í vandræðum með þvottavél sína meðan það bjó á Snæringsstöðum.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa kveikt í umræddu íbúðarhúsi og telur að eldsupptök megi rekja til rafmagns. Þegar gögn máls þessa eru virt, verður að telja nægilega upplýst að eldur hafi komið upp á tveimur stöðum, í skáp undir eldhússvaski og í forstofu, og verður ekki séð, að nein tengsl séu á milli þessara eldsupptakastaða. Þá verður ekki séð af gögnum málsins hvernig eldur hefði getað borist af sjálfsdáðum milli þessara staða. Þá hefur vettvangsrannsókn leitt í ljós, að eldsupptök verða ekki rakin til rafmagns, og hefur Sigmundur Þórisson rafmagnsiðnfræðingur staðfest þá niðurstöðu fyrir dómi. Ákærði bjó einn að N og umræddan dag var veður og færð með þeim hætti að harla ólíklegt má telja að aðrir hafi verið þar á ferð.

Þegar allt framanritað er virt þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Það er mat dómsins að almannahætta hafi eigi stafað af bruna þessum og varðar brot ákærða því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir mega líta til þess að hann gerði ráðstafanir til að slökkva eldinn og er sennilegt að án þessara aðgerða hans hefði húsið náð að brenna til kaldra kola.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsivistinni þykir mega fresta og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 80.000 krónur.

Björn Helgason saksóknari flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, H, sæti fangelsi í 8 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsivistinni skal fresta og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 80.000 krónur.

Mánudaginn 14. febrúar 1994.

Nr. 50/1994. **Olíufélagið hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Önfirðingi hf.

Kærumál. Varnarþing. Verslunarkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 28. janúar 1994. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Varnaraðili hefur eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf sóknaraðila frá 11. febrúar 1994 um viðskiptasamband hans við afgreiðslumenn á Hellissandi og Flateyri. Þar segir meðal annars: „Afgreiðslurnar eru reknar af afgreiðslumönnunum í umboðssölu. Tankar, birgða- og bensínstöðvar ásamt birgðum eru eign Olíufélagsins hf. Afgreiðslumenn fá afgreiðslulaun og skila mánaðarlega söluskýrslu til aðalskrifstofu yfir þá vöru, sem þeir selja fyrir Olíufélagið."

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991 skal skuldareigandi sækja mál í þeirri þinghá, þar sem hann hefur útibú og vara eða þjónusta hefur verið látin í té. Telja verður, að þetta ákvæði taki til þeirra viðskipta, sem fram hafa farið milli aðila málsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. september 1993, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 16. júní 1993, af Olíufélaginu hf., kt. 500269–4309, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, gegn Önfirðingi hf., kt. 021249–3949, Flateyri, og er stjórnarformanni þess, Ólöfu Önnu Ólafsdóttur, kt. 300754–

3879, Drafnargötu 7, Flateyri, stefnt f.h. þess hönd til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 656.425,00 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af kr. 406.003,00 frá 1. júní 1991 til 1. júlí 1991, af kr. 656.425,00 frá þeim degi til greiðsludags auk vaxtauppfærslu á 12 mánaða fresti með heimild í III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að frádregnum innborgunum 27. september 1991 kr. 50.000,00, 17. febrúar 1992 kr. 10.000,00 og í mars kr. 30.000,00, samtals kr. 90.000,00, sem stefnandi kveður hafa verið greiddar inn á kröfuna áður en hún kom til lögfræðilegrar innheimtu. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu hins stefnda félags hefur þing ekki verið sótt og er því þó löglega stefnt.

Verður þá eftir 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum. Mál þetta er höfðað til heimtu skuldar skv. 2 reikningum ásamt viðfestum nótum vegna úttekta hins stefnda félags á olíu og fleira hjá stefnanda.

Á reglulegu dómþingi hinn 23. september 1993 lagði stefnandi fram sókn þar sem gerð er grein fyrir varnarþingi málsins. Þar segir: „Olíufélagið hf. er með lögheimili og varnarþing í Reykjavík og rekur engin útibú eins og meðf. skráning hjá Hlutafélagaskrá ber með sér. Stefnandi lítur svo á, nema um annað sé samið, að viðskipti, sem eiga sér stað úti á landi, feli í sér samningssamband milli aðila, sem gangi út á afgreiðslu vöru og þjónustu frá starfsmanni og/eða umboðsmanni stefnanda á viðkomandi stað til kaupanda, en kaupandi vöru eða þjónustu lofi jafnframt að greiða fyrir þjónustuna hjá Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík. Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 91/1991 er því eðlilegt að stefna málinu inn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, enda um kunngerða viðskiptaskilmála að ræða, og engin mótmæli eru höfð uppi af hendi stefnda. Ég ítreka að stefnandi hefur engin útibú úti á landi, og bílstjóri og olíubifreið getur varla talist „föst starfsstöð“ í skilningi 36. gr. fyrrgreindra laga.“

Hinir fram lögðu reikningar eru merktir stefnanda, en auk þess Pétri Þórðarsyni, Brimnesvegi 28, Flateyri. Flestar hinna viðfestu nótna eru sömuleiðis merktar Pétri Þórðarsyni, en aðrar Ársæli Kr. Ársælssyni við Útnesveg, Hellissandi. Hinar viðfestu nótur bera með sér að þær eru vegna úttekta hins stefnda félags á olíu og ýmsum olíuvörum, svo sem frostlegi og áklæðahreinsi, en einnig eru þær vegna úttekta á verkfærum, vettlingum o. fl. Fram lagðir reikningar og úttektarnótur bera með sér að framangreindar vörur hafa verið fengnar í verslun eða annarri fastri starfsstöð á Hellissandi og Flateyri, enda er alkunna að olíufélög reka slíkar verslanir

um land allt. Samkvæmt stefnu er heimili hins stefnda félags á Flateyri. Með vísan til framangreinds svo og þess, að þing hefur ekki verið sótt af hálfu hins stefnda félags, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi án kröfu, sbr. 2. mgr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og Hæstaréttardóm frá 17. október 1988. Framlagning skjals, dskj. nr. 7, sem er útprentun úr Hlutafélagaskrá, þykir ekki hnekkja þeirri niðurstöðu.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1994.

Nr. 72/1994. **Bliki hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðmundi Óskarssyni,
Guðmundi Þormóðssyni og
Heiðmundi Sigurmundssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotalög. Skiptastjóri. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 8. febrúar. Kærð er ákvörðun Sigurðar T. Magnússonar, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur, er tekin var í þinghaldi 21. október 1993, að skipa skiptastjóra í þrotabúi Tækniplasts hf. Beiðni varnaraðila, sem ákvörðun héraðsdómara byggist á, laut jafnframt að endurupptöku gjaldþrotaskipta á þrotabúinu, er hófust 15. desember 1988 og lauk 30. júní 1992. Krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun þessi verði felld úr gildi, og ennfremur, „að ákvörðun um endurupptöku skiptanna verði felld úr gildi". Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Um kæruheimild er vísað til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 1. tl. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Tekið er fram í kærunni, að framkvæmdastjóri kæranda hafi fengið vitneskju um hina kærðu ákvörðun héraðsdómara 6. janúar sl.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hin kærða ákvörðun héraðsdómara „og endurupptaka skiptaráðanda á skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. verði staðfest". Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Aðalkröfu sína reisa varnaraðilar á því, að samkvæmt 7. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 verði ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra ekki kærð til Hæstaréttar. Kæruheimild verði því ekki byggð á 1. mgr. 179. gr. laganna.

I.

Hin kærða ákvörðun héraðsdómara laut ekki eingöngu að skipun manns í starf skiptastjóra, heldur tengdist fyrst og fremst því álitaefni, hvort lagaskilyrði væru til þess, að skipti á þrotabúi Tækniplasts hf. yrðu endurupptekin. Með hliðsjón af því, forsögu kærumálsins og breytingum á löggjöf, sem orðið hafa, frá því að lokið var skiptum á þrotabúinu, verður að líta svo á, að kæruheimild sé til staðar. Hún tekur hins vegar eingöngu til hinnar kærðu ákvörðunar héraðsdómara, en vitaskuld verður ákvörðun skiptastjóra um endurupptöku skiptanna ekki skotið til Hæstaréttar.

II.

Þegar bú Tækniplasts hf. var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 1988, rak félagið mál á bæjarþingi Garðabæjar gegn Sæplasti hf. á Dalvík, sem gagnstefndi Tækniplasti hf. Málið var höfðað í desember 1987 til innheimtu á hluta af tæknigjaldi samkvæmt kaupsamningi milli félaganna, en með samningi þessum hafði Tækniplast hf. selt Sæplasti hf. tæki og tækniþekkingu. Dómur í málinu var kveðinn upp 19. júní 1989. Samkvæmt honum var Sæplasti hf. gert að greiða í aðalsök 1.689.769 krónur og vexti, en Tækniplasti hf. í gagnsök 291.706 krónur og vexti. Sæplast hf. áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar 8. desember 1989.

Hinn 26. september 1991 höfðaði þrotabú Tækniplasts hf. mál á bæjarþingi Garðabæjar gegn Sæplasti hf. til heimtu eftirstöðva tæknigjalds, en samkomulag varð um, að það mál hvíldi, uns endanlegur dómur lægi fyrir í fyrra málinu. Hinn 4. mars 1993 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í því máli. Var héraðsdómur og málsmeðferð að hluta ómerkt. Byggðist niðurstaða dómsins á því, að farist hafði fyrir, að þrotabú Tækniplasts hf. tæki við aðild hins fyrra dómsmáls, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, og að það var enn við uppsögu héraðsdóms hálfu ári síðar formlegur aðili að málinu, auk þess sem lögmaður félagsins annaðist áfram rekstur þess án umboðs frá þrotabúinu. Þá var í dóminum bent á, að óhjákvæmilegt virtist, að sakarefni beggja umræddra dómsmála yrðu sameinuð í eitt mál í héraði, þar sem málsatvik, forsendur að kröfugerð og ágreiningsefni væru eins í báðum málum og þau álitaefni samofin, sem skera þyrfti úr.

Þegar hér var komið, voru átta mánuðir liðnir, frá því að lokið var skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. Hinn 8. september 1993 sneru varnaraðilar sér til Héraðsdóms Reykjavíkur með beiðni um, að „tekin verði upp skipti á þrotabúi Tækniplasts hf., til þess að búinu verði settur skiptastjóri, . . .". Í forsendum að ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra í þrotabúinu segir meðal annars:

„Beiðni um endurupptöku er á því byggð að kröfur á hendur Sæplasti hf. hljóti að teljast eignir í skilningi 1. mgr. 164. gr. laga nr. 21/1991. . . . hluthafar í Tækniplasti hf. hafi hagsmuni af því að framangreind dómsmál verði til lykta leidd en það sé ekki mögulegt nema skipti verði endurupptekin. Að öðrum kosti verði sýknað í málunum vegna aðildarskorts.

Samkvæmt 164. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 skal skiptastjóri taka afstöðu til þess, hvort skipti verði endurupptekin. Með tilliti til kringumstæðna þegar skiptum var lokið á þrotabúinu 30. júní 1992 og þess að ekki hafði verið skipaður sérstakur skiptastjóri í þrotabúinu þykir við þessar sérstæðu aðstæður bera að taka beiðnina til greina, enda hafa beiðendur hagsmuni af endurupptöku skiptanna."

Skiptastjóri var skipaður Brynjar Níelsson héraðsdómslögmaður. Hann ákvað 1. nóvember 1993 með vísun í 164. gr. laga nr. 21/1991 að endurupptaka skipti á þrotabúinu og gaf lögmanni varnaraðila umboð til að halda áfram rekstri umræddra dómsmála.

III.

Fjórir aðilar höfðu lýst kröfum í þrotabú Tækniplasts hf., samtals að fjárhæð 5.123.424 krónur. Meðal þeirra var Frjálst framtak hf. Nam krafa félagsins 63.979 krónum. Hinn 27. mars 1990 ritaði skiptaráðandi kröfuhöfum bréf, þar sem gerð var grein fyrir áðurnefndum héraðsdómi og áfrýjun hans til Hæstaréttar. Jafnframt var þess getið, að einn varnaraðila í kærumáli þessu, Guðmundur Óskarsson, formaður stjórnar Tækniplasts hf., hefði tjáð skiptaráðanda, að hann og aðrir stjórnarmenn í félaginu myndu halda uppi vörnum í málinu fyrir Hæstarétti á sinn kostnað og ábyrgð og hefðu ráðið sér málflutningsmann í því skyni. Með nefndu bréfi boðaði skiptaráðandi kröfuhafa og stjórnarmenn í félaginu á skiptafund til könnunar á því, hvort kröfuhafar væru reiðubúnir til þess að reka málið á sinn kostnað. Jafnframt var tekið fram, að ekki yrði af búsins

hálfu haldið uppi vörnum í málinu, þar sem búið væri eignalaust. Lét skiptaráðandi þess getið í lok bréfsins, að yrði ekki mætt af hálfu kröfuhafa samkvæmt fundarboðinu, myndi litið svo á, að þeir ætluðu sér ekki að ábyrgjast kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti. Formaður stjórnar Tækniplasts hf. mætti á boðaðan skiptafund og kynnti skiptaráðanda ákvörðun fimm hluthafa í félaginu að ábyrgjast greiðslu kostnaðar við málareksturinn. Enginn mætti hins vegar á fundinn af hálfu kröfuhafa. Svo fór, að varnaraðilar í kærumáli þessu tóku við rekstri máls þrotabús Tækniplasts hf. fyrir Hæstarétti.

Með auglýsingu í 75. tbl. Lögbirtingablaðs, er út kom 12. júní 1992, boðaði skiptaráðandi skiptafund í þrotabúi Tækniplasts hf. 29. s.m. Tilgangur fundarins var að gefa fundarmönnum kost á að setja tryggingu fyrir kostnaði af frekari skiptameðferð á búinu, en fengist hún ekki, mætti búast við, að skiptameðferð lyki á fundinum í samræmi við 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Fundur þessi var ekki sóttur af hálfu kröfuhafa, og var skiptameðferð þrotabúsins lokið á fundinum.

IV.

Að frá gengnum kröfuhöfum í þrotabúi Tækniplasts hf. var sambykki skiptaráðanda á þeirri málaleitan stjórnarmanna í félaginu, að þeir tækju að sér á eigin kostnað og ábyrgð rekstur umræddra dómsmála, í samræmi við 115. gr. laga nr. 6/1978. Eftir að þetta lá fyrir, voru ekki lengur lagaskilyrði til þess, að kröfuhafar fengju hnekkt þessari ráðstöfun, enda höfðu þeir enga gilda hagsmuni af því, úr því sem komið var. Við svo búið var ótvírætt, að forræði stjórnarmanna í Tækniplasti hf. á því að sjá um rekstur málanna fyrir dómstólum og leiða þau til lykta var lögum samkvæmt. Er og ekki vitað til, að andmæli við þessu af hálfu kröfuhafa hafi komið fram fyrr en með kröfu sóknaraðila í kærumáli þessu, þremur og hálfu ári eftir að til meðferðar var í skiptarétti ósk varnaraðila um að nýta rétt þrotamanns samkvæmt 115. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu eiga kröfur sóknaraðila sér enga lagastoð.

Engin lagahindrun var því í vegi, að umræddum dómsmálum yrði haldið áfram, enda þótt skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. væri lokið, sbr. 126. gr. laga nr. 6/1978, sbr. nú 2. mgr. 157. gr. laga nr. 21/1991.

Meðferð þrotabúsins var ekki falin skiptastjóra, sbr. 89. gr. laga nr. 6/1978. Ef til endurupptöku búsmeðferðar hefði komið samkvæmt 126. gr. laganna, að fengnum lyktum umræddra dómsmála, myndi skiptaráðandi hafa annast hana. Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 skal skipa skiptastjóra til meðferðar á þrotabúum. Til þess hefði þurft að koma, ef þrotabúi Tækniplasts hf. áskotnaðist fé við lok margnefndra dómsmála. Á hinn bóginn var hvorki þörf á skipun hans né endurupptöku búsmeðferðar, fyrr en á það reyndi, þar sem heimild varnaraðila til reksturs umræddra dómsmála af hálfu þrotabúsins var enn í fullu gildi. Þrátt fyrir það þykir hin kærða ákvörðun um skipun skiptastjóra mega standa óhögguð, enda raskar hún í engu hagsmunum þeirra, sem hér geta að lögum átt hlut að máli.

Með hliðsjón af atvikum öllum og tildrögum kærumáls þessa ákveðst kærumálskostnaður 100.000 krónur. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

V.

Með kæru 29. nóvember 1993 skaut Sæplast hf. til Hæstaréttar þeirri ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hér er til meðferðar. Var aðild félagsins að kærumálinu sögð byggjast á því, að það hefði verulega hagsmuni af því, að málaferli fyrrum hluthafa í Tækniplasti hf. féllu niður, þar sem þau hefðu valdið Sæplasti hf. skaða og óþægindum. Með dómi Hæstaréttar 5. janúar sl. var kærumálinu vísað frá dómi með svofelldum rökum: „Enda þótt ósk varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra tengist dómsmálum milli sóknaraðila og þrotabúsins, skapar það sóknaraðila engan rétt til afskipta af úrlausn þess álitaefnis. Skortir því lagaskilyrði fyrir kæru hans á framangreindri ákvörðun héraðsdómara . . .“

Í kæru þeirri til Hæstaréttar, sem hér er til meðferðar, greinir frá því, að sóknaraðili hafi fengið kröfu Frjáls framtaks hf. í þrotabú Tækniplasts hf., er áður getur, framselda 27. maí 1993 og að aðild sóknaraðila að kærumálinu byggist á því framsali.

Í gögnum kærumálsins kemur fram, að formaður stjórnar Sæplasts hf., Matthías B. Jakobsson, er einn þriggja manna, sem skipa stjórn Blika hf., sóknaraðila kærumálsins.

Þegar litið er til niðurstöðu héraðsdóms í hinu fyrra máli þrota-

bús Tækniplasts hf. gegn Sæplasti hf. og gagnsök, er ljóst, að þrotabúinu gat verið töluverður fjárhagslegur akkur í því, að málið yrði til lykta leitt fyrir dómstólum, þar sem búið gat vænst verulegra fjármuna upp í lýstar kröfur. Að sama skapi var það í þágu hagsmuna Sæplasts hf., að komið yrði í veg fyrir það. Aftur á móti er vandséð, hvern hag Bliki hf. hafði af slíkum málalokum, enda í engu samræmi við framsal til félagsins á kröfu í þrotabú Tækniplasts hf. Verður ekki séður annar tilgangur með þessu en sá að freista þess að ná því fram, sem Sæplasti hf. tókst ekki að koma fram í hinu fyrra kærumáli. Af þessu er ljóst, að málstaður sóknaraðila er með þeim hætti, að hann átti ekki erindi fyrir Hæstarétt. Er málarekstur fyrir dómstólum af þessu tagi ámælisverður og framganga Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns í kærumálinu vítaverð.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Sóknaraðili, Bliki hf., greiði varnaraðilum, Guðmundi Óskarssyni, Guðmundi Þormóðssyni og Heiðmundi Sigurmundssyni, sameiginlega 100.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1994.

Nr. 74/1994. **Alda Benediktsdóttir og**
Ingibjörg Bjarnadóttir
(Hlöðver Kjartansson hdl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1994, sem barst réttinum 9. sama mánaðar. Krefjast þeir þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „lagt verði fyrir héraðsdóm að kveðja forsvarsmenn varnaraðila fyrir dóm til að gefa skýrslu um málsatvik og kosta kapps um að yfirlýsingar varnaraðila fyrir héraðsdómi sem þýðingu hafa verði sem gleggstar". Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar in solidum úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta höfðaði varnaraðili sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála gegn sóknaraðilum og Sveini Bjarnasyni og Iðnaðar- og efnavörum. Var málið þingfest 24. júní 1993. Þá var mætt af hálfu sóknaraðila, sem fengu tvívegis frest til að leggja fram greinargerð. Var hún lögð fram 7. október 1993. Þar var skorað á aðra aðila málsins að gefa skýrslu um málsatvik. Við fyrirtöku málsins 8. desember 1993 svaraði lögmaður varnaraðila áskorun sóknaraðila með bókun þeirri, sem getið er í hinum kærða úrskurði. Í næsta þinghaldi hinn 11. janúar sl. gerði lögmaður sóknaraðila þá kröfu „með vísan til 48. gr. eml. að stefnandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu". Lögmaður varnaraðila mótmælti kröfunni „og vísar til þess að reglur um meðferð eml. varðandi ráðstöfunarhæfi sakarefnis fela stefnanda það vald að gera málstað sinn svo úr garði sem hann kýs". Dómarinn tók þá málið til úrskurðar.

Kröfugerð sóknaraðila verður ekki skilin öðruvísi en svo, að forsvarsmenn varnaraðila verði kallaðir fyrir dóm þrátt fyrir neitun. Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála metur dómari, hvort rétt sé að kveðja aðila til skýrslutöku að kröfu gagnaðila. Fram kemur í hinum kærða úrskurði, að héraðsdómari taldi skýrslutöku þarflausa og að unnt væri að meta málsástæður sóknaraðila án hennar. Ekki voru lagaskilyrði til að kveða upp úrskurð um þetta, enda samrýmist það ekki forræði aðila á sakarefni, að hann sé skyldaður til skýrslugjafar fyrir dómi samkvæmt 48. gr., sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Verður þessum ágreiningi aðila ekki skotið til Hæstaréttar. Brestur því heimild til kæru málsins, og verður því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðilar greiði varnaraðila óskipt kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Alda Benediktsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir, greiði óskipt varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Lögmaður stefnanda hefur vegna áskorunar í greinargerð stefndu bókað eftirfarandi: „Íslandsbanki hf. ritaði útgáfudag og gjalddaga á víxilinn með heimild í 10. gr. víxillaga og sýndi til greiðslu lögum samkvæmt.“ Þá hefur lögmaður stefnanda lýst því yfir að mál þetta sé höfðað og rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991 og verði frekari gögn ekki lögð fram í málinu nema sérstakt tilefni gæfist.

Lögmaður stefndu hefur með bréfi til stefnanda ítrekað að upplýst verði hvenær og hver ritaði útgáfudag og gjalddaga á víxil þann, er mál þetta snýst um. Lögmaður stefnanda hefur með bréfi, dagsettu 4. janúar sl., svarað þessari málaleitan lögmanns stefndu og vísað til ofangreindrar bókunar. Lögmaður stefndu gerði þá kröfu í þinghaldi 11. janúar sl., að stefnandi yrði kvaddur fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu, en lögmaður stefnanda mótmælti því.

Það er álit dómarans að unnt sé að leggja mat á málsástæður stefndu án frekari gagnaöflunar og er munnleg skýrslugjöf aðila því þarflaus, enda er mál þetta rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991.

321

Úrskurðarorð:

Skýrslutaka aðila verður ekki leyfð í máli þessu.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 109/1992. **Þrotabú Drangavíkur hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Sjómenn. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1992 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að staðfestur verði sjóveðsréttur í vs. Klöru Sveinsdóttur SU-50, áður Drangavík ST-71, skipaskrárnúmer 1638, til tryggingar dæmdum fjárhæðum í hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Upplýst var við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að bú áfrýjanda, Drangavíkur hf., var tekið til gjaldþrotaskipta 16. júní 1993, en fyrir liggur staðfesting bústjóra á aðild búsins að málinu. Þá kom einnig fram, að skip áfrýjanda hefur verið selt og ber nú nafnið Klara Sveinsdóttir SU-50.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þó svo að vísun héraðsdómara til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 á hér ekki við.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Staðfestur er sjóveðsréttur stefnda, Ásgeirs Ebenesers Þórðarsonar, í vs. Klöru Sveinsdóttur SU-50.

Áfrýjandi, þrotabú Drangavíkur hf., greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 6. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu, birtri 6. febrúar sl., af Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni, kt. 150850–2319, Birkiteig 24, Keflavík, á hendur Drangavík hf., kt. 601088–1189, Selbrekku 17, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 337.336,00 auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda eru dómkröfur þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum svo lýst, að stefnandi hafi um nokkurt skeið verið skipstjóri á vs. Drangavík ST-71 þegar honum hafi borist bréf frá útgerðarmanni skipsins, hinu stefnda félagi, dags. 28. janúar 1990, þar sem honum var tilkynnt, að honum væri sagt upp störfum frá og með 1. febrúar 1990, svo sem það er orðað í umræddu bréfi. Í bréfinu segi enn fremur orðrétt „. . . við óbreytt eignarhald í félaginu verður þessi uppsögn endurskoðuð síðar".

Stefnandi hafi skilið bréf þetta á þann veg, að sér væri sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti og færi sá uppsagnarfrestur að líða 1. febrúar 1990 og sér bæri því að víkja úr skipsrúminu í lok aprílmánaðar 1990.

Skip þetta hafi stundað úthafsrækjuveiðar, sem svo eru kallaðar, og fryst aflann um borð. Veiðiferðirnar taki af þeim ástæðum nokkuð langan tíma, allt að mánuði í senn. Stefnandi hafi haldið áfram með skipið eftir að honum hafi borist framangreint bréf og farið með skipið í veiðiferð, sem stóð meginhluta febrúarmánaðar, en upp úr mánaðamótum febrúar/mars hafi honum verið tilkynnt, að við skipinu tæki nýr skipstjóri, Snorri Snorrason frá Dalvík. Hafi stefnandi skilið þessa ráðstöfun á þann veg, að ekki væri óskað eftir þjónustu sinni í þágu útgerðarinnar lengur.

Stefnda hafi verið greitt kaup fyrir þann túr, sem hófst 9. mars og stóð til mánaðamóta mars/apríl, og hafi stefnandi gert ráð fyrir, að hann fengi jafnframt laun greidd úr aprílveiðiferð, sem hófst 4. apríl og stóð til 26. apríl 1990.

Þegar stefnandi hafi gengið eftir uppgjöri fyrir apríltúrinn, hafi honum verið tilkynnt, að útgerðin teldi sér ekki skylt að greiða honum laun úr

þeim túr, þar sem stefnandi hafi verið þann mánuð í launalausu leyfi að eigin ósk. Stefnandi hafi mótmælt því harðlega, að svo hafi verið, en stefndi hafi haldið við afstöðu sína.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að 28. janúar 1990 hafi stefnanda verið sagt upp störfum hjá útgerð stefnda með venjulegum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Á þessum tíma hafi stefnandi verið skipstjóri á vs. Drangavík ST-71, sem sé í eigu stefnda. Stefnanda hafi verið sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga hjá útgerð stefnda og jafnframt vegna samskiptaörðugleika milli stefnanda og skipverja á vs. Drangavík.

Í byrjun árs 1990 hafi stefnandi beðið stefnda um frí í marsmánuði vegna fyrirhugaðrar fermingar í fjölskyldu hans. Vegna væntanlegrar frítöku stefnanda hafi verið ráðinn annar skipstjóri, Snorri Snorrason, sem leysa hafi átt stefnanda af hólmi í marsmánuði. Eftir að Snorri Snorrason hafði verið ráðinn, hafi komið í ljós, að stefnandi ætlaði að taka frí sitt í aprílmánuði, en ekki í mars. Engu að síður hafi verið ákveðið að hinn nýi skipstjóri tæki strax við skipinu, þar sem hann hafði þegar verið ráðinn, og eins hafi skipt hér máli, að skipshöfnin hafi verið mjög óánægð með samskipti sín við stefnanda.

Stefnanda hafi verið greidd laun í marsmánuði, en ekki í aprílmánuði, vegna þess að þann mánuð (veiðiferð) hafi stefnandi óskað sjálfur eftir fríi og það verið samþykkt af útgerðarmanni.

Í máli þessu sé einkum deilt um það, hvort stefnandi hafi beðið um frí í aprílmánuði eða ekki. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé í sjálfu sér viðurkenndur af stefnda, en að sjálfsögðu með vinnuskyldu stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann eigi lögvarinn og samningsbundinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests sem skipstjóri á skipinu. Hann hafi starfað sem skipstjóri á vs. Drangavík ST-71 frá því í október 1989 fram til þess, að honum hafi verið sagt þar upp störfum miðað við mánaðamótin janúar/febrúar 1990, þannig, að hann léti af störfum í lok aprílmánaðar 1990. Þegar liðinn hafi verið mánuður af uppsagnarfrestinum, hafi stefndi kosið að nýta ekki starfskrafta hans sem skipstjóra frekar á uppsagnarfrestinum. Hann hafi eigi að síður fengið laun sín greidd fyrir mars, en ekki fyrir síðasta mánuð uppsagnarfrestsins, aprílmánuð, en það séu þau laun, sem hér sé gerð krafa um.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann eigi lögum og kjarasamningum samkvæmt rétt á óskertum launum á uppsagnarfresti sínum og breyti þar engu þótt útgerðarmaðurinn kjósi þann kostinn að nýta ekki starfs-

krafta hans sem skipstjóra á uppsagnarfrestinum. Honum beri lögum samkvæmt að víkja úr skiprúmi, þegar á hann sé skorað að gera það, en það skerði með engum hætti rétt hans til launa þann tíma, sem eftir lifi af lögbundnum uppsagnarfresti hans. Hann hafi allan uppsagnarfrestinn verið reiðubúinn til að hlýða kalli og taka við skipinu að nýju, en eftir því hafi ekki verið óskað.

Ágreiningslaust sé, að uppsagnarfresturinn tók að renna 1. febrúar 1990.

Stefnandi hafi verið með skipið í febrúarmánuði, en þjónustu hans í skipstjórnarstörfum hafi verið hafnað, er honum hafi verið tilkynnt, að nýr skipstjóri tæki við skipinu í byrjun mars og hann hafi ekki verið kallaður til skipstjórastarfa, það sem eftir lifði af uppsagnarfrestinum.

Stefndi hafi réttlætt afstöðu sína með því, að stefnandi hafi verið í launalausu leyfi að eigin ósk í aprílmánuði 1990. Þessu hafi stefnandi mótmælt sem röngu og hreinum fyrirslætti af hálfu forráðamanns stefnda. Fótur sé fyrir þessari staðhæfingu, en þó í allt öðru samhengi. Hið rétta sé, að stefnandi hafi nefnt þetta áður en til uppsagnarinnar kom, að til þess gæti komið, að hann tæki sér frí í tengslum við fermingu eins barns síns þá um vorið. Þessar hugmyndir um frítöku hafi með öllu verið lagðar á hilluna eftir að ljóst varð, að stefnandi skyldi víkja úr skiprúminu í lok aprílmánaðar, enda fráleitt, að stefnandi svipti sig sjálfur mánaðarlaunum, er svo var komið. Um þetta hafi forráðamönnum stefnda að sjálfsögðu verið kunnugt.

Af því að lagarök fyrir sjálfri stefnukröfunni varðar, vísar stefnandi til ákvæða sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 53/1990, einkum 44. gr. laganna, að því er varðar uppsagnarfrest á ráðningarsamningi skipstjóra, 45. gr., um rétt útgerðarmanns til að hafna þjónustu skipstjóra hvenær sem er, og rétt skipstjórans til þess að fá bætt það tjón sem leiðir af slíkri brottvikningu. Þessu til áréttingar er vísað til gildandi kjarasamnings milli Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1987, einkum 1. kafla, 33. gr., um ráðningu og uppsögn, og 9. kafla, um skiptakjör á rækjuveiðum, einkum 2. gr.

Um kröfur um sjóveðsrétt í skipinu vísar stefnandi til 1. tölul. 1. mgr 197. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Um vexti vísar stefnandi, svo sem áður greinir, til laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingar á þeim lögum. Krafan um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Um dráttarvexti af málskostnaði vísar stefnandi til 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Skipstjórahlutur		kr.	300.933,00
Fastakaup í apríl		kr.	1.804,00
Starfsaldursálag		kr.	3.459,00
	Samtals	kr.	306.196,00
Orlof 10,17% af þeirri fjárhæð		kr.	31.140,00
	Samtals	kr.	337.336,00

Málsástæður stefnda byggjast á þeirri staðreynd, að stefnandi hafi beðið um frí sjálfur í síðasta mánuði uppsagnarfrests og því beri stefnda ekki að greiða laun þann tíma. Í stað stefnanda hafi verið ráðinn nýr skipstjóri til að leysa hann af hólmi, m.a. þann tíma sem stefnandi ætlaði að vera í landi vegna fermingarinnar.

Því er mótmælt, að stefnandi hafi nokkurn tíma afturkallað beiðni sína um frítöku fyrr en löngu eftir að staðgengill var ráðinn til að leysa stefnanda af hólmi.

Aðilar málsins, Ásgeir Ebeneser Þórðarson og Högni Halldórsson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi í máli þessu svo og vitnið Sigurvin Jónsson matsveinn.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að í upphafi árs 1990, áður en hann fékk uppsagnarbréfið, hefði það borist í tal við Högna Halldórsson, að verið gæti, að hann þyrfti á fríi að halda vegna fermingar að vori. Frítökumál hafi síðan ekkert borið á góma fyrr en Högni hringi í hann í síðustu veiðiferð hans og spyrji hann eftir daglegt spjall, hvort hann sé á leið í frí. Hann hafi sagt honum, að hann væri ekki að fara í frí næsta túr, en vera kynni, að hann þyrfti frí seinna, en Högni hafi þá verið búinn að láta að því liggja í veiðiferðinni á undan, að hann yrði áfram með skipið. Högni hafi þá sagt honum, að þetta væri síðasta veiðiferð hans, hann myndi greiða honum laun næstu veiðiferð, en ekki þar næstu, þar sem hann telji hann í fríi þá. Þessu hafi hann strax andmælt.

Í framburði Högna Halldórssonar fyrir dómi kom fram, að hann hafi í upphafi árs samþykkt, að stefnandi yrði í fríi í mars eða apríl. Hann muni ekki, hvenær ákveðið var, að hann færi í frí í apríl. Hann skrifi það ekki hjá sér, hvenær menn biðji um frí, heldur reyni hann að muna, hvenær þeir ætli í frí, til þess að geta skaffað menn í staðinn.

Stýrimann hafi vantað í marstúrinn og hafi hann því verið búinn að ráða Snorra Snorrason til þess að fara sem stýrimaður þann túr og meiningin hafi síðan verið sú, að hann færi sem skipstjóri, þegar Ásgeir færi í frí. Ákvörðun hans um, að Snorri Snorrason tæki við skipinu í byrjun mars, væri þessu frítökumáli óviðkomandi.

Vitnið Sigurvin Jónsson matsveinn bar fyrir dómi, að stefnandi hefði sjálfur tjáð honum í febrúar 1990, að nú kæmi líklega um borð mjög góður rækjusjómaður, Snorri Snorrason, fyrst sem stýrimaður og síðan myndi hann leysa hann af, er hann færi í frí í apríl vegna fermingar, einnig, að nefndur Snorri hefði hringt í hann, líklega í endaðan febrúar, og þá sagt honum, að hann myndi koma um borð mjög líklega til að leysa af sem skipstjóri í apríl. Þá staðfesti hann eigin yfirlýsingu, er fyrir lá í málinu, þar sem fram kemur m.a., að stefnandi hafi margsinnis í hans viðurvist og annarra skipverja ákveðið að taka sér frí í aprílmánuði 1990.

Við aðalmeðferð málsins var af hálfu stefnanda lögð fram yfirlýsing frá Ólafi Þorkeli Pálssyni, sem var 1. stýrimaður á vs. Drangavík ST-71 í síðustu veiðiferð stefnanda.

Yfirlýsingu þessari var mótmælt sem óstaðfestri af lögmanni stefnda. Þá kom fram hjá honum við munnlegan flutning málsins, að ekki væri í málinu tölulegur ágreiningur. Ágreiningur væri um, hvort stefnandi hefði óskað eftir fríi í apríl eða ekki.

Þá var af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins mótmælt sem óstaðfestri yfirlýsingu Snorra Snorrasonar á dskj. nr. 18.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um, hvort stefnandi hafi í aprílmánuði 1990 verið í leyfi frá störfum samkvæmt eigin ósk og því ekki átt rétt á launum, svo sem fram er komið. Ágreiningslaust er, að stefndi sagði stefnanda upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá 1. febrúar 1990 og vék honum úr starfi í byrjun mars s.á.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að tvívegis hefði borist í tal við stefnda, að vera kynni, að hann þyrfti leyfi í apríl vegna fermingar, en að hann hefði ekki beðið um leyfi.

Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi eigi, þrátt fyrir framburð vitnisins Sigurvins Jónssonar, hafa sannað, að stefnandi hafi beðið um leyfi frá störfum í apríl 1990 og að leyfistakan hafi verið fastmælum bundin.

Samkvæmt því og með vísan til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 ber stefnda að greiða stefnanda laun fyrir aprílmánuð.

Með því að fjárhæð kröfunnar hefur ekki sætt tölulegum andmælum, ber stefnda að greiða stefnanda kr. 337.336,00 ásamt vöxtum, svo sem krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 115.000,00, þar með talinn virðisaukaskattur.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Drangavík ST-71 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 197. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Drangavík hf., greiði stefnanda, Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni, kr. 337.336,00 auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. maí 1990 til greiðsludags og kr. 115.000,00 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Drangavík ST-71 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 187/1992. **Kristján Hallgrímsson**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Herdísi Guðmundsdóttur
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Orlof. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1992, og krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Orlofstími stefndu hafði verið ráðinn í maí 1990 með samkomulagi áfrýjanda og hennar, og tók hún orlof 16. júlí til 20. ágúst 1990. Henni var sagt upp störfum með bréfi 28. júní 1990 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Er stefnda var í orlofi sínu, gerði hún athugasemd við það, að orlofstími hennar félli inn í uppsagnarfrestinn, og taldi sig eiga rétt til að vinna út október.

Um ágreiningsefni aðila nýtur hvorki ákvæða í lögum nr. 30/1987 um orlof, lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o.fl. né í kjarasamningi þeim, er stefnda starfaði eftir. Orlof og uppsagnarfrestur eru réttindi, sem felast í starfskjörum launþega og eru tryggð í lögum og kjarasamningum. Orlof tekið á uppsagnarfresti, sem ekki er lengri en í umræddu tilviki, myndi almennt vera íþyngjandi fyrir launþega. Gat áfrýjandi því ekki án samþykkis stefndu skipað uppsagnarfresti með þeim hætti, sem raun varð á. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Hallgrímsson, greiði stefndu, Herdísi Guðmundsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 12. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1991, af Herdísi Guðmundsdóttur, kt. 100148–3909, Öldugötu 25, Hafnarfirði, gegn Kristjáni Hallgrímssyni, kt. 050323–4719, Fífumýri 6, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða kr. 41.309,- með dráttarvöxtum skv. 10. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður algerlega af kröfum stefnanda, en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá gerir stefndi þá kröfu, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefndi, sem er lyfjafræðingur, rekur einkafyrirtæki sitt, Apótek Norðurbæjar, í Hafnarfirði. Stefnandi starfaði hjá honum við afgreiðslustörf frá 1. desember 1987 til 1. október 1990, en frá þeim tíma var henni sagt upp störfum. Stefnandi fékk uppsagnarbréf afhent 28. júní 1990 með þriggja mánaða fyrirvara. Ástæða uppsagnarinnar var sú, að stefnda bauðst sérmenntaður starfskraftur, lyfjatæknir, til starfa.

Áður en til uppsagnar kom, var stefnandi búinn í samráði við stefnda að ákveða að taka sumarleyfi frá 16. júlí til 20. ágúst 1990. Var það ákveðið í maí og orlofstíminn ákveðinn að ósk stefnanda.

Eftir að stefnanda hafði verið sagt upp störfum leitaði hún til verkalýðsfélags síns og fékk þær upplýsingar að óheimilt væri að ákveða að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest. Hún hefði því rétt á að vinna út októbermánuð.

Stefnandi tjáði stefnda það og bauðst jafnframt til að vinna í október. Af stefnda hálfu var ekki á það fallist þar sem hann taldi ekki skipta máli þótt orlof væri tekið innan uppsagnarfrests.

Stefnandi gerir því kröfu um laun fyrir októbermánuð 1990 og sundurliðar kröfu sína þannig:

Mánaðarlaun	kr.	29.146,00
Laun vegna þvotta	kr.	8.350,00
10,17% orlof af kr. 37.496,-	kr.	3.813,00
Samtals	kr.	41.309,00

Kröfu sína um greiðslu launa fyrir októbermánuð styður stefnandi þeim rökum, að sér hafi borið óskertur þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Stefndi hafi meinað sér að njóta þessa áunna réttar síns. Sér hafi borið réttur til að starfa hjá stefnda út októbermánuð á sömu kjörum og hún hafði áður notið. Með því að vilja ekki nýta sér starfskrafta sína hafi stefndi fellt á sig skyldu til að greiða henni laun fyrir októbermánuð.

Stefnandi heldur því fram að það samrýmist ekki markmiðum orlofsréttarins annars vegar og réttarins til uppsagnarfrests hins vegar, að vinnuveitandi megi ákveða orlof í uppsagnarfresti. Með slíkri ráðstöfun væri launþegi sviptur þeim rétti, er orlofslögin veita honum til hvíldar og hressingar, og jafnframt sviptur þeim rétti sem honum er tryggður til þess að leita sér að nýrri atvinnu í uppsagnarfresti.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hvergi í orlofslögum, kjarasamningum eða öðrum lögum sé kveðið á um að orlofstími skuli lengja uppsagnarfrest. Lengd uppsagnarfrests sé eingöngu bundin við starfstíma launþega. Ef það hefði verið ætlun löggjafans, að uppsagnarfrestur skyldi lengjast vegna orlofstöku starfsmanns eða takmarka ætti rétt vinnuveitenda að þessu leyti til að segja upp starfsfólki, hefði það verið tekið fram í lögum.

Undantekningar frá 5. gr. orlofslaga um ákvörðunarvald vinnuveitanda varðandi töku orlofs og lengd uppsagnarfrests verði að styðjast við skýr og ótvíræð ákvæði laga eða kjarasamninga. Allar slíkar undantekningar beri að skýra þröngt. Hvorki lagasetning, tilgangur laga eða eðli máls leiði til þeirrar niðurstöðu að uppsagnarfrestur starfsmanns eigi að lengjast vegna orlofstöku hans á sama tíma.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi engar athugasemdir gert við launauppgjör eða krafist viðbótargreiðslu, heldur kvittað án fyrirvara fyrir síðustu launagreiðslu. Stefnandi hafi ekki boðið fram vinnuframlag sitt í október og það hafi ekki verið fyrr en með innheimtubréfi, dags. 8. nóvember 1990, að krafa um laun komi fram. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna stefnda vegna aðgerðarleysis stefnanda.

Varakröfu sína um lækkun á stefnukröfu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi verði að sæta því að til frádráttar kröfu hennar komi laun þau sem hún vann sér inn í október 1990.

Fyrir réttinn kom stefnandi og eiginkona stefnda, en hún annast starfsmannahald fyrir stefnda.

II.

Óumdeilt er í málinu, að eftir að stefnanda barst uppsagnarbréf frá stefnda, bauð hún fram vinnu sína í október 1990, þar sem hún taldi sig eiga rétt á að vinna út október. Því var hafnað af hálfu stefnda og lauk stefnandi því störfum í lok september. Stefnandi þykir því ekki hafa fyrirgert rétti sínum vegna aðgerðarleysis, en innheimtubréf lögmanns hennar er dagsett 8. nóvember 1990.

Orlofsréttur er áunninn réttur, sem vinnuveitanda er óheimilt að skerða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Ákvæði 12. gr. sömu laga leggja bann við því að starfsmaður vinni í orlofi í sinni starfsgrein eða skyldum starfsgreinum. Ef starfsmaður veikist í orlofi á hann rétt á lengra orlofi skv. 6. gr. orlofslaga.

Af þessu er ljóst að megintilgangur orlofslaga og ákvæða kjarasamninga um orlof er að veita launþega frí frá störfum og tryggja að hann noti það til hvíldar og endurnæringar, eins og kostur er.

Réttur til uppsagnarfrests er einnig áunnin réttindi, líkt og réttur til orlofs. Hlutverk uppsagnarfrests er að gefa aðilum ráðningarsamnings kost á að bregðast við uppsögn þannig að hún verði þeim síður til tjóns. Launþegi á þess þannig kost að nota uppsagnarfrestinn til að leita sér að nýrri atvinnu.

Verður því talið að atvinnurekandi geti ekki einhliða ákveðið án samþykkis launþega, að hann taki orlof sitt meðan uppsagnarfrestur er að líða. Verður ekki fallist á með stefnda, að launþegi í orlofi þurfi að eyða áunnum orlofstíma í að leita að nýrri atvinnu í uppsagnarfresti.

Kröfur stefnanda verða því teknar til greina að öðru leyti en því, að til frádráttar koma kr. 3.242,00 sem stefnandi hafði í laun hjá Hafnarfjarðarkaupstað í október 1990.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að upphæð kr. 50.000,00 að viðbættum kr. 11.000,00 í virðisaukaskatt.

Málskostnaðarþóknun beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Hallgrímsson, greiði stefnanda, Herdísi Guðmundsdóttur, kr. 38.067,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags og kr. 61.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu og til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 134/1991. **Skipafélagið Nes hf.**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Andra hf.
(Pétur Guðmundsson hrl.)

Farmsamningar. Aukabiðdagagjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda gert að greiða sér 785.329 krónur með dráttarvöxtum frá 1. október 1988 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í ágústmánuði 1988 flutti áfrýjandi fyrir stefnda til Póllands sem næst 992 tonn af lausu fiskimjöli með skipi sínu, m/s Hauki, en burðargeta þess var rúmlega 1300 tonn. Jafnframt þessum farmi voru lestuð 310 tonn af sekkjuðu fiskimjöli á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga. Skipið átti að sigla til hafnar í Szczecin, en vegna verkfalls þar var því síðar beint til Gdansk. Þangað kom skipið að morgni 25. ágúst og lagðist í fyrstu að bryggju, þar sem bíða átti eftir legurými á viðeigandi losunarstað. Fékk skipið annað lægi að kvöldi 31. ágúst og var losað þar dagana 1. til 8. september, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

Samningsgerð málsaðila um þennan flutning var í höndum Þorvalds Jónssonar, skipamiðlara í Reykjavík, sem einnig var stjórnarformaður í félagi áfrýjanda. Útvegaði hann stefnda skipið og hafði einnig milligöngu fyrir áfrýjanda. Var samningsgerðin munnleg, þannig að ekki var gengið frá formlegum farmsamningi, og hafði það gerst áður í skiptum þessara aðila. Áfrýjandi staðfesti viðtöku

farmsins með farmskírteinum, er hann gaf út eftir fyrirsögn farmsendanda og rituð voru á staðlað form með heitinu „Congenbill". Í þeim var getið sölusamnings með tilgreindu númeri milli stefnda og hins pólska kaupanda eða innflytjanda mjölsins. Þorvaldur Jónsson hafði einnig milligöngu um flutning á fiskimjölinu frá SÍS.

Óumdeilt er, að samningsgerðin hafi byggst á GENCON-farmsamningi, þar sem almennir skilmálar eru raktir í II. hluta. Að hinu leytinu var hún miðuð við almennan samning um sölu á fiskimjöli til Póllands (General Contract for Fishmeal), sem stefndi, SÍS og átta aðrir útflytjendur höfðu gert 29. janúar 1988 við pólska fyrirtækið Rybex Company Ltd. á grundvelli gildandi viðskiptasamnings milli Íslands og Póllands. Í 8. gr. þessa almenna samnings voru ítarleg ákvæði um flutning á fiskimjöli með skipum á vegum útflytjendanna, þar sem m.a. var mælt fyrir um lengd legutíma í pólskri losunarhöfn og taxta á gjaldi fyrir aukabiðdaga (demurrage). Átti tímalengdin að miðast við losunarhraða í höfninni, sem tiltekinn var í samningnum. Áfrýjanda var kunnugt um þessi ákvæði, áður en til flutningsins kom, og er aðalefni þeirra óumdeilt í málinu.

Í hinum almenna samningi var ekki fjallað um magn eða verð á því fiskimjöli, sem selja skyldi, heldur var það gert í viðaukum við hann, sem frá var gengið milli kaupandans og hinna einstöku útflytjenda. Hefur stefndi lagt fram slíkan samningsviðauka (Addendum), sem hann og kaupandinn undirrituðu 30. janúar 1988 og tók til afhendingar á mjöli mánuðina febrúar til ágúst það ár. Í þessum viðauka voru engin ákvæði um flutning á vörunni önnur en þau, að ekki væri heimilt að flytja laust mjöl og sekkjað í sömu skipsferð. Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að honum hafi verið ókunnugt um þetta ákvæði og annað efni viðaukans, er hann tók að sér flutninginn. Samkvæmt gögnum málsins átti ákvæðið sér einkum þá skýringu, að sekkjað mjöl var að jafnaði ekki losað á sama stað og laust í pólskum höfnum.

Vegna þessa ákvæðis í viðaukasamningi stefnda við Rybex Company Ltd. var hann ekki einráður um að leyfa flutning á viðbótarfarminum. Hafði samþykkis frá fyrirtækinu við flutningi sekkjaða mjölsins ekki verið aflað, þegar skipið var lestað, enda segir stefndi, að sér hafi þá ekki verið kunnugt um farminn frá SÍS. Eftir lestun bárust boð um það frá fyrirhuguðum kaupendum í Ungverja-

landi, að þeir teldu mjölið ekki standast umsamdar gæðakröfur, og yrði kaupunum hafnað. Leitaði SÍS þá þegar hófanna um sölu á því til annarra, þar á meðal til Rybex Company Ltd. Lyktaði þeim umleitunum með því, að Rybex gaf kost á að kaupa mjölið með þeim skilmálum, að það yrði fellt undir viðaukasamning fyrirtækisins við stefnda og verðlagt eins og þar var á kveðið. Veitti stefndi og samþykki við þeirri tilhögun og tók sinn þátt í endanlegri sölu mjölsins. Umleitanir þessar virðast hafa átt sér stað, meðan m/s Haukur var á leið til Gdansk, en skriflegra gagna nýtur ekki við um gang þeirra.

Hins vegar er niðurstöðum þeirra lýst í fram lögðu telexskeyti frá Rybex, sem sent var til SÍS og stefnda á komudegi skipsins 25. ágúst. Af efni þess má ráða, að fyrirtækið hafi frá öndverðu haft uppi mótbárur vegna hins sekkjaða mjöls í skipinu. Í skeytinu var lýst miklum örðugleikum varðandi viðtöku á mjölinu og það gert að skilyrði fyrir kaupum þess jafnframt fyrrgreindum skilmálum, að fallið yrði frá kröfum um aukabiðdagagjald vegna losunar á skipinu. Þessu skeyti var svarað með telexskeyti frá SÍS til Rybex sama dag, þar sem ekki var vikið að síðastnefndu skilyrði, en lýst yfir samþykki við skilmálum kaupanna og beðið um losun á skipinu. Þakkaði Rybex samþykkið með telexskeyti daginn eftir og staðfesti af sinni hálfu, að unnt yrði að losa skipið með þeim hætti, að lausa mjölið yrði tekið fyrst, eins og raunin varð.

Um aukabiðdagagjald var ekki rætt frekar, meðan ferð skipsins stóð yfir, svo að séð verði af gögnum málsins, en við komu þess til Gdansk hafði áfrýjandi staðfest með skriflegri tilkynningu (Notice of Readiness), að skipið væri tilbúið til losunar. Var hún send frá afgreiðslumanni hans í Gdansk til afgreiðslumanns viðtakanda farmsins að morgni 25. ágúst.

Hinn 19. september 1988 gerði áfrýjandi reikning fyrir því aukabiðdagagjaldi, sem hann taldi á fallið vegna ferðarinnar, og beindi honum til stefnda, sem bar hann undir SÍS og Rybex Company Ltd. Í skeyti 3. nóvember 1988 til SÍS og stefnda svaraði Rybex því til, að það hefði undanskilið sig allri ábyrgð á aukabiðdögum við kaupin á hinu sekkjaða mjöli, sem farið hefðu fram við sérstakar aðstæður. Auk þess hefði töfin á affermingu einkum orðið vegna þess, hvernig mjölið var búlkað, svo og verkfalla í höfninni. Þetta tilkynnti stefndi áfrýjanda í bréfi, þar sem hann vísaði reikningnum frá sér af um-

ræddum sökum. Taldi hann SÍS vera hinn rétta greiðanda að þeim gjöldum, sem til greina gætu komið.

Það hefur þannig frá öndverðu verið meginástæða stefnda fyrir höfnun hans á kröfu áfrýjanda, að ábyrgð hans á aukabiðdögum vegna skipsfarmsins hafi fallið niður vegna þess, að viðtakandi firrti sig ábyrgð. Byggir stefndi á því, að áfrýjandi hafi sjálfur tekið þá áhættu, að svo gæti farið. Í því tilliti vísar hann m.a. til þess, að áfrýjanda hafi verið kunnug nauðsyn þess að fá samþykki viðtakanda við lestun á skipinu með þeim hætti, sem á var hafður.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing þess efnis frá Þorvaldi Jónssyni skipamiðlara, að fiskimjölsflytjendum hér á landi hafi almennt verið kunnugt um það skilyrði í samningi stefnda og Rybex, að ekki mætti lesta saman laust og sekkjað mjöl nema með samþykki kaupanda. Varðandi öflun þess samþykkis skipti og miklu máli, hvernig lestun sé hagað. Garðar Þorsteinsson, forstöðumaður stórflutningadeildar Eimskipafélags Íslands, bar fyrir dómi í héraði, að umrætt skilyrði hefði verið þáttur í samningum, sem félagið gerði við stefnda um flutninga fyrir hann í nóvember 1988. Hins vegar dró hann í efa, að um það hefði þá verið almenn vitneskja, þótt kunnugt væri, að laust og sekkjað mjöl væri oft losað sitt við hvora bryggju. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram bréf Magnúsar V. Ármann, forstöðumanns skipamiðlunar Gunnars Guðjónssonar sf., þar sem hann kveðst ekki hafa heyrt getið þeirrar reglu, að ekki mætti flytja laust og sekkjað mjöl í sama skipi, og séu takmarkanir um það fremur á þá leið, að förmunum verði haldið aðskildum með viðeigandi hætti. Áfrýjandi hefur og lagt fram bréf svipaðs efnis frá Má Gunnarssyni, forstöðumanni flutningadeildar Nesskipa hf.

Ósannað er í málinu, að framkvæmdastjóra áfrýjanda hafi verið kunnugt um hið umrædda ákvæði viðaukans, þegar hann gekk til samninga við stefnda. Þorvaldi Jónssyni skipamiðlara var hins vegar kunnugt þetta skilyrði, en hann var trúnaðarmaður beggja aðila. Ljóst varð, eftir að skipið lagði upp til Póllands, að vandi væri á höndum vegna viðbótarfarmsins, þannig að samningur stefnda við kaupanda sinn um ábyrgð á aukabiðdögum gæti verið í húfi. Eins og atvikum var háttað, verður ekki á það fallist, að áfrýjandi hafi mátt telja sér vandann óviðkomandi. Hann hefur ekki sýnt fram á, að framkvæmdastjóri stefnda hafi leyft lestun hins sekkjaða mjöls,

og verður hér að meta ráðstafanir stefnda vegna farmsins á grundvelli þess, að svo hafi ekki verið. Jafnframt verður að miða við það sem staðreynd í málinu, að stefndi hafi samþykkt fyrir sitt leyti að falla frá tilkalli til aukabiðdagagjalds úr hendi Rybex Company Ltd. vegna þeirra samninga, sem á komust um farminn. Hafi hann þá einnig ætlast til þess, að ábyrgð hans á því gagnvart áfrýjanda félli niður. Við þessar aðstæður var áfrýjanda rétt að gefa sérstaklega til kynna, þegar séð varð fram á töf í höfninni, að hann héldi fast við kröfu til aukabiðdagagjalds gagnvart stefnda. Var og tilefni til viðbragða af hálfu áfrýjanda vegna þess, að viðtakandinn hafði gert frágang farmsins að sérstöku umkvörtunarefni.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að stefndi eigi að vera sýkn af kröfum áfrýjanda.

Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði, en áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og mælt er um í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, Skipafélagið Nes hf., greiði stefnda, Andra hf., 140.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember sl., höfðaði Nes hf., skipafélag, kt. 430374–0289, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. febrúar 1990, gegn Andra hf., kt. 570267–0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða skuld, að fjárhæð kr. 785.329,00 auk [áður tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst þess aðallega að verða alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, en til vara krefst stefndi að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málsatvikum með eftirfarandi hætti í stefnu sinni og greinargerð. Hann kveðst hafa tekið að sér að flytja mikið magn af fiskimjöli frá Íslandi til Póllands í ágúst 1988 með skipinu m/s Hauki. Hér hafi verið um að ræða 992,051 tonn af lausu mjöli.

Í sömu ferð hafi stefnandi jafnframt flutt fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga um 310 tonn af sekkjuðu mjöli, sem skipa átti upp í Póllandi, en flytja þaðan til Ungverjalands.

Þegar til kom, mun mjölið, sem fara átti til Ungverjalands, ekki hafa staðist gæðakröfur kaupanda og tók stefndi að sér að selja mjölið til innflytjenda í Póllandi.

Skipið kom til Gdansk 25. ágúst 1988 og var þar til 8. september s.á.

Farmur sá, sem hér um ræðir, var 1302,71 tonn alls. Uppskipunin átti að taka 3 daga 6 klst. og 7 mínútur miðað við að 400 tonnum væri skipað upp daglega. Uppskipun hefði átt að byrja 25. ágúst kl. 15.00 og henni vera lokið 30. ágúst, en þá hafði uppskipun ekki hafist. Aukabiðdagar reiknast frá 30. ágúst 1988 kl. 05.07 til miðnættis 8. september og telur stefnandi þá vera 9 daga 18 klst. og 53 mínútur. Aukabiðdagagjald telur stefnandi hafa verið USD 1.800,- á sólarhring og hafi því numið samtals USD 17.616,25, sem á gengi 58,61 samsvari kr. 1.030.737,00.

Við aðalflutning málsins lækkaði stefnandi stefnukröfu sína, þannig að hann krafðist kr. 785.329,00 auk dráttarvaxta eins og áður er getið frá 1. október 1988 til greiðsludags. Í endanlegri dómkröfu tók stefnandi tillit til þess, að Samband íslenskra samvinnufélaga hafði greitt 12. janúar 1990 kr. 521.025,00, sem var hluti aukabiðdagagjaldsins í hlutfalli við það magn mjöls, sem Samband íslenskra samvinnufélaga hafði sent með skipinu, auk vaxta og kostnaðar. Miðað við þann farm, sem stefnandi flutti fyrir stefnda, sem vó 992.071 tonn, og miðað við, að 400 tonnum væri skipað upp daglega, þá telst stefnanda að uppskipunin hefði átt að taka 2 daga 11 klst. og 31 mín. Þar sem farmur stefnda var undir 1000 tonnum leggur stefnandi nú til grundvallar að aukabiðdagagjald skuli vera USD 1.300,- á sólarhring og hafi því numið samtals USD 10.556,10.

Mjölið, sem stefnandi flutti fyrir stefnda, var laust, en mjölið, sem stefnandi hafði tekið að sér að flytja fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga, var sekkjað. Losun á mjölinu hófst ekki fyrr en 1. september kl. 14.00. Fyrst var losað laust mjöl, og lauk því verki 6. september kl. 13.34. Sama dag kl. 14.05 hófst losun á sekkjaða mjölinu, og lauk henni hinn 8. september kl. 18.45.

Stefnandi beindi kröfu sinni um greiðslu á aukabiðdagagjöldum allri til stefnda í fyrstu.

Að sögn stefnanda vefengdi stefndi hvorki, að stefnandi ætti rétt til þóknunar vegna aukabiðdaga né heldur vefengdi hann fjárhæðina, sem krafin var. Hins vegar taldi hann, að Samband íslenskra samvinnufélaga ætti að greiða þennan kostnað.

Stefnandi telur málsástæður sínar vera þessar helstar:

Á því er byggt af hálfu stefnanda, að stefndi beri ábyrgð á nefndum aukabiðdagagreiðslum, þar sem stefndi hafi tekið skipið á leigu til flutnings á umræddu fiskimjöli.

Stefnandi segir ekkert „charter party" hafa verið gert um flutning þennan. Hafi sú hefð komist á í þessum flutningum að látið sé við það sitja að gefa út farmskírteini, en aðilar þessara flutninga viðurkenni að ef lagt væri í þá vinnu að gefa út „charter party" í hvert skipti þá myndi það vera gert á venjulegu „GENCON"-eyðublaði með þeim skilmálum og fyrirvörum, sem þar er að finna í „Part II".

Um uppskipunarhraða og fjárhæð aukabiðdagapeninga vísar stefnandi til „Genaral contract for fish meal" varðandi pólskar hafnir, en þar komi fram að hámarksmagn uppskipunar á dag sé 400 tonn og aukabiðdagagjald fyrir farm, sem er undir 1000 tonnum, sé $ 1.300,- á dag.

Stefnandi kveðst vísa til 35. og 36. gr. siglingalaga nr. 34/1985 dómkröfu sinni til stuðnings.

Stefndi lýsir málavöxtum á þá leið, að í ágúst 1988 hafi stefnandi gert farmsamning við stefnda um flutning á allt að 1000 tonnum af lausu fiskimjöli fyrir stefnda frá Íslandi til Gdansk í Póllandi. Í upphafi hafi staðið til að m/s Valur yrði notaður til flutninganna, en síðar hafi stefnandi breytt þeirri ákvörðun og tilkynnt að m/s Haukur væri betur fallið til ferðarinnar. Heildarfarmur stefnda hafi reynst vera 992.071,00 kg. Auk þessa farms hafi stefnandi flutt fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga 310 tonn af sekkjuðu fiskimjöli. Viðbótarfarmur þessi hafi verið tekinn án nokkurs samráðs við stefnda og hafi honum verið alls ókunnugt um hann. Stefndi hefði aldrei samþykkt viðbótarfarm þennan, enda bannað samkvæmt samningi stefnda og pólskra fiskimjölskaupenda að hafa bæði laust og sekkjað mjöl í sama skipi, sbr. dskj. nr. 22. Um þennan samning og þessi ákvæði hans var stefnanda kunnugt, enda margoft flutt fyrir stefnda áður. Lestun viðbótarfarmsins var í sama hólfi í skipinu og lausa mjölið. Þannig mun hafa verið lestað að ómögulegt hafi verið að losa lausa mjölið úr skipinu án þess að skemma pokana, auk þess sem öll losun skipsins varð mun tímafrekari. Fiskimjöl þetta hafði Samband íslenskra samvinnufélaga selt til Ungverjalands, en er skipið kom til Póllands kom í ljós að fiskimjölið fullnægði ekki þeim gæðakröfum, er Ungverjar gera, og höfnuðu þeir farminum. Stefn-

andi og Samband íslenskra samvinnufélaga fóru þess á leit við stefnda, að stefndi aðstoðaði við að selja Pólverjum fiskimjölið, enda hafi ekki verið hægt að losa skipið öðruvísi en allt í sömu höfn, vegna þess hvernig lestað hafi verið í það. Stefnda tókst að selja Pólverjum mjölið með því að taka það inn í sölusamning sinn og hafi þannig firrt bæði stefnanda og Samband íslenskra samvinnufélaga verulegum kostnaði. Til þess að unnt hafi verið að losa skipið hafi ekki verið hjá því komist að færa það á annan stað í höfninni og hafi það verið gert 31. ágúst 1988, sbr. dskj. nr. 5, bls. 2. Losun hafi síðan hafist 1. september 1988 og hafi henni verið lokið 8. september s.á.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

Í fyrsta lagi sé hann ekki réttur aðili máls þessa. Ljóst sé að stefnandi hafi gert farmsamning við annan aðila, Samband íslenskra samvinnufélaga, sbr. dskj. nr. 20, og rekja megi orsökina til tafa skipsins í Póllandi til þess farmsamnings. Stefnanda beri því að beina kröfum sínum um greiðslu á aukabiðdagagjaldi til þess aðila. Samkvæmt því beri með vísan til 45. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Í öðru lagi stafi töf sú, er varð á því að uppskipun gæti hafist úr m/s Hauki og allur seinagangurinn við losun skipsins, af samningsbroti stefnanda, sem fólst í því að lesta saman laust og sekkjað fiskimjöl. Stefnanda var kunnugt um samning stefnda og pólskra kaupenda á dskj. nr. 22 og þar með kunnugt um það að samkvæmt samningnum var óheimilt að hafa í sama skipi bæði sekkjað og laust mjöl. Þrátt fyrir það tók stefnandi þá áhættu að setja í sama skip fiskimjöl í pokum til Ungverjalands og laust mjöl til Póllands. Á því atferli sínu verði stefnandi sjálfur að bera ábyrgð.

Í þriðja lagi er sýknukrafan byggð á því að töfina megi að hluta til rekja til þess að sekkjaða mjölið hafi ekki staðist gæðakröfur ungversku kaupendanna, en á því beri stefndi enga ábyrgð.

Í fjórða lagi er sýknukrafan á því reist að með svarskeyti sínu á dskj. nr. 24, sbr. dskj. nr. 23, hafi Samband íslenskra samvinnufélaga tekið að sér að greiða allan kostnað vegna tafa á losun m/s Hauks.

Þá mótmælir stefndi útreikningi aukabiðdagagjaldsins. Stefndi hafi aldrei sent tilkynningu þá, „notice of readiness", sem sé tekin fram í 6. gr., c-lið, „Gencon"-farmsamningsins, að senda skuli til stefnda. Því hafi biðdagar aldrei byrjað að líða og því eigi stefnandi engan rétt til þóknunar fyrir aukabiðdaga.

Fyrir dómi rökstuddi stefndi varakröfu sína með eftirfarandi hætti: Við útreikning á aukabiðdagagjaldi verði að miða við taxtann fyrir „cargo und-

er 1000 tns, USD 1300 pr. day", enda hafi farmur stefnda verið undir 1000 tonnum, en ekki verið 1301 tonn eins og stefnandi fullyrði í stefnu. Þá verði að taka tillit til þess að lengri tíma tók að losa skipið vegna þess að stefnandi lestaði saman laust og sekkjað mjöl og af þeirri ástæðu ekki unnt að miða við hámarksafköst við losun skipsins, 400 tonn á dag, eins og stefnandi geri í stefnu. Einnig verði að taka tillit til verkfalla, sem hafi verið í Póllandi á þessum tíma, sbr. dskj. nr. 27. Af hálfu stefnda kom fram fyrir dómi að miðað við farmhluta hvors aðila um sig bar stefnda ekki að svara fyrir nema 76% aukabiðdagagjaldsins, eða 783.360,- krónum (992:1302). Sé miðað við 200 tonna afköst á dag, lækki hlutur stefnda um helming, og nemi fjárhæðin krónum 391.680,00, og sé miðað við gjald fyrir allt að 1000 tonna farm, þá lækki sú fjárhæð í hlutfallinu 13/18 og nemi krónum 282.880.

Niðurstaða.

Pálmi Þór Pálsson, framkvæmdastjóri skipafélagsins Ness hf., og Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri Andra hf., gáfu aðilaskýrslur fyrir dómi. Garðar Þorsteinsson, forstöðumaður stórflutningadeildar Eimskips, og Ragnar Sigurjónsson, sölustjóri hjá sjávarafurðadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, gáfu vitnaskýrslur fyrir dómi.

Af hálfu stefnanda er byggt á þeirri málsástæðu að stefndi beri ábyrgð á aukabiðdagagreiðslum, þar sem hann hafi tekið skipið á leigu til flutnings á umræddu fiskimjöli.

Fyrir dómi skýrði forsvarsmaður stefnda frá því, að hann hefði tekið skipið m/s Val á leigu. Síðar hafi stefnandi tilkynnt stefnda að hann myndi senda m/s Hauk í þessa ferð og hafi stefndi ekki gert neinar athugasemdir við þessa ákvörðun stefnanda. Aðspurður fyrir dómi lýsti forsvarsmaður stefnda því yfir, að hann liti svo á að hann hefði tekið allt skipið á leigu.

Ekki er ágreiningur um það milli málsaðila, að Þorvaldur Jónsson skipamiðlari hafði milligöngu um farmsamning þann sem mál þetta varðar. Við yfirheyrslur hér fyrir dómi kom fram, að Þorvaldur Jónsson gegnir starfi stjórnarformanns í stjórn hjá stefnanda. Á dómskjali nr. 30 er yfirlýsing rituð af Þorvaldi Jónssyni, þar sem skýrt er frá því að öllum mjölflytjendum hér á landi (skipafélögum) sé kunnugt um inntak samnings milli Andra hf. og Rybex Ltd. í Póllandi, en samkvæmt nefndum samningi er óheimilt að lesta saman laust og sekkjað mjöl.

Með hliðsjón af því, sem hér að ofan segir, verður að telja, að stefnanda hafi mátt vera kunnugt um ákvæði samnings milli Rybex Ltd. og Andra hf., sbr. dskj. nr. 22, þar sem segir að óheimilt sé að lesta í sama skip laust og sekkjað mjöl.

Þar sem á því er byggt af hálfu stefnanda að stefndi hafi tekið skipið á leigu, var stefnanda þegar af þeirri ástæðu óheimilt samkvæmt 24. gr. siglingalaga nr. 34/1985 að flytja með því skipi vöru fyrir aðra en farmsamningshafa.

Enginn farmsamningur var gerður milli stefnanda og stefnda, en málsaðilar eru sammála um það að ef það hefði verið gert, þá hefði ákvæði II. kafla „Gencon"-farmsamningsins gilt um farmsamning málsaðila.

Ekki verður séð að skipstjórinn á m/s Hauki hafi gert nokkra fyrirvara hvorki gagnvart vörumóttakanda né vörusendanda við afhendingu vörunnar, þegar aukabiðdagar tóku að líða til þess að tryggja greiðslu á aukabiðdögum með því að beita haldsrétti í farminum samkvæmt heimild í 8. gr. i.f. í II. kafla „Gencon"-farmsamningsins, þar til að greiðsla væri tryggð.

Á dómskjali nr. 8, „statement of facts", kemur fram, að skipið liggur í lægi frá því kl. 06.00 að morgni 25. ágúst 1988 til kl. 20.15 að kvöldi 31. ágúst s. m. Ekki verður séð að skipstjórinn hafi gert nokkra fyrirvara eða athugasemdir vegna þessarar biðar. Þá lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi ekki heldur getað upplýst hér fyrir dómi, hverjar voru orsakir þess, að skipið lagðist ekki að bryggju fyrr.

Að lokum telur dómurinn að stefnanda hafi ekki tekist að sanna að tafir þær, sem urðu við affermingu skipsins í Póllandi, verði raktar til aðgerða eða aðgerðaleysis stefnda.

Niðurstaðan er því sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 153.000,00. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu. Áfallnir dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Ólöf Pétursdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Andri hf., skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ness hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 153.000,- í málskostnað. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu.

Höfuðstólsfæra má vexti á tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 379/1991. **Valur Blomsterberg**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Hafdísi Alfreðsdóttur
(Ingibjörg Rafnar hrl) **og**
dómsmálaráðherra f.h.
dómsmálaráðuneytis
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Hjón. Börn. Framfærslueyrir. Stjórnsýsla. Gjafvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1991. Hann krefst þess, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem honum var gert að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni, stefndu Hafdísi, tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvorri dætra þeirra, Sigrúnu Birnu, f. 2. september 1982, og Berglindi Svönu, f. 30. janúar 1986, frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Hafdís Alfreðsdóttir krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. febrúar 1992.

Stefndi dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi og stefnda Hafdís leituðust við að slíta hjónabandi sínu, sem þau höfðu gengið í 9. júlí 1983. Hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði 17. júlí 1987 fóru þau sameiginlega fram á skilnað að borði og sæng, en deildu um annað, er að skilnaðinum laut, þ. e.

skiptingu eigna, forsjá barna, meðlag með börnunum og framfærslueyri til konunnar. Í ágúst fluttist konan af heimilinu með dætur þeirra tvær. Hinn 16. nóvember var bókað hjá bæjarfógeta, að samkomulag væri komið um, að konan hefði forsjá beggja dætranna, en ósamkomulag um, frá hvaða tíma maðurinn greiddi meðlag með börnunum, og aðra þætti skilnaðarmálsins, þar á meðal um kröfu konunnar um mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur til sín. Í lok nóvember gerði lögmaður mannsins kröfu um lögskilnað, og var krafan samþykkt. Stóð deila þeirra að öðru leyti allt næsta ár, og var málið tekið fyrir bæði hjá bæjarfógeta og í dómsmálaráðuneyti.

Kröfu sína um tvöfalt meðlag með börnunum gerði konan í bréfi til dómsmálaráðuneytisins 12. janúar 1988.

Hinn 1. febrúar 1988 var kveðinn upp úrskurður hjá bæjarfógeta, þar sem áfrýjanda var gert til bráðabirgða að greiða með dætrunum einfalt meðlag, eins og það ákveðst af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. nóvember 1987, þar til leyst væri deila um forsjá þeirra.

Haustið 1988 hafði dómsmálaráðuneytið málið til meðferðar vegna ágreinings um forsjá dætranna. Í bréfi ráðuneytisins til málsaðila 16. september 1988 kemur fram, að umsagnir barnaverndarnefnda Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafi borist ráðuneytinu og verði „málið því tekið til úrskurðar innan skamms". Í bréfi þessu segir enn fremur:

„Af því tilefni er aðilum hér með gefinn kostur á að koma á framfæri gögnum og upplýsingum er þeir óska eftir að berist ráðuneytinu áður en úrskurður verður upp kveðinn og er frestur í því skyni veittur til 1. október nk.

Athygli er vakin á kröfu konunnar um tvöfalt meðlag með börnum hjónanna og er manninum einnig gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum til þeirrar kröfu á ofangreindum fresti."

Aðilar brugðust hvor á sinn hátt við þessum tilmælum ráðuneytisins. Lögmaður áfrýjanda ritaði bréf til ráðuneytisins 27. september 1988, þar sem segir m.a.:

„Varðandi forræði barnanna, þá bendir umbjóðandi minn á, að hann hefur góða aðstöðu til að annast þau vel. Hann hefur íbúð til umráða og foreldrar hans, sem einnig eru búsett í Hafnarfirði, eru reiðubúin til að aðstoða hann með börnin, svo sem þau hafa áður

gert. . . . Ef umbjóðanda mínum verður fengið forræði barnanna, annars eða beggja, þá gerir hann kröfu um venjulegt meðlag með þeim úr hendi konunnar. Er það gert barnanna vegna, samanber fyrri úrskurði ráðuneytisins um þetta efni.

Kröfu konunnar um tvöfalt meðlag með börnunum, verði henni úrskurðað forræði þeirra, mótmælir maðurinn algjörlega. . . .

. . . Hann bendir enn fremur á, að konan hefur þegar aflað sér góðrar menntunar sem innanhússarkitekt og hefur af þeim sökum ágæta tekjumöguleika. Hann telur því engin rök vera til staðar fyrir því, að honum verði gert að greiða tvöfalt meðlag með börnunum, ef svo færi, að konan fengi forræði þeirra, enda sé þetta mál á engan hátt þannig vaxið, að leiða eigi til undantekningar frá því sem venjulegt er um meðlagsgreiðslur með börnum."

Stefnda Hafdís sendi ekki bréf til ráðuneytisins, heldur fór þangað sjálf, og var þar gerð svofelld bókun:

„Ár 1988, föstudaginn 7. október er tekið fyrir hjónaskilnaðarmálið nr. 12530 Valur Blomsterberg og Hafdís Alfreðsdóttir.

Konan er mætt. Það kemur fram hjá henni að svo hafi samist milli hennar og mannsins að hann borgi hluta af kostnaði vegna gæslu barnanna beint u.þ.b. 5.000 kr. á mánuði og með hliðsjón af því hafi hún ákveðið að draga kröfu sína um tvöföld meðlög til baka en áskilur sér rétt til að endurvekja þá kröfu ef maðurinn standi ekki við orð sín um að borga. Konan krefst því einfalds meðlags með hvoru barni fyrir sig til 18 ára aldurs."

Ekkert er fram komið um, að áfrýjanda hafi verið kynnt þessi bókun dómsmálaráðuneytisins. Hefur hann í máli þessu staðfastlega neitað að hafa gefið loforð þess efnis, sem í bókuninni greinir.

Í hinum áfrýjaða dómi er síðan gerð grein fyrir framhaldi málsins. Dómsmálaráðuneytið gaf hinn 12. október 1988 út leyfisbréf til lögskilnaðar milli áfrýjanda og stefndu Hafdísar. Þar er konunni úrskurðuð forsjá barna þeirra beggja. Þar er og kveðið á um, að maðurinn greiði konunni meðlag með hvoru barni fyrir sig, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, til 18 ára aldurs þeirra. Er á því byggt af hálfu aðila í máli þessu, að ákvæði leyfisbréfsins um meðlag með börnunum hafi verið staðfesting ráðuneytisins á samkomulagi foreldranna, sbr. 21. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Byggðist hinn umdeildi úrskurður ráðuneytisins 18. júlí 1989 því á 22. gr. barnalaga, en þar sagði: „Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.“

II.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar hér fyrir dómi á sömu rökum og hann bar fram í héraði. Hann leggur áherslu á það, að engar þær breytingar hafi orðið á tekjum þeirra né öðrum högum, sem réttlæti tvöföldun meðlagsgreiðslna hans til konunnar, einnig, að hvorki munur á tekjum né sérstakar aðstæður réttlæti frávik frá þeirri meginreglu, að miðað sé við einfalt meðlag, þ. e. jafnhátt barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Með vísan til fordæmis í dómi Hæstaréttar 30. mars 1987 ber að telja, að úrskurður um breytingu á samkomulagi aðila um fjárhæð meðlagsgreiðslna hafi verið heimill eftir lokaákvæði 22. gr. þágildandi barnalaga, þ.e. vegna þarfa barna án tillits til breyttra aðstæðna.

Þegar litið er til deilna hjónanna vegna skilnaðarins og krafna þeirra hvors á hendur öðru, má ljóst vera, að bókun sú, sem gerð var í dómsmálaráðuneytinu 7. október 1988, hefur vegið þungt við úrlausn þess á deilum aðila. Við útgáfu leyfisbréfsins 12. október 1988 hafi verið byggt á því, að áfrýjandi hafi gefið stefndu framangreint loforð, og við úrskurðinn 18. júlí 1989 hafi verið á því byggt, að þetta stóðst ekki.

Þegar þetta er virt og einnig, að telja verður, að nægilega sé í ljós leitt, að það væri andstætt þörfum barna áfrýjanda og stefndu Hafdísar að binda framfærslueyri frá honum við einfalt meðlag, eru ekki efni til að taka kröfur áfrýjanda til greina. Verður héraðsdómur því staðfestur, um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað. Áfrýjandi greiði stefndu Hafdísi 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Hafdísar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur.

Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað.

Áfrýjandi, Valur Blomsterberg, greiði stefndu Hafdísi Alfreðsdóttur 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Hafdísar Alfreðsdóttur fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Þegar beiðni áfrýjanda og stefndu Hafdísar Alfreðsdóttur um lögskilnað var á lokastigi meðferðar í dómsmálaráðuneytinu, kom stefnda í ráðuneytið og lýsti þeirri afstöðu varðandi kröfu sína um meðlög með dætrum þeirra, sem greind er í bókun ráðuneytisins frá 7. október 1988. Yfirlýsing hennar var ekki borin undir áfrýjanda, svo að séð verði, en hennar vegna var á því byggt við útgáfu skilnaðarleyfis 12. sama mánaðar, að komið væri á með hjónunum samkomulag þess efnis, að meðlögin yrðu einföld. Yfirlýsingin reyndist ekki í samræmi við afstöðu áfrýjanda, þegar til kastanna kom, og heldur hann því fram, að hann hafi aldrei gefið það loforð, sem um getur í bókuninni. Samkvæmt greinargerð hans til ráðuneytisins og

framburði hans í máli þessu hafði hann að vísu hugsað sér að sinna ýmsum greiðslum vegna dætranna, þótt hann fengi ekki forsjá þeirra, en þá viljað ráðstafa þeim án atbeina móðurinnar.

Við þessar aðstæður geta aðilar ekki með réttu miðað við það í málinu, að eftirfarandi úrskurður ráðuneytisins frá 18. júlí 1989 hafi falið í sér breytingu á staðfestum samningi um meðlög vegna dætranna, sbr. 22. gr. barnalaga nr. 9/1981, þar sem raunin var sú, að því er telja verður, að samkomulag um meðlögin hafði aldrei komist á. Meðlagsákvæði skilnaðarleyfisins voru þannig reist á grundvallarforsendu, sem ekki var fyrir hendi. Var ráðuneytinu rétt að taka málið upp aftur þegar af þeirri ástæðu, er stefnda Hafdís krafðist þess, og úrskurða um meðlögin frá grunni. Þetta gerðist í reynd, og fengu báðir aðilar kost á að tjá sig til hlítar um málefnið, áður en fyrrgreindur úrskurður var upp kveðinn. Varð niðurstaðan sú, að meðlög frá manninum skyldu vera tvöföld frá 1. desember 1989 að telja. Er hún byggð á ákvæðum 2. mgr. 15. gr. barnalaga, eins og við átti. Miðað við fram komnar upplýsingar um þarfir barnanna og fjárhagsstöðu og aðra hagi foreldranna verður ekki séð, að á úrskurðinum séu neinir efnisannmarkar, er varði ógildingu hans. Á þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðum annarra dómenda að öllu leyti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. júní sl., hefur Valur Blomsterberg, til heimilis að Sléttahrauni 32, Hafnarfirði, kt. 191159-3659, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. og 5. apríl 1990, gegn Hafdísi Alfreðsdóttur, Iðufelli 2, Reykjavík, kt. 070760-2079 og dómsmálaráðherra, f.h. dómsmálaráðuneytisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins, frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir skv. lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvoru barni sínu frá 1. des. 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefnda Hafdís krefst þess, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Stefndi dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 24. apríl 1990. Með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 6. nóv. 1990, var máli þessu vísað frá dómi. Stefnandi kærði frávísunardóm þennan til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 20. des. 1990, var héraðsdómurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Valur Blomsterberg, og stefnda Hafdís Alfreðsdóttir gengu í hjónaband þann 9. júlí 1983. Eiga þau saman tvær dætur, Sigrúnu Birnu, fædda 2. sept. 1982, og Berglindi Svönu, fædda 30. janúar 1986. Haustið 1982 héldu hjónin til náms í Bandaríkjunum og luku þar námi í árslok 1986, hann í markaðsfræðum og hún í innanhússarkitektúr. Að námi loknu héldu þau heim til Íslands og hófu búskap að Sléttahrauni 32 í Hafnarfirði.

Þann 17. júlí 1987 óskuðu þau eftir því við bæjarfógetann í Hafnarfirði, að þeim yrði veittur skilnaður að borði og sæng. Deilur voru með þeim hjónum um skiptingu eigna, forræði barna, meðlag og framfærslueyri.

Stefnda Hafdís gerði þann 12. janúar 1988 kröfu um tvöfalt meðlag með dætrum þeirra hjóna. Kröfu þessa dró hún til baka þann 7. okt. 1988, og var þá bókað hjá dómsmálaráðuneytinu, að ástæða þess væri sú, að stefnandi hefði lofað því munnlega að taka þátt í kostnaði vegna dagvistunar barna þeirra.

Dómsmálaráðuneytið gaf út leyfisbréf til lögskilnaðar stefnanda og stefndu Hafdísar þann 12. október 1988. Þar var ákveðið, að konan skyldi hafa forræði dætra þeirra og að maðurinn skyldi greiða með börnunum einfalt meðlag eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni. Stefnandi og stefnda Hafdís luku búskiptum með samkomulagi fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar þann 17. október 1988. Í tengslum við búskiptin voru af skiptarétti Hafnarfjarðar til kvaddir virðingarmenn 27. janúar 1988 til að meta eigur búsins, og er hún dagsett 18. febrúar 1988.

Þann 11. nóvember 1988 ritaði stefnda Hafdís dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hún fór fram á það, að stefnanda yrði gert að greiða henni tvöfalt meðlag með börnum þeirra, þar sem hann hefði ekki staðið við munnlegt loforð sitt um að taka þátt í kostnaði við dagvistun barna þeirra. Rökstuddi hún kröfu sína einnig með því, að verulegur munur væri á launum hennar

og stefnanda. Stefnandi hefði og fengið í sinn hlut allar helstu eigur búsþeirra og byggi auk þess í leigulausu húsnæði. Stefnandi mótmælti þessum fullyrðingum stefndu Hafdísar sem röngum.

Dómsmálaráðuneytið kvað upp úrskurð þann 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða stefndu Hafdísi tvöfalt meðlag með hvoru barni þeirra um sig frá 1. des. 1989 til 18 ára aldurs þeirra. Úrskurði þessum vill stefnandi ekki una og stefnir því fyrrverandi eiginkonu sinni, Hafdísi Alfreðsdóttur, og dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins til að þola ógildingu á honum.

Kröfu sína um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, byggir stefnandi á því, að aðalreglan um fjárhæð meðlagsgreiðslu með börnum sé svonefnt meðalmeðlag, svo sem það er ákveðið á hverjum tíma skv. lögum um almannatryggingar. Sé hér um áratuga-réttarvenju að ræða, og þurfi því meira en lítið til að koma til að vikið verði frá þeirri reglu. Telur hann, að í máli þessu séu engar þær forsendur fyrir hendi, sem réttlæti slík frávik. Stefnandi vísar um þetta efni til þess að allt frá setningu hjúskaparlaganna nr. 39/1921 hafi lengst af verið í lögum efnislega samhljóða ákvæði um að miða meðlagsgreiðslur með börnum við hag foreldra og þarfir barna ásamt heimild stjórnvalds til að endurmeta gert samkomulag um þetta efni. Í 2. mgr. 79. gr. laga nr. 39/1921 hafi verið kveðið á um það, að stjórnarráðið gæti breytt samningi foreldra um framfærslu barna sinna ef hagur foreldra hafi breyst eða ætla hafi mátt að breyting yrði börnum til bóta. Hliðstætt ákvæði sé ekki að finna í núgildandi hjúskaparlögum nr. 60/1972, en með þeim lögum hafi lögin nr. 39/1921 verið felld úr gildi. Hins vegar sé nú að finna samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981, þess efnis að framfærslueyri með börnum skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og högum og aðstöðu foreldranna. Ákvæði hjúskaparlaganna frá 1921 hafi í yfirgnæfandi tilfellum verið framkvæmd með þeim hætti að miða greiðslur með hverju barni við meðalmeðlag. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981 feli ekki í sér nein nýmæli frá hjúskaparlögunum nr. 39/1921 varðandi þau sjónarmið, sem fylgja skuli við ákvörðun meðlagsgreiðslna með börnum, og gefi því ekki tilefni til þeirrar stefnubreytingar um ákvörðun meðlags, er fram komi í úrskurði dómsmálaráðuneytisins. Með úrskurði sínum sé vikið frá hefðbundinni framkvæmd laganna, afleiðingar slíkrar réttarframkvæmdar séu til þess fallnar að valda kollsteypu við ákvörðun meðlagsgreiðslna með börnum þar sem tvöfalt meðlag hljóti þá að að verða aðalregla en einfalt meðlag heyri til undantekninga og slík þróun sé andstæð stefnu almannatryggingalaganna. Stefnandi byggir á því, að í 2. mgr. 15. gr. barnalaga sé gert ráð fyrir því að við ákvörðun meðlags sé höfð hliðsjón af

þörfum barns og fjárhagsstöðu og högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Engin trygging sé fyrir því, að hærri meðlagsgreiðslur komi börnunum að notum. Ekkert eftirlit sé hægt að hafa með því, hvernig framfærandi notar þær meðlagsgreiðslur sem hann fær í hendur og þess séu dæmi að stefnda Hafdís hafi notað fé, er hún þáði frá stefnanda, til annars en til var ætlast. Stefnandi hafi hlúð að börnum sínum með ýmsum hætti, svo sem með fatakaupum, er hann sjái um að verulegu leyti, og námsgjöldum og kveður fulla ástæðu til að tekið sé tillit til þess við ákvörðun meðlagsgreiðslna með þeim.

Stefnandi byggir og á því að skuldir hans og stefndu Hafdísar hafi verið langt umfram eignir og skuldir þær, sem hann hafi tekið að sér að greiða við lögskilnaðinn, hafi verið til muna hærri en þær, sem stefnda Hafdís tók að sér að greiða. Með tilliti til eigna og skulda teljist þau hvorugt vel stæð en hann þá til muna verr settur og tvöföld meðlagsgreiðsla stefnanda verði því ekki réttlætt með því að fjárhagur hans sé betri en fyrrverandi eiginkonu hans. Bæði hafi þau lokið háskólanámi og ekki séu efnisrök til annars en leggja nám beggja að jöfnu hvað aflahæfi varðar. Stefnandi byggir að lokum á því, að rök þau, sem stefnda Hafdís færir fyrir kröfu sinni um tvöfalt meðlag og varða meint loforð, er hún kveður stefnanda hafa gefið, þess efnis að hann hafi ætlað að leggja fram fé vegna dagvistunar barna þeirra, séu röng og þar með hafi ekki staðið efni til að endurákvarða meðlagsgreiðslur til hennar.

Kröfu sína um staðfestingu úrskurðarins byggir stefnda Hafdís á því, að ráðuneytið hafi að öllu leyti farið að lögum við mat sitt á kröfunni um tvöfalt meðlag. Fjárhagur og hagir aðila, þ.á m. aflahæfi, réttlæti niðurstöðuna. Samkvæmt samkomulagi um eignaskipti við hjúskaparslit aðila hafi stefnandi fengið mun meiri verðmæti í sinn hlut heldur en stefnda. Samkvæmt virðingargerð, er fram fór í tengslum við búskipti aðila, hafi stefnda Hafdís fengið í sinn hlut innbú og tæki að verðmæti kr. 182.000,00, en stefnandi hafi fengið muni virta á kr. 1.580.000,00 og þar sé bifreið búsins ekki talin með er hafi komið í hlut stefnanda. Stefnandi hafi yfirtekið skammtímaskuldir að fjárhæð kr. 712.000,00, en engu að síður sé um verulegan mun að ræða stefndu Hafdísi í óhag. Eigin skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna hafi hvort um sig tekið að sér, enda beri að líta svo á, að sá, er hafi fengið lánið, njóti fyrst og fremst sjálfur afraksturs þess með menntun sinni og auknu aflahæfi. Því sé ekki óeðlilegt að hvor aðili endurgreiði sitt lán. Stefnda mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að leggja beri nám beggja aðila að jöfnu hvað aflahæfi snertir. Laun stefnanda séu mun hærri en laun stefndu. Aflahæfi stefndu takmarkist af því, að hún hafi forsjá barnanna og

geti því ekki unnið fullan vinnudag. Kostnaður stefndu vegna daggæslu barnanna sé mikill. Húsnæðiskostnaður sé einnig umtalsverður. Þá mótmælir stefnda þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann klæði dæturnar að öllu leyti.

Stefndi dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins byggir kröfur sínar um sýknu á því, að skv. 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981 beri við ákvörðun framfærslueyris barna, annars vegar að hafa hliðsjón af þörfum barnsins og hins vegar af fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ.á m. aflahæfi þeirra. Það blasi við, að fjárhagsstaða stefnanda sé mun betri en fjárhagsstaða stefndu Hafdísar, bæði að því er varðar tekjumun svo og önnur ytri skilyrði.

II.

Stefnda Hafdís gerði upphaflega kröfu til greiðslu tvöfalds meðlags úr hendi stefnanda. Stefnda féll frá þeirri kröfu sinni. Í lögskilnaðarleyfi dómsmálaráðuneytisins þann 12. október 1988 var tekið fram að stefnandi skyldi greiða stefndu Hafdísi einfalt meðlag með hvoru barni um sig. Verður því að ætla að sú ákvörðun sé byggð á samkomulagi aðila en ekki úrskurði dómsmálaráðuneytisins. Í gildandi löggjöf er engin ákvæði að finna þess efnis, að breyting á samningi aðila um fjárhæð meðlags sé háð því skilyrði, að hagir aðila hafi breyst. Kemur sú málsástæða því ekki til skoðunar.

Við úrlausn þess, hvort úrskurður dómsmálaráðuneytisins um fjárhæð meðlags, dags. 18. júlí 1989, sé með þeim annmörkum, að hann beri að ógilda, koma til skoðunar hagir aðila máls þessa og þarfir barna þeirra.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi hefur haft allnokkru hærri tekjur en stefnda Hafdís. Með hliðsjón af samkomulagi aðila um eignaskipti við lögskilnað þeirra þykir verða að fallast á það með stefndu Hafdísi, að meiri hluti eigna bús þeirra hafi fallið til stefnanda. Á hinn bóginn yfirtók stefnandi allar skuldir þeirra að undanskilinni skuld stefndu Hafdísar við Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Þegar litið er til tekna stefndu Hafdísar, verður að telja, að henni hafi verið nauðsynlegt að fá úrskurðað tvöfalt meðlag til að standa straum af framfærslu þeirra barna, sem hún hafði fengið forræði fyrir.

Með hliðsjón af ofanrituðu og gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir dóminn um fjárhag aðila, verður að telja að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða tvöfalt meðlag, samrýmist þörfum barna hans og högum stefndu Hafdísar. Þykir því stefnanda ekki hafa tekist að sýna fram á að efni séu til að hnekkja úrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989.

Eftir niðurstöðu málsins skal stefnandi greiða stefndu Hafdísi Alfreðs-

dóttur kr. 200.000,00 í málskostnað, og eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Fjárhæð þessi greiðist í ríkissjóð. Málskostnaður dæmist ekki að öðru leyti.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hafdís Alfreðsdóttir og dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vals Blomsterbergs.

Stefnandi greiði stefndu Hafdísi Alfreðsdóttur kr. 200.000,00 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt, ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa. Fjárhæð þessi skal renna í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Hafdísar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., kr. 200.000,00.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 41/1991. **Landsbanki Íslands**
(Stefán Pétursson hrl.)
gegn
þrotabúi Íslandslax hf.
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Afurðalán. Tryggingarbréf. Kröfugerð. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „Aðalkrafa áfrýjanda er að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og gjaldþrotaskiptamáli Íslandslax hf. verði vísað frá skiptarétti Grindavíkur. Varakrafa er að samþykkt verði, sem krafa utan skuldaraðar, afurðalán, sem falla undir tryggingarbréf, sem eru með veði í eldisfiski stefnda, dags. 29.06.1987 USD 700.539,- og 08.10.1987 USD 84.790,- og er kröfufjárhæð jafnvirði USD 785.059,- á gengi greiðsludags. Þrautavarakrafa er að málskostnaður, sem stefnda var tildæmdur í héraði, verði felldur niður eða verulega lækkaður.“ Þá krefst hann málskostnaðar, verði aðaleða varakrafa tekin til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var aðalkrafa áfrýjanda fyrir skiptarétti Grindavíkur sú, „að samþykkt verði sem krafa utan skuldaraðar krafa hans í þrotabúið, kr. 90.975.538 sem eru veitt framleiðslulán á árunum 1986 til 9.11.1989 og tryggð með veði í birgðum, þ.e. öllum laxfiski í eldi í eigu Íslandslax hf.“ Kröfu þessa byggði áfrýjandi á því, að hún væri veðkrafa utan skuldaraðar. Með

útgáfu tryggingarskjala til áfrýjanda hefði stofnast handveðsígildi, sem gilt væri samkvæmt 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Krafa þessi breyttist ekki við gjaldþrot stefnda og væri ekki háð því, hvort tryggingarskjölum væri rétt þinglýst samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978.

Í greinargerð áfrýjanda til Hæstaréttar 25. september 1991 var aðalkrafan hin sama og var fyrir skiptarétti, en byggð á allt öðrum málsástæðum. Byggt var á því, að skráning breytingar á félagssamþykktum Íslandslax hf. hefði verið ólögmæt og afurðalánasamningum og tryggingarbréfum hefði verið rétt þinglýst í Reykjavík, sem hefði verið varnarþing og heimili Íslandslax hf. frá stofnun félagsins.

Við málflutning hér fyrir dómi kom áfrýjandi með nýja aðalkröfu, þar sem hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá skiptarétti Grindavíkur.

Stefndi hefur mótmælt nýrri kröfu áfrýjanda sem allt of seint fram kominni með vísan til 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Engir þeir gallar eru á málatilbúnaði, sem sjálfkrafa eiga að valda ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, til að koma megi nýrri kröfu að hér fyrir dómi, er ekki fullnægt. Með skírskotun til þessa, sbr. og 111. gr. laga nr. 91/1991, verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

Líta verður svo á, að með kröfugerð sinni hér fyrir dómi hafi áfrýjandi fallið frá þeirri aðalkröfu, sem hann gerði fyrir skiptarétti og í greinargerð sinni til Hæstaréttar.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Más Hallgrímssonar og Kristins Þorsteinssonar, starfsmanna afurðalánadeildar áfrýjanda, frá 22. júlí 1991, þar sem þeir gera grein fyrir afurðalánaviðskiptum áfrýjanda við bankann. Þar segir svo:

„Við upphaf afurðalánaviðskipta í Landsbankanum er stofnað reikningslán á nafni framleiðandans, þar sem öll afurðaviðskipti viðkomandi aðila fara í gegnum og bankinn hefur hönd í bagga með öllum inn- og útborgunum á reikningslánið. Framleiðandinn leggur fram birgðaskýrslu um unnar og óunnar birgðir afurða og veðhæfra

rekstrarvara, og er þá gerður afurðalánasamningur, sem felur m.a. í sér veðsetningu birgðanna svo og veðsetningu þess sem veðsali á eða eignast kann eftir því sem lög leyfa. Afurðalánasamningurinn er stimplaður og sendur strax til þinglýsingar. Bankinn lánar síðan afurðalán, sem venjulega er ákveðinn hluti af verðmæti birgðanna, dregur frá því lögboðin gjöld og vexti og leggur afganginn inn á hlaupareikning viðkomandi til ráðstöfunar. Samkvæmt afurðalánasamningnum má bankinn við lánveitingu eða innborgun ráðstafa fé til greiðslu tiltekinna skulda, en leyfir framleiðandanum síðan að ráðstafa mismuninum. Fari birgðir vaxandi að magni og/eða verðmæti getur framleiðandinn komið með nýjar birgðaskýrslur og fengið út á þær aukin afurðalán, en útlánin takmarkast ávallt af fjárhæð afurðalánasamninganna og birgðum sem að baki standa. Þegar innborganir berast, er bankanum heimilt að taka allt andvirði seldrar vöru inn á útlán en jafnaðarlega tekur bankinn sama hlutfall af þeim og lánað var, að viðbættum vöxtum o.fl. hafi vextirnir ekki verið greiddir við veðsetningu. Þegar innborganir hafa lækkað afurðalánin svo að þau nemi lægri fjárhæð en þær birgðir sem framleiðandi á, hefur það ætíð verið venja að lánað er út á þá viðbót með þeirri tryggingu sem gildandi afurðasamningur veitti. Á hinn bóginn eru gerðir nýir afurðalánasamningar, ef skuld á reikningsláninu fer fram úr fjárhæðum fyrri afurðalánasamninga. Það fer því mikið eftir hraða í sölumálum og skilum á afurðaandvirði hve margir samningar eru gerðir á framleiðslutímabilinu. Það má nefna sem dæmi, að í mörgum tilfellum eru gerðir einn til tveir afurðasamningar í byrjun árs við fiskvinnslufyrirtæki, sem duga allt árið þótt heildarútlán á reikningsláninu séu margföld upphæð afurða(veðs)samninganna. Bankinn þarf einungis að gæta þess að hámarksskuld á reikningsláninu fari ekki fram úr heildarveðsetningu samkvæmt gerðum samningum.

Almennt eru afurðalán veitt til eins árs í senn og þarf þá að gæta þess að tengja saman framleiðslu og útlán þess árs. Í fiskeldi hafa veðsetningar að undanförnu verið til 4ra ára, en veð í eldisfiski teljast halda sínu gildi þótt þau hafi verið tekin fyrir breytingu á veðlögunum á meðan veðsettar afurðir eru enn fyrir hendi.

Í viðskiptum við Íslandslax hf. var þessari reglu fylgt og nýir af-

urðasamningar því aðeins gerðir að skuldir yrðu hærri en samanlögð fjárhæð afurðasamninga leyfði."

Fyrsti afurðalánasamningurinn milli Íslandslax hf. og áfrýjanda var gerður 29. júní 1987, en síðan voru gerðir 10 samningar til viðbótar. Lánveitingar áfrýjanda stóðu til 6. nóvember 1989. Áttu útlán að nema 37,5% af birgðastöðu, en birgðaskýrslur voru gefnar mánaðarlega. Innborganir vegna sölu á laxi fóru að berast bankanum vorið 1988 og urðu það miklar, að ekki var þörf á því að gera veðsamninga eftir 1. júní 1988, þótt veitt væru 8 afurðalán frá þeim tíma og fram til 6. nóvember 1989. Við gjaldþrot Íslandslax hf. 9. nóvember 1989 var heildarkrafa, sem áfrýjandi lýsti í þrotabúið vegna afurða- og framleiðslulána, 90.975.538 krónur. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var því hafnað, að krafa þessi væri utan skuldaraðar, að því er varðaði 9 af 11 samningum, á þeim forsendum, að þeim hefði ekki verið þinglýst í réttu lögsagnarumdæmi, en veðréttur samkvæmt þeim tveimur samningum, sem töldust gildir, var talinn niður fallinn vegna innborgana á lánin.

III.

Varakrafa áfrýjanda er á því byggð, að þau tvö tryggingarbréf, sem þinglýst var í Grindavík, njóti gilds veðréttar og skuld, að fjárhæð 785.059 bandaríkjadalir, eigi að teljast utan skuldaraðar. Hér sé um að ræða tryggingarbréf, sem lána megi út á einu sinni eða oftar meðan lánveitandi telur veð nægja til tryggingar útlánum.

Tryggingarbréf þau, sem hér um ræðir, eru dagsett 29. júní og 8. október 1987. Samkvæmt þeim er Íslandslaxi hf. veitt lán til rekstrar fiskiræktarstöðvar að Stað við Grindavík á tímabilinu 1. maí til 31. desember 1987. Til tryggingar greiðslu lánsins veðsetur félagið áfrýjanda með 1. veðrétti að sjálfsvörsluveði: „allan laxfisk, er lántaki á eða eignast kann á ofangreindu tímabili og er í uppeldi í fiskiræktarstöð lántaka að Stað v/Grindavík, skv. birgðaskrá dags. . . . Samningur þessi gildir þar til öll veðsett framleiðsla lántaka á fyrrgreindu framleiðsluári er seld og allar skuldir hennar vegna eru greiddar ásamt og öllum kostnaði. . . ."

Samkvæmt framangreindum tryggingarbréfum var tekið veð í eldisfiskinum á grundvelli heimilda í veðlögum nr. 18/1887, sbr. lög nr. 87/1960 og lög nr. 43/1986, sem áður leyfðu veðsetningu afurða

allt að einu ári í senn til tryggingar lánum, en með síðastnefndum lögum var heimilað að veðsetja eldisfisk til fjögurra ára í senn. Þótt veðsetning samkvæmt tryggingarbréfunum væri í upphafi miðuð við fisk, sem í eldisstöðinni væri á tilteknu tímabili, ákváðu aðilar í reynd að halda bréfunum við um lengri tíma, eins og svigrúm var til samkvæmt lögunum, og var þeim ekki aflýst. Sýnist þetta hafa verið gert bæði vegna þess, að fiskur frá umræddu tímabili ætti að vera áfram í eldi, og svo hins, að lán vegna stöðvarinnar eftir lok tímabilsins hafi að hluta verið veitt út á sama fisk og jafnframt verið byggð á gildi veðréttar samkvæmt bréfunum.

Stefndi heldur því fram, að þau lán, sem tengjast þeim tveimur tryggingarbréfum, sem þinglýst var í Grindavík, séu að fullu greidd og allar greiðslur Íslandslax hf. hafi gengið til skulda í réttri tímaröð.

Svo sem að framan er lýst, var skipan afurðalánanna í máli þessu með þeim hætti, að fjárhæð skuldarinnar á hverjum tíma skipti máli fremur en aldur lánanna. Samkvæmt tryggingarbréfunum gildir samningurinn, þar til öll veðsett framleiðsla lántaka á tímabilinu er seld og allar skuldir hennar vegna greiddar. Meðan veðið er fyrir hendi, helst veðrétturinn. Sú regla að láta greiðslur ganga fyrst inn á elstu lánin átti ekki við í viðskiptum aðila, eins og þau fóru fram. Í málinu er upplýst, að verulegur hluti birgða Íslandslax hf. var enn fyrir hendi, þegar félagið varð gjaldþrota, þar á meðal fiskur frá árinu 1987, en skuldir ógreiddar. Ber því samkvæmt framansögðu að taka varakröfu áfrýjanda til greina, en um hana er ekki tölulegur ágreiningur. Miða skal við gengi bandaríkjadala eins og það var við gjaldþrotaúrskurð 9. nóvember 1989, svo sem áfrýjandi gerði í kröfulýsingu sinni í héraði. Krafa um dráttarvexti kemur ekki til álita, enda höfðu lánin vegna tryggingarbréfanna ekki verið gjaldfelld, þegar gjaldþrot bar að.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkennd er utan skuldaraðar krafa áfrýjanda, Landsbanka Íslands, á hendur stefnda, þrotabúi Íslandslax hf., um greiðslu á 785.059 bandaríkjadölum á gengi úrskurðardags gjaldþrots 9. nóvember 1989, 1:62,45, það er 49.026.934 krónum.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Úrskurður skiptaréttar Grindavíkur 11. október 1990.

Málavextir.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 21. september 1990.

Sóknaraðili er Landsbanki Íslands og varnaraðili er þb. Íslandslax hf. Hlutafélagið Íslandslax hf. var stofnað á árinu 1984. Heimili og varnarþing félagsins var upphaflega í Reykjavík, en 20. júní 1985 var samþykkt á aðalfundi félagsins að flytja heimili og varnarþing þess til Grindavíkur og var Hlutafélagaskrá tilkynnt um breytinguna með bréfi, dags. 1. nóvember 1985. Tilgangur félagsins var skv. 3. gr. samþykkta félagsins „að reisa, eiga og reka stöð til eldis og framleiðslu á fiski í stórum stíl og að vinna að þróun í fiskeldi og ennfremur að hafa um hönd alla starfsemi og viðskipti, sem samfara eru slíkum atvinnurekstri". Sala seiða og matfisks komst vel í gang árið 1987 en fljótlega fór rekstur félagsins að ganga illa. Hluthafar gáfust að lokum upp við að halda rekstrinum gangandi, og var Íslandslax hf. úrskurðað gjaldþrota þ. 9. nóvember 1989 að undangenginni 5 mánaða greiðslustöðvun.

Kröfur sóknaraðila, Landsbanka Íslands, í búið eru margar, en mál þetta er risið vegna ágreinings um kröfu nr. 48m á skrá yfir lýstar kröfur í þrotabú Íslandslax hf. Krafa nr. 48m er vegna afurða- og framleiðslulána sem sóknaraðili veitti Íslandslaxi hf. á árunum 1987–1989. Er fjárhæð kröfunnar kr. 90.975.538.- og eru henni til rökstuðnings ellefu skjöl sem ýmist eru nefnd „tryggingabréf fyrir framleiðsluláni" eða „afurðalánasamningur um lán til framleiðslu eldisfisks". Öll þessi lán eru skv. skjölunum veitt gegn samhliða 1. veðrétti í afurðum og rekstrarvörum stöðvarinnar. Níu þessara skjala var þinglýst í Reykjavík en aðeins tveimur á varnarþingi Íslandslax hf. í Grindavík, þ.e. láni, dags. 29. júní 1987, að upphæð USD 700.539,00, og

láni, dags. 8. október 1987, að upphæð USD 84.790,-. Bústjórar þb. Íslandslax höfnuðu kröfunni sem kröfu utan skuldaraðar, en samþykktu hana sem almenna kröfu. Við það vildi sækjandi ekki una og var því ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan.

II.

Kröfur.

Aðalkrafa sóknaraðila er „að samþykkt verði sem krafa utan skuldaraðar krafa hans í þrotabúið, kr. 90.975.538,00, sem eru veitt framleiðslulán á árunum 1986 til 9.11. 1989 og tryggð með veði í birgðum, þ.e. öllum laxfiski í eldi í eigu Íslandslax hf.".

Til vara krefst sóknaraðili „að samþykkt verði sem krafa utan skuldaraðar eftirstöðvar framleiðslulána sem veitt voru á árinu 1987 og tryggð eru með veði í öllum laxfiski í eldi í eigu Íslandslax hf. Kröfufjárhæð er jafnvirði USD 785.059 á gengi 62,45, ísl. kr. 49.026.934, auk dráttarvaxta frá 31.12. 1987 til 09.11. 1989".

Til þrautavara krefst sóknaraðili „að samþykkt verði sem krafa utan skuldaraðar eftirstöðvar framleiðslulána sem veitt voru á árinu 1987 og tryggð eru með veði í öllum laxfiski í eldi í eign Íslandslax hf. Kröfufjárhæð er jafnvirði USD 344,938 á gengi 62,45, ísl. kr. 21.541.137, auk dráttarvaxta frá 31.12. 1987 til 09.11. 1989. Ennfremur er krafist málskostnaðar að mati réttarins".

Varnaraðili krefst þess „að öllum kröfum sóknaraðila til stöðu utan skuldaraðar í þb. Íslandslax hf. verði hrundið, en kröfu hans að fjárhæð USD 1.389.372 verði skipað með almennum kröfum. Þá er krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ".

III.

Málsástæður.

Sækjandi byggir aðalkröfu sína á því að krafa sín sé veðkrafa sem skuli vera krafa utan skuldaraðar skv. 83. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 24. gr. laga nr. 6/1978. Telur hann að með útgáfu tryggingarskjala til sækjanda hafi sækjanda stofnast handveðsígildi sem gilt sé skv. 24. gr. laga nr. 6/1978 og 83. gr. laga nr. 3/1878. Verjandi hafi skuldbundið sig til að greiða afurðalán frá sækjanda með andvirði seldra afurða. Þessi ráðstöfun jafngildi stofnun handveðsígildis í skilningi 24. gr. laga nr. 6/1978 sem breytist ekki við gjaldþrot varnaraðila og sé ekki háð því hvort tryggingarskjölum var þinglýst rétt skv. lögum nr. 39/1978.

Varakröfu sína byggir sækjandi á að enn séu ógreidd framleiðslulán til Íslandslax hf. árið 1987. Telur hann eftirstöðvar lána vera jafnvirði USD 1.309.179. Þar sem aðilar eru sammála um, að tryggingarbréf, útg. 29. júní

1987, að upphæð USD 700.359,00, og tryggingarbréf, útg. 8. október 1987, að upphæð USD 84.700, séu lögformlega frágengin og rétt þinglýst, hafi þau fullt veðgildi og falli fjárkrafa sækjanda undir þann veðrétt, allt að USD 785.059 auk vaxta. Sóknaraðili telur stærstan hluta birgða af laxfiski vera af árgangi 1987.

Þrautavarakrafan er rökstudd með því að greiðslur inn á afurðalán árin 1987 til 1989 hafi jafnan farið til greiðslu á elsta láni hverju sinni. Eftirstöðvar séu þannig USD 344.938 sem er mismunur á veittum lánum árið 1987, USD 1.975.283, og innborgana á afurðalán frá 1. janúar 1987 til 9. nóvember 1989, samtals USD 1.630.345. Krafan falli undir veðrétt skv. áðurnefndum tryggingarbréfum sem þinglýst var á réttum stað.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar með vísan til þinglýsingalaga nr. 39/1978 og þá sérstaklega 47. gr. sem fjallar um þinglýsingu á lausafé.

Jafnframt bendir varnaraðili á þá almennu reglu kröfuréttar að hagsmunir skuldara ráði, til hvaða skulda greiðslur gangi, ef um margar skuldir er að ræða. Auk þess bendir hann á, að ef halda eigi þá reglu, að greiðslur eigi að ganga upp í elstu lán, þá sé ljóst, að öll lán fram til 28. desember 1987 séu að fullu greidd, sbr. rskj. nr. 14.

IV.

Álit réttarins.

Frá og með 20. júní 1985 er heimili og varnarþing Íslandslax hf. í Grindavík. Samkvæmt 47. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 ber að þinglýsa eignarhafti á lausafé, sem er í eigu skrásetts félags, í því þinglýsingaumdæmi, sem það er skrásett. Er orðalagið mjög skýrt. Telja verður að fylgja verði því út í æsar, enda er það mjög auðvelt í framkvæmd. Einsýnt er líka að önnur framkvæmd hefði í för með sér óþarft og óviðunandi öryggisleysi um þinglýsingar á óskrásettu lausafé. Tryggingarbréfum þeim, sem fjallað er um í máli þessu, var þinglýst í Reykjavík. Þar af leiðir, að ekki hefur stofnast gildur veðréttur í afurðum Íslandslax hf., þar sem veðréttinum var ekki haldið til laga.

Það er óumdeilt, að þinglýsing tveggja tryggingarbréfa var rétt framkvæmd og öðlast Landsbanki Íslands skv. þeim gildan veðrétt. Nánar tiltekið er hér um að ræða bréf, dags. 29.06. 1987, USD 700.539, og 8.10. 1987, USD 84.790. Öllum hinum bréfunum, níu að tölu, er þinglýst í Reykjavík. Samkvæmt gögnum málsins kemur í ljós að greitt hefur verið inn á þessi bréf. Eftir venju, sem gildir í viðskiptum sem þessum, sem bæði er eðlileg og að því er virðist óhjákvæmileg, eiga greiðslur, sem berast, að ganga inn á elstu lánin. Skv. réttarskjali nr. 14 verður að teljast að lánin frá 29.06. 1987 og 8.10. 1987 séu að fullu greidd skv. þeirri venju. Á því skjali er yfirlit vegna þessara afurðalánaviðskipta.

Þá er ekki hægt að fallast á með sækjanda að handveð eða ígildi þess hafi stofnast á hendur þriðja manni þar sem öll skilyrði til þess skortir, svo sem tilkynningu til skuldara eða áritun á bréf. Niðurstaðan er því sú að kröfu Landsbanka Íslands að upphæð ísl. kr. 90.975.538, nr. 48m á kröfulýsingarskrá er skipað sem almennri kröfu en ekki sem kröfu utan skuldaraðar.

Málskostnaður ákveðst kr. 920.000,00.

Úrskurðinn kvað upp fulltrúi skiptaráðanda, Þorsteinn Pétursson.

Úrskurðarorð:

Hafnað er, að krafa Landsbanka Íslands í þb. Íslandslax hf., að upphæð kr. 90.975.538, nr. 48m á kröfulýsingaskrá sé utan skuldaraðar. Hún er samþykkt sem almenn krafa. Landsbanki Íslands greiði þb. Íslandslax hf. kr. 920.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 18. febrúar 1994.

Nr. 78/1994. **Sveinberg Laxdal**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Esther Laxdal,
Jónasi Björnssyni og
sýslumanninum á Akureyri
(sjálf)

Kærumál. Þinglýsing. Landskipti. Jarðalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1994, sem barst réttinum 14. febrúar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og þinglýsing á úrskurði yfirlandskiptanefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 15. ágúst 1988 um landamerki milli jarðanna Tungu og Túnsbergs annars vegar og Meðalheims hins vegar, sem fram fór 4. nóvember 1993, verði felld úr gildi og lagt verði fyrir þinglýsingarstjórann á Akureyri að afmá úrskurðinn úr fasteignabók. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sýslumannsins á Akureyri.

Varnaraðilinn Esther Laxdal tekur undir kröfur sóknaraðila. Aðrir varnaraðilar hafa ekki látið mál þetta til sín taka fyrir Hæstarétti.

Könnun sýslumanns á lagaskilyrðum til landskipta, þegar honum berst slík beiðni samkvæmt landskiptalögum nr. 46/1941, er óviðkomandi skyldum hans sem þinglýsingarstjóra til að huga að því, sem gæta ber lögum samkvæmt, áður en þinglýsing landskiptagerða má fara fram.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. landskiptalaga skal þinglýsa skiptagerðum samkvæmt lögunum. Í 9. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er lagt bann við þinglýsingu skjala varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lögin taka til, nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, sbr. þó 6. og 7. gr. laganna. Eftir 3. mgr. 12. gr. jarðalaga

þarf samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta. Í þessari málsgrein er sérstaklega tekið fram, að ákvæði hennar taki einnig til landskipta samkvæmt landskiptalögum, sbr. 5. gr. laga nr. 90/1984. Ótvírætt er, að jarðalög taka til þeirra landskipta, sem hið þinglýsta skjal greinir, sbr. og 1. mgr. 3. gr. laganna.

Þegar sýslumanninum á Akureyri barst framangreind landskiptagerð til þinglýsingar 4. nóvember 1993, var á henni stimpill Fasteignamats ríkisins sama dag og ódagsettur stimpill sveitarstjóra Svalbarðsstrandarhrepps. Sýslumaður mátti þá gera ráð fyrir því, að fullnægt væri lagaskyldum gagnvart hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps. Hins vegar bar skjalið ekki með sér, að landskiptagerðin hefði verið lögð fyrir jarðanefnd og landbúnaðarráðherra samkvæmt áðurnefndum ákvæðum jarðalaga. Var það því eigi tækt til þinglýsingar, og bar að vísa því frá.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir sýslumanninn á Akureyri að afmá umræddan úrskurð yfirlandskiptanefndar Suður-Þingeyjarsýslu úr fasteignabók.

Eigi þykja efni til að dæma sýslumanninn á Akureyri til þess að greiða sóknaraðila kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Lagt er fyrir sýslumanninn á Akureyri að afmá úrskurð yfirlandskiptanefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 15. ágúst 1988, Ltr. 5031/1993, úr fasteignabók embættisins.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands 7. janúar 1994.

Kærandi, Sveinberg Laxdal, kt. 030742-2579, bóndi, Túnsbergi, Svalbarðsstrandarhreppi, hefur skotið máli þessu til héraðsdóms skv. heimild í 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992, með kæru, dagsettri 9. desember 1993 og móttekinni við dóminn sama dag. Krefst hann þess að úrskurðuð verði ómerk þinglýsing á úrskurði yfirlandskiptanefndar Suður-Þingeyjarsýslu um landamerki milli jarðanna Meðalheims annars vegar og

Tungu og Túnsbergs hins vegar, en úrskurði þessum var þinglýst þann 4. nóvember 1993. Þá krefst hann þess að umbeiðandi og/eða sýslumaðurinn á Akureyri beri kostnað vegna kærunnar.

Engar kröfur eða athugasemdir hafa borist dóminum frá eigendum jarðanna Meðalheims og Tungu og engar athugasemdir hafa borist frá sýslumanninum á Akureyri.

Málavextir eru þeir eftir gögnum málsins að þann 15. ágúst 1988 var kveðinn upp úrskurður í yfirlandskiptanefnd Suður-Þingeyjarsýslu vegna landskipta á milli jarðanna Tungu og Túnsbergs annars vegar og Meðalheims hins vegar, allra í Svalbarðsstrandarhreppi, S.-Þingeyjarsýslu. Voru þar merki þessara jarða ákveðin með tilteknum hætti og eiganda Meðalheims gert að greiða eigendum Tungu og Túnsbergs kr. 35.000,- vegna túns sem fluttist frá Tungu og Túnsbergi til Meðalheims.

Úrskurðurinn var afhentur sýslumanninum á Akureyri til þinglýsingar þann 4. nóvember 1993 af hálfu eiganda Meðalheims og færður í fasteignabók sama dag.

Með bréfi, dagsettu 10. nóvember 1993 og mótteknu hjá sýslumanninum á Akureyri sama dag, mótmælti kærandi þinglýsingunni. Þann 11. nóvember 1993 ákvað sýslumaður að hafna beiðni hans um að afmá úrskurðinn úr fasteignabók. Kemur fram í bréfi sýslumanns til kæranda að hann telur að rétt hafi verið að þinglýsa úrskurðinum á Tungu, Túnsberg og Meðalheim, þar sem úrskurðurinn varði allar þær jarðir, sbr. 14. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti.

Rök kæranda eru þau, að samkvæmt 9. gr. jarðalaga nr. 65/1976 sé óheimilt að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar sem jarðalög taki til nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, og samkvæmt 6. gr. og 12. gr. laganna sé skylt að leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar til þess að landskipti megi fara fram. Fyrir liggi að skiptanefndir í umræddu máli hafi ekki leitað samþykkis þessara aðila fyrir skiptunum, og sé því augljóst, að heimildir séu ekki til þinglýsingar á úrskurði skiptanefndar og sé vandséð með tilvísun til 9. gr. jarðalaga að mögulegt sé að þinglýsa gerningi sem heimildir hafi ekki verið til að mætti fara fram. Hafi þinglýsingarstjóra verið skylt að sannreyna hvort ákvæði laga stæðu í vegi fyrir þinglýsingu skiptagerðarinnar þrátt fyrir ákvæði landskiptalaga um að skiptagerðum skuli þinglýsa. Þá bendir kærandi á að ekki hafi komið fram, að þinglýsingarstjóri hafi kynnt sér hjá þinglýsingarbeiðanda hvort ákvæði í skjalinu um fjármálaleg atriði væru uppfyllt.

Samkvæmt 4. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 skipar sýslumaður oddamann til skiptagerða og samkvæmt 6. gr. laganna kveður hann fjóra menn til að

framkvæma yfirmat, er sjálfur formaður og stýrir matinu, en er þó heimilt að kveðja til þess annan í sinn stað. Verður að gæta þess þegar beiðni berst um landskipti, að lagaskilyrði séu til þess að hún verði tekin til meðferðar. Verður því ekki litið svo á að sýslumanni sé skylt að kanna þau atriði við þinglýsingu skiptagerðar, en samkvæmt 14. gr. landskiptalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1978 er skylt að þinglýsa skiptagerðum samkvæmt lögunum.

Samkvæmt lokamálsgrein 11. gr. landskiptalaga er heimilt við tilteknar aðstæður að kveða svo á í landskiptagerð að einn sameigandi greiði öðrum ræktunarkostnað vegna ræktunar lands. Dómurinn telur að niðurstaða yfirmatsmanna um landamerki standi óbreytt, hvernig sem fer með efndir slíkrar greiðsluskyldu. Er þinglýsing skiptagerðar því óháð þessu atriði.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að staðfesta úrlausn sýslumanns í máli þessu og skal þinglýsingin standa óbreytt.

Með stefnu, þingfestri hér fyrir dómi 9. desember 1993, höfðuðu eigendur Túnsbergs og Tungu mál gegn eiganda Meðalheims til ógildingar marg-nefndri skiptagerð. Telur dómurinn rétt að benda á að stefnendur geta í því máli krafist úrskurðar um að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa, sbr. 1. mgr. 28. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Dómari getur þess að eins og áður sagði barst kæran til dómsins þann 9. desember 1993 og skömmu seinna barst dóminum ljósrit bréfa sýslumanns til þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, þar sem þeim var kynnt að kæra þessi hefði komið fram, og þeim bent á heimild þeirra til að koma á framfæri skriflegum kröfum og athugasemdum. Dómurinn ákvað með bréfi til aðila þann 21. desember sl. að setja þeim frest til áramóta til að koma að kröfum eða athugasemdum í málinu og leið sá frestur án þess að nokkrar athuga-semdir bærust.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Framangreind þinglýsing skal standa óbreytt.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 3/1992. **Gísli Vilhjálmsson**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Verslunarmannafélagi Suðurnesja
(Guðni Haraldsson hrl.)

Verkfall. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 79.794 krónur með dráttarvöxtum eins og hér greinir: 45,6% frá 22. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi 1. júlí s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. september s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. október s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. desember s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., 30% frá þeim degi til þingfestingardags málsins, 21. mars s.á., en „með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfufjárhæð áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar.

I.

Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða hf., hugðist sinna farþegaafgreiðslu í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli 28. apríl 1988, en var hindraður í því starfi af verkfallsvörðum. Kærði hann þetta samdægurs til rannsóknarlögreglunnar á

Keflavíkurflugvelli, sem tók skýrslur af honum og nokkrum verkfallsvarða.

Í skýrslu sinni kveðst Sigurður hafa mætt í flugstöðinni umræddan dag til starfa við innritunarborð Flugleiða hf. til þess að skrá farþega í flug FÍ 615 til New York, en áfrýjandi átti bókað far með þeirri flugvél fyrir sig, eiginkonu sína og tveggja ára barn þeirra. Verkfallsverðir á vegum stefnda hafi staðið í vegi fyrir farþegum og hindrað þá í því að komast að afgreiðsluborði til að taka við brottfararspjöldum sínum. Einnig hafi verkfallsverðir hindrað sig í að fylgja farþegum gegnum hlið Útlendingaeftirlitsins. Vegna þessara hindrana hafi hann ekki getað afgreitt farþega í umrædda flugvél.

Fjórir félagsmenn stefnda staðfestu við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni, að þessi frásögn Sigurðar Helgasonar væri efnislega rétt.

II.

Það braut ekki í bága við ákvæði í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða aðrar réttarreglur, að forstjóri Flugleiða hf. innti af hendi framangreind störf í stað undirmanna sinna í verkfalli félagsmanna stefnda. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hafði keypt farseðla og átti bókað far með flugvél Flugleiða hf. til New York umræddan dag, og enn fremur, að enginn farþegi, sem ekki hafði fengið undanþágu hjá stefnda, komst með þeirri flugvél. Eigi er sýnt fram á, að atbeina félagsmanna stefnda hafi þurft við, til að áfrýjandi, kona hans og barn kæmust með farangur sinn um borð í flugvélina og fengju nauðsynlega fyrirgreiðslu þar. Samkvæmt þessu voru aðgerðir verkfallsvarða ekki þáttur í því að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18. gr. laga nr. 80/1938. Telja verður, að nægilega sé í ljós leitt, að verkfallsverðir myndu hafa hindrað brottför áfrýjanda með valdi, hefði hann látið á það reyna. Skiptir því ekki máli, að hann lét það ógert. Stefndi hefur ekki fært sönnur að þeirri málsástæðu, að verkfallsverðir í flugstöðinni umrætt sinn hafi ekki verið á hans vegum. Á það jafnt við um þá verkfallsverði, sem voru félagsmenn stefnda, og verkfallsverði úr öðrum stéttarfélögum, sem stefndi heldur fram, að einnig hefðu getað átt hlut að máli.

Með skírskotun til þessa verður fallist á það með áfrýjanda, að

aðgerðir verkfallsvarða hafi verið ólögmætar gagnvart honum, og ber stefndi að lögum fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum þeirra.

III.

Áfrýjandi kveðst hafa pantað flugfarseðla hjá Flugleiðum hf. í umrædda ferð með hálfs árs fyrirvara. Tilgangur ferðarinnar hafi verið að sækja þing tannréttingasérfræðinga í New Orleans, sem átti að hefjast 30. apríl, en áfrýjandi er tannlæknir og sérfræðingur í tannréttingum. Kveðst hann hafa verið búinn að gefa starfsfólki sínu leyfi frá störfum og afboða alla sjúklinga vegna ferðarinnar. Þegar sýnt var, að áfrýjandi komst ekki til Bandaríkjanna með flugvél Flugleiða ht., fór hann ásamt konu og barni með flugvél frá Arnarflugi hf. til Amsterdam, en þaðan með flugvél frá öðru flugfélagi til Bandaríkjanna.

Bótakrafa áfrýjanda nam upphaflega 95.897 krónum, sem hann kveður hafa verið kostnaðarauka þessu samfara. Lagði hann fram í málinu því til sönnunar reikning frá Ferðaskrifstofu Íslands hf., að fjárhæð 181.453 krónur, ásamt kvittun frá sama aðila, að fjárhæð 14.480 krónur, samtals 195.933 krónur. Frá þeirri fjárhæð dró hann andvirði flugfarseðlanna, sem hann hafði keypt hjá Flugleiðum hf., 100.036 krónur, og félagið endurgreiddi honum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir fjártjóni. Verði ekki á það fallist, er kröfufjárhæðinni mótmælt sem allt of hárri.

Á framangreindum reikningi nemur andvirði þriggja farseðla alls 165.350 krónum, en auk þess er á reikningnum liðurinn „bílaleigubíll í Orlando“ 16.103 krónur. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lækkaði áfrýjandi bótakröfu sína um þá fjárhæð.

Áfrýjandi hefur ekki gert viðhlítandi grein fyrir fjárhæð áðurnefndrar kvittunar, og verður kröfufjárhæðin því lækkuð, sem henni nemur. Að öðru leyti þykir fjárhæð bótakröfu hans nægilega rökstudd, og verður tekin til greina.

Samkvæmt því verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 65.314 krónur með dráttarvöxtum eins og krafist er og í dómsorði greinir, þó svo að dráttarvextir reiknast frá 1. maí 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 150.000 krónur í málskostnað í

héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnda var lagður fram í héraði sem sérstakt dómskjal bæklingur með heitinu Samningar Verslunarmannafélags Suðurnesja. Hann inniheldur m. a. fjölda laga og opinberra reglna, sem tengjast á engan hátt sakarefni málsins, svo sem samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík. Eigi verður séð, að þörf hafi verið á framlagningu þessa bæklings sem dómskjals, og var því ástæðulaust að taka hann inn í ágrip dómsgerða, en þar spannar hann 60 blaðsíður. Málatilbúnaður af þessu tagi er aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Stefndi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, greiði áfrýjanda, Gísla Vilhjálmssyni, 65.314 krónur með dráttarvöxtum eins og hér greinir: 44,4% frá 1. maí 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. september s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. október s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. desember s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., 30% frá þeim degi til 21. s.m., en með dráttarvöxum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 12. nóvember 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. október, er höfðað með stefnu, þingfestri 21. mars 1990.

Stefnandi er Gísli Vilhjálmsson, kt. 130554–5129, Laugavegi 163, Reykjavík. Stefndi er Verslunarmannafélag Suðurnesja, kt. 690269–0669, Hafnar-

götu 28, Keflavík. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða sér kr. 95.897,00 ásamt dráttarvöxtum, svo sem greinir í stefnu, auk málskostnaðar [...].

Stefndi krafðist í greinargerð sinni frávísunar málsins en hefur undir rekstri þess fallið frá þeirri kröfu. Krefst stefndi nú aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar [...].

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 28. apríl 1988 hafi hann átt pantað flugfar með Flugleiðum hf. til Chicago ásamt eiginkonu sinni og ungbarni, sem þegar hafði verið greitt fyrir. Hafi för sinni verið heitið þangað á þing tanréttingasérfræðinga. Að morgni nefnds dags kveðst stefnandi hafa ekið frá heimili sínu í Reykjavík og til heimilis foreldra sinna í Keflavík. Þar hafi hann skilið konu sína og barn eftir en sjálfur haldið til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að kanna hvort unnt yrði að komast með flugi vegna verkfallsaðgerða stefnda er þá stóðu yfir. Segir stefnandi að er hann kom til flugstöðvar og hugðist skrá sig til brottfarar, hafi orðið fyrir sér tugir verkfallsvarða, er meinuðu sér för að afgreiðsluborði.

Vegna nauðsynjar sinnar á að komast á umrætt þing kveðst stefnandi nú hafa leitað annarra leiða til að komast úr landi og á leiðarenda. Hafi sér tekist það með því að kaupa miða fyrir sig og fjölskyldu sína hjá Ferðaskrifstofu ríkisins með Arnarflugi til Amsterdam og síðan þar áfram með flugfélaginu KLM til Bandaríkjanna. Þessi ferðamáti hafi reynst dýrari en áætluð ferð með Flugleiðum hf., sem stefnandi gat ekki nýtt sér, og nemi krafa sín mismun á því, sem Flugleiðir endurgreiddu sér, og verði miðanna, sem hann keypti hjá Ferðaskrifstofu ríkisins.

Stefndi kveður málavexti hafa verið með þeim hætti, að 25. apríl 1988 hafi komið til framkvæmda almennt verkfall verslunarmanna hér á landi. Verkfall stefnda hafi hins vegar hafist 27. s.m. Meðan á verkfalli stóð hafi starfað sérstök undanþágunefnd sem veitt hafi fjölmargar undanþágur en engin beiðni frá stefnanda um slíka undanþágu hafi borist stefnda. Ekki var lögð fram nein kæra á hendur stefnda né félagsmanna þess af hálfu stefnanda, og ekki var farið fram á neina lögreglurannsókn af hans hálfu. Á meðan á verkfallinu stóð, hafi Flugleiðir hf. reynt að halda uppi starfsemi sinni í flugstöð með aðstoð félagsmanna stefnda svo og yfirmönnum fyrirtækisins. Hafi félagsmenn stefnda reynt að hindra að aðrir gengju inn í störf þeirra og að einstakir félagsmenn sniðgengju verkfallið.

Stefndi hefur gert þá athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda að stefnandi hafi aldrei verið hindraður í að komast í nefnda flugferð. Enginn „verkfallsvörður" kannist við að hafa séð stefnanda í flugstöðinni og engin

gögn styðji þá staðhæfingu hans. Hann hafi m.a. aldrei gefið sig fram eða látið vita af meintri hindrun á nokkurn hátt, fyrr en til málsóknar kom. Í þessu sambandi vekur stefndi sérstaka athygli á því að samkvæmt framburði stefnanda hafi hann komið einsamall en kona hans og barn urðu eftir hjá foreldrum stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða stefnda, sem hafi verið með öllu ólögmætar. Stefndi hafi þannig með ólögmætum hætti brotið gegn persónu-, athafna- og ferðafrelsi sínu.

Stefnandi telur verkfallsverði hafa stöðvað flugfarþega heimildarlaust í að fá afgreiðslu. Forstjóri hafi verið að sinna afgreiðslustörfum í flugstöð og það hafi honum verið heimilt skv. íslenskum vinnurétti, þ.á m. staðfestri dómvenju. Lögregluskýrslur og önnur gögn staðfesti að allir farþegar voru hindraðir í að komast með nefndu flugi og ekki sé hægt að ætlast til að stefnandi legði til atlögu við verkfallsverði, eins og á stóð. Þá hafi stefnandi enga ástæðu haft til að ætla að hann hefði fengið undanþágu hjá undanþágunefndinni.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabóta- og kröfuréttar til stuðnings bótakröfu sinni. Hér sé krafið um beinan útlagðan kostnað vegna ólögmætra athafna stefnda sem hann verði að bera ábyrgð á. Varðandi réttmæti bótakröfu vísar stefnandi til dóms hæstaréttar í málinu nr. 287/1989. Þá hefur stefnandi mótmælt öllum hugleiðingum stefnda um nauðsyn kröfuframsals frá eiginkonu sinni.

Um vaxtakröfur sínar vísar stefnandi til l. nr. 25/1978, um málskostnaðarkröfu til l. nr. 85/1936 og krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggist á l. nr. 50/1988.

Stefndi krefst í fyrsta lagi sýknu á grundvelli aðildarskorts. Hann hafi ekki staðið að neinni verkfallsvörslu í Leifsstöð. Þvert á móti hafi einstakir félagsmenn að eigin frumkvæði og á eigin ábyrgð ákveðið að fylgjast með, hvort verkfallsbrot væru framin í flugstöðinni. Engin ákvörðun hafi verið tekin hjá félaginu eða stjórn þess um neina verkfallsvörslu. Þá beri stefndi enga sjálfstæða ábyrgð á félagsmönnum sínum á grundvelli reglna um húsbóndaábyrgð. Af þessum sökum sé málinu ekki beint að réttum aðila og beri því að sýkna stefnda skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Verði ekki fallist á fyrrgreinda málsástæðu, krefst stefndi sýknu á grundvelli þess að ekki hafi verið um ólögmætar aðgerðir af sinni hálfu að ræða. Verkfall hafi verið löglega boðað á félagssvæði stefnda og aðgerðirnar nauðsynlegar til að halda verkfallinu uppi. Því hafi aðgerðirnar verið lögmætar í skilningi laga nr. 80/1938.

Stefndi telur að framið hafi verið verkfallsbrot af hálfu Flugleiða hf. í

Leifsstöð. Störf við flugfrakt o.fl. falli innan starfssviðs félagsmanna stefnda og ekki séð að yfirmenn hafi gengið í þessi störf, heldur hafi félagsmenn stefnda einnig unnið í Leifsstöð meðan á verkfallinu stóð. Þetta sé ólöglegt skv. 18. gr. l. nr. 80/1938 og aðgerðirnar hafi beinst gegn þessum verkfallsbrotum.

Stefndi vísar á bug, að fordæmi þau, er stefnandi hefur vísað til máli sínu til stuðnings, eigi við í þessu máli. Í tilvitnuðum málum hafi verið um að ræða að ófélagsbundnir menn hafi gengið í störf félagsbundinna undirmanna en hér sé annað upp á teningnum.

Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni af sínum völdum í skilningi reglna skaðabótaréttarins. Ákvörðun stefnanda um að kaupa aðra miða hafi verið á hans eigin ábyrgð. Hér sé ekki um að ræða hagsmuni sem njóti verndar skaðabótareglnanna og ekki sé hér heldur fylgt reglum um takmörkun tjónþola á tjóni sínu.

Þá mótmælir stefndi kröfugerð stefnanda að öðru leyti sem órökstuddri og rangri. Ekkert hafi verið lagt fram um þörf stefnanda til að komast úr landi og þar með kaup hans á dýrari farmiðum. Þá krefjist stefnandi einnig bóta vegna ferðar eiginkonu sinnar og barns sem séu máli þessu óviðkomandi, og m.a. liggi ekki fyrir neitt kröfuframsal frá eiginkonu stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til l. nr. 80/1938, l. nr. 25/1987, l. nr. 50/1988, l. nr. 85/1936 og 45. gr. l. nr. 75/1973.

IV.

Ágreiningur er með aðilum um hvort stefnanda hafi verið meinuð för með flugi Flugleiða umræddan dag. Ágreiningslaust er að undanþágur voru veittar af verkfallsnefnd Verslunarmannafélags Suðurnesja vegna utanlandsferða, m.a. 28. apríl 1988.

Fram kemur í framburði stefnanda hér fyrir dóminum að hann hafi ekki fengið neina formlega synjun á afgreiðslu í flugstöðinni umræddan dag heldur hafi hann séð að aðgangur að „svæðinu“ hafi ekki verið hindrunarlaus.

Dómurinn lítur svo á að ósannað sé að stefnandi hafi gert raunhæfa tilraun til að komast með fluginu og af því leiðir að ósannað er að stefndi hafi hindrað hann. Þetta ásamt því, að stefnandi leitaði ekki eftir undanþágu til verkalýðsfélagsins fyrir sig og fjölskyldu sína, leiðir til þess, að ekki kemur til álita hvort verkfallsvarsla stefnda hafi verið lögmæt eða ekki, heldur verður stefndi þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000,00 að

viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri hann dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 70.000,00 í málskostnað að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 455/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Anthony Lee Bellere
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Anthony Lee Bellere, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Péturs Kr. Hafstein

Ég er samþykkur sakarmati meiri hluta dómsins.

Þau brot, er mál þetta varðar, eru ekki stórfelld. Ákærði á hins vegar að baki sér langan brotaferil, eins og rakið er í héraðsdómi. Því er rétt að auka svo við hegningu hans sem svigrúm er til sam-

kvæmt 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu og öllum atvikum tel ég refsingu ákærða nú ekki eiga að vera þyngri en 12 mánaða fangelsi.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 19. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 413/1993: Ákæruvaldið gegn Anthony Lee Bellere, sem tekið var til dóms 1. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. ágúst sl., á hendur ákærða, Anthony Lee Bellere, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 3. september 1966, fæðingarnúmer 538, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík:

1) Fyrir þjófnað með því að hafa að morgni laugardagsins 12. júní 1993 brotist inn í hús nr. 1 við Grandagarð og stolið þaðan skjalatösku, ritvél og útvarpstæki.
2) Fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 16. eða fimmtudaginn 17. júní 1993 í félagi við 3-4 ónafngreinda menn brotist inn í Freyjubúðina, Freyjugötu nr. 27, og stolið þaðan kveikjurum, vindlingum, sælgæti og skiptimynt, samtals að fjárhæð 15.000 krónur.
3) Fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 3. júlí 1993 brotist inn í veitingahúsið Gullið við Austurstræti og stolið þaðan leðurjakka, stökum jakka, gallajakka, 24 flöskum af sterku áfengi, 4 gosflöskum, 25 flöskum af bjór, 157 geisladiskum, magnara, geislaspilara, geisladiskahreinsara, síma og um það bil 8-9.000 krónum í peningum.
4) Fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 4. júlí 1993 í þjófnaðarskyni reynt að brjótast inn á sama stað.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en liður 4 jafnframt við 20. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Ákæruliður 1.

Laugardaginn 12. júní sl. kl. 07.47 var lögreglu tilkynnt um innbrot í skrifstofuhúsnæði við Grandagarð 1 hér í borg. Tilkynnandi, Árni Maríusson, kt. 300745-3939, saknaði lítils útvarpstækis og þá var búið að bera svarta skjalatösku og ritvél út á vinnupalla fyrir utan húsið. Skýrði tilkynnandi svo frá, að hann hefði orðið var mannaferða í skrifstofuhúsnæði sínu og kvaðst

hann hafa farið norður fyrir húsið og ætlað að grípa manninn þar, þegar hann kæmi út um glugga. Tilkynnandi kom boðum til lögreglu og fjarlægði stiga, sem reistur var við vinnupalla við húsið. Kvað tilkynnandi mann hafa komið út á pallinn og kvaðst hann hafa tekið nokkrar myndir af manninum, sem hímdi uppi á vinnupallinum. Maðurinn komst hins vegar undan áður en lögreglan kom á vettvang, en grunur beindist að því að ákærði hefði verið þarna að verki. Tilkynnandi afhenti lögreglu filmu með myndum af manninum, en myndir þessar fylgdu ekki rannsóknargögnum málsins.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist við að hafa stolið áðurgreindu útvarpstæki, eins og rakið er í þessum lið ákærunnar. Ákærði neitaði því að hafa stolið skjalatösku og ritvél. Hann kvaðst hafa tekið þessa hluti og farið með þá út á vinnupall fyrir utan húsið en ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði gert það. Ákærði kvaðst hafa reynt að bera hluti þessa niður en kvaðst hafa hætt við sökum ölvunar og ætlað að bera hlutina inn aftur en kvaðst hafa þurft að hætta við sökum þess að maður kastaði grjóti að sér.

Lögreglumennirnir Anna Elísabet Ólafsdóttir, Gunnar Jónasson og Gylfi Gylfason komu fyrir dóm og gáfu skýrslu vegna þessa ákæruliðar.

Niðurstaða.

Ákærði hefur kannast við að hafa farið inn í ofangreint skrifstofuhúsnæði og stolið þaðan útvarpstæki. Ákærði hefur hins vegar neitað því að hafa stolið skjalatösku og ritvél, en hefur viðurkennt að hafa fært þessa hluti út á vinnupall fyrir utan skrifstofuhúsnæðið. Ákærði hefur engar haldbærar skýringar getað gefið á því í hvaða tilgangi þetta var gert. Eins og mál þetta er vaxið þykir ákærði með þessari háttsemi sinni hafa gerst sekur um þjófnað, og var brot hans fullframið, þegar hann færði áðurgreinda muni út á vinnupallinn.

Ákæruliður 2.

Fimmtudaginn 17. júní sl. kl. 14.14 var lögreglu tilkynnt um innbrot í Freyjubúðina, Freyjugötu 27 hér í borg. Tilkynnandi tjáði lögreglu að stolið hefði verið tóbaki og sælgæti svo og skiptimynt úr afgreiðslukassa.

Hinn 4. júlí sl. var framkvæmd húsleit í herbergi ákærða að Bárugötu 22 og fundust þá m.a. 13 kveikjarar, merktir Freyjubúðinni. Ákærði var yfirheyrður hjá RLR þann 12. júlí sl. og viðurkenndi þá aðild sína að innbroti í umrædda verslun. Kvaðst ákærði hafa verið þarna á ferð með 3-4 öðrum karlmönnum, sem hann vissi ekki deili á. Kvaðst ákærði hafa tekið kveikjara, en hinir hefðu tekið sælgæti, mat og skiptimynt. Ákærði tók fram að hann myndi lítið eftir þessu sökum ölvunar.

Ákærði skýrði hins vegar svo frá fyrir dómi, að hann neitaði því að hafa brotist inn í Freyjubúðina.

Ákærði kvaðst hafa gefið skýrslu þann 4. júli sl. í Síðumúlafangelsi, þar sem ákærði kvaðst hafa viðurkennt umrætt innbrot, en skýrsla þessi var ekki meðal málsgagna. Ákærði kvað skýringuna vera þá að hann var illa fyrirkallaður vegna áfengisneyslu og vildi losna sem fyrst.

Þá kannaðist ákærði við að hafa viðurkennt aðild sína að innbrotinu í skýrslutöku 12. júlí sl., en tók fram, að sér hefði verið 4. júlí sl. gefið í skyn að hann yrði beittur innilokun ef hann breytti framburði sínum.

Aðspurður um skýringar á því, hvers vegna kveikjarar merktir Freyjubúðinni fundust í herbergi hans við húsleit, kvað ákærði skýringuna vera þá, að hann hefði dálæti á öllum merktum hlutum, og kvaðst hann safna þeim. Ákærði kvaðst hafa fundið kveikjara þessa í einhverju samkvæmi þann 16. eða 17. júní sl. og kvaðst hafa tekið þá með sér.

Vitnið Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður, kt. 280164-3999, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við, að yfirlitsskýrsla hefði verið gerð 4/7 sl., en vitnið kvaðst ekki hafa gert þá skýrslu, heldur Guðni Sigurbjarnarson. Vitnið kvaðst hafa lesið þessa skýrslu yfir, en hún hefði ekki legið frammi, er vitnið yfirheyrði ákærða 12. júlí sl., að því er vitnið minnti. Vitnið kvað, að yfirheyrslan 12/7 hefði verið eðlileg, það hefði ekki þurft að ganga á ákærða og hann verið samvinnuþýður. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort talað var um haldlagningu á þýfi í þessari skýrslutöku.

Niðurstaða.

Ákærði hefur fyrir dómi viljað hverfa frá játningu sinni um ofangreint innbrot. Hefur ákærði gefið þá skýringu, að hann hafi verið illa fyrirkallaður vegna áfengisneyslu er hann gaf skýrslu hjá RLR þann 4. júlí sl., og hann hafi síðan staðfest játningu sína 12. júlí sl., sökum þess að honum var gefið í skyn 4. júlí sl. að hann yrði beittur innilokun ef hann breytti framburði sínum. Ekkert er fram komið í máli þessu, er bendir til þess, að ákærði hafi verið beittur þrýstingi, er hann játaði innbrotið. Þá eru skýringar þær, sem ákærði gaf fyrir dómi um breyttan framburð, ótrúverðugar, sérstaklega í ljósi þess, að ákærði viðurkenndi innbrotið við yfirheyrslur hjá RLR tvívegis á nokkrum dögum. Einnig ber að líta til þess að kveikjarar merktir Freyjubúðinni fundust við húsleit heima hjá ákærða, en skýring ákærða fyrir dómi um það, að hann hafi fundið þá í samkvæmi, er ótrúverðug.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna breyttum framburði ákærða, og telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um innbrot í Freyjubúðina, en ekki verður talið sannað, að ákærði hafi stolið öðru en umræddum kveikjurum. Er brot ákærða rétt fært til refsiákvæðis í ákæruskjali.

Ákæruliður 3.

Málavöxtum vegna þessa ákæruliðar er nægilega lýst í ákæruskjali.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa brotist inn í veitingahúsið Gullið og stolið þar ýmsum munum, en vildi þó ekki fullyrða, að það hafi verið þeir munir er upp eru taldir í ákæruskjali.

Vegna þessa kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 040351-4779, og skýrði svo frá, að það kannaðist við að hafa haft afskipti af máli er varðaði innbrot í veitingahúsið Gullið og kvaðst vitnið hafa farið á vettvang. Vitnið kvað að þýfið hefði fundist í plastöskutunnu. Borin var undir vitnið skýrsla, þar sem innihald tunnunnar er skráð og staðfesti vitnið efni skýrslunnar og undirskrift sína undir hana.

Upptalning í ákæruskjali á þýfi úr innbrotinu er í samræmi við ofangreinda skýrslu vitnisins.

Samkvæmt upplýsingum frá veitingahúsinu Gullinu nam verðmæti þýfisins um kr. 500.000.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða að hluta og með hliðsjón af framangreindri skýrslu vitnisins Kristjáns sem og öðrum gögnum málsins telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæðis.

Ákæruliður 4.

Málavöxtum vegna þessa ákæruliðar er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og réttilega er fært til refsiákvæðis í ákæru.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1984 hlotið 17 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú 7 árum og 7 mánuðum. Síðast hlaut ákærði dóm 29. mars sl., 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af ákvæðum 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllu framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Anthony Lee Bellere, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 386/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Þorsteini Guðnasyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Skyldusparnaður. Fjárdráttur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Samkvæmt framburði ákærða sjálfs fyrir dómi og gögnum málsins var hann formaður og framkvæmdastjóri Völundarsmíðar hf. frá stofnun félagsins 27. desember 1987 til 25. mars 1988, en einungis stjórnarformaður eftir það, þar til félagið varð gjaldþrota 20. desember 1990. Hann kvaðst hafa átt um 90% hlutafjár í félaginu, en starfsemi þess hefði lokið um mitt ár 1988.

Ákærði var framkvæmdastjóri og meðstjórnandi JL Völundar hf. frá stofnun félagsins 29. desember 1980, þar til það var tekið til gjaldþrotaskipta 14. maí 1990.

Með viðurkenningu ákærða og sakargögnum er leitt í ljós, að ákærði stóð ekki lögboðin skil á skyldusparnaði af launum starfsmanna framangreindra fyrirtækja á árunum 1988 og 1989 á þann veg, sem í ákæru greinir. Óumdeilt er, að 30.000 krónur af þessum skyldusparnaði voru greiddar Húsnæðisstofnun ríkisins síðla árs 1990 vegna Eyþórs Benediktssonar, starfsmanns JL Völundar hf., en að öðru leyti hefur ákærði eigi gert athugasemdir við tölur í ákæru.

Laun þeirra starfsmanna, sem hér um ræðir, voru greidd reglulega á þessum tíma. Gögn málsins gefa til kynna, að fyrir hendi hafi verið rekstrarfé í báðum fyrirtækjunum til að standa lögboðin skil á afdregnum skyldusparnaði starfsmanna, þótt það kunni að minnsta kosti að hluta til að hafa verið fengið með yfirdrætti á bankareikningum. Ákærði hélt skyldusparnaðarfé starfsmanna ekki sérgreindu

í sjóði, og er sannað, að hann hagnýtti sér það til reksturs fyrirtækjanna. Braut hann þannig gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsiákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. áður lög nr. 60/1984, koma þá ekki til álita, sbr. dóm Hæstaréttar 19. mars 1993 í málinu nr. 119/1992.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Guðnason, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 18. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-100/1993: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Guðnasyni sem tekið var til dóms 13. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. febrúar 1993, á hendur ákærða, Þorsteini Guðnasyni, Kaplaskjólsvegi 91, Reykjavík, kt. 070852 – 462, „fyrir eftirgreind fjárdráttarbrot:

I.

Að hafa á tímabilinu frá febrúar til júlí 1988 sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins Völundarsmíðar, kt. 480188-1019, Skeifunni 19, Reykjavík, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé samtals kr. 111.898, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, sem innheimtustofnun skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, heldur dregið félaginu þetta fé og notað í rekstur félagsins.

Nafn starfsmanns	Tímabil	Fjárhæð
Ómar Valdimarsson, kt. 111165-4089	mars – maí 1988	kr. 16.929
Grétar M. Ómarsson, kt. 310165-3369	febr. – júlí 1988	„ 72.211
Bjarni M. Svavarsson, kt. 080472-4129	maí – júlí 1988	„ 22.758
	Samtals	„ 111.898

II.

Að hafa á tímabilinu frá maí 1988 til febrúar 1989 sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins JL Völundar, kt. 710269 – 4919, Hringbraut 120, Reykjavík, haldið eftir af launum Eyþórs Benediktssonar, starfsmanns félagsins, skyldusparnaðarfé, samtals kr. 45.033, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, heldur dregið félaginu þetta fé og notað í rekstur félagsins.

III.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

I.

Fyrirtækið Völundarsmíð hf. var stofnað í desember 1987. Var ákærði framkvæmdastjóri og stjórnarformaður allt til þess er félagið varð gjaldþrota 20. desember 1990. Fjárhagur félagsins var lengst af bágborinn og tékkareikningur þess oft stórlega yfirdreginn. Viðurkennt er og staðfest í gögnum málsins að skyldusparnaðarfé það, sem reiknað var af launum þeirra Ómars Valdimarssonar, Grétars M. Ómarssonar og Bjarna M. Svav-

arssonar, var ekki greitt til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Eru tölur um þetta í ákærunni ekki vefengdar af hálfu ákærða og hafa þær stoð í málsgögnunum. Ákærði hefur viðurkennt að bera ábyrgð á þessum vanskilum.

II.

Fyrirtækið JL Völundur hf. var stofnað í desember 1980. Var ákærði framkvæmdastjóri og stjórnarformaður frá stofnun þess eða þar til Sigurður Geirsson varð framkvæmdastjóri en ákærði var áfram stjórnarformaður eða þar til yfir lauk að félagið varð gjaldþrota 14. maí 1990. Fjárhagur félagsins var lengst af bágborinn og tékkareikningur þess oft stórlega yfirdreginn. Viðurkennt er og staðfest í gögnum málsins að skyldusparnaðarfé það, sem reiknað var af launum Eyþórs Benediktssonar, starfsmanns félagsins, var ekki greitt til Húsnæðisstofnunar ríkisins á gjalddaga en telja verður upplýst að 30.000 krónur hafi verið greiddar inn á skuldina um mánaðamótin október – nóvember 1990. Er talan um þetta í ákærunni að öðru leyti ekki vefengd af hálfu ákærða og hefur hún stoð í málsgögnunum. Ákærði hefur viðurkennt að bera ábyrgð á þessum vanskilum enda hafi hann átt um 90 % hlutafjár í félaginu og verið stjórnarformaður þess.

Telja verður að ákærði beri fulla ábyrgð á því að ekki voru gerð skil skyldusparnaðarfjárins í þeim tilvikum sem greinir í báðum köflum ákærunnar.

Samkvæmt 104. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 (áður 70. gr. laga nr. 60/1984), en fyrir gildistöku laga nr. 61/1993, var einstaklingum skylt að leggja til hliðar 15 % af launum sínum sem greidd voru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Bar að ávaxta fé þetta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Samkvæmt 108. gr laganna (áður 74. gr.) skyldi Húsnæðisstofnunin innheimta eða láta innheimta fé þetta. Þá var þar lögð sú skylda á launagreiðendur, að þeir héldu eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skiluðu fénu til Húsnæðisstofnunar. Þá sagði í 109. gr. laganna (áður 75. gr.) að vanrækti launagreiðandi að taka skyldusparnað af starfsmanni samkvæmt lögunum eða skila því, sem hann hafði haldið eftir, væri hann ábyrgur fyrir fé því, eins og um hans eigin skattgreiðslur væri að ræða, og bæri að innheimta slík vanskil líkt og launaskatt. Loks eru í 118. gr. laganna (áður 84. gr.) lagðar sektir við því að brjóta lögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skilja verður þessi lagaákvæði þannig að launagreiðandi hafi bakað sér refsingu með því að gera ekki lögboðin skil á skyldusparnaðarfé hvort sem fé þetta hafi verið til í sjóði hans eða ekki.

Refsiákvæði þessi eru sérlög og nýrri en hin almennu hegningarlög. Með

10. gr. laga nr. 42/1957 um „húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.“ var fyrst kveðið á um skyldusparnað til íbúðabygginga. Ekki voru nein refsiákvæði í þeim lögum. Aftur á móti var í 18. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 19/1965, sem tóku við af lögunum nr. 42/1957, lögð sektarrefsing við brotum gegn þeim lögum. Hvorki er að finna neina ráðagerð í þeim lögum né í athugasemdum með lagafrumvarpinu um það að refsa eigi fyrir brot gegn sparnaðarskyldu eða öðrum atriðum laganna samkvæmt almennum hegningarlögum. Er hana ekki heldur að finna í síðari lögum um sama efni. Atferli það, sem hér um ræðir, er sérstætt, bundið afmörkuðu sviði athafnalífsins og á sér fáar hliðstæður. Er það álit dómsins að almenn hegningarlög eigi ekki við um það en refsiákvæði núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins taki til þess. Er heimilt að beita þeim lögum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Er orðalag ákæruskjals ekki til hindrunar því og málið og vikið (sic) sér að þessu í málflutningi.

Með 17. gr. laga nr. 61, 1993 var skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga afnuminn. Kemur þá til álita hvort vanskil skyldusparnaðarfjár séu nú refsilaus, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Athugun á lagatexta og athugasemdum við lagafrumvarpið leiðir í ljós, að skyldusparnaður var ekki afnuminn vegna breytts mats löggjafans á refsinæmi þessa athæfis heldur vegna breyttra aðstæðna í lánamálum og efnahagslífi og annarra þjóðfélagsbreytinga. Er það skoðun dómsins að 118. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sé enn gild refsiheimild að því er varðar vanskil skyldusparnaðarfjár.

Ákærða bar að gera skil á skyldusparnaðarfénu á árunum 1988 og 1989. Eins og fram er komið hefur hann enn ekki uppfyllt þessa skyldu sína nema að því er varðar þær 30.000 krónur, sem goldnar voru um mánaðamótin október – nóvember 1990. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga var sök ákærða að því leyti löngu fyrnd þegar málið var loks höfðað 16. febrúar sl. Að öðru leyti hefur ákærði látið leggjast undir höfuð að gera skil fjárins og meðan svo er fyrnist sök hans ekki. Ber þannig að sakfella hann fyrir brot gegn 108. og 109. gr., sbr. 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, með því að standa stofnuninni ekki skil á 81.898 krónum af skyldusparnaðarfé starfsmanna sinna.

Viðurlög.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, en verjandi ákærða, Þorsteinn Einarsson héraðsdómslögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Guðnason, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs en sæti ella varðhaldi í 30 daga, greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 202/1991. **Guðrún Sveinsdóttir og**
Guðbjörg Sveinsdóttir
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Hólmfríði Þórhallsdóttur
(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Galli. Matsgerð. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1991. Þær gera þær kröfur aðallega:

„1. Að viðurkennd verði krafa þeirra á hendur gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 679.696,00, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. júlí 1990 til greiðsludags, þ.m.t. vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1991.

2. Að viðurkenndur verði réttur aðaláfrýjenda til að skuldajafna kröfu sinni við kröfu gagnáfrýjanda.

3. Að gagnáfrýjandi verði dæmd til að greiða aðaláfrýjendum kr. 74.176,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. júlí 1990 til greiðsludags, þ.m.t. vaxtavöxtum skv. 12. gr. laganna.

4. Að gagnáfrýjanda verði gert skylt að gefa aðaláfrýjendum afsal fyrir fasteigninni Vogatungu 26, Kópavogi, að viðlögðum dagsektum."

Til vara gera þær eftirfarandi kröfur:

„1. Að viðurkennd verði krafa aðaláfrýjenda á hendur gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 553.105,00, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. júlí 1990 til greiðsludags, þ.m.t. vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1991.

2. Að viðurkenndur verði réttur aðaláfrýjenda til að skuldajafna kröfu sinni við kröfu gagnáfrýjanda.

3. Að gagnáfrýjanda verði gert skylt að gefa aðaláfrýjendum afsal fyrir fasteigninni Vogatungu 26, Kópavogi, að viðlögðum dagsektum."

Loks gera þær kröfur til málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 10. júní 1991. Hún krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjenda, og í gagnsök gerir hún kröfu til, að aðaláfrýjendur greiði sér 475.718,89 krónur með dráttarvöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Til vara gerir hún kröfu til, að aðaláfrýjendur taki að hluta þátt í þakviðgerð, og til þrautavara, að hún verði aldrei dæmd til að greiða hærri fjárhæð en 250.000 krónur vegna verðrýrnunar á hinni seldu eign. Loks krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í lýsingu fasteignasölunnar Gimli sf. frá 8. mars 1988 segir, að nýtt þak sé á húsinu að Vogatungu 26, Kópavogi, en starfsmenn fasteignasölunnar sáu um kaup aðaláfrýjenda á eigninni af gagnáfrýjanda, sem lyktaði með kaupsamningi 17. mars 1988. Miða verður við, að lýsing þessi sé gerð til að uppfylla skilyrði 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Þegar til þessa er litið og þess, er greinir í niðurstöðu héraðsdóms, verður á það að fallast, að aðaláfrýjendur hafi mátt treysta því, að þakið væri í góðu lagi og að þær hafi ekki haft ástæðu til að kynna sér ástand þess sérstaklega. Með þessari athugasemd þykir bera að staðfesta héraðsdóm um skaðabótaábyrgð gagnáfrýjanda. Ekki er upplýst, hvenær parket á gólfi skemmdist af völdum lekans. Jafnframt hafa aðaláfrýjendur ekki sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi lofað að sjá um að ráða bót á lekanum, þótt viðurkennt sé, að hún hafi í öndverðu aðstoðað við útvegun á viðgerðarmönnum. Ber einnig að staðfesta úrlausn dómsins um fjárhæð bóta til aðaláfrýjenda, en hann var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum.

Í kröfugerð aðaláfrýjenda hér fyrir dómi felst viðurkenning á því, að eftirstöðvar kaupverðs eignarinnar nemi höfuðstól gagnsakar. Staðfesta má úrlausn héraðsdóms um, að kröfur aðila skuli mætast, þegar matsgerð lá fyrir. Samkvæmt kaupsamningi ber aðaláfrýjendum að greiða dráttarvexti af skuld sinni, eins og í dómsorði greinir. Greiðsla fari fram gegn afhendingu afsals.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Samkvæmt þessum úrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Guðrún Sveinsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Hólmfríði Þórhallsdóttur, 80.719 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. apríl 1989 af 878.830 krónum til 16. maí sama ár, en af 478.719 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1990, en af 80.719 krónur frá þeim degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Vogatungu 26 í Kópavogi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Dómur bæjarþings Kópavogs 20. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, en endurupptekið og dómtekið að nýju 11. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Hólmfríði Þórhallsdóttur, kt. 010830-5639, Vogatungu 29, Kópavogi, með stefnu, birtri 8. september 1989, á hendur Guðrúnu Sveinsdóttur, kt. 070228-2219, og Guðbjörgu Sveinsdóttur, kt. 160531-4449, báðum til heimilis að Vogatungu 26, Kópavogi.

Varnaraðilar höfðuðu gagnsakarmál með gagnstefnu sem þingfest var á bæjarþinginu þann 23. október 1990 og var málið sameinað aðalsök.

Aðalstefnandi gerir þær dómkröfur, að aðalstefndu verði dæmdar til að greiða sér kr. 475.718,89 ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Loks er krafist málskostnaðar [...].

Að ofangreindum kröfum frágengnum er gerð krafa um, að aðalstefndu taki við afsali fyrir raðhúsinu nr. 26 við Vogatungu í Kópavogi og gangi frá hefðbundnu uppgjöri.

Af hálfu aðalstefndu er krafist sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda sem verði gert að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða fram lögðum reikningi.

Til vara er gerð sú krafa að kröfur aðalstefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Í gagnsök gera gagnstefnendur þær kröfur, aðallega:

– að viðurkennd verði krafa þeirra á hendur gagnstefndu, að fjárhæð kr. 679.696,00, með dráttarvöxtum [...],

– að viðurkenndur verði réttur gagnstefnenda til að skuldajafna kröfu sinni við kröfu gagnstefndu í aðalsök,

– að gagnstefnda verði dæmd til að greiða gagnstefnendum kr. 74.176,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1990 til greiðsludags, þ.m.t. vaxtavöxtum skv. 12. gr. laganna,

– að gagnstefndu verði gert skylt að gefa gagnstefnendum afsal fyrir fasteigninni Vogatungu 26 að viðlögðum dagsektum,

– að gagnstefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar [...],

til vara:

– að viðurkennd verði krafa þeirra á hendur gagnstefndu, að fjárhæð kr. 553.105,-, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1990 til greiðsludags, þ.m.t. vaxtavöxtum er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1991,

– að viðurkenndur verði réttur gagnstefnenda til að skuldajafna kröfu sinni við kröfu gagnstefndu í aðalsök,

– að gagnstefndu verði gert skylt að gefa gagnstefnendum afsal fyrir fasteigninni Vogatungu 26 að viðlögðum dagsektum,

– að gagnstefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar [...].

Gagnstefnda gerir þær dómkröfur í gagnsök aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnstefndu, en til vara, að hún verði aðeins dæmd til að greiða að hluta til viðgerð á þaki, en til þrautavara, að hún verði aldrei dæmd til greiðslu hærri fjárhæðar en kr. 250.000,-, sbr. matsgerð. Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi gagnstefnenda að mati dómsins eða fram lögðum reikningi.

Málsástæður og önnur atvik:

Með kaupsamningi, dags. 17. mars 1988, keyptu aðalstefndu raðhúsið nr. 26 við Vogatungu hér í bæ af aðalstefnanda máls þessa. Afhendingardagur eignarinnar var 5. júní 1988. Kaupverð var kr. 8.100.000,00 og skyldi greiða það samkvæmt ákveðinni greiðslutilhögun. Aðalstefndu greiddu samningsverðið á gjalddögum nema síðustu greiðslu, kr. 878.830,00, en gjalddagi hennar var 25. apríl 1989. Hluta greiðslunnar kr. 403.111,11, greiddu aðalstefndu 16. maí sama ár. Þá hefur komið fram í málinu, að aðalstefndu greiddu geymslufé í Landsbanka Íslands 25. apríl 1989 kr. 478.830,00 vegna síðustu greiðslu samkvæmt kaupsamningi um Vogatungu 26 með þeirri athugasemd að ekki skyldi greiða kröfuhafa nema með samþykki Guðrúnar Sveinsd. vegna leka í umræddri húseign.

Gagnstefnda hefur upplýst, að þakið á húsinu að Vogatungu 26 var endurnýjað árið 1981. Síðar hafi komið fram galli, en af því tilefni kallaði gagnstefnda til Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem skoðaði þakið

en skýrsla hennar er dagsett 6. ágúst 1986. Í skýrslunni kemur fram að pappalögn hafi bilað við þakbrúnir og skorstein og að opnar sprungur voru í pappanum á aðalfleti þaksins frá austri til vesturs. Gagnstefnda kvaðst hafa fengið sömu menn og lögðu nýja þakið á 1981 til að fara yfir þakið og endurbæta þessa ágalla. Eftir það hafi þakið ekkert lekið.

Gagnstefnendur skoðuðu húsið, áður en kaupin fóru fram. Þær halda því fram að gagnstefnda hafi sagt þeim við skoðun að þakið væri nýtt og í mjög góðu ástandi. Þessu hefur ekki verið mótmælt af hálfu gagnstefndu. Málsaðilar eru sammála um að engin ummerki leka hafi sést í húsinu er skoðun fór fram.

Gagnstefnendur fluttust í húsið sumarið 1988, en u.þ.b. einum mánuði síðar kom fram leki og létu þær gagnstefndu vita um hann. Gagnstefnda hafði þá aftur samband við sama aðila og áður annaðist endurnýjun og viðgerðir á þakinu og fól honum að annast nauðsynlegar lagfæringar. Síðar um haustið létu gagnstefnendur hana vita um frekari leka en þá hafði hún samband við Hallvarð Guðlaugsson sem hún fékk til að annast málið. Fram hefur komið að hann fór á staðinn en gat ekkert gert vegna veðurs.

Gagnstefnendur kölluðu til skoðunarmann frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og fór skoðun fram þann 19. apríl 1989. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu stofnunarinnar kom eftirfarandi í ljós: „Ummerki um leka sést í stofu í kringum skorstein og einnig við útvegg á vesturhlið hússins. Í eldhúsi eru ummerki í kringum rafmagnsdós í lofti. Við skoðun á þaki komu í ljós sprungur við þakrennu. Þétting við skorstein virðist ekki vera nógu vel frágengin og þarf að yfirfara hana. Þakviðgerð hefur verið framkvæmd nýlega og þakpapparæma fest ofan á upprunalegan þakpappa. Ræmur þessar eru með breiðast samskeyti þvert á móti vatnsrennsli þaks. Viðgerð þessi er að okkar mati ófullnægjandi, betra hefði verið að heilklæða þak með viðurkenndu þakpappaefni."

Um vorið 1989 létu gagnstefnendur stöðva lekann en það var gert með því að sett var kítti í sprungur.

Gagnstefnendur létu dómkveðja matsmenn til að skoða og meta meinta galla á fasteigninni Vogatungu 26. Í niðurstöðum matsgerðar þeirra Freys Jóhannessonar byggingatæknifræðings og Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara, sem dagsett er 18. júní 1990, segir að orsök leka í þaki sé sú að þakpappi hafi ekki þolað þenslu á samskeytum þakplatna. Enn fremur segir að erfitt sé að svara því hvenær leki hafi fyrst komið til en gallinn hafi smátt og smátt ágerst. Viðgerð felist í að setja nýja pappalögn yfir þá sem fyrir er. Þá kemur fram að um er að ræða rakaþéttingu í hluta þaksins yfir útidyrum vegna ónógrar útloftunar. Úr þeim galla sé hægt að bæta með því

að fjölga útloftunarventlum á þakinu og setja hæfilega inntaksventla í loftið framan við útidyr. Á þessum hluta þaksins er gert ráð fyrir að skipta þurfi um ca. 20 m^2 af rakaþolnum plötum.

Kostnaður við framangreinda viðgerð er metinn sem hér segir:

Fjarlægja ca. 20 m^2 af þakplötum	kr.	8.000,00
Nýjar rakaþolnar plötur ca. 20 m^2	kr.	52.000,00
Nýir útloftunar- og inntaksventlar	kr.	24.000,00
Nýr yfirlagspappi ásamt lagfæringum	kr.	275.000,00
Annar kostnaður	kr.	36.000,00
Samtals	kr.	395.000,00

Í matsgerðinni kemur einnig fram að parket hafi skemmst talsvert vegna leka frá þaki við innvegg milli borðstofu og herbergis. Viðgerð á skemmdu parketi, eins og hér um ræði, sé nánast óframkvæmanleg. Gert er ráð fyrir að skipt verði um parket á stofunni allri og endurnýjunarverð metið að hálfu vegna aldurs parketsins.

Skemmdir á raflögnum hafi ekki komið fram og óverulegar á tréverki á innvegg milli borðstofu og herbergis. Hins vegar telja matsmenn eðlilegt að meta kostnað vegna skemmda á málningu.

Kostnaður við úrbætur skv. þessu er metinn þannig:

Nýtt parket á stofu	kr.	117.000,00
Málning á stofu og herbergi (ein umferð)	kr.	32.000,00
Samtals	kr.	149.000,00

Verðmætisrýrnun fasteignarinnar vegna hinna meintu galla er metin þannig: „Ætla má að ef kaupanda hefði verið kunnugt um þá galla sem eru á þakefni og útloftun þaksins, þá hefði hann greitt lægra kaupverð fyrir húsið sem nemur viðgerðarkostnaðinum á þakinu eða um kr. 250.000,00 á verðlagi 17. mars 1988, sem er undirskriftardagur kaupsamnings. Matsmenn telja að greiðslutilhögun í kaupsamningi hafi ekkert vægi í þessu sambandi."

Varnir gagnstefndu eru byggðar á því að hún hafi ekki vitað annað en þakið hafi verið í besta lagi þegar hún seldi gagnstefnendum húsið. Hún hafi upplýst gagnstefnendur um öll þau atriði sem hún vissi um varðandi húsið. Enginn leki hafi verið í húsinu þegar hún bjó í því. Hún hafi gengið eftir því, að þaklagningarmenn skiluðu verki sínu fullunnu, og hafi öll þeirra vinna reynst vel. Gagnstefnendur verði sjálfir að bera hallann af því að hafa ekki skoðað eignina nægilega vel.

Þá hefur gagnstefnda mótmælt því að hún beri nokkra ábyrgð á skemmdum sem eignin hefur orðið fyrir vegna lekans. Gagnstefnendur hafi ekki gætt þess að fullnægjandi viðgerð færi fram á þakinu. Þess vegna verði skemmdirnar eingöngu raktar til hirðuleysis gagnstefnenda en engar skemmdir hafi verið á parketi, þegar skoðun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fór fram, sbr. skýrslu, dags. 22. apríl 1989. Með fullnægjandi viðgerð á þakpappanum hefði mátt koma í veg fyrir skemmdir á parketi.

Aðalkröfu gagnstefnenda er mótmælt af hálfu gagnstefndu sem rangri og ruglingslegri. Einnig hefur gagnstefnda mótmælt því að henni verði gert að greiða að fullu nýtt þakefni á húsið.

Sýknukröfu í aðalsök byggja aðalstefndu á skuldajafnaðarkröfu sinni vegna meintra galla á húseigninni Vogatungu 26. Bótakröfur sínar byggja gagnstefnendur á því að eignin hafi haft leynda galla við kaupin. Þær hafi fengið upplýsingar um að þakið á húsinu væri nýlega endurnýjað. Í skjölum málsins komi fram, að þrátt fyrir endurnýjun þaks árið 1981 hafi þakið þarfnast enn frekari endurbóta á næstu árum. Þegar gagnstefnendur hafi innt gagnstefndu eftir ástandi þaksins hafi hún að engu getið um þær viðgerðir sem fram fóru eftir að þakið var endurnýjað. Ekki skipti máli þótt gagnstefnda hafi ekki vitað nákvæmlega um ástæður fyrir því að upp komu vandamál í sambandi við þakið aftur og aftur en henni hljóti að hafa verið ljóst að þakið var ekki í lagi. Hún hafi því gefið ófullnægjandi og beinlínis rangar upplýsingar um ástand eignarinnar við samningsgerðina.

Gagnstefnendur byggja á því að þær eigi rétt á bótum vegna gallanna sem nemur viðgerðarkostnaði þaksins og vegna skemmda sem lekinn hefur valdið, en verði ekki unnt að dæma bætur, eigi þær rétt á afslætti af kaupverði.

Einnig er byggt á því að hinir meintu gallar hafi alls ekki verið sýnilegir við skoðun. Gagnstefnendur hafi enga möguleika haft til að sjá rakaþéttingu við norðurenda hússins enda hafi hún ekki sést fyrr en gert hafði verið gat á þakið. Þá hafi þær fullnægt skoðunarskyldu sinni með því að fá upplýsingar hjá gagnstefndu um ástand þaksins.

Loks mótmæla gagnstefnendur því að þær hafi getað komið í veg fyrir skemmdir á parketi enda hafi gagnstefnda tekið að sér að sjá um lagfæringar á þakinu og hafi gagnstefnendur mátt treysta því að sú viðgerð bæri árangur.

Gagnstefnendur byggja bótakröfu sína á matsfjárhæð, en benda á að líklega muni raunveruleg viðgerð verða dýrari. Þær hafi haldið eftir hluta af greiðslu vegna eigin skuldajafnaðarkröfu.

Niðurstöður.

Aðilar málsins eru sammála um að engin ummerki um leka frá þaki hússins hafi sést er gagnstefnendur skoðuðu húsið að Vogatungu 26 áður en kaupin fóru fram. Ósannað er hvaða lýsingar gagnstefnda gaf gagnstefnendum af þakinu og ástandi þess að öðru leyti en því að það væri gott. Með vísan til skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dags. 6. ágúst 1986, var þakpappi, sem lagður var árið 1981, farinn að bila einmitt á þeim stað, þar sem leki kom fram u.þ.b. mánuði eftir að gagnstefnendur fluttust í húsið sumarið 1988. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem vitnað er til hér að framan, kemur fram, að þakpappinn hafi bilað smátt og smátt. Pappinn á þakinu sést ekki nema farið sé upp á þakið. Miðað við þær lýsingar, sem gagnstefnendur fengu hjá gagnstefndu á þakinu, áður en kaupin fóru fram, verður að telja, að þær hafi kynnt sér ástand þaksins nægjanlega vel, en ósannað er, að gagnstefnda hafi upplýst þær um, að þakpappi hafði gliðnað á samskeytum eins og fram kemur í áðurnefndri skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 6. ágúst 1986. Rakaþétting yfir útidyrum vegna ófullnægjandi útloftunar verður að teljast galli sem ekki sést við skoðun. Málsaðilar eru sammála um að gagnstefnda upplýsti gagnstefnendur ekki um þennan galla. Þykir því rétt að gagnstefnda greiði gagnstefnendum bætur vegna umræddra galla sem þykja hæfilega metnar með vísan til matsgerðar á dskj. nr. 21 kr. 395.000,00 þegar litið er til þess að gagnstefnendur fengu umráð fasteignarinnar í júní 1988 en hirtu ekki um að koma í veg fyrir leka, sem kom fram í húsinu u.þ.b. mánuði síðar, fyrr en vorið 1989 þykir rétt að gagnstefnendur beri sjálfir tjón er varð vegna skemmda á málningu og parketi. Þá þykir rétt að taka skuldajafnaðarkröfu gagnstefnenda til greina frá þeim tíma er kröfurnar voru hæfar til að mætast en það er þegar matsgerð lá fyrir. Að öðru leyti eru kröfur aðalstefnanda í aðalsök óumdeildar og verða teknar til greina nema krafan um að aðalstefndu taki við afsali og gangi frá hefðbundnu uppgjöri en sú krafa er óljós og verður því að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt kaupsamningi aðila málsins skyldi aðalstefnandi gefa út afsal til aðalstefndu þann 25. apríl 1989 er þær fullnægðu skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Þar sem greiðsla hefur ekki farið fram á þann hátt, sem samningurinn gerir ráð fyrir, og þar sem aðalstefnandi gerir sjálf þær kröfur í málinu, að aðalstefndu taki við afsali, þykir ekki rétt að dæma aðalstefnanda til að gefa út afsal að viðlögðum dagsektum.

Loks þykir rétt að dæma gagnstefndu til greiðslu málskostnaðar en til hans telst þóknun mats- og rannsóknarmanna, sbr. 5. tl. 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Þykir málskostnaður hæfilega

ákveðinn kr. 200.000,00, þ.m.t. virðisaukaskattur, og ber sú fjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags og vaxtavexti skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Kristni Eiríkssyni verkfræðingi og Sigurbjarna Guðnasyni byggingafræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Guðrún Sveinsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir, greiði aðalstefnanda, Hólmfríði Þórhallsdóttur, kr. 80.718,89 ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Gagnstefnda, Hólmfríður Þórhallsdóttir, greiði gagnstefnendum, Guðrúnu og Guðbjörgu Sveinsdætrum, kr. 200.000,00 í málskostnað ásamt dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, og vaxtavöxtum samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá dómsuppkvaðningu að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 275/1991. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Davíð Ómari Þorsteinssyni
(Árni Pálsson hrl.)
Karli Viðar og
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Áhættutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða sér 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. janúar 1987 til uppkvaðningar dóms í Hæstarétti, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Davíð Ómar Þorsteinsson krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Einnig krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Karl Viðar og Vátryggingafélag Íslands hf. krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var í Héraðsdómi Norðurlands eystra 1. febrúar sl.

Slys það, sem mál þetta er risið af, varð föstudaginn 23. janúar 1987, það er, áður en umferðarlög nr. 50/1987 öðluðust gildi. Af gögnum málsins þykir leitt í ljós, að slysið verði rakið til ölvunar ökumanns. Þennan dag sátu þeir þrír, sem í bifreiðinni voru, þegar slysið varð, að drykkju sterks áfengis ásamt nokkrum starfsfélögum sínum, frá því að vinnutíma þeirra lauk þar til laust fyrir kl. 21. Voru

þremenningarnir allir mjög drukknir, þegar stefndi Davíð Ómar ók bifreiðinni frá vinnustað þeirra áleiðis að heimili áfrýjanda.

Leggja verður til grundvallar, að áfrýjanda hafi verið eða mátt vera ljóst, að stefndi Davíð Ómar væri óhæfur til að stjórna bifreiðinni. Staðhæfing áfrýjanda um, að hann hafi verið færður meðvitundarlaus í bifreiðina, er ósönnuð og stangast m.a. á við framburð vitnisins Hersteins Valgarðssonar, sem var með áfrýjanda og stefnda Davíð Ómari í bifreiðinni. Þar sem áfrýjandi tók þátt í förinni við þessar aðstæður fyrirgerði hann rétti sínum til bóta. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sigurbjörn Eiríksson, kt. 161162–5769, Smárahlíð 3j, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 24. janúar 1991, á hendur Davíð Ómari Þorsteinssyni, kt. 300461–7199, Grenivöllum 12, Akureyri, Karli Viðar, kt. 210648–2409, Gránufélagsgötu 41, Akureyri, og Vátryggingafélagi Íslands hf., Reykjavík.

Í stefnu og greinargerð er dómkröfum stefnanda þannig lýst, að stefndu verði in solidum, dæmdir til að greiða kr. 10.000.000,00 til stefnanda með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 76/1989, og jafnframt er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur allra hinna stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins auk 24,5% vsk. og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar, og af hálfu stefndu Karls Viðars og Vátryggingafélags Íslands hf. er gerð sú krafa að málskostnaður verði þá látinn falla niður, en af hálfu stefnda Davíðs Ómars er einnig krafist málskostnaðar í varakröfu, auk þess sem af hans hálfu er krafist að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Málsatvik eru þau, að að kvöldi föstudagsins 21. janúar 1987 var bifreiðinni A-899 ekið á ljósastaur við Skarðshlíð á Akureyri. Ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Davíð Ómar, reyndist vera undir áhrifum áfengis og

mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,82‰. Í bifreiðinni voru tveir farþegar, báðir ölvaðir, stefnandi máls þessa og vitnið Hersteinn Karl Valgarðsson. Við árekstur bifreiðarinnar hlaut stefnandi meiðsli og hlaut örorku sem hér segir:

í 7 mánuði 100%,
í 2 mánuði 50%,
varanlega 20%.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna tjóns þess, er hann varð fyrir í slysinu. Kveðst stefnandi byggja kröfu sína á sök ökumanns bifreiðarinnar, stefnda Davíðs Ómars, og objectivri ábyrgð eigandans, stefnda Karls Viðar, og tryggingafélags hans, stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. Telur stefnandi, að tjón sitt verði eingöngu rakið til gáleysis og sakar ökumannsins.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti til skaðabóta skv. reglum skaðabótaréttarins um áhættu með því að setjast upp í og taka sér far með bifreiðinni A-899 þótt honum hafi mátt vera ljóst að ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Davíð Ómar, væri ölvaður.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af lögmanni stefnanda, að reglur skaðabótaréttarins um eigin áhættu ættu hér ekki við þar sem stefnandi hefði verið færður meðvitundarlaus í bifreiðina eða a.m.k. verið það ölvaður að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri áhættu, er hann tók. Þessu er hvoru tveggja eindregið mótmælt af hálfu stefndu.

Auk aðila málsins hefur vitnið Hersteinn Valgarðsson gefið skýrslu hér fyrir dómi.

Þá liggja fyrir í málinu rannsóknargögn sakadóms Akureyrar út af umræddu slysi. Fram er komið í málinu að þessir þrír menn ásamt fleirum sátu að drykkju, áður en akstur bifreiðarinnar hófst, á vinnustað sínum í Eimskipafélagshúsinu á Oddeyri.

Er fullsannað, m.a. með framburði stefnanda sjálfs, að hann hafi vitað um ölvunarástand ökumannsins, stefnda Davíðs Ómars. Bótaskylda stefndu verður ekki reist á ölvun stefnanda, sem sjálfur kom sér í það ástand. Staðhæfing stefnanda um, að hann hafi verið færður meðvitundarlaus í bifreiðina, er ekki studd neinum gögnum og með öllu ósönnuð. Stefnandi gerðist því farþegi í bifreiðinni, sem ekið var af stefnda Davíð Ómari, þrátt fyrir vitneskju um að ökumaðurinn væri ölvaður. Þetta gerði hann á eigin áhættu og hefur því fyrirgert rétti sínum til bóta.

Verða stefndu samkvæmt framansögðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, og er þá m. a. haft í huga, að stefndi Davíð Ómar olli tjóni stefnanda með refsiverðum verknaði.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Davíð Ómar Þorsteinsson, Karl Viðar og Vátryggingafélag Íslands hf., eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 3/1991. **Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs**
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Ingibjörgu Þórarinsdóttur
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
og gagnsök

Örorkubætur. Miskabætur. Sjúkrahús. Læknar. Húsbóndaábyrgð. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1991. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur hennar verði lækkaðar verulega. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til réttarins með stefnu 18. janúar 1991. Er hún nú fjárráða og hefur tekið við aðild málsins. Hún krefst þess, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.666.000 krónur með vöxtum eins og hér segir: „með 22% ársvöxtum frá 11.11.1985 til 28.2.1986, 12% frá 1.3. til 31.3. 1986, 9% frá 1.4.1986 til 20.1.1987, 10% frá 21.1. til 20.2. 1987, 11% frá 21.2. til 30.4.1987, 12% frá 1.5. til 20.6.1987, 13% frá 21.6. til 10.7.1987, 15% frá 11.7. til 20.9.1987, 17% frá 21.9. til 10.10.1987, 19% frá 11.10. til 31.10.1987, 20% frá 1.11. til 30.11.1987, 22% frá 1.12.1987 til 20.1.1988, 20% frá 21.1. til 29.2.1988, 19% frá 1.3. til 10.6.1988, 23% frá 11.6. til 20.6.1988, 24% frá 21.6. til 31.7.1988, 26% frá 1.8. til 20.8.1988, 22% frá 21.8. til 31.8.1988, 12% frá 1.9. til 10.10.1988, 9% frá 11.10. til 20.10.1988, 6% frá 21.10. til 30.11.1988“, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins

og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 18. febrúar 1991. Til vara krefst hún þess, að héraðsdómur verði staðfestur, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 17. nóvember 1992 kvað Hæstiréttur upp úrskurð þess efnis, að Læknaráð léti í té rökstudda álitsgerð um tiltekin álitaefni í máli þessu, áður en dómur yrði á það lagður, með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um Læknaráð. Álitaefnin, sem óskað var svara við, voru eftirfarandi:

„1. Var læknismeðferð Sigurjóns Sigurðssonar læknis á framangreindum áverka á hægri hendi Ingibjargar Þórarinsdóttur að einhverju leyti áfátt, að því er varðar rannsókn, aðgerðina, sem framkvæmd var, eða eftirlit í kjölfar hennar?

2. Hafi svo verið, óskast álit Læknaráðs á því, hvað fór úrskeiðis.

3. Verði 1. spurningu játað, er spurt, hvort fullyrt verði eða verulega líklegt talið, að örkuml Ingibjargar, sem lýst er í örorkumatinu, séu að öllu leyti eða nokkru afleiðing þeirra mistaka, sem áttu sér stað.

4. Má ætla, að Ingibjörg myndi hafa hlotið fullan bata af áverkanum, ef hún hefði notið réttrar og fullnægjandi læknismeðferðar eftir slysið?

5. Fellst Læknaráð á örorkumat tryggingayfirlæknis? Ef ekki, hver telst þá rétt metin örorka Ingibjargar Þórarinsdóttur með hliðsjón af svari við 3. spurningu?“

Álit Læknaráðs frá 16. desember 1993 hefur verið lagt fyrir dóminn. Er það svohljóðandi:

„Ad. 1.-2. Já, skoðun læknisins var að því leyti áfátt að honum yfirsást taugaskaði sá, sem síðar kom í ljós.

Ad. 3.-4. Örkuml Ingibjargar eru afleiðing áverka þess sem hún hlaut á hægri hendi. Ætla má að batalíkur hennar hefðu orðið meiri ef taugaskaðinn hefði verið greindur við frummeðferð. Verður því að telja að núverandi örkuml Ingibjargar megi að hluta kenna ófullnægjandi læknismeðferð eftir slysið, sbr. álitsgerð Rögnvalds Þorleifssonar frá 8.9.1990 á dómskjali nr. 29, bls. 6.

Ad. 5. Já.“

II.

Nokkur læknisvottorð liggja fyrir í málinu, svo sem frá er greint í héraðsdómi.

Þá liggur fyrir ýtarleg umsögn Rögnvalds Þorleifssonar, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, sem samin var að ósk lögmanns aðaláfrýjanda, en umsögnin er rakin að hluta í héraðsdómi. Í henni segir meðal annars þetta:

„Við könnun á tilfinningu eða tilfinningaskerðingu í fingrum þarf nánast ekkert samstarf við sjúklinginn. Ef börn eiga í hlut er heppilegast að draga athygli þeirra frá áverkanum og skoðuninni, t.d. fá þau til að horfa í aðra átt meðan stungið er varlega með nálaroddi í umsjónarsvæði hverrar taugagreinar í fingurgómunum. Ef tilfinning er til staðar sýna börn strax viðbrögð, en ef engin tilfinning er til staðar verða engin viðbrögð hjá börnunum. Óþarft er að spyrja þau hvort þau finni til eða ekki.

Þegar skoðuð er vöðvastarfsemi, sem ölnartaugin annast, er einfaldasta aðferðin sú að láta sjúkl. glenna sundur fingur og þá gjarnan fyrst fingur heilu handarinnar og síðan þeirrar skömmuðu. Reynslan er sú, að börn, sem komin eru eitthvað til vits og ára, framkvæma þessar hreyfingar, sem þeim eru sýndar, og fæst þannig úr því skorið hvort vöðvarnir starfa. Þarna þarf að vísu minni háttar samstarfsgetu sjúkl. og þar af leiðandi er ekki hægt að nota þessa aðferð hjá algerum óvitum. Hjá 10 ára barni á auðveldlega að vera hægt að ganga úr skugga um bæði verulega tilfinningatruflun og eins skerta vöðvastarfsemi í höndunum, strax við fyrstu skoðun eftir áverkann."

Þá segir enn fremur í umsögninni, að skoðun með þeim hætti, sem læknirinn telur sig hafa viðhaft, sé með öllu ófullnægjandi til að ganga úr skugga um áverka á tilfinningataugar.

Þegar litið er til umsagnar læknisins og álitsgerðar Læknaráðs, þykir vera fram komin sönnun þess, að um læknisfræðileg mistök hafi verið að ræða við frumskoðun á hendi stúlkunnar, þar sem læknirinn viðhafði ekki þá skoðun, sem eðlileg gat talist. Hann skráði ekki í sjúkradagbók, hvernig skoðunin fór fram. Sú skráning hefði getað leitt til þess, að tilefni hefði þótt til að kanna áverkann nánar, t.d. þegar stúlkan fór í saumatöku.

Örkuml stúlkunnar eru afleiðing áverkans á hægri hendi hennar.

Í greinargerð bæklunarskurðlæknisins segir, að tenging á skornum taugum leiði aldrei til fyllilega eðlilegrar starfsemi framan áverkastaðar. Með vísan til þessa og álits Læknaráðs ber að telja, að örkuml gagnáfrýjanda megi aðeins að hluta rekja til ófullnægjandi læknismeðferðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á gagnáfrýjandi bótarétt úr hendi aðaláfrýjanda vegna hluta af tjóni sínu, sem þykir hæfilega metinn 3/5 hlutar tjóns samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar læknis. Staðfest er sú niðurstaða héraðsdóms, að eigin sök gagnáfrýjanda komi hér ekki til álita og að miða beri höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda hennar við slysdag samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og forsendna örorkuútreiknings þykir hæfilegt að meta heildartjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku 1.800.000 krónur að teknu tilliti til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Ber aðaláfrýjanda að greiða henni 1.080.000 krónur af þeirri fjárhæð að viðbættum miskabótum eftir fyrrgreindu hlutfalli, að fjárhæð 200.000 krónur. Samkvæmt því verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 1.280.000 krónur með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og ákvæði hans um gjafsóknarkostnað. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda, Ingibjargar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Þórarinsdóttur, 1.280.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 22% frá 11. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 9% frá

þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 11% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 12% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 13% frá þeim degi til 11. júlí sama ár, 15% frá þeim degi til 21. september sama ár, 17% frá þeim degi til 11. október sama ár, 19% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 20% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 19% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. september sama ár, 12% frá þeim degi til 11. október sama ár, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar og 6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Áfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns hennar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. október 1990.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. f. m., höfðaði Magnea Óskarsdóttir, kt. 070549–6629, nú til heimilis Hlíðarvegi 20, Njarðvík, með birtingu stefnu 11. nóvember 1989 fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Ingibjargar Þórarinsdóttur, kt. 261174–4809, nú til heimilis Hlíðarvegi 20, Njarðvík, gegn Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs, kt. 580269–3629, til heimtu skaðabóta fyrir líkamstjón vegna mistaka við læknisaðgerð á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs, útlagðs kostnaðar og málskostnaðar auk vaxta.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 3.666.000,-, með [nánar tilgreindum vöxtum].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist allverulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

II.

Í stefnu er þannig greint frá málsatvikum: „Þann 2.10. 1984 varð Ingibjörg Þórarinsdóttir fyrir slysi er hún datt á götu og fékk skurð í lófa hægri handar. Sárið var saumað saman samdægurs á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs af Sigurjóni Sigurðssyni bæklunarlækni. Sárið virðist hafa verið saumað saman án þess að gæta að því að taug undir skurðstaðnum var í sundur og var taugin ekki skeytt saman. Þetta hefur leitt til þess að höndin hefur jafnt og þétt rýrnað og visnað og er nú máttlítil. Ingibjörg hefur því orðið fyrir verulegri varanlegri örorku af völdum þessarar vanrækslu læknisins."

Stefnandi, Ingibjörg Þórarinsdóttir, kvaðst hafa orðið mjög hrædd er hún fékk flöskubotn í hægri hönd í umrætt sinn. Kvaðst hún hafa hlaupið heim, og móðir sín farið með sig á sjúkrahúsið í Keflavík. Hún kvað lækninn, sem gerði að sárinu, ekkert hafa rætt við sig, aðeins sagt, að þetta yrði ekkert vont „því ég grenjaði svo rosalega". Hún kvað sárið hafa verið djúpt og mikið blætt úr því. Móðir stefnanda kvað lækninn ekkert hafa skoðað telpuna, aðeins saumað saman sárið, sem hafi verið djúpt og mikið, og gefið fyrirmæli um að koma í saumatöku eftir viku. Það hafi þær gert og minnti hana að Kristján læknir hefði tekið sauminn.

Vitnið Sigurjón Sigurðsson læknir, Þinghólsbraut 6, Kópavogi, kvað sárið hafa verið lítið og miðlungsdjúpt. Stefnandi hafi verið mjög æst og lítið viljað hlusta á sig. Hann hafi skoðað hana fyrir deyfingu og aðgerð á þann hátt, sem venja er, þegar um handaslys sé að ræða. Telpan hafi svarað flestum spurningum sínum þannig, að allt væri í lagi, eða neitandi. Hún hafi helst ekki viljað láta gera neitt, en eftir skoðun hafi hann saumað saman sárið og sagt telpunni að koma í saumatöku eftir 7–10 daga, en hann hafði ekki séð hana aftur.

Í vottorði Sigurjóns Sigurðssonar, dags. 05.06. 1990, lýsir hann framkvæmd taugaskoðunar þannig að hann hafi klipið með pincettu í alla fingur stefnanda og auk þess strokið hana með pincettunni laust til að prófa húðskyn. Við skoðun hafi ekki greinst neinn hitamunur á fingrum miðað við lófa eða þar í kring.

Í vottorði Kristjáns Sigurðssonar, læknis sjúkrahúss stefnda, dags. 25.4. 1988, segir, að eftir lýsingu í sjúkradagbók hafi verið um smáskurð að ræða,

sem einungis hafi virst ná gegnum húðina. Þetta hafi síðan verið saumað í staðdeyfingu og stefnandi átt að koma í saumatöku eftir viku.

Móðir Ingibjargar Þórarinsdóttur, Magnea Óskarsdóttir, Hlíðarvegi 20, Njarðvík, lýsti frekari atvikum þannig, að um ári síðar hefði hún farið að taka eftir, að hönd telpunnar væri óeðlileg, hún hefði kvartað um dofa og einnig stingi, sérstaklega í kulda, og hún hefði átt erfitt með að skrifa. Stefnandi hlaut brot á hægra viðbeini haustið 1986 og fór móðir hennar þá með hana til læknis. Leiddi það síðan til margháttaðra rannsókna.

Auk áðurgreindra læknisvottorða hafa verið lögð fram vottorð annarra lækna sem hér greinir: Péturs Lúðvígssonar, dags. 24.9. 1987, Sigurðar Thorlacius fyrir hönd Sverris Bergmann, dags 2.4. 1987, og loks Sverris Bergmann taugasjúkdómasérfræðings við Landspítalann í Reykjavík, dags. 21.1. 1988, svohljóðandi: „Í sögu stúlkunnar kom fram að hún hafði skorið sig í lófa hægri handar í ársbyrjun 1985. Sárið hafði verið saumað saman, en fljótlega eftir þennan áverka fór að bera á rýrnun og máttleysi í hendinni. Ekki liggur alveg ljóst fyrir af gögnum hér á taugalækningadeild hversu háttað var eftirliti, en móðir gefur þær upplýsingar að höndin hafi jafnt og þétt visnað og orðið máttlaus og stúlkunni að litlu gagni.

Haustið 1986 viðbeinsbrotnaði Ingibjörg hægra megin. Ástæðan fyrir innlögn var að ganga úr skugga um það hvar væri að leita orsaka rýrnunarinnar í hendinni, það er að segja, hvort hún væri til komin vegna áverka á plexus brachialis samfara viðbeinsbrotinu eða hvort rekja mætti þetta til áverkans á lófann, sem fyrr er lýst og sem líklegra þótti að væri í ljósi sögunnar, sem eins og fyrr er fram komið, bar með sér, að rýrnunin og máttleysið var komið löngu fyrir viðbeinsbrotið.

Stúlkan var hér ýtarlega rannsökuð, og er ástæðulaust að telja upp einstakar niðurstöður aðrar en þær að tauga- og vöðvarit sýndi glögglega að stúlkan var með skemmd á taug í lófanum, nánast undir skurðstaðnum (nervus ulnaris ramis palmaris profundus). Eftir uppl. í sögu verður að draga þá ályktun að þessi skemmd hafi orðið samfara þessum áverka árið 1985.

Því miður er höndin mjög visin, einkum vöðvar á tenarhluta lófans, sem inerveraðir af n. ulnaris, einnig vöðvar á handarbaki, það er að segja interossei, sem eru inerveraðir af n. ulnaris, en það er einnig komin rýrnun svol. á hypothenarsvæðið og klóhandarstelling og það er lítils háttar dofi á hendinni utanverðri. Svo virðist því sem skemmdin nái eilítið meira heldur en djúpu greininni og sé þá kannski rétt fyrir ofan greiningu taugarinnar á þessum stað. Einnig það passar við skurðsárið.

Því miður er upp á litla meðferð að bjóða og sýnist tilgangslítið að ætla

að fara að reyna að sauma taugina saman. Það mál hefur verið kannað, bæði af neurolog og lýtalæknum. Örorka af þessu er auðvitað veruleg. Æfingameðferð mun augljóslega hafa takmarkað gagn, þótt sjálfsagt sé að viðhafa hana."

Í örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 27.9. 1988, segir að slasaða hafi komið til viðtals og skoðunar hjá Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni hinn 8. sept. 1988. Við skoðun þann dag hafi komið í ljós að hægri hönd sé öll rýrnuð. Slasaða sé rétthent og skaði hennar því þeim mun meiri. Hún geti skrifað með hægri hendi en þreytist óeðlilega fljótt. Gripið á milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar sé mjög veikt miðað við þá vinstri og leiti höndin í klóarstellingu.

Í skýrslu stefnanda hér fyrir dómi kom fram að hún stundar auk náms í fjölbrautaskóla, söngnám í tónlistarskóla og hefur í hyggju að útskrifast sem söngkona, en til þess þurfi hún að læra á píanó. Kvaðst hún ekki hafa áhuga á að leggja fyrir sig annað en söng.

Rögnvaldur Þorleifsson læknir samdi að tilhlutan verjanda stefnda ýtarlega greinargerð og umsögn um áverka stefnanda, dags. 8.9. 1990, sem lögð var fram í málinu. Í lokakafla (ágrip og ályktun) segir m.a., að skurðurinn, sem stefnandi hlaut, hafi gefið tilefni til þess að kanna á fullnægjandi hátt starfsemi ölnartaugarinnar.

Í frumgögnum sé þess ekki getið að slík skoðun hafi farið fram. Í vottorði rúmlega fimm og hálfu ári síðar segir að slík skoðun hafi verið framkvæmd og lýst hvernig hún hafi verið gerð. Hafi skoðunin verið framkvæmd með þeim hætti sem lýst er, sé ekki líklegt að hún hefði leitt í ljós sköddun á ölnartauginni. Þetta hefði leitt til þess, að sköddun á tauginni eða væntanlega þremur megingreinum hennar hefði ekki verið greind, fyrr en rúm tvö ár voru liðin frá áverkanum. Ekki sé ljóst, hvort sjúkl. hafi komið í saumatöku á sjúkrahús stefnda eins og gert var ráð fyrir í upphafi og enda þótt svo hafi verið hafi þess varla verið að vænta að sjúkl. eða aðrir hefðu þá tekið eftir taugatrufluninni svo stuttu eftir áverkann nema sérstaklega væri að henni hugað. Þá segir að niðurstöður læknisins úr nýlegri skoðun séu í meginatriðum þær, að næmi tilfinningar á því svæði, sem ölnartaugin annist í hendinni, sé ekki miklu lakara en búast hefði mátt við, ef tilfinningargreinarnar hefðu verið tengdar í upphafi. Ástæða fyrir þessu sé ekki fyllilega ljós en gæti stafað af þrennu: Í fyrsta lagi sé þekkt að taugar geti tengst með þeim hætti að sprotar úr nærendanum geti vaxið yfir í fjærendann þótt 2–3 mm séu á milli endanna. Í öðru lagi sé fræðilegur möguleiki á því að tilfinningartaugagreinarnar hafi ekki skorist með öllu í sundur. Í þriðja lagi sé ekki með öllu útilokað að skurðáverkinn hafi orðið á meginstofni taugar-

innar áður en hún skiptist í greinar. Að lokum er eftirfarandi skráð í greinargerð læknisins: „Taugagreinin, sem stýrir lömuðu vöðvunum (ramus profundus sive motoricus n. ulnaris), er fremur óaðgengileg, og til þess að gera nákvæma tengingu á þessari grein þarf góðar aðstæður, m.a. helst aðgerðarsmásjá. Ef gert hefði verið að áverkanum tímanlega, t.d. innan fárra vikna, hefði skv. fenginni reynslu undirritaðs af hliðstæðum tilvikum mátt vænta mun betri vöðvastarfsemi í hendinni en nú er. Vöðvastarfsemin hefði þó aldrei orðið fyllilega eðlileg aftur.

Gott skyn á því svæði, sem ölnartaugin annast, er mikilvægt, en góð starfsemi þeirra vöðva, sem þessi taug annast í hendinni, er þó mun mikilvægari fyrir nýtigetu handarinnar.

Þegar farið var að kanna ástæður vöðvarýrnunarinnar í hendinni rúmum tveimur árum eftir áverkann, var engin von lengur til þess, að aðgerð á taugagreininni skilaði neinum árangri.

Kulvísi í hendinni, sem bagar sjúkl. nokkuð, er stöku sinnum fylgifiskur taugaáverka. Ástæðan til þessarar kulvísi er óþekkt og ósennilegt að hægt hefði verið að koma í veg fyrir hana með því að tengja taugagreinarnar. Engin meðferð er tiltæk við þessari kulvísi sem líklega verður varanleg. Kulvísin tengist ekki truflun á blóðrás, þar sem blóðflæðið til handarinnar er eðlilegt og hefur aldrei skerst.

Sjúkl. hefur væga klóstöðu á löngutöng, baugfingri og litlafingri af þeirri gerð, sem á ensku er kölluð uncomplicated, þ.e.a.s. klóstaðan er væg, aktívar kreppihreyfingar eru eðlilegar og passívar rétthreyfingar eru óhindraðar í öllum liðum. Auk þess hefur sjúkl. veikar fráfærsluhreyfingar og aðfærsluhreyfingar í fingrunum. Undir þessum kringumstæðum er varla að vænta árangurs, sem máli skipti, í sinatilfærslum, sem stundum eru þó notaðar til að bæta úr klóstöðu fingra. Vel má vera að sinatilfærslur, sem til þess eru ætlaðar að auka eða koma á aðfærslugetu í þumli, ykju nokkuð á nýtigetu handarinnar. Undirritaður hefur ekki þurft að grípa til slíkra aðgerða og hefur því ekki reynslu af þeim.

Veiklaður styrkur og nokkur rýrnun löngu kreppivöðva fingranna getur ekki skýrst af öðru en langvarandi hlífð við beitingu handarinnar. Vera kann að eitthvað megi auka heildargripstyrk handarinnar með langvarandi þjálfun á þessum vöðvum.

Nákvæmt grip verður aldrei skapað aftur í hendi sjúkl. Af því leiðir meðal annars, að ólíklegt er að hún geti náð verulegum árangri í hljóðfæraleik og geti með viðunandi árangri leyst af hendi störf, sem krefjast nákvæmni og styrks í fingurhreyfingum, t. d. vélritun.

Sjúkrasaga og klínisk skoðun ein sér leiða í ljós, að um er að ræða ástand

eftir áverka á ölnartaugina, sem gat ekki verið öllu ofar en svo sem 8 cm ofan við úlnlið, þ.e.a.s. á þeim stað, sem tilfinningartaugagreinin til handarbaksins jaðarmegin og til litlafingursins handarbaksmegin víkur frá meginstofninum.

Ekki sýnist hafa verið nauðsyn á flóknum, tímafrekum og endurteknum rannsóknum til þess að komast að þeirri niðurstöðu."

Niðurstaða örorkumats Björns Önundarsonar er sú að varanleg örorka stefnanda þykir hæfilega metin 30%.

III.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á almennu skaðabótareglunni. Bótakröfunni er beint að Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs. Stefnandi heldur því fram að um sé að ræða húsbóndaábyrgð sjúkrahússins vegna gáleysis starfsmanns þess, Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis, sem olli örorku stefnanda. Það var gáleysi af hálfu Sigurjóns að kanna ekki, hvort mikilvægar og viðkvæmar taugar hefðu skaddast eða farið í sundur í lófa Ingibjargar áður en sárið var saumað saman. Vegna þessa telur stefnandi að Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Að því er varðar bótafjárhæðina byggir stefnandi aðallega á örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 27.9. 1988, þar sem Ingibjörg er metin 30% varanlegur öryrki af völdum fyrrnefnds áverka.

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Jón Erlingur Þorlákssson tryggingastærðfræðingur út tekjutap Ingibjargar vegna þessarar örorku, nú síðast 13.9. 1990. Samkvæmt þeim útreikningi er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda kr. 2.515.100,00 miðað við 11.11. 1985 og töpuð lífeyrissjóðsréttindi kr. 150.900,-.

Miskabótakröfu að fjárhæð kr. 1.000.000,-, telur stefnandi hóflega með tilliti til þeirra alvarlegu afleiðinga sem slysið hefur haft í för með sér. Samtals verður stefnukrafan því 3.666.00,-.

Sýknukrafa stefnda er á því reist að könnun á húðhita og sársaukaskyni í lófa sé einungis hægt að framkvæma með aðstoð sjúkl. og ekki sé hægt að byggja á neinu öðru en svörum hans. Sjúkl. sé oft í uppnámi þegar verið er að sauma og stefnandi var barn að aldri þegar atburðurinn átti sér stað. Því telur stefndi eðlilegt að önnur könnun á húðhita og sársaukaskyni sé framkvæmd þegar saumar eru teknir, en því miður er ekki upplýst í málinu hvort svo hefur verið gert.

Stefndi telur að hver maður beri ábyrgð á heilsu sinni og velferð, ef menn eru ófærir um það sjálfir, t.d. börn, þá aðstandendur þeirra. Tvö ár liðu frá slysinu þar til leitað var til læknis með stefnanda. Þegar taugar í

hendi skaðast fer mjög fljótlega að bera á doða og máttleysi. Þess eru dæmi að svona taug hafi verið saumuð saman tveimur til þremur vikum eftir slys og aðgerðin tekist. Stefndi telur, að ekki sé hægt að gera stefnda ábyrgan fyrir því að ekki var komið með stefnanda til eftirlits eða leitað læknis fyrir hana og það sé algjörlega ósannað, að hendi stefnanda hefði verið bjargað, þótt taugin hefði verið saumuð strax saman.

Stefndi telur að læknirinn hafi hagað sér í alla staði sem góður og gegn læknir myndi hafa gert í hans sporum. Hann framkvæmdi þær kannanir sem almennt eru gerðar í þessum tilfellum, það er að segja kannaði húðhita og sársaukaskyn. Af viðbrögðum stefnanda varð ekki annað ráðið en allt væri með felldu. Óupplýst sé með öllu hvar og hvenær saumar voru teknir og hvaða könnun hafi þá verið gerð.

Varakröfu um verulega lækkun bóta byggir stefndi á eftirgreindu:

„Telja verður að stefnandi hefði getað firrt sig einhverju eða öllu tjóni með því að gefa lækninum, sem skoðaði hana, til kynna, þegar húðhiti og sársaukaskyn var kannað, að eitthvað var að. Jafnframt hefði stefnandi getað minnkað tjón sitt eitthvað eða að öllu leyti með því að leita aftur til læknis fyrstu vikurnar eftir slysið.

Fjárhæð skaðabóta er mótmælt sem allt of hárri. Frádráttarprósenta sú, 32,4%, vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis, sem fram kemur í örorkutjónsútreikningunum á dskj. nr. 4, er allt of lág og í engu samræmi við þá venjubundnu afgreiðslu sem tíðkast hjá tryggingafélögum. Tryggingafélögin miða alfarið við 39,79% frádrátt, auk 5–10% frádráttar vegna eingreiðsluhagræðis. Bætur yfir kr. 1.000.000,00 sæta 10% frádrætti ofan á staðgreiðslufrádráttinn, eða samtals 49,79%.

Miskabótakröfunni er mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri.

Loks er bent á að skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnast vextir á fjórum árum. Stefnan var birt 11. nóvember 1989. Vextir frá slysdegi til 11. nóvember 1985 eru því fyrndir."

IV.

Við áverka eins og um ræðir í málinu verður læknir ávallt að sýna árvekni við athugun þess hvort mikilvægt líffæri hafi skaddast. Prófunin í tilviki sem þessu er einfalt læknisfræðilegt verk og leiðir að öllu eðlilegu til óyggjandi niðurstöðu.

Skýrsla Sigurjóns um, að hann hafi framkvæmt taugaskoðun á hendi Ingibjargar, verður lögð til grundvallar. Prófunin, eins og henni er lýst, var framkvæmd á viðunandi hátt miðað við aðstæður. Hins vegar er ljóst, að stefnandi var í andlegu ójafnvægi vegna slyssins meðan gert var að sári

hennar. Álit dómsins er, að af þeim sökum hafi prófunin ekki skilað tilætluðum árangri.

Yfirsjón læknisins var að kveðja ekki stúlkuna til sín til endurmats, svo að hann gæti gengið úr skugga um ástand tauga og sina við hagstæðari skilyrði. Slík skoðun hefði tekið af allan vafa og leitt til rökréttrar framhaldsmeðferðar sem að skaðlausu hefði mátt dragast fram yfir saumatöku.

Tjón það, sem stefnandi hefur beðið, verður samkvæmt framansögðu rakið til mistaka læknisins Sigurjóns Sigurðssonar og ber stefndi bótaskyldu á því samkvæmt reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Varðandi kröfu stefnda um lækkun bóta er það álit dómsins að vegna aldurs stúlkunnar og andlegs ójafnvægis verði henni ekki gefið að sök þótt skort kunni að hafa á rétta svörun við prófunum læknisins og henni ekki heldur metið til sakar tómlæti varðandi það að leita aftur til læknis fyrstu vikurnar eftir slysið.

V.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda hinn 11. 11. 1985 samkvæmt framhaldsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 13. 9. 1990	kr.	2.515.100,00
Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr.	150.900,00
Miskabætur	kr.	1.000.000,00
	kr.	3.666.000,00

Um lið 1 og 2.

Við þingfestingu málsins var lagður fram útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 25.10. 1989, á örorkutjóni stefnanda á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar læknis. Fram kemur í útreikningi Jóns að á 15. og 16. aldursári er miðað við 15 vikna vinnu hvort ár á unglingatöxtum Dagsbrúnar. Frá og með 22. aldursári er reiknað með 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 25. október 1989 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast nema á slysdegi kr. 2.177.600,00 og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda kr. 128.600,00.

Í samræmi við áskilnað stefnanda í greinargerð, ef stefndi bæri fyrir sig fyrningu vaxta, var tjón stefnanda reiknað út að nýju, dómkröfum breytt og krafist vaxta frá öðrum tíma en gert var í stefnu. Útreikningur Jóns Erlings

Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 13. 9. 1990, miðaður við 11. 11. 1985, kveður á um höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps að fjárhæð kr. 2.515.000,00 og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda kr. 150.900,00.

Þar sem vextir frá fyrri tíma en 11.11. 1985 eru fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, verður við ákvörðun bóta að hafa hliðsjón af útreikningi tryggingastærðfræðingsins er miðar við slysdag. Þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið að teknu tilliti til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu kr. 1.500.000,00.

Um lið 3.

Ljóst er að stefnandi hefur orðið fyrir miska vegna slyssins og þykja bætur fyrir hann hæfilega metnar kr. 200.000,00 miðað við slysdag.

Samkvæmt framangreindu telst óbætt tjón stefnanda vera kr. 700.000,00 og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum sem greinir í dómsorði.

Dæma ber stefnda til að greiða í ríkissjóð kr. 312.855 í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda geiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., kr. 240.000,00, auk virðisaukaskatts.

Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi kveður upp dóm þennan ásamt samdómsmönnunum, Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara og Páli B. Helgasyni yfirlækni, sérfræðingi í orku- og endurhæfingarlækningum.

Dómsorð:

Stefndi, Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, greiði stefnanda, Magneu Óskarsdóttur f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Ingibjargar Þórarinsdóttur, kr. 1.700.000,00 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði í ríkissjóð kr. 312.855,00 í málskostnað.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., kr. 240.000,00, án virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 461/1991. **Lydía Gunnarsdóttir**
(Kristján Ólafsson hdl.)
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Gísla Erni Arnarsyni
(Svala Thorlacius hrl.)

Óvígð sambúð. Fjárskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Hún gerir eftirfarandi dómkröfur:

„I. Að viðurkennt verði með dómi, að eftirgreindar eignir séu eign umbjóðanda míns að jöfnu á móti stefnda:

a) Íbúð að Móabarði 34, merkt 03-01, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum.

b) Bifreiðin R-38532, Citroen AX, árg. 1988.

c) Andvirði bifr. R-42840, Mercedes-Benz, árg. 1981, og verði stefndi jafnframt dæmdur til að greiða umbj.m. helming söluandvirðisins, kr. 350.000,-, með hæstu dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags,

II. Að viðurkennt verði með dómi að verðbréf og bankainnstæður, sem um áramót 1989/1990 voru að fjárhæð kr. 2.928.037,- skv. skattframtali 1990, teljist vera eign aðila að óskiptu og skuli skiptast jafnt á milli þeirra.“ Þá krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Aðila greinir á um, hvenær óvígð sambúð þeirra hófst. Áfrýjandi byggir á því, að upphaf sambúðar hafi verið, þegar hún fluttist til stefnda inn á heimili móður hans að Álfaskeiði 102 í Hafnarfirði

haustið 1984. Áfrýjandi var þá 17 ára gömul og var ásamt stefnda þar í fríu fæði og húsnæði. Gögn málsins benda til þess, að þá hafi ekki verið um sameiginlegt heimilishald að ræða. Verður ekki talið, að eiginleg sambúð þeirra hafi hafist fyrr en í mars 1987, er þau fluttust að Fagrahvammi 11 í Hafnarfirði. Ljóst virðist þó, að fjárhagsleg samstaða hafi myndast með þeim fyrir þennan tíma, einkum eftir að þau fóru til starfa í Ólafsvík í ársbyrjun 1986. Jafnframt er rétt að líta til þess, að áfrýjandi og stefndi fylgdust að óslitið eftir slys það, sem hann varð fyrir í mars á því ári.

Staðfest er sú niðurstaða í hinum áfrýjaða úrskurði með vísan til forsendna hans, að áfrýjandi hafi hvorki öðlast eignarhlutdeild í örorkubótum stefnda, 2.928.037 krónum, sem hann hélt nægilega sérgreindum í verðbréfum og á kjörbók Landsbanka Íslands, né Mercedes-Benz-bifreiðinni R-42840. Fallast ber hins vegar á þá niðurstöðu skiptaréttar, að áfrýjandi hafi öðlast eignarhlutdeild í fasteigninni Móabarði 34 í Hafnarfirði og Citroen AX, bifreiðinni R-38532. Þegar litið er til tekna aðila, meðan sambúð varði, og þess, sem rakið er í úrskurðinum þykir einnig rétt að fallast á niðurstöðu hans um, að eignarhluti áfrýjanda sé 10% og eignarhluti stefnda 90%. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 18. júní 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 29. maí 1991.

Sóknaraðili, Lydía Gunnarsdóttir, kt. 150367-3609, Vallholti 19, Ólafsvík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með úrskurði, að eftirtaldar eignir séu eign sóknaraðila að jöfnu á móti varnaraðila:
   a) Íbúð að Móabarði 34, merkt 03-01, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum.
   b) Bifreiðin R-38532, Citroën AX, árgerð 1988.

c) Andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, árgerð 1981, og verði varnaraðili jafnframt úrskurðaður til að greiða sóknaraðila helming söluandvirðis, kr. 350.000,00, með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags.

2. Að viðurkennt verði með úrskurði, að verðbréf og bankainnstæður, sem um áramót 1989/1990 voru að fjárhæð 2.928.037,00 samkvæmt skattframtali 1990, teljist vera eign aðila að óskiptu og skuli skiptast jafnt á milli þeirra.
3. Að viðurkennt verði með úrskurði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í íbúðinni að Móabarði 34, Hafnarfirði, frá og með 1. júní 1990 til rýmingardags.
4. Að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað [...].

Varnaraðili, Gísli Örn Arnarson, kt. 050165-4429, Móabarði 34, Hafnarfirði, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað [...].

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Þann 29. ágúst 1990 barst skiptarétti Hafnarfjarðar beiðni Hilmars Ingimundarsonar hrl. fyrir hönd Lydíu Gunnarsdóttur um að bú hennar og fyrrum sambýlismanns, Gísla Arnar Arnarsonar, yrði tekið til opinberrar uppskriftar og skiptameðferðar vegna sambúðarslita þeirra. Málið var þingfest þann 15. nóvember 1990 og bú aðila tekið til opinberra skipta með vísan til 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1986.

Í þinghaldi þann 14. janúar 1991 lýstu lögmenn aðila yfir ágreiningi um skiptingu eftirtalinna eigna: fasteignarinnar að Móabarði 34, Hafnarfirði, bifreiðarinnar R-38532, Citroën AX, verðbréfa og bankainnstæðna búsins og andvirðis bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz. Vegna ágreinings um skiptingu fyrrgreindra eigna var ákveðinn rekstur skiptamáls þessa. Samkomulag náðist milli málsaðila um skiptingu innbús í þinghaldi þann 8. janúar 1991.

Í skiptaréttarmáli þessu hafa verið lögð fram og þingmerkt sem dómskjöl nr. 6–8 málskjöl vegna opinberra skipta á búi aðila.

III.

Í máli þessu greinir aðila á um málavexti.

Sóknaraðili kveður málavexti vera, að um sumarið 1984 hafi hún og varnaraðili tekið upp óvígða sambúð. Hafi þau fyrst búið á heimili móður varnaraðila að Álfaskeiði 102, Hafnarfirði. Veturinn 1984/85 hafi varnaraðili stundað nám í Vélskóla Íslands, en sóknaraðili hafi unnið utan heimilis jafnframt því, sem hún hafi annast heimilishald, eftir því sem nauðsynlegt var á heimili móður varnaraðila. Um mánaðamótin janúar/febrúar 1985 hafi hún og varnaraðili síðan flust að Mánagötu 2, Reykjavík. Tekjur varnaraðila árið 1985 hafi verið kr. 224.366, en tekjur sóknaraðila það sama ár hafi hins vegar verið kr. 107.800. Í janúar 1986 hafi aðilar flust vestur í Ólafsvík, þar sem þau bjuggu saman á verbúð og störfuðu bæði hjá Stakkholti hf. Þann 3. mars 1986 hafi varnaraðili orðið fyrir slysi um borð í m/s Jóni Jónssyni SH 187, þar sem hann missti vinstri handlegg við öxl. Eftir slys þetta hafi aðilar á ný flust til móður varnaraðila og hafi sóknaraðili verið heimavinnandi, þar til hún hafi einnig farið að vinna utan heimilis um mánaðamótin júní/júlí 1986 fram á haustið. Veturinn 1986/87 hafi sóknaraðili farið í ritaraskólann. Hafi hún þá verið orðin ófrísk og eignast son þann 7. júlí 1987. Um haustið 1986 hafi varnaraðili hins vegar á ný farið í Vélskóla Íslands og verið þar fram að jólum. Í mars 1987 flytjist aðilar síðan að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, þar sem þau séu fyrst skráð með sameiginlegt lögheimili og í óvígðri sambúð. Eftir barnsburðinn hafi sóknaraðili verið bundinn á heimili aðila í um það bil eitt ár, en að því loknu hafi hún farið að vinna við skúringar á kvöldin hjá Globusi hf. Þann 15. apríl hafi aðilar sótt sameiginlega um kaup á íbúð hjá stjórn verkamannabústaða. Þau hafi síðan fengið úthlutað íbúð að Móabarði 34, Hafnarfirði, sem þau flytjist í 20. nóvember 1989. Tekjur sóknaraðila hafi, meðan á sambúðinni stóð, runnið inn á reikning varnaraðila, þar sem þær voru notaðar til sameiginlegra þarfa svo og fjárfestinga.

Varnaraðili kveður málavexti vera, að síðsumars 1984 hafi hann og sóknaraðili kynnst og skömmu síðar hafi sóknaraðili flust inn á heimili móður varnaraðila að Álfaskeiði 102, Hafnarfirði, en hún hafi frá árinu 1978 verið ekkja. Hafi málsaðilar verið á framfæri móður varnaraðila þann tíma sem þau bjuggu hjá henni. Aðilar hafi síðan flust í íbúð ömmu varnaraðila síðsumars 1985, en ekki um mánaðamótin janúar/febrúar 1985, eins og fram komi hjá sóknaraðila. Í desemberbyrjun sama ár hafi slitnað upp úr sambúð aðila og varnaraðili flust heim til móður sinnar, en sóknaraðili til foreldra sinna. Um áramótin hafi þó orðið úr, að þau færu saman vestur til Ólafsvíkur þar sem þau bjuggu saman á verbúð. Hafi varnaraðili ráðið sig

til vinnu sem 2. vélstjóri á m/s Jón Jónsson SH 187. Hinn 3. mars hafi varnaraðili orðið fyrir mjög alvarlegu slysi um borð í bátnum þegar hann lenti með vinstri handlegg í spili bátsins. Hafi hann farið með spilinu tvo hringi áður en tókst að stöðva það og losa hann úr því. Óhjákvæmilegt hafi reynst að taka vinstri handlegg af við öxl, en varnaraðili hafi verið örvhentur. Vegna slyss þessa hafi varnaraðili verið úrskurðaður 90% öryrki þann 17. desember 1987. Örorkutjón varnaraðila hafi verið reiknað út svo sem venja er og hafi hann fengið í bætur um kr. 4.000.000. Hafi bæturnar verið greiddar út í allnokkrum áföngum, en lokagreiðsla hafi verið innt af hendi í apríl 1987. Bætur þessar hafi varnaraðili varðveitt í verðbréfum og á kjörbók nr. 61999 í Landsbanka Íslands. Hafi hvorki tekjur sóknaraðila né tekjur varnaraðila, eftir að hann fór á ný að vinna eftir slysið, runnið inn á þá bók, heldur inn á reikning í Iðnaðarbankanum nr. 800223. Eftir slysið hafi aðilar flust á ný inn á heimili móður varnaraðila og búið þar fram í marsmánuð 1987, er þau fluttust að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði. Hafi þá fyrst óvígð sambúð aðila hafist. Í apríl 1988 hafi varnaraðili sótt um íbúð hjá stjórn verkamannabústaða í Hafnarfirði og hafi sú umsókn verið byggð á þeirri forsendu, að varnaraðili væri 90% öryrki. Umsókn varnaraðila hafi verið tekin til greina og aðilar flytjist að Móabarði 34, Hafnarfirði, í nóvember 1989. Hafi varnaraðili greitt útborgunargreiðslu kr. 750.000 vegna íbúðarkaupa þessara af bótafé sínu, sem varðveitt hafi verið á kjörbók Landsbankans. Þegar liðið hafi á veturinn 1989/1990 hafi samband aðila versnað og þann 12. apríl 1990 hafi svo slitnað endanlega upp úr sambandi þeirra.

Í réttinum hafa verið lögð fram skattframtöl aðila undanfarin ár. Samkvæmt skattframtölum sóknaraðila eru tekjur hennar árið 1984 kr. 127.510, árið 1985 kr. 224.366, árið 1986 kr. 210.143, árið 1987 kr. 119.171, árið 1988 kr. 40.000 og árið 1989 kr. 596.426. Samtals eru því tekjur sóknaraðila fyrir árin 1984–89 kr. 1.317.616. Tekjur varnaraðila samkvæmt skattframtali hans voru árið 1986 kr. 608.406, árið 1987 kr. 404.206, árið 1988 kr. 933.512 og árið 1989 kr. 1.229.919. Tekjur varnaraðila árin 1986–89 eru því samtals kr. 3.176.043.

Meðal málskjala er að finna reikningsyfirlit yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands frá 24. júlí 1987 til 3. apríl 1990, en þá var staða reikningsins kr. 230.191,67. Jafnframt liggur frammi yfirlit Landsbréfa hf. dags. 24. janúar 1990, vegna verðbréfa Lýsingar, 1. fl. B 1989, að kaupverði kr. 1.547.846, og yfirlit Landsbanka Íslands yfir Landsbók nr. 456002 frá 1. mars 1990 til 29. júní sama ár, en þá var innstæða bókarinnar kr. 1.023.456,19.

Aðilar hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

IV.

Kröfur sóknaraðila eru á því reistar, að frá upphafi sambúðar hennar og varnaraðila, er hún telur að til hafi stofnast sumarið 1984, hafi þau haft sameiginlegan fjárhag. Öll hennar laun hafi gengið inn á bankabók, sem hafi verið á nafni varnaraðila. Hafi því öll laun hennar gengið til sameiginlegra þarfa svo og fjárfestinga. Séu því allar þær eignir, sem um sé deilt í máli þessu, til komnar vegna fjárfestinga þeirra beggja. Í málflutningi kom fram af hálfu lögmanns sóknaraðila, að jafnframt yrði að taka tillit til vinnu sóknaraðila á heimili og að þar hafi hún verið bundin í eitt ár eftir að hún ól málsaðilum son þann 7. júlí 1987.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um að fasteignin að Móabarði 34, Hafnarfirði, teljist eign málsaðila að jöfnu, á því, að íbúðarkaupin hafi verið sameiginleg. Málsaðilar hafi sótt um kaup á íbúðinni sem sambýlisfólk, eins og umsókn þeirra beri með sér, sbr. dómskjal nr. 5, og sem slík fái þau þessa íbúð. Kaupverðið hafi verið greitt af þeim sameiginlega, úr sameiginlegum sjóði, enda hafi þau haft óskipt fjárfélag. Skipti í þessu sambandi engu máli, þótt afsal hafi eingöngu verið gefið út til varnaraðila.

Varðandi kröfu sóknaraðila til helmings eignarhlutdeildar í bifreiðinni R-38532, Citroën AX, árgerð 1988, byggir sóknaraðili á því, að hún hafi verið keypt á árinu 1989 af sér og varnaraðila sameiginlega og á sama hátt greidd úr sameiginlegum sjóði þeirra. Gildi því það sama um bifreiðina og fasteignina að Móabarði 34, Hafnarfirði.

Kröfu sóknaraðila um að andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, árgerð 1981, teljist eign þeirra að jöfnu og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér kr. 350.000 auk dráttarvaxta, rökstyður hún á þann hátt, að bifreiðin hafi verið keypt um vorið 1990 í skiptum fyrir Willys-jeppabifreið, er málsaðilar áttu. Jeppabifreiðin hafi verið verðlögð á kr. 550.000 og hafi aðilar auk þess greitt í milligjöf kr. 150.000–200.000. Telur sóknaraðili ekki geta staðist, að varnaraðili hafi selt þessa bifreið fyrir kr. 500.000 þann 1. júní 1990 eins og fram hafi komið af hálfu varnaraðila, enda hafi varnaraðili sjálfur talið í þinghaldi 8. janúar 1991, sbr. dómskjal nr. 7, að söluandvirði bifreiðarinnar hefði verið kr. 650.000–700.000. Í málflutningi af hálfu lögmanns sóknaraðila kom fram, að sóknaraðili teldi, að miða bæri við nefnda yfirlýsingu varnaraðila um söluverðmæti bifreiðarinnar, en ekki afsal það er liggi frammi í málinu, þar sem fram komi að söluverð bifreiðarinnar sé kr. 500.000. Telur sóknaraðili með ólíkindum, að bifreiðin hafi lækkað í verði um kr. 150.000–200.000 á aðeins einum til tveimur mánuðum. Sóknaraðili byggir á því, að Mercedes-Benz-bifreiðin hafi verið keypt á sambúðartímabilinu og hafi hún, á sama hátt og áður greinir, verið

greidd af þeim sameiginlega. Eigi því sóknaraðili rétt til helmings söluandvirðis bifreiðarinnar, sem hún telur að hafi ekki verið undir kr. 700.000.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um að verðbréf og bankainnstæður teljist eign málsaðila að óskiptu, á því, að fjármunir þessir hafi myndast á sambúðartímanum fyrir tilstuðlan þeirra beggja. Um sérgreinda fjármuni sé ekki að ræða, enda hafi öll laun sóknaraðila gengið inn á reikning varnaraðila. Hafi varnaraðili ekki haldið örorkubótum sínum aðgreindum og ekki áskilið sér slíkan rétt þegar bæturnar voru greiddar.

Kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að Móabarði 34, rökstyður hún á þann hátt, að varnaraðili hafi frá sambúðarslitum nýtt eignina að öllu leyti einn. Sóknaraðili hafi hins vegar þurft að leigja sér íbúð fyrir sig og son þeirra. Einungis sé gerð krafa um viðurkenningu á þessari skyldu varnaraðila.

V.

Varnaraðili reisir sýknukröfu sína á því, að með málsaðilum hafi ekki verið sameiginlegt fjárfélag. Eignamyndun sú, sem orðið hafi á sambúðartímabilinu, sé algerlega komin til vegna örorkubóta varnaraðila. Tekjur sóknaraðila á sambúðartímabilinu hafi verið mjög óverulegar og hefðu þær ekki einu sinni nægt henni einni til framfærslu, hvað þá heldur til nokkurrar eignamyndunar.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að sambúð málsaðila hafi einvörðungu staðið í rétt liðlega þrjú ár, frá því að þau flytjist inn á sameiginlegt heimili að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, þann 17. mars 1987 og þar til upp úr sambúð þeirra slitnaði í apríl 1990. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til fram lagðs sambúðarvottorðs, dags. 14. maí 1990, sbr. dómskjal nr. 15. Varnaraðili telur það ekki skipta máli, að aðilar hafi í stuttan tíma haustið 1985 búið saman að Mánagötu 2, Reykjavík, enda hafi slitnað upp úr sambúð þeirra á því tímabili og hafi þau þar að auki, á þeim tíma, ekki verið skráð sem sambúðarfólk. Auk þess hafi málsaðilar ekki sjálfir talið sig vera í sambúð og hafi þau ekki talið sameiginlega fram til skatts fyrr en árið 1989. Telur varnaraðili jafnframt, að ekki sé hægt að líta á búsetu sóknaraðila inni á heimili móður varnaraðila sem óvígða sambúð. Þegar sóknaraðili flytjist þangað hafi hún verið 17 ára að aldri og virðist svo sem móðir varnaraðila hafi tekið að sér framfærsluskyldu foreldra sóknaraðila. Hafi sóknaraðili á árinu 1984 haft í „brúttó“ mánaðarlaun kr. 10.625 og hafi hún aldrei lagt nokkurt fjárframlag til heimilis móður varnaraðila, hvorki fyrir fæði né húsnæði. Hafi hún þar að auki aldrei veitt neina aðstoð við heimilisstörf og nánast verið þar sem gestur.

Enn fremur er því haldið fram, að sóknaraðili geti ekki átt nokkurn rétt til helmingshluta í örorkubótum varnaraðila og þeirra eigna sem fyrir þær bætur séu keyptar. Örorkubætur varnaraðila séu skaðabætur fyrir alvarlegt tjón á líkama hans og sé tjónið reiknað fram í tímann eftir áætluðum lífslíkum. Hafi tjónið verið greitt frá tryggingafélagi fyrir fram með eingreiðslu. Sé fráleitt að telja, að sóknaraðili geti átt rétt til slíkra bóta, enda hefði varnaraðili eins getað samið um árlegar greiðslur og væri þá langstærstur hluti bótanna ekki gjaldfallinn. Þá er af hálfu varnaraðila á því byggt, að hann hafi haldið örorkubótum sínum fullkomlega aðgreindum. Unnt sé að sýna fram á í hvaða verðmætum bæturnar séu, þ.e. í verðbréfum, bankabók, bifreiðum og innbúi. Varnaraðili hafi lagt bætur sínar inn á hávaxtabók nr. 61999 í Landsbanka Íslands og keypt verðbréf og hafi ekki aðrar greiðslur runnið þar til. Þær litlu tekjur, sem sóknaraðili hafi haft, hafi verið lagðar inn á bankareikning nr. 800223 í Iðnaðarbankanum og hafi varnaraðili einnig lagt tekjur sínar inn á þann reikning, er hann fór á ný að geta starfað eftir slysið. Hins vegar beri skattframtöl aðila skýrt og greinilega með sér, að fram til ársins 1988, þegar varnaraðili fór að hafa einhverjar tekjur aftur, lifi þau á örorkubótum hans, að frátalinni framfærslu móður varnaraðila, og hafi málsaðilar gengið verulega á þær bætur. Hafi nánast öll útgjöld verið greidd með bótum hans, þar með taldar tvær sumarleyfisferðir til útlanda, verslunarferð sóknaraðila til Glasgow fyrir jólin 1987 og nám sóknaraðila í ritaraskólanum.

Varðandi íbúðina að Móabarði 34, Hafnarfirði, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að nöfn beggja málsaðila hafi verið rituð á umsókn til stjórnar verkamannabústaða vegna þeirrar reglu, að séu umsækjendur í hjónabandi eða óvígðri sambúð skuli umsóknir lagðar fram í nafni beggja. Lítill vafi leiki á, að úthlutunin á íbúðinni hafi byggst á því, að varnaraðili sé 90% öryrki, enda séu öryrkjar forgangshópur hvað viðkemur félagslegum íbúðum. Afsal hafi verið gefið út á nafn varnaraðila og óumdeilanlegt sé, að hann hafi greitt útborgunargreiðslu, kr. 750.000, 17. nóvember 1989 með örorkubótum sínum af reikningi nr. 61999 í Landsbankanum. Í málflutningi lögmanns varnaraðila var því haldið fram, að varnaraðili hefði greitt af örorkubótum sínum afborganir af lánum, er hvíla á fasteigninni.

Varnaraðili telur bifreiðina R-38532, Citroën AX, óskipta eign sína, þrátt fyrir það að hún hafi verið skráð á nafn sóknaraðila, enda hafi hún verið keypt fyrir örorkubætur varnaraðila. Hafi kaup á bifreiðinni farið fram á þann veg, að 2. febrúar 1989 hafi varnaraðili fengið bifreiðina í skiptum fyrir bifreið sína, Susuki Fox 1984. Jafnframt hafi varnaraðili greitt í milligjöf kr. 80.000. Susuki-bifreiðin hafi verið keypt fyrir örorkubætur varnaraðila,

og milligjöfin hafi einnig stafað af bótafénu. Í þessu sambandi vísar varnaraðili til fram lagðra yfirlita yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands.

Í munnlegum málflutningi kom fram af hálfu lögmanns varnaraðila, að bifreiðin R-42840, Mercedes-Benz, væri til komin fyrir skipti á Willys-jeppabifreið, er keypt hafi verið árið 1987 fyrir bótafé varnaraðila. Hafi Mercedes-Benz-bifreiðin því verið eign varnaraðila.

VI.

Málsaðila greinir á um hvenær þau hafi stofnað til óvígðrar sambúðar. Fyrir liggur, að sumarið 1984 fluttist sóknaraðili inn á heimili móður varnaraðila, þar sem þau bjuggu síðan. Þykir verða að miða við að þá hafi sambúð aðila stofnast, enda ber aðilum saman um, að frá þeim tíma hafi þau búið samfellt saman, að frátöldum desembermánuði 1985, og þar til upp úr sambúð þeirra slitnaði í apríl 1990.

Ljóst er að á sambúðartíma málsaðila varð umtalsverð eignamyndun. Samkvæmt skattframtölum sóknaraðila voru tekjur hennar á árunum 1984–89 kr. 1.317.616, en tekjur varnaraðila voru á árunum 1986–89, samkvæmt skattframtölum hans, kr. 3.176.043. Varnaraðili var þann 17. desember 1986 metinn 90% öryrki vegna vinnuslyss, er hann varð fyrir fyrr á sama ári. Voru varnaraðila greiddar bætur vegna slyss þessa, er hann telur hafa verið um kr. 4.000.000 og hefur þeirri fjárhæð ekki verið andmælt. Yfirlit það, er liggur frammi yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, ber með sér, að inni á þeim reikningi hafi verið umtalsverðir fjármunir. Verður ekki annað séð af yfirliti þessu en að þann 19. desember 1989 hafi af þeim reikningi runnið kr. 1.547.846 til kaupa á verðbréfum Lýsingar, 1. fl. B 1989. Jafnframt þykir yfirlit þetta bera með sér, að þann 1. mars 1990 hafi kr. 1.000.000 verið millifærð inn á Landsbók nr. 456002. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi ekki haldið örorkubótum sínum aðgreindum frá öðrum eignum og hafi laun sóknaraðila runnið inn á reikning varnaraðila. Varnaraðili byggir hins vegar á, að hann hafi haldið örorkubótum sínum aðgreindum og að fyrrgreindir bankareikningar og verðbréf hafi að geyma hluta af þeim. Hafi laun aðila runnið inn á bankareikning í Iðnaðarbankanum nr. 800223 og hefur þeirri fullyrðingu ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðila. Telja verður, að sóknaraðili hafi ekki sannað gegn eindregnum andmælum varnaraðila, að fyrrgreindir fjármunir séu til komnir með öðrum hætti en örorkubótum varnaraðila. Þar sem ekki verður talið, að sóknaraðili geti öðlast hlutdeild í bótum varnaraðila vegna varanlega skerts aflahæfis, þykir verða að hafna kröfu sóknaraðila um eignarhlutdeild í reikningi nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, Landsbók nr. 456002 á sama stað og Lýsing-verðbréfum 1. fl. B 1989 hjá Landsbréfum hf.

Ágreiningur er milli aðila um skiptingu fasteignarinnar að Móabarði 34, Hafnarfirði, og bifreiðarinnar R-38532, Citroën AX. Telja verður, að ekki hafi þýðingu varðandi fasteignina að Móabarði 34, Hafnarfirði, að málsaðilar rituðu bæði nöfn sín á umsókn um kaup á íbúð hjá stjórn verkamannabústaða, enda verður ekki annað séð af umsókn þessari en sóknaraðili hafi ritað á hana sem sambýliskona varnaraðila. Á sambúðartímanum unnu málsaðilar fyrir launum utan heimilis og telja verður að nefndar eignir hafi verið keyptar í þágu beggja. Jafnframt þykir verða að líta til þess, að sóknaraðili var bundin við störf á heimili í nokkurn tíma eftir að hún ól málsaðilum son. Verður því að telja að sóknaraðili hafi öðlast eignarhlutdeild í eignum þessum. Fær þessu ekki breytt þótt varnaraðili hafi leitt líkur að því, að hann hafi greitt eignir þessar með örorkubótum sínum. Þegar þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt að miða við að eignarhluti sóknaraðila í fasteigninni og bifreiðinni sé 10%, og ber þannig að taka kröfu sóknaraðila til greina að því leyti.

Krafa sóknaraðila um að viðurkennt verði að andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, sé eign málsaðila að jöfnu og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 350.000 auk dráttarvaxta, verður ekki skilin á annan veg en þann, að krafist sé aðfararhæfs úrskurðar um fjárkröfu, er sóknaraðili telji sig eiga vegna ráðstöfunar varnaraðila á eign, sem fyrir hendi hafi verið við sambúðarslit, en hafi verið ráðstafað áður en skiptameðferð hófst. Telja verður að skiptaréttur geti einungis úrskurðað um slíka kröfu, að svo miklu leyti sem henni verður fullnægt af eignum búsins, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðili hefur ekki fært sönnur á gegn andmælum varnaraðila, að bifreið þessi hafi verið greidd með fjármunum hennar. Hefur þegar verið fjallað um eignarhluta sóknaraðila í þeim eignum búsins, sem í úrskurði þessum eru til umfjöllunar, með tilliti til tekna hennar og annarra atvika. Með vísan til framangreinds ber að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir kröfu um að viðurkennt verði með úrskurði að varnaraðila sé skylt að greiða henni leigu vegna afnota hans af eignarhluta hennar í fasteigninni að Móabarði 34, Hafnarfirði. Í úrskurðum sínum fjallar skiptaréttur um töku bús til opinberra skipta, búsmeðferð og hvernig skipta beri búi. Telja verður að skiptaréttur sé ekki bær til að fjalla um kröfu sem þessa og eigi hún undir hina almennu dómstóla. Er þessari kröfu sóknaraðila því hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor málsaðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Benedikt Bogason, fulltrúi skiptaráðandans í Hafnarfirði, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Lydíu Gunnarsdóttur, um eignarhlutdeild í verðbréfum og bankainnstæðum, þ.e. reikningi nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, Landsbók nr. 456002 á sama stað og verðbréfum Lýsing 1. fl. B 1989 hjá Landsbréfum hf., er hafnað.

Viðurkennt er að málsaðilar séu sameigendur að fasteigninni að Móabarði 34, merktri 03-01, Hafnarfirði, og bifreiðinni R-38532, Citroën AX, þannig að eignarhluti sóknaraðila, Lydíu Gunnarsdóttur, sé 10% og eignarhluti varnaraðila, Gísla Arnar Arnarsonar, 90%.

Kröfu sóknaraðila um að andvirði bifreiðarinnar R-42480, Mercedes-Benz, teljist eign málsaðila að jöfnu og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 350.000 með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags, er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði með úrskurði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í íbúðinni að Móabarði 34, Hafnarfirði, frá og með 1. júní 1990 til rýmingardags, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. febrúar 1994.

Nr. 88/1994. **Sigurður Árnason**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Runólfi Sigtryggssyni,
Halldóru Sigurðardóttur,
Svölu Sigtryggsdóttur,
Sigurgeiri Sigmundssyni,
Helga Kristjánssyni,
Eddu Guðmundsdóttur og
Freyju Bergþóru Benediktsdóttur
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Kærumál. Kröfugerð. Vanreifun. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. febrúar sl., sem barst réttinum ásamt kærugögnum 18. s.m. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið". Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson, Halldóra Sigurðardóttir og Svala Sigtryggsdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki látið kærumálið til sín taka.

Málsatvik eru rakin í stórum dráttum í hinum kærða úrskurði.

Í kaupsamningi sóknaraðila og varnaraðilans Runólfs um söluturninn Teninginn, sem var annar hluti makaskiptasamnings þeirra, er varnaraðilans Halldóru að engu getið, og verður ekki séð, að hún hafi átt nokkra aðild að þeim samningi. Á hinn bóginn tókst hún á

hendur með samkomulagi við varnaraðilann Runólf að sjá um rekstur söluturnsins, eftir að kaup Runólfs á honum voru til lykta leidd. Réttarfarsskilyrðum var því ekki fullnægt fyrir aðild varnaraðilans Halldóru að málinu. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar um þennan þátt málsins ber að vísa kröfu sóknaraðila gegn þessum varnaraðila sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Aðalkrafa sóknaraðila fyrir héraðsdómi gegn varnaraðilanum Runólfi varðar ágreining, sem uppi er í málinu um skyldu hans til að efna in natura kaupsamning þeirra um íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 92 við Suðurgötu í Hafnarfirði. Af þeirri kröfu leiðir óhjákvæmilega þá kröfu sóknaraðila, sem hann gerir á hendur öðrum varnaraðilum en Halldóru vegna síðari ráðstafana og kaupsamninga um íbúðina, er þeir aðilar tengjast með þeim hætti, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Eigi verður séð, að kröfugerð þessi sé með annmörkum, sem valda hafi átt frávísun málsins frá héraðsdómi. Sama máli gegnir um varakröfu sóknaraðila gegn varnaraðilanum Runólfi.

Sakarefni máls þessa er þannig vaxið, að nauðsynlegt var, að í stefnu væri öllum þáttum þess gerð ýtarleg skil. Reifun málsins þar er á hinn bóginn ófullnægjandi. Á það ekki síst við um þátt varnaraðilanna Helga Kristjánssonar og Eddu Guðmundsdóttur annars vegar og Freyju Bergþóru Benediktsdóttur hins vegar. Þó er á það að líta, að upplýsingar, sem er að finna í öðrum gögnum málsins, vega þar að nokkru upp á móti. Ætla má og, að með frekari gagnaöflun megi úr því bæta, sem enn kynni að teljast á vanta í því efni. Verður því ekki talið, að gallar á málatilbúnaði sóknaraðila að þessu leyti séu slíkir, að valda hafi átt frávísun málsins frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar varnaraðilann Halldóru Sigurðardóttur og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson og Svala Sigtryggsdóttir greiði sameiginlega sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað. Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Halldóru Sigurðardóttur 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Að öðru leyti reynir ekki á kærumálskostnað.

Dómsorð:

Kröfum sóknaraðila, Sigurðar Árnasonar, gegn varnaraðilanum Halldóru Sigurðardóttur er vísað frá dómi ex officio. Sóknaraðili greiði þessum varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður er að öðru leyti felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilarnir Runólfur Sigtryggsson og Svala Sigtryggsdóttir greiði sameiginlega sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri fyrir stefndu Eddu Guðmundsdóttur, Freyju Bergþóru Benediktsdóttur, Helga Kristjánssyni og Sigurgeiri Sigmundssyni hinn 23. júní 1993, en fyrir stefndu Runólfi Sigtryggssyni, Halldóru Sigurðardóttur og Svölu Sigtryggsdóttur hinn 24. júní s.á.

Málið var tekið til úrskurðar hinn 11. janúar sl. um fram komna frávísunarkröfu að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Sigurður Árnason, kt. 181045-4779, Vesturbergi 71, Reykjavík, en stefndu eru Runólfur Sigtryggsson, kt. 310555-4289, Jórufelli 10, Reykjavík, Halldóra Sigurðardóttir, kt. 110556-3059, sama stað, Svala Sigtryggsdóttir, kt. 031256-3059, Álakvísl 61, Reykjavík, Sigurgeir Sigmundsson kt. 230957-7469, Laufvangi 3, Hafnarfirði, Helgi Kristjánsson, kt. 211058-5019, Laufvangi 1, Hafnarfirði, Edda Guðmundsdóttir, kt. 200159-3149, sama stað, og Freyja Bergþóra Benediktsdóttir, kt. 280653-4709, Suðurgötu 92, Hafnarfirði.

Mætt var af hálfu stefndu í málinu og haldið uppi vörnum, að undanskildum stefnda Sigurgeiri Sigmundssyni.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi er sem hér segir:

Að stefnda Runólfi verði gert að afhenda stefnanda íbúð á 2. hæð hússins nr. 92 við Suðurgötu í Hafnarfirði að viðlögðum dagsektum, að fjárhæð kr. 1.061,65 á dag frá 15. apríl 1990 og að sú fjárhæð breytist með breytingum á vísitölu lánskjara frá þeim degi gegn afhendingu skuldabréfs, að fjárhæð kr. 467.000,00, sem beri meðalvexti banka og sparisjóða af óverð-

tryggðum skuldabréfum skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá afhendingardegi eignarinnar, en skuldabréfið verði með 7 gjalddögum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti einu ári eftir afhendingu íbúðarinnar.

Varakrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi er á þá leið, að honum verði gert að greiða stefnanda kr. 2.100.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1987 (sic). Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna hinn 1. desember 1990.

Krafa stefnanda á hendur stefndu Halldóru er þess efnis, að henni verði gert að greiða stefnanda kr. 128.547,00 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 42.849,00 frá 01.02. '90 til 01.03. '90, en þá af kr. 85.698,00 frá þeim degi til 01.04. '90, en þá af kr. 128.547,00 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1987 (sic).

Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna hinn 01.02. '91.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur stefndu Svölu, Sigurgeiri, Helga, Eddu og Freyju Bergþóru, að þeim verði gert að þola dóm í máli þessu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins auk virðisaukaskatts, og beri málkostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir, sem falli á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Stefndu Runólfur Sigtryggsson, Halldóra Sigurðardóttir og Svala Sigtryggsdóttir krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara gera þau kröfu um sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnanda sem miðist við gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu annarra stefndu er ekki tekin afstaða til fram kominnar frávísunarkröfu, en einungis krafist sýknu af kröfum stefnanda á hendur þeim. Stefnda Freyja Bergþóra gerir kröfu til málskostnaðar í frávísunarþætti málsins, en sams konar krafa er ekki gerð af hálfu stefndu Helga og Eddu.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda gengur út á það, að stefnda Runólfi Sigtryggssyni verði gert að afhenda umrædda íbúð á 2. hæð í húseigninni Suðurgötu 92 í Hafnarfirði með nánar tilgreindum skilyrðum.

Í þessari kröfu felst það, að jafnframt verði rift þeim samningum, sem gerðir hafa verið um íbúðina og stefndu Runólfur, Sigurgeir, Svala, Helgi, Edda og Freyja Bergþóra hafa staðið að.

Því var nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að stefna þessum einstaklingum hverjum um sig til að þola riftun þeirra samninga, sem hver og einn var aðili að.

Kröfugerð stefnanda á hendur þeim er á þá leið, að þeim verði gert að þola dóm í málinu.

Með vísan til 1. tl. d-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 þykir aðalkrafa stefnanda svo óljós og ónákvæm að þessu leyti, að ekki séu skilyrði til þess að fjallað verði efnislega um hana.

Þá gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu Halldóru Sigurðardóttur til greiðslu á kr. 128.547,00, eins og nánar er lýst hér að framan.

Hér er um að ræða kröfu stefnanda um endurgreiðslu á húsaleigu úr hendi stefndu Halldóru vegna sérstakrar yfirtöku hennar á leigusamningi stefnanda við húseiganda að Snorrabraut 38, Reykjavík, þar sem söluturninn Teningurinn var til húsa.

Þessi kröfugerð stefnanda þykir ekki samrýmast 27. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og verður því að vísa henni frá dómi.

Eftir stendur því varakrafa stefnanda á hendur stefnda Runólfi.

Með hliðsjón af framansögðu lítur dómurinn svo á, að grundvelli málsins sé svo verulega raskað með frávísun aðalkröfu stefnanda og kröfu hans á hendur stefndu Halldóru, að rétt þykir að vísa málinu frá í heild sinni.

Þá þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. mars 1994.

Nr. 208/1993. **Á.B.S. Frístund hf.**

gegn

þb. Ástþórs B. Sigurðssonar og Frístundar

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Á.B.S. Frístund hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. mars 1994.

Nr. 39/1994. **Bíldudalshreppur**

gegn

Gunnari Valdimarssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bíldudalshreppur, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. mars 1994.

Nr. 92/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Steingrími Njálssyni
(Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 21. febrúar 1994, er barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 22. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími sinn verði verulega styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í hinum kærða úrskurði er lýst upphafi máls þessa. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa veitt Bjarna Sigurðssyni líkamsáverka 28. janúar sl., en þann dag var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 21. febrúar sl. á grundvelli a-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þótt rúmur mánuður sé liðinn, liggur hins vegar ekki annað fyrir um líkamsáverka Bjarna og afleiðingar þeirra en vottorð Stefáns Carlssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, sem ritað var 28. janúar sem bráðabirgðavottorð. Þar kemur þetta helst fram um áverka á Bjarna: Mar var yfir kinnbeinum báðum megin, mar á nefi, skrámur í andliti og vinstra megin á enni, blæðing undir slímhimnu vinstra auga og blóð í vinstri hlust. Á hálsi var mar báðum megin, sem samrýmdist vel áverkum eftir hálstak. Rispur voru á efri hluta baks og för eftir klór. Rispur, líklega eftir klór, voru innanvert á vinstra læri og stórt mar á vinstri rasskinn. Þá var 7 cm V-laga skurður um neðanverðan pung, sem gekk gegnum húð og undirhúðarlag. Var þessi áverki talinn samrýmast þeirri frásögn árásarþola, að árásarmaður hefði gripið um pung hans og rifið. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við kynfæri og

eistu. Í samantekt læknisins segir, að áverkar beri þess greinileg merki að vera eftir barsmíðar, kyrkingartak og klór.

Í bréfi til sóknaraðila 16. febrúar sl. segir sami læknir, að Bjarni hafi ekki komið aftur á slysadeild, en ekki sést af gögnum málsins, hvenær hann yfirgaf sjúkrahúsið.

Hæstiréttur hlutaðist til um, að sóknaraðili aflaði nýs læknisvottorðs, en það fékkst ekki.

Af hálfu ákæruvalds hefur ekki verið tekin afstaða til saksóknar gegn varnaraðila í máli þessu.

Af framangreindum gögnum fæst ófullnægjandi vitneskja um það, hvort og hve alvarlegar afleiðingar þess verknaðar verða, sem varnaraðili er grunaður um að hafa framið. Eins og málið horfir nú við, þykir því óvarlegt að gera ráð fyrir, að verknaðurinn varði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru þá ekki efni til að úrskurða varnaraðila til gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og gert er í hinum kærða úrskurði.

Kröfu sína í héraði studdi sóknaraðili einnig við c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður að telja, að ákvæði þessi eigi ekki hér við, þegar til þess er litið, að varnaraðili hefur ekki frá árinu 1990 gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Refsidómar, er hann hafði sætt fram að þeim tíma, eru ekki nægur lagagrundvöllur fyrir frekari gæsluvarðhaldsvist hans.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Rétt þykir að dæma ríkissjóð til að greiða verjanda varnaraðila þóknun, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði verjanda varnaraðila, Erlendi Gíslasyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að gæsluvarðhald það, sem Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, með lögheimili að Laugarásvegi 24, Reykjavík, hefur sætt frá 28. janúar sl., verði framlengt allt til miðvikudagsins 6. apríl nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í Skipholti 40, Reykjavík, aðfaranótt 28. janúar 1994. Sömu nótt hafði karlmaður, sem þar var gestkomandi, hlotið mikla áverka á kynfærum og víðar. Auk kærða og árásarþola voru í sömu íbúð hússins Reynir Lárusson og Hjalti Reynisson. Samkvæmt framburði þeirra hjá lögreglu hefur kærði einn getað veitt árásarþola þá áverka sem hann hlaut. Árásarþoli lýsti tildrögum árásarinnar á þá leið, að kærði hefði tekið sig hálstaki og reynt að kyrkja sig. Einnig hefði kærði slegið sig með krepptum hnefa í andlitið og gripið um kynfæri hans með þeim afleiðingum að pungur rifnaði. Framburður hans samrýmist áverkalýsingu í læknisvottorði Stefáns Carlssonar læknis.

Rannsókn málsins er á lokastigi. Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna þykir með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina. Kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. apríl 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. apríl 1994 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 97/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Kjartani Skaftasyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar sl., en hún barst réttinum ásamt kærugögnum 28. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Kjartani Skaftasyni, kt. 291259-2279, með lögheimili að Skipasundi 40, Reykjavík, en dvalarstað að Garðastræti 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars nk. kl. 16.00.

Rannsókn stendur nú yfir á innflutningi á hassi. Þann 13. febrúar sl. var Karl Eggertsson Vernharðsson handtekinn á Keflavíkurflugvelli með tæp tvö kíló af hassi innan klæða þegar hann kom til landsins frá Kaupmannahöfn/Hamborg. Var nefndur Karl úrskurðaður í gæsluvarðhald til kl. 16.00 í gær vegna þessa. Við yfirheyrslur hjá lögreglu hefur Karl borið að hafa farið til Amsterdam að undirlagi kærða Kjartans í þeim tilgangi að kaupa fyrir hann fíkniefnið hass og flytja það til landsins. Kveður Karl kærða Kjartan hafa greitt sér hluta þóknunar fyrir verkið fyrir fram, en greiða hafi átt afganginn við komu Karls til landsins. Einnig hafi kærði fjármagnað hasskaupin og borgað ferðir og gistingu.

Kærði hefur neitað að eiga þátt í fíkniefnainnflutningi þessum og mót-

mælt gæsluvarðhaldskröfunni. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst hann hafa keypt 1000 hollensk gyllini í þeim tilgangi að senda þau syni sínum, sem búi í Danmörku, en hafi síðan ákveðið að greiða Friðriki nokkrum skuld með þeim enda hefði Friðrik þessi óskað eftir því að skuldin yrði greidd í gyllinum. Við fyrirtöku máls þessa hér fyrir dóminum breytti kærði þessum framburði sínum og kvaðst hafa látið Karl Eggertsson Vernharðsson hafa peningana, svo að hann kæmist til Kólumbíu að heimsækja son sinn, Þór.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða og fleiri aðila á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni en brot á lögum þessum getur varðað fangelsi. Þykir því verða að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík með vísan til ofanritaðs, gagna málsins og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Kærði, Kjartan Skaftason, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars nk. kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kjartan Skaftason, kt. 291259-2279, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 58/1994 **Bjarni Magnússon**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Seyðisfirði
f.h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs
(Árni Halldórsson hrl.)

Verksamningur. Stjórnsýsla. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.145.013,90 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. september 1991 til greiðsludags, 278.045 krónur í málskostnað í héraði og enn fremur málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda ásamt ferðakostnaði.

Með hliðsjón af 2. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 og 32. gr. hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 151/1962, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Magnússon, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f.h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 9. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Bjarni Magnússon, nnr. 1225-4202, á stefnudegi til heimilis að Álfheimum 42, Reykjavík, en nú búsettur í Ólafsvík, höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar með stefnu, út gefinni 6. desember 1986, birtri 13. desember 1986, á hendur bæjarstjóranum á Seyðisfirði, Þorvaldi Jóhannssyni, nnr. 9813-0101, Botnahlíð 33, Seyðisfirði, fyrir hönd Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þann 14. febrúar 1987 var með bókun í bæjarþingsbók viðurkennd aðild hafnarsjóðs Seyðisfjarðar og sömuleiðis við munnlegan málflutning þann 29. nóvember 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hafnarsjóður Seyðisfjarðar og bæjarsjóður Seyðisfjarðar verði óskipt dæmdir til að greiða sér kr. 1.145.013,90 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 13. september 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 278.045,00, samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Er hér um endanlegar dómkröfur stefnanda að ræða eins og þær koma fram á dómskjali nr. 23 og er þar nánar útlistað hvernig stefnufjárhæðin er fundin.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfunni, bæði höfuðstól og vöxtum, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir.

Í marsmánuði árið 1983 bauð Seyðisfjarðarkaupstaður út verk við smábátahöfnina á Seyðisfirði, m.a. um dýpkun hafnarinnar. Tvö tilboð bárust í verkið, þar af annað frá stefnanda, að fjárhæð kr. 877.000,00 auk verðbóta. Tilboði stefnanda í verkið var tekið. Gerður var verksamningur milli hafnarsjóðs Seyðisfjarðar sem verkkaupa og stefnanda sem verktaka, og var hann undirritaður af aðilum hinn 13. apríl 1983.

Stefnandi taldi að komið hefði í ljós að verkið hefði verið mun umfangsmeira en ráð hefði verið fyrir gert í útboðsgögnunum og gengið hefði verið út frá við tilboðsgerðina. Gerði hann því stefnda viðbótarreikning fyrir hinum meinta kostnaðarauka, að fjárhæð kr. 180.000,00. Reikningur þessi, sem stílaður er á hafnarsjóð Seyðisfjarðar, er ódagsettur, en ber ártalið 1983 og hljóðar upp á „akstur með umframefni úr höfninni inn á innri höfn, 300 bílar á kr. 600/stk. eða samtals kr. 180.000,00".

Ekki liggja fyrir réttinum upplýsingar um það hvenær reikningi þessum var framvísað að hálfu stefnanda, en annar reikningur liggur fyrir í réttinum þar sem virðist vera um að ræða lokauppgjör aðila vegna verksins og er sá reikningur samþykktur af Sigurði Jónssyni, eftirlitsmanni verkkaupa, hinn 26. september 1983 með útgáfudegi 29. september 1983 en óundirritaður af verktakanum.

Á fundi hafnarnefndar Seyðisfjarðar hinn 13. desember 1985 var mál stefnanda til meðferðar og kom þá m.a. fram að reikningur hans vegna meints umframmagns hafi komið fram á árinu 1984. Lyktir þessa fundar urðu þær að hafnarnefnd bókaði að hún óskaði eftir því við Verkfræðiskrifstofu Austurlands, Svein Þórarinsson, að hann tæki að sér að skoða mál Bjarna Magnússonar. Átti Bjarni samkvæmt niðurstöðu fundarins að tilnefna annan mann og þessir tveir aðilar að leggja fram tillögu í málinu sem síðan yrði borin undir hafnarnefnd.

Þegar þessi ákvörðun var bókuð virðist stefnandi hafa verið farinn af fundinum.

Daginn eftir þennan fund segist stefndi, Þorvaldur Jóhannsson bæjarstjóri, sem jafnframt er framkvæmdastjóri hafnarnefndar, hafa haft samband við Svein Þórarinsson, verkfræðing á Egilsstöðum, og falið honum að ganga frá tillögu að samkomulagi við stefnanda um aukagreiðslu fyrir verkið, allt í samræmi við fundargerð hafnarnefndar.

Sveinn Þórarinsson taldi hins vegar, að sér væri falið umboð til að ganga endanlega frá samningi um lokauppgjör vegna þessa verks við stefnanda. Hann gerði sama dag, 14. febrúar 1985, samkomulag við stefnanda um lokauppgjör svohljóðandi:

„Samkomulag um lokauppgjör vegna útboðsverks sem Bjarni Magnússon tók að sér við smábátahöfn á Seyðisfirði fyrri hluta árs 1983.

Samningsaðilar hafa orðið sammála um að leysa ágreiningsefni sín vegna hleðslu grjótgarða og fleiri atriða við gerð smábátahafnar á Seyðisfirði.

Heildargreiðsla sem fullnaðaruppgjör vegna þessa ágreinings er kr. 120.000,- sem verðbætist í samræmi við upphaflegan verðbótagrunn verksins til þessa dags með 68% verðbótum.

Samningsaðilar eru sammála um að með þessu samkomulagi falli öll ágreiningsefni niður út af þessu verki.

Egilsstöðum, 14/2 1985.

Sveinn Þórarinsson (sign)
Bjarni Magnússon (sign)

Vottar:
Jón Magnússon (sign)
Óli Metúsalemsson (sign).“

Hinn 18. febrúar 1985 kom hafnarnefnd Seyðisfjarðar saman á ný og fjallaði um mál stefnanda. Var þá m.a. bókað:

„Borist hefur bréf dags. 14. febrúar undirritað Sveinn Þórarinsson og Bjarni Magnússon. Þar kemur fram tillaga að lokum þessa máls.

Tillagan var samþykkt.“

Þann 25. febrúar 1985 kom bæjarstjórn Seyðisfjarðar saman og var þá tekin fyrir fundargerð hafnarnefndar frá mánudeginum 18. febrúar 1985. Var þá m.a. bókað:

„Vegna ófullnægjandi upplýsinga fyrir bæjarfulltrúa varðandi mál Bjarna Magnússonar sbr. samkomulag vegna lokauppgjörs er þess farið á leit að bæjarstjórn fresti atkvæðagreiðslu í þessu máli.

Óskað verði umsagnar bæjarverkfræðings og greinargerðar með tillögu að lokauppgjöri frá Sveini Þórarinssyni.

Tillagan var samþykkt.“

Sveinn Þórarinsson verkfræðingur skilaði síðan greinargerð, dagsettri 12. apríl 1985.

Mánudaginn 22. apríl 1985 kom hafnarnefnd enn á ný saman og lá þá greinargerð Sveins fyrir. Klofnaði nefndin í áliti sínu og vísaði meiri hlutinn tillögu, sem þá kom fram, til bæjarstjórnar til umfjöllunar. Efnislega gekk tillaga þessi út á, að tillaga Sveins Þórarinssonar verkfræðings að samkomulagi yrði samþykkt með lækkun verðbóta úr 68% í 30%.

Tillaga þessi kom til umfjöllunar á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hinn 24. maí 1985 og var felld með 7 atkvæðum gegn 2.

Stefnandi fól þá lögmanni innheimtu kröfu sinnar, og sendi hann bæjarstjóranum á Seyðisfirði innheimtubréf, dags. 13. ágúst 1985.

Hafnarnefnd Seyðisfjarðar kom saman hinn 27. ágúst 1985. Fjallaði hún um innheimtubréf lögmannsins og vísaði til afgreiðslu bæjarstjórnar frá 24. apríl 1985 á tillögu að samkomulagi og að þar hafi henni verið hafnað. Afrit af fundargerð þessari var sent lögmanninum.

Lögmaðurinn höfðaði síðan mál fyrir bæjarþinginu sem dómtekið var hinn 20. júní 1988 og dæmt hinn 9. júlí sama ár. Í Hæstarétti var dómurinn og málsmeðferðin ómerkt frá þinghaldi 19. júní 1988 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málsástæður.

Stefnandi byggir mál sitt á því að við framkvæmd verksins hafi komið í ljós að umfang þess hafi verið mun meira en ráð hafi verið gert fyrir og því hafi brostið forsendur fyrir lágu tilboði hans. Hafi staðið í samningaþrefi um þetta allt til þess er samningar hafi tekist í febrúar 1985 er bæjarstjóri hafi gefið verkfræðingi bæjarins, Sveini Þórarinssyni, fyrirmæli um að gera við stefnanda samkomulag um lokauppgjör, þ. e. samning, dagsettan 15. febrúar 1985, er byggt sé á í máli þessu. Byggir hann á því, að enda þótt fjárhæðir samkomulagsins séu til muna lægri en stefnandi hafi talið sig þurfa að fá til að sleppa skaðlaus vegna verkaukans frá verkinu, hafi hann undirskrifað hann með verkfræðingi bæjarins, enda fullviss um að samningurinn héldi, með því að honum hafi verið kunnugt um að efnisinnihald og fjárhæðir samkomulagsins væru milliliðalaust komin frá bæjarstjóra til bæjarverkfræðings og með samkomulaginu væru öll ágreiningsefni vegna hins tilgreinda verks leyst í eitt skipti fyrir öll. Með því að stefnandi hafi talið að hann hafi með réttu mátt líta á hið undirskrifaða samkomulag sem hvern annan uppáskrifaðan, greiðslusamþykktan reikning þar til bærs aðila á hendur Seyðisfjarðarkaupstað, telji hann greiðslueindaga hafa verið við næstu mánaðamót eftir undirskrift, þ.e. 1. mars 1985, enda hafi aldrei verið heimilaður greiðslufrestur. Áður er fram komið að við aðalmeðferð málsins hinn 29. nóvember sl. breytti stefnandi endanlegri kröfugerð sinni og flutti upphafsdag vaxta til 13. september 1985.

Stefndi segir sýknukröfu sína byggða á því:

1. Að stefnandi sé bundinn af verksamningi aðila.
2. Að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að forsendur hans hafi brugðist á nokkurn hátt.

Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað.

Um varakröfu stefnda sé það að segja að hún sé sett fram ef svo ólíklega færi að dómur félli á þá lund að stefnda bæri að greiða stefnanda einhverja fjárhæð umfram það, sem stefnandi hafi þegar fengið greitt, og þar með vexti af þeirri fjárhæð svo sem dómvenja standi til, en dráttarvaxtakröfu stefnanda sé eindregið mótmælt.

Báðir aðilar vísa um lagarök til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá var í málflutningi vísað til hafnarlaga nr. 45/1973 og sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Niðurstaða réttarins.

Við úrlausn þessa máls verður að líta til réttarsambands aðilanna í heild eins og til var stofnað með hinum upphaflega verksamningi. Í verksamningi

aðila frá 13. apríl 1983 er nákvæm lýsing á réttarstöðu þeirra auk þess sem vísað er til þess, að öll útboðsgögn ásamt undirrituðu tilboði verktaka, dags. 5. apríl 1983, teljist hluti af samningnum.

Verður fyrst fjallað um þá málsástæðu stefnanda að forsendur fyrir tilboði hans hafi brostið.

Í útboðslýsingu verkkaupa er sagt, að efnismagn, sem fjarlægt skuli, sé 8000 m^3. Í lið 1.5 í útboðslýsingu er fjallað um fyrirkomulag, óski bjóðendur nánari skýringa á einhverjum atriðum, og skyldu væntanlegir bjóðendur skila inn skriflegum fyrirspurnum. Í lið 1.8 í útboðslýsingu er fjallað um þekkingu á aðstæðum. Segir þar að lega vinnustaðar komi fram á teikningum og að ætlast sé til að bjóðendur kynni sér allar aðstæður á staðnum og í nágrenni vinnustaðar. Var þar jafnframt tekið fram að verktaki bæri einn ábyrgð á hugsanlegri vanþekkingu á þessum atriðum og því tjóni sem kunni af því að hljótast.

Í lið 1.9 í útboðsgögnum kemur einnig fram að innifalinn í tilboði sé allur kostnaður, efni, vinna, vélar, áhöld, vinnuaðstaða, tryggingar, flutningar o.s.frv.

Um mælingar á efnismagni, sem snerta uppgjör aðila, er fjallað í lið 2.3 í útboðslýsingu þar sem segir: „Allar mælingar sem snerta uppgjör skulu eftirlitsmaður verkkaupa og verktaki gera sameiginlega. Magntölur útgrafins efnis skal ákvarðað (sic) út frá hæðarmælingum sem eftirlitsmaður verkkaupa og verktaki gera sameiginlega áður en framkvæmdir hefjast og eftir að þeim lýkur."

Í Íslenskum staðli (skammstafað ÍST) 30-16.1, sem er hluti verksamnings aðila, segir: „Verktaki má engar breytingar gera frá uppdrætti eða lýsingum nema með skriflegu leyfi eftirlitsmanns og skriflegu samþykki verkkaupa." Enn er fjallað um breytingar á verkinu og aukaverk í ÍST 30-16.5, og segir þar: „Allar yfirlýsingar og samningar um breytingar og aukaverk skulu vera skriflegar. Leiðréttingar á samningsupphæðinni fyrir aukaverk og breytingar skulu fylgja því sem næst hinu almenna verðlagi tilboðsins. Verktaki skal framvísa reikningum til samþykktar fyrir slíka aukavinnu strax eftir hverja vinnuviku, þar sem skilmerkilega er tilgreint, hvaða verk eru unnin og samkvæmt hvaða taxta."

Enn segir í ÍST 30-17.4, sem er hluti af verksamningi aðila: „Gefi eftirlitsmaður fyrirmæli, sem verktaki álítur að hann eigi að fá aukagreiðslu fyrir, skal hann tilkynna það þegar í stað og ekki byrja á aukaverkinu nema skriflegt samþykki liggi fyrir og samið hefur verið um greiðslu."

Í ÍST 30-28.1 segir að verkinu skuli ekki talið lokið af hálfu verktaka, fyrr en botn hafi verið mældur og eftirlitsmaður hafi viðurkennt hæðarleguna.

Um greiðslur og reikningsskil segir svo í ÍST 30-30.1 að greiðslur fari fram hálfsmánaðarlega eftir á samkvæmt reikningi sem eftirlitsmaður og verkkaupi hafi samþykkt.

Loks segir um greiðslu og reikningsskil í ÍST 30-30.5: „Verktaki skal innan tveggja vikna frá því hann skilaði verki í hendur verkkaupa, senda honum fullnaðarreikning vegna verksins. Á reikningi þessum skal m.a. greina allar kröfur um greiðslur vegna aukaverka og breytinga. Eftir að verktaki hefur gert verkkaupa fullnaðarreikning, getur hann engar frekari kröfur haft uppi."

Nokkrir verkfundir voru haldnir meðan á verkinu stóð og voru þeir færðir til bókar. Fundir þessir, sem haldnir voru skv. fram lögðum gögnum dagana 25. apríl, 9. maí, 17. maí, 25. maí, 30. maí, 15. júní, 3. júlí, 26. júlí og 8. ágúst árið 1983, fjalla allir um framgang verksins. Hvergi örlar þar á því að verktaki hafi talið sig vanhaldinn um greiðslur né að umfang verksins væri meira en áætlað var í upphaflegum verksamningi. Reyndar kemur fram í bókun frá 25. maí 1983, að Jónas Hallgrímsson óskaði eftir því, „að verktaki flytji til grjót við enda norður-suðurhliðar stálþils, þegar farið verður að vinna við grjótvörn á innri höfn," og var Bjarni Magnússon því samþykkur, eins og þar var bókað. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvort þarna var um aukaverk að ræða en a.m.k. sést hvergi krafa frá verktaka um greiðslur fyrir þennan þátt verksins aukalega.

Reikningur sá, sem fyrir liggur í málinu, dagsettur 29. september 1983, er að sögn Sigurðar Jónssonar verkfræðings, eftirlitsmanns verkkaupa, unninn eftir upphaflegum verksamningi aðila og í samræmi við ákvæði hans um fullnaðarreikning og byggður á mælingum sem fram fóru á grundvelli verksamningsins fyrir upphaf verksins og eftir verklok.

Engin vísindaleg mæling liggur til grundvallar ódagsettum reikningi verktaka, og er hann fram kominn einhvern tíma á árinu 1984, eftir því sem helst má ráða af gögnum málsins án þess að sú niðurstaða sé óyggjandi, en reikningur þessi ber ártalið 1983.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi því ekki hafa sannað að um verkauka hafi orðið að ræða umfram upphaflegan verksamning aðila sem réttlæti viðbótarreikning hans, né heldur að hann hafi uppfyllt skilyrði verksamningsins um viðbrögð við slíkum verkauka, hafi hann orðið. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að brostið hafi forsendur fyrir lágu tilboði hans í verkið.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi aðaláherslu á að samningar hefðu tekist í febrúar 1985 með aðilum er bæjarstjóri hafi gefið verkfræðingi bæjarins, Sveini Þórarinssyni, fyrirmæli um að gera við stefnanda sam-

komulag um lokauppgjör og hafi þá komist á bindandi samningur milli aðila. Máli sínu til stuðnings vísaði stefnandi til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 10. og 11. gr.

Aðilum ber ekki saman um það hvað þeim hafi farið á milli um það hversu víðtækt umboð Sveinn Þórarinsson verkfræðingur hafi haft til að fjalla um mál stefnanda fyrir hönd stefnda. Við úrlausn þessa atriðis verður enn að líta til lögskipta aðila í heild.

Ekki leikur vafi á því að þegar hafnarnefnd Seyðisfjarðar ákvað að vísa málinu til Sveins Þórarinssonar var ætlunin sú að hann skoðaði mál stefnanda í heild og gerði um það tillögu að samkomulagi, sem síðan bæri að fjalla um í hafnarnefndinni með eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar, og er í öllum bókunum bæði bæjarstjórnar og hafnarnefndar út frá því gengið að svo hafi verið.

Stefnandi heldur því fram að tilkynning bæjarstjóra til sín um umboð Sveins Þórarinssonar hafi verið orðuð svo að hann hafi mátt líta svo á að Sveinn hefði fullt umboð til að ganga endanlega frá samkomulagi um málið, og hafi Sveinn Þórarinsson einnig litið svo á. Þessu hefur bæjarstjórinn mótmælt og sagt að hann hafi haft fyrir framan sig bókun hafnarnefndar þegar hann ræddi við verkfræðinginn um umboðið. Sveinn Þórarinsson hefur borið fyrir rétti að hann hafi litið svo á að hann hefði fullt umboð til að ganga endanlega frá málinu við stefnanda, svo skuldbindandi væri fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Telja verður með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að bæjarstjórinn, Þorvaldur Jóhannsson, hafi ekki í þessu tilviki getað, svo bindandi sé fyrir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, veitt Sveini Þórarinssyni verkfræðingi víðtækara umboð en hann hafði sjálfur, og koma þá til skoðunar ákvæði hafnarlaga nr. 45/1973 og hafnarreglugerðar nr. 151/1962 og sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Af sveitarstjórnarlögum verður ráðið að ályktanir og samþykktir undirnefnda sveitarstjórna skoðast vera tillögur sem þurfa endanlega samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Verði nú enn litið svo á að umboðsmaður stefnda hafi haft umboð en farið út fyrir takmörk þess eins og stefnandi heldur fram, koma til álita ákvæði 11. gr. 1. mgr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefnandi heldur því fram að ákvæðið eigi við og að hann hafi verið grandlaus um undirmál þau sem stefndi hafi haft við umboðsmann sinn, og því sé samkomulagið bindandi fyrir stefnda. Heldur hann því jafnframt fram að lokatölur samkomulagsins séu komnar beint frá bæjarstjóra.

Við úrlausn á því, hvað stefnandi vissi eða mátti vita um takmörk um-

boðs Sveins Þórarinssonar, er það fyrst að greina að takmörk umboðsins voru bókuð í fundargerðabók hafnarnefndar, og var honum í lófa lagið að kynna sér það. Þá verður að líta svo á, að frumorsök þess, að verkfræðingi var fengið umboð af hendi bæjarins, hafi verið sú, að verkfræðilegar upplýsingar hafi vantað inn í málið og að bæjarstjóri hefði allt eins getað gengið frá samkomulagi við stefnanda sjálfur ef endanlegar tölur lágu fyrir. Mátti stefnanda vera þetta ljóst.

Loks er það meginregla íslensks réttar að menn geti ekki borið fyrir sig vanþekkingu á lögum sem grandleysisástæðu.

Að öllu þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefnda með öllu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 225.000,00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Lárus Bjarnason bæjarfógeti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Seyðisfirði f.h. hafnarsjóðs og bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 225.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 294/1993 **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)
gegn
Eyjólfi Matthíassyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Umboðssvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1993 til þyngingar á refsingu ákærða. Einnig var málinu áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar meðákærðu í héraði, en fallið var frá málsókn gegn henni með bréfi ríkissaksóknara 3. febrúar 1994.

I.

Ákærði og eiginkona hans hófust handa um innheimtu víxils þess, sem lýst er í ákæru og héraðsdómi, í apríl 1991 með kröfu um löghald. Hinn 9. apríl var gert löghald í Vagnhöfða 17 og Fannafold 186, eignum Jóhannesar. Við framkvæmd gerðarinnar var á það bent af lögmanni Jóhannesar, að umræddur víxill væri ranglega útfylltur hvað varðaði dagsetningar og fjárhæð. Mál til staðfestingar löghaldinu var höfðað með stefnu 10. apríl 1991, og var dómur kveðinn upp í því 20. nóvember sama ár, þar sem Jóhannesi Vilhjálmssyni og einkafyrirtæki hans, Hellu- og steinsteypunni, var gert að greiða ákærða og eiginkonu hans víxilfjárhæðina, 12.000.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum og 781.052 krónum í málskostnað. Á grundvelli þessa dóms var krafist uppboðs á áðurnefndum fasteignum. Samkvæmt upplýsingum í bréfi lögmanns ákærða, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, til sýslumannsins í Reykjavík 24. júlí 1992 var fasteignin Vagnhöfði 17 seld á nauðungaruppboði 22. apríl 1992, án þess að nokkuð kæmi upp í kröfu ákærða. Fasteignin Fannafold 186 hafi verið seld á nauðungaruppboði 4. maí sama ár, og hafi þá komið u.þ.b. 150.000 krónur upp í kröfu ákærða. Í bréfi þessu, þar sem lögmaðurinn krafðist enn fjárnáms hjá Jóhannesi og

Hellu- og steinsteypunni, sagði og, að krafan hefði hinn 7. janúar 1992 verið „vel yfir" 16.000.000 króna, en tekið var fram, að einungis væri beðið um fjárnám fyrir 8.000.000 króna. Árangurslaust fjárnám fór fram 25. september 1992, og í framhaldi þess var af hálfu ákærða og eiginkonu hans krafist gjaldþrotaskipta á búi Jóhannesar Vilhjálmssonar með bréfi 20. október sama ár. Hefur því máli verið frestað.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá því, sem fram hefur komið í málinu um samstarf ákærða og Jóhannesar Vilhjálmssonar á árunum 1989 og 1990. Óumdeilt er, að upp úr þessu samstarfi slitnaði um áramót 1990 og 1991. Ágreiningur hafði þá verið uppi milli þeirra um nokkurt skeið, meðal annars um kröfur ákærða vegna útlagðs kostnaðar og vinnu, sem hann taldi sig hafa innt af hendi í þágu einkafyrirtækis Jóhannesar, Hellu- og steinsteypunnar. Var þessi ágreiningur óútkljáður, er upp úr samstarfinu slitnaði.

Ákærði kveður Jóhannes Vilhjálmsson hafa afhent sér víxileyðublað það, sem ákæra máls þessa fjallar um, snemma árs 1990. Hafi víxillinn átt að vera til tryggingar skuld Jóhannesar og Hellu- og steinsteypunnar við ákærða. Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi í ársbyrjun 1991 sett á víxilinn dagsetningar og fjárhæð eins og lýst er í ákæru. Fjárhæðin, 12.000.000 krónur, hafi verið byggð á samantekt löggilts endurskoðanda á gögnum frá ákærða um skuld Jóhannesar og verið sett á víxilinn án samráðs við hann.

Ljóst er af þessu svo og öðrum gögnum og framburði í málinu, að í ársbyrjun 1991, er ákærði fyllti út víxilinn eins og að framan greinir, lá ekkert samkomulag fyrir milli þeirra Jóhannesar um uppgjör. Fátt liggur og fyrir um viðræður þeirra á milli um þessi mál annað en hugmynd að samkomulagi, er lögmaður ákærða lagði fram í júlí 1989 og var eingöngu undirritað af ákærða. Ekki er við önnur gögn að styðjast um laun og bifreiðakostnað, er ákærði ætti rétt á vegna áranna 1989 og 1990, en fullyrðingar og útreikninga hans sjálfs, en samtals nema þessir tveir liðir 7.653.350 krónum í samantekt endurskoðandans. Hvorki þessi fjárhæð né aðrar, sem að baki víxilfjárhæðinni lágu, voru bornar undir Jóhannes. Verður að telja, að ákærða hafi við þessar aðstæður með öllu verið óheimil sú meðferð

víxileyðublaðsins, sem hann viðhafði, og gat honum ekki dulist það. Með útfyllingu víxilsins og síðari hagnýtingu hans, sbr. það, sem fyrr var rakið í kafla I, misnotaði ákærði gróflega aðstöðu sína, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að atferli þetta varði við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar litið er til þessa og þeirra afdrifaríku afleiðinga, sem verknaður ákærða hafði í för með sér fyrir brotaþola, og haft í huga, að hann hefur tvívegis áður gerst sekur um auðgunarbrot, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Rétt er að fresta skilorðsbundið fullnustu 9 mánaða af refsingunni, eins og nánar segir í dómsorði.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eyjólfur Matthíasson, sæti fangelsi 12 mánuði. Fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 207/1993: Ákæruvaldið gegn Eyjólfi Matthíassyni og S, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. mars sl., á hendur ákærðu, Eyjólfi Matthíassyni múrara, fæddum 1. mars 1948, fæðingarnúmer 293 og S[...], [...], báðum að Rauðagerði 48 í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu fyrir umboðssvik. Er sakargiftum síðan lýst á þessa leið í ákæru:

„Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í febrúarmánuði 1991, eftir að ákærði Eyjólfur hafði fengið í hendur frá Jóhannesi Vilhjálmssyni, kt. 060436-2904, víxileyðublað frá Landsbanka Íslands, áritað af nefndum Jóhannesi persónulega sem útgefanda og framseljanda og áritun hans um samþykki fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Hellu- og steinsteypunnar, Vagnhöfða 17, Reykjavík sem greiðanda, misnotað aðstöðu sína sem handhafar víxileyðublaðsins sjálfum sér til ávinnings og víxilskuldara til tjóns, með því að hafa heimildarlaust og án vitundar víxilskuldara fyllt eða látið fylla það út með fjárhæðinni kr. 12.000.000, útgáfudegi 1. febrúar 1990 og gjalddaga 1. janúar 1991, og hefjast þegar handa um innheimtu víxilsins með kröfu um löghald í eignum víxilskuldara".

Í ákærunni eru sakargiftirnar taldar varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar fyrir framangreint brot sitt eins og það er orðað í ákæru.

Málavextir.

Hinn 11. apríl 1991 kærði Skúli Sigurðsson héraðsdómslögmaður f. h. Jóhannesar Vilhjálmssonar ákærða Eyjólf Matthíasson fyrir tilraun til auðgunarbrots vegna meðferðar hans á víxli þeim, sem um alla gerð er rétt lýst í ákæru, en lögmaður ákærða, Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður, hafði hinn 8. apríl krafist löghalds á eigum Jóhannesar og næsta dag fengið gert löghald í eignarhlutum hans í fasteignunum Fannafold 186 og Vagnhöfða 17 vegna víxilkröfunnar.

Jóhannes Vilhjálmsson hafði rekið einkafirmað Hellu- og steinsteypuna að Vagnhöfða 17 í Reykjavík, en ákærði, sem er múrarameistari, hafði rekið fyrirtækið Múrafl hf., sem hafði orðið gjaldþrota.

Síðast á árinu 1988 hófst samvinna á milli ákærða og Jóhannesar, en til stóð að hefja rekstur fyrirtækis um framleiðslu á byggingareiningum úr plasti.

Ákærði og Jóhannes gerðu ekki samstarfssamning sín á milli og það, sem gert var, fór að mestu fram í nafni Hellu- og steinsteypunnar, sem lagði fram, að því er talið var, umtalsvert fjármagn og bar að mestu leyti ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem stofnað var til.

Ákærði lagði fram verkþekkingu sína, vinnu og kostaði utanlandsferðir. Ákærða S, eiginkona ákærða, mun hafa lánað nafn sitt til að útvega víxillán í viðskiptabanka sínum.

Nokkur umboð voru fengin og framleiðsluleyfi, bæði fyrir einangrunarkerfið Argisol og fyrir efnum og aðferðum til vinnslu.

Fyrirtækið Argisol-byggingarkerfi hf. var stofnað 1. desember 1989, en ekki skráð fyrr en 30. janúar 1990. Var ætlunin, að það yfirtæki allan rekstur á framleiðslu byggingareininganna Af því varð ekki og flest, sem var gert árið 1990, var í nafni Hellu- og steinsteypunnar.

Í stofnsamningnum segir, að tilgangur félagsins sé framleiðsla á einangrandi byggingamótum og öðrum hlutum til byggingar húsa og innflutningur á efnum til múrhúðunar húsa og annarra byggingarefna, kaup og sala fasteigna og lánastarfsemi. Hlutafé er tilgreint 6.000.000 krónur og Jóhannes Vilhjálmsson, ákærða og fjórir aðrir aðilar taldir stofnendur, Jóhannes og ákærða hvort um sig skrifað fyrir hlutafé að fjárhæð 2.880.000 krónur, en hinir fjórir aðilarnir hver um sig fyrir 60.000 krónum.

Samstarfi ákærða og Jóhannesar lauk í lok ársins 1990, og í júlí 1991 voru þeir yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu, og komu fram hjá þeim mismunandi skýringar á því, sem þeim hafði farið á milli vegna samstarfsins.

Ákærði kvaðst hafa fengið víxilinn í byrjun febrúar 1990 sem tryggingu fyrir kostnaði, sem hann hefði lagt út fyrir við undirbúning og framleiðslu á einangrunarefni Argisol-kerfisins, en hann neitaði að svara því, hvort víxillinn hefði verið útfylltur með útgáfudagsetningu, gjalddaga og upphæð, þegar hann fékk hann í hendur.

Ákærði sagði, að samvinna þeirra Jóhannesar hefði byrjað árið 1988 og hefði hann farið til útlanda oftar en einu sinni á eigin kostnað og unnið við framleiðsluna árið 1990 fullt ársstarf án þess að fá nokkurt kaup greitt, og hefðu allar greiðslur runnið til Hellu- og steinsteypunnar hf. Hefði Jóhannes lofað að flytja starfsemina yfir á nafn Argisol-byggingarkerfis hf., en aldrei látið verða af því. Ákærði kvað S engan víxil hafa fengið frá Jóhannesi og sjálfur hefði hann aðeins tekið við einum víxli frá honum á árinu 1991, en sá víxill hefði verið notaður til framlengingar á víxli í Íslandsbanka, sem ákærða hefði síðan leyst til sín í júlí 1991.

Jóhannes sagði við rannsóknina, að ákærði hefði ekki fengið neinn tryggingarvíxil árið 1990, en hins vegar hefði hann fengið tvo víxla í febrúar 1991, annan til framlengingar víxlinum í Íslandsbanka, en hinn til tryggingar fyrir ákærðu til að reyna að losa hana undan ábyrgðum, svo að víxillinn í Íslandsbanka yrði aðeins á sínum vegum.

Hvorki ákærði né Jóhannes gat bent á neitt til staðfestingar framburði sínum og ekkert samræmi náðist við samprófun. Var aðilum tilkynnt, að rannsóknarlögreglu hefði ekki tekist að sanna, að um refsiverðan verknað hefði verið að ræða, og ekki þættu efni til frekari rannsóknar.

20. nóvember 1991 fengu ákærðu dóm fyrir víxlinum og staðfest áðurgreint löghald, og í apríl og maí 1992 voru eignir Jóhannesar seldar nauðungarsölu.

24. júlí sl. óskuðu ákærðu eftir fjárnámi hjá Jóhannesi og Hellu- og steinsteypunni hf. vegna 8.000.000 króna, sem voru rúmlega helmingur af kröfunni, sem höfð var uppi í ársbyrjun.

Í október sl. gerðu ákærðu kröfu um, að bú Jóhannesar yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna þessarar kröfu.

Með bréfi, dagsettu 11. maí f. á., til ríkissaksóknara sendi Jónatan Sveinsson hrl. beiðni þess efnis, að fram færi opinber rannsókn á ætluðum umboðssvikum ákærðu vegna umrædds víxils. Þessi rannsóknarbeiðni var send Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 15. maí f. á.

Rannsóknarlögreglan tók málið á ný til rannsóknar og hélt ákærði við fyrri framburð, að hann hefði fengið víxilinn sem tryggingu í febrúar 1990. Hins vegar bar ákærði nú, að eyðublaðið hefði ekki verið útfyllt með dagsetningu, gjalddaga eða upphæð, þegar hann fékk það í hendur. Ákærði lagði líka fram lista yfir kostnaðinn, sem lægi að baki fjárhæð víxilsins, og sagði hann gerðan í ársbyrjun 1991. Þá lagði ákærði fram ljósrit af fylgiskjölum varðandi þennan kostnað. Ekki kvaðst ákærði vita, hvers vegna hann hefði ekki lagt þessi gögn fram við síðustu yfirheyrslu, sem fram fór sex mánuðum eftir gerð listans. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort eitthvað hefði verið rætt um útreikning upphæðar víxilsins og sagði, að ekkert hefði verið rætt um dagsetningu eða gjalddaga hans, enda hefðu þeir ekki talið þess þörf, þar sem aldrei hefði staðið til, að víxillinn yrði notaður.

Stærsti liðurinn á kostnaðarlistanum var launakrafa að fjárhæð rúmlega 6 milljónir, en ákærði sagði þá Jóhannes hafa gert með sér samkomulag um þessi laun nálægt janúar 1989. Eru reiknaðar 250.000 krónur í grunnlaun á mánuði fyrstu tvo mánuði ársins 1989 og síðan bætt við vísitöluálagi, svo að launin eru reiknuð 292.250 krónur fyrir síðustu mánuði ársins 1990. Þá lýsti ákærði því yfir, að ákærða hefði greitt með innlögn á tékkareikning inn á hlutafé í nýja félaginu og greiðslu á kostnaði við skrásetningu þess. Þetta hefði ákærða greitt að hluta með eigin fé og að hluta með því að greiða víxil að fjárhæð 1,5 milljónir í Íslandsbanka. Enn sagði ákærði, að þeir Jóhannes hefðu samið um bifreiðastyrk ákærða til handa snemma á þessu tímabili og væri þetta raunverulegur akstur eða 2000 km á mánuði, sem væri eins konar meðaltal af því, sem ekið hefði verið. Þá gerði ákærði grein fyrir ýmsum öðrum liðum á kostnaðarlistanum.

Samkvæmt svokölluðu samkomulagi á milli ákærða og Jóhannesar og Hellu- og steinsteypunnar, sem dagsett er 14. júlí 1989 og áritað af ákærða, skuldbatt Jóhannes sig f.h. Hellu- og steinsteypunnar til að gera ákærða að 20% eignaraðila í Hellu- og steinsteypunni gegn því, að ákærði greiddi 2.000.000 króna til fyrirtækisins. Þá skyldi framlag ákærða samkvæmt

fylgiskjali með samkomulaginu og reynsla hans og hugmyndir varðandi þau efni, sem aðilarnir ætluðu að flytja inn og framleiða, metin á 3.000.000 krónur.

Í framangreindu samkomulagi kemur fram, að ákærði eigi rétt á kaupi samkvæmt taxta Múrarafélags Reykjavíkur frá Hellu- og steinsteypunni frá áramótum 1988/1989, þar til gerður yrði við hann vinnusamningur, og skyldi miða við 8 tíma dagvinnu og 2 tíma eftirvinnu. Þá ætti ákærði rétt á greiðslu frá Hellu- og steinsteypunni vegna ferða sinna erlendis, sem farnar hefðu verið á vegum hennar, og uppihalds þar í þágu þess rekstrar, sem aðilarnir hygðust koma á fót. Skyldi ákærði eiga rétt á því, að þær fjárhæðir, sem út úr þessu kæmu, yrðu reiknaðar sem framlag hans til rekstrarins. Í samkomulagi þessu voru ýmis fleiri ákvæði, sem ekki þykir ástæða til þess að gera sérstaka grein fyrir.

Ákærði sagði, að lækkun kröfunnar í 8 milljónir væri gerð til þess, að krafan yrði ekki rengd fyrir fógetaréttinum, og að krafan um gjaldþrot Jóhannesar væri til þess að fá rannsókn á fjármagnsstreymi hjá fyrirtækjunum Argisol og Hellu- og steinsteypunni.

Ákærða staðfesti við rannsóknina, að ákærði hefði fengið víxilinn um mánaðamótin janúar/febrúar 1990, en hún vissi ekki, hvernig hann var útfylltur, því að hann hefði verið í umslagi, sem hún hefði geymt í bankahólfi sínu. Sagði ákærða, að víxillinn hefði verið útfylltur á vegum hennar og ákærða eftir útreikningi á vinnu ákærða og kostnaði hennar og ákærða. Kvaðst ákærða ekkert vita um útreikning á upphæð víxilsins né heldur vissi hún, hvernig launaupphæð ákærða eða bifreiðastyrkur hefði verið ákveðið.

Ákærða sagði, að krafa um gjaldþrotaskipti á búi Jóhannesar hefði verið sett fram til þess að fram færi rannsókn á búi Jóhannesar, m. a. til þess að upplýsa um ráðstöfun á 10-20 milljón króna láni.

Jóhannes hélt við þessa síðari rannsókn fast við fyrri skýringar um tilkomu víxilsins og sagði, að hann hefði í raun verið tómt rugl og tryggingin óþörf, en ákærði hefði viljað hafa þetta svona og þá hefði verið friður á milli þeirra og hefði hann viljað halda þann frið.

Jóhannes taldi, að kostnaður ákærða og vinnuframlag hefði verið miklu minna en ákærði sagði, og hafnaði hann fjárhæð launa og bifreiðastyrks sem fjarstæðu.

Jóhannes kvaðst ekki muna, hvort ákærða hefði greitt víxilinn í Íslandsbanka, að fjárhæð 1,5 milljónir, en um hefði verið að ræða mikla víxlasúpu, og auk víxlanna í Íslandsbanka hefðu þau einnig verið með víxla í Landsbankanum, þar sem ákærða hefði undantekningarlítið verið samþykkjandi og greiðandi.

Lögmaður ákærðu, Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður, hafnaði að mæta sem vitni við rannsóknina, en endurskoðandi ákærða, Guðmundur Hannesson, kannaðist við að hafa gert áðurgreindan tölvulista, en fyrir svo löngu, að hann gæti ekki slegið því föstu, hvenær það hefði verið gert, en þó hefði það sennilega verið gert á fyrstu mánuðum ársins 1991 og hefði listinn verið gerður eftir fylgiskjölum og upplýsingum frá ákærða.

Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar var framburður Jóhannesar nær óbreyttur frá fyrri rannsókn, en ákærði hafði breytt framburði sínum í veigamiklum atriðum eins og fram er komið, en ekki skýrði hann, hvers vegna hann hefði ekki komið með þau svör, sem hann gaf við síðari rannsóknina, strax við hina fyrri, svo og lagt fram í fyrra skiptið þau gögn, sem hann lagði fram við síðari rannsóknina.

– – –

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða og Jóhannesar Vilhjálmssonar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að Jóhannes afhenti ákærða margnefnt víxileyðublað með nafnritun sinni sem samþykkjanda vegna fyrirtækisins Hellu- og steinsteypunnar hf. og útgefanda persónulega, en að öðru leyti óútfyllt. Þá er með sama hætti sannað, að eyðublaðið var afhent í tryggingarskyni, en ósannað er, hvort sannara sé, sem ákærðu halda fram eða Jóhannes um ástæðu og tímasetningu afhendingarinnar, og verður engu slegið föstu um það í máli þessu. Þá er sannað með framburði ákærða og Jóhannesar, að ekkert var við afhendingu blaðsins rætt um, hvernig að því skyldi staðið að fylla það út, ef á það reyndi, að slíkt yrði gert. Hins vegar er ljóst, að þar sem eyðublaðið var afhent í tryggingarskyni, mátti Jóhannesi vera ljóst, að til þess gæti komið, að það yrði fyllt út og gert að víxli, sem innheimta mætti með venjulegum hætti með málsókn eins og gert var.

Ljóst er, að ákærðu og þá sérstaklega ákærða og Jóhannes greinir mjög á um það, hvernig mál hafi staðið í sambandi við uppgjör þeirra sín á milli, og fram er komið, að um það hafði verið rætt að ganga frá þeim málum, áður en til þess kom, að víxillinn var búinn til.

Það er mat dómsins, að eins og málefnum ákærða og Jóhannesar var háttað, þegar víxillinn var búinn til, hafi Jóhannesi verið með öllu óljóst, hverjar kröfur ákærðu á hendur honum hafi verið. Er einnig leitt í ljós, að ákærðu lögðu ekki fyrir Jóhannes neina formlega sundurliðun á kröfum þeim, sem þau töldu sig eiga á hendur honum, áður en ákærði fyllti út víxileyðublaðið. Þá er ljóst, að launakrafa sú, sem myndar stærstan hluta víxil-

fjárhæðarinnar, er ekki, að séð verður, í samræmi við þau kjör, sem um er rætt í áðurgreindu samkomulagi.

Dómurinn telur af öllu því, sem fram er komið og rakið hefur verið, hafa verið óheimilt að fylla út víxileyðublaðið með þeirri fjárhæð, sem gert var, og sé augljóst, að í því efni hafi verið farið langt út fyrir það, sem eðlilegt gat talist. Þar sem hér var um feikiháa fjárhæð að ræða bar að hafa samband við Jóhannes og gera honum grein fyrir, hvað til stæði í þessu efni, og gefa honum kost á því að taka afstöðu til þeirrar fjárhæðar, sem til stóð að nota. Þetta var ekki gert, og telur dómurinn að með því hafi verið framin umboðssvik, enda óhugsandi, að nafnritun Jóhannesar á eyðublaðið hefði farið fram, ef honum hefði komið til hugar, að það yrði fyllt út með 12.000.000 króna. Hafa því verið framin umboðssvik með því að útbúa umræddan víxil og að framvísa honum til greiðslu.

Fram er komið, að það var ákærði Eyjólfur, sem stóð í einu og öllu að gerð víxilsins án þess að hafa um það samráð við ákærðu S, enda þótt allar innheimtuaðgerðir hafi farið fram í nafni beggja. Þykir ósannað, að hlutur ákærðu S í gerð víxilsins og innheimtu hans sé með þeim hætti, að hún hafi með því sjálf gerst sek um umboðssvik, og þykir því bera að sýkna hana af því, sem henni er gefið að sök í ákæru, en brot ákærða Eyjólfs þykir varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákvörðun refsingar frestað á hendur honum skilorðsbundið til 2 ára hinn 15. júní 1978 vegna brots á 248. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur 16. júní 1989 í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í 1 ár fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, og þar sem nær 4 ár eru liðin, síðan ákærði hlaut framangreindan skilorðsdóm og stóðst skilorð hans, og að ákærði virðist hafa trúað því, að honum væri heimilt að útbúa áðurgreindan víxil hinnar háu fjárhæðar, þykir eftir atvikum mega ákveða að fresta skuli fullnustu refsingar hans og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað. Skal ákærði greiða skipuðum verjanda sínum, Einari Gauti Steingrímssyni héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og 30.000 krónur í saksóknarlaun

til ríkissjóðs. Annar sakarkostnaður skal greiðast að hálfu af ákærða, en að hálfu úr ríkissjóði. Þá skulu greiðast úr ríkissjóði 60.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði Eyjólfur Matthíasson sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða S er sýknuð af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Einari Gauti Steingrímssyni, héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Þá greiði ákærði annan sakarkostnað að hálfu, en hann greiðist að hálfu úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 424/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Birgi Andréssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni með yfirlýsingu 27. september 1993. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. október 1993, og er krafist staðfestingar á refsingu.

Í ákæruskjali er áritun útgefanda á hina fölsuðu tékka ranglega tilgreind sem „pr.pr. Blóm og ávextir" í stað „pr.pr. Blóm og listmunir hf.".

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk 77. og 78. gr. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S 447/1993:

Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 31. ágúst sl., á hendur „Birgi Andréssyni, Vesturhúsum 14, Reykjavík, fæddum 23. apríl 1959, fæðingarnúmer 107, fyrir tékkafals, með því að nota í viðskiptum í Reykjavík um mánaðamótin júlí-ágúst 1992 með eftirgreindum hætti 5 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, merktum 0532, með áprentuðu reikningsnúmeri, 40051 pr.pr. Blóm og ávextir sem útgefanda, sem ákærði falsaði undir nafn móður sinnar, Sigrúnar Eyjólfsdóttur. Tékkarnir eru til handhafa, dagsettir 31/7 1992, nema annað sé nefnt, og framseldir af ákærða eigin nafni:

1. Nr. 1510008, kr. 2.500, dagsettur 1/8 1992.
2. Nr. 1510198, kr. 5.000. Notaður í verslun Nestis hf.
3. Nr. 1510190, kr. 6.000.
4. Nr. 1510191, kr. 5.000. Notaður í Kringlukránni, Borgarkringlunni.
5. Nr. 1510192, kr. 3.000. Tékkar í töluliðum 1, 3 og 5, notaðir í bensínafgreiðslu Esso á Gagnvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða auk vaxta:

1. Olíufélagið hf., Suðurlandsbraut 18, alls kr. 11.500.
2. Nesti hf., pósthólf 612, kr. 5.000.
3. Kringlukráin hf., Borgarkringlunni, kr. 5.000".

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá skýlaust að hafa framið háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Játning ákærða styðst við önnur gögn málsins.

Dómurinn telur þannig sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum skjölum máls þessa, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir, og eru brot ákærða þar rétt heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1982 hlotið 12 refsidóma, þar af eru 3 dómar Hæstaréttar.

Ákærði hefur verið dæmdur fyrir umferðarlagabrot, fjársvik, skjalafals og fleira og hlotið samtals meira en 3ja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot sín. Þá hefur ákærði frá árinu 1976 gengist undir dómsáttir fyrir um-

ferðarlagabrot, brot gegn skotvopnalöggjöfinni og fyrir fíkniefnabrot. Ákærði gekkst undir viðurlagaákvörðun fyrir fíkniefnabrot hinn 11. maí sl.

Ákærði hlaut hinn 16. mars 1992 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 420 daga refsivistar.

Ákærði hefur með brotum þeim, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar og er hún því tekin upp og dæmd með máli þessu og er ákærða ákvörðuð refsing eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig eftir reglu 78. gr. sömu laga vegna viðurlagaákvörðunarinnar frá því í maí á þessu ári.

Svo sem rakið var, á ákærði að baki langan brotaferil, og er refsing ákærða með vísan til ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði. Olíufélaginu samtals kr. 11.500, Nesti hf. kr. 5.000, en vaxta hefur ekki verið krafist í þessu tilviki, Kringlukránni hf., Borgarkringlunni, kr. 5.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði Olíufélaginu hf. kr. 2.500 auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1992 til greiðsludags og kr. 9.000 auk dráttarvaxta frá 31. júlí 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði Kringlukránni, Borgarkringlunni, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 31. júlí 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði Nesti hf. kr. 5.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 482/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Davíð Kristjáni Anderson
(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 12. nóvember 1993. Ákærði krefst þess, að reynslulausn frá 15. desember 1992 verði látin halda sér. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki getið vínandamagns í blóði ákærða í þau fjögur skipti, er ákæra lýtur að. Aðfaranótt 29. júní 1993 mældist 1,31‰ í blóðinu, en 10. júlí sama ár mældust í fyrra skiptið 1,92‰ og það síðara 1,37‰. Loks mældust 1,99‰ í blóði ákærða 30. júlí 1993.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Davíð Kristján Anderson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 14. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 544/1993: Ákæruvaldið gegn Davíð Kristjáni Anderson, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. þ. m., gegn ákærða, Davíð Kristjáni Anderson, kt. 250871-4579, Torfufelli 6, Reykjavík, „fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifeiðum svo sem hér er rakið:

1. bifreiðinni R-57250 aðfaranótt þriðjudagsins 29. júní 1993 suður Rauðarárstíg í Reykjavík að Miklubraut, þar sem lögregla stöðvaði akturinn,
2. bifreiðinni R-4025 aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 frá Húsavík að Skjólbrekku, Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu, þar sem lögregla stöðvaði akturinn,
3. bifreiðinni R-4025 aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 frá Skjólbrekku í Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu um þjóðveg 1 áleiðis til Húsavíkur, uns lögregla stöðvaði ákærða eftir stuttan akstur,
4. bifreiðinni S-1730 aðfaranótt föstudagsins 30. júlí 1993 frá Dans-Barnum, Grensásvegi 7 í Reykjavík að Skipholti 50.

Liður 1 telst varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og liðir 2-4 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við niðurstöður alkóhólrannsókna og önnur málsgögn, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru að sök gefin í ákæru og þar eru réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði Davíð Kristján hefur hlotið 9 refsidóma á árunum 1989-1992, samtals 21 mánaða fangelsi fyrir auðgunarbrot og skjalafals. Þá gekkst hann undir dómsátt vegna ölvunar við akstur þann 14. ágúst 1990 með sektargreiðslu og sviptingu ökuréttar í 4 mánuði. Þann 15. desember sl. hlaut hann reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, samtals 135 daga. Í sakavottorði er skráð að hann hafi einnig hlotið reynslulausn daginn áður á eftirstöðvum refsingar, samtals 30 daga, en samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins fékk hann einvörðungu reynslulausn þann 15. desember sl.,

samtals 135 daga. Í sama bréfi kemur fram, að ákærði hefur ekki afplánað refsivist þá sem hann fékk reynslulausn á. Með brotum þeim, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð framangreindrar reynslulausnar. Ber því nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, og með hliðsjón af 60. gr. sömu laga að dæma hann nú í einu lagi fyrir brot þau, sem hér er fjallað um, og hina 135 daga óloknu refsivist. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga er ákærði sviptur ökurétti í 4 ár frá 30. júlí 1993 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Kristján Anderson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti í 4 ár frá 30. júlí 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 435/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmanni Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting. Málflutningsmaður. Vítur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að kröfu ákærða með stefnu 26. október 1993. Ákærði krefst þess, að ákæru málsins verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt er af þess hálfu stefnt verjanda ákærða í héraði, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni. Er þess krafist, að hann verði „vegna áfrýjunar sinnar á máli ákærða í skjóli umboðs frá honum, sem fengið var við dómtöku málsins, til þess að mæla fyrir um áfrýjun, dæmdur til greiðslu fésektar samkvæmt 162. gr., e contrario, laga nr. 19/1991 eða annarra viðurlaga, og samkvæmt 167. gr. sömu laga til greiðslu alls kostnaðar, sem af áfrýjun málsins leiðir, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs". Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvaldsins einnig vitnað til sektarheimildar 161. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu Kristjáns Stefánssonar eru gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Hann játaði strax brot sitt skýlaust og greiðlega og hefur haldið sig við þá játningu. Réttarfarsreglur varðandi rekstur slíkra mála eru einfaldar og ótvíræðar. Refsing sú, er ákærði hlaut í héraði, er venjuleg.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði átti rétt á að áfrýja máli þessu til Hæstaréttar, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt bókun héraðsdómara veitti ákærði verjanda sínum umboð til að taka afstöðu til áfrýjunar málsins við dómtöku þess. Umboð ákærðra til verjenda til áfrýjunar dóma fyrir uppkvaðningu þeirra verða að teljast óviðeigandi, nema sérstaklega standi á. Hins vegar er ekki nægjanlega fram komið, að verjandinn, Kristján Stefánsson, hafi tilkynnt áfrýjun málsins án samráðs við ákærða. Verður honum því ekki gerð sekt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málsvarnarlaun vegna verjandans, Kristjáns Stefánssonar, greiðast úr ríkissjóði.

Áfrýjun dóms í máli þessu var með öllu tilefnislaus og fylgdi í kjölfar á óþörfum réttarfarsflækjum verjandans, Kristjáns Stefánssonar, við meðferð málsins í héraði, svo sem rakið er í héraðsdómi. Verður að víta lögmanninn fyrir verjandastörfin, sbr. 162. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Verjanda ákærða í héraði, Kristjáni Stefánssyni, verður ekki gerð sekt í málinu.

Ákærði, Guðmann Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Málsvarnarlaun vegna Kristjáns Stefánssonar til skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. september 1993.

Mál þetta var höfðað af sýslumanninum í Hafnarfirði á hendur Guðmanni Kristjánssyni, kt. 131074-4419, nú til heimilis í Heiðarholti 22, Keflavík, en áður í Faxatúni 4, Garðabæ. Ákæra var gefin út 19. ágúst sl. og mál-

ið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða ásamt fyrirkalli 1. september. Málið var þingfest 8. september og tekið til dóms í fyrradag, 27. september, að lokinni aðalmeðferð.

Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa ekið „aðfaranótt 18. apríl 1992 bifreiðinni T-109 undir áhrifum áfengis frá Hraunbæ 16, Reykjavík, þar til lögreglan hafði afskipti af ákærða að Vesturbergi 54, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 5/1987".

Af hálfu ákærða var þess krafist þegar við þingfestingu málsins 8. september, að ákæru yrði vísað frá dómi. Í því þinghaldi synjaði dómari þeirrar kröfu með úrskurði. Í varnarræðu í fyrradag var þess krafist af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að honum yrði ekki gerð refsing. Þess var og krafist að málskostnaður allur yrði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

Hinn 24. júlí 1992 gekkst ákærði undir sektargerð sýslumannsins í Hafnarfirði. Segir í henni, að ákærði „viðurkennir að hafa ekið undir áhrifum áfengis bifr. T-109 aðfaranótt 18. apríl 1992 frá Hraunbæ 16, Reykjavík, þar til lögreglan hafði afskipti af kærða að Vesturbergi 54, Reykjavík". Í skjölum máls kemur fram, og er þess getið í sektargerðinni, að alkóhólmagn í blóði ákærða hafi í umrætt sinn mælst vera 0,87‰. Í sektargerðinni var ákærða boðið að ljúka málinu skv. heimild í 115. gr. laga nr. 19/1991 með því að greiða fjársekt, kr. 24.000, og málskostnað, kr. 4.069, fyrir 1. september 1992 og sæta jafnframt ökuleyfissviptingu í þrjá mánuði frá 19. júní 1992. Þetta boð samþykkti ákærði.

Upplýst er að ákærði hefur hvorki greitt neitt upp í sektina né málskostnaðinn. Hann hefur fyrir dóminum tilgreint sem ástæðu eignaleysi og atvinnuleysi. Innheimtubréf var honum sent 11. maí sl. Segir þar að ákærða sé veittur frestur til 2. júní 1993 til að greiða sektina og málskostnaðinn, og síðan: „Að öðrum kosti verður ákæra gefin út á hendur yður, sbr. 3. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991 en samkvæmt henni verður krafist vararefsingar í formi varðhaldsvistar." Ákærði svaraði ekki þessu bréfi. Í bréfi sýslumannsins til dómsins, dags. 19. ágúst sl., er vísað til sektargerðarinnar: „Þessa sátt hefur ákærði vanefnt að verulegu leyti og er því málshöfðun þessi nauðsynleg."

Samkvæmt 3. mgr. 115. gr., sbr. lokamálslið 2. mgr. sömu gr., laga nr. 19/1991, er heimilt að höfða mál fyrir dómi þegar svo stendur á sem lýst hefur verið. Verður að líta svo á að með málshöfðuninni sé sektargerðin frá 24. júlí 1992 úr gildi fallin.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 var lögreglustjórum heimilt að höfða mál vegna brota gegn umferðarlögum. Með lögum nr. 38/1993 var 28. greininni breytt. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er lögreglustjórum heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara, enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Slík almenn ákvörðun, sem talað er um í lagaákvæðinu, var tekin með umburðarbréfi ríkissaksóknara, dags. 14. maí 1993. Mál þetta er því höfðað af þar til bærum aðila.

Í þinghaldinu í gær var bókað í þingbók eftir ákærða að hann viðurkenndi brot sitt eins og því væri lýst í ákæru. Hann tók og fram að hann gerði ekki athugasemdir við lögregluskýrslur, sem fyrir liggja, og rengdi ekki niðurstöðu blóðrannsóknar.

Með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum máls, er sök hans sönnuð. Hann er sakhæfur. Brotið er réttilega fært undir lagaákvæði í ákæru, nema hvað 100. gr. umferðarlaga er þar ekki tilgreind, en samkvæmt þeirri grein verður ákærða gerð refsing.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur ákærði auk þess máls, sem hér er til umfjöllunar, ekki sætt öðrum refsingum en þeim, að hinn 22. desember 1992 gekkst hann undir sektargerð hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, 38.000 króna sekt, vegna brota á 37. og 48. gr. umferðarlaga. Verjandi ákærða hefur haldið því fram að sektargerð þessi ætti að leiða til þess að ákærða, ef sekur yrði fundinn, yrði dæmdur hegningarauki skv. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagagrein þessi hefst svo: „Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvís að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal dæma honum hegningarauka, . . .“ Sektargerðin 22. desember sl. var ekki dómur, og verður ákærða því ekki dæmdur hegningarauki, sbr. ótvírætt orðalag 78. greinarinnar.

Dómara þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 24.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast kr. 5.000 auk virðisaukaskatts, og þóknun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl. Þá er rétt að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuleyfis í þrjá mánuði, en þá sviptingu hefur hann þegar afplánað skv. sektargerðinni frá 24. júlí 1992.

Mál þetta er í raun mjög einfalt í sniðum. Ákærði hefur á öllum stigum þess játað brot sitt skýlaust og greiðlega, fyrir lögreglu, sýslumanni og fyrir dómi. Aldrei hefur neinn vafi leikið á sök hans. Að mati dómara eru lagaheimildir til höfðunar málsins ótvíræðar. Verjandi, sem er hæstaréttarlög-

maður, hefur þó kosið að draga það á langinn. Frávísunarkröfuna byggði hann á því, að mál þetta hefði verið til lykta leitt með sektargerðinni 24. júlí 1992 (sýknukrafan var einnig á þessu byggð), í 3. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991 fælist ekki heimild til saksóknar, og ef um slíka heimild væri þó að ræða, ætti valdið til ákvörðunar um saksókn að liggja hjá ríkissaksóknara. Ekki er hér efnisrökum til að dreifa og að mati dómara ekki tækum lagarökum. Í annað þinghald málsins mætti verjandi ekki og hefur þó ekki gert grein fyrir lögmætum forföllum, en dómari kaus að fresta þá málinu til að firra ákærða hugsanlegum málspjöllum. Í þinghaldi í fyrradag játaði ákærði skýlaust brot sitt, eins og því er lýst í ákæru. Fulltrúi ákæruvalds bauð ákærða að ljúka málinu með viðurlagaákvörðun samkvæmt 124. gr. laga nr. 19/1991. Því hafnaði ákærði að ráði verjanda. Að því loknu var bókað í þingbók: „Aðiljar eru sammála um að málið verði tekið til dóms skv. 125. gr. laga nr. 19/1991." Var því næst aðilum boðið að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Gerði fulltrúi ákæruvaldsins það, en að því loknu tók verjandi til máls. Kvaðst hann þá telja að 3. mgr. 129. gr. ætti við um málið, eins og það væri statt. Bar hann þá fram sýknukröfu. Var þetta alveg ófyrirsynju eins og málið lá fyrir. Að þessu athuguðu verður að telja að málsvörninni hafi verið hagað svo að málið hafi orðið umfangsmeira og tafsamara en nokkur rökleg ástæða er til og valdið ákærða óþörfum kostnaði. Þykir þóknun lögmannsins að þessu athuguðu hæfilega ákveðin kr. 5.000 auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Kristjánsson, greiði 24.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá 19. júní 1992.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000, og þóknun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., kr. 5000 auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 511/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Axelssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsiákvörðun héraðsdómara.

Með dómsátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 24. maí 1989 var ákærði sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 13. febrúar sama ár. Hann framdi það brot, er mál þetta varðar, 22. febrúar 1992. Hafði hann þá ekki ökuréttindi, þar sem hann hafði ekki enn fært sér í nyt rétt sinn til að öðlast ökuskírteini að nýju að uppfylltum skilyrðum 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Þótt ákærði hefði með framferði sínu 22. febrúar 1992 unnið sér til sviptingar ökuréttar ævilangt, sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru ekki skilyrði til þess að svipta hann heimild til þess að öðlast þann rétt, eins og ákvæði 101. gr. laganna var háttað fyrir breytingu á því með 25. gr. laga nr. 44/1993, sbr. Hrd. 1989,13 og 1992,821. Er því eigi unnt að fallast á kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuréttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í héraðsdómi 11. september 1992. Næst var þingað í málinu og á það lagður dómur 8. október 1993.

Þessi dráttur á einföldu máli hefur eigi verið skýrður, og er hann aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Birgis Axelssonar, og sakarkostnað í héraði.

Synjað er kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttar ákærða.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 558/1993: Ákæruvaldið gegn Birgi Axelssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní 1992, á hendur Birgi Axelssyni, Njarðargötu 39, Reykjavík, fæddum 10. apríl 1958, fæðingarnúmer 322, „fyrir að aka að morgni laugardagsins 22. febrúar 1992 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni ET-364 frá Flateyri áleiðis til Ísafjarðar, uns bifreiðin varð bensínlaus á Breiðadalsheiði, stjórna bifreiðinni, sem hann lét renna þaðan, niður heiðina að Djúpvegi, en þar var bifreiðin tekin í tog af annarri bifreið, og stjórna bifreiðinni, sem var dregin þannig áfram, að Netagerð Vestfjarða við Skutulsfjarðarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, hafi hann slík réttindi".

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsiákvæða.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða í þágu rannsóknar málsins, reyndist magn alkóhóls vera 1,93‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir dómsátt hinn 19. maí 1987 fyrir ölvunarakstur og var sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 24. febrúar sama ár að telja. Þann 24. maí 1989 gekkst ákærði undir dómsátt

fyrir sams konar brot og var sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 13. febrúar sama ár að telja. Aðrar refsingar, sem ákærði hefur hlotið, skipta hér ekki máli.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Er refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Axelsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 198/1993. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Jóni Árna Þórissyni
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Bráðabirgðalög. Kjarasamningur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1993. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda, en stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfu stefnda um greiðslu úr hendi sinni ásamt því, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða honum 280.173 krónur með vöxtum, er séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsvöxtum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, af 7.331 krónu frá 1. janúar 1992 til 13. febrúar s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 280.173 krónum frá þeim degi til greiðsludags svo og 400.000 krónur í málskostnað í héraði að meðtöldum virðisaukaskatti. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Stefndi er flugumferðarstjóri á Reykjavíkurflugvelli og var fastráðinn til þess starfs á miðju ári 1976 að undangengnu starfsnámi. Starfið er opinbert og heyrir undir Flugmálastjórn, og eru réttindi og skyldur í sambandi við það háð ákvæðum í loftferðalögum nr. 34/1964 og reglum og reglugerðum á því sviði. Fellur starfið undir 80. gr. laganna, þar sem svo er um mælt, að flugmálaráðherra sé rétt að kveða á, hverjum kostum þeir skuli búnir, sem starfi á flugvelli

eða í öðru flugvirki eða hafi á hendi annað starf utan loftfars, er mikilsvert sé um öryggi loftferða, og setji hann reglur um starfsskírteini fyrir slíkum störfum. Hin nánari fyrirmæli á grundvelli þessarar lagagreinar hafa verið sett í reglugerðum um skírteini gefin út af Flugmálastjórn. Var reglugerð nr. 329/1986 um það efni í gildi á þeim tíma, er mál þetta kom til.

Með reglugerð nr. 240/1989, er ráðherra gaf út 30. apríl 1989, var aukið við málsgreinina þeim ákvæðum um hámarksaldur, sem mál þetta varða. Hinn 17. júlí 1990 gaf ráðherra út nýja heildarreglugerð, nr. 344/1990, og er efni málsgreinarinnar þar óbreytt.

Stefndi er félagsmaður í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, er hefur það meðal markmiða sinna að gæta hagsmuna þeirra og réttinda og vinna að bættu flugöryggi. Hefur það innan vébanda sinna alla starfandi flugumferðarstjóra á landinu, rúmlega 100 að tölu. Félagið er stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og fer með fyrirsvar félagsmanna sinna í samningum við áfrýjanda um kaup og kjör, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna. Var fyrsti kjarasamningur milli áfrýjanda og félagsins gerður 10. júní 1987, en síðan endurnýjaður með samkomulagi um breytingar og framlengingu hinn 14. júní 1989 og aftur 13. júlí 1990, þá með gildistíma til 31. ágúst 1991. Eftir að málið var höfðað í febrúar 1992, hafa samningsaðilar gert með sér nýjan kjarasamning.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslur, er varða laun fyrir starf hans mánuðina september 1990 til og með janúar 1992. Tekur krafan til hækkana á launagreiðslum, sem um var fjallað í sérstöku samkomulagi og bókun með því, sem samningsaðilar undirrituðu við endurnýjun kjarasamningsins 13. júlí 1990. Um var að ræða hækkanir til allra flugumferðarstjóra, sem kjarasamningurinn náði til, og byggir stefndi tilkall sitt til greiðslnanna á ákvæðum þessara samningsskjala, sem rakin eru að meginefni í hinum áfrýjaða dómi.

Málið er til komið vegna þess, að fjármálaráðuneytið ákvað í ágústmánuði 1990 að stöðva framkvæmd umræddra launahækkana frá og með 1. september það ár gegn mótmælum Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Var sú ákvörðun á því byggð, að þær yrðu að víkja fyrir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 89/1990 um launamál, sem

sett voru hinn 3. ágúst og síðan staðfest á Alþingi óbreytt í febrúar árið eftir með lögum nr. 4/1991 um sama efni. Í lögum þessum fólust ákvarðanir um almennar launahækkanir, sem ætlað var að gilda fyrir tímabilið 1. september 1990 til 15. september 1991 og koma í stað ákvæða í kjarasamningum um breytingar á launatöxtum og launatengdum liðum, sbr. 2. gr. laganna. Voru hækkanir þessar hinar sömu og um hafði verið mælt í þjóðarsáttarsamningunum, sem svo voru nefndir manna á meðal, en undirstaða þeirra var hinn almenni kjarasamningur, sem gerður var 1. febrúar 1990 milli Alþýðusambands Íslands vegna ýmissa aðildarsambanda þess annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og fleiri sambanda vinnuveitenda hins vegar.

Kröfu stefnda er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi, en um hana eða einstaka þætti hennar er ekki tölulegur ágreiningur.

II.

Samgönguráðherra ákvað með reglugerðarbreytingu vorið 1989 að mæla fyrir um tiltekinn hámarksaldur flugumferðarstjóra. Skyldi hann vera 60 ár að meginstefnu til, en flugumferðarstjórar höfðu áður mátt vænta þess að geta gegnt starfi til fullnaðs 70 ára aldurs að öðru jöfnu, sbr. 4. tl. 4. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvörðun þessi átti sér nokkurn aðdraganda, og höfðu takmarkanir á starfsaldri verið til umræðu hjá flugmálayfirvöldum og meðal flugumferðarstjóra sjálfra um alllangt skeið. Var litið svo á, að með þessu nýmæli væri leitað samræmis við þá þróun, sem átt hefði sér stað í flestum grannlöndum, og mið tekið af nauðsynlegum kröfum um öryggi loftferða.

Á þessum tíma stóðu yfir viðræður um framlengingu á kjarasamningi milli samninganefndar áfrýjanda og Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Urðu aðilar sammála um að endurskoða þau atriði kjarasamningsins, sem hin breyttu skilyrði um starfslok flugumferðarstjóra hefðu áhrif á, og staðfestu það með bókun við samningsgerðina. Athugun málsins var falin nefnd, sem skipuð var fulltrúum samningsaðila. Vann hún að því með aðstoð sérfróðra aðila og lagði fram skriflegt álit ásamt úttekt tryggingafræðings, sem höfð var til hliðsjónar. Niðurstöður nefndarinnar voru þær, að takmörk-

unin á starfsaldri hefði í för með sér lægri ævitekjur flugumferðarstjóra og jafnframt skerta möguleika þeirra til að ávinna sér lífeyri. Varð nefndin sammála um að stefna að einni úrlausnaraðferð, er næði til allra flugumferðarstjóra, fremur en einstaklingsbundnum útreikningum. Taldi hún m.a. rétt í því tilliti að miða mat á skerðingu ævitekna við missi sjö ára starfstíma. Miðað við úttekt tryggingafræðingsins mátti gera ráð fyrir, að til að mæta þeim missi þyrfti að lokum 16,85% hækkun á launum flugumferðarstjóra. Niðurstöðurnar voru ekki settar fram sem ákveðnar tillögur um orðan kjarasamnings, heldur til stuðnings í viðræðum samningsaðila.

Við endurnýjun kjarasamningsins í júlí 1990 voru þessi málefni tekin til meðferðar sem sérstakur þáttur samningsgerðarinnar og þá byggt í meginatriðum á niðurstöðum nefndarinnar og úrlausnaraðferðum, sem hún hafði rætt. Í sjálfu samkomulaginu um framlengingu kjarasamnings var samið um tilteknar almennar launahækkanir, sem taldar voru í samræmi við þjóðarsáttarsamningana. Frá samningum um fyrrgreint málefni var hins vegar gengið með þeim samningsskjölum, sem hér er um deilt. Voru þau í fyrsta lagi samkomulag um breytingar á launaliðum, er gerast skyldu í tveimur áföngum á gildistíma hins framlengda kjarasamnings, hinn 1. ágúst 1990 og 1. janúar 1991. Efnislega voru breytingarnar á þá leið, að gegn niðurfellingu á 22 föstum yfirvinnutímum í hvort sinn yrðu flugumferðarstjórar hækkaðir í röðun um 6 og síðan 7 launaflokka. Bæri að meta fyrri breytinguna til launahækkunar um 2,43% og hina síðari um 2,60% eða sem svaraði 5,09% alls. Jafnframt var miðað við, að yfirvinnuprósenta vegna óreglulegrar yfirvinnu yrði óbreytt eftir þessa breyttu röðun, og voru aðilar sammála um að meta afleiðingar þess til 3% hækkunar á heildarlaunum. Í niðurlagi skjalsins var því slegið föstu, að með þessu væru komnar fram launahækkanir sem næmu 8,09% af þeim 16,85%, sem um var rætt í gögnum nefndarinnar.

Í öðru lagi var sérstök bókun um niðurstöður og lokafrágang endurskoðunar samningsaðila vegna breytinga á starfsaldri flugumferðarstjóra, og tók hún til launahækkana, sem gerast ættu eftir lok samningstímans, samkvæmt nánari útfærslu við næstu endurskoðun kjarasamnings. Skyldu laun hækka um 4,5% á tímabilinu 1. september til 31. desember 1991 og um 4,26% eigi síðar en 1. júní 1992.

Yrði þannig eytt þeim mismun, sem eftir stæði af fyrrgreindum 16,85%.

Samkomulagið um kjarasamninginn ásamt hinu sérstaka samkomulagi og bókun var borið undir almennan fund í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Var kjarasamningurinn þar kynntur sem þjóðarsáttarsamningur, en hin skjölin sem samningur vegna breyttra starfslokaskilyrða. Voru atkvæði greidd um samningana í einu lagi og þeir samþykktir samhljóða.

Nokkur umræða varð um samningana á opinberum vettvangi, og var lögð á það áhersla af hálfu fjármálaráðuneytisins, að samningarnir væru í samræmi við þjóðarsáttina og að hækkanir á launum umfram hana væru til orðnar af sérstöku tilefni. Hið sama var gert í fréttatilkynningu, sem ráðuneytið gaf út 17. ágúst 1990, eftir setningu bráðabirgðalaganna um launamál, og sagði þar meðal annars: „Auk launaákvæða í stíl „þjóðarsáttar" var gert samkomulag um breytingar á launasamsetningu flugumferðarstjóra. Þær voru gerðar til samræmis við nýlega breytingu á reglugerð um starfslok þeirra, þar sem þeim er almennt gert óheimilt að starfa að flugumferðarstjórn lengur en til 60 ára aldurs. Sú breyting er í samræmi við auknar öryggiskröfur við flugumferð."

Í kjölfar bráðabirgðalaganna lýsti fjármálaráðuneytið þeirri afstöðu, að lögin næðu yfir samning flugumferðarstjóra eins og aðra gildandi kjarasamninga, og var hún einnig skýrð í umræddri fréttatilkynningu. Með vísan til þess var sú ákvörðun tekin að láta flugumferðarstjóra sæta launalækkun sem svaraði þeim 2,43%, er bættust við launagreiðslur 1. ágúst 1990 vegna hins sérstaka samkomulags, og að fella niður þá viðbótarhækkun, sem verða átti 1. janúar 1991. Var þetta gert með sérstakri niðurfærslu á launatöflu, en launaflokki þeirra var breytt í bæði skiptin eins og um hafði verið samið. Það fylgdi þessari tilhögun, að röskun varð ekki á þeim greiðslum fyrir yfirvinnu, sem metnar höfðu verið til 3% launahækkunar.

Eftir að gildistími launaákvarðana samkvæmt lögunum um launamál rann út 15. september 1991, gerði Félag íslenskra flugumferðarstjóra kröfu til þess, að þeim yrði bætt sú skerðing, sem þeir hefðu þurft að sæta. Í bréfi fjármálaráðherra til félagsins 27. desember 1991 var því erindi hafnað, meðal annars með þessum orðum: „Með

lögunum var launahækkun samkvæmt umræddu samkomulagi skert um 5,09% og er sú skerðing endanleg og óafturkræf að mínu mati. – Þar sem lögin hafa breytt svo verulega niðurstöðu hins sérstaka samkomulags fá þau markmið ekki staðist sem gengið var út frá við gerð þess og bókunarinnar sem því fylgdi. Í ljósi þess tel ég rétt og eðlilegt að samhliða kjarasamningsviðræðum verði tekin upp að nýju til sérstakrar athugunar áhrif reglugerðar nr. 240/1989 á starfskjör flugumferðastjóra sem voru í starfi þegar hún gekk í gildi hinn 30. apríl 1989.“ Að fengnu þessu svari var mál þetta höfðað, eftir að efni bréfsins hafði verið andmælt fyrir hönd félagsins.

III.

Stefndi heldur því fram máli sínu til stuðnings, að ákvæðin um hámarksaldur flugumferðarstjóra í reglugerðum nr. 329/1986 og 344/1990 skorti lagastoð, og hvíli gildi aldursmarkanna í reynd á því samþykki, sem fram hafi komið af hálfu Félags íslenskra flugumferðarstjóra og félagsmanna þess. Áfrýjandi telur reglugerðirnar byggðar á 36. – 37. gr. loftferðalaga, er varði flugliða, og 80. gr., er varði flugumferðarstjóra, auk þess sem almenn reglugerðarheimild sé í 188. gr. laganna. Í lögunum sé einnig almennt á því byggt, að um skipan flugumferðarstjórnar fari eftir reglum, er ráðherra setji, sbr. einkum ákvæði 57. gr. um flugöryggisþjónustu og 89. gr. um verndarráðstafanir til að afstýra flugslysum og hættum af loftferðum. Heldur áfrýjandi því fram, að lagaheimild til setningar aldursmarkanna verði ekki í efa dregin, enda styðjist þau við gild efnisrök.

Kröfur stefnda í máli þessu eru byggðar á samningum, sem gerðir voru milli áfrýjanda og Félags íslenskra flugumferðarstjóra með beinni skírskotun til þess, að með umræddum reglugerðarákvæðum væri komin á virk takmörkun um starfsaldur flugumferðarstjóra. Jafnframt verður ráðið af gögnum málsins, að þessi ákvæði hafi almennt verið virt meðal flugumferðarstjóra, og stefndi er sjálfur samþykkur þeim. Svo sem málið horfir við, hefur úrlausn þessa ágreiningsefnis því ekki þýðingu fyrir úrslit þess.

IV.

Með lögunum um launamál, sem hér er um deilt, var stefnt að markmiðum, sem einkum var lýst í aðfaraorðum bráðabirgðalaga nr. 89/1990, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi. Til að ná þessum markmiðum voru þær reglur settar, sem um var mælt í 2. gr. laganna og fólu í sér lögfestingu þeirra almennu hækkana, sem ákveðnar voru í þjóðarsáttarsamningunum.

Kveikjan að lögunum var launahækkun til félagsmanna í svokölluðum samflotsfélögum BHMR, sem koma átti til framkvæmda 1. júlí 1990 og hlaut viðurkenningu með dómi Félagsdóms 23. þess mánaðar. Var hún tengd ákvæðum í kjarasamningum þessara félaga frá árinu 1989, sem gerðu ráð fyrir endurskoðun á launakerfi félagsmanna og endurröðun í launaflokka samkvæmt tilteknum sjónarmiðum, er einkum lutu að samanburði við kjör annarra en ríkisstarfsmanna. Um þessa kjarasamninga var gagngert fjallað í 4. gr. laganna, og voru ákvæði þeirra, sem tóku til launahækkana, talin eiga að falla úr gildi. Var það annars vegar 5. gr., er varðaði endurröðun í launaflokka, og hins vegar 15. gr., er varðaði almennar hækkanir samkvæmt öðrum kjarasamningum.

Þegar settar voru reglur um hámarksaldur flugumferðarstjóra vorið 1989, lá það fyrir af hálfu stéttarfélags þeirra, að nauðsynlegt yrði að bæta félagsmönnum þess þá styttingu á starfsævi, sem af þeim leiddi. Var staðfest við endurnýjun kjarasamnings 14. júní það ár, að stefnt yrði að endurskoðun samningsins með tilliti til hennar. Þegar gengið var til viðræðna um kjarasamninginn árið eftir, var það sameiginlegur vilji beggja samningsaðila, að leyst yrði úr málinu með tilteknum breytingum á launum flugumferðarstjóra, er næðu til þeirra allra. Við samningsgerðina 13. júlí 1990 var um þetta fjallað sem sérstakt málefni, eins og fyrr segir, og var þess vandlega gætt að skilja það frá samningum um önnur kjaraatriði og almennar launahækkanir. Var skýrt að því kveðið í hinu sérstaka samkomulagi og bókuninni með því, að um væri að ræða launabreytingar, sem einvörðungu væru gerðar vegna hinna nýju skilyrða um starfslok flugumferðarstjóra í reglugerð um starfsskírteini þeirra. Það var og sameiginlegur skilningur beggja samningsaðila, að samkomulagið um þessar launabreytingar færi ekki í bága við forsendur þjóðar-

sáttarsamninganna, og var því viðhorfi lýst við kynningu samkomulagsins bæði innan félagsins og á opinberum vettvangi.

Samkvæmt 1. gr. laganna um launamál tóku þau til allra kjarasamninga, sem í gildi voru við gildistöku þeirra. Samkomulagið um hinar umdeildu launabreytingar var tengt kjarasamningi áfrýjanda og Félags íslenskra flugumferðarstjóra og fól í sér breytingu á launum, sem ákvörðuð voru á grundvelli hans. Heldur áfrýjandi því fram, að samkomulagið hafi átt að falla undir lögin sem hluti af þeim heildarkjarasamningi, sem frá var gengið milli aðila, enda hafi það ekki varðað réttindi einstakra flugumferðarstjóra. Stefndi telur hins vegar, að það hafi ekki verið kjarasamningur í skilningi laganna, þar sem efni þess hafi verið að færa flugumferðarstjórum bætur fyrir skerðingu á ævitekjum þeirra. Lítur hann á samkomulagið og bókunina sem heildarsamkomulag um þessar bætur og hefur ekki lýst kröfu sinni sem launakröfu.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að samkomulagið sé kjarasamningur að formi til. Segir og berum orðum í heiti samkomulagsins, að það fjalli um breytingu á kjarasamningi aðila. Jafnframt er ljóst, að stefndi er samkvæmt aðalkröfu sinni að heimta greiðslu í formi launa. Úrslit málsins velta hins vegar ekki á þessu, heldur ráðast þau af hinu, hvort hinar umsömdu launabreytingar voru þess eðlis, að þær yrðu að víkja vegna þeirra launaákvarðana, sem lögbundnar voru með 2. gr. laganna.

Af lögunum verður ráðið, að þeim var beint gegn almennum launahækkunum, er raskað gætu þeim efnahagslegu markmiðum, sem lögunum var ætlað að verja. Á hinn bóginn verður ekki séð, að þau hafi að öðru jöfnu átt að girða fyrir kjarabreytingar af sérstöku tilefni eða í sértæku formi, svo sem með tilfærslum launþega milli launaflokka vegna endurmats á störfum þeirra. Er ljóst, að breytingar af þessu tagi hafa gerst meðal ýmissa starfshópa eða starfsmanna á gildistíma laganna, án þess að talið væri andstætt lögunum. Hinar umdeildu launabreytingar voru einvörðungu almennar í þeim skilningi, að þær náðu til allra flugumferðarstjóra. Þær voru gerðar af sérstöku tilefni, sem var óumdeilt, og jafnframt í sérgreindu formi sem sjálfstætt samningsefni. Það endurmat launakjara, sem í þeim fólst, var einnig sérstakt að því leyti, að það varðaði ekki

samanburð við störf eða starfshæfni annarra, heldur breytingu á skilyrðum varðandi starfið sjálft.

Þegar af þessum ástæðum er eðlilegt að líta svo á, að samkomulagið um launahækkanir vegna breyttra reglna um starfsaldur flugumferðarstjóra hafi ekki raskast vegna ákvæða laganna um launamál. Það styður þessa niðurstöðu, að samkomulagið lá fyrir, áður en lögin voru sett, án þess að á því væri tekið með beinum ákvæðum í lögunum. Jafnframt verður að hafa í huga hið tímabundna gildi laganna, en breytingunni á starfsaldursreglum var ætlaður varanlegur sess. Loks er til þess að líta, að af hálfu áfrýjanda var samkomulaginu ekki rift í heild, heldur var umsamin skipan í launaflokk látin haldast.

Hið sérstaka samkomulag um launabreytingar á gildistíma kjarasamningsins fram til 31. ágúst 1991 fól í sér fullmótaðan og bindandi samning. Ber að taka kröfu stefnda í málinu til greina að því leyti, sem hún er á honum byggð, með skírskotun til þess, sem fyrr var rakið. Þær launahækkanir, sem bókunin kvað á um, áttu að koma til meðferðar við næstu endurskoðun kjarasamningsins, og yrði nánari útfærslu þeirra þá fundinn staður á tilgreindum tímabilum. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sú útfærsla hafi einvörðungu átt að felast í áfangaskiptingu hækkananna innan þessara tímabila. Vera má að vísu, að mismunandi aðferðir við útfærsluna hafi einnig verið hafðar í huga, en þess er að gæta á hinn bóginn, að stefndi hefur einskorðað kröfu sína á grundvelli bókunarinnar við janúarmánuð 1992, þegar hækkun launagreiðslna um 4,5% átti að vera komin til framkvæmda með einum eða öðrum hætti. Jafnframt hefur hann afmarkað kröfuna þannig, að ekki er reiknað af hærri launagrunni en við hinar fyrri hækkanir, og er ekki deilt tölulega um fjárhæðina, 7.331 krónu. Þykja efni til þess, eins og málið liggur fyrir, að krafa hans verði einnig tekin til greina að þessu leyti.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um efni málsins.

Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði, en áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem tiltekið er í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni Árna Þórissyni, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1993.

1.0

Mál þetta, sem tekið var til dóms fimmtudaginn 18. mars sl., hefur Jón Árni Þórisson, Valhúsabraut 7, Seltjarnarnesi, kt. 011050-3879, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 13. febrúar 1992, á hendur fjármálaráðherra, kt. 550169-2829, fyrir hönd ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum aðallega kr. 280.173,00 ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

2. Að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun, svo og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi greiði honum málskostnað að mati réttarins. Til vara krefst hann, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Upphaflega gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði, sem upp var kveðinn 26. október 1992, var frávísunarkröfunni hrundið, en ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0

Stefnandi hóf nám í flugumferðarstjórn hjá flugmálastjórn, Reykjavíkurflugvelli, í októbermánuði 1974 og var ráðinn flugumferðarstjóri samkvæmt ráðningarsamningi, dagsettum 20. júlí 1976.

Með reglugerð nr. 240/1989 um breytingu á reglugerð nr. 329/1986 um skírteini, gefinni út af flugmálastjórn, var hámarksaldur flugumferðarstjóra færður niður í 60 ár, en hann var áður 70 ár eins og hjá öðrum ríkisstarfsmönnum. Samkvæmt reglugerð þessari var þó heimilt að framlengja hámarksaldur um fimm ár til 31. desember 1990, en eftir það er aðeins heimilt að framlengja hámarksaldur um allt að þremur árum, enda gangist

hlutaðeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

Á árinu 1989 var gerð svohljóðandi bókun við gerð kjarasamnings milli Félags íslenskra flugumferðarstjóra (F.Í.F.) og stefnda: „Vegna breytinga á starfslokaskilyrðum flugumferðarstjóra, sbr. reglugerð nr. 329/1986, sbr. 240/1989, um skírteini útgefin af flugmálastjórn, eru aðilar sammála um að endurskoða þau atriði kjarasamningsins, sem þær hafa áhrif á. Niðurstaða endurskoðunarinnar liggi fyrir við lok samningstímans."

Um miðjan nóvembermánuð 1989 hóf störf sérstök nefnd, skipuð fulltrúum frá hvorum samningsaðila, til þess að framfylgja fyrrgreindri bókun. Hélt nefnd þessi alls ellefu fundi og skilaði áliti sínu 23. mars 1990. Við störf sín naut nefndin aðstoðar ýmissa sérfróðra manna, þ. á m. tryggingafræðings. Tók hún þann kostinn að gera tillögu um tilhögun á bótum fyrir styttan starfsaldur, er næði til allra félagsmanna í F.Í.F., í stað þess að láta reikna út áhrif fyrrgreindrar reglugerðar á kjör einstakra flugumferðarstjóra.

Í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar var undirritað sérstakt samkomulag í tengslum við gerð nýs kjarasamnings milli F.Í.F. og stefnda sem undirritaður var 13. júlí 1990. Samkomulag þetta ber yfirskriftina: „Samkomulag um breytingu á kjarasamningi aðila til samræmis við nefndarálit frá 23. mars 1990 um starfslok flugumferðarstjóra, sbr. reglugerð nr. 240/1989 um breytingu á reglugerð nr. 329/1986 um skírteini útgefin af flugmálastjórn." Samkomulagið er dagsett 13. júlí 1990 og var undirritað af samninganefnd ríkisins fyrir hönd stefnda og samninganefnd F.Í.F. fyrir hönd félagsins með fyrirvara um samþykki félagsfundar. Í samkomulaginu segir orðrétt: „Með vísan til þessarar styttingar á starfsævi hefur náðst samkomulag milli aðila að sú fasta yfirvinna sem greidd hefur verið samkvæmt kjarasamningi aðila, 44 tímar á mánuði, falli niður í tveimur áföngum og í staðinn breytist launaflokkur flugumferðarstjóra sem því nemur." Gert var ráð fyrir því að þetta gerðist 1. ágúst 1990 og 1. janúar 1991 og að hver flugumferðarstjóri hækkaði í launaflokki vegna þessara breytinga, fyrst um 6 launaflokka og síðan um 7 launaflokka, alls um 13 launaflokka. Síðan segir orðrétt: „Aðilar eru sammála um að ofangreint leiði til breytingar á launagreiðslum um 5,09%, auk þess sem samkomulag er um að meta þá heildarlaunabreytingu sem leiðir af óbreyttri yfirvinnuprósentu til 3%. Þessar hækkanir samanlagt, þ.e. 8,09%, gangi upp í hækkanir sem komi til með að verða vegna ofangreindrar reglugerðar um lækkun hámarksaldurs flugumferðarstjóra í starfi um 10 ár."

Samdægurs undirrituðu sömu aðilar bókun er ber yfirskriftina: „Bókun um niðurstöður og lokafrágang endurskoðunar fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra flugumferðarstjóra vegna breytinga á starfsaldri,

sbr. reglugerð nr. 240/1989, sem felur í sér að hámarksaldur flugumferðarstjóra í starfi lækkar um 10 ár." Bókun þessi er svohljóðandi: „Með vísan til forsendna, sem fram koma í sérstöku samkomulagi aðila frá 13. júlí 1990, er því hér með lýst yfir að við næstu endurskoðun á kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra verði eytt þeim mismun sem er á niðurstöðum nefndar frá 23. mars 1990 og tilvitnuðu samkomulagi, þ.e. 8,76%. Þetta verði gert þannig að laun hækki um 4,5% á tímabilinu 1. september 1991 til 31. desember 1991 og um 4,26% eigi síðar en 1. júní 1992. Nánari útfærslu verði fundinn staður við endurskoðun kjarasamnings haustið 1991."

Stefnandi skýrir svo frá, að við greiðslu launa til stefnanda 1. ágúst 1990 hafi stefndi farið eftir samkomulaginu frá 13. júlí 1990 og launin af þeim sökum hækkað um 2,43%. Við greiðslu launa til stefnanda í byrjun septembermánaðar 1990 hafi launauppbót þessi hins vegar verið afnumin, en áður hafi þáverandi fjármálaráðherra farið þess á leit við stjórn F.Í.F. að fallið yrði frá hinu sérstaka samkomulagi ásamt bókuninni með því. Stjórnin hafi hafnað þessu, en lýst sig á hinn bóginn reiðubúna til þess fyrir hönd félagsmanna sinna, að koma til móts við tilmæli ráðherrans og þáverandi samgönguráðherra með því að fresta til 1. september 1991 launahækkun samkvæmt samkomulaginu, jafnframt því sem teknar yrðu upp viðræður um endurskoðun á því heildarsamkomulagi aðila sem gert hafi verið 13. júlí 1990 um bætur til handa flugumferðarstjórum vegna styttri starfsaldurs þeirra og þar með skertra ævitekna. Af hálfu stjórnarinnar hafi verið tekið fram, að færi svo, að boði hennar yrði hafnað, bæri að líta svo á, að það hefði aldrei verið gert, og myndi stjórnin í því tilviki leita réttar félagsmanna sinna fyrir dómstólum, ef þörf krefði.

Skemmst sé frá því að segja að ekkert svar hafi borist við þessu bréfi. Hafi sjónarmið stjórnarinnar verið ítrekuð jafnt bréflega sem í viðræðum við fulltrúa stefnda allt fram til hausts 1991. Með bréfi, dagsettu 2. desember 1991, hafi lögmaður F.Í.F. krafist þess, að stefndi stæði við heildarsamkomulagið frá 13. júlí 1990. Í svarbréfi stefnda, dagsettu 27. desember 1991, hafi því verið lýst yfir að ekki yrði staðið við samkomulagið af ríkisins hálfu umfram þann hluta hins sérstaka samkomulags frá 13. júlí 1990, sem lúti að óbreyttri yfirvinnuprósentu og metin sé til 3% hækkunar á launum í samkomulaginu, en stefndi hafi efnt þennan hluta samkomulagsins allt frá upphafi.

Stefnandi telur þó til viðbótar rétt að taka fram, að flugmálayfirvöld hafi framfylgt þeirri breytingu, sem gerð hafi verið á reglugerð nr. 329/1986, með reglugerð nr. 240/1989, þar sem hámarksaldur flugumferðarstjóra hafi verið færður niður úr 70 árum í 60 ár, sbr. bréf flugmálastjóra til Guðna Ól-

afssonar, dags. 30. september 1990, og bréf samgönguráðuneytisins til Guðna Ólafssonar, dags. 17. desember 1990. Starfsaldur stefnanda sem flugumferðarstjóra hafi því raunverulega verið styttur og ævitekjur hans þar af leiðandi skertar frá því sem áður hafi verið, svo sem nánar sé lýst að framan.

Hinn 3. ágúst 1990 voru sett bráðabirgðalög um launamál nr. 89/1990. Í aðfaraorðum þeirra laga segi orðrétt:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 31. júlí sl. að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hljóta og þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafa ekki borið árangur, beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs. Þá er nauðsynlegt að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:"

Samkvæmt 1. gr. laganna tóku þau til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum voru í gildi við gildistöku laganna. Í 1. mgr. 2. gr. laganna var kveðið á um það að frá 1. september 1990 til 15. september 1991 skuli laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna samkvæmt þeim kjarasamningum, sem lögin tóku til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990, þannig að hinn 1. desember 1990 skyldu laun hækka um 2,0%, hinn 1. mars 1991 um 2,5% og hinn 1. júní 1991 um 2,0%. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 2. gr. skyldu þessar breytingar koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða. Í 4. mgr. 2. gr. var kveðið á um að hefðu laun samkvæmt ákvæðum þessara samninga hækkað á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990, skyldi sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990, enda kæmu launahækkanir samkvæmt 1. mgr. í stað hennar. Í 5. mgr. 2. gr. var loks kveðið á um það, að með þeim breytingum, sem kveðið var á um í 1.-4. mgr., skyldu þessir kjarasamningar gilda til 15. september 1991 og vera þá lausir án uppsagna. Kvað kjarasamningur á um gildistíma til 31. ágúst 1991, skyldu þau ákvæði þó halda gildi sínu.

Af hálfu stefnda var með vísan til framangreindra bráðabirgðalaga felld niður sú hækkun á launum flugumferðarstjóra, sem orðið hafði samkvæmt

kjarasamningi hinn 1. ágúst, frá og með 1. september 1990. Með lögum nr. 4/1991 um launamál staðfesti Alþingi áður rakin bráðabirgðalög.

3.0

Stefnandi segir málshöfðun sína byggða á heildarsamkomulagi því, sem gert hafi verið 13. júlí 1990 milli F.Í.F. fyrir hönd félagsmanna sinna annars vegar og stefnda hins vegar um bætur til handa flugumferðarstjórum, þ. á m. stefnanda, vegna þess að hámarksaldur þeirra í starfi hafi verið færður, einhliða af ríkisvaldsins hálfu, úr 70 árum í 60 ár. Á sama hátt og aðrir flugumferðarstjórar sé stefnandi ríkisstarfsmaður og njóti réttinda og beri skyldur samkvæmt þeim lögum og reglum, sem almennt gildi um ríkisstarfsmenn, eins og fram sé tekið í ráðningarsamningi hans. Af þeim sökum hafi hann átt þess kost samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar laga nr. 38/1954 að starfa við flugumferðarstjórn til 70 ára aldurs áður en reglugerð nr. 240/1989 hafi tekið gildi.

F.Í.F. hafi fallist á það fyrir hönd félagsmanna sinna, að starfsaldur flugumferðarstjóra yrði styttur, gegn því, að þeim yrðu greiddar bætur fyrir það tjón, sem af því hlytist, á grundvelli 67. og 69. greinar stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Frá heildarsamkomulagi um bætur hafi síðan verið gengið 13. júlí 1990 í formi sérstaks samkomulags og bókunar, en áður hafi farið fram ýtarleg athugun á því hver áhrif hinn skerti starfsaldur hefði á ævitekjur flugumferðarstjóra.

Stefnandi líti svo á að F.Í.F. hafi haft umboð til þess að gera umrætt samkomulag fyrir hans hönd. Í lögum félagsins sé tekið fram að markmið þess sé m.a. að gæta í hvívetna hagsmuna og vernda réttindi allra flugumferðarstjóra landsins. Samkomulagið frá 13. júlí 1990 hafi verið gert með fyrirvara um samþykki félagsfundar F.Í.F. og hafi stefnandi mætt á þann fund og samþykkt samkomulagið á sama hátt og aðrir fundarmenn.

Samkomulagið sé undirritað af samninganefnd ríkisins fyrir hönd stefnda, sem fari með fjármál ríkisins samkvæmt 5. grein reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, sbr. 4. grein laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969. Ekki hafi verið ágreiningur um það að báðir samningsaðilar hafi verið bærir til þess að ganga frá umræddu samkomulagi, þ. á m. hafi stefndi staðið að hluta af hinu sérstaka samkomulagi gagnvart stefnanda eins og öðrum félagsmönnum í F.Í.F.

Stefnandi byggi málshöfðun sína á þeirri meginreglu í íslenskum rétti að samninga skuli efna. Hvorki efni heildarsamkomulagsins né önnur atvik réttlæti þá afstöðu stefnda að neita nú að efna fyrrgreint samkomulag af sinni hálfu.

Stefndi hafi borið því við að bráðabirgðalög um launamál nr. 89/1990,

sbr. nú lög nr. 4/1991, hafi tekið til þeirrar breytingar á launum stefnanda og annarra flugumferðarstjóra sem samið hafi verið um í hinu sérstaka samkomulagi frá 13. júlí 1990. Stefnandi geti ekki fallist á þessa skoðun stefnda og færi fyrir því eftirgreind rök:

1) Samkvæmt 1. grein laga nr. 4/1991 taki þau einungis til kjarasamninga, en ekki annarra samninga. Samkomulag það, sem stefnandi byggi málshöfðun sína á, sé samkvæmt efni sínu ekki kjarasamningur, heldur samningur um bætur fyrir tjón vegna skerðingar á ævitekjum flugumferðarstjóra á grundvelli 67. og 69. greinar stjórnarskrárinnar.
2) Jafnvel þótt svo yrði talið að lögin tækju til umrædds samkomulags, sé sérstaklega tekið fram í 3. málsgrein 2. greinar þeirra að ákvæði 1. málsgreinar um breytingu á launum raski ekki ákvæðum kjarasamninga um greiðslu sérstakra uppbóta á laun. Samkomulagið hafi falið í sér sérstakar uppbætur á laun til handa flugumferðarstjórum, umfram aðrar starfsstéttir, vegna skerðingar á ævitekjum þeirra, umfram aðra, og hljóti af þeim sökum að falla undir 3. málsgrein 2. greinar laganna.
3) Stefnandi haldi því í þriðja lagi fram að lögin, sem upphaflega hafi verið sett af ríkisstjórninni þremur vikum eftir að umrætt samkomulag hafi verið gert, feli í sér ólögmæta skerðingu á eignarrétti og brjóti þannig í bága við 67. grein stjórnarskrárinnar, ekki síst ef þau, samkvæmt orðanna hljóðan, svipti flugumferðarstjóra umsömdum bótum vegna skerðingar á ævitekjum þeirra á grundvelli 67. og 69. greinar stjórnarskrárinnar. Stefnandi telji enn fremur með vísun til framanritaðs, að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990 og brjóti þau því gegn 28. grein stjórnarskrárinnar.

Stefnandi geri kröfu um það að stefndi standi honum skil á þeim greiðslum sem um hafi verið samið með heildarsamkomulaginu 13. júlí 1990 og gjaldfallnar séu. Byggist aðalkrafa stefnanda á því að umrætt samkomulag standi óbreytt þrátt fyrir bráðabirgðalög nr. 89/1990, sbr. nú lög nr. 4/1991. Varakrafa hans geri hins vegar ráð fyrir að lögin verði talin taka til hinnar umsömdu breytingar á launum samkvæmt hinu sérstaka samkomulagi, þ.e. 5,09%, en breytingar á launum samkvæmt bókuninni standi óbreyttar enda hafi þær átt að taka í síðasta lagi gildi annars vegar 1. janúar 1992 (4,5%) og hins vegar 1. júní 1992 (4,26%). Samkvæmt 2. grein laga nr. 4/1991 taki þau einungis til breytinga á launum á tímabilinu frá 1. september 1990 til 15. september 1991 og nái því ekki til síðastgreindra launabreytinga. Verði talið að lögin taki til launabreytingarinnar samkvæmt hinu sérstaka samkomulagi, krefjist stefnandi ígildis hennar sem eingreiðslu því að öðrum kosti fengi hann ekki umsamdar bætur greiddar að fullu. Sé varakrafa hans

byggð á þessu sjónarmiði, þ.e. krafist sé 4,5% launahækkunar frá 1. janúar 1992 og ígildis 5,09% launahækkunar á tímabilinu 1. september 1990 til 1. janúar 1992, en dráttarvaxta af síðast greindri fjárhæð frá þingfestingardegi, þar eð stefnandi hafi ekki gert kröfu til greiðslu hennar fyrr.

Dómkröfur stefnanda séu sundurliðaðar í sérstökum fram lögðum, ódagsettum útreikningum. Útreikningar þessir séu byggðir á því að laun stefnanda hefðu, í samræmi við heildarsamkomulagið, átt að hækka um 2,43% frá 1. ágúst 1990 vegna hækkunar um sex launaflokka, um 5,09% frá 1. janúar 1991 vegna hækkunar um þrettán launaflokka og um 9,82% frá 1. janúar 1992, þ.e. 5,09% að viðbættum 4,5% ofan á þá hækkun. Engin krafa sé gerð af hálfu stefnanda um greiðslu vegna ágústmánaðar 1990 vegna þess að þá hafi stefndi farið eftir heildarsamkomulaginu við greiðslu launa til hans, svo sem lýst sé að framan. Prósentuhækkun vegna septembermánaðar 1990 sé lægri en 2,43% vegna þess að það hafi einungis verið föst laun, sem hafi verið lægri en ella í þeim mánuði, en ekki álagsgreiðslur. Prósentuhækkanir vegna desembermánaðar 1990, júnímánaðar 1991, júlímánaðar 1991 og desembermánaðar 1991 séu einnig lægri vegna sérstakra uppbóta á laun, sem ekki hafi átt að hækka samkvæmt heildarsamkomulaginu, sbr. nánar athugasemdir í útreikningum.

Dráttarvaxtakröfur stefnanda styðjist við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðarkrafa hans styðjist við 1. málsgrein 177. greinar laga nr. 85/1936. Krafa um dráttarvexti á málskostnað styðjist við 3. málsgrein 175. greinar laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, sbr. og III. kafla laga nr. 25/1987.

4.0

Málsástæður og lagarök stefnda eru sem hér segir:

Hann segir, að kröfur sínar í máli þessu styðji stefnandi við ákvæði samkomulags og bókunar, dags. 13. júlí 1990, sem sé hluti samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila frá 13. júlí 1990. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að þær launahækkanir, sem kveðið var á um í samkomulagi þessu og bókun, hafi verið varanlega afnumdar með 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 89/1990, sbr. og 2. gr. laga nr. 4/1991 um launamál. Þannig sé ekki einasta fallin endanlega niður 5,09% launahækkunin heldur einnig launahækkanir sem skyldu koma til framkvæmda eftir 15. september 1991. Stefnandi geti því ekki heldur átt neinn rétt á grundvelli bókunar, dags. 13. júlí 1990, þar sem sú hækkun hafi einnig verið felld úr gildi. Ákvæði 2. mgr. og 5. mgr. 2. gr. laganna verði ekki skilin á annan hátt, sbr. einnig ákvæði 4. gr. laganna.

Að því er sérstaklega varði þann mun á launahækkun um 8,76%, sem ráðgert hafi verið að skyldi eytt við næstu endurskoðun kjarasamningsins, sbr. bókun dags. 13. júlí 1990, sé ljóst, að á því hafi verið byggt þar, að sérstök útfærsla á þeirri hækkun þyrfti að koma til vegna hækkana og breytinga, sem hefðu orðið í millitíðinni á launum og þessar prósentutölur miðuðust við. Ekki hafi því falist í bókuninni að hækka skyldi launin eins og þau væru orðin, er hækkunin kæmi til framkvæmda, um 4,5% og 4,26%. Sé gagnstæðum skilningi, sem byggt sé á í dómkröfum stefnanda, mótmælt. Jafnvel þótt ekki yrði fallist á þann skilning, að lögin hafi fellt ráðgerðar hækkanir samkvæmt bókuninni endanlega úr gildi, geti stefnandi ekki átt neinn lögvarinn rétt á þessu stigi til greiðslna á grundvelli bókunarinnar. Ekki liggi þannig fyrir kjarasamningur þar sem ákveðið hafi verið og útfært hvaða greiðslu hann kynni að eiga rétt til.

Ekki sé heldur unnt að fallast á þá túlkun stefnanda að ákvæði samkomulagsins geti falið í sér sérstakar uppbætur á laun til handa flugumferðarstjórum í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga um launamál.

Þeim staðhæfingum og málatilbúnaði stefnanda, að ekki sé um að ræða kjarasamning, heldur í reynd samning um bætur til handa einstaka félagsmönnum Félags íslenskra flugumferðarstjóra á grundvelli 67. og 69. gr. stjórnarskrár, vegna þeirrar ákvörðunar samgönguráðherra að kveða á um 60 ára hámarksstarfsaldur flugumferðarstjóra með setningu reglugerðar nr. 240/1989, sé eindregið vísað á bug. Ekkert slíkt hafi falist í þessu heildarsamkomulagi og hvergi vikið í því að bótum. Kjarasamningur, samkomulag og bókun beri efnislega skýrt með sér að um sé að ræða kjarasamning og kjaraákvarðanir, en þar sé almennt kveðið á um hækkaða og breytta launataxta er taki til allra félagsmanna Félags flugumferðarstjóra, án tillits til þess hvenær þeir hafi hafið störf. Formlega beri heildarsamkomulagið einnig með sér, að um sé að ræða kjarasamning, en þeir, sem standi að gerð þess, séu annars vegar samninganefnd ríkisins, sem eingöngu hafi á valdsviði sínu störf, er lúti að gerð kjarasamninga samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1986, og hins vegar samningsaðili hennar samkvæmt sömu lögum, þ.e. Félag íslenskra flugumferðarstjóra og hafi samningar þessi verið gerðir á grundvelli umboða samkvæmt þeim lögum. Ekki hafi falist í þessum kjarasamningi nein viðurkenning af hálfu ríkisvaldsins á því, að setning reglugerðarinnar hafi stofnað til bótaréttar af neinu tagi, er varinn væri af 67. gr. stjórnarskrár, í hendi þeirra, er hafi verið í starfi er hún hafi verið sett. Engum bindandi samningi um bætur til flugumferðarstjóra sé þannig til að dreifa.

Því sé harðlega vísað á bug að setning reglugerðar nr. 240/1989 um há-

marksaldur flugumferðarstjóra feli í sér bótaskylda skerðingu eignarréttar samkvæmt 67. gr. og 69. gr. stjórnarskrár. Loftferðalög nr. 34/1964 séu á því reist að framfarir í tækni og aðrar ástæður geti orðið þess valdandi, að af öryggisástæðum sé nauðsynlegt að gera auknar kröfur til þeirra sem stundi atvinnugreinar er tengist flugi og þjónustu við það. Takmarkanir, sem af því leiði, jafnvel þótt veigamiklar teldust, verði menn að þola bótalaust. Með setningu reglugerðar nr. 240/1986 hafi samgönguráðherra verið innan lögleyfðs valds síns til að ákveða með reglugerð vegna flugöryggissjónarmiða hámarksaldur flugumferðarstjóra.

Þeim sjónarmiðum stefnanda, að bráðabirgðalög nr. 89/1990 og lög nr. 4/1991 brjóti almennt í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, sé eindregið vísað á bug. Ekki sé unnt að fallast á að ákvæði kjarasamninga um ákvörðun vinnulauna, sem ekki hafi þegar verið unnið fyrir, geti talist eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrár.

Í annan stað sé 67. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu að löggjafinn setji eignarréttinum almenn og reglubundin mörk vegna framkvæmdar efnahagsstefnu eins og gert hafi verið með þessum lögum. Slíkar almennar skerðingar verði menn að þola bótalaust. Bráðabirgðalög um launamál og lög nr. 4/1990 hafi ótvírætt verið almenn, en þau hafi svipt stærstan hluta launþega í landinu með sama hætti launahækkun, sem kynni að hafa verið ákveðin í kjarasamningum þeirra, vegna framkvæmdar efnahagsstefnu stjórnvalda með það að markmiði að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa til að halda verðlagi í skefjum og að tryggja jafnræði í þróun launataxta og kaupmáttar. Um hafi verið að ræða ríka hagsmuni er hafi réttlætt afnám frekari launahækkana sem kynni að verða kveðið á um í þeim kjarasamningum sem bráðabirgðalögin hafi tekið til.

Þeim sjónarmiðum stefnanda, að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaganna nr. 89/1990, sem engum gögnum eða rökum séu studd, sé eindregið vísað á bug. Vakin skuli athygli á því að lagasetning sú, sem falist hafi í þeim lögum og staðfestingarlögum nr. 4/1991, hafi þegar orðið tilefni dómsmáls og niðurstaða þess kunni að skipta máli hér, en í því máli reyni m.a. á hvort lagasetning hafi verið andstæð 67. gr. stjórnarskrárinnar og 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Verði ekki fallist á að ofangreind sjónarmið stefnda eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda, sé á því byggt að þau ættu að minnsta kosti að leiða til þess að sýknað yrði annaðhvort af kröfum hans vegna 5,09% hækkunar eða kröfum vegna 4,5% hækkunar.

Upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda sé algerlega mótmælt. Stefnandi hafi sem slíkur engar kröfur haft uppi fyrr en við höfðun þessa máls.

5.0

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skal veita starfsmanni lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri. Ekki er unnt að víkja frá þessari meginreglu laganna og skerða starfsaldur ríkisstarfsmanna án lagaheimildar, sbr. 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en 69. gr. kveður skýrt á um það, að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Starfsaldursstytting sú hjá flugumferðarstjórum, sem hér er til umfjöllunar, var gerð með reglugerð um breyting á reglugerð nr. 329/1986 um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, sbr. nú reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, en reglugerðir þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Ekki er að finna í greindum loftferðalögum ótvíræða heimild til framkvæmdavaldshafa til styttingar á starfsaldri flugumferðarstjóra. Verður því að líta svo á, að umrædd starfsaldursstytting byggist aðallega á grundvelli samkomulags við Félag íslenskra flugumferðarstjóra. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að flugumferðarstjórar hafi virt samkomulag þetta. Í ljósi þess verður að líta svo á, að umrætt samkomulag sé forsenda greindrar starfsaldursstyttingar.

Ákvæði greinds kjarasamnings, samkomulags og bókunar felur í sér umsamda almenna launahækkun allra félagsmanna Félags íslenskra flugumferðarstjóra um samtals 16,85% auk sömu almennu launahækkana á samningstímanum og fólust í almennum samningum vinnumarkaðarins, þ.e. svonefndum þjóðarsáttarsamningum. Hefur ríkissjóður þegar fallist á að greiða 3% hækkunar þessarar. Skerðing laganna beindist því að réttindum samkvæmt almennum umsömdum hækkunum umfram það sem fólst í 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 89/1990 og laga nr. 4/1991 um launamál.

Í samkomulagi um breytingu á kjarasamningi aðila, þ.e. ríkissjóðs og Félags íslenskra flugumferðarstjóra, frá 13. júlí 1990 og bókun frá sama degi er að vísu hvergi vikið að bótum. Þær bera á hinn bóginn skýrt með sér, að um er að ræða kjaraákvarðanir, sem ætlað var að bæta flugumferðarstjórum upp skerðingu á ævitekjum, svo sem stefnandi hefur reifað. Hefur samkomulagið í sér fólgnar breytingar á launaflokkum, er taka til allra félagsmanna Félags íslenskra flugumferðarstjóra og er í því sambandi vitnað til styttingar á starfsævi. Er í samkomulaginu sérstaklega tekið fram, að það sé gert til samræmis við nefndarálit frá 23. mars 1990 um starfslok flugumferðarstjóra, en í því nefndaráliti er fjallað um mat á skerðingu ævitekna flugumferðarstjóra vegna styttingar á starfsaldri. Í nefndarálitinu segir m.a.: „Þá sammæltust nefndarmenn um að stefna að einni úrlausnaraðferð frekar

en einstaklingsbundnum útreikningum.“ Í bréfi samgönguráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis, dags. 22. desember 1992, segir m. a. svo: „Aðdragandi þessarar reglugerðarbreytingar frá 1989 var tillaga flugmálastjórnar, er flugráð mælti með, um lækkun hámarksaldurs flugumferðarstjóra til samræmis við þróun sem átt hafði sér stað í þessari starfsgrein erlendis á undanförnum áratugum er leitt hafði til þess að eftirlaunaaldur í flestum nágrannalöndum var nú 55-60 ár. Má rekja slíka þróun einkum til eðlis starfsins, sem er mikið álags- og nákvæmnisstarf. Þessi breyting hafði áhrif á ævitekjur og lífeyrisréttindi flugumferðarstjóra. Félag íslenskra flugumferðarstjóra lýsti því yfir, fyrir hönd sinna félagsmanna, að þeir sættu sig við þessa breytingu gegn því að sú tekjuskerðing er af hlytist yrði að fullu bætt.“

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, virðist það hafa verið vilji ríkisvaldsins, að skerðing á starfsaldri flugumferðarstjóra yrði bætt með einhverjum hætti og stéttarfélag flugumferðarstjóra verið því samþykkt. Verður ekki heldur talið óeðlilegt, að flugumferðarstjórum sé bættur skaðinn í formi launahækkana, þannig að stéttinni í heild sé bættur skaðinn, enda gæti bótalaus skerðing starfsaldurs hjá einni stétt verið mismunun gagnvart öðrum. Þá kemur berlega fram í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins nr. 35/1990 og í fréttaviðtölum við fjármálaráðherra og aðstoðarmann hans sumarið 1990, að umræddri launhækkun sé sérstaklega ætlað að bæta skerðingu á starfsaldri flugumferðarstjóra, en þessi sérstaka launahækkun kom til á tímum svonefndrar „þjóðarsáttar“, er stjórnvöld lögðu sérstaka áherslu á stöðugleika í launamálum. Undir heildarsamkomulagið, sem er í formi þriggja sjálfstæðra skjala, ritar samninganefnd ríkisins annars vegar og Félag íslenskra flugumferðarstjóra hins vegar og verður að telja, að þessir aðilar hafi bærni og hæfi til gerðar kjarasamnings, er tryggi flugumferðarstjórum slíkar bætur.

Þegar framangreint er virt í heild, einkum aðdragandinn að samningsgerðinni og form og efni heildarsamkomulagsins, verður að líta svo á, að það hafi að geyma bindandi samning um bætur til flugumferðarstjóra. Um það, hvort einstakir flugumferðarstjórar geti krafist sérstakra bóta þrátt fyrir umræddar launahækkanir til þeirra, er ekki til úrlausnar í þessu máli. Telja verður þó, að stefnandi sé ótvírætt bundinn af umræddu samkomulagi.

Líta verður svo á, að laun fyrir unnið verk njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Laun sem ekki hefur verið unnið fyrir, en umsamin, eru kröfuréttindi, sem bundin eru því skilyrði, að vinna skuli koma á móti launagreiðslum. Slík réttindi verður að telja að njóti verndar 67. gr. stjórnar-

skrárinnar. Samkvæmt því verður umræddur samningur, sem kveður á um greiðslu bóta í formi launa til handa flugumferðarstjórum, talinn njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar svo sem önnur eignarréttindi.

Ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 89/1990 og laga nr. 4/1991 um launamál var fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir launahækkanir og verðbólgu í landinu, þ.e. að leysa efnahagsvanda í þjóðfélaginu á ákveðnu skeiði. Greindu heildarsamkomulagi ríkisins við Félag íslenskra flugumferðarstjóra var á hinn bóginn ætlað að bæta skertan starfsaldur þeirra til frambúðar. Verður að líta svo á, að lögunum hafi almennt ekki verið ætlað að taka til bóta sem njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. löggjafinn hafi ekki ætlað að breyta samningum um umsamdar bætur, enda ber að skýra lög, er hefta samningafrelsi, þröngt. Er það því álit dómsins, að greind lög taki ekki til umræddra heildarsamkomulags um bætur til handa flugumferðarstjórum.

Ekki er byggt á því af hálfu stefnda, að umrætt heildarsamkomulag hafi verið ósanngjarnt og ekki er um tölulegan ágreining málsaðila að ræða.

Af framangreindum ástæðum ber samkvæmt því, sem rakið hefur verið, að taka aðalkröfur stefnanda til greina svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þar sem formleg krafa um efndir ríkissjóðs á umræddum samningi kom ekki fram af hálfu stefnanda fyrr en við þingfestingu málsins, telur dómurinn rétt, að krafan beri vexti, sem séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, þar til málið var höfðað, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim tíma eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með tilvísun til 1. málsgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 400.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Fallist er á kröfu hans um dráttarvexti á málskostnað, sbr. p-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Dráttur hefur orðið á dómsuppsögu vegna veikinda eins dómarans.

Dóm þennan kváðu upp héraðsdómararnir Jón L. Arnalds, Helgi I. Jónsson og Jónas Gústavsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóni Árna Þórissyni, kr. 280.173,00 ásamt vöxtum, sem séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum af kr. 3.046,00 frá 1. september 1990 til 1. október 1990, af kr. 11.002,00 frá þeim degi til 1. nóvember 1990, af kr. 16.928,00 frá þeim degi til 1. desember 1990, af kr.

27.146,00 frá þeim degi til 1. janúar 1991, af kr. 37.509,00 frá þeim degi til 1. febrúar 1991, af kr. 59.017,00 frá þeim degi til 1. mars 1991, af kr. 74.500,00 frá þeim degi til 1. apríl 1991, af kr. 97.286,00 frá þeim degi til 1. maí 1991, af kr. 115.001,00 frá þeim degi til 1. júní 1991, af kr. 141.066,00 frá þeim degi til 1. júlí 1991, af kr. 163.907,00 frá þeim degi til 1. ágúst 1991, af kr. 180.369,00 frá þeim degi til 1. september 1991, af kr. 197.724,00 frá þeim degi til 1. október 1991, af kr. 213.393,00 frá þeim degi til 1. nóvember 1991, af kr. 238.058,00 frá þeim degi til 1. desember 1991, af kr. 257.869,00 frá þeim degi til 1. janúar 1992 og af kr. 280.173,00 frá þeim degi til 13. febrúar 1992 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 400.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Mánudaginn 7. mars 1994.

Nr. 94/1994. **Guðmundur Svavarsson**
(sjálfur)
gegn
sýslumanninum í Hafnarfirði

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst Héraðsdómi Reykjaness 14. febrúar 1994, en Hæstarétti 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði um töku bús hans til gjaldþrotaskipta „verði hrundið og málinu verði vísað aftur heim í hérað og að kröfuhafi sanni efnislega réttmæti kröfunnar eða láti hana falla niður".

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Upphafleg krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila 17. september 1993 var byggð á 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Við síðari meðferð málsins eftir dóm Hæstaréttar 29. nóvember 1993 reisti varnaraðili kröfu sína jafnframt á 4. tl. sömu málsgreinar, eins og fram kemur í greinargerð hans í héraði 30. desember sl. Var í því efni vísað til bréfs sóknaraðila til varnaraðila 5. ágúst sl., þar sem hann óskaði gjaldþrotaskipta á búi sínu og lýsti því yfir, að hann hefði „engar eignir til þess að vísa á". Í þessu bréfi og meðfylgjandi greinargerð kom einnig fram það álit sóknaraðila, að kröfur varnaraðila á hendur sér væru óréttmætar. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila sama dag. Eins og fram kemur í bókun héraðsdómara 6. desember sl., sem rakin er í hinum kærða úrskurði, fullnægði þessi aðfarargerð ekki ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 og 62. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

II.

Kröfugerð varnaraðila er byggð á áætlun opinberra gjalda utan staðgreiðslu 1991 til 1993. Sóknaraðili hefur borið brigður á réttmæti kröfunnar. Hann hefur þó ekki nýtt sér kæruheimildir laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Þá hefur hann enga tilraun gert til þess undir rekstri málsins að sýna fram á, að yfirlýsing hans um eignaleysi 5. ágúst 1993 eigi ekki við rök að styðjast, en hann lagði hana sjálfur fram að nýju í þessu máli. Við svo búið verður að telja, að fullnægt sé áskilnaði 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, til þess að taka megi bú sóknaraðila til gjaldþrotaskipta. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Á kærumálskostnað reynir ekki.

Það athugast, að héraðsdómari átti ekki að veita viðtöku viðbótargreinargerð sóknaraðila 24. janúar 1994, en slíkt felur í sér skriflegan málflutning og er í andstöðu við meginreglur réttarfars, sbr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gjaldþrotaskiptakröfu, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. janúar sl.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Hafnarfirði, gerir þá dómkröfu, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Guðmundur Svavarsson, kt. 100248–3959, Miðvangi 151, Hafnarfirði, gerir þá dómkröfu að synjað verði kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti.

Málsatvik.

Krafa sóknaraðila barst dóminum upphaflega þann 21. september 1993. Þeirri kröfu var með úrskurði, upp kveðnum 29. október s. á., vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 29. nóvember s. á., var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Hinn 6. desember s. á. var kröfu sóknaraðila vísað á bug með bókun. Með bréfi sóknaraðila, dags. 10. desember s. á., krafðist sóknaraðili fyrirtöku kröfunnar á dómþingi og úrskurðar um hvort henni yrði hafnað. Var krafan tekin fyrir á dómþingi 30. desember s. á. Með bókun 6. janúar 1994 ákvað dómari að gefa út fyrirkall til skuldarans. Var fyrirkall út gefið og

krafan tekin fyrir á dómþingi 17. janúar sl. Sótt var þing af hálfu skuldara og höfð uppi mótmæli við kröfu um gjaldþrotaskipti. Var þá mál þetta þingfest með vísan til 168. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Upphaflega studdi sóknaraðili kröfu sína um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila eingöngu við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Með bókun 6. desember var kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila vísað á bug. Í þeirri bókun segir m.a.: „Skuldarinn var ekki sjálfur mættur við gerðina né málsvari hans. En skuldarinn hafði sent sýslumanni greinargerð ásamt bréfi dags. 5. ágúst 1993, þar sem hann lýsir því yfir að hann eigi engar eignir til að vísa á. Var gerðinni lokið án árangurs á grundvelli hinnar skriflegu yfirlýsingar um eignaleysi og með hliðsjón af afstöðu skuldarans og framkomu. Aðfaragerð þessi fullnægir ekki ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 og 62. gr. laga nr. 90/1989 til þess að unnt sé að byggja kröfu um gjaldþrotaskipti á henni. Er því kröfu sýslumannsins um gjaldþrotaskipti á búi Guðmundar Svavarssonar vísað á bug."

Í greinargerð þeirri, er sóknaraðili lagði fram við fyrirtöku kröfunnar á dómþingi 30. desember 1993, styður sóknaraðili kröfuna jafnframt við 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laganna og vísar til bréfs varnaraðila, dags. 5. ágúst 1993, til sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem varnaraðili óskar eftir því að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta. Í bréfi varnaraðila kemur m.a. fram að hann væri samkvæmt síðustu kröfum skattyfirvalda rúm 10 ár að greiða þær, jafnvel þótt öll laun hans færu í skatta, og að hann hafi engar eignir til þess að vísa á. Hinn 6. janúar 1994 gerði dómari svohljóðandi bókun: „Þar sem skuldarinn styður nú kröfu sína jafnframt við 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laganna og hefur lagt fram yfirlýsingu skuldarans sem þykir fullnægja skilyrðum laganna til að byggja megi kröfu um gjaldþrotaskipti á henni, verður gefið út fyrirkall til skuldarans."

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, á því, að varnaraðili skuldi sóknaraðila opinber gjöld utan staðgreiðslu 1991–1993, samtals kr. 2.245.066, og tryggingargjald utan staðgreiðslu 1992–1993, samtals kr. 342.259, alls kr. 2.587.325.

Kröfuna styður sóknaraðili við 1. tl. og 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þ.e. annars vegar við það að fyrir liggi árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila, sem gert hafi verið á grundvelli skriflegrar yfirlýsingar hans, þar sem hann lýsi yfir eignaleysi og óski eftir að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta, hins vegar á því, að í máli þessu liggi fyrir skrifleg yfirlýsing varnaraðila, þar sem hann óski eftir því, að bú sitt verði

tekið til gjaldþrotaskipta, og yfirlýsing um eignaleysi. Á því leiki ekki nokkur vafi, að slík yfirlýsing sé nægilegur grundvöllur gjaldþrotaskiptakröfu, sbr. 4. tl. 2. mgr. 65. gr. gjaldþrotaskiptalaga, þó að um það megi deila, hvort slík yfirlýsing sé nægilegur grundvöllur árangurslausrar fjárnámsgerðar. Yfirlýsing þessi sé því ein og sér nægilegur grundvöllur kröfunnar um gjaldþrotaskipti, og sé því krafan studd við umræddan tölulið.

Skuld sú, sem um ræði í máli þessu, byggist á áætlunum skattyfirvalda. Ekki skipti máli, hvort skattskuld byggist á framtölum gjaldanda eða ákvörðun skattyfirvalda, þar með töldum áætlunum, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 og 1. mgr. 96. gr. sömu laga. Þær áætlanir, sem hér um ræði, hafi ekki verið hraktar, og engin kæra vegna þeirra sé óafgreidd. Því leiki enginn vafi á réttmæti kröfunnar. Skuldir varnaraðila séu allar í vanskilum og gjaldfallnar. Skv. 4. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 skipti ekki máli um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta hvort krafa hans er komin í gjalddaga. Málskot fresti ekki eindaga skatta, sbr. meginreglu skattaréttar, sbr. 111. gr. laga nr. 75/1981, og hafi ekki áhrif á heimildir innheimtumanns til innheimtuaðgerða. Gjöld þau, sem um ræði, séu ófyrnd.

Málsástæður varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því, að gjaldaálagning sé byggð á áætlunum. Í greinargerð hans kemur m.a. fram að hann geti ekki lengur fallist á að skattyfirvöld séu dómarar í eigin sök. Þess vegna sendi hann ekki kærur vegna álagningar Skattstofu Reykjaness, enda þær álögur fráleitar.

Niðurstöður.

Ekki hefur þýðingu í málinu, þótt sóknaraðili byggi kröfu sína um gjaldþrotaskipti á ógreiddum opinberum gjöldum samkvæmt áætlunum. Varnaraðili hefur ekki sýnt fram á að hann sé fær um að standa í skilum eða verði það innan skamms tíma. Þykir krafa sóknaraðila fullnægja skilyrðum 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 og er bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurðarorð:

Að kröfu sóknaraðila, sýslumannsins í Hafnarfirði, er bú varnaraðila, Guðmundar Svavarssonar, kt. 100248–3959, Miðvangi 151, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta.

Mánudaginn 7. mars 1994.

Nr. 98/1994. **Fiatagri Danmark A/S**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 17. febrúar 1994, sem barst réttinum 1. mars sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að kröfur hans á hendur varnaraðila fái efnismeðferð í héraði ásamt kröfum hans á hendur meðstefnda, Samskipum hf. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Meðstefndi í héraði, Samskip hf., hefur sent Hæstarétti greinargerð.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, afhentu Samskip hf. Vélakaupum hf. hjólagröfu frá sóknaraðila án þess að öðru væri framvísað en ljósriti farmskírteinis með áritun varnaraðila: „Má afgreiða". Í málinu er deilt um ábyrgð varnaraðila og meðstefnda á þessari afgreiðslu. Dómkröfur sóknaraðila á hendur beggja stefndu í héraði eiga rætur að rekja til þessa atviks, og honum var heimilt að nýta sér réttarfarshagræði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar meðstefnda, Samskip hf., og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað vegna þessa þáttar málsins í héraði bíði efnisdóms, en varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá höfð hliðsjón af kröfugerð varnaraðila í héraði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi að öðru leyti en varðar Samskip hf., og lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði sóknaraðila, Fiatagri Danmark A/S, 120.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ.m. um frávísunarkröfur stefndu, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ólafi Axelssyni hrl. f.h. Fiatagri Danmark A/S, Borgmester Christiansens Gade 58, DK-2450, Kaupmannahöfn SV, Danmörku, til heimtu skaðabóta á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169–1219, Austurstræti 5, Reykjavík, og Samskipum hf., kt. 440986–1539, Holtabakka við Holtaveg í Reykjavík, með stefnu, birtri 12. október 1993.

Dómkröfur stefnanda eru „að báðum stefndu verði gert in solidum að greiða stefnanda DKK (danskar krónur) 791.680,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru eftirgreindar:

„*Aðallega* að máli þessu skuli vísað frá dómi hvað varðar stefnda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...]. *Til vara* að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...]."

Dómkröfur stefnda Samskipa hf. eru:

„*Aðallega* að málinu verði vísað frá dómi að því er meðstefnda varðar og stefnanda verði gert að greiða meðstefnda málskostnað að mati réttarins. – *Til vara*, að meðstefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða meðstefnda hæfilegan málskostnað. – *Til þrautavara*, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla."

– – –

V.

Í fyrsta tölulið 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir: „Fleiri en einum er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með sömu skilyrðum má sækja fleiri en einn í sama máli. Ella skal vísa máli frá dómi að kröfu varnaraðila að því er hann varðar." Í öðrum tölulið 19. gr. segir hins vegar: „Sækja má fleiri en einn í sama máli með þeim hætti að kröfum sé aðallega

beint að einum þeirra en að öðrum til vara ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Ella skal vísa frá dómi kröfum á hendur þeim sem eru sóttir til vara ef þeir krefjast þess."

Af hálfu stefnda Búnaðarbanka Íslands er því andmælt, að bankinn hafi átt hlut að máli eða beinlínis valdið því, að starfsmenn stefnda Samskipa hf. afhentu umrædda kröfu ásamt fylgihlutum, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinis, eins og haldið er fram af hálfu Samskipa hf. Í stefnu segir á einum stað (2. bl.): „Báðir stefndu hafa ekki fengist til að gera viðhlítandi grein fyrir sínum þætti í máli þessu og vísa hvor á annan sem sökudólg." Ekki eru því skilyrði til að sækja Búnaðarbanka Íslands og Samskip hf. í félagi skv. 1. tl. 19. gr. laga nr. 91/1991 til ábyrgðar á þeim mistökum sem áttu sér stað þó að dómkröfur megi rekja til sama atviks.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands um, að málinu verði vísað frá dómi hvað hann varðar, til greina. Á hinn bóginn þykja ekki efni til að taka kröfu stefnda Samskipa hf. í sömu veru til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefnandi, Fiatagri Danmark A/S, greiði stefnda Búnaðarbanka Íslands málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 krónur og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákvörðun um málskostnað milli stefnda Samskipa hf. og stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, bíður efnisdóms.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa stefnda Búnaðarbanka Íslands um að máli þessu skuli vísað frá dómi hvað hann varðar, er tekin til greina.

Krafa stefnda Samskipa hf., að málinu verði vísað frá dómi, er ekki tekin til greina.

Stefnandi, Fiatagri Danmark A/S, greiði stefnda Búnaðarbanka Íslands 50.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 458/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnari Péturssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var málinu áfrýjað með stefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar á refsiákvörðun héraðsdóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna og málsvarnarlauna á báðum dómstigum.

Eins og áfrýjun málsins er háttað, eru ekki efni til að hrófla við málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Að því athuguðu og með skírskotun til forsendna dómsins ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 5. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 465/1993: Ákæruvaldið gegn Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærða, Gunnari Péturssyni, Háholti 3, Hafnarfirði, fæddum 13. desember 1970, fæðingarnúmer 313, „fyrir fjársvik með því að hafa þann 29. janúar 1993 á tveim stöðum í Reykjavík tekið á leigu myndbandstæki og spólur í þeim tilgangi að draga sér munina og selja, hvað ákærði gerði með aðstoð kunningja síns, og afla sér þannig fjár, svo sem nánar greinir:

1. Tæki af gerðinni Sony T22, að verðmæti allt að kr. 30.000, hjá Nýmynd sf., Skipholti 9. Selt á kr. 8.000.
2. Tæki af gerðinni Tensai og 2 spólur, að verðmæti allt að kr. 50.000, hjá Ríkinu, myndbandaleigu og söluturni, Snorrabraut 56. Selt fyrir kr. 15.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða, auk vaxta:

1. Nýmynd sf., Skipholti 9, kt. 590392–2949, kr. 30.000.
2. Ríkið, Snorrabraut 56, kt. 520686–1509, kr. 50.000.“

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök. Þar sem ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hann hafi tekið tækin á leigu í því skyni að selja þau, varðar brot hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið 11 dóma fyrir brot gegn 106., 110., 155., 218., 244., 257. og 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum, aðallega 48. gr. Nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú 5 árum og 3 mánuðum. Auk þessa sættist ákærði á dómsátt árið 1987 fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot og þann 19. júní 1992 fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf. Síðast hlaut ákærði dóm þann 15. desember sl., 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun og umferðarlagabrot.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 72., 77. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

– – –

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Skaðabótakröfu Nýmyndar sf. og Ríkisins er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 25.000,00.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 471/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Baldri Reyni Haukssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var málinu áfrýjað með stefnu 7. október 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Reynir Hauksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 16. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 417/93: Ákæruvaldið gegn Baldri Reyni Haukssyni, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. ágúst, á

hendur Baldri Reyni Haukssyni, Austurvegi 10, Grindavík, fæddum 16. janúar 1972, fæðingarnúmer 452, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 brotist inn í Hárgreiðslustofuna Hárþing og Arkitektastofuna við Austurvöll, hvor tveggja til húsa í Pósthússtræti nr. 13 í Reykjavík, og stolið þar skiptimynt, vasareikni, hárskurðarvél og straumbreyti, sem hann hafði safnað saman í plastpoka er lögregla kom að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi gerst sekur um það brot, sem honum er að sök gefið í ákæru og þar er réttilega heimfært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunar við akstur á árunum 1990-1991. Þá hefur hann hlotið 3 refsidóma, þann fyrsta árið 1990, 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár vegna þjófnaðar, annan í febrúar 1991, 1 mánaðar fangelsi vegna þjófnaðar og nytjastuldar, og þann þriðja 20. janúar 1992, 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár vegna þjófnaðar.

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 20. janúar 1992. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Reynir Hauksson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 495/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni
(Kristján Stefánsson hrl.) **og**
Guðbjarti Rögnvaldssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður. Skjalafals. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærðu áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. desember 1993 til þyngingar á refsingu. Með yfirlýsingu 23. desember 1993 féll ákærði Ágúst Sigurþór frá áfrýjun. Ákæruvaldið heldur hins vegar við áfrýjun, að því er hann varðar, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist það allt að einu staðfestingar á refsingu beggja ákærðu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Guðbjartur greiði áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir. Með vísan til 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að fella áfrýjunarkostnað vegna ákærða Ágústs Sigurþórs á ríkissjóð, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðbjartur Rögnvaldsson greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur, svo og annan áfrýjunarkostnað sakarinnar að hálfu.

Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði, þar

með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Ágústs Sigurþórs Guðmundssonar fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-439/1993: Ákæruvaldið gegn Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni og Guðbjarti Rögnvaldssyni, en málið var dómtekið 24. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst sl., á hendur „Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni, Engihjalla 9, Kópavogi, fæddum 27. október 1967, fæðingarnúmer 577, og Guðbjarti Rögnvaldssyni, Barónsstíg 23, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1951, fæðingarnúmer 452, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík á tímabilinu frá október 1992 fram í júní 1993:

I. Ákærða Ágústi er gefið að sök:

A.

Að hafa miðvikudaginn 10. mars stolið 250 þýskum mörkum í íbúð í Suðurhjalla 18. (RLR-mál nr. 1007/93.)

B.

Að kvöldi laugardagsins 13. mars 1993 í félagi við annan mann stolið seðlaveski með 3.000 krónum á veitingahúsinu Keisaranum. (RLR-mál nr. 1942/93.)

C.

Mánudaginn 7. júní 1993 brotist inn í verslunina Studio, Laugavegi 66, og stolið sjónvarpi, 2 vestum, belti og 5-6 jökkum. (RLR-mál nr. 2316/93.)

D.

Fimmtudaginn 24. júní stolið seðlaveski úr jakka á skrifstofu Úlfars Kristinssonar, kt. 300657-5249, Skúlatúni 2. (RLR-mál nr. 2575/93.)

Telst ofangreind háttsemi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

E.

Miðvikudaginn 10. mars framvísað á Keflavíkurflugvelli greiðslukorti Sveins Antons Sveinssonar frá Visa nr. 4539 8600 0002 0791 og falsað þar nafn Sveins undir nótu nr. 7788035 fyrir andvirði kr. 4.500, sem ákærði lét skuldfæra á reikning Sveins hjá greiðslukortafyrirtækinu. (RLR-mál nr. 1007/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

F.

Mánudaginn 7. júní þegið hjá ákærða Guðbjarti 27.000 krónur af þýfi úr innbroti og þjófnaði ákærða Guðbjarts í söluturninum Candis samkvæmt ákærulið III.I, þrátt fyrir það að ákærða Ágústi Sigurþóri væri fullkunnugt um, hvernig ákærði Guðbjartur var að peningunum kominn. (RLR-mál nr. 2293/93.)

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu er báðum gefið að sök:

A.

Að hafa í maí brotist inn í þvottahús og geymslu hússins nr. 23 við Barónsstíg og stolið hjólsög, naglabyssu og handverkfærum, svo sem skrúfjárnum, töngum og hömrum. (RLR-mál nr. 2306/93.)

B.

Í lok maí brotist inn í húsakynni Múrarafélags Reykjavíkur á 3. hæð hússins nr. 25 við Síðumúla, brotið upp hurðir og hirslur í leit að fjármunum og stolið póstkassa, klukku, myndbandstæki og um 2.000 krónum. (RLR-mál nr. 2184/93.)

C.

Á síðastgreindum tíma brotist inn í verslunina Fótoval, Skipholti 50b, og stolið ljósmyndavélum og ljósmyndalinsum að verðmæti allt að um kr. 900.000. (RLR-mál nr. 2188/93.)

D.

Aðfaranótt þriðjudagsins 1. júní brotist inn í veitingastaðinn Gullborg, Laugavegi 78, Reykjavík, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 6 vindlingalengjum, 2 reiknivélum, áfengi, bjór, kassa af te, símsvara, 4 sím-

tækjum, vindlakassa, 40 hljómdiskum, útvarpsmagnara, segulbandstæki og hljómdiksspilara. (RLR-mál nr. 224/93.)

E.

Aðfaranótt miðvikudagsins 2. júní brotist inn í verslunina Kjallarann, Laugavegi 67, stolið um 25.000 krónum og miklu magni af fatnaði og skartgripum og sólgleraugum samtals að verðmæti allt að kr. 500.000. (RLR-mál nr. 2222/93.)

F.

Aðfaranótt laugardagsins 12. júní brotist inn í húsið nr. 89 við Grettisgötu og stolið tölvu og 2 tölvuprenturum í húsakynnum Fóstrufélags Íslands og tölvu, tölvuprentara og ritvél í húsakynnum Ljósmæðrafélags Íslands. (RLR-mál nr. 2352/93.)

III. Ákærða Guðbjarti er gefið að sök:

A.

Að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 28. október brotist inn í söluturninn Völl, Austurstræti 8, brotið þar upp spilakassa og stolið úr honum kr. 27.630. (RLR-mál nr. 4093/93.)

B.

Aðfaranótt sunnudagsins 13. desember brotist inn í húsið nr. 8 við Austurstræti og stolið 27 kveikjurum, 13 vindlingapökkum, 9 bréfum af píputóbaki, 4 eyrnalokkum og 1.241 krónu í söluturninum Velli og verslununum Topphúsinu og Ísadóru. (RLR-mál nr. 4692/92.)

C.

Aðfaranótt fimmtudagsins 8. apríl reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í söluturninn Barón, Laugavegi 86, í félagi við Aðalstein Aðalsteinsson, kt. 120265-4239, en lögreglumenn komu að þeim á vetttvangi. (Mál nr. R-8049/93.)

D.

Aðfaranótt þriðjudagsins 25. maí brotist inn í Stjörnubíó og stolið myndbandstæki og símtæki. (RLR-mál nr. 2068/93.)

E.

Aðfaranótt föstudagsins 28. maí brotist inn í hárgreiðslustofuna Hödd, Grettisgötu 5, Reykjavík, og stolið símtæki, útvarpstæki, rafhárklippum, kömbum í hárklippur og myndavél. (RLR-mál nr. 2161/93.)

F.

Aðfaranótt laugardagsins 29. maí stolið tösku úr bifreiðinni R-39606 við Grettisgötu 67 en í töskunni voru 2 veiðihjól með flugulínum, stök flugulína, 2 hnífar, 2 veiðihúfur, 5 flugubox með flugum og fiskirotari. (RLR-mál nr. 2169/93.)

G.

Aðfaranótt laugardagsins 5. júní brotist inn í húsið nr. 66 við Laugaveg og stolið um 5.000 krónum í snyrtivöruversluninni Brá og um 10.000 krónum í tískuvöruversluninni Studio. (RLR-mál nr. 2243/93.)

H.

Síðastgreinda nótt brotist inn í verslunina Björk, Bankastræti 6, og stolið töluverðu magni af barmmerkjum og kveikjurum. (RLR-mál nr. 2252/93.)

I.

Aðfaranótt mánudagsins 7. júní brotist inn í söluturninn Candis, Laugavegi 118, brotið þar upp spilakassa og stolið úr honum 158.100 krónum. (RLR-mál nr. 2293/93.)

J.

Aðfaranótt fimmtudagsins 10. júní brotist inn á skrifstofu Kvennalistans, Laugavegi 17, og stolið tölvu með lyklaborði, ritvél, símtæki og stimplum. (RLR-mál nr. 2331/93.)

K.

Aðfaranótt föstudagsins 18. júní brotist inn í rakarastofu í Stórholti 1 og stolið 2-3 flöskum af rakspíra, hárskurðarvél, greiðslukortanótum að verðmæti um kr. 30.000 og um 3.000 krónum í reiðufé. (RLR-mál nr. 2450/93.)

Telst háttsemi í II. kafla ákæru og liðum III.A – K varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og í ákærulið III.C jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

L.

Í lok maí notað í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann dagsetti 31.5. 1993 og falsaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands. Tékkarnir eru með stimplinum „Veitingahúsið Gullborg hf." í útgáfureit tékkanna:

1) Nr. 1894348, kr. 3.500, með útgefandanafnrituninni Björg Sigur. . . . . Seldur í söluturninum Barón, Barónsstíg.

2) Nr. 1894350, kr. 4.500, með útgefandanafnrituninni Ásta Baldursdóttir. Seldur á Bifreiðastöð Íslands við Vatnsmýrarveg. (RLR-mál nr. 2184/93.)

M.

Þann 17. júní framvísað á eftirgreindum stöðum greiðslukorti Gunnars H. Haukssonar frá Kreditkortum hf., nr. 5414 8301 0495 8102 og falsað þar nafn Gunnars undir nótur fyrir úttekt á vörum, sem hann lét skuldfæra á viðkomandi reikning Gunnars hjá greiðslukortafyrirtækinu:

1) Hjá Nýmynd hf., Skipholti 9, nótu nr. 2840431 fyrir andvirði kr. 1.300.
2) Í verslun við Skólavörðustíg 42 nótu nr. 4947266 fyrir andvirði kr. 2.833.
3) Í söluturni Grettisgötu 64 nótu nr. 2983293 fyrir andvirði kr. 9.770.
4) Í söluturninum Aðalhorninu, Barónsstíg 27, nótu nr. 4318525 fyrir andvirði kr. 4.880. (RLR-mál nr. 2404/93.)

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum III.L og III.M varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta auka vaxta:

– – –

Ákæruvaldið hefur fallið frá ákæru á hendur ákærða Ágústi Sigurþóri í ákærulið II. A. Þá hefur verið fallið frá ákæru á hendur báðum ákærðu að því er lýtur að ritvél, sem getið er um í ákærulið II. F og ákærulið III. C á hendur ákærða Guðbjarti.

– – –

Niðurstöður.

I A – F.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða Ágústs, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í I. kafla ákæru, utan ekki er sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi tekið við hærri fjárhæð en kr. 17.000 samkvæmt ákærulið I F, en ákærði Guðbjartur hefur ekki viðurkennt að hafa stolið hærri fjárhæð en þeirri í innbroti því sem um getur í ákærulið III I.

Brot ákærða í þessum kafla ákæru eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

II A.

Sannað er með framburði ákærða Guðbjarts, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, en svo sem rakið var hefur ákæruvaldið fallið frá þessum ákærulið á hendur ákærða Ágústi.

II B.

Sannað er með skýlausri játningu beggja ákærðu, að þeir hafa framið háttsemi þá, sem hér er ákært út af.

II C.

Svo sem rakið var, hefur ákærði Ágúst lýst þennan ákærulið réttan.

Ákærði Guðbjartur hefur greint frá því, að hann hafi talið verðmæti muna, sem stolið var úr versluninni Fótóval, ekki hafa numið hærri fjárhæð en kr. 100 þúsund, þrátt fyrir það að munum að verðmæti um 270 þúsund krónur hafi verið skilað. Ákærði Guðbjartur kvað ákærðu hafa látið greipar sópa algjörlega af handahófi inni í versluninni. Ákærði Ágúst kvað talsverðu magni af ljósmyndavélum, linsum og öðrum tækjum hafa verið stolið í innbroti þessu.

Meðal gagna málsins er listi frá Fótovali, þar sem taldir eru upp munir þeir, sem stolið var í innbroti því, sem hér er ákært út af, og er kostnaðarverð hlutanna sagt vera kr. 904.239.

Dómurinn telur sannað með framburði beggja ákærðu, að þeir hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og með framburði ákærða Ágústs, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að verðmæti hinna stolnu muna hafi verið það sem í ákæru greinir, en svo sem rakið var, hafa ákærðu ekki gert sér nákvæma grein fyrir þýfinu, enda létu þeir

greipar sópa algjörlega af handahófi, svo sem ákærði Guðbjartur bar fyrir dóminum.

II D.

Dómurinn telur sannað með framburði beggja ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi, að þeir hafi framið þá háttsemi, er hér er ákært út af, utan að ekki er sannað að ákærðu hafi stolið 6 vindlingalengjum, símsvara, 4 símtækjum, vindlakassa og útvarpsmagnara og eru báðir ákærðu því sýknaðir af þeim þætti þessa ákæruliðar.

II E.

Ákærði Ágúst bar hjá lögreglu að hann teldi bótakröfu frá versluninni Kjallaranum 90 til 100 þúsund krónum of háa, en bótakrafan er að fjárhæð kr. 421.420, eftir að munum að verðmæti kr. 103.980 hafi verið skilað.

Fyrir dómi kvað ákærði Ágúst megnið af þýfinu hafa komist til skila, en viðurkenndi að hafa stolið munum þeim, sem ákært er út af, í samvinnu við meðákærða, en mundi ekki eftir því að stolið hefði verið kr. 25.000.

Ákærði Guðbjartur gerði ekki athugasemd við bótakröfu verslunarinnar Kjallarans, er krafan var borin undir hann hjá lögreglu, en hér fyrir dómi taldi ákærði Guðbjartur lista frá versluninni yfir þýfið allt of háan, en þýfið hafi komist fyrir í einum innkaupapoka.

Dómurinn telur með framburði beggja ákærðu sannað, að ákærðu hafi brotist inn, svo sem ákært er út af, og stolið allt að kr. 5.000. Þá telur dómurinn sannað með framburði ákærða Ágústs, sem fær að mestu leyti stuðning af framburði ákærða Guðbjarts og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi í þessu innbroti stolið munum að verðmæti allt að kr. 500 þúsundum.

II F.

Sannað er með framburði beggja ákærðu, að þeir hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af, en svo sem rakið var hefur ákæruvaldið fallið frá því að ákæra vegna ritvélarinnar, sem getið er um í þessum ákærulið.

Brot ákærðu í þessum kafla ákæru eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

III A.

Sannað er með framburði ákærða sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hefur framið þessa háttsemi.

III B.

Svo sem rakið var hér að framan reyndist ákærði við handtöku aðfaranótt 13. desember sl. hafa í fórum sínum muni þá, sem hann er hér ákærður fyrir að hafa stolið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið sumum þeirra muna, sem í ákæru greinir. Dómurinn telur hins vegar með vísan til ofanritaðs og gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af.

III C.

Svo sem rakið var hefur verið fallið frá þessum ákærulið.

III D.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þessa háttsemi.

III E.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þessa háttsemi, utan að ákærði er sýknaður af því að hafa stolið símtæki, útvarpstæki og myndavél.

III F og G.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið háttsemi þá, sem ákært er út af í þessum ákæruliðum.

III H.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og stolið töluverðu magni af þar til greindum munum, en hinn 31. ágúst sl. lagði lögreglan hald á 92 kveikjara og 112 barmmerki, en ákærði hafði borið, að 20 til 30 kveikjurum og álíka magni af barmmerkjum, hefði verið stolið í þessu innbroti.

III I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, en gegn neitun ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi er ekki sannað að hann hafi stolið hærri fjárhæð en kr. 17 þúsundum.

III J og K.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið háttsemi þá, sem hér er ákært út af, utan að ákærði er sýknaður af því að hafa stolið hárskurðarvél og greiðslukortanótum að verðmæti kr. 30 þúsund, svo sem ákært er út af í ákærulið III K.

III L.

Ákærði hefur borið að hann hafi fengið þessa tékka í hendur frá meðákærða Ágústi og ekki vitað af því, að þeir voru falsaðir. Ákærði hefur aldrei viðurkennt að hafa falsað þessa tékka svo sem ákært er út af, og er ákærði sýknaður af þeirri háttsemi.

III. M.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi.

Brot ákærða í þessum ákærukafla eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákærði Ágúst hefur frá árinu 1990 hlotið 4 refsidóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals og þjófnaði. Í júní 1992 hlaut ákærði Ágúst 30 daga skilorðsbundið fangelsi í 3 ár fyrir skjalafals. Í mars á þessu ári hlaut ákærði Ágúst 2ja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og í maí á þessu ári 2ja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Ákærði Ágúst hlaut í maí á þessu ári reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, samtals 60 dögum, en hinn 9. ágúst sl. hóf ákærði Ágúst afplánun eftirstöðva refsingarinnar. Refsing ákærða Ágústs er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Guðbjartur hlaut í janúar á þessu ári 60 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals og fjársvik og í mars á þessu ári hlaut ákærði Guðbjartur dóm, 80 þúsund króna sekt fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði Guðbjartur hefur með brotum þeim, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð dóms frá 21. janúar sl., er hann hlaut 60 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár og er sá dómur nú tekinn upp og dæmdur með máli þessu og ákærða Guðbjarti dæmd refsing eftir reglum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu brutust saman inn á 5 stöðum. Þá braust ákærði Guðbjartur inn einn á 10 stöðum. Ákærði Guðbjartur er því dæmdur fyrir 15 innbrotsþjófnaði auk skjalafalsbrota. Ákærði Ágúst er dæmdur fyrir 6 innbrot, 3 önnur þjófnaðarbrot, skjalafals og hylmingu. Ákærðu stálu miklum verðmætum, svo sem rakið hefur verið, og nemur andlag þjófnaðarbrotanna milljónum króna. Brot beggja ákærðu eru því stórfelld svo sem rakið hefur verið.

Refsing ákærða Ágústs þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 15 mánuði og skal 10 daga gæsluvarðhald ákærða koma til frádráttar refsivistinni.

Refsing ákærða Guðbjarts þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 2 ár og skal 8 daga gæsluvarðhald hans koma til frádráttar refsivistinni.

Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsins vísast varðandi báða ákærðu til 76. gr. almennra hegningarlaga.

– – –

Svo sem rakið var, hafa ákærðu að mestu leyti játað háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru.

Ákærðu greiði óskipt kr. 30.000 í saksóknarlaun sem renni í ríkissjóð.

Ákærði Ágúst Sigurþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000 í málsvarnarlaun og ákærði Guðbjartur greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 40.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ágúst Sigurþór Guðmundsson sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 10 daga gæsluvarðhald ákærða Ágústs.

Ákærði Guðbjartur Rögnvaldsson sæti fangelsi í 2 ár, en til frádráttar refsivistinni komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða Guðbjarts.

Ákærðu greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

Ljósmæðrafélagi Íslands kr. 217.000.

Rauða krossi Íslands kr. 17.000.

Ákærði Guðbjartur greiði eftirtöldum skaðabætur:

Tímaritinu Veru kr. 110.000.

Kreditkortum hf. kr. 12.603.

Ákærðu greiði óskipt kr. 30.000 í saksóknarlaun sem renni í ríkissjóð.

Ákærði Ágúst greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Guðbjartur greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 40.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 461/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þórði Jóhanni Eyþórssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Manndráp. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1993. Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði ekki sakfelldur fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem hann hlýtur dóm fyrir. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eigi verður talið sannað, að með ákærða hafi búið fyrir fram sá ásetningur að svipta Ragnar Ólafsson lífi, er hann fór niður kjallaratröppurnar á Snorrabraut 36 í Reykjavík. Þegar ákærði kom æðandi inn í eldhúsið með brugðinn hnífinn og lagði til Ragnars, hlaut honum þó að vera ljóst, að slík atlaga myndi sennilega leiða til dauða. Ber að meta verknaðinn, svo sem héraðsdómari gerir, ásetningsverk, er varði við 211. gr. laga nr. 19/1940.

Af gögnum málsins um sambúð ákærða og Hildar Fríðu Þórhallsdóttur er ljóst, að samband þeirra var mjög stormasamt. Upp úr sambúðinni slitnaði tæpri viku fyrir þann örlagaríka atburð, sem mál þetta snýst um. Var ákærði haldinn afbrýðisemi gagnvart Ragnari Ólafssyni vegna fyrra sambands Ragnars og Hildar Fríðu og óttaðist einnig, að Ragnar héldi fíkniefnum að henni. Þótt þessar tilfinningar afsaki ekki gerðir ákærða, varpa þær þó ljósi á hugarástand hans, og verður að gera ráð fyrir því, að hann hafi unnið verkið í geðshræringu og óyfirvegað.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði með broti því, sem hann er hér sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnar, sem

hann fékk 25. nóvember 1989 á 7 ára refsivist. Ber því við ákvörðun refsingar nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt, með hliðsjón af refsivistinni, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr. og 77. gr. sömu laga. Rétt þykir með vísan til 79. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða refsingu ákærða 20 ára fangelsi.

Samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 ber gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 22. ágúst 1993 til uppsögu dóms þessa að koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, sæti fangelsi í 20 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. ágúst 1993.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Ingibjargar Benediktsdóttur

Að mínu áliti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ég er samþykk málskostnaðarákvæði í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1993

Ár 1993, föstudaginn 22. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 521/1993: Ákæruvaldið gegn Þórði Jóhanni Eyþórssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. september sl., á hendur ákærða, Þórði Jóhanni Eyþórssyni, Njörvasundi 40 hér í borg, fæddum 20. ágúst 1957, fæðingarnúmer 534.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir manndráp með því að hafa skömmu fyrir kl. 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 22. ágúst 1993 svipt Ragnar Ólafsson, kt. 210860-7549, lífi á heimili hans í kjallaraíbúð að Snorrabraut 36, Reykjavík, með því að stinga hann með vasahníf í hjartastað. Ragnar gekkst undir bráðabrjóstholsaðgerð á Landspítalanum í Reykjavík, en ekki tókst að bjarga lífi hans, og var Ragnar Ólafsson úrskurðaður látinn kl. 04.20 af losti sökum blóðmissis og hjartalömunar vegna áverka í hjartanu.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Dómarinn fékk mál þetta afhent til meðferðar 23. september sl., gaf út fyrirkall degi síðar og þingfesti málið 27. september sl.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 22. ágúst sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um áflog og hávaða frá kjallaranum að Snorrabraut 36. Þrír lögreglumenn héldu á staðinn, og er þeir komu þangað var búið að brjóta hurð að kjallaraíbúðinni og á eldhúsgólfinu lá Ragnar Ólafsson, sem átti heima í íbúðinni. Blæddi mikið úr honum og virtist hann rænulítill og fölur. Á gólfinu lá vasahnífur (fiskihnífur), og var hann lokaður. Skurður var á vinstri síðu Ragnars og blæddi úr honum. Sjúkrabifreið flutti Ragnar á brott á bráðamóttöku Landspítalans, en þar á spítalanum var reynt að bjarga lífi hans með bráðabrjóstholsaðgerð.

Tvær konur voru á staðnum að stumra yfir Ragnari og virtust þær mjög miður sín. Þetta voru Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir, sem bjó þarna með Ragnari, og Hildur Fríða Þórhallsdóttir, Hjarðarhaga 36 í Reykjavík. Skýrðu þær frá því, að ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, hefði ruðst þarna inn og stungið Ragnar með vasahnífnum og síðan hlaupið út. Þá kvað Hildur Fríða ákærða einnig hafa ætlað að stinga sig, en hún hefði getað forðað sér.

Haft er eftir Hildi Fríðu í skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu, að Hildur Fríða hafi upplýst á staðnum, að hún hefði verið sambýliskona ákærða, en þau hefðu slitið samvistum fyrir um viku, og hefði hann reynt að fá hana aftur til sín, en hún ekki viljað það. Kvað Hildur Fríða ákærða hafa að ástæðulausu verið afbrýðisaman út í Ragnar og þess vegna hefði hann stungið hann. Þá er haft eftir Hildi Fríðu, að ákærði hefði

verið ölvaður undanfarna daga og hefði hann fyrr um kvöldið verið staddur á veitingastaðnum Keisaranum, og þar hefði hann frétt, að hún væri stödd þarna. Enn upplýsti Hildur Fríða, að einhver hefði verið með ákærða, en ekki vissi hún, hvert hann hefði farið. Loks upplýsti Hildur Fríða, að Ragnar hefði nýlega verið búinn að taka inn talsvert magn af amfetamíni, og á bekk í eldhúsinu var veski með áhöldum til fíkniefnaneyslu og hvítt duft þar hjá.

Hildur Fríða og Guðbjörg Inga voru fluttar í fangageymslur lögreglunnar, og klukkan 4.20 um nóttina var lögreglunni tilkynnt frá bráðamóttöku Landspítalans, að Ragnar væri látinn.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn klukkan 3.00 um nóttina, og héldu þá á staðinn tveir rannsóknarlögreglumenn og nokkru síðar hinn þriðji, og gerði einn þeirra skýrslu um för þeirra þangað. Í skýrslunni segir um vettvang, að um sé að ræða tveggja herbergja kjallaraíbúð, sem skiptist í stofu, svefnherbergi, eldhús, snyrtingu og gang. Töluverð óreiða hafi verið í íbúðinni og veggjakrot á mörgum veggjum. Í eldhúsi voru ýmis áhöld talin tengjast fíkniefnaneyslu, t. d. sviðnar skeiðar, mjó gúmmíslanga og askja með hvítu dufti. Nánast engin búslóð var í íbúðinni nema í kössum á gólfi. Á eldhúsgólfi var mikið blóð, sem sporast hafði út víða um íbúðina. Enn fremur var þar töluvert af umbúðum undan hjúkrunargögnum, væntanlega frá lækni á neyðarbíl, sem kom á vettvang. Á gólfinu fyrir neðan eldhúsvask lá vasahnífur með brúnu skafti. Rúða í útidyrahurð íbúðarinnar var brotin og dyrastafur illa brotinn. Við smekklás á utanverðri hurðinni var lítils háttar blóðkám. Ákærði gaf sig fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu klukkan 8.35 á sunnudagsmorgninum og kom þangað með fyrrverandi eiginkonu sinni. Hann var fyrst færður í fangaklefa og klukkan 12.30 í Síðumúlafangelsi.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar og annarra efnarannsókna klukkan 9.35 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar, sem fram fór hjá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,22‰ og í þvagi hans reyndist magn alkóhóls 1,35‰.

Auk alkóhóls í blóði ákærða var í þvagi hans tetrahýdrókannabínólsýra, sem er umbrotaefni tetrahýdrókannabínóls, hins vímugefandi efnis í kannabis. Í þvaginu mátti einnig greina amfetamín, og var magn þess í blóðinu 225 ng/ml. Staðfesta niðurstöðutölur þessara rannsókna, að ákærði hefur nokkru áður en sýnin voru tekin, neytt áfengis, kannabis, svo og tekið amfetamín. Magn etanóls í blóði og þvagi bendir til ölvunar og að drykkja hafi verið tiltölulega nýbyrjuð. Magn amfetamíns í blóðinu var langt umfram það, sem búast mátti við eftir töku lækningalegra skammta, en var þó mun minna en oft í blóði amfetamínista.

Sveinn Kjartansson, læknir fangelsisins í Síðumúla 28, skoðaði ákærða þennan dag á milli klukkan 15 og 15.30. Í vottorði læknisins um skoðunina segir, að ákærði hafi sagt, að hann myndi óljóst eftir atburðinum og að hann hefði verið undir áhrifum áfengis og amfetamíns eftir rúmlega sólarhringsneyslu. Síðan segir í vottorðinu, að ákærði hafi í viðtalinu við lækninn verið mjög spenntur, kvíðinn og klökkur. Hann hafi verið skjálfhentur með hraðan púls (96/mín) og fráhvarfseinkenni. Engin áverkamerki fundust við líkamsskoðun og ekki merki um bráðan alvarlegan geðsjúkdóm, í þessu viðtali, sem stóð um hálfa klukkustund.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu í yfirheyrslu, sem hófst þennan sama dag laust fyrir klukkan 16, og skýrði hann þá svo frá, að hann hefði frétt það í veitingahúsinu Keisaranum á leið sinni heim til fyrri konu sinnar, að Hildur Fríða, sem hefði búið með honum, hefði verið að leita að honum og væri hún hjá Ragnari Ólafssyni. Ákærði var með Reyni Björgvinssyni, sem ætlaði að aka ákærða heim til fyrri konu hans, og fékk ákærði Reyni til þess að koma við á Snorrabrautinni, og þar kvaðst hann hafa farið inn bakdyra megin í húsið. Ákærði sá Hildi Fríði, Ragnar og Guðbjörgu Ingu, sambýliskonu Ragnars, inn um eldhúsglugga íbúðarinnar. Snöggfauk í hann við að sjá Hildi Fríðu þarna, þó að þau væru ekki að gera neitt sérstakt, en margt hefði verið búið að ganga á áður.

Ákærði var með vasahníf á sér og tók hann upp og opnaði á leið niður tröppurnar. Hann sparkaði síðan upp hurðinni og fór beint inn í eldhús. Kvaðst ákærði hafa haldið um hnífinn með hægri hendi og hefði blaðið vísað í átt að Ragnari. Þeim hefði lent saman um leið og svo farið í sundur. Þá hefði Ragnar tekið með hendinni um sig og sagt eitthvað, en ákærði gerði sér þá grein fyrir því, að hnífurinn hefði stungist í hann. Ákærði hraðaði sér síðan á brott. Verður síðar gerð nánari grein fyrir framburði ákærða.

Þennan sama dag var af hálfu rannsóknarlögreglu gerð krafa til þess, að ákærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 29. september sl. Var krafan lögð fram í dóminum klukkan 21 um kvöldið og sakarefnið borið undir ákærða, sem játaði í dóminum að hafa lagt til Ragnars Ólafssonar með hnífi sl. nótt. Staðfesti ákærði jafnframt, að skýrsla sú, sem rannsóknarlögreglan var búin að taka af honum, væri rétt. Gæsluvarðhaldskrafan var að fullu tekin til greina og ákærði færður í gæsluvarðhald klukkan 21.58 um kvöldið, og hefur hann sætt gæsluvarðhaldi síðan, en gæsluvarðhaldið var framlengt með úrskurði dómsins 27. september sl. og þá til miðvikudagsins 15. desember nk.

Eins og fram er komið andaðist Ragnar Ólafsson um nóttina, og næsta dag var lík hans krufið. Gerð var skýrsla um krufninguna, og er hún undir-

rituð af Bjarka Magnússyni, lækni á Rannsóknastofu háskólans. Í niðurlagi skýrslunnar er gerð grein fyrir niðurstöðu krufningarinnar. Þar segir, að þar sem bráðabrjóstholsaðgerð (thoracotomia acuta) hafi verið gerð á manninum, sé ekki unnt að segja með fullri nákvæmni, hvar innstungusárið var og hver leið þess að hjartanu hafi verið, en leifar af innstungusárinu hafi verið til staðar í neðra kanti aðgerðarskurðar svarandi til 6. millirifjabils vinstra megin, og læknirinn, sem gerði aðgerðina, hafi upplýst, að innstungusárið hafi verið í 6. millirifjabili vinstra megin. Stungusárið í framvegg hægra slegils sé hins vegar svarandi til 4. millirifjabils og stungusárið í bakveggnum sé 1 cm ofar og hafi hnífnum því verið beitt talsvert upp á við. Hnífstungan hafi einnig farið í gegnum pleura mediastinalis sin., sem skýri hvers vegna 750 ml af blóði hafi verið í vinstra brjóstholi. Dánarorsök Ragnars hafi verið lost af völdum blóðmissis og hjartalömun vegna fyrrgreindra áverka í hjartanu.

Rannsóknastofa háskólans í lyfjafræði rannsakaði í tengslum við krufninguna á líki Ragnars magn ýmissa efna í líki hans. Etanól var ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi. Með hlutsíun á basiskum lyfjum í þvagi fannst amfetamín, en engin önnur lyf eða eiturefni, sem greina mátti með þessari aðferð. Amfetamín var ákvarðað og reyndist magn þess 1,7 míkróg/ml. Í þvaginu var hvorki morfín né skyld lyf né kókaín eða umbrotsefni þess, benzóýlekgónín. Í þvaginu var hins vegar tetrahýdrókannabínólsýra, umbrotsefni tetrahýdrókannabínóls, hins vímugefandi efnis í kannabis.

Magn amfetamíns í blóðinu var svo mikið, að Ragnar hefði getað tekið stóra skammta af amfetamíni daglega. Auk þess hafi hann tekið kannabis a. m. k. innan 2-3 vikna fyrir lát sitt.

– – –

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins, en allir þessir aðilar höfðu áður gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði kveðst hafa kynnst Hildi Fríðu Þórhallsdóttur í desember 1992, en þá var hann í hjónabandi með Hjördísi Sigurgeirsdóttur, en fluttur að heiman og við vinnu á bónstöð. Ákærði og Hjördís skildu lögskilnaði sl. sumar, líklega í júní, en ákærði var byrjaður sambúð með Hildi Fríðu fljótlega eftir sl. áramót, og stóð sú sambúð til 17. ágúst sl. eða þar í kring.

Áður en ákærði og Hildur Fríða hófu sambúð, hafði hún verið í sambandi við Ragnar Ólafsson, en ákærði telur rangt í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að þau hafi verið í sambúð. Þessu sambandi var lokið um hálfu ári áður en ákærði hóf sambúðina við hana, en þau bjuggu að Hjarðarhaga 36 hér í borg, og þangað fór Ragnar að venja komur sínar strax og hann losnaði úr afplánun á Litla-Hrauni. Fannst ákærða hann vera að reyna að

splundra sambandi þeirra Hildar Fríðu, og hafði hann sagt ákærða, að hann ætlaði að ná henni aftur.

Í júlí sl. lentu ákærði og Hildur Fríða í óreglu og varð sundurorða, og fór hún þá frá ákærða, sem grunaði, að hún hefði farið til Ragnars. Fór ákærði þangað að leita hennar tvívegis, en náði ekki sambandi við neinn í íbúðinni.

Næst þegar ákærði og Hildur Fríða hittust sagðist hún hafa verið hjá Ragnari, og varð ákærði þá mjög reiður og hélt heim til hans til að jafna um hann, en náði ekki sambandi við hann. Eftir þetta fór ákærði á ný til Hildar Fríðu, og var Ragnar þá þar og hafði gist þar nóttina áður.

Ákærði og Hildur Fríða ræddu nú málin og hélt sambúðin áfram, en henni lauk, eins og áður greinir, sl. sumar.

Ákærði kveðst hafa verið við mikla áfengisdrykkju laugardaginn 21. ágúst sl. og fram á nóttina, og hafði hann byrjað að neyta áfengis daginn áður. Var ákærði búinn að vera frá því eftir hádegi á laugardeginum með Reyni Björgvinssyni, og höfðu þeir verið að aka um borgina og nokkrum sinnum komið í veitingahúsið Keisarann. Þá höfðu þeir komið á Snorrabraut 36 og að húsi við Mánagötu þeirra erinda ákærða að hafa upp á Hildi Fríðu, en förin á Snorrabrautina var einnig vegna þess, að ákærða hafði verið boðið þangað af Ragnari Ólafssyni, sem ákærði hafði hitt á laugardagsmorgninum.

Einhvern tímann eftir miðnættið komu þeir Reynir einu sinni enn að Keisaranum, og þar fór ákærði inn, en Reynir beið úti í bifreiðinni. Þarna hitti ákærði Hauk nokkurn, sem var með skilaboð frá Hildi Fríðu vegna afmælis ákærða tveim dögum áður. Ekki sagðist Haukur mega segja ákærða, hvar Hildur Fríða væri, en sagði síðan, að hún hefði verið hjá Ragga á Snorrabrautinni, en það fannst ákærða ótrúlegt og skildi ekki, hvað hún væri að gera þar.

Ákærði vissi, að Hildur Fríða hafði verið að leita að honum að undanförnu, en segir, að það sé misskilningur, að Haukur hafi borið honum boð þess efnis. Ákærði ræddi við Hauk í um 5 mínútur og minnist þess ekki að hafa drukkið bjór með honum, en að samtali þeirra loknu fór ákærði út í bifreiðina og lét Reyni aka sér upp á Grettisgötu, en þar var bifreiðinni lagt, og héldu þeir síðan gangandi í gegnum sund á milli húsa og komu að bakhlið Snorrabrautar 36. Ekki veit ákærði, hvort Reynir fór inn í húsið, en ákærði gekk að því á undan honum. Ákærði segist hafa verið með blandaðar tilfinningar, þegar hann fór frá Keisaranum að Snorrabraut 36, vegna þess, sem hann hafði frétt um veru Hildar Fríðu þar, en hann fór þangað til að hitta hana.

Ákærði sá Hildi Fríðu, Ragnar og Guðbjörgu Ingu inn um eldhúsglugg-

ann, og sat Hildur Fríða á eldavélinni eða á borðinu. Þá sá ákærði, hvar Ragnar var í eldhúsinu, áður en hann æddi þangað inn. Við það að sjá Hildi Fríðu hjá Ragnari snöggfauk í ákærða, enda þótt þau væru ekki að gera neitt sérstakt.

Ákærði var með vasahníf í vasa sínum, og á leiðinni niður tröppurnar tók hann hnífinn upp og opnaði hann. Þetta gerði ákærði vegna fyrri kynna sinna af Ragnari Ólafssyni, sem oft var vopnaður og þá stundum með hníf, en hann átti til að missa stjórn á skapi sínu. Þá lagðist fyrra samband Ragnars og Hildar Fríðu illa í ákærða, svo og það, að Ragnar hafði komið Hildi Fríðu á ný til að sprauta sig með fíkniefnum, en hún hafði átt við mikinn fíkniefnavanda að stríða og verið í meðferð af þeim sökum. Þetta gerðist á meðan ákærði og Hildur Fríða voru í sambúð og hún hélt fram hjá ákærða með honum.

Ákærði kveðst næst hafa sparkað upp hurðinni að íbúðinni og síðan hrundið upp hurðinni inn í eldhúsið og óð þar inn með vasahnífinn í hægri hendi, þannig að blaðið sneri í átt að Ragnari. Kom ákærði fljúgandi inn í eldhúsið og Ragnar á móti honum. Fór hnífurinn einu sinni í hann, og við það hörfuðu báðir aftur á bak og Ragnar í átt að glugganum. Um leið sá ákærði Ragnar grípa með hendinni um síðu sér og segja eitthvað, heyrðu, eða eitthvað þannig. Ákærða brá mjög og flýtti hann sér út og áttar sig ekki á því, hvort Ragnar var þá fallinn í gólfið, og ekki sá ákærði neitt blóð á Ragnari né sjálfum sér. Ákærða minnir, að hann hafi hent hnífnum frá sér utan dyra opnum. Um leið og ákærði fór út sá hann Reyni í dyrunum inn í húsið.

Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir hættunni, sem því var samfara að koma æðandi inn í eldhúsið með opinn hníf fyrir framan sig, og hann man ekki eftir að hafa otað hnífnum tvisvar eða þrisvar að andliti og brjósti Hildar Fríðu né að hafa sparkað til hennar. Þá man hann ekki eftir að hún hafi lent niðri í vaskinum. Ákærði man ekki eftir að hafa lagt hnífinn saman og skilið hann eftir í eldhúsinu.

Hildur Fríða elti ákærða út úr húsinu og út á bílastæði þar fyrir utan og kallaði eitthvað á eftir honum, sem hann heyrði ekki, en hann fór beint inn í bifreiðina til Reynis, sem var kominn inn í hana á undan ákærða.

Ákærði bað Reyni að aka sér beint til Hjördísar, fyrri konu sinnar, og gerði hann það, og skildi leiðir þeirra fyrir utan húsið hjá henni. Ekki man ákærði, hvað hann ræddi við Reyni á leiðinni upp í Breiðholt eða hvort hann sagði honum, hvað hefði átt sér stað. Ákærði man ekki eftir að hafa haft orð á því, að kannski væri hann orðinn tvöfaldur morðingi.

Ákærði sagði Hjördísi, að hann héldi, að hnífur hefði lent í Ragnari Ól-

afssyni í átökum þeirra. Eftir að hafa rætt við Hjördísi leið ákærði út af, enda mikið drukkinn og þreyttur.

Um morguninn vakti Hjördís ákærða og sagði honum, að lögreglan væri að leita hans. Ákærði fór síðan fótgangandi til að gefa sig fram við lögregluna í Breiðholti, en þar var lokað, svo að hann sneri aftur heim til Hjördísar, sem ók honum á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem hann gaf sig fram.

Ákærði man eftir að hafa lent í átökum við Sæmund Þór Sæmundsson laugardagskvöldið 21. ágúst sl., en Sæmundur Þór hafði verið með yfirlýsingar við Hildi Fríðu helgina áður þess efnis, að ákærði væri geðveikur. Var þetta ástæða átakanna, og fullyrðir ákærði, að hann hafi ekki tekið upp hníf í þessum átökum, sem byrjuðu með því, að Sæmundur Þór kýldi ákærða í andlitið honum að óvörum.

Ákærði kannast ekki við að hafa farið frá Keisaranum á Snorrabrautina umrætt sinn með þeim ásetningi að vinna Ragnari mein með því að reka í hann hníf, og hann kannast ekki heldur við að hafa borið hatursbug til Ragnars vegna afbrýðisemi, en vinátta þeirra hafði kólnað, og þeir voru að öllu leyti hættir að heimsækja hvor annan.

Ákærði staðfestir, að auk þess að vera undir áhrifum áfengis umrætt sinn hafi hann einnig verið undir áhrifum amfetamíns, sem hann hafði notað nokkuð mikið þessa helgi. Þá hafði hann tekið einn „smók" af hassi í húsi við Mánagötu fyrr um kvöldið. Hann vefengir ekki, að hann eigi hnífinn, sem fannst á vettvangi.

Ákærði var staddur á Smiðjukaffi stuttu fyrir lokun á laugardagsmorgninum, og settist Ragnar Ólafsson hjá ákærða og bauð honum heim. Meðal annars ræddu þeir afmæli sín. Þá fékk ákærði amfetamín hjá Ragnari, sem bauð honum það.

Ákærði stóð í þeirri trú, þegar hann vissi af Hildi Fríðu á Snorrabrautinni, að hún væri á ný að ánetjast fíkniefnum, en hún var áður byrjuð að sækja AA-fundi að eigin sögn. Þetta fór illa í ákærða.

– – –

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna, krufningarskýrslu og öðru, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, er sannað, að ákærði varð Ragnari Ólafssyni að bana með hnífstungu aðfaranótt 22. ágúst sl. í kjallaraíbúðinni að Snorrabraut 36 í Reykjavík.

Þá vefengir ákærði ekki, að hnífurinn, sem fannst á vettvangi, sé hnífur hans, og vitnið Hildur Fríða sá ákærða fleygja honum frá sér í eldhúsinu. Er því sannað, að umræddur hnífur er sá, sem ákærði vann verkið með.

Ákærði kannast ekki við að hafa borið hatursbug til Ragnars Ólafssonar vegna afbrýðisemi, en vinátta þeirra hafi kólnað. Þá kannast ákærði ekki við að hafa farið frá Keisaranum á Snorrabrautina umrætt sinn með þeim ásetningi að vinna Ragnari mein með því að reka í hann hníf, heldur hafi hann ætlað að hitta Hildi Fríðu.

Þrátt fyrir framangreindan framburð ákærða er það mat dómsins, að sannað sé, að þegar ákærði tók upp hnífinn á leiðinni niður kjallaratröppurnar, hafi myndast hjá honum ásetningur um að reka hann í Ragnar Ólafsson, enda styrkist þetta, þegar litið er til þess, sem á eftir gerðist, en það gerðist svo snöggt, að enginn áttaði sig á, hvað var að gerast, fyrr en það var afstaðið, og enginn sá hnífinn, áður en honum var lagt til Ragnars, en ákærði játaði í yfirheyrslu fyrir dóminum, þegar krafist var gæsluvarðhalds yfir honum, að hann hefði lagt til Ragnars með hnífi. Hafnar dómurinn skýringu ákærða á því, að hnífurinn hafi stungist í Ragnar, þegar þeir hafi komið saman, heldur hafi ákærði af ásetningi stungið honum í hann, og fær þetta stoð í þeirri lýsingu í krufningarskýrslunni, að stungan hafi verið upp á við. Þá sáu vitnin Guðbjörg Inga og Katarínus Grímur hönd ákærða hreyfast, þegar þeir Ragnar komu saman. Enn er það til að styrkja þessa niðurstöðu, að ekki er trúlegt, að ákærði þyrfti að koma inn í húsið með þeim hætti, sem hann gerði, nema með honum hafi búið sá ásetningur að leggja til atlögu við Ragnar með hnífnum. Loks styrkir rannsókn á skyrtu Ragnars þessa niðurstöðu. Er því sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot á 211. gr. almennra hegningarlaga.

Geðrannsókn á ákærða.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, rannsakaði geðheilbrigði ákærða vegna máls þessa með samþykki hans sjálfs, en þessi sami læknir geðrannsakaði einnig ákærða í sambandi við rannsókn fyrra manndrápsmáls hans á árinu 1983. Samkvæmt báðum rannsóknunum er ákærði sakhæfur.

Rétt þykir að rekja hér orðrétt ályktun geðlæknisins í skýrslu hans vegna þessa máls, en hún er dagsett 14. september sl. og á þessa leið:

„Það er mat undirritaðs að Þórður Jóhann Eyþórsson sé ekki haldinn formlegri geðveiki (pscyhosis) og ekki hafa greinst einkenni um meiriháttar taugaveiklunarviðbrögð. Greindarstig Þórðar er í meðallagi. Hins vegar hafa greinst merki persónuleikatruflana ásamt misnotkun áfengis og annarra vímuefna. Framangreindar persónuleikatruflanir hafa lýst sér sem skapgerðarbrestir, hegðunarvandkvæði allt frá því í bernsku og unglingsárum samfara rótleysi í atvinnusókn.

Tilfinningalíf Þórðar virðist nokkuð yfirborðskennt og sjálfmiðað, hann

virðist hafa lágt sjálfsmat og lítið sjálfsöryggi og því viðkvæmur fyrir áreitni og gagnrýni annarra. Skortur á sjálfsöryggi getur m. a. birst í afbrýðisemi og því að viðkomandi fer gjarnan í vörn gagnvart öðrum. Tilfinningalíf Þórðar virðist einnig á stundum vera nokkuð sjálfmiðað, hann er gjarn á að sjá galla í fari annarra en ræðir minna um eigin galla. Líklegt er að skapgerðarbresta hans hafi orðið meira vart undanfarin misseri samfara aukinni áfengis- og fíkniefnaneyslu, atvinnuleysi, stormasömum tilfinningasamböndum og neikvæðu félagslegu umhverfi.

Að því er varðar nánasta aðdraganda og hugsanlegar orsakir verknaðar þess, er Þórður Jóhann er nú grunaður um, þá vega þyngst framangreindir skapgerðarbrestir, en auk þess er ljóst að hann hafði verið við áfengisdrykkju og neyslu örvandi efna undanfarna tvo sólarhringa, hafði lítið sofið og ugglaust langþreyttur. Hann hafði þá nokkrum dögum áður flutt út frá sambýliskonu sinni, óviss um framtíð sambandsins og undir talsverðu tilfinningalegu álagi. Þórður neitaði staðfastlega að hafa haft nokkurn ásetning um að deyða Ragnar heitinn. Hann hafi tekið upp hnífinn vegna þess orðspors, sem hefði farið af Ragnari heitnum. Lýsti síðan yfirþyrmandi tilfinningum, afbrýðisemi, undrun og sársauka þegar hann sá Hildi í gegnum eldhúsgluggann í íbúð Ragnars heitins.

Þó að líklegt verði að teljast, að langvarandi ölvun og neysla örvandi efna ásamt svefnleysi og þreytu hafi sljóvgað dómgreind Þórðar og sjálfstjórn þegar atburðurinn átti sér stað, þá eru raunveruleikamat og dómgreind Þórðar Jóhanns Eyþórssonar annars með þeim hætti að hann telst fyllilega sakhæfur."

Sakaferill ákærða.

Ákærði gekkst með dómsátt fjórum sinnum á árunum 1974 til 1976 undir að greiða sektir, einu sinni fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, öðru sinni fyrir brot á 259. gr. sömu laga og 27. gr. umferðarlaga, í þriðja sinn fyrir of hraðan akstur og loks í fjórða sinnið fyrir ölvunarakstur og sætti þá sviptingu ökuleyfis í 1 ár.

Hinn 30. júní 1983 var ákærði dæmdur í 13 ára fangelsi fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga, en það brot framdi hann snemma á nýársdagsmorgun sama ár. Hæstiréttur þyngdi refsingu ákærða fyrir þetta brot um eitt ár og dæmdi hann í 14 ára fangelsi. Var sá dómur kveðinn upp 21. maí 1984. Ákærði afplánaði helming refsingarinnar, og hinn 25. nóvember 1989 fékk hann reynslulausn í 4 ár á 2520 daga eftirstöðvum dómsins. Loks gekkst ákærði með dómsátt 12. nóvember 1990 undir að greiða 25.000 króna sekt fyrir ölvunarakstur og sætti sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði frá 25. september 1990.

Refsing.

Með manndrápi því, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir að hafa valdið af ásetningi, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar frá 25. nóvember 1989 á þeim 2520 dögum eða 7 árum, sem hann fékk reynslulausn á. Ber því við ákvörðun refsingar ákærða nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að fella inn í refsiákvörðunina framangreindar eftirstöðvar. Engar refsilækkandi ástæður í hegningarlögum þykja eiga við um háttsemi ákærða og þar sem ákærði er öðru sinni sakfelldur fyrir að svipta annan mann lífi og það gerist á meðan hann sætir skilorðsbundinni reynslulausn, þykir bera að dæma ákærða til ævilangrar fangelsisrefsingar.

Gæsluvarðhald.

Ákærði hefur við dómsuppsögu setið í gæsluvarðhaldi í samtals 61 dag. Þar sem ákærða er ákvörðuð ævilöng fangelsisrefsing, kemur ekki til álita ákvæði 76. gr. almennra hegningarlaga um frádrátt gæsluvarðhalds.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 100.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, sæti fangelsi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 100.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 377/1991. **Bjarni Helgason**
(Ingvar Sveinbjörnsson hdl.)
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur
(Ásgeir Þór Árnason hdl.)
(Óskar Magnússon hrl.)

Fjármál hjóna. Séreign. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Stefán M. Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1991. Hann krefst þess, að viðurkenndur verði séreignarréttur sinn að hinni auknu eignaraðild jarðarinnar Hagavíkur í Grafningshreppi, Árnessýslu, úr 1/3 í 3/5 hluta eða um 4/15, og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist viðurkenningar á séreignarrétti að hinum aukna eignarhluta í jörðinni, en að stefnda eigi endurgjaldskröfu að því marki, sem ekki verður talið, að áfrýjandi hafi notað séreignir og/eða séreignatekjur til kaupanna, þar sem sama verð, gkr. 450.000, verði framreiknað til verðlags í febrúar 1994 og miðað verði við helmingaskiptaregluna, og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en henni var veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 24. október 1991. Verði fallist á aðalkröfu áfrýjanda, krefst stefnda til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 950.063 krónur ásamt dráttarvöxtum frá uppsögu hæstaréttardóms til greiðsludags auk málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Hinn 15. september 1950 gerðu þáverandi eigendur jarðarinnar Hagavíkur í Grafningshreppi, þau Helgi H. Tómasson og börn hans, Tómas, Ragnhildur og Bjarni, með sér félagssamning. Helgi skyldi eiga jörðina að 5/8 hlutum, en börn hans 1/8 hvert. Í samningnum var kveðið á um, að umráð yfir jörðinni skyldu jafnan vera í höndum þeirra sjálfra, meðan þeirra nyti við. Færi svo, að eitthvert þeirra giftist eða kvæntist, skyldi svo frá gengið með kaupmála, að eignarhluti þess yrði séreign þess og skuldbindingum væntanlegs félagsbús óviðkomandi. Jafnframt var kveðið á um, að hverju þeirra skyldi óheimilt að gefa, selja eða veðsetja eignarhluta sinn í jörðinni, nema samþykki allra hinna kæmi til, og jafnan skyldu þau, er ekki vildu selja, eiga forkaupsrétt að hluta þess, er selja vildi, að réttri tiltölu við eignarhluta hvers þeirra. Svo sagði í samningnum:

„Deyi eitthvert okkar systkina án þess að láta eftir okkur arfgengt afkvæmi, skal eignarhluti þess renna til meðeigenda þess að réttri tiltölu. Ef það, er lætur, lætur eftir sig arfgengt afkvæmi, skulu þau okkar, er lifa, eiga rétt á að kaupa hlut þess, er lézt, eftir mati 2ja óvilhallra manna.

Þegar ég, Helgi H. Tómasson, fell frá, erfa meðsemjendur mínir að þessum samningi, þeir er þá lifa, minn hluta að jöfnu hvert án tillits til annarra erfingja, að svo miklu leyti sem lög þá leyfa."

Svo sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, gerðu aðilar máls þessa með sér kaupmála, er þau gengu í hjónaband 4. janúar 1958. Helgi H. Tómasson lést 2. ágúst sama ár, og varð áfrýjandi þá eigandi jarðarinnar að 1/3 hluta á móti ofangreindum systkinum sínum. Samkvæmt eignaskiptasamningi 12. september 1959 fengu systkinin einnig í sinn hlut sumarbústað í Hagavík. Varð landið og bústaðurinn sameign þeirra að jöfnu. Í samningi þessum skuldbundu þau sig til þess að hlíta í einu og öllu ákvæðum félagssamningsins frá 15. september 1950.

Árið 1968 ákváðu sameigendur jarðarinnar að slíta sameign sinni á jörðinni að stærstum hluta og skipta henni á milli sín og gerðu um það samning 2. maí það ár. Fengu þau Einar G.E. Sæmundsen, Hákon Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson til þess að kveða á um til fullnaðarúrskurðar um skiptingu jarðarinnar með öllu tilheyrandi. Gerðardómurinn kvað upp úrskurð sinn 29. október 1968. Þar var

jörðinni skipt upp í þrjá hluta eftir óskum systkinanna. Í hlut Ragnhildar og Tómasar sameiginlega kom land norðan þjóðvegarins, í hlut áfrýjanda kom land sunnan þjóðvegarins, og þriðji hluti kom í óskipta sameign þeirra þriggja. Í hlut áfrýjanda kom land það, sem sumarbústaðurinn stóð á, og bústaðurinn sjálfur svo og ræktun öll, girðingar og önnur mannvirki á því landi. Í lið 7 var ákvæði um, að áfrýjandi tæki við réttindum og skyldum samkvæmt samningi Skógræktar ríkisins, dags. 2. október 1947, við þáverandi eiganda jarðarinnar, dr. Helga Tómasson. Svo segir í gerðardóminum:

„8. Rétt þykir með hliðsjón af landsstærð og meintu verðgildi hvors landhluta um sig svo og verðmætis sumarbústaðar, mismunar á ræktun, girðingum og öðrum mannvirkjum að Bjarni Helgason greiði Ragnhildi Helgadóttur og Tómasi Helgasyni alls kr 450.000,00 – fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur – er þá einnig tekið tillit til umsjónar, viðhalds á húsi og mannvirkjum, svo og hirðingar jarðarinnar og ræktunar hennar, sem Bjarni telur sig hafa annast og framkvæmt umfram meðeigendur sína, meðan jörðin var í óskiptri sameign.

9. Opinber gjöld af skiptu og óskiptu landi jarðarinnar Hagavíkur greiðir Bjarni Helgason að 3/5 hlutum en Ragnhildur Helgadóttir og Tómas Helgason að 2/5.

10. Vilji eitthvert eða einhver okkar selja hlut sinn í jörðinni, skulu það eða þau, er ekki selja, eiga forkaupsrétt að hluta þess eða þeirra, sem selja vilja."

Þau Tómas, Ragnhildur og áfrýjandi gengu frá landskiptagerð 11. apríl 1969, byggðri á gerðardóminum að öllu leyti, og segir í lok hennar: „11. Fjárskiptum milli aðilja út af framangreindum landskiptum er að fullu lokið." Er á því byggt í máli þessu, að áfrýjandi hafi greitt systkinum sínum uppsetta fjárhæð, 450.000 krónur, hinn 30. apríl 1969.

II.

Af kaupmála áfrýjanda og stefndu má ljóst vera, að þau hafa litið svo á, að áfrýjandi ætti sinn hluta óskiptu jarðarinnar Hagavíkur sem séreign. Jörðin varð öll sameign áfrýjanda og tveggja systkina hans, þegar faðir þeirra féll frá. Með fyrrgreindri landskiptagerð systkinanna í apríl 1969 tók áfrýjandi, auk sumarbústaðarins, við

þeim hluta landsins, sem sérstaklega hafði verið girtur af til skógræktar. Við skiptin var tekið mið af kostum jarðarinnar, og lágu eðlileg rök til þess, að land áfrýjanda varð stærra en land hinna systkinanna. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af ákvæðum kaupmála aðila verður að fallast á það með áfrýjanda, að hinn aukni eignarhluti hans eftir skiptin hafi einnig átt að teljast séreign hans. Á hinn bóginn er það álitamál, hvort áfrýjandi hafi notað séreignarfé sitt eða tekjur af séreign til að standa undir þeirri greiðslu, sem hann þurfti að inna af hendi vegna landskiptanna. Telja verður með hliðsjón af röksemdum hins áfrýjaða úrskurðar, að honum hafi ekki tekist að sýna fram á, að svo hafi verið að öllu leyti.

Í varakröfum sínum vísa aðilar til 53. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Áfrýjandi fékk greiddar bætur frá Landsvirkjun vegna spjalla á landi sínu í október 1969, 380.000 krónur. Bótagreiðsla þessi telst að verulegum hluta koma í stað séreignar áfrýjanda, sbr. 3. tl. 1. mgr. 23. gr. laganna. Telja verður, að nægileg tengsl séu milli bótagreiðslu þessarar og greiðslunnar fyrir hina auknu eignaraðild. Þegar þetta er virt, verður að telja nægilega í ljós leitt, að áfrýjandi hafi að hluta notað séreignarfé til þess að auka við séreign sína, en að hluta fé af hjúskapareign. Stefnda á því endurgjaldskröfu úr hendi áfrýjanda skv. 53. gr. laga nr. 20/1923 að því leyti sem fé var varið af hjúskapareigninni til séreignar hans.

Lögmenn aðila hafa sameiginlega lagt fram í málinu reikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 11. febrúar 1994, sem sýnir, að 450.000 krónur í apríl 1969 séu að núgildi miðað við lánskjaravísitölu 1.900.126 krónur. Eru varakröfur beggja málsaðila grundaðar á þessum útreikningi. Þegar tekið hefur verið tillit til framangreindrar bótagreiðslu, telst endurgjaldskrafa stefndu eftir atvikum hæfilega ákveðin 350.000 krónur. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá uppsögu dóms þessa.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ásgeirs Þórs Árnasonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Viðurkenndur er séreignarréttur áfrýjanda, Bjarna Helgasonar, að hinni auknu eignaraðild hans í jörðinni Hagavík í Grafningshreppi, Árnessýslu, úr 1/3 í 3/5 hluta.

Áfrýjandi greiði stefndu, Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur, 350.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ásgeirs Þórs Árnasonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. júní 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. júní 1991.

Sóknaraðili, Bjarni Helgason, kt. 011233–2449, Undralandi 2, Reykjavík, krefst þess aðallega, að „hin aukna eignaraðild hans í Hagavík í Grafningshreppi úr 1/3 hluta í 3/5 hluta, það er að segja um 4/15 hluta, sé séreign hans“ og málskostnaðar að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti. Til vara krefst hann „viðurkenningar á því að hin aukna eignaraðild hans í Hagavík í Grafningshreppi úr 1/3 hluta í 3/5 hluta, það er um 4/15 hluta aukin eignaraðild, sé séreign hans að því marki sem hann hefur notað af séreign sinni til eignaaukningarinnar í Hagavík, og það, sem á vantar, verði viðurkennt sem hjúskapareign mannsins, þar sem sama verð, framreiknað, verði lagt til grundvallar og hann keypti á af systkinum sínum, og málskostnaður látinn falla niður.“

Varnaraðili, Guðrún Kristín Magnúsdóttir, kt. 270939–2959, Skarphéðinsgötu 2, Reykjavík, krefst þess aðallega að bæði aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila verði hafnað, „umdeildur viðbótarhluti“ verði talinn hjúskapareign sóknaraðila og falli því undir félagsbú aðila. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað [...]. Verði ekki fallist á aðalkröfu þessa er til vara krafist „endurgreiðslu þess verðmætis, framreiknuðu (sic), sem sóknaraðili hefur varið af hjúskapareign sinni til þess að öðlast eða bæta séreign sína í Hagavík, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Málsaðilar gengu í hjúskap 4. janúar 1958. Á árinu 1990 var hjúskap

þeirra slitið. Með samningi aðila um skilnaðarkjör, sem þau undirrituðu 27. apríl 1990 og 2. maí 1990, tókust samningar um öll atriði varðandi eignaskipti þeirra á milli að því undanskildu að ágreiningur varð um hve stóran hluta jarðarinnar Hagavíkur, Grafningshreppi, sóknaraðili teldist eiga að séreign. Um þetta segir í samningi þeirra:

> Hjónin eru ekki sammála um hvort viðbótarhlutur í Hagavík, Grafningi, sem keyptur var af systkinum mannsins, sé séreign mannsins eða hjúskapareign, og hefur málinu verið vísað til skiptaráðandans í Reykjavík.

Daginn áður en málsaðilar stofnuðu til hjúskapar gerðu þau með sér kaupmála. Meginmál hans er svohljóðandi:

> Allt það fé, sem ég, Guðrún Kristín Magnúsdóttir, kann að eignast í hjónabandi okkar fyrir eigin atvinnu mína eða fyrir erfðir á sama tíma, arður af því fé svo og allir munir sem keyptir kunna að verða fyrir það, skulu verða séreign mín og skuldbindingum félagsbús okkar óviðkomandi.
>
> Á sama hátt skulu eftirgreindar fasteignir, arður af þeim og munir, sem keyptir kunna að verða fyrir andvirði þeirra eða arð, svo og á sama hátt allur arfur, er mér, Bjarna Helgasyni, kann að hlotnast meðan hjónabandið stendur, verða séreign mín, Bjarna Helgasonar, og skuldbindingum félagsbús okkar óviðkomandi:
>
> Fyrirfram afhent mér upp í arf eftir móðurföður minn: 1/3 úr húseigninni nr. 66 við Laugaveg, 1/8 úr jörðinni Hagavík í Grafningi í Árnessýslu, ásamt 1/8 af þeim hluta úr jörðinni Ölfusvatni, sem sameinaður er Hagavík, 1/8 úr sumarbústað í Hagavík, allar með öllu tilheyrandi, lóðarréttindum og öðru.
>
> Að öðru leyti skal verða venjulegt fjárfélag milli okkar.

Kaupmáli þessi var afhentur til skráningar og innfærður í kaupmálabók 4. janúar 1958.

Við skipti á dánarbúi föður síns hlaut sóknaraðili hluta af jörðinni Hagavík í arf og er ágreiningslaust að eftir þau skipti var eignarhluti sóknaraðila í jörðinni 1/3 en tvö systkin hans áttu sinn þriðjunginn hvort. Var jörðin þá óskipt sameign systkinanna.

Með landskiptagerð, dagsettri 11. apríl 1969, varð samkomulag milli systkinanna um að skipta jörðinni upp. Við þá skiptingu reiknaðist sá hluti, sem kom í hlut sóknaraðila, verðmeiri en þeir hlutar, sem systkin hans fengu, og taldist sóknaraðili eftir það eiga 3/5 hluta jarðarinnar. Á móti greiddi hann systkinum sínum samtals gkr. 450.000,00, og var greiðslan að sögn sóknaraðila innt af hendi 30. apríl 1969.

Við eignaskipti milli málsaðila vegna skilnaðarins hefur risið ágreiningur um hvort sú aukning á eignarhluta sóknaraðila í jörðinni, sem varð með landskiptagerðinni, þ.e. úr 1/3 jarðarinnar í 3/5 hluta, sé séreign sóknaraðila eða ekki.

Sóknaraðili vísar um séreignarrétt sinn til áðurgreinds kaupmála aðila og til 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962, V. kafla laga nr. 20/1923 og til 23. gr. sömu laga. Byggir hann á því að greiðslan fyrir viðbótina, kr. 450.000,-, hafi verið fjármögnuð með séreignarfé sínu. Greiðslan hafi verið innt af hendi um mánaðamótin apríl/maí 1969. Hann hafi 1. apríl 1969 fengið lán að fjárhæð kr. 125.000,- hjá Landgræðslusjóði með veði í Hagavík. Lánið hafi verið til 10 ára og borið 6% ársvexti. Greitt hafi verið af því láni með tekjum sem jörðin gaf af sér. Hann hafi áður verið búinn að selja séreign sína að Laugavegi 66 fyrir kr. 788.333,-, og notað af því fé til öflunar íbúðar að Háaleitisbraut 115 kr. 734.895,- og hafi mismunurinn, kr. 53.438,- með áunnum vöxtum til 1. apríl 1969, kr. 13.169,-, gengið til að fjármagna þessi landakaup. Hann hafi tekið skammtímalán í Landsbanka Íslands fyrir því, sem á vantaði, til að greiða umrædda greiðslu, og hafi fjárhæð þess líklega verið kr. 275.000,-. Hann hafi síðan fengið greiddar bætur 4. október 1969 frá Landsvirkjun vegna spjalla sem unnin höfðu verið á landinu í Hagavík, kr. 380.000,-, og notað það fé til að greiða skammtímalánið í Landsbankanum.

Sóknaraðili heldur því einnig fram að arður af sölu jólatrjáa og af silungsveiði hafi gert betur en að standa undir kaupum á viðbótarhlutanum í Hagavík. Þannig sé ljóst að tekjur af sölu jólatrjáa hafi á árunum 1969 til og með 1981 numið samtals gömlum kr. 1.635.265,-. Arður af silungsveiði hafi verið talsverður og sem dæmi um það séu lagðar fram í málinu nótur vegna sölu silungs árið 1980, að fjárhæð gkr. 225.475,-.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hann hafi raunverulega notað fé úr séreign sinni til að standa undir kaupum á umræddum hluta jarðarinnar Hagavíkur. Sóknaraðili hafi sönnunarbyrði um að séreignarfé hans hafi verið haldið aðgreindu frá öðru fé búsins og að því hafi verið varið í þessu skyni. Sú sönnun hafi ekki tekist. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til Hrd. 16,388, Hrd. 46,959 og að nokkru Hrd. 6,79.

Varnaraðili telur fullyrðingar sóknaraðila um það, hvenær kaup á umræddum jarðarhluta hafi farið fram, og um greiðslutilhögun vera á reiki. Hann hafi í bréfi 25.9. 1989 staðhæft að samningur um kaupin hafi orðið um mánaðamótin mars–apríl 1969. Greiðsla vegna kaupanna hafi verið innt af hendi 7. apríl 1970 og verið fjármögnuð með mismun af sölu séreigna sinna

og með bótum frá Landsvirkjun ásamt vöxtum af þeim í 6 mánuði. Í bréfi 25. janúar 1990 haldi hann því fram að samningur um kaupin hafi verið gerður 2. maí 1968 og greiðsla verið innt af hendi um mánaðamótin apríl–maí 1969 og fjármögnuð með Landgræðslusjóðsláni 1. apríl 1969 og skammtímaláni frá Landsbanka Íslands 1. apríl 1969, en síðarnefnda lánið verið endurgreitt með fyrrgreindum bótum frá Landsvirkjun, allt eftir hentisemi sóknaraðila. Þannig virðist sóknaraðili hvorki viss í sinni sök um á hvaða tíma samningsgreiðslurnar hafi farið fram né heldur með hverju þær hafi verið fjármagnaðar. Engin gögn séu um þetta önnur en staðhæfingar sóknaraðila sjálfs.

Varnaraðili heldur því fram, að öll þau lán, er sóknaraðili hafi nefnt í þessu sambandi, hafi hjónin tekið sameiginlega til að fjármagna þessi kaup og lánin hafi verið endurgreidd „af félagseign búsins".

Varnaraðili heldur því fram, að jafnvel þótt fallist yrði á, að bætur, sem sóknaraðili kunni að hafa fengið greiddar frá Landsvirkjun, hafi verið séreign sóknaraðila, sé ekkert fram komið af hans hálfu um, að þessu séreignarfé hafi verið haldið aðskildu frá öðrum eignum félagsbúsins né að fé þessu hafi verið varið til kaupa á hinum umdeilda hluta jarðarinnar.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili hafi fengið kr. 58.348,00 í mismun vegna viðskipta með séreignir sínar á árunum 1964 og 1965. Sé heldur ekkert fram komið í málinu um að umræddu fé hafi verið haldið sérgreindu frá öðrum eignum búsins eða að því hafi verið varið til þeirra kaupa sem mál þetta snýst um. Bendir varnaraðili á að í útreikningum sínum hafi sóknaraðili reiknað vexti á þessa fjárhæð en hann hafi ekki sýnt fram á það með neinum hætti að fé þetta hafi verið ávaxtað með þeim hætti sem hann haldi fram.

Varnaraðili mótmælir því að arður af jörðinni hafi verið notaður til greiðslu lána vegna kaupa á jarðarpartinum svo sem sóknaraðili haldi fram. Ekkert bendi til að ætluðum arði af séreign sóknaraðila hafi verið haldið aðgreindum frá öðrum eignum búsins né að hann hafi verið notaður í þessu skyni. Hafi einhver arður orðið af Hagavíkurlandi hafi hann verið notaður í viðhalds- og rekstrarkostnað sumarhússins og jarðarinnar í Hagavík eða verið notaður í þarfir fjölskyldunnar. Tekur varnaraðili fram að á þessu tímabili hafi hjónin einnig staðið í byggingu einbýlishúss að Undralandi 2 í Reykjavík. Foreldrar varnaraðila hafi lagt þeim lið á byggingartímanum, bæði með því að lána þeim endurgjaldslaust íbúðarhúsnæði og með því að aðstoða varnaraðila við að endurgreiða lán sem tekin höfðu verið vegna landakaupanna.

Verði þrátt fyrir allt talið að sóknaraðili hafi haldið séreignarfé sínu

nægilega aðgreindu frá öðru fé búsins, telur varnaraðili allt að einu, að það hafi ekki verið nægilega mikið til að standa undir kaupum á viðbótarhlutanum. Vísar varnaraðili í þessu sambandi sérstaklega til Hrd. 46,959.

Varnaraðili mótmælir öllum staðhæfingum sóknaraðila um fjármögnun kaupanna og kveður gögn málsins um þær eingöngu byggðar á tölum sem hann hafi tekið saman gagngert vegna þess ágreinings sem hér sé til úrlausnar. Ekki hafi verið gerður sérstakur kaupmáli né kaupmálaauki um að hinn umdeildi hluti Hagavíkur yrði háður séreignarrétti sóknaraðila og beri sóknaraðili allan halla af því, sbr. Hrd. 46,959.

Varnaraðili kveður framangreindar röksemdir eiga við bæði um aðal- og varakröfu sóknaraðila. Því til viðbótar sé varakrafa sóknaraðila alltof óljós, til þess að hún verði tekin til greina, og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna henni.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga nr. 20/1923, einkum 1. tölul. og 3. tölul. 1. mgr. 23. gr., og til kaupmála aðila.

Mál þetta er lagt fyrir skiptaréttinn samkvæmt heimild í 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878 með lögjöfnun.

Málsaðilar og tvö vitni komu fyrir réttinn til skýrslugjafar við meðferð málsins.

Meginregla laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna er sú, að eignir séu hjúskapareignir nema annað sé ákveðið svo að gilt sé. Kemur regla þessi m.a. fram í 1. mgr. 17. gr. laganna. Af því leiðir, að sá, sem heldur fram séreignarrétti, verður að sýna fram á þann rétt sinn.

Í kaupmála málsaðila er ekki að finna ákvæði þess efnis, að það, sem sóknaraðili kunni síðar að eignast í jörðinni Hagavík, verði séreign hans. Séreignarrétt yfir öðrum hluta jarðarinnar en þar er beinlínis tilgreindur getur sóknaraðili því ekki byggt á kaupmálanum með öðrum hætti en þeim að um sé að ræða verðmæti sem hann hafi hlotið í arf, komið hafi í stað séreignar eða verið greiddur með arði af séreign hans.

Sá hluti jarðarinnar, sem um er deilt í máli þessu, komst í eigu sóknaraðila með samningi hans við systkin sín og greiddi hann þeim gamlar krónur 450.000,- fyrir. Í málsútlistun sinni kveður hann greiðsluna hafa verið innta af hendi með peningum sem komið hafi í stað séreignar hans að Laugavegi 66, með peningaláni frá Landgræðslusjóði, með skammtímaláni frá Landsbanka Íslands sem greitt hafi verið með bótafé sem hann hafi fengið frá Landsvirkjun vegna spjalla á landinu, og með arði af jörðinni. Verður nú tekin afstaða til málsútlistunar sóknaraðila varðandi hvern þessara liða. Fjárhæðir þær, sem um er fjallað, eru hér tilgreindar í gömlum krónum, nema annars sé getið.

Eftirstöðvar söluverðs séreignar að Laugavegi 66. Umrædd eign var samkvæmt málsútlistun sóknaraðila seld 12. nóvember 1964 og fengust fyrir hana kr. 788.333,-. Kveður sóknaraðili söluverðinu hafa verið ráðstafað til öflunar íbúðarhúsnæðis að Háaleitisbraut 115 og hafi það kostað hann samtals kr. 734.895,-. Hafi hann því átt eftir af þessu fé kr. 53.438,- sem hafi fram til 1. apríl 1969 borið 7% ársvexti. Að vöxtunum viðbættum hafi þessi fjárhæð þá verið orðin kr. 66.607,-. Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram um það með hvaða hætti hann varðveitti þessa fjármuni. Þó er ljóst af skattframtali málsaðila fyrir árið 1969 að þau áttu í árslok 1968 inni á bankareikningum samtals kr. 2.177,59, og að vaxtatekjur af bankainnstæðum námu á árinu 1968 samtals kr. 304,83. Verður því að telja með öllu ósannað að sóknaraðili hafi átt eftirstöðvar af séreignarfé frá sölu Laugavegar 66 í apríl 1969 til að greiða hluta af kaupverði hins umdeilda hluta jarðarinnar Hagavíkur svo sem hann heldur fram.

Lán frá Landgræðslusjóði. Samkvæmt gögnum málsins fékk sóknaraðili lán frá Landgræðslusjóði á árinu 1969, kr. 125.000,-, til 10 ára með 6% ársvöxtum. Fyrir liggur í málinu svohljóðandi yfirlýsing, dags. 28. janúar 1991, undirrituð af Baldri Helgasyni, gjaldkera Landgræðslusjóðs:

> Í tilefni af beiðni Bjarna Helgasonar, kt. 011233–2449, hefi ég undirritaður skoðað ársreikninga Landgræðslusjóðs frá árinu 1969, og er Bjarni Helgason þá með lán frá Landgræðslusjóði, að upphæð kr. 125.000, vegna Hagavíkur í formi skuldabréfs til 10 ára. Lánið er að fullu greitt til Landgræðslusjóðs og var því aflýst dags. 3/9 1979 hjá sýslumannsembættinu á Selfossi. Annað lán hefur ekki verið veitt til Bjarna Helgasonar úr Landgræðslusjóði frá árinu 1969 til þessa dags.

Um lán frá Landgræðslusjóði fjallar sóknaraðili í bréfi til lögmanns síns 25. september 1989 (dskj. 14) og segir þar m.a.:

> Enn má benda á varðandi Hagavíkina, að 1/4 1970 var fengið lán að upphæð kr. 100.000- hjá Landgræðslusjóði með veði í Hagavík. Lánið var veitt til 10 ára og með 6% vöxtum og var ætlunin að nota það til ýmissa endurbóta þar, sem þó aldrei varð af. Lán þetta var svo endurgreitt með hluta af þeim árlegu tekjum sem Hagavíkin gaf af sér. Örlög þessa láns urðu hins vegar þau að vera notað til að fjármagna byrjunarframkvæmdir við byggingu hússins að Undralandi 2, þ.e.a.s. til greiðslu gatnagerðargjalda.

Í öðru bréfi til lögmanns síns 25. janúar 1990, sem samkvæmt bréfi lögmanns hans til lögmanns varnaraðila 5. mars 1990 er ritað í því skyni að það eigi að koma í stað hins eldra bréfs (dskj. nr. 5), segir um þetta efni:

> 1/4 var fengið lán að upphæð kr. 125.000- hjá Landgræðslusjóði með

veði í Hagavík. Lán þetta var veitt til 10 ára og með 6% vöxtum. Það var síðan endurgreitt með hluta af þeim árlegu tekjum sem Hagavík-in gaf af sér, þótt síðar væru þeir fjármunir að einhverju leyti notaðir til að fjármagna byrjunarframkvæmdir við byggingu hússins að Undralandi 2, þ.e.a.s. til greiðslu gatnagerðargjalda.

Ekki eru önnur gögn um lántöku þessa í málinu né heldur um ráðstöfun lánsfjárins. Lántakan ein sér stofnar ekki séreignarrétt, þó svo að séreign sé sett að veði til tryggingar láninu. Ekki er sannað að lánsféð hafi gengið til greiðslu á kaupverði þess hluta landsins sem um er deilt í málinu og raunar bendir framangreint til þess að svo hafi alls ekki verið. Hefur lántaka þessi því ekki þýðingu fyrir niðurstöðu í málinu. Í ljósi þessa skiptir ekki heldur máli hvort fé úr séreign sóknaraðila hefur verið notað til að greiða afborganir og vexti af skuldinni eða ekki.

Arður af jörðinni. Sóknaraðili hefur lagt fram ýmis gögn um tekjur sem hann hafi haft af sölu jólatrjáa af jörðinni. Eins og þessum rekstri virðist hafa verið háttað hefur sóknaraðila verið skylt að halda um þennan rekstur bókhald samkvæmt bókhaldslögum, sbr. 15. tölul. 2. gr. laga nr. 52/1968. Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu staðfest ljósrit skattframtala aðila árin 1969 til og með 1981. Verður ekki ráðið af þeim að sérstöku bókhaldsuppgjöri hafi verið skilað vegna þessa sjálfstæða atvinnurekstrar á þeim tíma, en tekna af sjálfstæðri starfsemi er þar getið sum árin. Útlistun sóknaraðila á tekjum sínum af starfsemi sinni í Hagavík er ekki í neinu samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í umræddum skattframtölum. Hafa við meðferð málsins ekki komið fram aðrar upplýsingar um þetta misræmi en að ekki hafi allar tekjur verið taldar fram til skatts og að um tilteknar tekjur hafi af „skattalegum ástæðum" verið ákveðið að gefa út reikninga á nafni annars aðila. Gegn andmælum varnaraðila þykir ekki fært að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu að sóknaraðili hafi haft aðrar tekjur af jörðinni en þær sem tilgreindar eru í skattframtölum aðila sem tekjur af sjálfstæðri starfsemi. Kemur fram í gögnum málsins að þær hafi verið notaðar til ýmissa þarfa fjölskyldunnar, t.d. til endurnýjunar á bifreiðaeign og til greiðslu byggingarkostnaðar að Undralandi 2. Hefur sóknaraðili ekki gert líklegt að tekjur þessar hafi verið notaðar til að greiða neinn hluta kaupverðs þess lands sem mál þetta snýst um.

Bætur frá Landsvirkjun. Samkvæmt gögnum málsins fékk sóknaraðili bótagreiðslu frá Landsvirkjun 1. október 1969 vegna tjóns sem orðið hafði á landinu í Hagavík. Fjárhæð bótanna nam samtals kr. 380.000,- og var sú fjárhæð sundurliðuð þannig:

Bætur vegna túnskemmda	kr.	15.000,-
Bætur v/annarra landskemmda, staurastæða o.fl.	–	70.000,-
Bætur v/eftirlitsferða eiganda	kr.	45.000,-
Bætur v/rýrnunar á sumarbústaðalöndum	–	250.000,-

Ekki verður séð að bætur vegna eftirlitsferða eiganda séu bætur vegna séreignarfjár. Þykir því sýnt, að sá hluti bótanna, sem telst koma í stað séreignar, nemur kr. 335.000,-. Sóknaraðili heldur því fram, að hann hafi notað bótagreiðslu þessa til að greiða skammtímalán frá Landsbanka Íslands sem tekið hafi verið til að greiða fyrir hið umdeilda land. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um þetta skammtímalán. Á hinn bóginn kemur fram í skattframtali aðila árið 1970, að bankainnstæða í Landsbanka Íslands nam í lok árs 1969 kr. 245.383,40 en hafði í upphafi ársins numið kr. 997,69. Með skattframtalinu 1970 fylgdi sérstakt fylgiskjal með skýringum varðandi einstaka liði framtalsins. Þar segir um inneignir í bönkum:

> Hér ber þess að geta, að á árinu fékk ég kr. 380.000,00 frá Landsvirkjun sem bótagreiðslu vegna landspjalla, er urðu af völdum Landsvirkjunar á landi mínu í Hagavík í Grafningshreppi.

Í skattframtali þessu eru vaxtagreiðslur mjög nákvæmlega útfærðar en á þessum árum voru slík útgjöld frádráttarbær frá gjaldstofnum við álagningu tekjuskatts. Ekki kemur þar neitt fram um vaxtagreiðslur af uppgreiddu skammtímaláni frá Landsbanka Íslands eða öðrum lánastofnunum á því ári, en tilgreind er víxilskuld við bankann í árslok 1970 að fjárhæð kr. 90.000,- og vextir af henni. Hins vegar eru þar tilfærðir vextir af kaupverði hins umdeilda hluta Hagavíkur, kr. 15.000,-. Sóknaraðili skýrði svo frá í aðilaskýrslu sinni fyrir réttinum að vextir þessir hefðu verði ranglega færðir á framtalið „af skattatæknilegum ástæðum". Í ljósi þessa og gegn andmælum varnaraðila verður að telja ósannað að bótafé það, sem hér um ræðir, hafi að einhverjum hluta verið notað til að greiða hið umdeilda land í Hagavík.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að ósannað þykir að sóknaraðili hafi notað fé af séreign sinni til þess að greiða fyrir þann hluta jarðarinnar Hagavíkur í Grafningshreppi sem deilt er um í máli þessu. Verður því að hafna kröfum hans um viðurkenningu á séreignarrétti að þeim hluta landsins.

Ekki er ágreiningur um það með aðilum, að sá hluti landsins, sem séreignarréttur sóknaraðila nær ekki til, skuli teljast hjúskapareign hans. Skilja má varakröfu sóknaraðila svo að gerð sé krafa um að þessi eign verði verðmetin í úrskurði þessum, sbr. orðalagið „þar sem sama verð, framreiknað, verði lagt til grundvallar og hann keypti á af systkinum sínum". Hvergi er að finna í málsútlistun sóknaraðila neina vísbendingu um það í hvaða skyni kaupverðið skuli framreiknað, hvaða aðferð eða viðmiðun skuli viðhöfð

um framreikninginn eða lagastoð fyrir því að framreiknað kaupverð skuli hér lagt til grundvallar. Þótt vissulega megi telja líklegt að sóknaraðili telji sig eiga rétt á að fá eign þessa lagða sér út við skiptin kemur það ekki fram í þessari kröfugerð né í málsútlistun hans að öðru leyti. Er kröfugerð þessi og málsútlistun um hana svo ófullkomin og vanreifuð að henni verður ekki sinnt.

Málsútlistun sóknaraðila er, eins og rakið hefur verið, að hluta til beinlínis í mótsögn við gögn sem lögð hafa verið fram af hans hálfu í málinu. Verður ekki hjá því komist að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.000,00, með vöxtum svo sem greinir í úrskurðarorði.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er þeirri kröfu sóknaraðila, Bjarna Helgasonar, að 4/15 hlutar jarðarinnar Hagavíkur, Grafningshreppi, verði taldir séreign hans við skipti á eignum hans og varnaraðila, Guðrúnar Kristínar Magnúsdóttur. Telst þessi hluti jarðarinnar vera hjúskapareign sóknaraðila.

Varakröfu sóknaraðila um, að viðurkenndur verði séreignarréttur hans að hluta hins umdeilda lands, og um ákvörðun verðs á þeim hluta jarðarinnar, sem ekki telst séreign, er einnig hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 85.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 126/1991. **Hafnahreppur**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Kristni Rúnari Hartmannssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Kaupsamningur. Fasteign. Sveitarstjórn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1991. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, – til vara, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu á 166.000 krónum með vöxtum frá 24. febrúar 1990 og að málskostnaður verði felldur niður, – til þrautavara, að hann verði dæmdur til greiðslu á 367.022 krónum auk vaxta sem varakröfu, en málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var samþykkt á fundi 3. nóvember 1985 í hreppsnefnd áfrýjanda, þar sem stefndi átti sæti, að kaupa hús hans með áhvílandi skuldum fyrir allt að 1.800.000 krónur. Á fundi 12. janúar 1986 var samþykkt að hækka kaupverðið í 1.940.000 krónur. Ágreiningslaust er, að húsið hafði verið til sölu á almennum markaði í tvö ár, en ekki selst, og að stefnda hafi verið mikil fjárhagsleg nauðsyn á að koma því í verð og leysa skuldamál sín. Lýsti hann því fyrir héraðsdómi, að hann hefði viljað hreinsa sig algerlega af öllum skuldum, bæði þeim, sem hvíldu á húsinu, og á sér sjálfum. Stefnda var kunnugt um, að áfrýjandi hugðist kaupa húsið fyrir lán frá Húsnæðismálastjórn og að skilyrði fyrir þeirri lánveitingu væru, að ekki væri lánuð hærri fjárhæð en næmi kaupverði eignarinnar og að kaupsamningur þyrfti að fylgja með lánsumsókn. Stefndi hefur fyrir héraðsdómi lýst því, þegar Þórarinn St. Sigurðsson, sveitarstjóri stefnda, kom á vinnustað hans í skyndi með kaup-

samning 20. janúar 1986 til þess að fá undirskrift hans á leið sinni í Húsnæðisstofnun til þess að „kippa þessu í gegn".

Þegar virt er aðild stefnda að upphaflegri samþykkt áfrýjanda um kaup á húsi hans og vitneskja hans um hækkun fjárhæðarinnar 12. janúar, má ljóst vera, að honum hafi hinn 20. janúar 1986 verið kunnugt, að umboð sveitarstjórans næði einungis til 1.940.000 króna kaupverðs. Honum mátti einnig vera ljóst, að skjal það, sem undirritað var þann dag, væri þáttur í að ganga frá kaupsamningi við hann um húseignina, eins og samþykkt hefði verið, enda var efni þess fremur lýsing á kaupsamningi en eiginlegur samningur. Hann getur því ekki borið fyrir sig að samningurinn frá 20. janúar 1986 hafi verið fullgildur og endanlegur kaupsamningur um húsið. Verður uppgjör á lögskiptum aðila því ekki á honum byggt. Hins vegar er í ljós leitt, að áfrýjandi hafði samþykkt kaup á húsinu fyrir 1.940.000 krónur, og ber að leggja þann samning aðila til grundvallar, eins og áfrýjandi krefst til vara.

Í varakröfu sinni krefst áfrýjandi þess, að frá kaupverðinu verði dregin skuld stefnda vegna opinberra gjalda. Ekki liggja frammi í málinu nægileg gögn um kröfu þessa, og er því eigi unnt að taka hana til greina. Ber því að taka til greina þrautavarakröfu áfrýjanda, sem miðast við ofangreint kaupverð, að frádregnum áhvílandi skuldum, eða 367.022 krónur. Verður áfrýjanda gert að greiða fjárhæð þessa með dráttarvöxtum frá stefnubirtingardegi í héraði, 24. febrúar 1990, en þá fyrst beindi stefndi kröfu sinni að áfrýjanda.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals 180.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hafnahreppur, greiði stefnda, Kristni Rúnari Hartmannssyni, 367.022 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. febrúar 1990 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 28. janúar 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 7. janúar sl., er höfðað af Kristni Rúnari Hartmannssyni, Brinkgatan 11, 268-00 Salvöv, Svíþjóð, með stefnu, birtri 24. febrúar 1990, gegn Hafnahreppi, Höfnum, Gullbringusýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 762.892, og [með nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar vegna mistaka við útreikning þannig, að endanleg höfuðstólsfjárhæð stefnukröfu er nú kr. 627.022.-. Annað breytist ekki.

Dómkröfur stefnda eru þær að Hafnahreppur verði sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Sáttatilraunir voru reyndar, en án árangurs.

II.

Stefnandi skýrir frá málavöxtum á þá leið að upphaf málsatvika hafi verið þau að stefndi hafi samþykkt á 53. fundi sínum hinn 3. nóvember 1985 að kaupa hús stefnanda nr. 1 við Seljavog í Höfnum með áhvílandi veðskuldum fyrir allt að kr. 1.800.000,00, ef samningar tækjust við kröfuhafa og hafi sveitarstjóra verið falið að annast málið (dskj. nr. 3).

Á 55. fundi hreppsnefndar sunnudaginn 12. janúar 1986 hafi svo verið gerð eftirfarandi samþykkt:

„Seljavogur 1. Með vísan til samþ. hreppsnefndar frá 3. nóv. 1985 að kaupa Seljavog 1 fyrir allt að 1.800 þús. samþykkir hreppsnefndin endanlega að kaupa húsið fyrir allt að kr. 1.940 þús. enda stafar hækkunin aðallega af dráttarvöxtum skulda á húsinu á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru síðan." (dskj. nr. 4).

Hinn 20. janúar 1986 hafi síðan verið gerður kaupsamningur milli aðila þessa máls um fasteignina nr. 1 við Seljavog í Höfnum, ásamt tilheyrandi erfðafestulóð, með öllu, sem fylgdi og fylgja bar, og hafi sveitarstjóri hreppsins, Þórarinn St. Sigurðsson, undirritað samninginn f.h. hreppsins (dskj. nr. 5).

Kaupverð hafi verið ákveðið kr. 2.200.000,00 sem átti að greiðast m.a. með því að stefndi, Hafnahreppur, tæki að sér að greiða allar skuldir, sem hvíldu á húsinu, en mismuninn átti stefndi að sjálfsögðu að greiða stefnanda. Stefndi hafi þegar þann 20. janúar 1986 fengið umráða- og ráðstöfunarrétt á húsinu og enn fremur rétt til að veðsetja það.

Sama dag og kaupsamningur hafi verið gerður hafi stefndi sent bréf til Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar sem farið hafi verið fram á lán til kaupa á fasteign stefnanda, Seljavogi 1, Höfnum, og hafi stefndi m.a. sagt í bréfi þessu:

„Hreppsnefnd bauðst umrætt hús til kaups. Eftir nokkurra vikna samningaumleitanir var ljóst að húsið fengist á mjög góðu verði, á tvær milljónir og tvö hundruð þúsund krónur. Brunabótamat er kr. 3.830 þús.

Með tilliti til áður gerðrar samþykktar, minnkandi möguleika fólks á byggingu eigin íbúða, vaxandi þörf á leiguhúsnæði og það hagstæða verð er umrætt hús fékkst á hefur hreppsnefndin ákveðið að kaupa húsið til áðurgreindra nota."

Í bréfi þessu hafi stefndi undirstrikað þau hagstæðu kaup, sem hann hafi gert við stefnanda sama dag og bréfið er ritað. Hafi hann leitað fjáröflunar til að efna kaupsamninginn. Bréfið hafi verið undirritað af sveitarstjóranum í Hafnahreppi, Þórarni St. Sigurðssyni, fyrir hönd hreppsins (dskj. nr. 6).

Stefnda hafi verið kunnugt um, að fasteign sú, er hann keypti af stefnanda hinn 20. janúar 1986, hafði verið um langan tíma í meðferð uppboðsréttar Gullbringusýslu. Stefndi hafði tekið að sér að greiða allar skuldir, sem á húsinu hvíldu, með kaupsamningi aðila frá 20. janúar 1986 og þar með að leysa eignina undan nauðungaruppboði. Þetta hafi stefndi ekki efnt og hafi eignin verið seld á öðru og síðasta nauðungaruppboði hinn 5. febrúar 1986. Hæstbjóðandi hafi orðið Sparisjóðurinn í Keflavík með kr. 1.200.000,00 en hann hafi framselt stefnda boð sitt í eignina ásamt kröfu sinni á 10. veðrétti (dskj. nr. 10), og uppboðsafsal fyrir nefndri fasteign verið gefið út til handa stefnda, Hafnahreppi, hinn 5. desember 1986 (dskj. nr. 9).

Stefndi skýrir frá málavöxtum á þá leið, að stefnandi hafi í sveitarstjórnarkosningum 1982 verið kosinn aðalfulltrúi í hreppsnefnd Hafnahrepps. Hann hafi verið eigandi húseignarinnar nr. 1 við Seljavog í Hafnahreppi. Á árinu 1985 hafi stefnandi komist í greiðsluþrot sem hann hafi ei fengið við ráðið, og hafi framangreind húseign hans verið auglýst til sölu á nauðungaruppboði til lúkningar áhvílandi samnings- og aðfararveðum.

Stefndi hafi viljað freista þess að leysa fjárhagsvanda stefnanda, ef unnt hefði verið, með kaupum á húseign hans, enda mátti það samrýmast fyrri áformum um byggingu fjögurra einbýlishúsa, sem þó hafði verið horfið frá eða frestað, en að sjálfsögðu með þeim fyrirvara og á þeirri forsendu að lánafyrirgreiðsla fengist til kaupanna.

Á fundi sínum 3. nóvember hafi hreppsnefnd samþykkt að heimila kaup á eigninni fyrir allt að kr. 1.800.000,00, sem þó hafi verið talið hærra en markaðsverð á þeim tíma og sérstaklega með tilliti til þess að fyrirsjáanlegt

var að nokkurt fjármagn þurfti til viðbótar til að ganga að fullu frá húsinu og til endurbóta þess, eins og raun hafi orðið á. Í framhaldi þess hafi verið leitað fyrir um lánafyrirgreiðslu en án árangurs, enda áliðið árs og reynsla sú af lánastofnunum að þær voru lítt fúsar til mikilla lánveitinga skömmu fyrir áramót.

Málið hafi svo verið tekið fyrir að nýju á fundi hreppsnefndar 12. janúar 1986 og þá hafi hreppsnefnd samþykkt heimild til kaupanna og hækkun kaupverðs í allt að kr. 1.940.000,00 en sú fjárhæð hafi verið talin nægja fyrir uppboðskröfum. Hafi sveitarstjóra verið falið að kanna á ný fjármögnunarmöguleika, svo að af kaupum gæti orðið.

Sveitarstjóri hafi haft samband við Húsnæðismálastjórn og hafi honum þá verið tjáð, að með hliðsjón af brunabótamatsverði eignarinnar veitti hún möguleika á hámarksláni kr. 2.130.000,00, en aldrei hærri fjárhæð en næmi kaupverði eignar, og að nauðsynlegt væri að kaupsamningur fylgdi lánsumsókn. Hafi það verið forsenda kaupanna samkvæmt framansögðu, að lán fengist til þess að greiða uppboðskröfurnar áður en til uppboðsins kæmi og þá fyrst hafi verið gert ráð fyrir því að samningur yrði gerður. Þegar hér hafi verið komið sögu hafði hins vegar komið í ljós, að lánsmöguleikar voru fyrir hendi, en það skilyrði hafi verið sett að lánsumsókn fylgdi kaupsamningur.

Hafi það því orðið að ráði milli sveitarstjórans og stefnanda, að þeir gerðu „til málamynda" kaupsamning um húseignina (dskj. nr. 5). Kaupsamningurinn hafi verið til málamynda að því leyti, að af tilgreindu kaupverði í kaupsamningnum myndu aðeins kr. 1.940.000,00 renna til stefnanda, mismunurinn væri áætlaður kostnaður við að fullgera húsið, en áætlanir um það voru á bilinu 250–300 þús. krónur sem aðilar töldu að stefndi þyrfti endanlega að greiða fyrir húsið fullgert. Það hafi verið forsenda fyrir kaupunum, sem báðir aðilar vissu um, að lán Húsnæðismálastofnunar fengist til þeirra. Kaupsamningnum hafi enn fremur verið ætlað að auðvelda stefnanda að semja við skuldheimtumenn um frest á uppboðinu, þar til loforð eða afgreiðsla Húsnæðismálastofnunar lægi fyrir, og unnt yrði þannig að gera upp áhvílandi veðskuldir. Aðilar hafi báðir gert sér fulla grein fyrir því að án þess að framangreind skilyrði væru að fullu uppfyllt væri ekki unnt að efna samninginn og hefði hann þá ekkert gildi.

Stefnanda hafi ekki tekist að fá uppboðinu frestað og hafi það farið fram hinn 5. febrúar 1986 og eignin þá slegin hæstbjóðanda, Sparisjóðnum í Keflavík, fyrir kr. 1.200.000,00. Hæstbjóðandi hafi síðan framselt Hafnahreppi boð sitt, sem hafi tekið að sér greiðslur samkvæmt því, kr. 1.200.000,00, auk kr. 372.978,00 vegna annarra krafna á stefnanda, samtals kr. 1.572.987,00.

Þegar Hafnahreppur hafði leyst til sín húseignina á ofangreindu verði, hafi stefnandi skuldað hreppnum í opinber gjöld kr. 214.430,00 auk fasteignagjalda, kr. 19.847,00. Vegna erfiðleika stefnanda og fyrrverandi eiginkonu hans, Eyglóar Breiðfjörð Einarsdóttur, hafi hreppurinn boðist til þess, umfram skyldu, að greiða konunni með samþykki mannsins kr. 166.000,00 af kröfu hennar á stefnanda. Hafi þá verið tekið mið af þeirri fjárhæð, kr. 1.940.000,00, sem hreppurinn hefði átt að greiða stefnanda, ef stefnandi hefði efnt samninginn, en að frádregnum skuldum hans við hreppinn og að viðbættum vöxtum á þeim tíma er boð þetta var veitt. Boði þessu hafi hins vegar verið hafnað af fyrrverandi eiginkonu stefnanda og lögmanni, Vilhjálmi Þórhallssyni, í umboði stefnanda.

III.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að þann 20. janúar 1986 hafi hann og stefndi gert með sér kaupsamning um eignina nr. 1 við Seljavog í Höfnum, er stefndi hafi einhliða samið (dskj. nr. 5). Í kaupsamningi þessum sé kveðið á um að Hafnahreppur hafi þegar við kaupsamningsgerð öðlast ráðstöfunarrétt yfir eigninni og enn fremur heimild til að veðsetja hana. Þar sé og kveðið á um að stefndi taki m.a. að sér að greiða áhvílandi skuldir. Stefnandi telur, að í orðum kaupsamnings felist, að ef skuldir yrðu lægri en umsamið kaupverð, stæði eftir skuld við sig sem ætti að greiðast upp. Stefnandi byggir því á því, að í kjölfar þess að uppboðsafsal hafi verið gefið út og stefndi fengið eignina framselda frá hæstbjóðanda, Sparisjóðnum í Keflavík, hafði yfirtekið eftirstandandi áhvílandi veðskuldir, greitt það sem greiða bar vegna uppboðsins, ásamt því að greiða hæstbjóðanda kröfur hans á hendur stefnanda, þá hafi honum borið að ljúka efndum á samningsskyldum sínum við stefnanda samkvæmt kaupsamningi aðila frá 20. janúar 1986 og greiða honum mismuninn á yfirteknum skuldum, ásamt greiðslum til hæstbjóðanda vegna framsals á boði og kaupsamningsverði, þ.e. kr. 627.022.- (sbr. leiðréttingu).

Vaxtakrafa stefnanda var útskýrð undir rekstri málsins. Var þar borið að upphafsdagur kröfunnar hefði verið valinn með hliðsjón af útgáfu uppboðsafsals þann 5. desember 1986 og sé miðað við 20. desember 1986 til þess að vera ekki með of háa vaxtakröfu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að kaupsamningurinn frá 20. janúar 1986 hafi verið málamyndagerningur að því leyti að af tilgreindri fjárhæð í kaupsamningi skyldu aðeins kr. 1.940.000.- renna til stefnanda ef af kaupum yrði.

Þessum samningi hafi verið ætlað að auðvelda stefnanda að fá frest á

yfirvofandi uppboði, og forsenda hreppsins hafi verið, að lán fengist hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og að samningar tækjust við kröfuhafa.

Stefndi bendir á að stefnandi geti ekki sem aðalmaður í hreppsnefnd á þessum tíma borið fyrir sig grandleysi um ofangreint.

Þar sem stefnanda hafi ekki tekist að fá fresti og afstýra uppboðinu þann 5. febrúar 1986, er eignin komst í hendur þriðja manns, hafi allar forsendur fyrir kaupsamningi brostið (dskj. nr. 5), og þar með hafi skuldbindingar stefnda fallið niður.

Vísar stefndi til 33., 34. og 36. gr. samningalaga kröfum sínum til stuðnings.

Stefndi byggir og á því að krafa stefnanda sé fyrnd skv. 3. gr. fyrningarlaga.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda, er hann telur ekki í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

IV.

Álit dómsins.

Hér er ekki unnt að byggja á 3. gr. fyrningarlaga, sem tilgreinir kröfur þær sem fyrnast á 4 árum, þar sem kröfur út af sölu eða annarri afhendingu á fasteign fyrnast ekki á 4 árum, heldur gildir um þær hinn almenni 10 ára fyrningarfrestur.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur, sem var einhliða saminn af stefnda, en umboði sveitarstjóra til kaupsamningsgerðar var ekki mótmælt (dskj. nr. 5). Felur hann í sér, að frá 20. janúar 1986 hafi stefndi öðlast ráðstöfunarrétt yfir húsinu nr. 1 við Seljavog í Höfnum og heimild til að veðsetja það, auk þess sem stefndi tók að sér allar áhvílandi skuldir á húsinu.

Stefnandi bar fyrir rétti, að hann hefði yfirgefið húsið löngu fyrir áramót 1985–1986, og ekki haft hönd í bagga með rekstri hússins né lyklavöld eftir þann tíma. Hann hafi ekki sótt fundi hreppsnefndar, nema þann sem haldinn var þann 3. nóv. 1985, enda búsettur annars staðar og varamaður tekinn við sæti hans. Þessum fullyrðingum stefnanda var eigi mótmælt. Það þykir því hafa staðið stefnda nær að fá uppboðinu frestað, þar sem afhending hafði átt sér stað, þrátt fyrir það að stefnandi hefði ennþá verið formlegur þinglýstur eigandi er eignin var seld þann 5. febrúar 1986.

Sú staðhæfing stefnda, að kaupsamningur þessi hafi verið málamyndagerningur að hluta, er ósönnuð, þar sem ekkert kemur fram í málinu er styður þá fullyrðingu, en sönnunarbyrðin um það hvílir á stefnda.

Fullyrðing stefnda um, að það hafi verið forsenda fyrir gildi kaupsamningsins að stefnanda tækist að fá uppboðssölunni þann 5. febrúar 1986 frestað, er einnig ósönnuð.

Ekki liggja fyrir nein gögn í málinu því til stuðnings að stefnandi hafi skuldað stefnda ákveðnar upphæðir í opinber gjöld og verður því ekki á því byggt.

Á grundvelli meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga ber stefnda því að standa við gerðan kaupsamning.

Vaxtakrafa stefnanda þykir eigi óeðlileg.

Kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun hefur eigi verið mótmælt, og er hún því tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hafnahreppur, greiði stefnanda, Kristni Rúnari Hartmannssyni, kr. 627.022,- með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda kr. 140.000,00 í málskostnað að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. mars 1994.

Nr. 101/1994. **Lífeyrissjóður Sóknar**
(Óskar Magnússon hrl.)
gegn
Magnúsi Geir Gunnlaugssyni

Kærumál. Aðför. Aðfararheimild. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1994, er barst Hæstarétti 4. mars sl. ásamt kærumálsgögnum. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdómara verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að taka aðfararbeiðni sóknaraðila á hendur varnaraðila til meðferðar á ný. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Varnaraðili hefur ekki látið kærumál þetta til sín taka.

Veðskuldabréf það, upphaflega að fjárhæð 235.000 krónur, sem sóknaraðili byggir á kröfu sína um aðför í íbúð varnaraðila að Fálkagötu 11, Reykjavík, var gefið út af Þóru Helgu Jónsdóttur 8. nóvember 1984. Var hún skuldari og jafnframt þinglýstur eigandi áðurnefndrar íbúðar, sem veðsett var samkvæmt skuldabréfinu. Bréfið var móttekið til þinglýsingar hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík 13. nóvember 1984. Í því var ákvæði, er heimilaði fjárnám í hinu veðsetta án dóms eða sáttar við greiðslufall samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, er þá voru í gildi, og fullnægði bréfið áskilnaði þess ákvæðis um undirritun og vottun, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1978. Varnaraðili eignaðist umrædda íbúð með afsali 28. maí 1991, sem afhent var til þinglýsingar 4. júní sama ár. Með afsalinu tókst hann á hendur skuldbindingar samkvæmt fyrrgreindu veðskuldabréfi, og veitti sóknaraðili samþykki sitt við því. Varnaraðili er enn þinglýstur eigandi hinnar veðsettu íbúðar. Að þessu athuguðu þykir skuldabréfið

fullnægja skilyrðum 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 sem aðfarargrundvöllur gagnvart varnaraðila. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir sýslumann að taka aðfararbeiðni sóknaraðila fyrir að nýju.

Ekki þykja efni til að dæma kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að taka fyrir að nýju aðfararbeiðni sóknaraðila, Lífeyrissjóðs Sóknar, á hendur varnaraðila, Magnúsi Geir Gunnlaugssyni.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 25. janúar 1994, en þann dag féll niður þingsókn af hálfu varnaraðila og fór því munnlegur málflutningur ekki fram.

Sóknaraðili málsins er Lífeyrissjóður Sóknar, kt. 640870–0289, Skólavörðustíg 16, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Magnús Geir Gunnlaugsson, kt. 070368–3669, Fornuströnd 1, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að ómerkt verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að synja um aðför á grundvelli aðfararbeiðni, dags. 22. október 1993, og að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að taka beiðnina til meðferðar á ný. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili máls þessa hefur ekki haldið uppi vörnum í málinu.

II.

Málavextir eru þeir að þann 26. október 1993 lagði sóknaraðili inn til sýslumannsins í Reykjavík aðfararbeiðni á hendur Magnúsi Geir Gunnlaugssyni, varnaraðila málsins, dagsetta 22. október 1993, og var þess óskað, að gert yrði fjárnám í fasteigninni Fálkagötu 11, Reykjavík. Byggðist beiðnin á veðskuldabréfi, út gefnu 8. nóvember 1984 af Þóru Helgu Jónsdóttur til sóknaraðila máls þessa. Sóknaraðili kveður skuldabréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð kr. 235.000, tryggt með veði á 2. veðrétti í fasteigninni Fálkagötu 11 í Reykjavík, nánar tiltekið í kjallara. Í skuldabréfinu hafi verið mælt fyrir um að skuldin sé öll fallin í gjalddaga án sérstakrar uppsagnar ef

greiðsludráttur verði á afborgun af höfuðstól skuldarinnar og/eða vöxtum eða verðbótum af henni, en kröfueiganda sé áskilin heimild til að gera fjárnám í hinni veðsettu eign til fullnustu á skuldinni án dóms eða sáttar. Hafi skuldabréfið verið afhent til þinglýsingar 13. nóvember 1984 og innfært þann 14. nóvember 1984. Hafi undirskrift lántaka, sem jafnframt hafi verið þinglýstur eigandi veðsins, verið staðfest í viðurvist tveggja vitundarvotta. Með kaupsamningi, dags. 17. október 1989, hafi Þóra Jónsdóttir selt Óskari B. Jónssyni eignarhlut sinn í Fálkagötu 11, Reykjavík. Með samningi þeim hafi kaupandi tekið að sér að greiða ofangreinda veðskuld. Kröfueigandi hafi samþykkt eigendaskipti að veðinu. Með afsali dags. 28. maí 1991, hafi Óskar B. Jónsson afsalað varnaraðila máls þessa eignarhluta sínum í fasteigninni Fálkagötu 11, Reykjavík. Með samningi aðila hafi kaupandi tekið að sér að greiða ofangreinda veðskuld. Hafi kröfueigandi samþykkt eigendaskipti að veðinu. Sé skuldin í vanskilum frá gjalddaga 20. október 1992.

Á grundvelli aðfararbeiðni sóknaraðila hafi hann ásamt varnaraðila verið boðaður í fjárnám hjá fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík þann 22. nóvember 1993. Hafi varnaraðili ekki mætt við þá fyrirtekt og enginn fyrir hans hönd. Með vísan til 7. tl. 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 90/1989 hafi fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík synjað í þeirri aðfaragerð, að fjárnám yrði gert í eignum gerðarþola á grundvelli veðskuldabréfsins.

Þessu vildi sóknaraðili ekki una, og með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 9. desember 1993, fór hann þess á leit, að framangreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík yrði ómerkt. Var málið þingfest hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. janúar 1994 og var þá ekki mætt af hálfu varnaraðila. Var málinu frestað til að gefa varnaraðila kost á að leggja fram greinargerð, og voru honum send skjöl málsins ásamt boðun í þinghald sem skyldi halda þann 25. janúar 1994 og féll þá einnig niður þingsókn af hálfu varnaraðila án þess að boðuð væru lögmæt forföll og var málið þá tekið til úrskurðar að kröfu sóknaraðila.

III.

Sóknaraðili telur veðskuldabréfið fullkomlega í samræmi við kröfur 7. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Skuldabréfið sé fyrir ákveðinni peningaupphæð þar sem undirskrift lántaka og þinglýsts eiganda að veði sé réttilega vottuð af tveimur vitundarvottum. Berum orðum sé tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins, að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sóknaraðili telur það ekki skilyrði samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga, að staðfest undirskrift varnaraðila komi

fram á frumriti skuldabréfsins. Eigendaskipti að hinni veðsettu eign séu í samræmi við IV. kafla þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. innfærslu ofangreindra afsala. Þá hafi staðfesting á eigendaskiptum hinnar veðsettu eignar fylgt aðfararbeiðni til sýslumanns.

Tilgangur hinna nýju aðfararlaga sé í andstöðu við túlkun sýslumanns á 7. tl. 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. laganna. Hafi markmið nýju aðfararlaganna einmitt verið að draga úr vinnuálagi dómstóla með því að létta af þeim málum sem styðjist við formskjöl og ekki sé í raun neinn efnislegur ágreiningur um, sbr. athugasemdir í greinargerð með lögunum.

Það veðskuldabréf, sem hér um ræði, sé sambærilegt og mörg hundruð önnur slík veðskuldabréf, sem sóknaraðili sé kröfuhafi að. Sé löng venja fyrir því að slík bréf séu talin fullgild aðfararheimild enda séu nú mörg slík bréf til innheimtu hjá lögmanni sóknaraðila, þar sem þinglýstur eigandi veðs sé annar en hinn upphaflegi við útgáfu bréfsins. Hafi þessi bréf verið notuð sem gild aðfararheimild án nokkurra athugasemda um langan tíma.

Enn fremur megi benda á, að sýslumanni hefði borið að endursenda beiðnina ásamt rökstuðningi, teldi hann aðfararheimildina ekki í lögmætu formi, sbr. 17. gr. laga nr. 90/1989. Slíkt hafi ekki verið gert.

Að lokum bendir sóknaraðili á að verði ákvörðun sýslumanns staðfest, myndi það valda því að verulegar breytingar yrði að gera á meðferð og innheimtu sambærilegra bréfa. Hingað til hafi verið við framkvæmd innheimtu heimilt að greiða eingöngu gjaldfallnar afborganir og koma málinu þannig í skil. Kostnaður við innheimtu hafi verið reiknaður í samræmi við þetta. Ef ákvörðun sýslumanns verði ekki ómerkt þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi vegna allra bréfa af þessu tagi og fá dóm fyrir heildarkröfunni áður en gert sé fjárnám með tilheyrandi kostnaði. Slík niðurstaða myndi leiða til verulegs óhagræðis fyrir skuldara þar sem margir þeirra ættu mun erfiðara með að greiða gjaldfelld bréf sem síðan myndi leiða til uppboðs á tryggingarveðum í fleiri tilvikum.

IV.

Sóknaraðili hefur skotið þessu máli til Héraðsdóms Reykjavíkur og krafist úrlausnar dómsins á þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að synja um aðför á grundvelli veðskuldabréfs með vísan til 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Varnaraðili málsins, sem er gerðarþoli í aðfararbeiðni, hefur ekki haldið uppi vörnum í málinu. Verður því lagt mat á kröfu sóknaraðila miðað við fram lögð gögn hans, sbr. 89. gr. laga nr. 90/1989, sbr. og 96. gr. laga nr. 91/1991.

Sóknaraðili máls þessa sendi sýslumanninum í Reykjavík aðfararbeiðni á

hendur Magnúsi Geir Gunnlaugssyni, varnaraðila máls þessa, og var hún móttekin hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 26. október 1993. Fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík ákvað fyrirtekt á málinu þann 22. nóvember 1993 og var gerðarþoli boðaður til hennar, en mætti ekki. Fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík tók þá ákvörðun með vísan til 7. tl. 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 90/1989, að fjárnám yrði ekki gert í eignum gerðarþola á grundvelli veðskuldabréfs þess sem hér um ræðir.

Í 1. gr., 1. mgr., laga nr. 90/1989 segir m.a.: „Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. ...

7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar . . .“

Í 3. gr., 1. mgr., sömu laga segir: „Aðfarar má krefjast hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Nær þetta einnig til þeirra, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efndum skuldbindingar skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., og þeirra, sem eiga verðmæti, sem standa að veði til tryggingar kröfu skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr., ef áskilnaði þessara ákvæða gagnvart aðalskuldara er einnig fullnægt gagnvart þeim.“

Grundvöllur aðfararbeiðni sóknaraðila er veðskuldabréf, dags. þann 8. nóvember 1984. Undir skuldabréfið skrifar lántaki, Þóra Helga Jónsdóttir, sem jafnframt skrifar undir sem þinglýstur eigandi veðsins, Fálkagötu 11, kjallara. Vottun á skuldabréfinu hljóðar svo: „Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði *lántaka*.“ Í texta veðskuldabréfsins segir m.a. í 10. lið þess: „Til staðfestu undirritar *lántaki* veðskuldabréf þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.“ Samkvæmt orðanna hljóðan eru vottar einungis að votta undirskrift lántakans, í þessu tilviki Þóru Helgu Jónsdóttur.

Fyrirmæli 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 eru skýr, undirskrift skuldara skal vera vottuð á tiltekinn hátt. Sama á við um þann sem á verðmæti það sem stendur til tryggingar kröfunni, áskilnaði 7. tl. 1. mgr. 1. gr. verður að vera fullnægt gagnvart honum, sbr. 3. gr., 1. mgr., sömu laga.

Veðskuldabréf það, sem hér um ræðir, er ekki undirritað af varnaraðila þessa máls, heldur beinist krafan að honum sem þinglýstum eiganda fasteignar þeirrar sem stendur að veði til tryggingar kröfu sóknaraðila, að því er virðist. Skuldabréfið sem slíkt er aðfararheimild sem leiðir til þess að krefjast megi aðfarar hjá öðrum en útgefanda ef skjalið ber með sér að sá sé skuldbundinn af ákvæðum þess.

Skilyrði 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um það ákvæði að í bréfinu þurfi að standa að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar stuðla að því að skuldara samkvæmt bréfinu megi sjálfum vera það ljóst er hann gengst undir skuldbindingu sína að fullnægja megi henni með aðför og ekki síst á það við um þann sem á verðmæti það sem gera á fjárnám í. Brestur á skilyrði ákvæðisins um vottun verður til þess að réttur til aðfarar telst ekki fyrir hendi.

Verður því ekki gert fjárnám hjá varnaraðila á grundvelli bréfsins vegna skýrra fyrirmæla 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um hvernig skuldabréf sem aðfararheimildir skuli vera úr garði gerð. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila og staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík varðandi aðfararbeiðni sóknaraðila.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, dags. 22. nóvember 1993, að synja um að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Magnúsar Geirs Gunnlaugssonar, á grundvelli veðskuldabréfs, dags. 8. nóvember 1984, út gefnu af Þóru Helgu Jónsdóttur til Lífeyrissjóðs Sóknar, með veði í fasteigninni Fálkagötu 11, Reykjavík, kjallara.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. mars 1994.

Nr. 102/1994. **Anna Helgadóttir**
(sjálf)
gegn
Sigríði Sæmundsdóttur og
Agli Daníelssyni
(sjálf)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 22. febrúar 1994, sem barst réttinum 4. mars sl. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilar dæmdir til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar á úrskurði héraðsdómara og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um málskostnað hinn 14. janúar 1994 samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991, en sátt var gerð í málinu að öðru leyti sama dag.

I.

Málið var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 26. mars 1992 af Önnu Helgadóttur, kt. 050656–4469, Reykjavík, Adolf Bjarnasyni, kt. 070335–3799, og Ástu Jóhannesdóttur, kt. 080440–3599, báðum til heimilis að Nesvegi 41, Reykjavík, á hendur Agli Daníelssyni, kt. 240757–7299, og Sigríði Sæmundsdóttur, kt. 100959–7299, báðum til heimilis að Nesvegi 41, Reykjavík, til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda á geymslu, auðkenndri með nr. 03.01. á teikningu af grunnmynd kjallara hússins við Nes-

veg 41, Reykjavík, sem samþykkt var af byggingarnefnd Reykjavíkur hinn 25. ágúst 1988. Einnig var þess krafist að stefndu greiddu leigu fyrir geymslu, auðkennda með nr. 03.01., að Nesvegi 41, Reykjavík, fyrir tímabilið 1. maí 1990 til 31. desember 1990 kr. 60 þúsund, fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. desember 1991 kr. 90 þúsund, fyrir tímabilið 1. janúar 1992 til 29. febrúar 1992 kr. 15 þúsund og kr. 7.500 fyrir hvern mánuð frá 1. mars 1992 til þess dags er stefnendur fá geymsluna afhenta. Þá var krafist dráttarvaxta í samræmi við III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 60 þúsund frá 5. janúar 1991 til greiðsludags og af kr. 90 þúsund frá 5. janúar 1992 til greiðsludags og af kr. 15 þúsund frá 5. mars 1992 til greiðsludags. Þess var krafist að dráttarvextir legðust við höfuðstól krafna í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 í fyrsta sinn 5. janúar 1992. Enn fremur var krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefndu var þess aðallega krafist að málinu yrði vísað frá dómi. Til vara var krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og til þrautavara var þess krafist að stefndu yrðu sýknuð að svo stöddu af öllum kröfum stefnenda. Í öllum tilvikum kröfðust stefndu málskostnaðar in solidum úr hendi stefnenda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnenda var frávísunarkröfu stefndu mótmælt og þess krafist að henni yrði hrundið og krafist málskostnaðar.

Í þinghaldi hinn 29. mars 1993 tilkynnti lögmaður stefnenda, að aðilarnir Ásta Jóhannesdóttir og Adolf Bjarnason hefðu dregið sig út úr málsókninni, enn fremur, að stefnandi félli að svo stöddu frá kröfu sinni um greiðslu leigugjalds.

Af hálfu stefndu var enn krafist frávísunar málsins og ítrekað að krafist væri málskostnaðar úr hendi allra stefnenda.

Hinn 5. apríl 1993 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfu stefndu og var henni hafnað eins og málið lá þá fyrir, en Önnu Helgadóttur, Ástu Jóhannesdóttur og Adolf Bjarnasyni gert að greiða stefndu, Agli Daníelssyni og Sigríði Sæmundsdóttur, in solidum kr. 40.000,00 í málskostnað.

Dómsátt varð um efnishlið málsins hinn 14. janúar sl., en ekki náðist sátt um málskostnað. Gera aðilar kröfu hver á annan um greiðslu málskostnaðar.

– – –

V.

Lögmaður stefndu sagði sig frá málinu og hafa þau rekið málið sjálf án aðstoðar lögmanns frá fyrirtöku þess hinn 5. nóvember 1993. Beittu þau sér fyrir því að samkomulag náðist meðal íbúa hússins að Nesvegi 41 um breyt-

ingu á geymslum, merktum 01.01. og 03.02., og að þeim breytingum loknum yrði skipan geymslurýmis endurskoðað í samræmi við samþykkta teikningu. Í kjölfar þessa samkomulags afhentu stefndu lögmanni stefnanda lykil að geymslu 03.01. hinn 20. desember 1993 og í framhaldi af því gerðu aðilar dómsátt um efnisþátt málsins hinn 14. janúar sl. Hins vegar hefur ekki náðst sátt um málskostnað.

Var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um málskostnaðarkröfuna.

Lögmaður stefnanda vísaði til fram lagðs málskostnaðarreiknings, að fjárhæð kr. 185.000,00, og ítrekaði, að dómkröfum stefnanda hefði verið fullnægt og að hún ætti því rétt á því að fara skaðlaust frá málinu. Mótmælti lögmaðurinn kröfu stefndu um málskostnað og taldi hana studda málsástæðum, sem væru of seint fram komnar. Enn fremur mótmælti hann þeirri fullyrðingu, að stefnandi hefði ekki gert allt sem hún gat til þess að komast yfir þessi eignaréttindi sín og kvað hana ekki hafa átt annarra kosta völ en að stefna í málinu.

Stefndi Egill, sem mætti fyrir hönd beggja stefndu, mótmælti málskostnaðarkröfu stefnanda og krafðist málskostnaðar úr hennar hendi. Taldi hann stefnanda hafa haft tækifæri til þess að leysa ágreining um geymslumál í húsinu, þegar geymslurnar voru í smíðum og um það leyti sem stefnandi hafi flust í húsnæðið, sem sé áður en stefndi flytji í húsið og áður en stefndu verði aðilar að málinu. Þá hafi stefnandi ekki gert kröfu um eignarhald geymslunnar fyrr en u.þ.b. átta mánuðum eftir að stefndu tóku við henni sem kaupendur húsnæðisins. Vísar hann þessu til stuðnings í greinargerð stefndu. Kvaðst stefndi hafa keypt húsnæðið án vitneskju um deiluefni þessa máls og hafa tekið geymsluna í notkun grandlaus um rétt stefnanda. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda að tímamörk séu svo sem stefndu haldi fram.

Stefnandi reisti kröfu sína á lögmætum hagsmunum, sem hún hefur náð fram í kjölfar málshöfðunarinnar og ósannað er, að hún hefði náð fram með öðrum hætti. Á hinn bóginn höfðu stefndu uppi efnisvarnir gegn kröfu stefnanda, sem ekki hefur verið fjallað um en sýndu að um vafaatriði var að ræða varðandi eignarhald á hinni umdeildu geymslu. Sátt náðist í málinu áður en aðalflutningur færi fram. Stefndu áttu ríkan þátt í því að sú sátt hefur nú tekist. Þegar allt þetta er virt sem og meginregla 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 422/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hilmari Þóri Ólafssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Skjalafals. Tékkasvik. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. október 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið hins vegar staðfestingar á ákvörðun refsingar ákærða, Hilmars Þóris.

Meðákærði undi héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. til 26. febrúar 1993, samtals 14 dagar, skal koma dæmdri refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um refsingu ákærða, Hilmars Þóris, að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 14 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði, Hilmar Þórir Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 16. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 429/1993: Ákæruvaldið gegn Hilmari Þóri Ólafssyni og X, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. ágúst sl., á hendur ákærðu, Hilmari Þóri Ólafssyni, Eggertsgötu 6, fæddum 17. apríl 1966, fæðingarnúmer 454, og X [. . .], báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin á tímabilinu frá desember 1992 fram í apríl 1993:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 13. janúar 1993 brotist í félagi inn í söluturn við Óðinstorg og stolið 352 vindlingapökkum, 62 vindlapökkum, 3 bréfum af píputóbaki, 41 kveikjara og 1.350 krónum. (RLR-mál nr. 158/93.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærða Hilmari Þóri er gefið að sök:

[Undir þessum lið er Hilmar Þór saksóttur fyrir notkun 8 innstæðulausra tékka (brot gegn 248. gr. hgl.), notkun 60 falsaðra tékka (brot gegn 155. gr. hgl.) og innbrot í Skipaþjónustu Suðurlands (brot gegn 244. gr. hgl.).]

Við meðferð málsins hefur sækjandi leiðrétt nokkrar villur í ákæru, bæði varðandi málsatvikalýsingu og eins listann yfir bótakröfur, sem teknar eru upp í ákæru.

Vindlingapakkarnir í I. kafla ákæru eiga að vera 271, en ekki 352. Tékkinn í II. kafla A, lið 1, er nr. 6149136, en ekki 614916. Tékkinn í sama kafla B var notaður 24., en ekki 26. janúar 1993. Tékkinn í sama kafla, C-lið 2, var seldur hjá Tong's Take away í Tryggvagötu 26, en ekki hjá Vegbúa hf., Laugavegi 62, sem rekur framangreint fyrirtæki. Númer liðanna í kafla F í sama kafla eiga frá og með nr. 39 að vera 29 og upp í 35, en ekki 45. Kafli J í sama kafla ákæru á að vera I.

Bótakrafa verslunarinnar Sautján á að vera 30.000 krónur, en ekki 22.000 krónur. Krafa BYKO á að vera 10.000 krónur, en ekki 18.000 krónur. Krafa Miklagarðs á að vera 13.600 krónur, en ekki 12.000 krónur. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir ekki 15.000 króna kröfu, heldur er það Íslandsbanki í Kringlunni 7, og ekki er gerð krafa um vexti af þeirri kröfu. Krafa

Tryggva hf. er að fjárhæð 4.000 krónur, en ekki 1.500 krónur. Loks er krafa Dóru Guðbjartar Jónsdóttur vegna tékka, sem ekki er ákært fyrir útgáfu á.

Með skýlausum játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákæru með þeim leiðréttingum, sem fram hafa verið settar við meðferð málsins. Eru brot ákærðu rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hilmars Þóris var hann dæmdur 19. september 1985 í 6 ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 21. febrúar 1986. Hinn 2. apríl 1988 fékk ákærði reynslulausn á eftirstöðvum refsingarinnar, 1080 dögum. Auk þessa hefur ákærði gengist með sátt undir sektargreiðslu á árinu 1982 fyrir ölvun. Þá hefur ákærði samkvæmt sakavottorðinu gengist undir sektargreiðslu 7. september sl. vegna ölvunaraksturs og sætt jafnframt sviptingu ökuleyfis í 1 ár. Ákærði kannast ekki við þetta síðast nefnda, og hefur dómarinn fengið staðfest, að þessi færsla á sakavottorð hans sé röng.

– – –

Við ákvörðun refsinga ákærðu verður tekið tillit til sakaferils þeirra og 77. gr. almennra hegningarlaga. Að því er varðar ákærða X, verður einnig tekið tillit til þess, að með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 12. ágúst f. á., og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 að fella þá refsingu, sem honum var þá ákvörðuð, inn í refsingu þá, sem honum verður nú dæmd.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða Hilmars Þóris hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði og ákærða X fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Hilmar Þórir sat í gæsluvarðhaldi frá 12. febrúar sl. kl. 19.44 til 26. febrúar sl. kl. 16. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að láta þetta gæsluvarðhald, samtals 13 daga, koma refsingu ákærða Hilmars Þóris til frádráttar.

– – –

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. og 3. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. [. . .]

Dómsorð:

Ákærði Hilmar Þórir Ólafsson sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 13 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði.

– – –

Ákærði Hilmar Þórir greiði 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verj-

anda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns og ákærði X greiði 12.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærði Hilmar Þórir að 2/3 hlutum, en ákærði X að 1/3 hluta.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 456/1993. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Þresti Sigmundssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga í því skyni aðallega að fá refsingu niður fellda, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsingin verði skilorðsbundin. Þá krefst hann sýknu af skaðabótakröfu, en til vara, að hún verði lækkuð. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. október 1993. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms með vísan til þess, hvernig áfrýjunarstefnu væri háttað, er þar var ekki gerð krafa af hálfu ákæruvalds um þyngingu refsingar ákærða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Við þingfestingu málsins í héraði var ákærða birt ákæra í máli þessu. Voru þá liðnir tæpir tíu mánuðir frá útgáfu ákæru. Dráttur þessi hefur ekki verið réttlættur af héraðsdómara.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þröstur Sigmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 16. mars 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 16. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. Ke-91. 2932: Ákæruvaldið gegn Þresti Sigmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. þ.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. janúar 1992, gegn Þresti Sigmundssyni, kt. 160972–3949, Skólabraut 2, Grindavík (áður Heiðarhrauni 40A), „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. október 1991 við skemmtistaðinn Festi í Grindavík slegið Gísla Sigurjón Brynjólfsson, fæddan 7. apríl 1975, mörg hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að hann kinnbeinsbrotnaði vinstra megin og bólgnaði og marðist um vinstra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist".

Dómkröfur ákærða eru þær, að refsing verði látin niður falla, en til vara að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu kæranda hefur verið lögð fram bótakrafa, að fjárhæð kr. 370.282, sem ákærði hefur mótmælt sem allt of hárri.

Málavextir.

Mánudaginn 21. október 1991 kom Gísli Sigurjón Brynjólfsson, kt. 070475–5969, til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík til þess að kæra líkamsárás sem hann varð fyrir aðfaranótt laugardagsins 19. október 1991 fyrir utan skemmtistaðinn Festi í Grindavík. Hefur hann skýrt svo frá að hann muni ekki nákvæmlega hvað klukkan hafi verið er þar lauk mælskukeppni framhaldsskólanna en hann hafi verið búinn að vera um það bil hálfa klukkustund þar fyrir utan þegar á hann hafi verið ráðist. Hann hafi verið þarna ásamt hópi af krökkum því að dansleikur, sem greiða þurfti inn á, var fyrirhugaður í húsinu eftir keppnina. Kvaðst Gísli hafa heilsað þar stelpu sem hann kannaðist við og heitir Elva, en hún hafi verið með Þresti þeim er síðar réðst á sig. Kvaðst Gísli hafa tekið í höndina á Elvu og borið hana upp að vörum sér til þess að kyssa á hana en hún hafi kippt að sér hendinni þannig að hann kyssti hana aldrei. Síðan liðu 10 til 15 mínútur en þá er skyndilega þrifið í hann og sagt: „Varst þú að reyna að kyssa stelpuna

mína?“ Ekki kveðst Gísli muna frekar eftir þessu nema einstaka atburði á stangli, en við höggin hafi hann rotast og auga hans lokast vegna bólgu og blæðinga auk þess sem hann hafi fengið skurð á vinstri augabrún og vinstra kinnbein brotnað.

Vitnið Hrefna Mjöll Kristvinsdóttir, kt. 031075–4839, hefur komið fyrir dóminn og skýrt frá því að hún hafi séð Þröst slá Gísla í andlitið í umrætt sinn og að Gísli hafi fallið við höggin. Í framburðarskýrslu vitnisins, sem hún hefur staðfest sem framburð sinn fyrir dóminum, kemur fram að Þröstur hafi haldið Gísla allan tímann á meðan hann var að berja hann og að Gísli hafi hangið líkt og rotaður og fallið í götuna þegar Þröstur sleppti honum. Ekki varð vitnið þess vart að Gísli gerði nokkuð til þess að verjast árásinni. Þá hafi vitnið heyrt að ástæðan fyrir árásinni hafi verið að Gísli hafi verið að reyna að kyssa stelpu, sem Þröstur var með.

Vitnið Helena Rut Borgarsdóttir, kt. 020175–4279, hefur í skýrslu sinni fyrir dóminum skýrt frá atburði þessum og staðfest skýrslu þá sem hún gaf hjá rannsóknarlögreglu þann 23. október 1991. Þar kemur fram að hún hafi verið að tala við vitnið Hrefnu Kristvinsdóttur sem hafi allt í einu sagt: „Það er verið að kýla Gísla.“ Hafi hún séð, að Þröstur hélt framan í brjóstið á Gísla og kýldi hann þrisvar eða fjórum sinnum, en höfuð Gísla hafi hangið líkt og hann væri meðvitundarlaus, og þegar Þröstur sleppti honum hafi hann fallið í götuna. Einnig kemur fram í framburði hennar að hún hafi ekki séð Gísla aðhafast neitt sér til varnar en tekur fram eins og hún orðaði það: „Ég sá bara helminginn.“ Ekki kvaðst hún vita neitt um, hvernig þetta upphófst en hún hafi heyrt síðar að Gísli hafi ætlað að kyssa stelpu sem Þröstur var með.

Vitnið Jóhannes Arnar Árnason, kt. 290675–5109, hefur í skýrslu sinni fyrir dóminum skýrt svo frá að hann hafi verið nýbyrjaður að tala við Gísla Brynjólfsson fyrir utan Festi í Grindavík þann 19. október 1991 en þar var að hefjast ball á vegum Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þá hafi skyndilega og alveg að ástæðulausu af Gísla hálfu komið aðvífandi strákur að nafni Þröstur sem þreif til Gísla og barði hann. Ekki hafi komið til neinna orðaskipta Gísla og Þrastar en Þröstur hafi gripið í föt Gísla framan á brjóstinu með vinstri hendi og síðan kýlt hann með þeirri hægri í andlitið. Segir vitnið, að Gísli hafi rotast við fyrsta höggið en Þröstur hafi haldið áfram að kýla Gísla, sem lyppaðist niður eftir fyrsta höggið, með því að halda honum uppi með annarri hendi og kýla hann með hinni. Vitnið segir, að Gísli hafi ekki gert neitt við Þröst áður en hann varð fyrir árásinni. Í skýrslu vitnisins hjá rannsóknarlögreglu, sem það hefur staðfest fyrir dómi eftir að hafa verið spurt sjálfstætt um atburði, kemur fram, að höggin hafi verið fimm talsins,

öll beint í andlitið, og að strax hafi farið að blæða úr augabrún Gísla en tveir Grindvíkingar hafi „stoppað Þröst af“ eftir þessi högg og sagt honum að hætta sem hann hafi gert. Eins kemur fram að Gísli hafi aldrei náð að verjast árásinni en hann hafi verið frekar mikið ölvaður. Þröstur hafi hins vegar ekki verið ölvaður að sjá, „að minnsta kosti ekki mikið“.

Í framburði vitnisins Elvu Bjarkar Guðmundsdóttur fyrir dóminum kemur fram að hún hafi verið á tali við vinkonu sína fyrir utan Festi þar sem hún ætlaði á ball umrætt kvöld er Gísli kom og tók í höndina á henni og kyssti á hana en er hún tók höndina í burtu ætlaði hann að kyssa hana á munninn en þær hafi ýtt honum burt. Í framhaldi af þessu hafi hún farið til Þrastar og sagt honum að Gísli hefði verið að reyna við sig og að þetta væri ekki í fyrsta skipti. Við þetta hafi Þröstur snögglega reiðst. Hins vegar vissi hún ekkert um, að hann ætlaði að ráðast á Gísla, og sjálf varð hún ekki vitni að því, er hann réðst á Gísla. Hins vegar vissi hún til þess, að Þröstur hefði hótað Gísla, að hann myndi lemja hann, léti hann hana ekki í friði. Kvað vitnið Gísla hafa verið mjög drukkinn en Þröstur hafi verið „svona léttur“.

Önnur vitni eru ekki tiltæk.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Gísla Brynjólfsson aðfaranótt laugardagsins þrjú til fjögur högg í andlitið með krepptum hnefa hægri handar. Hann kveðst ekki muna, hvort Gísli hafi gert nokkuð til að verja sig, en hann hafi komið honum að óvörum. Ástæðuna til þess, að hann sló Gísla, segir hann hafa verið þá að Gísli hafi verið að reyna við stelpu sem hann hafi verið og sé enn með. Hann hafi snöggreiðst er hún sagði honum að Gísli hefði verið að reyna að kyssa sig fyrst á höndina og síðan á munninn þarna á planinu fyrir utan Festi, auk þess sem Gísli hafi verið að reyna við hana skömmu áður á busaballi og í skólanum.

Samkvæmt læknisvottorði, dags. 2. 12. 1991, er afleiðingum árásarinnar lýst þannig: „Við skoðun sáust strax merki um kinnbeinsbrot vi. megin með mikilli innkýlingu. Töluverð bólga var í augntóft, sjón var metin eðlil. og sjúklingur neitaði tvísýni. Síðar kom fram að hann notaði linsur og var hæ. linsan fjarlægð en sú vinstri var týnd. Hann kom síðan í rtg-rannsókn strax eftir helgi og staðfestu þær myndir cliniskan grun um brot á vi. kinnbeini með mikilli innkýlingu. Hann var sendur á HNE-deild Borgarspítalans og þann 28.10. var þar gert að brotinu en hið innkýlda kinnbein var mjög óstöðugt og þurfti að nota víra til að halda því stöðugu. Við eftirskoðun 5 dögum síðar kvaðst sjúkl. nú sjá tvöfalt við að horfa upp á við. Einnig kvartaði hann um dofa í efri vör vi. megin, en enginn dofi í nefbeini eða

kinninni. Rúmri viku eftir aðgerð fór að bera á roða í skurðsári og reyndist um sýkingu að ræða. Þurfti að stinga á því og meðhöndla með fúkkalyfjum. Síðan hefur gangur verið eðlil. nema enn ber nokkuð á tvísýni og dofa sem fylgja verður eftir."

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann sé sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, með þeim afleiðingum, sem þar er lýst. Málsvörn hans byggist á því, að framkoma kæranda í málinu hafi verið með þeim hætti að hún réttlæti árásina eða því sem næst.

Að mati dómara eru viðbrögð ákærða í máli þessu við þeirri áreitni, sem hann telur að kærandi hafi haft í frammi við unnustu hans og þannig beinst að honum sem móðgandi framkoma, ekki í neinu réttlætanlegu samhengi við þá alvarlegu árás sem fylgdi í kjölfarið þó svo að einungis væri byggt á framburði ákærða. Er í því sambandi bent sérstaklega á, að framburður vitna þeirra, er sáu atburðinn gleggst, eru mjög á eina lund. Hér var um að ræða árás á mann að óvörum sem hvorki gerði nokkuð né gat gert sér til varnar. Þá er sérstaklega litið til þess að samkvæmt framburði vitnanna Hrefnu Mjallar, Helenu Rutar og Jóhannesar Arnars virðist Gísli hafa rotast við fyrsta höggið sem ákærði greiddi honum í andlitið en engu að síður hélt ákærði áfram að berja hann með krepptum hnefa í andlitið með því að halda honum uppi meðvitundarlausum. Í framburði Jóhannesar Arnars kemur fram að strax hafi farið að blæða úr augabrún Gísla og að ákærði hafi ekki hætt barsmíðunum fyrr en hann var stöðvaður af tveimur Grindvíkingum sem sögðu honum að hætta.

Verknaður ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Arnmundur Backman hrl. hefur lagt fram svofellda skaðabótakröfu á hendur ákærða, dagsetta 29. janúar 1992:

„Til mín hefur leitað Gísli Sigurjón Brynjólfsson vegna líkamsárásar, sem hann varð fyrir af hendi Þrastar Sigmundssonar, Heiðarhrauni 30a, Grindavík. Í bréfi mínu til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík hinn 14. nóvember gerði ég áskilnað til skaðabótakröfu.

Í læknisvottorði frá 2.12. er greint frá því að tvísýni og dofi sé ennþá vandamál hjá Gísla. Svo mun enn vera og þess vegna ekki loku fyrir það skotið að um varanlega örorku sé að ræða. Áskilnaður er gerður um frekari bótakröfur í einkamáli ef svo er.

Að svo komnu máli leyfi ég mér að gera eftirfarandi bótakröfu fyrir hönd Gísla Brynjólfssonar:

Útlagður kostnaður v/kaupa á einni linsu	kr.	5.200,00
Annar útlagður kostnaður samkv. meðfylgjandi nótum	kr.	15.082,00
Miski	kr.	300.000,00
Þóknun lögmanns með vsk.	kr.	50.000,00
Samtals	kr.	370.282,00

Fjártjón er stutt reikningum, að fjárhæð kr. 11.582,00, og miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.000,00. Ber þannig að dæma ákærða til þess að greiða Gísla Brynjólfssyni kr. 111.582,00 að viðbættum kostnaði vegna lögmannsaðstoðar, sbr. 4. tl. 172. gr. laga nr. 19/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.616,00 eða alls kr. 134,198,00.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hafa fjórum sinnum verið gerðar við hann dómsáttir vegna brota á umferðarlögum á tímabilinu frá 6. október 1990 til 25. júlí 1991 og þann 18. október 1989 var ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Ekki hefur þessi sakaferill áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Árás ákærða verður að telja mjög alvarlega, einkum ef litið er til þess, að henni er haldið áfram eftir að árásarþoli er orðinn meðvitundarlaus. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða varðhald, þar af tveir mánuðir skilorðsbundnir til tveggja ára.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., kr. 40.000,00, og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Ákærði, Þröstur Sigmundsson, sæti varðhaldi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af varðhaldstímanum og sá hluti refsingarinnar falla niður eftir tvö ár frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði greiði Gísla Brynjólfssyni kr. 134.198,00.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hrl., kr. 40.000,00, og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 372/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ellert Guðmundssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Brot gegn valdstjórninni. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Skaðabætur. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni af ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds með áfrýjunarstefnu 23. ágúst 1993. Krefst ákærði aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu, en til þrautavara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsingu.

Ekki eru efni til að taka kröfu ákærða um ómerkingu til greina.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður bar fyrir dómi, að ákærði hefði steytt hnefa og slegið í áttina að höfði Guðmundar Steindórssonar aðstoðarvarðstjóra, þegar hann gerði sig líklegan til að fjarlægja númerin af bifreið ákærða. Hafi sér virst sem hnefinn kæmi í andlit honum. Vitnið hefur ekki fullyrt, að ákærði hafi slegið Guðmund með krepptum hnefa í andlitið, og er framburður lögreglumannanna tveggja því ekki samhljóða að þessu leyti.

Að þessu athuguðu ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ellert Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 30. júní 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl 1993, á hendur Ellert Guðmundssyni, Kambahrauni 4, Hveragerði. Í ákæruskjali ríkissaksóknara eru ákæruatriði tilgreind með þessum hætti:

„Fyrir eftirtalin brot, framin árið 1992:

I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa fimmtudaginn 2. júlí við heimili sitt, er lögreglumenn hugðust fjarlægja skráningarmerki af bifreið hans, sem hann hafði vanrækt að færa til aðalskoðunar, slegið lögreglumanninn Guðmund Steindórsson, fæddan 26. september 1941, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann bólgnaði á neðri vör, fékk sár á vörina og vinstri framtönn í neðra gómi losnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa fimmtudaginn 6. ágúst á bifreiðastæði við Kaupfélag Árnesinga á Selfossi ekið bifreiðinni R-13006 svo óvarlega aftur á bak, að hún rakst á bifreiðina R-16825.

Telst þetta varða við 1. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Fyrir að hafa í ofangreint sinn á sama stað á ófyrirleitinn hátt stofnað í stórhættu lífi eða heilsu Jóhanns Helga Konráðssonar, fædds 30. október 1973, með því að aka bifreiðinni af ásetningi á hann, þar sem hann stóð framan við bifreiðina, svo að hann varð að setjast upp á vélarhlíf hennar, aka með hann þannig stuttan spöl og snögghemla svo að hann féll í götuna, en við þetta skrámaðist Jóhann Helgi á vinstra sköflungi og marðist á báðum fótum.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga. Þá krefst Jóhann Helgi Konráðsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.227 krónur, og Guðmundur Steindórsson, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 25.000 krónur auk vaxta."

– – –

II.

Málsatvik.

Fyrsti ákæruliður.

Á vordögum 1992 beindi lögreglustjórinn í Árnessýslu því til yfirlögregluþjónsins á Selfossi að lögreglumenn framfylgdu svohljóðandi fyrirmælum:

„Að undanförnu hefur borið á því að nokkur fjöldi óskoðaðra bifreiða er í umferð í umdæminu.

Því er hér með þess farið á leit við yður að þér hlutist til um að gengið verði fram í að klippa númer af óskoðuðum bifreiðum."

Fimmtudaginn 2. júlí 1992 voru lögreglumennirnir Guðmundur Steindórsson og Sveinn Ægir Árnason í eftirlitsferð í Hveragerði og sáu jeppabifreið ákærða, X-1312, af gerðinni Lada-sport standa í innkeyrslunni við heimili ákærða. Bifreiðin hafði ekki verið færð til aðalskoðunar. Lögreglumennirnir undirbjuggu að framkvæma fyrirmæli um að klippa númerin af bifreiðinni. Ákærði, sem var heima við og séð hafði til ferða lögreglumannanna, kom nú þarna að og kvað fyrirhugaðar aðgerðir þeirra með öllu ólögmætar. Til orðaskipta kom milli ákærða og lögreglumannanna. Lögreglumennirnir halda því fram, að í þann mund, sem lögreglumaðurinn Guðmundur var að beygja sig niður að bifreiðinni, hafi ákærði slegið hann með krepptum hnefa í andlitið, en því neitar ákærði. Framburður ákærða annars vegar og lögreglumannanna hins vegar verður nú að þessu leyti rakinn.

Þannig segir ákærði við lögregluranns ókn: „Þar sem lögreglumennirnir stefndu inn á lóðina benti ég þeim á, að ég væri inni á minni lóð, og benti þeim á friðhelgi heimilisins og þeim væri óheimilt að fara inn á lóðina til að taka númerin. Svo gerðist það, að Guðmundur lögreglumaður óð að mér og pressaði mig upp við bíl minn. Ég streittist á móti, og þá tók Guðmundur mig höfuðtaki. Ég setti þá handarjaðar vinstri handar að andliti Guðmundar og reyndi að ýta frá mér. Það eru ósannindi að ég hafi slegið hann í andlitið." Hér fyrir dómi hefur ákærði haldið fast við þennan framburð en viðurkennir að hafa ýtt á axlir lögreglumannsins Guðmundar og stjakað þannig við honum, er lögreglumaðurinn beygði sig niður til að klippa númerin af bifreiðinni.

Framburður vitnisins Guðmundar Steindórssonar lögreglumanns er aftur

á móti þannig við lögreglurannsókn: „Ég gekk að bifreiðinni í þeim tilgangi að fjarlægja skráningarmerkin og hafði beygt mig niður framan við bifreiðina til að komast að skrúfum. Þá réðst Ellert að mér og sló til mín með hnefanum og kom höggið á munninn á mér. Það sprakk fyrir á neðri vör og síðar kom í ljós að framtönn í neðri góm losnaði.“ Efnislega samhljóða framburð gaf vitnið hér fyrir dóminum. Þannig sagði vitnið, að þegar það hefði beygt sig niður að bifreiðinni, hefði ákærði slegið hann með krepptum hnefa beint í andlitið. Vitnið sagði, að við þetta hefði tönn losnað og sprungið fyrir á vör, en með aðstoð félaga síns hefði því tekist að handjárna ákærða, og þeir síðan fært hann á lögreglustöðina á Selfossi. Vitnið leitaði strax læknis, sem gaf út vottorð um áverkana.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður skýrir svo frá hér fyrir dóminum: „Hann (Guðmundur lögreglumaður) var að gera sig líklegan til að taka númerin af bílnum eftir að við höfðum rætt við hann þó nokkra stund, vorum að reyna að tala um fyrir honum. Þá hugðist Guðmundur reyna að taka númerin af bílnum, Ellert var þá fyrir framan hann og sló í áttina að höfðinu á honum og virtist sem hnefinn kæmi í andlitið á Guðmundi, krepptur hnefi. Hann hafði verið að steyta hnefann.“ Vitnið gaf einnig skýrslu við lögreglurannsókn.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, Kambahrauni 5, Hveragerði, kveðst hafa verið að drekka kaffi í eldhúsinu heima hjá sér. Vitnið sá ekki, hver aðdragandi var að því, að ákærði var handtekinn, og framburður eiginkonu ákærða hefur hér ekki heldur þýðingu, en hvorugt þessara vitna hafði gefið skýrslu við lögreglurannsókn.

Lagt hefur verið fram í málinu áverkavottorð, út gefið 2. júlí 1992 af Kjartani Davíðssyni, lækni Heilsugæslustöð Selfoss, og er það svohljóðandi: „Sj. kom á slysadeild kl. 18.45, 02. 07. 1992. Að sögn sjúkl. sleginn með hnefa í andlitið við vinnu sína og kom beint á slysadeild í framhaldi af því. Hann var með ferska áverka, hafði sprungið út úr neðri vör og bólga í sári. Einnig hafði losnað um vi. framtönn í neðra gómi. Álit: Áverkarnir samræmast því að sjúkl. hafi fengið eitt högg í andlitið.“

Fyrirmæli þau, sem lögreglumennirnir fengu frá yfirboðurum sínum, voru almenns eðlis og fólust í að klippa númer af óskoðuðum bifreiðum. Óumdeilt er að ákærði hafði vanrækt að færa bifreið sína til aðalskoðunar. Í 69. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er fjallað um bann við notkun ökutækis og hljóðar lagagreinin þannig: „Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmerki.“ Lagalega höfðu lögreglumennirnir heimild til að taka skráningarmerki af bifreið ákærða.

Þótt lögreglumennirnir laust eftir miðjan dag fimmtudaginn 2. júlí 1992 tækju númerin af óskoðaðri bifreið ákærða, sem stóð við heimili hans, hafði það ekki í för með sér röskun á friðhelgi heimilis ákærða, sem varin er af stjórnarskránni. Samkvæmt þessu var lögreglumaðurinn Guðmundur Steindórsson hér að gegna skyldustörfum.

Við niðurstöðu á þessum þætti málsins þykir mega leggja til grundvallar samhljóða framburð lögreglumannanna Guðmundar og Sveins Ægis um að ákærði hafi slegið lögreglumanninn Guðmund með krepptum hnefa í andlitið. Framburður ákærða um, að hann hafi einungis ýtt við lögreglumanninum, styðst ekki við fram lögð gögn í málinu, og ekki heldur verður sú fullyrðing hans studd framburði vitna þeirra, sem hann lét leiða við aðalmeðferð málsins. Fram lagt læknisvottorð styður framburð lögreglumannanna um að lögreglumaðurinn Guðmundur hafi hlotið áverka eftir hnefahögg ákærða. Verður þannig þrátt fyrir neitun ákærða, en með framburði framangreindra vitna að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í fyrsta ákærulið greinir, en þar er broti ákærða réttilega lýst og þykir í samræmi við ofangreindan rökstuðning réttilega heimfært undir 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Síðari tveir ákæruliðir.

Laust eftir hádegi fimmtudaginn 6. ágúst 1992 ók ákærði bifreið sinni, R-13006, aftur á bak úr bifreiðastæði við Bifreiðasmiðjur Kaupfélags Árnesinga. Bifreið ákærða rakst þá á bifreiðina R-16825, sem ekið var í samsíða bifreiðastæði. Ákærði, sem neitar því, að rekja megi áreksturinn til þess, að hann hafi ekið óvarlega, segir, að hann hafi séð ógreinilega út um afturrúðu bifreiðar sinnar vegna móðu, sem á henni hafi verið. Hann hafi hins vegar verið búinn að kanna, að ekkert væri fyrir aftan bifreiðina og því ekið henni aftur á bak um leið og hann leit í hægri hliðarspegil, en tekið síðan krappa hægri beygju og verið á þó nokkurri ferð, er hann rakst á bifreiðina R-16825. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar, vitnið Jóhann Helgi Konráðsson, kvaðst hafa verið í þann veginn að stöðva bifreið sína í bifreiðastæði fyrir framan varahlutaverslun K.Á., þegar ákærði hafi skyndilega ekið bifreið sinni inn í hlið bifreiðar vitnisins.

Ákærði og vitnið Jóhann Helgi ræddu nú á vettvangi sín á milli, hvernig best væri að ganga frá málinu en urðu ekki á eitt sáttir um það. Tók ákærði ákvörðun um að aka brott af vettvangi en vitnið Jóhann Helgi reyndi að aftra því. Upplýst er að er ákærði ók af stað, stóð Jóhann Helgi fyrir framan bifreiðina og skömmu síðar ók ákærði með Jóhann Helga sitjandi á vélarhlífinni. Jóhann Helgi hélt sér í þurrkuarmana en ákærði snögghemlaði þá, sem varð til þess að Jóhann Helgi féll af bifreiðinni og í götuna.

Ákærði segir, að hann hafi gert sér ljóst í viðræðum við Jóhann Helga, að hann sjálfur ætti ekki sök á óhappinu. Sú staðreynd ásamt því, að honum hafi mislíkað framkoma Jóhanns Helga við sig, hafi haft þau áhrif, að hann sá ekki ástæðu til að vera lengur á staðnum. Hann hafi sest undir stýri og ætlað að aka á brott en þá hafi Jóhann Helgi hlaupið fram fyrir bílinn, sest á vélarhlífina og haldið sér í þurrkuarmana. Ákærði kveðst hafa ekið stuttan spöl með Jóhann Helga á vélarhlífinni en síðan hemlað og þá hafi Jóhann Helgi rennt sér niður af bifreiðinni og síðan rifið upp bílstjórahurðina en hann sjálfur ekið burt.

Vitnið Jóhann Helgi Konráðsson heldur því hins vegar fram, að ákærði hafi orðið illur, þegar vitnið vildi ekki eiga bein viðskipti við ákærða um tjónahlið málsins, án afskipta tryggingafélaganna. Ákærði hafi orðið snöggillur og virst þegar í stað ætla að yfirgefa vettvang. Vitnið kveðst þá hafa gengið fram fyrir bifreið ákærða en ákærði þá ekið af stað og á vitnið, sem þá hafi snúið sér við og sest á vélarhlíf bifreiðarinnar. Ákærði hafi þá aukið vélaraflið með því að stíga vel á bensíngjöfina. Þá kvaðst vitnið hafa gripið í þurrkuarmana og haldið sér þannig á meðan ákærði ók nokkra metra, með vitnið sitjandi á vélarhlífinni, en ákærði hafi þá snögghemlað og vitnið þá fallið á jörðina. Vitnið kvaðst strax hafa staðið upp og opnað ökumannsdyrnar í þeim tilgangi að komast að kveikjulásslyklinum en þá mistekist og ákærði ekið af vettvangi. Vitni sagði, að því hefði virst sem ákærði æki á fullri ferð áfram, á meðan það sjálft sat á vélarhlífinni. Vitnið taldi sig hafa sloppið vel úr þessari lífsreynslu.

Vitnið Halldór Ingi Guðmundsson kvaðst hafa séð atburði alla vel en vitnið var við störf inni í húsinu. Vitnið sagðist hafa séð ákærða aka bifreið sinni inn í hliðina á bíl Jóhanns Helga. Það kvaðst ekki hafa skipt sér af því og haldið áfram vinnu sinni en þá heyrt hávaða og orðið litið út og séð ökumennina vera að rífast. Vitnið sá, að Jóhann Helgi vildi ekki, að ákærði færi af staðnum og einnig að hann reyndi að hindra það. Er ákærði hafi ekið að Jóhanni Helga hafi sá síðarnefndi sest á vélarhlífina. Ákærði hafi þá gefið duglega í og Jóhann Helgi dottið af bifreiðinni við það að ákærði síðan hemlaði. Vitninu fannst greinilegt, að ákærði væri að reyna að losa sig við Jóhann Helga af bílnum og þegar honum hefði tekist það, hefði hann ekið á fullri ferð af vettvangi.

Vitnið Guðmundur Jóhannesson var við vinnu sína inni í kaupfélagshúsinu og kvaðst hafa litið út um gluggann við hávaða í bílvél. Vitnið kvaðst hafa séð Jóhann Helga standa fyrir framan bifreiðina og virtist vitninu hann vera að reyna að varna því, að bílnum væri ekið burt. Bifreiðinni hafi verið ekið af stað og þá hafi Jóhann Helgi eins og hrökklast upp á vélarhúsið.

Bifreiðinni hafi verið ekið stutta vegalengd og síðan verið stöðvuð harkalega og við það hafi Jóhann Helgi fallið í jörðina. Ákærði hafi í framhaldi af þessu ekið á brott. Vitninu fannst þetta undarlegt hátterni hjá ákærða.

Ákærða bar, áður en hann ók bifreið sinni aftur á bak, að þurrka móðu af afturrúðu bifreiðarinnar, svo að hann hefði óskert sjónsvið aftur fyrir bifreiðina. Það var hættulegt af ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak með byrgt útsýni úr afturrúðu. Óumdeilt er, að ákærði ók inn í hlið bifreiðarinnar R-16825 er hann ók bifreið sinni aftur á bak. Við þessar aðstæður ók ákærði bifreiðinni óvarlega aftur á bak og fallast má á það með ákæruvaldinu, að háttsemi ákærða varði við 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en tilvitnuð lagagrein skyldar ökumenn til að sýna sérstaka aðgæslu við akstur aftur á bak, svo að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Háttsemi ákærða er réttilega lýst í II. lið ákæru.

Það var rangt mat hjá ákærða, að hann ætti ekki sök á umferðaróhappinu og tók hann því ranga ákvörðun, þegar hann ákvað að hverfa brott af vettvangi án þess að gefa Jóhanni Helga færi á að láta lögreglu kanna þar aðstæður. Vitnin Halldór Ingi og Guðmundur Jóhannesson sáu, er ákærði ók af stað, og ber vitnunum saman við framburð Jóhanns Helga um, að ákærði hafi ekið þannig að honum, þar sem hann stóð framan við bifreiðina, að Jóhann Helgi átti ekki annars úrkosti en setjast upp á vélarhlíf bifreiðarinnar. Ekki sætir það andmælum ákærða, að hann hafi þá ekið bifreiðinni stuttan spöl áfram, og með framburði vitnanna Jóhanns Helga Konráðssonar, Halldórs Inga Guðmundssonar og Guðmundar Jóhannessonar er nægilega sannað, að ákærði hefur snögghemlað, svo að Jóhann Helgi féll í götuna. Hvorki er það hlutverk ökumanna að aka á gangandi vegfarendur né aka með þá sitjandi á bifreiðinni. Ökumenn mega ekki heldur stöðva bifreiðar sínar þannig, að það valdi hættu fyrir þá, sem staddir eru á vegi eða við hann. Akstur ákærða var tillitslaus, glannalegur og hættulegur. Hann var því andstæður meginreglum umferðarlaga, sem bjóða ökumönnum að sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og varúð, þannig að aksturinn valdi ekki hættu eða tjóni, en greið og örugg umferð byggist á því að þessar forsendur séu virtar. Ákærði braut þannig gegn 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Háttsemi ákærða var ófyrirleitin og þess eðlis, að lífi og heilsu Jóhanns Helga, sem sat á bifreiðinni, var augljós hætta búin. Hún var því einnig refsiverð samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en enga þýðingu hefur að stiggreina hættuna í þessu sambandi. Læknisvottorð um tilgreinda áverka Jóhanns Helga liggur ekki fyrir í málinu, og er ósannað, að hann hafi hlotið þá áverka, sem í ákæru greinir. Með þessum tveimur athugasemdum þykir refsiverðri háttsemi í III. lið ákæru vera rétt lýst.

III.

Refsi- og viðurlagaákvörðun.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 1. júlí 1927, og samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins hlaut hann í Hæstarétti 22. febrúar 1985 sektarrefsingu og viðurlög vegna brots á lögum um dýravernd. Allmörgum árum áður, 13. mars 1972, féllst hann með dómsátt á að greiða sekt og þola stutta ökuleyfissviptingu fyrir brot á umferðar- og áfengislögum og ári síðar einnig með dómsátt sættist hann á 2.000 króna sektarrefsingu fyrir brot gegn 261. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða, sem tiltekin verður eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með lögum nr. 44 frá 7. maí 1993, sem tóku gildi 1. júní sl., voru gerðar þær breytingar á 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að í stað sviptingar ökuréttinda samkvæmt hinum eldri lagatexta er nú með breytingalögunum mælt fyrir um sviptingu ökuréttar, sem bæði felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini. Að öðru leyti eru með breytingalögunum ekki gerðar þær efnisbreytingar á lagagreininni, sem hér skipta máli. Hins vegar ber samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma eftir nýju lögunum, en engin efnisbreyting er gerð á sjálfum viðurlögunum frá því sem var í gildistíð eldri lagatexta. Til álita kemur, hvort háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið III var með þeim hætti, að varðað geti hann sviptingu ökuréttar. Eins og rakið er í niðurstöðu varðandi þann ákærulið hér að framan, var akstur ákærða tillitslaus, glannalegur og hættulegur og andstæður meginreglum umferðarlaga og þykir því rétt að kröfu ákæruvalds, en með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og telst svipting ökuréttar í þessu sambandi hæfilega ákveðin 1 mánuður frá birtingu dóms í máli þessu að telja.

IV.

Skaðabótakröfur og sakarkostnaður.

Í skýrslu hjá lögreglu 6. ágúst 1992 hefur Jóhann Helgi Konráðsson, kt. 301073–4539, uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða. Jóhann Helgi, sem kveðst hafa fengið 409 krónur fyrir hverja unna klukkustund, gerir skaðabótakröfu, að fjárhæð krónur 1.227,00, vegna vinnutaps í þrjár klukku-

stundir. Ákærði mótmælir skaðabótakröfunni. Engin gögn frá vinnuveitanda fylgja skaðabótakröfunni og er hún því vanreifuð og verður vísað frá dómi.

Bótakrafa Guðmundar Steindórssonar lögreglumanns, kt. 260941–3809, sem dagsett er 18. ágúst 1992, er hins vegar svohljóðandi:

„Ég undirritaður geri þá kröfu á hendur Ellert Guðmundssyni, kt. 010627–7969, sem sló mig í andlitið er ég var við skyldustörf hinn 16. júlí síðastliðinn (sic), að hann greiði mér miskabætur, krónur 25.000,00, ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá og með þeim degi, sem honum er birt bótakrafan, til greiðsludags . . .“ Bótakrafan er studd læknisvottorði, út gefnu af Kjartani Davíðssyni, Heilsugæslustöð Selfoss, 2. júlí 1992, og sem fyrr er fjallað um.“ Ákærði mótmælir bótakröfunni.

Leggja má til grundvallar, að Guðmundur Steindórsson lögreglumaður hafi við skyldustörf fimmtudaginn 2. júlí 1992 af völdum ákærða hlotið þá áverka, sem í ákæru greinir, en fram er komið í málinu, að Guðmundur leitaði samdægurs læknis. Fjárhæð skaðabótakröfunnar er í hóf stillt, og verður skaðabótakrafan því tekin til greina að öllu leyti og bera skal hún vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. október 1992 til greiðsludags.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 55.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., 55.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds sótti málið hér fyrir dóminum Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Miklar embættisannir dómarans urðu þess valdandi, að ekki reyndist unnt að kveða upp dóm í málinu fyrir 23. júní sl.

Dómsorð:

Ákærði, Ellert Guðmundsson, sæti varðhaldi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði er einnig sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Skaðabótakröfu Jóhanns Helga Konráðssonar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði Guðmundi Steindórssyni lögreglumanni, kt. 260941–3809, 25.000 krónur í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxta-

laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. október 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 55.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., 55.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 136/1992. **Þýsk-íslenska hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skattar. Sölugjald. Innheimta opinberra gjalda. Stöðvun atvinnurekstrar. Stjórnsýsla. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda gert að greiða honum 22.559.518 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.700.000 krónum frá 26. nóvember 1987 til 21. júní 1989, en af 22.559.518 krónum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar, en málskostnaður látinn falla niður.

I.

Áfrýjandi hefur rekið umboðs- og heildverslun í Reykjavík um mörg undanfarin ár. Voru viðskipti hans söluskattsskyld í tíð laga nr. 10/1960 um söluskatt að því leyti, sem seld eða afhent vara var ekki ætluð til endursölu. Áttu skil á sölugjaldi á grundvelli laganna að fara fram mánaðarlega samkvæmt skýrslu um veltu undanfarandi mánaða og sæta leiðréttingu við árleg reikningsskil fyrir starfsemina, ef við þurfti.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 22. apríl 1986 var áfrýjanda gert að greiða sölugjald fyrir rekstrarárin 1981, 1982, 1983 og 1984 til viðbótar því, sem áður hafði verið skilað. Aðdragandinn var sá, að uppvíst varð í nóvember 1985 um veruleg vanhöld á framtali skattskyldra

tekna og eigna félagsins og miklar misfellur á bókhaldi þess. Var málið tekið til rannsóknar á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins með aðstoð löggilts endurskoðanda. Af hálfu félagsins var því lýst yfir, að fyrirsvarsmenn þess væru reiðubúnir til samstarfs og aðstoðar við rannsóknina, og óskuðu þeir eindregið eftir því, að félagið fengi færi á að leiðrétta reikningsskil sín. Voru þeim afhentar niðurstöður af athugun endurskoðandans, þegar þær lágu fyrir. Í framhaldi af því lagði stjórn áfrýjanda fram við ríkisskattstjóra 12. apríl 1986 nýtt og endurgert skattframtal fyrir gjaldárið 1985 ásamt nýjum ársreikningum fyrir rekstrarárið 1984. Fór stjórnin þess á leit, að álögð opinber gjöld félagsins árið 1985 yrðu tekin til endurákvörðunar á grundvelli þessara gagna.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 29. apríl 1986 var á það fallist samkvæmt heimildum hans í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt að breyta álagningu gjalda á áfrýjanda gjaldárið 1985 til samræmis við hið nýja framtal. Leiddi breytingin til mikillar hækkunar tekjuskatts og annarra gjalda. Var tillit tekið til úrskurðarins um sölugjaldið við þessa breytingu. Þann úrskurð hafði ríkisskattstjóri byggt á heimildum 16. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1974. Var hann kveðinn upp að undangenginni áskorun til áfrýjanda um að gera grein fyrir hlutdeild söluskattsskyldrar veltu í hinni auknu heildarveltu, sem framtalið leiddi í ljós, samkvæmt 28. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. gr. laga nr. 33/1982, og 96. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvað ríkisskattstjóri sjálfur þessa hlutdeild sem 12.500.000 krónur alls, þegar áskoruninni var ekki sinnt. Jafnframt ákvað hann að skipta þessari veltu niður á fyrrgreind rekstrarár og gjaldtímabil innan þeirra og áætla viðbótargjald samkvæmt því. Var þetta aðalþáttur þeirra breytinga, sem í úrskurðinum fólust, en að auki var félaginu áætlað viðbótargjald fyrir árin 1981, 1982 og 1983 vegna eigin úttektar á vörum til húsbyggingar, og leiðrétting var gerð á sölugjaldi ársins 1984 samkvæmt samanburði á veltutölum í söluskattsskýrslum annars vegar og ársreikningi hins vegar. Studdust breytingarnar allar við hið nýja skattframtal.

Með úrskurðinum var sölugjald áranna 1981-1984 hækkað um 2.771.659 krónur samanlagt. Jafnframt var áfrýjanda úrskurðað 20% álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 með á orðnum breytingum og álag vegna dráttarvaxta samkvæmt 2. tl. sömu máls-

greinar, er reiknað var til 16. maí 1986. Að þessu viðbættu nam hækkunin samtals 6.451.503 krónum.

Áfrýjandi kærði þennan úrskurð til ríkisskattstjóra, eins og heimilt var að lögum, ásamt fyrrnefndum úrskurði frá 29. apríl 1986. Var sérstakur ríkisskattstjóri settur til að fara með kærumálin, og staðfesti hann báða úrskurðina með úrskurðum 30. október 1987. Þá úrskurði kærði áfrýjandi til ríkisskattanefndar 6. nóvember sama ár, og voru málin skriflega flutt fyrir nefndinni.

Með úrskurðum 17. apríl 1989 vísaði ríkisskattanefnd báðum kærumálunum frá vegna vanreifunar, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, og tók hún hvorki kröfur áfrýjanda né ríkisskattstjóra til greina af þeim sökum.

Álagning sölugjaldsins á hendur áfrýjanda hefur ekki sætt sérstakri meðferð skattyfirvalda eftir þessa frávísun frá nefndinni. Hins vegar hafa þau opinberu gjöld, sem um var fjallað í hinu kærumálinu, verið endurákvörðuð með dómi Hæstaréttar 21. júní 1991 í máli milli áfrýjanda og Gjaldheimtunnar í Reykjavík (H. 1991, 1334), sem byrjað var með lögtaksbeiðni Gjaldheimtunnar á hendur áfrýjanda 19. janúar 1988. Var fyrrgreindri álagningu gjaldársins 1985 þar vikið til hliðar, en áfrýjanda í þess stað ákveðin gjöld fyrir hvert gjaldáranna 1982-1985 vegna rekstraráranna 1981-1984. Við þessa endurákvörðun var byggt á niðurstöðum dóms Hæstaréttar sama dag í sakamáli, sem ákæruvaldið höfðaði í árslok 1989 á hendur tilteknum fyrirsvarsmönnum áfrýjanda vegna undandráttar félagsins á gjöldunum (H. 1991, 1236). Höfðu gjöldin þar verið metin sjálfstætt og endurreiknuð með tilliti til þess, hverju undandrátturinn næmi að lágmarki. Í málum þessum var ákvörðun ríkisskattstjóra á sölugjaldinu ekki raskað, og voru niðurstöður hans um það lagðar til grundvallar við endurmat hinna gjaldanna.

II.

Innheimtu sölugjaldsins hjá áfrýjanda bar undir tollstjórann í Reykjavík. Var ekki aðhafst um hana, meðan málið var til meðferðar hjá settum ríkisskattstjóra, en að úrskurði hans gengnum var áfrýjanda 4. nóvember 1987 sent bréf frá tollstjóra, þar sem honum var tilkynnt, að hann gæti átt von á stöðvun atvinnurekstrar síns samkvæmt 8. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1982,

og/eða innheimtu með lögtaki, ef sölugjaldsskuldin yrði ekki greidd fyrir 12. sama mánaðar. Í framhaldi af kæru sinni á úrskurðinum til ríkisskattanefndar greiddi áfrýjandi hinn 24. nóvember 1.700.000 krónur inn á sölugjaldið með fyrirvara um endurheimtu, ef ríkisskattanefnd kæmist að þeirri niðurstöðu, að honum bæri að greiða minna. Er ljóst, að innheimtuaðgerðum var þá frestað að svo stöddu. Starfsmenn tollstjóraembættisins mættu síðan hjá áfrýjanda 26. ágúst 1988 með hótun um að loka fyrirtækinu. Fór lögmaður áfrýjanda fram á það með bréfi til tollstjóra 29. ágúst, að hann fengi áframhaldandi frest á greiðslum, þar til ríkisskattanefnd lyki úrskurði á málið. Jafnframt óskaði hann eftir því, að hann yrði látinn vita, ef til stæði að hefja aðgerðir gegn áfrýjanda.

Úrskurður ríkisskattanefndar um frávísun kærumálsins var svo kveðinn upp 17. apríl 1989, eins og áður getur. Áfrýjandi taldi, að skilja bæri úrskurðinn á þann veg, að engin lögmæt ákvörðun lægi fyrir um sölugjaldið, og væri því ekki um gjaldkræfa skuld að ræða. Tollstjóri taldi á hinn bóginn, að krafan um sölugjaldið væri í fullu gildi, enda hefði nefndin ekki tilkynnt um breytingu á álagningu þess. Í lok maí 1989 var lokað fyrir tollafgreiðslu á vörum til áfrýjanda. Með tilliti til ágreiningsins um túlkun á nefndarúrskurðinum féllst tollstjóraembættið á það, að opnað yrði aftur fyrir tollafgreiðslu fyrirtækisins. Í framhaldi af því gaf embættið út beiðni um lögtak fyrir sölugjaldinu í eignum áfrýjanda, og hugðist hann hafa uppi andmæli við gjaldinu í fógetarétti Reykjavíkur, ef innheimtunni yrði fylgt fram með þeim hætti. Áður en til þess kom, var ákveðið í fjármálaráðuneytinu að skipuleggja hertar innheimtuaðgerðir vegna vanskila á söluskatti, er hafnar yrðu um allt land 19. júní 1989. Skyldi fyrirtækjum skuldara lokað, þar sem þess væri kostur, án undanfarandi viðvörunar eða auglýsingar, og lögtak gert samhliða til tryggingar skuldunum, þar sem það hefði ekki þegar verið framkvæmt. Aðgerðir þessar voru látnar ná til áfrýjanda, og var fyrirtæki hans lokað með lögregluvaldi árla morguns hinn 19. júní með innsiglun á skrifstofuhúsi þess. Áfrýjandi leitaði til sakadóms Reykjavíkur og síðan til fógetaréttar með beiðni um, að lokuninni yrði aflétt, en þeim erindum hans var vísað frá. Hann óskaði einnig að fá að leggja fram tryggingu fyrir sölugjaldinu, en því var hafnað af hálfu tollstjóra. Lyktaði málinu þannig, að áfrýjandi

greiddi umkrafið sölugjald í fógetaréttinum hinn 21. júní, og var innsigli numið brott um hádegisbil þann dag.

III.

Í máli þessu gerir áfrýjandi í fyrsta lagi kröfu um endurgreiðslu á því, er hann greiddi til tollstjóra 30. nóvember 1987 og 21. júní 1989, þ.e. 1.700.000 krónum og 8.339.838 krónum. Í síðari fjárhæðinni var innifalin greiðsla á kröfu vegna sölugjalds fyrir janúar 1985, sem áfrýjandi taldi áður upp gerða, og nam hún 263.345 krónum.

Endurgreiðslukrafan er aðallega á því byggð, að lögmætri ákvörðun skattyfirvalda um viðbótarsölugjaldið fyrir 1981-1984 sé ekki til að dreifa, þar sem ríkisskattanefnd hafi í raun fellt úr gildi álagningu ríkisskattstjóra og ómerkt málsmeðferð hans með fyrrgreindum úrskurði sínum um frávísun á kærumáli áfrýjanda vegna gjaldsins. Um forsendur að þeirri frávísun vísaði nefndin til úrskurðar síns sama dag um opinber gjöld áfrýjanda. Sá úrskurður hefur verið skýrður með dómi Hæstaréttar 21. júní 1991 í máli Gjaldheimtunnar og áfrýjanda, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og á sú skýring einnig við í máli þessu. Með úrskurðinum var kröfu áfrýjanda um endurákvörðun sölugjaldsins vísað frá vegna þeirrar vanreifunar, sem talin var leiða af ófullkomnum bókhaldsgögnum og kærugögnum hans. Fólst í því sú afstaða, að áfrýjandi gæti átt kost á að bera mál sitt aftur undir nefndina með nýjum gögnum eða rökstuðningi. Í samræmi við hana vísaði nefndin einnig frá þeirri kröfu ríkisskattstjóra, að úrskurður hans um gjaldið yrði staðfestur. Þessi úrlausn kærumálsins var nefndinni heimil, og raskaði hún ekki þeirri álagningu sölugjaldsins, sem fram hafði farið. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á það með öðrum rökum eða gögnum, að álagningin hafi farið í bága við heimildir ríkisskattstjóra eða annars verið þannig vaxin, að innheimta á gjaldinu hefði ekki átt að ná fram að ganga, eða að hann eigi nú rétt á endurgreiðslu þess, sem innheimt var.

Greiðsla áfrýjanda vegna sölugjalds fyrir janúar 1985 er þannig til komin, að gjald þetta var hækkað að ákvörðun skattstjórans í Reykjavík 25. nóvember 1987 um 212.317 krónur að meðtöldu 20% álagi samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. söluskattslaga. Tekið var fram í tilkynningu skattstjóra, að álag samkvæmt 2. tl. sömu málsgreinar

yrði reiknað hjá innheimtumanni, og var þar átt við áfallna vexti frá eindaga 16. mars 1985. Áfrýjandi greiddi umgetna fjárhæð til tollstjóra hinn 30. nóvember án fyrirvara um ráðstöfun hennar, og var kvittun gefin fyrir henni sem innborgun upp í sölugjaldsskuld hans. Var fjárhæðin síðan færð á móti hinum áföllnu dráttarvöxtum og álaginu samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. Taldist höfuðstóll hækkunarinnar, 176.931 króna, þannig enn ógreiddur. Var áfrýjandi krafinn um hann ásamt einföldum dráttarvöxtum fyrir mánuðina desember 1987 – júní 1989, þegar greiðsla fór fram 21. júní 1989, og töldust eftirstöðvar þá nema fyrrnefndum 263.345 krónum. Umrædd færsla tollstjóra á greiðslu viðbótargjaldsins, á móti dráttarvöxtum og viðurlögum á undan höfuðstól, var í samræmi við fyrirmæli fjármálaráðuneytisins um forgangsröðun greiðslna á söluskattskröfum. Hún var samkvæm eðli málsins að því leyti, að áfrýjandi gat ekki vænst þess, að áfallnir dráttarvextir við hækkunina á sölugjaldi hans stæðu ógreiddir án ávöxtunar að sínu leyti, þótt höfuðstóllinn yrði greiddur. Jafnframt hafði hann ekki ástæðu til að ætla, að krafan um hina áföllnu vexti væri fallin niður, þótt tollstjóri tæki við greiðslunni 30. nóvember 1987 án sérstakra athugasemda af sinni hálfu sem almennri innborgun.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það með héraðsdómara, að endurgreiðslukrafa áfrýjanda verði ekki til greina tekin.

IV.

Í öðru lagi gerir áfrýjandi kröfu um skaðabætur fyrir fjártjón og miska vegna lokunarinnar á fyrirtæki hans dagana 19.-21. júní 1989 í þágu innheimtu hins umdeilda sölugjalds. Sú krafa hans verður ekki á því byggð, svo sem þegar er rakið, að efni hafi ekki verið til innheimtunnar. Kemur það eitt til álita, hvort umrædd aðgerð hafi verið óheimil, eins og á stóð, eða lögmæti hennar áfátt, þannig að bótaréttur geti af risið.

Sem fyrr segir, höfðu skattamál áfrýjanda verið til meðferðar hjá yfirvöldum á fjórða ár, þegar hér var komið sögu. Fyrir lá úrskurður frá ríkisskattanefnd, sem áfrýjandi taldi hafa ómerkt álagningu gjaldsins, en tollstjóri hafði gert honum ljóst, að innheimtu þess yrði fram haldið með viðeigandi úrræðum. Er ekki unnt að líta svo á, að stöðvun á atvinnurekstri hafi verið þar undan skilin, en hins vegar

hafði áfrýjandi ástæðu til að ætla, að leitað yrði lögtaks til tryggingar skuldinni, og yrði honum gert viðvart, ef grípa ætti til frekari úrræða. Í þess stað fór svo vegna hinna hertu innheimtuaðgerða, sem fyrr greinir, að lögreglan mætti í höfuðstöðvum áfrýjanda að morgni mánudagsins 19. júní 1989 og innsiglaði húsakynni fyrirtækisins án nokkurrar viðvörunar. Enginn var á staðnum til að sinna greiðslu og ekki farið að opna banka.

Heimild 8. mgr. 12. gr. söluskattslaga til stöðvunar atvinnureksturs var skýr og alkunn. Eðlilegt er, að beiting hennar styðjist við jafnræðisreglu öðru fremur. Sú grundvallarregla stjórnarfarsréttar á einnig við um innheimtu af þessu tagi, að stjórnvöld þurfi að gæta hófs í vali milli úrræða, sem þeim eru tiltæk, og velja hið vægasta úrræði, sem að gagni kemur. Ber þeim og að taka mið af hagsmunum, sem í húfi eru, þ.e. annars vegar stöðu gjaldanda og hins vegar nauðsyn á greiðum og öruggum skattskilum. Um stöðvun atvinnurekstrar er þess almennt að vænta, að hún hafi í för með sér verulega röskun fyrir aðilann, sem í hlut á.

Í máli þessu hefur ekki verið gerð sérstök grein fyrir því, hvernig innheimtu á söluskatti hafi almennt verið hagað í Reykjavík eða annars staðar á þeim tíma, sem sölugjald áfrýjanda var til meðferðar hjá stjórnvöldum. Jafnframt hefur staða þeirra aðila, sem hinar hertu aðgerðir náðu til, ekki verið upplýst með þeim hætti, að beinum samanburði við mál áfrýjanda verði við komið. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að staða áfrýjanda sumarið 1989 hafi verið sérstök í mikilvægum efnum. Um var að ræða ákvörðun skattyfirvalda á gamalli skattskuld og önnur gjöld, sem á höfðu verið lögð af sama tilefni, voru til meðferðar fyrir dómstólum. Áfrýjandi hafði staðið í skilum með áfallandi söluskatt allt frá árinu 1985. Eins og samskiptum aðila hafði verið háttað, mátti hann vænta þess að fá tilkynningu um lokun samkvæmt lagaheimildinni, ef ákveðið yrði að beita henni. Eftirfarandi greiðsla áfrýjanda sýndi, að hann var gjaldfær og hefði getað varist lokuninni, hefði honum verið gefið tækifæri til þess.

Samkvæmt þessu verður að telja, að við stöðvun atvinnurekstrar áfrýjanda hafi ekki verið beitt réttum aðferðum. Á hann rétt á bótum fyrir tjón, sem telja má, að af því hafi hlotist. Fjárhæð bótanna verður þó að takmarkast af því, að hann bauð ekki fram greiðslu,

þegar er kostur var. Þykja bæturnar að álitum hæfilega metnar 900.000 krónur, er greiðist með vöxtum, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram bréf frá tollstjóra og fleiri stjórnvöldum, sem þau rituðu að beiðni ríkislögmanns til greinargerðar um atvik að sölugjaldsmáli áfrýjanda og meðferð á því. Í sumum bréfanna gætir þess, að hafður sé uppi málflutningur um sakarefnið, og átti það ekki við.

Það athugast, að í héraðsdómi skortir á um sjálfstæða reifun málavaxta og ágreiningsefna, og hefur hér verið úr því bætt.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, Þýsk-íslenska hf., um endurgreiðslu á sölugjaldi.

Stefndi greiði áfrýjanda 900.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu dóms þessa að telja.

Stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., er höfðað af Þýsk-íslenska hf., kt. 670976–0419, Lynghálsi 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 31. ágúst 1989, á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 22.559.518 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Sátt var reynd árangurslaust.

– – –

III.

Niðurstaða.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Er annars vegar um að ræða endurkröfu á greiddum söluskatti, en hins vegar skaða- og miskabótakröfu.

Verður fyrst fjallað um endurgreiðslukröfuna, en hún byggist á því, að ekki liggi fyrir lögmæt ákvörðun af hálfu skattyfirvalda um hið ætlaða sölugjald, þar sem framangreindur úrskurður ríkisskattanefndar hafi í raun fellt úr gildi hinn kærða úrskurð ríkisskattstjóra um ákvörðun sölugjalds.

Umdeildur úrskurður ríkisskattanefndar liggur fyrir í máli þessu á dskj. nr. 22. Úrskurðarorðið er svohljóðandi: „Máli þessu er vísað frá." Um forsendur er vísað til úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 309 ár 1989. Sá úrskurður liggur fyrir á dskj. nr. 23, þar sem úrskurðuð er kærð endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum kæranda, Þýsk-íslenska hf., gjaldárið 1985. Í forsendum úrskurðarins, staflið G, segir svo:

„Fyrir liggur og raunar viðurkennt af hendi kæranda, að upphaflegt skattframtal kæranda árið 1985 svo og skattframtöl eldri ára hefðu verið ófullnægjandi með þeim hætti, að ársreikningar þeir, sem þeim framtölum fylgdu, studdust ekki við fullnægjandi bókhald. Álagning opinberra gjalda gjaldárið 1985 og þeirra eldri gjaldára, sem umboðsmaður kæranda krefst leiðréttinga á, studdist því eigi við viðhlítandi framtalsgögn. Af hálfu kæranda þykir eigi hafa verið bætt úr ágöllum þessum og með þeim hætti, að unnt sé í kærumáli þessu að taka kröfur hans til efnislegrar umfjöllunar.

Ljóst er, að ríkisskattstjóri endurákvarðaði kæranda að nýju opinber gjöld 1985 með heimild í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eingöngu á grundvelli nýs skattframtals kæranda 1985, en eigi liggur annað fyrir en ríkisskattstjóri hafi þá ekki haft önnur gögn undir höndum um mál þetta. Rétt hefði verið af ríkisskattstjóra, að hann færi fram á rannsókn skattrannsóknarstjóra á hinu nýja skattframtali kæranda árið 1985, áður en hann tók fyrir að endurákvarða gjöld kæranda, sbr. 2. ml. 3. mgr. 102. gr., sbr. og lokamálsgrein 96. gr., sem þar er vísað til, eða krefði skattrannsóknarstjóra um skýrslu um þá athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, er frá segir í tveimur bréfum, dags. 12. apríl 1986, sem fylgdu til skýringar hinu nýja skattframtali kæranda árið 1985, og frásögn ríkisskattstjóra sjálfs í tilkynningu um endurákvörðun, dags. 29. apríl 1986. Var það sérstaklega brýnt með tilliti til þess, að bókhald kæranda árið 1984 hafði ekki verið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda og því lýst yfir í bréfi stjórnar kæranda, dags. 12. apríl 1986, að ágallar væru á bókhaldi hans rekstrarárið 1984 og eldri rekstrarár. Hið nýja framtal og ársreikningar var (sic) og bersýnilega ekki byggt á viðhlítandi grundvelli.

Með hliðsjón af framansögðu verða hvorki kröfur kæranda né ríkisskattstjóra teknar til greina og þeim vísað frá vegna vanreifunar."

Í forsendunum, sem eiga, eins og áður greinir, jafnframt við um þann úrskurð ríkisskattanefndar, sem fjallað er um í máli þessu, kemur fram, að hinn kærði úrskurður ríkisskattstjóra er ekki byggður á viðhlítandi grundvelli og því ekki unnt að staðfesta hann. Stendur ágreiningur málsaðila um það, hvort túlka skuli úrskurðinn með hliðsjón af forsendum hans þannig, að með þeim hafi úrskurðurinn í raun verið felldur úr gildi þrátt fyrir orðalag í niðurlagi hans og úrskurðarorði.

Í fógetarétti Reykjavíkur gekk úrskurður þann 14. september 1989 í lögtaksmáli Gjaldheimtunnar í Reykjavík gegn Þýsk-íslenska hf., þar sem m.a. reyndi á túlkun á úrskurði ríkisskattanefndar nr. 309. Því máli var skotið til Hæstaréttar. Urðu aðilar máls þess, sem hér er til umfjöllunar, ásáttir um að fresta máli þessu, þar til niðurstaða Hæstaréttar lægi fyrir. Dómur Hæstaréttar féll þann 21. júní 1991. Segir svo m.a. í þeim dómi:

„Úrskurð ríkisskattanefndar verður að skýra í ljósi þess, hvernig kærumálið var lagt fyrir nefndina og hvert hlutverk hennar er að lögum. Samkvæmt 100. gr. og öðrum ákvæðum laga nr. 75/1981 hefur ríkisskattanefnd á hendi úrskurðarvald í skattamálum, en ekki álagningarvald nema eftir því sem úrskurðarvaldinu tilheyrir. Störf sín að úrlausn mála byggir hún á þeim gögnum, sem málsaðilar leggja fyrir hana, sbr. 3. mgr. 100. gr. Telji hún mál ekki nægilega upplýst, getur hún beint því til aðila að afla frekari gagna eða upplýsinga málinu til skýringar, sbr. 7. mgr. 100. gr. Þessari heimild er nefndinni ekki skylt að beita í öllum tilvikum, heldur getur hún einnig vísað kærumáli frá, ef henni virðist það vanreifað af hendi aðila og ekki tækt til efnislegrar umfjöllunar að svo komnu. Getur málsaðili þá eftir atvikum borið mál sitt aftur undir nefndina með nýjum gögnum eða rökstuðningi.

Í máli aðaláfrýjanda vísaði nefndin kröfum hans frá vegna vanreifunar. Í forsendum að þeirri niðurstöðu var tekið fram, að upphaflegt framtal hans árið 1985 og framtöl áranna þar á undan hefðu verið ófullnægjandi að því leyti, að ársreikningar með framtölunum styddust ekki við fullnægjandi bókhald. Álagning opinberra gjalda árið 1985 og þau eldri gjaldár, sem kröfur aðaláfrýjanda um leiðréttingu tækju til, styddust því ekki við viðhlítandi framtalsgögn frá hans hendi. Úr þessum ágöllum hefði aðaláfrýjandi ekki bætt og ekki með þeim hætti, að því er tæki til krafna hans í kærumálinu, að unnt væri að taka þær til efnislegrar umfjöllunar.

Gagnvart ríkisskattstjóra sem aðila í kærumálinu tók nefndin fram, að endurákvörðun hans á opinberum gjöldum aðaláfrýjanda gjaldárið 1985 hefði einvörðungu verið byggð á hinu nýja skattframtali aðaláfrýjanda

1985, og lægi ekki annað fyrir en að hann hefði þá ekki haft undir höndum önnur gögn um málið. Voru báðar þessar staðhæfingar í samræmi við málflutning ríkisskattstjóra, sem hafði talið í eigin úrskurði að skýrsla rannsóknardeildar um athugun á skattskilum aðaláfrýjanda hefði ekki þýðingu í málinu. Í framhaldi af þessu tók nefndin fram, að ríkisskattstjóra hefði verið rétt að fara fram á rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra samkvæmt 2. málslið 3. mgr. 102. gr. laga nr. 75/1981, áður en hann tók það fyrir að endurákvarða gjöld aðaláfrýjanda, eða krefja skattrannsóknarstjóra að öðrum kosti um þá skýrslu rannsóknardeildar, sem um væri getið í gögnum kærumálsins. Á þessari ábendingu hnykkti nefndin með þeirri athugasemd, að aðaláfrýjandi hefði sjálfur lýst yfir við afhendingu framtals síns og ársreiknings, að bókhald hans væri ekki gallalaust, og gögn þessi hefðu sjálf borið með sér, að þau væru ekki reist á viðhlítandi grundvelli.

Í forsendum nefndarinnar að þessu leyti fólst ábending þess efnis, að ríkisskattstjóri ætti þess enn kost að skýra málið með rannsókn. Hins vegar verður úrskurðurinn ekki skilinn þannig, að viðtaka ríkisskattstjóra á hinu nýja framtali hafi verið heimildarlaus, eins og á stóð, og endurákvörðun gjaldanna ógild. Til að láta það í ljós hefði nefndin þurft að kveða svo á berum orðum, að álagningin frá 29. apríl 1986 væri felld úr gildi. Í stað þess vísaði nefndin frá aðalkröfu aðaláfrýjanda, sem byggðist á því, að honum gæfist kostur á að leiðrétta framtal sitt eða framtöl að eigin frumkvæði. Af því leiddi að nefndin gat ekki sinnt þeirri kröfu ríkisskattstjóra, sem hann hafði gert til vara, að kæruúrskurður hans frá 30. október 1987 yrði staðfestur.

Með úrskurðinum var kærumálinu þannig vísað frá ríkisskattanefnd með venjubundnum hætti án röskunar á þeirri álagningu, sem um var deilt. Var þetta enn ljósara vegna þess, að nefndin fylgdi úrskurði sínum ekki eftir með tilkynningu til gagnáfrýjanda og ríkisskattstjóra um niðurfellingu eða breytingu gjalda, eins og henni hefði annars verið skylt samkvæmt 3. málslið 9. mgr. 100. gr. laga nr. 75/1981.

Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á það með öðrum rökum, að álagning ríkisskattstjóra hafi farið í bága við heimildir hans samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981. Umræddur úrskurður ríkisskattanefndar og málsmeðferð ríkisskattstjóra stóðu því ekki í vegi, að lögtak yrði gert fyrir hinum álögðu gjöldum aðaláfrýjanda, eins og málið lá fyrir í héraði."

Framangreinda túlkun Hæstaréttar á úrskurði ríkisskattanefndar ber að leggja til grundvallar við túlkun á úrskurði þeim, sem deilt er um í þessu máli, enda er hér um algerlega samhljóða úrskurði að ræða, og eiga forsendur dómsins því einnig við í máli þessu. Verður því þegar af þeim sökum

ekki á það fallist með stefnanda, að með úrskurðinum hafi ríkisskattanefnd í raun fellt úr gildi úrskurð ríkisskattstjórans um álögur söluskatts. Verða kröfur stefnanda um endurgreiðslu söluskattsins því ekki teknar til greina.

Í málatilbúnaði stefnanda kemur fram, að stefnandi telji sig hafa tvígreitt hluta söluskattsins, kr. 263.345, og er krafa um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð auk annars studd við, að þessi fjárhæð hafi þegar verið greidd. Var þessari málástæðu fyrst hreyft í greinargerð stefnanda. Hefur henni ekki verið andmælt sem of seint fram kominni.

Stefnda mátti vera ljóst, að með greiðslu sinni taldi stefnandi sig vera að greiða sölugjald ásamt álagi eins og hann var krafinn um með bréfi á sama dskj., síðu 2. Liggur ekki fyrir, að stefndi hafi tilkynnt stefnanda sérstaklega eða gert honum ljóst, að greiðsla sölugjaldsins yrði látin renna inn á vaxtagreiðslu, eins og fram kemur á yfirlitinu á dskj. nr. 64.

Telst stefnandi því hafa greitt höfuðstól þessa hluta sölugjaldsins, og var stefnda óheimilt að reikna þá greiðslu upp í vexti á þann hátt sem gert var. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á, að heildarfjárhæð sú, sem stefnanda var gert að greiða við lokunina, hafi verið hærri en verið hefði, þótt áðurnefnd greiðsla stefnanda hefði verið látin renna til greiðslu á höfuðstól söluskattsins, eins og til var ætlast, enda stóð vaxtaskuldin þá ógreidd. Verður því ekki fallist á þennan þátt kröfugerðar stefnanda.

Skaðabótakröfuna byggir stefnandi á því, að lokun fyrirtækis hans með lögregluvaldi dagana 19.–21. júní 1989 hafi verið ólögmæt, og eru ástæður þess tilgreindar í fjórum liðum. Skal nú fjallað um hvern þeirra fyrir sig.

1. Í fyrsta lagi byggir stefnandi á því, að engin lögmæt ákvörðun liggi fyrir um söluskatt þann, sem innheimta átti, og vísar til úrskurðar ríkisskattanefndar þar um.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, er þessari málsástæðu hafnað.

2. Á því er byggt, að skuldin þurfi að vera vafalaus og tilkynna þurfi með hæfilegum fyrirvara um aðgerðirnar. Enn fremur verði að gefa þolanda kost á að afstýra slíkri aðgerð með tryggingu.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, hefur úrskurði ríkisskattstjóra um álagt sölugjald ekki verið hnekkt. Var því, eins og á stóð, fullnægt skilyrðum til að beita mætti aðgerðum samkvæmt 8. mgr. 12. gr. l. nr. 10/1960, en samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga frestar deila um skattskyldu ekki eindaga skattsins eða leysir undan þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans.

Ákvörðun um lokun fyrirtækjanna var tekin í fjármálaráðuneytinu og send til innheimtumanna. Áttu aðgerðirnar að taka til allra þeirra aðila,

sem skulduðu söluskatt, eftir því sem við varð komið, og var sérstaklega tekið fram, að þær ættu að vera fyrirvaralausar „til þess að koma í veg fyrir, að skuldarar noti tímann til þess að „skipta“ um rekstraraðila og með þeim hætti að komast hjá lokunaraðgerðum“.

Ekki er til um það lögfest regla, að tilkynna beri fyrir fram um aðgerðir sem þessar. Þó verður að telja, að um slíka innheimtu gildi sú grundvallarregla í stjórnarfarsrétti, að gæta beri hófs í framkvæmd slíkra aðgerða, þannig að gætt sé hagsmuna gerðarþola eftir því sem best verður við komið, jafnframt því sem þess verði gætt, að aðgerðirnar þjóni sem best tilgangi sínum.

Eins og atvikum var háttað, var litið svo á af hálfu fjármálaráðuneytisins, að markmiði aðgerðanna hefði verið hætt með því að tilkynna um þær fyrir fram. Þegar það er haft í huga og enn fremur litið til þess, að sömu aðferðum átti að beita við alla skuldara, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að með því að hafa lokunina fyrirvaralausa hafi verið brotin á honum þessi grundvallarregla.

Það hefur þegar komið fram, að markmiðið með aðgerðunum var að knýja fram greiðslu, og byggðist lokunin á heimild í 8. mgr. 12. gr. l. nr. 10/1960, þar sem heimilt er að stöðva atvinnurekstur, þar til full skil eru gerð. Tryggingu þeirri, sem stefnandi bauð fram í formi tékka, verður ekki jafnað við full skil, og er ekki á það fallist, að stefnda hafi verið skylt að taka við honum sem tryggingu eins og á stóð.

3. Gegn andmælum stefnda er ósönnuð sú staðhæfing stefnanda, að samkomulag eða ígildi þess hafi legið fyrir um, að ekki yrði gripið til aðgerða sem þessara.

4. Loks byggir stefnandi á því, að brotin hafi verið á honum almenn jafnréttisregla, sem talin sé gilda í stjórnsýslu, með því að beita lokunaraðgerð og neita að aflétta henni gegn bankatryggingu. Vísar stefnandi því til stuðnings m.a. til reglugerða, sem settar voru skömmu eftir framangreindar innheimtuaðgerðir. Hefur stefnandi bent á það, að með setningu þessara reglugerða hafi verið staðfest regla, sem talin hafi verið gilda óskráð fram til þess.

Samkvæmt reglugerðum þeim, sem stefnandi vísar til, nr. 319/1989 og 348/1989, eru heimildir innheimtumanns til að fresta lokunaraðgerðum gegn fullnægjandi tryggingu við það takmarkaðar, að mál séu til meðferðar hjá ríkisskattanefnd. Því var ekki til að dreifa í máli stefnanda, enda lá þá fyrir úrskurður ríkisskattanefndar, eins og að framan hefur verið rakið, og hafði málinu ekki verið skotið á ný til nefndarinnar. Hefur stefnandi ekki á annan hátt fært að því rök eða sýnt fram á að slík jafnréttisregla hafi verið á honum brotin.

Framangreind atriði leiða til þess, að sýkna ber stefnda af skaðabótakröfu stefnanda.

Miskabótakrafa stefnanda byggist á því, að framangreindar lokunaraðgerðir hafi verið ólögmætar. Þegar af þeim sökum, að ekki er fallist á þá málsástæðu, kemur miskabótakrafan ekki til álita og ber að sýkna stefnda af henni.

Undir rekstri málsins kom fram sú krafa frá lögmanni stefnanda, að átalin verði vinnubrögð lögmanns stefnda hvað varðar fjölda greinargerða í málinu af hálfu stefnda, en slíkt sé í andstöðu við 106. gr. l. nr. 85/1936.

Ekki þykja efni til að taka þessa kröfu til greina.

Eins og mál þetta er vaxið þykir rétt að fella málskostnað niður í máli þessu.

Orðalag 2. tl. 37. A gr. l. nr. 85/1936 verður að skýra svo, að það sé mat dómara hverju sinni, hvort umfang máls sé það mikið, að kveðja beri til meðdómsmenn til setu í dómi. Orðalag 1. tl. sömu greinar er fortakslaust, hvað þetta varðar. Var það mat dómara í máli þessu, að ekki væri þörf á að hafa dóm fjölskipaðan.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Þýsk-íslenska hf., Lynghálsi 10, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 244/1993. **Bryndís Kristinsdóttir**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Tannlæknafélagi Íslands
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað. Lögbann fellt úr gildi. Trygging. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1993. Auk dóms í málinu er áfrýjað úrskurði frá 6. apríl s.á., þar sem hafnað var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins frá dómi. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að synjað verði um staðfestingu á lögbanni því, sem um er fjallað í hinum áfrýjaða dómi, og að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í málinu. Þáttur í bæði aðal- og varakröfu áfrýjanda er, „að stefndi verði dæmdur til þess að afhenda sýslumanninum í Reykjavík kr. 10.000.000,- sem tryggingu fyrir hugsanlegri bótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda að viðlagðri aðför að lögum". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að framangreindri kröfu áfrýjanda um afhendingu 10.000.000 króna tryggingar verði vísað frá dómi og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

II.

Lögbannskrafa stefnda beindist upphaflega bæði að áfrýjanda og Tryggingastofnun ríkisins. Var þess krafist, að lagt yrði lögbann við því, „að gerðarþolar beiti samningi, sem þau gerðu með sér 17. ágúst 1992. Samningur þessi gerir ráð fyrir að Bryndís stundi tannlækningar, sem hún hefir ekki réttindi til og því ekki leyfi til, og að elli- og örorkulífeyrisþegar og þeir, sem slysatryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, njóti þátttöku sjúkratrygginga samkvæmt nefndum lögum í kostnaði af smíði og viðgerð gervitanna".

Við fyrirtöku lögbannsmálsins hjá sýslumanninum í Reykjavík var eftirfarandi bókað: „Fulltrúi sýslumanns kynnir nú þá ákvörðun sína að þar sem gerðarbeiðandi hafi gert það sennilegt að vissar athafnir gerðarþola brjóti gegn lögvörðum hagsmunum gerðarbeiðanda og að skilyrðum laga að öðru leyti er fullnægt, verði lögbann lagt við beitingu samnings þess er gerður var milli Tryggingastofnunar ríkisins og Bryndísar Kristinsdóttur þann 17. ágúst sl., að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklinga, gegn tryggingu sem endanlega er ákveðin 10.000.000."

Lögbann var síðan lagt á í samræmi við þetta.

III.

Við gildistöku laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann voru heimildir til lögbanns takmarkaðar frá því, sem var í lögum nr. 18/1949. Skilyrði fyrir lögbanni eru rakin í 24. gr. laga nr. 31/1990. Greinin er svohljóðandi:

„Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það, og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess, sem fer með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélags.

Lögbann verður ekki lagt við athöfn:

1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega,

2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því, að athöfn fari fram, og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni, sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda."

Í hinum áfrýjaða dómi greinir frá því, að áfrýjandi hafi starfað sjálfstætt við tannsmíði án milligöngu tannlækna í tæp tuttugu ár, en í því felist, að hún hafi allan þann tíma tekið mót af tanngómum og mátað gervitanngarða. Hún hafi margsinnis haft samband við landlækni um starfsemi sína. Í dóminum eru rakin afskipti stefnda og opinberra aðila af þessari starfsemi áfrýjanda. Í janúar 1986 sætti hún áminningu landlæknis fyrir brot á tannlæknalögum. Að öðru leyti virðist umrædd starfsemi áfrýjanda hafa verið látin afskiptalaus af hálfu opinberra aðila, bæði heilbrigðisyfirvalda og ákæruvalds, þrátt fyrir ítrekaðar kærur frá stefnda, fyrst 1973, og kæru frá forseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands 1990. Kærum þessum hefur verið beint til sakadóms Reykjavíkur, landlæknis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara.

Þegar þetta er virt og hliðsjón höfð af deiluefni málsaðila og hagsmunum, er því tengjast, að svo miklu leyti sem upplýsinga nýtur um þá í málinu, er ljóst, að eigi var fullnægt skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990, til þess að lögbannskrafa stefnda mætti ná fram að ganga. Er þá sérstaklega haft í huga niðurlagsákvæði 1. mgr. og 2. tl. 3. mgr. 24. gr. Ber því að fella lögbannið úr gildi.

IV.

Í héraði hafði stefndi uppi tvær kröfur gegn áfrýjanda, auk kröfu um málskostnað. Í fyrsta lagi krafðist hann þess, að „staðfest verði lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 20. október 1992 að stefnda Bryndís beiti samningi, sem hún og meðstefnda gerðu með sér 17. ágúst 1992, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga". Í öðru lagi krafðist stefndi þess, að umræddur samningur áfrýjanda og Tryggingastofnunar ríkisins yrði dæmdur ógildur. Héraðsdómari sýknaði af þeirri kröfu, og er hún ekki til álita fyrir Hæstarétti, þar sem héraðsdómi var ekki gagnáfrýjað.

Stendur því ekki annað eftir af kröfugerð stefnda í málinu, þegar

lögbannið hefur verið fellt úr gildi, en krafa um málskostnað, auk áðurnefndrar frávísunarkröfu. Við svo búið eru ekki efni til þess, að fjallað verði í þessu máli um réttarstöðu málsaðila, að því er varðar ágreiningsefnið, sem lá lögbannskröfu stefnda til grundvallar.

V.

Hinn 14. júní 1993, hálfum mánuði eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, endurupptók fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík lögbannsgerðina að beiðni lögmanns stefnda, sem krafðist þess, að skilað yrði tryggingarfénu, sem afhent hafði verið sýslumanni vegna lögbannsins. Þessu var mótmælt af hálfu áfrýjanda með þeim rökum, að héraðsdómi hefði þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það varð fulltrúi sýslumanns við kröfu lögmanns stefnda. Málskot til Hæstaréttar á þessu ágreiningsefni, sem ekki sætti úrlausn héraðsdóms, á sér enga lagastoð og ber að vísa kröfu áfrýjanda, er að því lýtur, ex officio frá Hæstarétti.

VI.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Framangreint lögbann er fellt úr gildi.

Kröfu áfrýjanda, Bryndísar Kristinsdóttur, að stefnda, Tannlæknafélagi Íslands, verði dæmt skylt að afhenda sýslumanninum í Reykjavík 10.000.000 króna tryggingarfé, er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., var höfðað með þingfestingu málsins 29. október 1992.

Stefnandi er Tannlæknafélag Íslands, kt. 570570-0139, Síðumúla 35, Reykjavík.

Stefndu eru Bryndís Kristinsdóttir tannsmíðameistari, kt. 210540-3509, Stigahlíð 92, Reykjavík, og Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær kröfur að staðfest verði lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 20. október 1992, að stefnda Bryndís beiti samningi, sem hún og meðstefnda gerðu með sér 17. ágúst 1992, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga. Þá verði dæmt að framangreindur samningur stefndu sé ógildur.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun dómara, þar með talinn kostnaður við lögbannsgerðina.

Af hálfu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur er þess krafist, að hún verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda og synjað verði um staðfestingu á lögbanni frá 20. október 1992 er tekur til samnings stefndu og Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, er eindregið krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða meðstefndu málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu stefndu kom fram krafa um að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og að stefnanda yrði gert að greiða stefndu málskostnað.

Málið var munnlega flutt um frávísunarkröfuna og henni hafnað með úrskurði 6. apríl sl.

II.

Málsatvik.

Stefnda, Bryndís Kristinsdóttir, er tannsmiður að mennt. Hún lauk sveinsprófi í greininni árið 1961 og öðlaðist nafnbótina meistari í tannsmíði árið 1975.

Tannlæknafélag Íslands hefur á undanförnum árum margsinnis haft afskipti af starfsemi stefndu Bryndísar. Þannig kærði félagið hana á árinu 1973 fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir að stunda tannlækningar án lögskilinna réttinda, en það mál var fellt niður samkvæmt ákvörðun ákæruvaldsins. Árið 1985 kærði félagið stefndu til landlæknis fyrir skottulækningar. Þar var hún talin hafa farið út fyrir verksvið sitt sem tannsmiður og brotið ákvæði 2. tl. 14. gr. laga nr. 80/1969, sbr. 16. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar. Í bréfi landlæknis, dags. 14. janúar 1986, segir, að embættið hafi

kannað málavexti og í ljós hafi komið að tannlæknalög hafi verið brotin. Landlæknir hafi veitt tannsmiðnum alvarlega áminningu fyrir brot á lögunum.

Hinn 5. janúar 1990 kærði deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands stefndu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir að hafa í nokkur ár smíðað gervitennur á eigin spýtur í fólk, án þess að nokkur tannlæknir kæmi þar nærri. Taldi hann athæfi stefndu vera brot á lögum um tannlækningar frá 1985 auk þess sem það væri mjög varhugavert þar sem hún hefði enga þekkingu til að bera, hvorki í sjúkdómafræði né í öðru sem nauðsynlegt væri til að vel gæti farið, enda vitað um vandræði sem orsakast hafi af þessari vankunnáttu hennar, eins og segir í kærubréfi.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 30. janúar s. á., kemur fram, að það hafi leitað álits landlæknis, og hafi hann kannað málið. Í niðurlagi svarbréfs segir svo: „Landlæknir fær ekki séð að ástæða sé til að amast við starfsemi Bryndísar Kristinsdóttur tannsmiðs.“ Að fenginni þessari umsögn ákvað ráðuneytið að aðhafast ekkert í málinu.

Af hálfu stefnanda var starfsemi stefndu Bryndísar kærð til Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 16. mars 1990. Kæra þessi var send ríkissaksóknara sem tilkynnti þann 10. júní s. á. að kæruefnið veitti eigi þann grundvöll að efni væru til þess af ákæruvaldsins hálfu að mæla fyrir um lögregluranns6kn eins og þar sagði.

Þann 17. ágúst 1992 gerðu stefnda Bryndís og meðstefnda, Tryggingastofnun ríkisins, með sér samning um tannsmíði, sem taka skyldi gildi 1. september 1992. Samkvæmt honum skuldbatt Tryggingastofnun ríkisins sig til að endurgreiða elli- og örorkulífeyrisþegum, svo og þeim sem slysatryggðir eru samkvæmt lögum nr. 67/1991 um almannatryggingar, ákveðinn hundraðshluta af þeim kostnaði, sem þessir aðilar þurftu að borga fyrir þjónustu hjá stefndu Bryndísi Kristinsdóttur, enda færi hún eftir gjaldskrá, sem tekin er upp í samninginn.

Samkvæmt samningnum tók Bryndís að sér að smíða og gera við gervigóma og gervitennur. Í 3. gr. samningsins segir orðrétt: „ Í eftirfarandi umsaminni gjaldskrá er allt innifalið, þ.m.t. mátun og lagfæringar.“

Með beiðni, dags. 3. október 1992, krafðist stefnandi máls þessa lögbanns við því, að stefnda og meðstefnda beittu samningi þessum. Þann 20. október s.á. var lagt lögbann gegn kr. 10.000.000,- tryggingu við beitingu samningsins, að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklinga.

Stefnda Bryndís Kristinsdóttir skýrði svo frá fyrir réttinum, að hún hefði starfað sjálfstætt að grein sinni, þ. e. án milligöngu tannlækna, í tæp 20 ár. Í því felist að hún tekur mót af tanngarði sjúklinga og mátar gervitanngarða.

Hins vegar framkvæmi hún engar tannlækningar. Enginn hluti tannsmíðavinnunnar fari fram í munni sjúklings nema hvað varðar svonefnda mátun. Hún fari þannig fram að fljótþornandi mátefni sé sett í til þess gerðar skeiðar með haldi, sem settar séu upp í viðskiptavininn og geti þeir jafnvel gert það sjálfir. Á þeim tíma, sem hún hafi starfað sjálfstætt, hafi hún tekið hátt í tíu þúsund mót án þess að hafa fengið kvartanir umfram það sem eðlilegt megi teljast. Hún kveðst ekki framkvæma neina skoðun á munnholi viðskiptavina sinna en í flestum tilvikum sé um að ræða fólk sem fengið hafi gervitennur áður. Til hennar komi eingöngu fólk með gróna góma. Stefnda kvaðst margsinnis hafa haft samband við landlækni um starfsemi sína og sé honum því fullkunnugt um hana.

Einar Ragnarsson, tannlæknir og lektor við Háskóla Íslands, gaf skýrslu fyrir dóminum sem vitni. Kvað vitnið það vera meginreglu að tannsmiðir séu undirverktakar hjá tannlæknum en hins vegar sé á þeirri reglu fjöldi undantekninga. Það sé hins vegar mjög mismunandi hversu mikinn hluta verksins tannlæknar láti tannsmiði vinna. Það, sem unnið sé við sjúklinginn, sé hins vegar á verksviði tannlækna.

Vitnið kvaðst hafa unnið skýrslu fyrir stefnanda sem frammi liggur í málinu sem dskj. nr. 3., skjal 16, um vinnuskiptingu tannsmiða og tannlækna við gervigómagerð.

Vitnið Sigurgeir Steingrímsson, tannlæknir og forstöðumaður Tannlæknaskóla Íslands, gaf vitnaskýrslu fyrir dóminum. Vitnið upplýsti að nám tannsmiða væri 3 ár í skólanum, auk þess sem gert væri ráð fyrir einu ári í starfsþjálfun hjá tannsmíðameistara, sem annaðhvort væri tannlæknir eða tannsmíðameistari. Hann kvað nemendum skólans í upphafi náms vera gerð grein fyrir starfssviði tannlækna annars vegar og tannsmiða hins vegar, þ.e. hvar mörkin liggi og hvernig þetta fari fram. Sé um skýr mörk að ræða milli þessara starfssviða. Í skólanum sé tannsmiðum ekki kennt neitt sem viðkemur meðferð sjúklinga, þ. e. það sem fer fram í munnholi sjúklings. Bæði sé það, að húsnæði skólans leyfi ekki neina vinnu við sjúklinga auk þess sem skólinn sé sniðinn eftir sænskri fyrirmynd. Vitnið upplýsti að mót sé ekki tekið af munni sjúklings sé hann sýktur og þurfi tannlæknir að ganga úr skugga um það áður en mótið sé tekið. Efni þau, sem notuð séu við mótatöku í dag, séu mun nákvæmari en þau sem notuð voru fyrr á árum. Efni þessi séu hættulaus.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að Félagi tannlækna sé m.a. ætlað að standa vörð um hagsmuni tannlækna. Enginn megi stunda tannlækningar

nema sá sem hafi fengið til þess leyfi heilbrigðisráðherra og enginn eigi að fá slíkt leyfi nema hann hafi lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi að mati tannlæknadeildar skólans. Stefnda Bryndís sé tannsmíðameistari. Tannsmíði sé iðngrein. Stefnda Bryndís hafi hvorki lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands né sambærilegu prófi frá öðrum skóla, enda hafi hún ekki leyfi til þess að stunda tannlækningar.

Með ofangreindum samningi sé ljóst, að meðstefnda, Tryggingastofnun ríkisins, leggi blessun sína yfir, eða öllu heldur stuðli að því, að tannlæknalögin séu brotin, allt með vitund og vilja tryggingaráðs og heilbrigðisráðuneytisins, og því megi segja, að þar höggvi sá, er hlífa skyldi, en það hljóti að vera ein af skyldum heilbrigðisyfirvalda að standa vörð um heilbrigðislöggjöfina og sjá til þess að hún verði ekki brotin.

Með umræddum samningi sé stefndu Bryndísi „gefið grænt ljós á það" að vinna í munnholi sjúklings. Mörkin milli starfs tannsmiðs og starfssviðs tannlæknisins hafi gjarnan verið dregin þannig, að vinnusvæði tannlæknisins sé fyrst og fremst munnholið, en vinnusvæði tannsmiðsins sé smíðabekkurinn, þar sem hann smíðar tennur samkvæmt fyrirsögn tannlæknisins, sem að sjálfsögðu sér um mátunina og segir til um lagfæringar.

Framangreind hefðbundin skilgreining á starfssviði tannlækna byggist á lögum, en í 1. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar sé verksvið tannlækna skilgreint, sem þá um leið verði skilgreining á því verksviði sem einkaréttur tannlækna nær til. Þar sé m.a. talað um að ráða bót á tannleysi. Einnig megi vísa til eldri tannlæknalaga nr. 7/1929, 3. og 4. gr.

Stefnandi telur að framangreindur samningur sé ógildur, þar sem hann feli í sér brot gegn tannlæknalögum og því eigi að dæma hann ógildan. Samningurinn feli það einnig í sér, að með honum sé leikmanni gefið færi á að stunda tannlækningar, en slíkt geti boðið heim hættu og heilsutjóni fyrir sjúklinga stefndu Bryndísar, þar sem hún hafi ekki til að bera nægа læknisfræðilega þekkingu til að fást við tannlækningar. Bæði vegna þeirrar hættu, sem samningurinn feli í sér út frá heilbrigðissjónarmiði, og vegna þeirrar árásar á hagsmuni tannlækna, sem hann feli í sér, hafi verið talið rétt að hefja mál þetta með beiðni um að lögbann yrði lagt við því að samningnum yrði beitt.

Sýslumaður hafi ekki orðið við beiðni um lögbann gagnvart meðstefndu, Tryggingastofnun ríkisins, en hins vegar gagnvart stefndu Bryndísi. Ákvað hann 16. október 1992, að lögbann yrði lagt við beitingu samningsins, „að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklings gegn tryggingu, sem endanlega var ákveðin kr. 10.000.000".

Trygging þessi var lögð fram 20. október 1992 í samræmi við ákvörðun sýslumanns og tók lögbannið þá gildi.

Til að tefja ekki fyrir framgangi málsins hafi verið ákveðið að láta sitja við lögbannið á stefndu Bryndísi. Lögum samkvæmt hafi málinu síðan verið stefnt fyrir héraðsdóm til staðfestingar á lögbanni, og kröfugerð stefnanda í máli þessu mótist m.a. af þessu atriði.

Aðild stefnanda byggist á því að Félagi tannlækna sé ætlað að gæta hagsmuna félagsmanna og því geti það farið með mál þetta, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Aðild varnar megin byggist á því að stefndu hafi gert með sér samning, sem sé kveikjan að máli þessu, og séu þau því samábyrg, sbr. 1. mgr. 19 gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur er á því byggt í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki aðili að þeim samningi, sem um sé deilt, og þar af leiðandi ekki aðili að dómsmáli varðandi samninginn. Beri því að sýkna stefndu á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Hinn umdeildi samningur gerir ráð fyrir að stefnda stundi tannsmíði, sem hún hafi rétt á að gera lögum samkvæmt. Tannsmíði sé löggild iðngrein, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 558/1991, sem reist sé á 8. gr. laga nr. 57/1988. Ekki sé á það fallist að samningur þessi brjóti lög um tannlækningar svo sem stefnandi haldi fram. Í því sambandi sé nauðsynlegt að skilgreina hugtakið læknisverk í skilningi tannlæknalaga annars vegar og hins vegar tannsmíðavinnu í skilningi iðnlöggjafar. Hugtakið læknisverk verði að skilgreina með almennum hætti sem meðhöndlun við sjúkdómi. Því er haldið fram að stefnda sé ekki að meðhöndla sjúkdóm með því að láta gervitannaþega máta tennur.

Hugtakið tannsmíðavinnu verði að skýra sem vinnu við smíði gervitanna. Til smíðarinnar verði að taka með allt sem nauðsynlegt sé til þess að geta smíðað tennurnar, svo sem mátun. Um sambærilegt dæmi megi vísa til vinnu stoðtækjasmiða, en hann taki mál af limstúf og láti notanda máta, eftir að smíði lýkur, og lagfæri, ef þörf sé á. Hvorki tannsmiðir né stoðtækjasmiðir sinni læknisverkum í sínum störfum. Þeir vinni hins vegar við að aðstoða fólk sem eigi við fötlun að stríða. Séu því engin skilyrði til að meta samninginn ógildan. Teljist stefnda hins vegar brjóta gegn ákvæðum tannlæknalaga með því að vinna að iðn sinni án aðstoðar tannlæknis, væri henni í lófa lagið að ráða tannlækni til starfa. Með þeim hætti væri án vafa öllum lagaskilyrðum fullnægt.

Hvatinn að málsókn stefnanda geti vart verið heilbrigðissjónarmið, þar sem stefnanda sé aðeins umhugað um að stöðva þann hluta starfsemi

stefndu sem lýtur að samningi þessum. Þá skorti alla tilvísun til laga varðandi kröfu um ógildingu samningsins. Krafa stefnanda sé að þessu leyti vanreifuð og beri að vísa málinu frá dómi af þessum sökum „ex officio".

Í lögum nr. 7/1929 um tannlækningar hafði verið kveðið á um að einungis tannlæknum væri heimilt að setja gervigóma og lausa parta í menn. Með lögum nr. 34/1932 hafi verið gerð breyting á lögum þessum, þar sem sjálfstæðum tannsmiðum hafi verið heimilað að setja gervigóma og tannparta í fólk. Þannig hafi verið viðurkennt af löggjafanum og þar með heilbrigðisyfirvöldum að tannsmiðir væru til þess bærir að inna þetta starf af hendi. Þegar stefnda hóf sjálfstæða starfsemi árið 1972 giltu framangreind tannlæknalög. Starf stefndu sé því hefðbundið að þessu leyti. Til hennar leiti þeir, sem hafi verið tannlausir um nokkurn tíma og vilji endurnýja gervigóma, eins og tíðkast hafi allt frá árinu 1932.

Núgildandi tannlæknalög nr. 38/1985 hafi leyst lögin frá 1929 af hólmi en verulegur munur sé á skilgreiningu verksviðs tannlækna í þeim lögum miðað við eldri lög. Í lögunum frá 1929 sé nákvæmlega skilgreint að tannlæknar og tannlæknaleyfishafar hafi einir leyfi til þess að setja gervigóma og gervitennur í menn með þeim undantekningum er varða tannsmíði sem áður er lýst. Í nýjum lögum um tannlækningar sé þessi skilgreining felld úr lagatextanum. Þar sé ekki minnst á gervitennur eða gervigóma eða ísetningu þeirra. Því verði að telja, að fyrir löggjafanum hafi vakað að færa ástandið til samræmis við löggjöf um iðnréttindi tannsmiða. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 558/1981 hafi tannsmíðar orðið löggild iðngrein og frá þeim tíma hafi tannlæknar verið útilokaðir frá tannsmíði nema því aðeins að þeir fengju bréf frá yfirvöldum um iðnréttindi. Löggilding á tannsmíði sem iðngrein geri það að verkum að einkaréttur tannlækna til ísetningar gervigóma og gervitanna í menn sé niður fallinn.

Nærtækast sé að skýra lög nr. 38/1983 þröngt, að því er varðar stefndu. Málefni tannlækna heyri nú undir heilbrigðisráðherra og hafi gert það um nokkurt skeið. Á undanförnum árum hafi tannlæknar iðulega kært stefndu fyrir brot á lækna- og tannlæknalögum. Málalyktir hafi jafnan orðið þær, að hvorki ákæruvaldinu né heilbrigðisyfirvöldum hafi þótt ástæða til afskipta. Þá hafi landlæknir getið þess í bréfi til heilbrigðisráðuneytisins að embættið amaðist ekki við starfsemi stefndu. Hún hafi því fullt samþykki landlæknis í sínu starfi. Þá hafi stefnda fullt leyfi frá heilbrigðisráðherra til að starfa með þeim hætti sem hún geri. Heilbrigðisráðherra sé yfirmaður tryggingaráðs sem hafi gert hinn umdeilda samning við stefndu. Stefnda hafi því samþykki allra valdhafa í heilbrigðisgeiranum fyrir starfi sínu.

Mál þetta snúist einvörðungu um peningalega hagsmuni tannlækna. Með

því að vera milliliðir fái tannlæknar skerf af útgjöldum sem ríki og notendur þurfi að standa straum af við gervitannasmíði. Ef viðurkennt sé að þeir séu ekki nauðsynlegur hlekkur í keðjunni, heldur að notendur og tannsmiðir geti átt beint samband, verði tannlæknar af tekjum sem skipti verulegum fjárhæðum á ári hverju. Því vilji tannlæknar ekki una. Varðandi kröfu um synjun á staðfestingarkröfu stefnanda gildi sömu sjónarmið. Til viðbótar því megi benda á að lögbann hafi verið lagt við tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklings eins og það sé orðað í endurriti úr gerðabók. Þar sem stefnandi byggir á, að stefnda brjóti tannlæknalög með starfsemi sinni hefði verið réttara að leggja bann við læknisverkum Bryndísar í munnholi sjúklings.

Stefnda stundar ekki tannsmíðavinnu í munnholi sjúklings, svo sem lögbannið leggur bann við. Smíðavinnan sem slík fari fram á vinnuborði stefndu. Óhjákvæmilegt sé hins vegar, að notandi gervitannanna máti tennurnar, mátun sé nauðsynleg til að unnt sé að smíða tennur eðli málsins samkvæmt. Mátunin sé jafnan ekki læknisverk í skilningi tannlæknalaga. Því séu engin rök til að staðfesta lögbann við tannsmíðavinnu stefndu. Staðfesting lögbannsins myndi þá jafnast á við afturköllun þeirra réttinda, sem stefnda hefur lögum samkvæmt til tannsmíða. Slíkt sé að sjálfsögðu fullkomlega óheimilt og í andstöðu við iðnlöggjöf og grunnreglu 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Af hálfu meðstefnda, Tryggingastofnunar ríkisins, er á það bent að skv. 44. gr. laga nr. 67/1971 um almannaþjónustu, sbr. 20. gr. laga nr. 1/1992, greiði Tryggingastofnun ríkisins fyrir tannlæknaþjónustu í samræmi við samninga, sem stofnunin hefur gert, eða skv. gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi. Til tannlæknaþjónustu skv. lögunum teljist smíði og viðgerðir á gervigómum og gervitönnum. Greiðslur renni almennt beint til hinna tryggðu sem endurgreiðsla á útlögðum kostnaði. Meðal þeirra, sem njóti greiðslna skv. lagaákvæðum þessum, séu elli- og örorkulífeyrisþegar. Fram til þess, að Tryggingastofnun ríkisins gerði samning við stefndu, hafi greiðslur stofnunarinnar verið bundnar við samning hennar við Tannlæknafélag Íslands. Hinir tryggðu, sem óskuðu eftir þátttöku Tryggingastofnunarinnar í kostnaði við smíði gervitannanna, hafa því orðið að snúa sér til tannlækna sem aftur hafi samið við tannsmiði um smíði og haft milligöngu um greiðslu til þeirra. Hinir tryggðu hafi síðan komið með reikninga frá viðkomandi tannlækni og fengið þá greidda af stofnuninni í samræmi við reglur hennar. Þar sem stefnda Bryndís hafi starfað sjálfstætt og án beins samnings við Tryggingastofnun, hafi þeir sjúklingar, sem hún starfaði fyrir, enga endurgreiðslu fengið á kostnaði við þjónustu hennar.

Árið 1988 hafi samninganefnd Tryggingastofnunarinnar leitað eftir samningi beint við Samband íslenskra tannsmíðaverkstæða. Úr samningum hafi þó ekki orðið, en hins vegar hafi tekist samningur við stefnanda þessa máls.

Af hálfu meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, sé talið ósannað, að störf stefndu í þágu viðskiptavina sinna brjóti gegn tannlæknalögum nr. 38/1985. Skv. 4. gr. laga nr. 7/1929 hafi verið lagt bann við því að öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi höfðu, væri heimilt að setja gervitennur eða tanngarða í menn. Ákvæði þetta hafi verið rýmkað með lögum nr 34/1932. Á árinu 1946 hafi enn komið fram frumvarp á Alþingi þess efnis að rýmka enn heimild tannsmiða til starfa. Samkvæmt því frumvarpi skyldi 4. gr. laganna hljóða svo: „Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmiða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar á þessu sviði í þessari grein." Heilbrigðis- og félagsmálanefnd Alþingis hafi ekki orðið ósammála um niðurstöðu. Niðurstaðan hafi orðið sú, að samþykkt hafi verið tillaga minni hluta nefndarinnar.

Ekki hafi verið sett sjálfstæð lög um starfsréttindi og skyldur tannsmiða. Það hafi verið fyrst með 2. gr. reglugerðar nr. 268/1974 um iðnfræðslu, sem tannsmíði hafi verið gerð að löggiltri iðngrein, nú reglugerð nr. 558/1991, sbr. reglugerð 102/1990. Með því að öðlast meistararéttindi í iðninni geti tannsmiðir starfað sjálfstætt, sbr. 2. mgr. 10. gr. iðnlaga nr. 42/1978. Stefnda Bryndís sé meistari í tannsmíði, sbr. meistarabréf, út gefið til hennar. Tannlæknar hafi ekki réttindi til tannsmíða. Þeim sé því lögum samkvæmt ekki heimilt að vinna tannsmíðavinnu, hvorki í munnholi sjúklings né utan þess. Vinna stefndu Bryndísar sé ekki læknisverk heldur hluti af tannsmíði sem iðngrein. Með löggildingu á tannsmíði sem iðngrein hafi tannsmiðum með meistarapróf í iðninni skapast möguleiki á að vinna sjálfstætt að tannsmíði og með því hafi fallið niður einkaréttur tannlækna skv. 4. gr. laga nr. 7/1929. Því veiti 6. gr. laga nr. 38/1985 ekki tannlæknum slíkan einkarétt. Ákvæði 6. gr. um að tannleysi „falli innan starfssviðs tannlækna", eigi aðeins við læknisþátt verksins, en ekki tannsmíðaþáttinn. Öll ákvæði laga, er takmarki rétt aðila til starfa, hljóti að þurfa að túlka þröngt.

Verði niðurstaða málsins sú að stefnda Bryndís teljist vinna tannsmíðavinnu í munnholi sjúklinga og sé það óheimilt lögum samkvæmt, sé því haldið fram að tannlæknum sé einnig óheimilt að vinna þau störf þar sem þeir hafi ekki nauðsynleg iðnréttindi til starfans. Tryggingastofnun ríkisins hafi gert hinn umdeilda samning við stefndu Bryndísi í fyrsta lagi vegna þess að hún stundaði slíka sjálfstæða þjónustu fyrir fjölda einstaklinga, sem

rétt hefðu átt á endurgreiðslu á kostnaði sínum, hefðu þeir skipt við tannlækni. Í öðru lagi hafi farið gott orð af þjónustu hennar og í þriðja lagi sé gert ráð fyrir að samningurinn dragi úr útgjöldum viðkomandi einstaklinga og stofnunar. Stefnda hafi þannig annast tannsmíði með þeim hætti, sem samningurinn geri ráð fyrir, árum saman, án þess að amast hafi verið við starfsemi hennar.

Lögbann við beitingu samningsins hefði það í för með sér að ekki fengist endurgreiddur kostnaður þeirra sem þjónustunnar njóta eins og lög geri ráð fyrir. Þannig séu hagsmunir þessa fólks svo og hins opinbera af því að spara útgjöld mun meiri en hagsmunir tannlækna. Dómstólar láti oftast minni hagsmuni og hagsmuni einstakra hópa víkja fyrir meiri hagsmunum og hagsmunum fjöldans.

Samningur stefndu og meðstefndu breyti engu um störf stefndu frá því sem áður var. Hann gerir aðeins viðskiptamönnum stefndu kleift að fá endurgreiddan kostnað við þjónustu stefndu í samræmi við almannatryggingalög. Samningurinn sem slíkur geri því ekki starfsemi stefndu ólögmæta. Því er mótmælt að samningurinn brjóti í bága við tannlæknalög og að hann feli í sér hættu á heilsutjóni fyrir sjúklinga stefndu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að viðskiptamönnum stefndu sé meiri hætta búin en þeim sem leiti til tannlækna.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Tannlæknafélag Íslands er félagsskapur þeirra Íslendinga er hafa viðurkennt próf í tannlækningum og gilda um félagið lög þess frá 4. október 1986. Samkvæmt 2. gr. þeirra er tilgangur félagsins m. a. sá að gæta hagsmuna félagsmanna eftir föngum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur félag í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna enda samrýmist það tilgangi félagsins að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Er ekki fallist á með stefndu Bryndísi Kristinsdóttur, að sýkna beri hana af dómkröfum stefnanda á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 þar sem stefnandi sé ekki aðili að þeim samningi sem um er deilt í máli þessu.

Í 3. gr. laga nr. 7/1929 um tannlækningar, sem nú hafa verið numin úr gildi, er starfssvið tannlækna skilgreint svo, að það taki yfir meðferð á alls konar tannsýki, þar með talið tannfyllingar, tannútdráttur og brot, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannréttingar, brúfesta tennur og tanngarða o. s. frv.

Í 4. gr. laganna sagði, að öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi höfðu, væri óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta bann náði þó ekki til lækna, ef þeir gátu sannað fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

Með lögum nr. 34/1932 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929. Fólst hún í því, að dómsmálaráðherra gat með heimild landlæknis veitt mönnum, er lokið höfðu tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum sem voru tannlæknislaus.

Með lögum nr. 62/1947 var enn gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929. Fólst hún í því að felld var niður heimild dómsmálaráðherra sem sett hafði verið með lögum 34/1932. Þó héldu þeir, sem þegar höfðu leyfi til að starfa sjálfstætt, leyfinu fyrst um sinn, eða þar til ákvæði yrðu sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

Þann 1. mars 1974 gaf heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra út reglugerð um tannsmíði með stoð í lögum nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Samkvæmt henni hafði sá einn rétt til að starfa sem tannsmiður hér á landi og kalla sig tannsmið sem til þess hafði fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Í 5. gr. reglugerðarinnar sagði, að tannsmiðir gætu annaðhvort starfað sem aðstoðarmenn tannlækna eða stundað starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein en alltaf með þeirri takmörkun að þeir mættu ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku eða mátun.

Reglugerð þessi var felld úr gildi með lögum nr. 39/1980 um breytingu á lögum nr. 64/1971.

Með lögum nr. 38/1985 um tannlækningar voru eldri lög um sama efni nr. 7/1929 felld úr gildi.

Verksvið tannlækna er nú skilgreint svo í 6. gr. laganna að það taki til varnar, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysis, til sjúkdóma, slysa og galla, er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum.

Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn sé óheimilt að stunda tannlækningar.

Í athugasemdum við greinina (ranglega tilgreind sem 5. gr.) segir, að skilgreining á starfssviði tannlækna sé efnislega lítt breytt, en einfaldari en samkvæmt eldri lögum.

Þann 27. október 1975 var stefndu veitt meistarabréf í tannsmíði á grundvelli laga nr. 79/1971 um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 68/1966 um iðnfræðslu og samkvæmt bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 16. október 1975, en tannsmíðar falla nú undir löggilta iðngrein skv. reglugerð nr. 558/1991 um iðnfræðslu.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna veitir meistarabréf meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

Tannlæknar og tannsmiðir vinna náið saman í starfi tannlækna við að meðhöndla tannleysi. Sú vinnuskipting hefur hins vegar ríkt um áratugi milli þessara stétta, að vinna tannsmiða fer að mestu leyti fram á verkstæði þar sem þeir smíða tennur eftir tilvísun tannlækna, en hinir síðarnefndu sjá um alla þá vinnu sem fer fram í munni viðkomandi. Í framburði vitnisins Sigurgeirs Steingrímssonar, forstöðumanns Tannlæknaskóla Íslands, kom fram að allt nám tannsmiða miðist við þessa verkaskiptingu. Við skólann væri ekki kennt neitt um meðferð sjúklinga enda byði húsnæði skólans ekki upp á neina aðstöðu fyrir slíka kennslu.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar, sem sýna, að sama verkaskipting og byggt hefur verið á hér á landi ríkir í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku er hins vegar einnig stétt klíniskra tannsmiða, þ. e. tannsmiðir, sem vinna í munnholi sjúklings, og er þá nám þeirra miðað við þetta starfssvið þeirra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu eiga allir landsmenn kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Heilbrigðisþjónusta tekur í þessu sambandi m. a. til tannlækninga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Samningur sá, sem hér um ræðir og miðar að því, að stefnda Bryndís taki mát af gómi sjúklings, verður að teljast í andstöðu við markmið þessara laga á meðan hún hefur ekki lokið viðurkenndu námi til að annast slíka vinnu.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan hefur í tannlæknalögum verið bann við því, með þröngum undantekningum, að aðrir en tannlæknar settu gervitennur og tanngarða í menn. Þá var tannsmiðum skv. reglugerð, sem sérstaklega fjallaði um starfssvið þeirra, bannað að vinna við sjúklinga. Ekki verður af almennum lögskýringargögnum ráðið að fyrirhugaðar hafi verið breytingar á þessu fyrirkomulagi með setningu nýrra laga um tannlækningar.

Það er álit dómsins, þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, að telja beri þá vinnu stefndu Bryndísar að taka mát í munni sjúklings brot á 6. gr. laga nr. 38/1985, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1985. Er henni því óheimilt að vinna það starf. Ber að staðfesta lögbann sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því hinn 20. október 1992, að stefnda Bryndís beiti samningi hennar og meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga.

Umræddur samningur hefur að geyma viðtækari verkákvæði en þau sem

talin eru brot á 6. gr. laga nr. 38/1985. Eins og aðild máls þessa er háttað þykir stefnandi ekki hafa sannað að forsendur séu brostnar fyrir gildi samningsins að öðru leyti en því sem tekur til vinnu Bryndísar í munnholi sjúklinga. Þykir verða að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um að samningurinn verði ógiltur með dómi í heild sinni.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 250.000,- í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Staðfest er lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði hinn 20. október 1992 við beitingu samnings milli stefndu, Bryndísar Kristinsdóttur og Tryggingastofnunar ríkisins, þann 17. ágúst sl., að því er tekur til tannsmíðavinnu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur í munnholi sjúklinga.

Stefndu, Bryndís Kristinsdóttir og Tryggingastofnun ríkisins, eru sýknar af þeirri kröfu stefnanda, að samningur aðila frá 17. ágúst 1992 sé ógiltur með dómi.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 250.000,- í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 189/1993. **Guðfinna Sigurgeirsdóttir**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
vegna þrotabús Kolbeins Ögmundssonar
(Ólafur B. Árnason hrl.)

Kaupmáli. Riftun. Gjöf. Gjaldþrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1993. Hún gerir þær dómkröfur, að endurgreiðslukrafa stefnda verði felld niður eða stórlega lækkuð. Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram er komið, að Kolbeinn Ögmundsson, eiginmaður áfrýjanda, andaðist hinn 14. október 1991.

Af hálfu stefnda er fallið frá því, að riftunarkrafa hans taki til húsgagna, búsáhalda og búsmuna samkvæmt skrá þeirri, sem fylgdi kaupmála áfrýjanda og eiginmanns hennar frá 14. janúar 1985. Þá er af hálfu stefnda fallið frá varakröfu, sem höfð var uppi í héraði.

Af hálfu áfrýjanda er ekki vefengt, að eiginmaður hennar hafi gerst sjálfskuldarábyrgðarmaður að þeim fjárskuldbindingum dóttur þeirra og tengdasonar, sem lýst er í héraðsdómi.

Fram er komið, að áfrýjandi veðsetti íbúðina að Reykjavíkurvegi til tryggingar skuld við Landsbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, er hún gaf út 28. apríl 1987 að beiðni tengdasonar síns, Eðvarðs Reynis Guðbjörnssonar. Þá er og fram komið, að gjaldþrotaskiptum lauk í búi Eðvarðs Reynis 27. apríl 1987, án þess að nokkuð fengist upp í lýstar kröfur.

Þegar litið er til þessa og að öðru leyti til aðdraganda að gerð

kaupmála þess, sem fjallað er um í málinu og lýst er í aðilaskýrslu áfrýjanda, þykja ekki vera fullnægjandi skilyrði til að fella niður eða lækka kröfu stefnda samkvæmt 65. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 þrátt fyrir erfiðar aðstæður áfrýjanda. Verður ekki hjá því komist að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um riftun á þeirri gjöf til áfrýjanda á íbúðinni á 2. hæð að Reykjavíkurvegi 50 í Hafnarfirði, sem fólst í umræddum kaupmála, er skráður var 2. júlí 1985, og um skil á íbúðinni til stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Rift er gjöf Kolbeins Ögmundssonar til áfrýjanda, Guðfinnu Sigurgeirsdóttur, á íbúð á 2. hæð að Reykjavíkurvegi 50 í Hafnarfirði samkvæmt kaupmála, dagsettum 14. janúar 1985, en skráðum 2. júlí 1985.

Áfrýjandi skili eigninni til stefnda, Búnaðarbanka Íslands vegna þrotabús Kolbeins Ögmundssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Þegar áfrýjandi og eiginmaður hennar gerðu með sér kaupmála, höfðu þau verið í hjúskap sem næst 48 ár og átt langvarandi fjárhagslega samstöðu. Íbúð þeirra að Reykjavíkurvegi 50 í Hafnarfirði var hin eina eign þeirra, er verulegu skipti, og var skrásett hjúskapareign mannsins. Samkvæmt kaupmálanum átti hún að verða einkaeign og séreign áfrýjanda, og verður honum ekki gefið annað efni, þegar virt er, hvort honum megi rifta á grundvelli 51. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Á hinn bóginn er skylt að líta til hjúskaparsögu hjónanna, þegar leitað er skýringar þess, að kaupmálinn var gerður, og til þeirrar staðreyndar, að íbúðin var heimili þeirra. Blasir þá við, að í gerð kaupmálans fólst meðal annars eindregin viðurkenning þess, að íbúðin hafi í reynd verið sameign hjónanna, en ekki einka-

eign mannsins. Er slík viðurkenning ótvírætt meðal þess, sem heimilt er að gæta við mat samkvæmt 65. gr. laganna á sanngirni endurgreiðslu við riftun og atvikum, er hana varða.

Ef við það er miðað, reynir hér á það álitaefni, hvort rétt sé að ætlast til þess af áfrýjanda, að hún skili þrotabúi eiginmannsins meira en helmingi af verðmæti íbúðarinnar. Samanburður við ákvæði laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna varðandi heimili fjölskyldunnar leiðir og að sama efni. Samkvæmt þeim þarf atbeina beggja hjóna til að veðbinda íbúð þeirra, þótt hún sé hjúskapareign annars einvörðungu. Sú skuldakrafa, sem mál þetta er risið af, var ekki tengd veðsetningu, heldur persónulegri ábyrgð eiginmannsins, og reyndi ekki á um það, hvort áfrýjandi væri samþykk henni. Kröfueigandinn öðlaðist óskoraðan rétt á hendur eiginmanninum, en á sviði 65. gr. gjaldþrotalaga verður heimilt að spyrja, hvort hann eigi að njóta þess að öllu leyti gagnvart áfrýjanda, að ákvæði laga nr. 20/1923 til verndar heimilinu náðu ekki til kröfunnar.

Í máli þessu liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um verðmæti íbúðarinnar á þeim tíma, er Kolbeinn Ögmundsson tókst á hendur þær fjárskyldur gagnvart Búnaðarbanka Íslands, sem hér skipta máli og urðu orsök að gjaldþroti hans. Ekki hefur verið sýnt fram á, að þær hafi samsvarað meira en hálfu verðmætinu, og sýnist ekki varhugavert að miða við hið gagnstæða. Voru skuldbindingar hans í öndverðu þá ekki umfram það, sem eignir hans leyfðu, þótt byggt væri á þeirri forsendu til samanburðar, að hann ætti íbúðina að hálfu á móti áfrýjanda.

Samkvæmt ákvæðum kaupmálans um séreign fólst í honum gjöf frá eiginmanninum til áfrýjanda í skilningi 51. gr. laga nr. 6/1978. Með vísan til skrásetningartíma kaupmálans verður að fallast á það með héraðsdómara, að honum skuli rift eftir kröfu þrotabús Kolbeins Ögmundssonar, sbr. niðurlagsákvæði 2. mgr. þessarar lagagreinar.

Varðandi endurgreiðslu til þrotabúsins á grundvelli þeirrar riftunar er á það að líta, að umrædd íbúð er enn í umráðum áfrýjanda, sbr. 64. gr. laga nr. 6/1978. Á henni hvílir veðskuld frá fyrri tíð, sem búið er í ábyrgð fyrir, ásamt nýju veðbandi, sem áfrýjandi lagði á hana með veðskuldabréfi til Landsbanka Íslands 28. apríl 1987, er

hún gaf út í þágu dóttur sinnar og tengdasonar og ætlaðist til, að þau greiddu niður. Var upphafleg fjárhæð þess 799.000 krónur. Hefur þessari veðsetningu ekki verið mótmælt af hálfu búsins. Um búið liggur það fyrir, að Búnaðarbankinn er þar eini kröfuhafinn.

Ljóst er, að krafa um endurgreiðslu í peningum á verðmæti íbúðarinnar yrði í engu samræmi við greiðslugetu áfrýjanda sjálfrar, sem hefur tekjur sínar af ellilífeyri. Er ekkert kunnugt um, hver úrræði hún eigi til að mæta kröfunni, önnur en að skila íbúðinni. Þrátt fyrir aðstæður hennar verða ekki talin skilyrði til þess, þegar á allt er litið, að fella endurgreiðslukröfuna niður á grundvelli 65. gr. laga nr. 6/1978. Þau sanngirnissjónarmið, sem þar er til höfðað, leiða hins vegar til þess, að lækka beri kröfuna með því markmiði, að áfrýjanda megi koma að nokkru gagni. Eins og málið liggur fyrir, er eðlilegt að veita því þá úrlausn, að íbúðinni verði skilað til stefnda á þeim grundvelli, að áfrýjandi eigi kröfu í búið til helmings af andvirði hennar, og komi byrðin af veðskuld hennar við Landsbankann á móti þeim helmingi, eftir því sem við á, þótt veðsetningunni hafi ekki verið mótmælt fremur en fyrr segir. Er þetta niðurstaða mín um efni málsins.

Ég er sammála öðrum dómendum um málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þessa mánaðar, hefur Búnaðarbanki Íslands, útibúið á Akureyri, kt. 490169-3509, vegna þrotabús Kolbeins Ögmundssonar, kt. 060708-3639, Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 16. nóvember 1988, á hendur Guðfinnu Sigurgeirsdóttur, kt. 260212-2819, Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að rift verði gjafagerningi samkvæmt kaupmála milli Kolbeins og stefndu, sem dagsettur sé 14. janúar 1985 og þinglýstur 2. júlí 1985, um íbúð þeirra að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, og að íbúð þeirra, sem afhent er með kaupmálanum, svo og öðrum eignum þar greindum verði skilað í samræmi við 64. gr. laga nr. 6/1978, en til vara er þess krafist, að stefnda greiði skaðabætur, að fjárhæð kr. 2.000.000,00, eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 17.9.1987 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að endurgreiðslukröfur

stefnanda, þ.e. kröfur um afhendingu á íbúð stefndu að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, eða skaðabótakröfur allt að kr. 2.000.000,00 verði felldar niður og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess, að stefndu er skylt að greiða söluskatt á málflutningsþóknun lögmanns síns.

Af hálfu stefndu er dráttarvaxtakröfu stefnanda í varakröfu, sem fyrst kom fram í munnlegum málflutningi 16. þessa mánaðar, mótmælt sem of seint fram kominni.

Sáttaumleitanir dómsins báru eigi árangur.

Í máli þessu var aðalkrafa stefndu upphaflega sú að málinu væri vísað frá dómi. Málflutningur um frávísunarkröfuna fór fram 30. mars 1989 og 12. apríl s.á. var kröfunni hrundið með úrskurði dómsins.

Með dómi Hæstaréttar 22. janúar sl. var dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, sem upp var kveðinn 1. desember 1989, vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að á árinu 1984 hafi Kolbeinn Ögmundsson tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð gagnvart Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, á skuldabréfi, sem út gefið hafi verið að dóttur hans, Kolbrúnu, nnr. 5664-3303, og tengdasyni hans, Eðvarði Reyni Guðbjörnssyni, nnr. 1692-6329, og vegna einkafyrirtækis þeirra, Tískuverslunarinnar Sifjar, nnr. 7514-2544. Skuldbinding þessi hafi þá verið kr. 600.000,00 að höfuðstól. Við þetta hafi Kolbeinn bætt annarri sjálfskuldarábyrgð í víxilformi, kr. 300.000,00, snemma árs 1985.

Þann 2. júlí 1985 hafi Kolbeinn og stefnda skrásett kaupmála, þar sem svo sé fyrir mælt, að íbúð, sem þau eigi að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, svo og öll húsgögn og búsáhöld, sem þau eigi, svo og þeir búsmunir, sem þau síðar eignist, skuli vera séreign stefndu.

Kaupmáli þessi er dagsettur 14. janúar 1985 og skrásettur 2. júlí sama ár. Hann er svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón, Guðfinna Sigurgeirsdóttir og Kolbeinn Ögmundsson, bæði til heimilis að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, sem gengum að eigast árið 1937 og höfum lifað saman í hjúskap síðan og haft með okkur félagsbú að öllu leyti, gerum með okkur svofelldan kaupmála:

KAUPMÁLI

1. Íbúð sem við eigum að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, ásamt meðfylgjandi lóðarréttindum, skal vera séreign mín, Guðfinnu Sigurgeirsdóttur, og hjúskapareign okkar óviðkomandi.

Ég undirrituð, Guðfinna Sigurgeirsdóttir, tek að mér greiðslu eftirfarandi veðskulda, sem hvíla á íbúðinni Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði:

Á 1. veðrétti vísitölutryggð skuld við Landsbanka Íslands, samkv. veðbréfi dagsettu 7. febrúar 1979, lán F-20: Framreiknað kr. 188.070,70. Aðrar veðskuldir hvíla ekki á eigninni.

2. Húsgögn öll og búsáhöld, sem við eigum, svo og þeir búsmunir, sem við síðar eignumst, skulu vera séreign mín, Guðfinnu Sigurgeirsdóttur, og hjúskapareign okkar óviðkomandi. Meðfylgjandi er listi um helstu húsgögn og búsáhöld.

3. Að öðru leyti fer um fjármál okkar lögum samkvæmt.

4. Kaupmála þennan skal skrá í kaupmálabók bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði.

5. Öllu framangreindu til staðfestingar eru nöfn okkar rituð hér undir í votta viðurvist."

Stefnandi kveður Kolbein hafa gert sig algerlega eignalausan að formi til með kaupmálanum, en hann hafi hins vegar að sjálfsögðu notið alls hagræðis af eignum þessum áfram.

Stefnandi kveður kröfum Búnaðarbankans varðandi framangreindar ábyrgðir ekki hafa verið sinnt og hafi bankinn því orðið að leita til dómstólanna með þær. Bankinn hafi í fyrstu haldið að sér höndum og boðið upp á samkomulag, en þar sem hvorki Kolbeinn né aðrir skuldarar samkv. dómsáritunum hafi gert neitt í þeim málum, hafi farið svo að beðið var um fjárnám hjá Kolbeini. Þá hafi ekki fundist neinar eignir þar í hans nafni, en fram hafi þá komið framangreindur kaupmáli.

Þá hafi ekki verið um aðra möguleika að ræða en biðja um gjaldþrotaskipti og hafi gjaldþrotaúrskurður verið kveðinn upp í skiptarétti Hafnarfjarðar 26. mars 1987.

Á skiptafundi 11. ágúst 1987 var Búnaðarbanka Íslands veitt málshöfðunarheimild.

Við aðalmeðferð máls þessa var hvorki tekin skýrsla af stefndu né eiginmanni hennar, Kolbeini. Hins vegar hafa skýrslur þeirra fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar verið lagðar fram svo og skrifleg aðilaskýrsla stefndu. Aðilaskýrslunni er ekki mótmælt sem óstaðfestri af hálfu stefnanda.

Aðspurður fyrir skiptarétti kvað Kolbeinn gerð kaupmálans ekki hafa verið í því skyni að gera sig eignalausan. Ákvörðunin um gerð kaupmálans hafi verið milli þeirra hjóna og hafi hún komið til áður en hann hafi látið

telja sig á að undirgangast ábyrgðarskuldbindingarnar. Hann kvað ekkert sérstakt tilefni hafa verið til gerðar kaupmálans enda hafi þá ekki verið komið til tals að hann gengi í ábyrgðir fyrir dóttur sína.

Stefnda skýrði svo frá fyrir skiptarétti, að þau hjón hafi verið búin að tala um það í mörg ár að gera kaupmála. Af því hafi þó ekki orðið. Þá kvað hún engar sérstakar ástæður hafa legið að baki gerðar kaupmálans.

Í hinni skriflegu aðilaskýrslu stefndu, dagsettri 29.9.1987, kveður hún það hafa verið um 1970, sem þau hjón hafi byrjað að ábyrgjast ýmsar fjárskuldbindingar fyrir tengdason sinn, Eðvarð Reyni Guðbjörnsson, og dóttur, Kolbrúnu Kolbeinsdóttur. Lengi framan af hafi þau ekki orðið fyrir útgjöldum vegna þessara ábyrgða, en á árunum 1983 og 1984 hafi ábyrgðirnar fyrir Eðvarð aukist og hafi Kolbeinn verið nánast í öllum tilvikum einn ábyrgðarmaður, en ekki hún. Þau hafi rætt um gerð kaupmála, en ekkert orðið úr því fyrr en í janúar 1985. Þau hafi þá ekki vitað, að kröfur þær, sem Búnaðarbanki Íslands fari með, væru gjaldfallnar. Gerð kaupmálans hafi sonur þeirra, Gísli, annast. Hann sé ekki löglærður. Þau hafi öll talið, að nægjanlegt væri að gera kaupmálann og ekki þyrfti að skrá hann til þess að hann öðlaðist réttaráhrif. Það hafi þeim ekki orðið ljóst fyrr en síðar og hafi þá verið farið með hann til skráningar.

Þá kveður hún þau hjón hafa skuldbundið sig fyrir nokkru til þess að greiða fyrir Eðvarð og Kolbrúnu lán, sem tryggt sé með veði í íbúð þeirra að Reykjavíkurvegi 50. Fjárhæð þess hafi upphaflega verið kr. 400.000,00, en sé nú orðin kr. 800.000,00, og þurfi þau að greiða kr. 40.000,00 á þriggja mánaða fresti, en lánið sé til 10 ára. Greiðslur þessar séu það þungar að þau geti engan veginn bætt á sig frekari greiðslum. Hún kveður samanlagðar mánaðartekjur þeirra hjóna nema kr. 63.900,00 (september 1987).

Samkvæmt fram lögðum gögnum munu þær ábyrgðir, sem Kolbeinn gekkst undir á sínum tíma og rekja má þetta til, annars vegar hafa verið vegna sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi, að fjárhæð kr. 600.000,00, út gefnu 9.4.1984, með fyrsta gjalddaga 22.5.1985, og hins vegar vegna útgáfu hans á víxli, að fjárhæð kr. 300.000,00, þann 6.5.1985, með gjalddaga 22.5.1985, allt vegna áðurgreindrar tískuverslunar dóttur sinnar og tengdasonar.

Samkvæmt yfirlitum Búnaðarbankans, dagsettum 15.4.1993, sem fram voru lögð við málflutning, námu vanskil skuldabréfsins þann dag kr. 4.957.132,60 með dráttarvöxtum og vanskil vegna víxilsins kr. 2.572.548,70 með dráttarvöxtum eða vanskil samtals kr. 7.529.681,30.

III.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur á því byggðar, að kaupmálinn sé greinilega pro forma og eingöngu ætlaður til þess að koma eignum undan aðför kröfuhafa. Þrotamaður njóti alls hins sama hagræðis af þessum eignum og hann hafi áður gert, og hljóti það að teljast mjög óvenjulegt, að maður, sem náð hafi þessum aldri og sé eðlilega hættur að vinna, skuli gera kaupmála um íbúð, sem þau hjón eigi eða kunni að eignast. Þá fari stefnda ekki leynt með það í aðilaskýrslu sinni í fyrra málinu, að ástæða kaupmálans hafi verið auknar ábyrgðir, sem þrotamaður hafi verið í. Henni hafi því mátt vera ljóst, hvernig málum var háttað, og að hér hafi verið um riftanlegar ráðstafanir að ræða.

Samkvæmt reglum 51. gr., 2. mgr., gjaldþrotalaga nr. 6/1978 megi krefjast riftunar gjafagernings til nákominna, ef gjöfin hafi verið afhent 6–24 mánuðum fyrir frestdag, nema þrotamaður hafi verið gjaldfær eftir afhendinguna.

Þrotamaður í þessu tilviki hafi orðið gersamlega eignalaus eftir afhendinguna, eins og málskjöl beri með sér.

Frestdagur hafi verið 18.11.1986. Kaupmálinn hafi verið skráður 2. júlí 1985 og hafi hann ekki öðlast gildi fyrr en frá þeim degi, sbr. 38. gr. og 80. gr. laga nr. 20/1923, sbr. og 30. gr., 1. mgr., sömu laga.

Þá sé ljóst, að stefnda vissi vel um það, að þrotamaður, Kolbeinn, átti engar eignir eftir til greiðslu skulda vegna ábyrgða eftir gerð kaupmálans og þess gjafagernings, sem í honum fólst.

Þá sé einnig ljóst, að í þessu tilfelli eigi 64. gr. gjaldþrotalaga beint við. Verðmætin séu ennþá til og því hægt að skila þeim. Það beri að gera ef annar aðila krefjist þess.

Stefnandi kveður hliðsjón vera hafða af kröfu bankans á hendur þrotamanni í sambandi við varakröfuna, þar sem krafist er bóta eftir 62. gr. gjaldþrotalaga og beri þá að hafa í huga, að stefndu hafi frá upphafi verið kunnugt um riftanleika þessara ráðstafana, sem gerðar voru með kaupmálanum.

IV.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar að fella beri kröfu stefnanda niður eða lækka hana mjög verulega með vísan til 65. gr. laga nr. 6/1978. Í því sambandi er á það bent, að stefnda hafi tekjur, sem naumast nægja til framfærslu hennar og greiðslu áhvílandi veðskulda af íbúð stefndu. Í því sambandi er vísað í fram lögð skattframtöl. Óhugsandi sé, að stefnda geti greitt nokkrar fjárhæðir til stefnanda, enda myndi það þýða, að hún yrði að leysa upp heimili sitt og leita ásjár opinberra aðila. Heimild 65. gr. til niðurfell-

ingar kröfu sé beinlínis til nota í slíkum tilvikum. Það eigi alveg sérstaklega við þegar kröfuhafi sé stór peningastofnun eins og Búnaðarbanki Íslands, en í slíkum tilvikum sé ekki hægt að benda á neinn einstakan aðila, sem verði fyrir beinu tjóni af því að krafan fáist ekki greidd. Þá hafi stefnda og þrotamaður ekki haft neinn ávinning af fjármunum þeim, sem stefnandi lánaði Eðvarði Reyni Guðbjörnssyni í þágu atvinnurekstrar hans.

Af hálfu stefndu er lögð áhersla á það að stefnda sé 81 árs gömul og hér takist því á fjársterkasti banki landsins og gamall ellilífeyrisþegi.

Varðandi kröfu um lækkun greiðsluskyldu stefndu er á það bent af hálfu stefndu, að sé riftun byggð á 51. gr. laga 6/1978, beri að byggja endurgreiðslukröfu á 62. gr. eða 64. gr. sömu laga. Samkvæmt síðastnefndu ákvæðunum beri riftunarþola einvörðungu að greiða þá auðgun, sem hin riftanlega ráðstöfun hafi fært viðkomandi. Sú fjárhæð sé hámark hinnar peningalegu endurgreiðslukröfu stefnanda.

Þá eigi meint fjárkrafa stefnanda einnig að lækka um þær fjárhæðir, sem hann kunni að fá greitt við úthlutun úr þrotabúi Tískuverslunarinnar Sifjar og þrotabúum Eðvarðs Reynis Guðbjörnssonar og Kolbrúnar Kolbeinsdóttur, en umræddir aðilar hafi verið aðalskuldarar að skuldbindingum þeim, er Kolbeinn hafi verið ábyrgðaraðili að. Þá verði stefnandi að bera hallann af því, ef hann hafi ekki lýst kröfum í framangreint þrotabú.

Af hálfu stefndu er talið að framangreind rök eigi að leiða sjálfstætt til lækkunar á fjárkröfu stefnanda auk þess sem nýta beri lækkunarheimild 65. gr. laga 6/1978.

Í munnlegum málflutningi var af hálfu stefndu lögð á það áhersla, að ósönnuð væri grandsemi stefndu við gerð kaupmálans og ætti því ekki við í máli þessu að hafna kröfu um niðurfellingu kröfu eða lækkun á þeim grundvelli.

Niðurstaða dómsins.

Ágreiningslaust er með aðilum að umrædd ráðstöfun þrotamanns, Kolbeins Ögmundssonar, er fólst í áðurgreindum kaupmála hans og stefndu, sé gjöf í merkingu 51. gr. laga nr. 6/1978, þar sem hlutlægum skilyrðum þeirrar greinar var fullnægt og sé því um riftanlega ráðstöfun að ræða í skilningi sömu greinar. Kolbeinn Ögmundsson varð ógjaldfær við afhendingu þeirra verðmæta, sem í kaupmálanum getur, með hliðsjón af þeim ábyrgðum, sem hann hafði þá gengist undir. Því hefur ekki heldur verið haldið fram af hálfu stefndu eða reynt að leiða það í ljós að svo hafi ekki verið þrátt fyrir ráðstöfunina.

Aðalágreiningur málsaðila er um það, hvort lagaskilyrði séu fyrir því að

fella fjárkröfu stefnanda niður eða lækka hana á grundvelli 65. gr. laga nr. 6/1978.

Það fer ekki á milli mála, ef litið er til efnahags og aldurs stefndu, eins og ráða má af gögnum málsins, að það myndi valda stefndu verulegri röskun fjárhagslega, ef kröfur stefnanda yrðu teknar til greina og dóminum fullnægt. Á hinn bóginn verður að hafa það í huga að riftunarreglur gjaldþrotalaga eru settar til að tryggja það, að markmið gjaldþrotalaganna náist, þ.e. jafnræði kröfuhafa við úthlutun eigna búsins.

Með hliðsjón af því markmiði og í samræmi við viðurkennd lögskýringarsjónarmið verður að varast of rúma skýringu á ákvæðum eins og því, sem mælt er fyrir um í 65. gr. gjaldþrotalaga því að ella væri hætta á, að raskað væri þeim tilgangi, sem lögunum er ætlað að ná. Þá má ætla að rúm lögskýring á þessu tiltekna lagaákvæði kynni að veikja almennt viðskiptaöryggi.

Við gerð umræddS kaupmála lá ljóst fyrir, að Kolbeinn Ögmundsson hafði undirgengist ábyrgð á fjárskuldbindingum þriðja aðila gagnvart lánardrottnum þess síðarnefnda og var þá jafnframt ljóst að Kolbeinn gæti ekki staðið við þær ábyrgðir ef á reyndi. Þá kemur það berlega fram í aðilaskýrslu stefndu, að ákvörðun um gerð kaupmálans hafi verið tekin, er ábyrgðir Kolbeins á fjárskuldbindingum þargreindra aðila fóru að aukast. Þegar þetta er haft í huga verður að telja að stefnda hafi ekki getað talist vera í góðri trú, er hún fékk umræddar eignir afhentar með kaupmálanum. Dómurinn telur því skilyrði til að beita 65. gr. ekki vera fyrir hendi í máli þessu vegna ofangreindrar huglægrar afstöðu stefndu, enda verður að telja að skilyrði í umræddri 65. gr., „og önnur atvik leiða til hins sama", sé samkvæmt framansögðu ekki fyrir hendi.

Samkvæmt ofanskráðu verða kröfur stefndu um niðurfellingu eða lækkun kröfu stefnanda ekki teknar til greina, hvorki á grundvelli 65. gr. gjaldþrotalaga né vegna annarra þeirra atvika, sem af hálfu stefndu eru tilgreind og dómurinn telur að ekki komi til álita í máli þessu.

Samkvæmt framanskráðu fellst dómurinn á þá kröfu stefnanda að gjafagerningi þeim, sem fólst í afhendingu Kolbeins Ögmundssonar á hjúskapareignum sínum til stefndu samkvæmt áðurgreindum kaupmála, skuli samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1987 rift. En upplýst þykir að umrædd íbúð að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, var hjúskapareign Kolbeins Ögmundssonar.

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða dómsins sú samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978, að dæma ber stefndu til að skila til stefnanda vegna þrotabús Kolbeins Ögmundssonar hjúskapareignum Kolbeins Ögmundssonar, sem stefndu voru afhentar með kaupmálanum, dagsettum 14. janúar 1985,

þ.e. íbúðinni að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, og húsgögnum og búsáhöldum samkvæmt fylgiskjali kaupmála.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða að hvort málsaðila beri sinn kostnað af málarekstrinum.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóminn upp.

Dómsorð:

Rift er gjöf Kolbeins Ögmundssonar til stefndu, Guðfinnu Sigurgeirsdóttur, á íbúð á 2. hæð að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, og húsgögnum og búsáhöldum í kaupmála þeirra, dagsettum 14. janúar 1985, en skráðum 2. júlí 1985.

Stefnda, Guðfinna Sigurgeirsdóttir, skili til stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, vegna þrotabús Kolbeins Ögmundssonar ofangreindum eignum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 128/1994. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Gunnarssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákæruvaldið skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1994, sem barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og gæsluvarðhald hans úr gildi fellt.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, er nú til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur ákæra á hendur ákærða og 17 öðrum mönnum. Er ákærða þar gefið að sök að hafa á árunum 1992 og 1993 staðið að innflutningi á miklu magni fíkniefna hingað til lands og sölu þeirra, þannig að varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Með hliðsjón af þessu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 15. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 15. júní nk.

Ákæra í máli hans hefur verið gefin út og hefur efni hennar verið kynnt kærða. Hún mun verða þingfest síðar.

Kærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940,

sbr. lög nr. 64/1974, sbr. og 20. gr. alm. hgl., að því er varðar tilraun ákærða, Ólafs Gunnarssonar, til innflutnings á amfetamíni.

Kærða er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 1992 og fram til loka júlí 1993, í félagi við aðra, staðið að innflutningi á miklu magni fíkniefna hingað til lands og sölu þeirra hér á landi, verið frumkvöðull og aðalskipuleggjandi brotanna og jafnframt útvegað og lagt til megnið af því fé er þurfti í þessu sambandi.

Kærði hefur játað að hafa átt nokkra aðild að þeim brotum, sem hann er ákærður fyrir.

Brot þau, sem kærði er ákærður fyrir, geta varðað allt að 10 ára fangelsi skv. 173. gr. a alm. hgl.

Í dómi Hæstaréttar frá 9. desember 1993 var gæsluvarðhald yfir kærða framlengt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991. Hefur það síðan verið framlengt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með dómi Hæstaréttar, dags. 2. febrúar sl. Verjandi kærða hefur vísað til dómsniðurstöðu Hæstaréttar frá 2. febrúar sl. þar sem hann álítur að komi fram skýr vísbending frá dóminum um að kærði skuli látinn laus úr gæsluvarðhaldi eigi síðar en 15. mars 1994 kl. 16.00. Ekki verður fallist á þá skýringu verjanda kærða að dómsniðurstaða um gæsluvarðhaldskröfu, sem gerð var þann 27. janúar sl., bindi hendur dómara um úrlausn nýrrar kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða. Þegar litið er til umfangs málsins eins og það liggur fyrir dóminum samkvæmt ákæru, þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 15. júní nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 125/1994. **Jóhanna Tryggvadóttir,**
Evrópuferðir og
Jónas Bjarnason
(sjálf)
gegn
Sparisjóði Hafnarfjarðar
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Víxilmál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 9. mars 1994, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og heimilað verði, að sjö tilgreindir menn verði kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilar skulu sameiginlega greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, skulu sameiginlega greiða varnaraðila, Sparisjóði Hafnarfjarðar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. febrúar 1994.

Stefna í máli þessu var þingfest 7. desember 1993.

Málið var tekið til úrskurðar 22. febrúar sl. um ágreining aðila hvort heimila skuli yfirheyrslur yfir tilteknum vitnum.

Stefnandi er Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði.

Stefndu eru Jóhanna Tryggvadóttir, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónas Bjarnason, kt. 161122-2119, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verið in solidum dæmd til greiðslu skuldar skv. víxli, að fjárhæð kr. 2.196.073, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10.11. 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á sýningarvíxli, út gefnum 27.10. 1993 af Evrópuferðum og samþykktum af Jóhönnu Tryggvadóttur. Víxillinn er ábektur af Jónasi Bjarnasyni. Í stefnu segir að víxillinn hafi verið settur til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi nr. 3640 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Víxillinn var útfylltur af stefnanda hvað varðar fjárhæð og útgáfudag og sýndur til greiðslu þann 10.11. 1993.

Í þessum þætti málsins deila aðilar um hvort heimila eigi vitnaleiðslur. Stefndu krefjast þess að eftirtalin vitni verði leidd fyrir dóminn:

Hjörtur Torfason hæstaréttardómari, Hrafnkell Ásgeirsson hrl., Guðný Höskuldsdóttir lögfræðingur, Þorkell Skúlason löggiltur endurskoðandi, og fyrrverandi starfsmenn Evrópuferða, þau Halldór Ástvaldsson, Helga H. Magnúsdóttir og Jóhanna Björnsdóttir.

Halda stefndu því fram að vitni þessi geti borið um meint misferli og fjárdrátt sem hafi orðið þess valdandi að víxillinn í Sparisjóði Hafnarfjarðar varð hærri en efni stóðu til.

Stefnda Jóhanna hafi undirritað tékka, sem hún hafi treyst starfsmönnum sínum til að fylla rétt út. Það hafi hins vegar brugðist og því hafi yfirdráttur á tékkareikningi stefndu hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar orðið hærri en ef rétt hefði verið haldið á málum.

Stefnandi mótmælir að ofangreind vitni komi fyrir dóm. Framburður þeirra sé málinu óviðkomandi þar sem mál þetta sé rekið sem víxilmál. Hins vegar hefur stefnandi ekki gert athugasemd við kröfu stefndu um að nokkrir tilgreindir starfsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar komi fyrir dóm.

Niðurstaða.

Samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991 um afbrigðilega meðferð einkamála í héraði eru aðalafbrigðin frá venjulegum réttarfarsreglum, sem um víxilmál gilda, fólgin í því tvennu, að réttur varnaraðila til að bera fram varnir um efni málsins og til þess að hafa uppi í málinu gagnkröfur til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms er stórum takmarkaður. Réttarfarshagræði þau, sem víxilhafa eru veitt með þessu, miða að því að gera víxilmál sem einföldust og óbrotnust og að gera með því málsóknina greiðari fyrir sækjandann. Með reglum þessum er fyrir það girt, að viðskipti þau, er bak við víxilinn liggja, verði dregin inn í víxilmálið, og er með því tryggt gildi víxilskuldarinnar sem formskuldar. Í 118. gr. laga nr. 91/1991 eru taldar upp varnarástæður sem unnt er að bera fram í víxilmáli. Sú varnarástæða stefndu, að skuldin á bak við víxilinn sé lægri en stefnukröfur segja til um, getur því ekki samkvæmt framansögðu komið til álita, þar sem um er að ræða málsástæðu, sem ekki kemst að í víxilmáli. Vitnaleiðslur til sönnunar þessari málsástæðu eru því þýðingarlausar eins og hér stendur á. Hins vegar geta stefndu samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991 höfðað mál á hendur stefnanda eftir almennum reglum.

Samkvæmt framansögðu verða framangreindar vitnaleiðslur ekki heimilaðar. Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í þessum þætti málsins.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framangreindar vitnaleiðslur.

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 127/1994. **Skúli Friðfinnsson**
(Sigurður Eiríksson hdl.)
gegn
Sædísi hf.
(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 3. mars 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að sóknaraðili leggi fram 200.000 króna málskostnaðartryggingu í peningum eða með óskilyrtri ábyrgð banka eða lánastofnunar. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu skal vera tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig, að frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili, Skúli Friðfinnsson, greiði varnaraðila, Sædísi hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. febrúar 1994.

Í þessum þætti málsins krefst stefndi, Sædís hf., kt. 590881-0829, Kirkjuvegi 3, Ólafsfirði, þess, að stefnandi málsins, Skúli Friðfinnsson, kt. 180846-4849, Sólvöllum 19, Akureyri, setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi krefst þess að þessari kröfu stefnda verði hafnað og krefst úrskurðar dómsins um þennan ágreining svo og málskostnaðar að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Röksemdir stefnda eru þær að ætla megi að fjárhagur stefnanda sé slæmur. Hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota þann 17. október 1991 og skiptum á búi hans lokið um ári síðar. Kveðst hann því hafa fulla ástæðu til að ætla að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Leggur stefndi til að málskostnaðartryggingin verði þannig að stefnandi afhendi dóminum bankabók sem innihaldi að minnsta kosti 200.000,- krónur.

Stefnandi kveðst hafa ágætar árstekjur og vera enn í fullu starfi, og það að gjaldþrotaskiptum á búi hans lauk þann 2. október 1992 segi ekkert um fjárhag hans í dag eða möguleika hans á að greiða umræddan málskostnað. Segir hann augljóst að hann sé fullfær um að greiða þann málskostnað sem á hann kynni að falla vegna þessa máls.

Fram er komið í þessum þætti málsins að bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta þann 7. október 1991 og lauk skiptum á búinu þann 2. október 1992 með því, að forgangskrafa, kr. 51.602,-, greiddist svo og kr. 589.602,- eða 16,48% af lýstum veðkröfum, en ekkert upp í almennar kröfur, að fjárhæð kr. 6.435.012,-.

Samkvæmt því, sem fram er komið, er stefnandi nú háseti hjá Útgerðarfélagi Akureyringa og hafi hann þar í tekjur síðustu 23 vikur liðins árs alls kr. 1.084.546,-. Samkvæmt framlögðum gögnum hafi hann á tímabilinu 16. janúar 1994 til 9. febrúar 1994 kr. 279.044,- í heildarlaun.

Þrátt fyrir það að stefnandi hafi með þessu sýnt, að hann hefur sæmilegar launatekjur, þykir ekki verða fram hjá því horft hve tiltölulega skammt er síðan hann varð að lýsa sig gjaldþrota og hversu skammt eignir hans hrukku við skiptin til fullnustu kröfuhöfum. Að þessu athuguðu þykir stefndi hafa leitt nægilegar líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, og verður því krafa stefnda um, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu hans, tekin til greina, með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Þykir tryggingin hæfilega ákveðin að fjárhæð kr. 100.000,-, og skal stefnandi afhenda hana til dómsins í formi peninga eða óskilyrtrar ábyrgðar banka- eða lánastofnunar í síðasta lagi þann 3. mars nk. kl. 13.30, er mál þetta verður næst tekið fyrir, að því viðlögðu að málinu verði ella vísað frá dómi.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Stefnandi, Skúli Friðfinnsson, setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu, að fjárhæð kr. 100.000,-, og skal hún hafa borist dóminum í formi peninga eða óskilyrtrar ábyrgðar banka- eða lánastofnunar í síðasta lagi þann 3. mars 1994 klukkan 13.30, er mál þetta verður næst tekið fyrir, að því viðlögðu að málinu verði ella vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 105/1994. **Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Hólmi hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar sl., sem barst réttinum með kærumálsgögnum 8. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Með málinu er og skotið úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 1. desember 1993, þar sem synjað var kröfu sóknaraðila og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga um frávísun. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að málinu verði vísað frá Héraðsdómi Vestfjarða, en til vara, að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins á Patreksfirði 24. maí 1993 um að úthluta til sín 2.855.634 krónum af söluandvirði skipsins Eleseusar BA-328. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Í frávísunarþætti málsins krefst varnaraðili þess aðallega, að kröfu sóknaraðila um frávísun frá Héraðsdómi Vestfjarða verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfunni verði hafnað. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði úthlutað 313.831 krónu af uppboðsandvirði skipsins. Jafnframt krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 1. desember sl. var kröfu sóknaraðila um frávísun málsins frá dómi hafnað. Taldi héraðsdómari að varnaraðili hefði ekki firrt sig rétti til að bera ákvörðun sýslumanns undir héraðsdóm. Samkvæmt 4. mgr. 150. gr., sbr. 1. mgr. 151. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var sóknaraðila heimilt að kæra til Hæstaréttar synjunarúrskurð Héraðsdóms Vestfjarða um frávísun málsins frá héraðsdómi, jafnframt því sem hann kærði efnisúrskurð.

Þann 25. júní 1992 var mb. Eleseus BA-328 seldur nauðungarsölu hjá sýslumanninum á Patreksfirði, og var varnaraðili hæstbjóðandi. Frumvarp til úthlutunar var gefið út 24. september sama ár, og var sóknaraðila úthlutað af söluandvirðinu 2.859.481 krónu. Varnaraðili mótmælti þessari úthlutun frumvarpsins innan lögboðins frests og fylgdi þeim mótmælum eftir með nokkrum bréfum. Fundur sýslumanns um mótmælin var fyrst haldinn 24. maí 1993. Á þeim fundi voru meðal annars mættir lögmenn sóknaraðila og varnaraðila. Var þeim gefinn kostur á að tjá sig um mótmæli gegn frumvarpinu. Lögmaður sóknaraðila krafðist þess, að frumvarpið gilti um úthlutun til hans, þó þannig að hann lækkaði kröfuna lítillega. Í framhaldi af því var bókað eftir lögmanni varnaraðila, að hann mótmælti þessari úthlutun og áskildi sér rétt til að vísa málinu til Héraðsdóms Vestfjarða. Tók þá sýslumaður ákvörðun um, að krafa sóknaraðila ætti að standa. Um frekari yfirlýsingu eða bókun af hálfu varnaraðila var ekki að ræða. Í lok sama fundar var hins vegar bókað eftir lögmanni annars kröfuhafa, að hann vísaði ágreiningi um sjóveðskröfur skjólstæðings síns til Héraðsdóms Vestfjarða.

Í 2. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu segir, að sá, sem vilji leita úrlausnar héraðsdómara, skuli lýsa því yfir við fyrirtöku á nauðungarsölunni, þar sem sú ákvörðun kemur fram, sem leita á úrlausnar um. Þá er mælt svo fyrir í 3. mgr. sömu greinar, að komi yfirlýsing fram við fyrirtöku máls, skuli um hana bókað í gerðabók ásamt því, sem hlutaðeigandi mun krefjast fyrir dómi. Samkvæmt skýlausum fyrirmælum ákvæðisins bar varnaraðila að lýsa yfir vilja sínum til að leita úrlausnar dómstóla þegar á fundinum 24. maí, er sú ákvörðun sýslumanns lá fyrir, að krafa sóknaraðila ætti að standa og hvaða dómkröfur hann myndi gera. Áskilnaður um þetta nægir ekki. Samkvæmt þessu kom yfirlýsing varnaraðila í bréfi 25. maí 1993 um að leita úrlausnar Héraðsdóms Vestfjarða of seint fram. Breytir hér engu, að í því bréfi vísaði varnaraðili til þess, að fram hafi komið á fundinum daginn áður, að hann myndi leita úrlausnar héraðsdómara.

Rétt þykir að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Héraðsdómi Vestfjarða.

Varnaraðili, Hólmur hf., greiði sóknaraðila, Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, 250.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 73/1990. **Sigfús Örn Árnason**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Þýsk-íslenska hf.
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. febrúar 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þann veg, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða sér 344.343 krónur með dráttarvöxtum frá 1. október 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfum sínum á hendur stefnda um greiðslu forvaxta af víxli og vaxta vegna dráttar á innborgunum, og lækkuðu kröfur hans því um 149.233 krónur frá dómkröfum í héraði.

Málavextir og kröfugerð aðila eru rakin í héraðsdómi.

Það verk, sem áfrýjandi innti af hendi í þágu stefnda sem múrarameistari hússins Álfabakka 16 í Reykjavík 1987 til 1988, var unnið samkvæmt mælingu að mestu leyti, en að hluta í tímavinnu. Óumdeilt er, að ekki var samið fyrir fram um fjárhæð tímakaups. Ágreiningur aðila um þetta atriði lýtur að því, hvort áfrýjanda hafi verið heimilt að leggja 11,22% þóknun ofan á tilgreint tímakaup í reikningi 25. maí 1988, eins og hann gerði í sérstökum lið, eða hvort hún hafi verið innifalin í tímakaupinu, sem þar var tíundað. Um heimild áfrýjanda til að reikna sér þóknun er ekki deilt. Við meðferð málsins í héraði lagði stefndi fram tvenns konar útreikninga á útseldri vinnu iðnaðarmanna í mars og maí 1988. Í öðru tilvikinu var

tímakaup án þóknunar, en að meðtöldum launatengdum gjöldum, 804,34 krónur, en í hinu tilvikinu 1.062,29 krónur. Í báðum þessum dæmum var gert ráð fyrir 11% þóknun ofan á tímakaup, en í öðru þeirra var hún reiknuð á grunngjald án launatengdra gjalda. Dagvinnukaup án þóknunar nam í reikningi áfrýjanda ýmist 510 krónum, 688 krónum eða 835 krónum, og var 11,22% þóknun reiknuð ofan á þær fjárhæðir. Með hliðsjón af þessum gögnum og öðru því, sem fram er komið í málinu, verður stefndi ekki talinn hafa sýnt fram á, að reikningur áfrýjanda fyrir útselda vinnu hafi eigi verið sanngjarn og eðlilegur. Á áfrýjandi því rétt á umkrafinni þóknun, samtals 153.366 krónum, en ekki er ágreiningur um útreikning þessarar fjárhæðar. Það haggar ekki þessari niðurstöðu, að áfrýjandi lagði jafnframt 11,22% þóknun á mælingargjald í reikningi sínum, en þau mistök leiðrétti hann fyrir útgáfu gagnstefnu í héraði.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 53.590 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigfús Örn Árnason, greiði stefnda, Þýsk-íslenska hf., 53.590 krónur með eftirfarandi ársvöxtum: 27,6% frá 17. nóvember 1988 til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi til 15. júní sama ár og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms mánudaginn 15. janúar sl., hefur Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419, Lynghálsi 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. maí 1989 á hendur Sigfúsi Erni Árnasyni, kt.

201149-7119, Markarvegi 16, Reykjavík. Með stefnu, þingfestri 16. október 1989, höfðaði stefndi, Sigfús Örn Árnason, gagnsök í málinu á hendur stefnanda, Þýsk-íslenska hf.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 239.656,00 ásamt 27,6% dráttarvöxtum á ári frá 17. nóvember 1988 til 1. desember 1988 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur aðalstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 493.567,00 með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær aðallega, að hann krefst sýknu, svo og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað [...]. Til vara krefst gagnstefndi sýknu og að málskostnaður falli niður í gagnsök. Til þrautavara krefst hann lækkunar á kröfum gagnstefnanda og niðurfellingar málskostnaðar.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Aðalstefnandi segir kröfu sína í aðalsök vera til greiðslu skuldar vegna ofgreiddra verklauna ásamt vöxtum og kostnaði. Hann kveður málavexti vera þá, að ráðist hafi verið í byggingu hússins Álfabakka 16 árið 1987. Aðalstefndi hafi verið múrarameistari hússins. Hafi aðalstefnandi falið VSP, Verkfræðistofu Stanleys Pálssonar, að hafa yfirumsjón með verkinu og semja við einstaka meistara þess. Það hafi VSP gert og farið meðal annars fram á það við alla meistara hússins að ákvæðisvinna yrði gerð upp jafnóðum samkvæmt mælingum viðeigandi meistarafélags. Allir meistarar hússins, að aðalstefnda undanskildum, hafi farið eftir þessum tilmælum og fengið greitt samkvæmt mælingum. Aðalstefndi hafi ávallt rukkað um innágreiðslur og ávallt borið við tímaskorti, þegar hann hafi oftsinnis verið varaður við því, að innágreiðslum yrði hætt, ef hann kæmi ekki með mælingar til uppgjörs.

VSP hafi gert lauslegan kostnaðarútreikning á múrverki samkvæmt reynslutölum og fundist innágreiðslur orðnar fullháar, þegar aðalstefndi hafi komið með lokareikning sinn hinn 6. júní 1988. Reikningnum hafi fylgt efnis- og tímavinnunótur auk 20 mælinga og hafi það tekið nokkurn tíma að fara yfir þetta.

Þar sem reikningur aðalstefnda hafi borið það með sér, að óuppgert gæti

verið um það bil kr. 1.500.000,00, hafi honum verið greiddar inn á reikninginn kr. 900.000,00 þar til dæmið yrði reiknað til enda. VSP hafi síðan haldið fund með aðalstefnda þann 16. september 1988 vegna ágreinings um þóknun og uppáskriftargjald. Á fundinum hafi aðalstefndi fallist á það að taka umræddan reikning til baka og koma með nýjan og réttan reikning.

Þann 21. október hafi VSP skrifað aðalstefnda til þess að reka á eftir því, að hann legði fram nýjan lokareikning. Þann 3. nóvember 1988 hafi aðalstefndi loks komið með nýjan lokareikning. Þennan lokareikning hafi eftirlitsaðili aðalstefnanda, VSP, ekki getað samþykkt. Í fram lagðri greinargerð VSP sé nákvæmlega tíundað hvaða atriði í lokareikningi aðalstefnda fái staðist og hver ekki. Þar komi m.a. fram, að aðalstefndi rukki aðalstefnanda fyrir leigu á steypuhrærivélum, kr. 119.100,00, en raunin hafi verið sú, að Þýsk-íslenska hf. hafi útvegað aðalstefnda 4 vélar til afnota við verkið, gagngert til þess að ekki þyrfti að notast við leiguvélar. Aðalstefndi hafi notað þessar fjórar vélar og eina frá sjálfum sér. Verra sé, að aðalstefndi hafi aldrei skilað vélunum í eigu aðalstefnanda.

Því hafi niðurstaða Verkfræðistofu Stanleys Pálssonar orðið sú, að aðalstefnda hafi verið ofgreiddar kr. 251.784,00. Aðalstefnandi hafi sent aðalstefnda reikning fyrir þessari fjárhæð, en hann ekki verið greiddur. Lögmaður aðalstefnanda hafi sent aðalstefnda innheimtubréf, dagsett 1. febrúar 1989, og aftur 8. mars 1989, en þeim hafi ekki verið svarað. Hafi málshöfðun þessi því verið nauðsynleg.

Aðalstefnandi byggir málsástæður sínar og lagarök á því, að eftirlitsaðili hans, VSP, hafi gert samning við aðalstefnda um ákveðið fyrirkomulag, þ.e. að greitt yrði samkvæmt mælingum. Aðalstefnandi hafi staðið við sinn hluta samkomulagsins og greitt fyrir vinnu, sem sannanlega hafi verið innt af hendi. Reyndar hafi hann greitt meira en það og því sé þetta mál til komið. Aðalstefnandi byggir því málshöfðun á samningi milli hans og aðalstefnda og á almennum reglum kröfuréttar og samningsréttar, sbr. lög nr. 7/1936.

Aðalstefnandi telur, að hann hafi leitt rök að því, að aðalstefnda hafi verið ofgreiddar kr. 251.784,00 og því beri að taka til greina dómkröfur hans í máli þessu. Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar sá ábyrgur eftirlitsaðili og hljóti að verða að horfa til greinargerðar þeirrar stofnunar og mælinga þeirra er aðalstefndi skilaði. Að öðru leyti eru einstökum þáttum kröfugerðar aðalstefnanda gerð nánari skil í kafla 5.0, þ.e. í greinargerð fyrir málsástæðum hans í gagnsök.

3.0.

Aðalstefndi neitar því með öllu að fram lagðir lokareikningar hans séu of háir og að um ofgreiðslu aðalstefnanda hafi verið að ræða. Reikningarnir allir séu samkvæmt mælingu og gjaldskrá Múrarameistarafélags Reykjavíkur og vegna leigu á vélum sem aðalstefndi hafi notað við múrverkið. Mótmælir aðalstefndi greinargerð VSP og telur hana ranga.

Þegar aðalstefnandi hafi greitt til aðalstefnda, hafi engir fyrirvarar verið gerðir. Reglur kröfuréttarins um endurheimtu ofgreidds fjár leiði til þess, að aðalstefnandi eigi enga endurkröfu þótt um ofgreiðslu væri að ræða.

Að öðru leyti eru einstökum ágreiningsþáttum gerð nánari skil í kafla 4.0., þ.e. í greinargerð fyrir stefnufjárhæð og málsástæðum gagnstefnanda.

4.0.

Gagnstefnandi kveður málavexti í gagnsök vera þá, að hann hafi tekið að sér fyrir gagnstefnda að vera múrarameistari við byggingu hússins að Álfabakka 16 í Reykjavík. Hafi verið um það samið, að gagnstefndi greiddi inn á verkið vikulega, en að endanlegt uppgjör færi fram, þegar mælingar á verkinu lægju fyrir. Þann 7. júní 1989 hafi gagnstefnandi framvísað reikningi vegna verksins til Verkfræðistofu Stanleys Pálssonar, sem hafi séð um verkið fyrir gagnstefnda. Ekki hafi verið tekin afstaða til reikningsins fyrr en löngu síðar og hafi þá verið talið af hálfu gagnstefnda, að ofgreitt hefði verið fyrir verkið og næmi sú fjárhæð kr. 251.784,00. Byggðist þessi afstaða gagnstefnda á því, að hann hefði neitað að greiða tvo liði reikningsins. Gagnstefnandi hafi viðurkennt, að annar liðurinn væri of hár, þ.e. að greiðsla fyrir þóknun eigi að nema kr. 153.360,00 en ekki kr. 466.579,00, eins og fram komi á reikningnum. Stefnufjárhæðin sundurliðist þannig:

1. Þóknun	kr.	153.366,00
2. Uppáskriftargjald	kr.	150.000,00
3. Leiga á hrærivélum	kr.	98.528,00
4. Forvextir af víxli	kr.	18.591,00
5. Vextir	kr.	130.642,00
6. Þóknun v/múrverks utan húss	kr.	194.231,00
	Alls kr.	745.358,00

Frá dragist kr. 251.784,00, svo að mismunurinn sé kr. 493.574,00, sem sé stefnufjárhæðin. Gagnstefndi telji sig hafa ofgreitt sem nemi kr. 251.784,00, en gagnstefnandi telji sig eiga inni kr. 493.574,00, þannig að deilan snúist um kr. 745.358,00 sem sundurliðist þannig:

1. Þóknun kr. 153.366,00. Á reikningi hafi orðið þau mistök, að þóknun

hafi verið reiknuð bæði af mælingu og tímavinnu. Þar sem þóknun beri einungis að reikna af tímavinnu hafi gagnstefnandi lækkað þessa kröfu sína. Þóknun þessi nemi 11,22% af tímagjaldi og byggist á taxta Múrarameistarafélags Reykjavíkur.

2. Uppáskriftargjald kr. 150.000,00. Krafa þessi byggist á því, að gagnstefnandi hafi verið múrarameistari að húsinu og beri ábyrgð á því. Gagnstefndi hafi þó falið öðrum að sjá um járnalögn hússins, en gagnstefnandi hafi skrifað upp á teikningar og, eins og áður sagði, beri ábyrgð á verkinu. Telji hann því sanngjarnt, að hann fái þóknun fyrir og sé henni í hóf stillt á reikningi. Byggi hann kröfu sína á því, að venja sé fyrir því að meistarar fái þóknun vegna uppáskriftar.

3. Leiga á hrærivélum kr. 98.528,00. Samkvæmt reikningi gagnstefnanda hafi hann krafið fyrir leigu á vélum kr. 119.100,00. Hann viðurkenni hins vegar, að starfsmenn hans hafi haft 2 vélar í eigu gagnstefnda á brott með sér, þegar verkinu var lokið, og fellst á að greiða fyrir þær hálfvirði, kr. 20.572,00.

4. Forvextir af víxli kr. 18.591,00. Gagnstefndi hafi afhent gagnstefnanda víxil fyrir hluta af innborgunarfé. Gagnstefnandi hafi selt víxilinn í banka og hafi forvextir hans verið kr. 18.591,00. Sé eðlilegra að vaxtakostnaður þessi lendi á gagnstefnda, þar sem honum hafi verið veittur greiðslufrestur.

5. Vextir kr. 130.642,00. Gagnstefnandi krefji um vexti vegna dráttar á umsömdum innborgunum og sé áskilinn réttur til þess að leggja fram síðar reikningsyfirlit, er sýni útreikning vaxtanna.

6. Þóknun vegna múrverks utan húss kr. 194.231,00. Eins og áður er getið hafi gagnstefnandi verið meistari að öllu múrverki hússins. Hann hafi hins vegar ekki séð um múrverk utan húss, en eigi vegna ábyrgðar sinnar á verkinu að fá 11,22% af mælingu verksins og nemi sú fjárhæð kr. 194.231,00.

Gagnstefnandi segist byggja kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningaréttar.

5.0.

Gagnstefndi tekur fram eftirgreint um málsástæður og önnur atvik og er þá fylgt sundurliðun gagnstefnufjárhæðar samkvæmt framangreindu:

Um 1. tl.

Þóknun hafi í upphaflegum reikningi gagnstefnanda verið kr. 466.579,00 en hafi nú lækkað í kr. 153.366,00 (153.360,00 í stefnu). Þessi liður eigi samt ekki rétt á sér. Á reikningi stefnda frá 15. maí 1988 komi fram útseld vinna gagnstefnanda. Í þeirri tölu eigi öll gjöld að vera innifalin. Það gagni ekki að bæta síðan einhverri „þóknun" ofan á, sérstaklega ekki þar sem tíma-

gjald það, er gagnstefnandi innheimti fyrir sig og starfsmenn sína, sé verð fyrir ofan alla taxta.

Það sé hins vegar ekki óeðlilegt tímagjald miðað við það sem gerist á markaðinum. Ef hins vegar ætti eftir að leggja sérstaka þóknun ofan á tímagjaldið væri hér um ósanngjarnt tímagjald að ræða, sem gerð hefði verið athugasemd við af hálfu eftirlitsaðilans. Í útseldri vinnu eigi sem sagt að vera innifaldir allir aukaliðir.

Um 2. tl.

Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar, sem sé líklega langstærsti eftirlitsaðilinn með byggingarframkvæmdum hér á landi, hafi aldrei séð þennan lið í reikningum iðnaðarmanna. Gagnstefnandi hafi aldrei fyrr en í lokareikningi kynnt þennan lið fyrir gagnstefnda og verði að ætla, að hann hefði þurft að fá samþykki gagnstefnda fyrir þessum lið, hefði hann viljað fá hann greiddan.

Því sé sérstaklega mótmælt, að það sé venja fyrir því, að meistarar fái þóknun vegna uppáskriftar, og bent á, að það hljóti að vera í verkahring gagnstefnanda að sanna tilvist slíkrar venju. Einnig sé því mótmælt, er fram komi í greinargerð gagnstefnanda, að gagnstefndi hafi „falið öðrum járnalögn hússins". Sannleikurinn sé sá, að gagnstefnandi hafi ekki staðið sig við verkið og því verið fenginn annar aðili til þess að vinna það. Komi þetta meðal annars fram í fundargerðum, þar sem víða sé fundið að framkvæmdahraða gagnstefnanda.

Hugsanlegt sé, að gagnstefnandi sé hér að rugla saman við tilvik, þar sem meistarar „leppa" verk án þess að koma þar nærri. Í tilvikum sem þessum, þar sem meistararnir sjái um framkvæmdina, fái þeir meistaraálag sem greiðslu fyrir sína ábyrgð.

Um 3. tl.

Undir rekstri málsins hafi gagnstefnandi viðurkennt að hafa haft tvær vélar frá gagnstefnda í notkun og síðan tekið þær á brott með sér að verki loknu. Þetta sé auðvitað fáheyrð ósvífni, en ekki verði eltar ólar við slíka framkomu. Það hafi einnig komið fram undir rekstri málsins, að gagnstefnandi hafi komið með 2 vélar, en önnur hafi ekki verið notuð. Hér sé því um einfalt reikningsdæmi að ræða. Gagnstefndi eigi að greiða fyrir leigu á einni vél samtals kr. 32.700,00, sem sé 300,00 kr. leiga á dag í 109 daga. Þeirri leigu til frádráttar komi tvær vélar, sem gagnstefnandi hafi tekið og ekki skilað. Þær séu verðlagðar á 20.572,00. Mismunurinn sé kr. 12.128,00. Þetta hafi gagnstefnandi viðurkennt undir rekstri málsins og hafi því ekki þurft að gagnstefna þess vegna. Stefnukröfur í aðalsök séu því lækkaðar um kr. 12.128,00.

Um 4. tl.

Gagnstefnandi hafi engan fyrirvara gert við móttöku víxilsins og aldrei hafi verið rætt um það við gagnstefnda, að hann bæri kostnað vegna forvaxta þessa víxils. Sé kröfunni því mótmælt sem ósannaðri og órökstuddri.

Um 5. tl.

Þessari vaxtakröfu sé einnig mótmælt á sömu forsendum. Það hafi aldrei verið um neinn drátt á umsömdum innborgunum að ræða. Þvert á móti hafi greiðslur alltaf verið inntar af hendi skilvíslega til gagnstefnanda, þar til í lokin, er lokareikningur hafi borið með sér að ofgreitt hefði verið til gagnstefnanda. Það sé því ekkert fyrir hendi sem réttlæti vaxtagreiðslur. Einhverjum vaxtaútreikningi án allra stuðningsgagna sé því mótmælt, einnig vöxtum af leigu á hrærivélum. Þeim sé mótmælt sem allt of háum, þar sem reiknað sé út frá rangri tölu, og einnig á þeim forsendum, að gagnstefndi geri einungis kröfu um að fá hrærivélar sínar greiddar á því verði er hafi gilt í nóvember 1988 en vaxtareikni þær ekki. Það sé ekki nema sanngjarnt að gagnstefnandi geri slíkt hið sama.

Um 6. tl.

Þessum lið sé einnig eindregið mótmælt. Þessi liður hafi ekki áður verið kynntur fyrir gagnstefnda. Hans sé ekki getið í reikningi gagnstefnanda til gagnstefnda. Sé hann því allt of seint fram kominn. Beri þessi liður keim af því, að verið sé að reyna að „hífa" reikning gagnstefnanda upp í nógu háa fjárhæð til þess að málið teljist „útsléttað". Verði að ætla að gagnstefnandi verði að bera hallann af eigin tómlæti.

Um lagarök segir gagnstefndi, að byggt sé á samningi gagnstefnanda og eftirlitsaðila gagnstefnda, meðal annars um greiðslu samkvæmt tímamælingum. Einnig sé byggt á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar, sbr. lög nr. 7/1936.

6.0.

Forsendur og niðurstaða.

Aðalstefndi fullyrðir, að þegar honum hafi verið greitt í júní 1988, hafi engir fyrirvarar verið gerðir. Því leiði reglur kröfuréttarins um endurheimtu ofgreidds fjár til þess, að aðalstefnandi eigi enga endurkröfu, þótt um ofgreiðslu væri að ræða.

Upplýst er í málinu, að aðalstefnandi dró reikning sinn frá 6. júní 1988 til baka og lagði fram nýjan reikning í nóvember 1988. Í millitíðinni héldu málsaðilar með sér fund vegna ágreinings um einstaka reikningsliði. Í ljósi þessa verður að telja, að aðalstefnandi hafi haft ástæðu til að ætla að endur-

heimtu yrði krafist, kæmi í ljós að greitt hefði verið umfram skyldu, þ.e. að honum hafi verið kunnugt um, að ágreiningur um greiðsluskyldu væri enn óútkljáður. Þá kemur og til, að á síðari stigum máls þessa lækkaði aðalstefndi þóknunarlið upphaflegs reiknings um kr. 313.213,00. Því álítur dómurinn, að aðalstefnandi eigi rétt til endurheimtu, þótt hann hafi ekki gert sérstakan fyrirvara þar um. Skal því vikið að einstökum kröfuliðum.

Í málinu hafa verið lagðir fram útreikningar yfir útselda vinnu iðnaðarmanna og er í þeim öllum gert ráð fyrir 11% þóknun til meistara. Verður því að telja, að þóknun þessi sé almennt innifalin í útseldri vinnu. Aðalstefnandi segist ekki hafa samþykkt fjárhæð tímagjaldsins að meðtalinni sérstaklega tilgreindri þóknun. Með tilvísun til þessa og fjárhæðar þess tímagjalds, sem aðalstefnandi krafði, verður að líta svo á, að umrædd þóknun hafi verið innifalin í henni. Krafa um viðbótarþóknun verður því ekki tekin til greina.

Gagnstefnandi fullyrðir, að venja sé fyrir því, að meistarar fái þóknun vegna uppáskriftar, en gagnstefndi heldur hinu gagnstæða fram. Dómurinn telur, að gagnstefnanda beri að sýna fram á tilvist þessarar venju, en krafa hans er ekki um þóknun til meistara, svo sem um er fjallað í næsta lið hér á undan. Þar sem gagnstefnanda hefur ekki tekist að renna stoðum undir þessa fullyrðingu sína um venju í þessu efni og dóminum er ekki með öðrum hætti kunnugt um tilvist hennar, verður að vísa þessari kröfu hans á bug.

Dómurinn felst á röksemdir gagnstefnda að því er tekur til leigu á hrærivélum, þó þannig að reikna verði með, að tvær vélar hafi verið í leigu. Ekki getur gagnstefnandi krafist leigu fyrir vélar, sem voru í eigu gagnstefnda á notkunartíma. Kr. 65.400,00 fyrir leigu á tveim vélum, þ.e. kr. 300,00 á dag í 109 daga, telur dómurinn eðlilega leigu. Málsaðilar eru sammála um verðlagningu þeirra tveggja véla, er gagnstefnandi skilaði ekki, þ.e. kr. 20.572,00. Mismunurinn, kr. 44.828,00, kemur því til lækkunar á upphaflegum kröfum aðalstefnanda.

Gagnstefnandi krefst forvaxta af víxli, sem hann seldi í banka, en gagnstefndi hafði afhent honum víxil þennan sem greiðslu hluta innborgunarfjár. Telur hann eðlilegra, að vaxtakostnaður þessi lendi á gagnstefnda. Gagnstefndi mótmælir kröfu þessari og fullyrðir, að ekki hafi verið samið um forvexti af víxlinum. Dómurinn telur, að líta hafi mátt á gjalddaga víxilsins sem innborgunardag þessarar greiðslu. Ef samkomulag aðila hefði verið á þá lund, að gagnstefndi hefði átt að greiða forvexti, hefði samkvæmt eðlilegum greiðslumáta átt að hækka víxilinn um forvaxtafjárhæðina. Því telur dómurinn sér ekki fært að taka þessa kröfu gagnstefnanda til greina.

Gagnstefnandi krefst vaxta vegna dráttar á umsömdum innborgunum og hefur hann lagt fram sérstakt reikningsyfirlit, er sýnir útreikning vaxtanna. Er stærstur hluti vaxtanna frá þeim tíma, er verki lauk, þar til fyrri lokareikningur er dagsettur. Dómurinn telur, að gagnstefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að um drátt á umsömdum innborgunum hafi verið að ræða eða að innborganir hafi ekki verið með eðlilegum hætti miðað við gang verksins. Engin frekari gögn hefur gagnstefnandi lagt fram til stuðnings þessari fullyrðingu sinni og verður hann því ekki talinn hafa sýnt fram á réttmæti hennar. Vaxtareikningi fyrir eftirstöðvum á leigu á hrærivélum er hafnað á þeim forsendum, að gagnstefndi fær hrærivélar sínar greiddar á verði, sem gilti í nóvember 1988, án vaxta frá þeim tíma.

Gagnstefnandi krefst þóknunar vegna múrverks utan húss, kr. 194.231,00, þrátt fyrir það að hann hafi ekki séð um það. Hann segist hafa verið meistari að öllu múrverki hússins og eigi því vegna ábyrgðar sinnar á verkinu að fá 11,22% af mælingu verksins. Gagnstefndi segir, að þessi liður hafi ekki verið kynntur fyrir honum áður og sé því of seint fram kominn.

Ekki kemur fram í gögnum málsins, að gagnstefnandi hafi gert athugasemdir við það, að þessi verkhluti hafi verið af honum tekinn. Þessi kröfuliður kemur ekki fram á þeim reikningum, sem gagnstefnandi hefur lagt fram, þ.á m. ekki á lokareikningi fyrir múrverk við húsið. Mun reikningur vegna þessarar kröfu aldrei hafa verið gerður. Mæling á múrverki utan húss er gerð 27. júní 1988, en verkinu mun hafa verið lokið fyrir þann tíma og er meistari nefndur Jón S. Guðmundsson. Lokareikningur gagnstefnanda er lagður fram haustið 1988 og þessi krafa er ekki sett fram af aðalstefnda í greinargerð hans. Hún kemur ekki fram fyrr en með gagnstefnu, þingfestri 16. október 1989, um það bil ári seinna en lokareikningur var gerður.

Af þessum sökum fellst dómurinn á þá málsástæðu gagnstefnda, að krafa þessi verði ekki tekin til greina vegna tómlætis gagnstefnanda við innheimtu hennar, þ.e. dómurinn lítur svo á, að vegna aðgerðaleysis gagnstefnanda hafi gagnstefndi gengið út frá því eða reiknað með, að gagnstefnandi myndi ekki krefjast þessarar þóknunar og hann hafi þannig með tómlæti sínu fyrirgert rétti sínum.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á endanlegar kröfur aðalstefnanda að frádregnum kr. 32.700,00. þ.e. upphaflegar stefnukröfur að frádregnum kr. 44.828,00, en sýkna í gagnsök. Fallist er á vaxtakröfur aðalstefnanda, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari ásamt meðdómsmönn-

um Ágústi Þórðarsyni, múrara og byggingafræðingi, og Vigni Albertssyni, trésmið og byggingafræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Sigfús Örn Árnason, greiði aðalstefnanda, Þýsk-íslenska hf., kr. 206.956,00 ásamt 27,6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1988 til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi, Þýsk-íslenska hf., skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Sigfúsar Arnar Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 510/1993. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Ómari Traustasyni
(Jón Hjaltason hrl.)

Börn. Kynferðisbrot. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1993. Krefst ákærði sýknu, en ákæruvaldið staðfestingar á sakfellingu hans og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið þess jafnframt, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu miskabóta í samræmi við kröfu þess efnis í ákæruskjali, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi.

Í 1. mgr. in fine 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir, að hafi krafa borgararéttarlegs eðlis, sbr. XX. kafla laganna, verið dæmd að efni til í héraðsdómi, skuli þess getið í áfrýjunarstefnu, ef máli er áfrýjað, að því er hana varðar. Í 1. mgr. 173. gr. laganna segir, að í Hæstarétti skuli taka til meðferðar með venjulegum hætti bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, ef máli er einnig áfrýjað í því skyni. Framangreind skaðabótakrafa, sem ekki er getið í áfrýjunarstefnu, kemur samkvæmt þessum lagaákvæðum ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi í máli þessu, og ber að vísa henni frá Hæstarétti.

Háttsemi ákærða samkvæmt III. og IV. lið ákæru fellur undir 2. málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Ómar Traustason, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Í áfrýjunarstefnu málsins var þess ekki getið, að því væri áfrýjað, að því er varðaði ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ljóst var þó, að ákærði ætlaðist til þess við ákvörðun sína um áfrýjun málsins í heild, og þurfti hann ekki að láta þess sérstaklega getið eftir ákvæðum laganna, að ákvörðunin næði til bótaþáttarins. Jafnframt liggur fyrir, að til þess var ætlast af hálfu bótakrefjanda, að upphaflegri kröfu hans yrði fylgt eftir hér fyrir dómi. Samkvæmt lögunum er ákæruvaldinu falin öll forsjá um frágang áfrýjunarstefnu, þótt hún varði einnig einkaréttarlega hagsmuni þriðja manns, nema máli sé áfrýjað vegna þeirra einna, sbr. 173. gr. laganna. Í þessu tilviki var um að ræða bersýnilegan misgáning við stefnuútgáfuna, sem hefur ekki raskað grundvelli málsins eða aðstöðu til flutnings þess hér fyrir dómi. Hafa þeir aðilar, sem hagsmunina eiga, báðir vænst þess, að krafan yrði tekin hér til meðferðar með venjulegum hætti, þrátt fyrir þennan ágalla. Tel ég fyrrgreint ákvæði ekki svo fortakslaust, að þetta sé ekki heimilt. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á annan veg, eru ekki efni til skoðunar á kröfunni, en um aðra þætti málsins er ég samþykkur atkvæði þeirra.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 7. október 1993.

1.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. apríl 1993, á hendur ákærða, Ómari Traustasyni, kt. 161261-3199, Hólagötu 2, Vestmannaeyjum, „fyrir eftirtalin kynferðisbrot framin í Vestmannaeyjum á tímabilinu frá mars 1990 til janúar 1992:

I.

Í mars 1990 að kvöldi dags á þáverandi dvalarstað sínum að Fífilgötu 10 sýnt drengnum A, sem þá var 9 ára og ákærði hafði boðað á sinn fund, klámkvikmynd, látið hann afklæðast að nokkru leyti, farið höndum um getnaðarlim drengsins og tekið lim hans í munn sér og jafnframt tekið getnaðarliminn út á sjálfum sér og handleikið hann í viðurvist drengsins.

II.

Í febrúar/mars 1991 að kvöldi dags að Fífilgötu 10 sýnt drengnum B, sem þá var 12 ára og ákærði hafði boðað á sinn fund, klámkvikmynd, tekið út á sér getnaðarliminn og beðið B um að fara höndum um hann, sem B neitaði, og horfði ákærði þá á kvikmyndina áfram með liminn utan klæða í viðurvist drengsins þar til hann fór á brott skömmu síðar.

III.

Í síðari hluta maí 1991 að kvöldi dags ekið með drenginn C, sem þá var 10 ára, í bifreið sinni að Helgafelli, látið drenginn skoða klámblöð og síðan þreifað inn undir buxur hans og farið höndum um kynfæri hans og loks fróað sér við hlið drengsins í bifreiðinni.

IV.

Í janúar 1992 að kvöldi dags ekið með drenginn D, sem þá var 10 ára, í bifreið sinni niður að Klauf, sýnt honum þar klámblöð, losað um buxur drengsins og farið höndum um kynfæri hans og jafnframt beðið drenginn um að handleika kynfæri sín, sem drengurinn gerði ekki, og þá fróað sér sjálfur í viðurvist drengsins í bifreiðinni og orðið við það sáðfall.

V.

Framangreind brot ákærða í liðum I, III og IV teljast varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga, og brot ákærða í lið II telst aðallega varða við sama ákvæði, en til vara við 209. gr. og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og enn fremur teljast öll framangreind brot ákærða varða við 66. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. áður 45. gr. laga nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Fyrir hönd drengsins A gerir Einar Gautur Steingrímsson héraðsdómslögmaður kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð kr. 2.000.000, auk innheimtuþóknunar, kr. 116.930, virðisaukaskatts, kr. 28.648, og dráttarvaxta".

– – –

3.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega og allt frá upphafi rannsóknar neitað þeim sökum, sem á hann eru bornar í ákæru. Er frásögn ákærða af samskiptum hans við þá drengi, sem hér um ræðir, ekki grunsamleg í sjálfu sér, þó að af henni megi vera ljóst, að þau voru ekki í alla staði við hæfi.

Á hinn bóginn er til þess að líta, að umræddir fjórir drengir hafa fyrir dómi staðfastlega haldið því fram að ákærði hafi haft í frammi gagnvart þeim þá háttsemi sem í ákæru greinir. Er sá framburður þeirra í öllum atriðum í samræmi við fyrri skýrslur sem sagðar eru skráðar eftir þeim og liggja frammi í málinu.

Saksókn ákæruvalds gegn ákærða er aðallega byggð á skýrslum þeirra Brynjars Eiríkssonar sálfræðings og Hjalta Kristjánssonar læknis um viðtöl, sem þeir áttu við umrædda drengi 20. og 27. mars 1992 og 28. apríl sama ár. Þeir Brynjar og Hjalti hafa fyrir dómi staðfest efni þeirra skýrslna sem hér um ræðir. Þá hafa þeir metið þar greindar frásagnir drengjanna af málsatvikum trúverðugar og fært rök, sem áður eru tiltekin, fyrir því mati sínu. Við áframhaldandi rannsókn málsins hafa drengirnir í litlu sem engu hvikað frá því sem eftir þeim er haft í framangreindum skýrslum og misræmis hefur ekki orðið vart í framburði þeirra hvers um sig. Þá styðja þær skýrslur, sem mæður drengjanna gáfu fyrir dómi, í öllum meginatriðum þá niðurstöðu, að málsatvik hafi verið með þeim hætti sem drengirnir hafa lýst og ákæra í málinu grundvallast á. Fyrir dómi voru frásagnir drengjanna á köflum tilfinningaþrungnar, einkanlega frásagnir þeirra D og C, og ljóst verður að telja, að þeir lýstu atburðum, sem þeir hafa sjálfir upplifað sem erfiða reynslu. Framburður þeirra D og B var skilmerkilegur og í heild voru frásagnir drengjanna trúverðugar að mati dómsins.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, og að virtum sakargögnum þykir ekki varhugavert þrátt fyrir eindregna neitun ákærða að leggja framburð drengjanna til grundvallar við úrlausn málsins og telja nægar sönnur fram komnar um það, að ákærði hafi í öllum atriðum gerst sekur um það atferli, sem hann er hér saksóttur fyrir.

Í ákæru er brot ákærða gagnvart drengnum A talið hafa átt sér stað í mars 1990. Viðamikil rök hníga að því, að verknaðarstund sé að þessu leyti ranglega tilgreind í ákæru og að brotið hafi verið framið allt að ári síðar en þar greinir. Þá er aldur þeirra B og C miðað við verknaðartíma samkvæmt ákæruliðum II og III, ranglega tilgreindur í ákæruskjali. Framangreind atriði varða þó ekki frávísun málsins né koma í veg fyrir, að áfall verði dæmt, enda hefur vörn ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Háttsemi ákærða samkvæmt lið I, III og IV í ákæru varðar við 1. málsl. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Þá varðar kynferðisleg áreitni ákærða gagnvart B, sbr. II. lið ákæru, við 2. málslið 1. mgr. 202. gr. hegningarlaganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 40/1992, sbr. áður 209. gr. almennra hegningarlaga. Í nefndri 202. gr. eru sérákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum og eru ekki efni til að beita jafnframt ákvæði í lögum um vernd barna og ungmenna, sem til er vísað í ákæru, sbr. Hrd. 6. maí 1993 í málinu nr. 440/1992.

4.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í því máli sem hér er til meðferðar.

Refsing ákærða þykir með sérstakri vísan til 1. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

5.

Skaðabætur, sakarkostnaður og fleira.

Krafist hefur verið 2.000.000,00 króna miskabóta vegna brots þess, sem greinir í IV. ákærulið, auk innheimtuþóknunar, virðisaukaskatts og dráttarvaxta. Er krafa þessi sett fram í bréfi Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, dags. 15. mars 1993. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni og krafist sýknu af henni.

Telja verður, að atferli ákærða gagnvart drengnum D hafi verið til þess fallið að valda honum miska, og þykja bætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

D og foreldrar hans nutu aðstoðar lögmanns við gerð bótakröfu. Þykir kostnaður vegna þess hæfilega ákveðinn 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða D 215.000 krónur. Skal sú fjárhæð bera vexti svo sem nánar greinir í dómsorði, en ekki verður séð að bótakrafa hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru þann 14. maí sl. Dráttarvaxta er hins vegar krafist frá 19. s.m.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Egill Stephensen saksóknari sókn málsins.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Traustason, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði D 215.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 19. maí 1993 til 14. júní s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 455/1991. **Baldur Jónsson**
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
Nesjahreppi
(Gestur Jónsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s.á. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.034.094 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi tók að sér sumarið 1989 að annast fyrir stefnda alla múrhúðun einbýlishússins nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi, sem þá var í fokheldu ástandi og ákveðið hafði verið að breyta í kaupleiguíbúðir. Ágreiningur er um, hvort samið var í upphafi um verkið í heild, en múrverki utan húss var að langmestu lokið, áður en múrverk innan húss hófst. Uppgjör á greiðslum vegna múrverks utan húss fór fram án ágreinings, og er sá verkþáttur ekki til álita í málinu. Ágreiningslaust er, að fyrir múrverk innan húss skyldi greitt samkvæmt uppmælingu. Var hún framkvæmd af Vigni Hjaltasyni múrarameistara, þegar verkið var um það bil hálfnað. Áfrýjandi, sem er múrarameistari, vann sjálfur að verkinu ásamt Kristni Jóhannssyni múrarameistara og tveim ófaglærðum mönnum. Fyrir Hæstarétti deila aðilar ekki um réttmæti uppmælingarinnar út af fyrir sig, heldur eingöngu um 22,86% yfirvinnuálag, sem í henni

felst. Hins vegar deila þeir um ýmsa kostnaðarliði, sem tengjast verkinu og áfrýjandi telur, að stefnda beri að greiða. Jafnframt greinir þá á um réttmæti allra þátta í gagnkröfu þeirri, sem stefndi hafði uppi í héraði.

II.

Áfrýjandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

A. 1.	Múrverk innan húss skv. uppmælingu	kr.	1.942.421
2.	Aukaverk, efnisútvegun, flutningur á efni, hreinsun o.fl. 6% af 1.942.421	"	116.545
3.	Umsjónarkostnaður 4% af 1.942.421	"	77.696
4.	Leiga fyrir hrærivél og hitablásara	"	64.200
5.	Aukavinna vegna múrhúðunar lofts	"	18.000
		kr.	2.218.862
	Áður greitt af stefnda samtals	"	1.524.510
		kr.	694.352
	24,5% virðisaukaskattur af 694.352	"	170.116
		kr.	864.468
	Áður greitt kr. 30.000 + kr. 23.064.....	"	53.064
		kr.	811.404
B. 1.	Flugfar vegna þriggja manna, 10 ferðir	"	113.240
2.	Fjórar ferðir í bifreið vegna sömu	"	90.428
3.	Laun á ferðum 60 st. kr. 900 pr. st.	"	54.000
4.	24,5% virðisaukaskattur af kr. 54.000	"	13.230
		kr.	1.082.302
	Kostnaður við ólokið verk utan húss	"	48.208
		Samtals kr.	1.034.094

Stefndi viðurkennir A. 1. að frádregnum 361.417 krónum vegna yfirvinnu, svo og A. 4. og 5., en mótmælir öðrum kröfuliðum að öllu leyti.

Um A. 1. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að samið hafi verið um, að áfrýjandi fengi greitt fyrir yfirvinnu. Krafa áfrýjanda um þá greiðslu fær ekki heldur stoð í þeirri fullyrðingu hans, að áskilið hafi verið eða sérstök áhersla á það lögð af hálfu stefnda, að verk-

inu yrði hraðað. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um þennan kröfulið.

Um A. 2. Á greiðsluyfirliti kemur fram, að áfrýjandi fékk greiddar samtals 179.250 krónur utan uppmælingar fyrir aukavinnu í tengslum við múrverk innan húss. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að honum beri greiðslur samkvæmt þessum kröfulið umfram það. Verður hann því að engu leyti tekinn til greina.

Um A. 3. Áfrýjandi hefur ekki fært fullnægjandi rök að réttmæti þessa kröfuliðar og ber að hafna honum.

Um A. 4. og 5. Þessir kröfuliðir eru viðurkenndir.

Um B. 1., 2. og 3. Gegn mótmælum stefnda og með hliðsjón af rökum héraðsdómara er staðfest niðurstaða hans um, að hafna beri þessum kröfuliðum.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt var undanþegin söluskatti sú vinna við húsbyggingar, sem unnin var á byggingarstað.

Slík vinna er aftur á móti skattskyld samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laganna skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt, sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Fer endurgreiðslan fram samkvæmt fram lögðum reikningum. Samkvæmt 50. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, kom skattheimta samkvæmt lögunum ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990, en frá þeim tíma féllu úr gildi lög nr. 10/1960 með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skyldu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989. Eigi verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvenær áfrýjandi skilaði af sér múrverki innan húss, en hann virðist hafa afhent heildarreikning fyrir verkið 30. janúar 1990 og hafði þá fengið að mestu greiddan þann hluta kröfu sinnar, sem ekki var ágreiningur um, og voru þær greiðslur inntar af hendi fyrir árslok 1989. Með hliðsjón af þessu og því, hvernig háttað er reikningsgerð áfrýjanda í málinu með tilliti til virðisaukaskatts, skortir fullnægjandi lagagrundvöll fyrir kröfu hans um greiðslu virðisaukaskatts úr hendi stefnda.

III.

Stefndi hafði uppi gagnkröfu í héraði, sem hann sundurliðaði þannig:

1. Fæðis- og gistikostnaður áfrýjanda og starfsmanna hans	kr.	68.203
2. Símakostnaður	kr.	35.778
3. Bætur vegna galla á sandspörtlun	kr.	23.873
Samtals	kr.	127.854

Áfrýjandi mótmælir öllum þessum kröfuliðum.

Um 1. Ragnar Jónsson, oddviti Nesjahrepps, greinir frá því í aðilaskýrslu fyrir dómi, að samkomulag hafi orðið milli málsaðila, er áfrýjandi tók að sér umrætt múrverk, að stefndi greiddi helming fæðis- og gistikostnaðar, meðan áfrýjandi gisti á Hótel Eddu í Nesjaskóla, en eftir þann tíma helming fæðiskostnaðar og allan gistikostnað.

Áfrýjandi, sem á lögheimili í Reykjavík, synjar fyrir, að samkomulag hafi orðið um þetta, og vísar í kjarasamning Múrarasambands Íslands, en í 1. gr. hans segir, að meðlimum sambandsins skuli séð fyrir ókeypis fæði og húsnæði, er þeir vinna utan félagssvæðisins.

Stefndi innti umræddan kostnað af hendi og hefur ekki tekist sönnun þess, að um það hafi verið samið, að áfrýjandi skyldi endurgreiða hann. Brestur því skilyrði til þess, að krafa stefnda samkvæmt þessum lið nái fram að ganga.

Um 2. Ragnar Jónsson segir í aðilaskýrslu, að síma hafi verið komið fyrir að Hraunhóli 4 samkvæmt beiðni áfrýjanda. Hafi síminn verið ólæstur, þannig að hver sem var gat nýtt sér hann. Er áfrýjandi undir þessum lið krafinn um endurgreiðslu fyrir svokölluð umframskref af símanum. Fram kemur í málinu, að iðnaðarmenn, sem ekki voru á vegum áfrýjanda, voru að störfum í húsinu samtímis honum og starfsmönnum hans. Fullyrðir áfrýjandi í aðilaskýrslu, „að allir iðnaðarmenn í húsinu“ hafi notað símann. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að stefndi hafi fært fullgild rök að þessum kröfulið, og verður hann ekki tekinn til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður byggist á því, að gallar hafi verið á svokallaðri sandspörtlun. Kveðst Ragnar Jónsson hafa kvartað yfir þessu við verklok. Árni Kjartansson arkitekt, sem gerði uppdrætti að breytingum á húsinu, greinir frá því í skýrslu fyrir dómi, að hann hafi fylgst með framkvæmdum við húsið. Hann kveðst hafa verið óánægður með sandspörtlun á lofti í lítilli kjallaraíbúð í húsinu og gert athugasemdir af því tilefni. Þá hafi málarar, er unnu í húsinu, kvartað við sig um, að sandspörtlun væri áfátt, og hafi þeir þurft að bæta úr því. Bjarni Ásbjörnsson, er var skrifstofustjóri hjá stefnda á umræddum tíma og átti skipti við áfrýjanda vegna múrverks í húsinu, kveðst í skýrslu fyrir dómi ekki kannast við kvörtun um lélega sandspörtlun.

Af hálfu stefnda fór ekki fram fagleg úttekt á þessum þætti múrverksins, og málarar, sem vitnað er til hér að framan, voru ekki kvaddir fyrir dóm til að tjá sig um þetta ágreiningsefni. Eru því ekki næg skilyrði til þess, gegn mótmælum áfrýjanda, að kröfuliður þessi verði tekinn til greina.

IV.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 37.422 krónur (1.581.004 + 64.200 + 18.000 að frádregnum 1.524.510 + 30.000 + 23.064 + 48.208) með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 100.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Nesjahreppur, greiði áfrýjanda, Baldri Jónssyni, 37.422 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags. Vextina má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. apríl 1991.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 23. maí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, þingfestri þann 12. desember 1990, af Baldri Jónssyni múrarameistara, kt. 040539-3609, Seiðakvísl 12, Reykjavík, gegn Ragnari Jónssyni, kt. 050746-2599, Akurnesi 2, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, oddvita Nesjahrepps, kt. 480269-4389, f.h. sveitarfélagsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.144.552,00. Stefnufjárhæðin var lækkuð af hálfu stefnanda í kr. 1.096.344, ásamt hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1.4.1990 til greiðsludags. [...] Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi þess að málskostnaður verði dæmdur skv. gjaldskrá LMFÍ og virðisaukaskattur á hann.

Með gagnstefnu, sem þingfest var þann 6. febrúar 1991, eru gerðar þær dómkröfur að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 230.987 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta [...]. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...]. Þá er þess krafist, að dómkröfur í gagnsök, eftir því sem við á, verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf og sjálfstæður dómur kveðinn upp um afganginn, en til vara að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur í gagnsök. Þá er þess krafist að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Sættir voru reyndar í máli þessu án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að aðalstefnandi og aðalstefndi sömdu um, að aðalstefnandi tæki að sér inni- og útimúrverk í húsinu nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi, en breyta átti einbýlishúsinu í 3 kaupleiguíbúðir. Ágreiningur er um það milli aðila hvort samið hafi verið um múrun innan og utan húss strax við upphaf verksins og um það, hvort samið hafi verið um múrun eftir tilboði eða uppmælingu.

Aðalstefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Samkvæmt reikningi nr. 10:		
Múrverk skv. mælingu	kr.	1.942.421
Aukaverk, efnisútvegun og flutningur, hreinsun o.fl.		
6% af 1.942.421	kr.	166.545
Leiga á hrærivél og hitablásara	kr.	64.200

Umsjónarkostn. 4% af 1.942.421		kr.	77.696
Loft í kjallara (pússað) umfram veggi í bílskúr 300 ein á 60/-		kr.	18.000
		kr.	2.268.862
Áður greitt 1989		kr.	1.524.510
Greitt 30. jan. 1990		kr.	30.000
Greitt mars 1990		kr.	23.064
		kr.	873.654
Samkvæmt reikningi nr. 14:			
Flugfar Rek.Hfn.Rek.			
10 ferðir vegna 3ja manna		kr.	113.240
4 ferðir m.bíl. v. sömu		kr.	90.428
	Samt.	kr.	203.668
Laun á ferðum 60 st. á 900-		kr.	54.000
Virðisaukask. af 54.000,00		kr.	13.230
	Samt.	kr.	270.898

Aðalstefnandi heldur því fram, að svo hafi samist um milli aðila að múrun utan húss skyldi greidd eftir tilboði og að ekki hafi verið um annað samið í upphafi en múrun utan húss. Aðalstefnandi heldur því fram, að ekki hafi verið samið um múrun innan húss fyrr en í september 1989 og að þá hafi verið hafist handa um múrun hússins að innan. Aðalstefnandi heldur því fram, að um tvo aðskilda samninga hafi verið að ræða, þ.e. um múrun utan húss, sem unnin hafi verið eftir tilboði, og um múrun innan húss, sem unnin hafi verið eftir uppmælingu. Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að svo hafi samist milli aðila strax í upphafi, þ.e. í júlí 1989, að aðalstefndi tæki að sér múrun utan og innan húss og að greiða skyldi fyrir allt verkið eftir uppmælingu, sem aðalstefnandi sjálfur skyldi framkvæma eða einhver annar.

Aðalstefnandi heldur því fram að honum beri greiðsla fyrir aukaverk eins og fram komi á reikningi nr. 19, dskj. nr. 3. Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að samið hafi verið um að aðalstefnandi fengi greitt fyrir aukaverk eftir tímavinnu. Þá gerir aðalstefnandi kröfu um að honum verði dæmd þóknun fyrir umsjónarkostnað, þ.s. hann hafi verið byggingarstjóri á verkstað. Aðalstefndi mótmælir því, að aðalstefnandi hafi verið ráðinn byggingarstjóri á verkstað.

Aðalstefnandi heldur því fram, að hann eigi rétt á að fá greiddan ferðakostnað og laun á ferðum, og vísar til kjarasamnings Múrarasambands Íslands vegna þessa. Aðalstefndi heldur því fram að svo hafi samist um á milli þeirra, að ekki skyldu greiddar ferðir aðalstefnanda og manna hans.

Niðurstaða í aðalsök.

Af gögnum málsins og framburði aðila og vitna fyrir dóminum verður að telja víst, að málavextir hafi verið þeir, að aðalstefnandi hafi boðið fram krafta sína til að múra húsið nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi fyrir aðalstefnanda og fyrir verkið skyldi greitt skv. uppmælingu, sem aðalstefnandi framkvæmdi eða aðrir. Á það verður ekki fallist með aðalstefnanda, að mismunandi skilningur sé lagður í hugtökin mæling og uppmæling. Eins og sést á uppgjörsreikningi aðalstefnanda, segir þar múrverk skv. mælingu, og er þá átt við þá uppmælingu, sem framkvæmd var af Múrarafélagi Austur-Skaftafellssýslu. Það verður einnig talið sannað, að svo hafi samist um í upphafi, að aðalstefnandi tæki að sér úti- og innihúðun, sbr. dómskjal nr. 15, en þar sést að þegar í júlí 1989 var hafist handa við undirbúning að múrun innan húss. Það verður talið sannað, að svo hafi samist um milli aðila, að sérstök mæling skyldi gerð um útihúðunina og sérstök um innihúðunina.

Aðalstefnandi gerir kröfu um að honum verði dæmt að aðalstefndi greiði honum álag vegna múrunar innan húss, eins og fram komi í uppmælingu, gerðri af Múrarafélagi Austur-Skaftafellssýslu. Á þá kröfu aðalstefnanda, að hann skuli fá greitt álag á verkið innan húss, verður ekki fallist. Það verður að teljast sannað, að um álag á verkið hafi ekki verið samið í upphafi verks. Ekki verður heldur séð að aðalstefndi hafi mátt gera sér það ljóst að aðalstefnandi færi fram á álag vegna múrunar innan húss, þ.s. fyrri samskipti aðila báru það ekki með sér. Í uppgjöri aðila vegna múrunar utan húss var ekki gerð krafa um greiðslu álags. Upplýst er í málinu að uppmæling vegna múrunar innan húss hafi legið frammi í nóvember 1989 og að þá hafi verkið verið um hálfnað. Það er einnig upplýst, að aðalstefndi hafi fengið uppmælinguna í hendur á þeim tíma. Ágreiningur er hins vegar um það milli aðila, hvort mótmæli hafi komið fram strax við uppmælinguna. Svo virðist sem aðalstefndi hafi ekki gert formlegar athugasemdir við uppmælinguna til aðalstefnanda strax, heldur hafi hann fyrst farið með uppmælinguna til Sturlaugs Þorsteinssonar verkfræðings og borið uppmælinguna undir hann. Upplýst er að aðalstefndi fór þess á leit við aðalstefnanda að hann hefði samband við Sturlaug verkfræðing um mánaðamótin nóvember/desember til þess að yfirfara uppmælinguna. Aðalstefnandi virðist hins vegar ekki hafa orðið við þessari beiðni og fór ekki á fund Sturlaugs fyrr en

19. febrúar 1990. Það verður að teljast meginregla, að semja verði um yfirvinnuálag fyrir fram, ef það skuli koma til greiðslu. Fyrri samskipti aðila báru það ekki með sér að krafa um yfirvinnuálag væri höfð í frammi. Af þessum ástæðum er ekki unnt að fallast á kröfu aðalstefnanda hvað álag á uppmælingu varðar. Verður því fallist á, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 1.581.004,- vegna múrunar innan húss.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að aðalstefndi skuli greiða kr. 166.545 vegna aukaverka og er fjárhæðin 6% af kr. 1.942.421,- sem aðalstefnandi taldi að sér bæri vegna múrunar innan húss. Það er upplýst í málinu, að ekki var samið um slíka þóknun fyrir aukaverk milli aðila, heldur skyldi greiða eftir tímavinnu fyrir aukaverk. Af þessum ástæðum verður ekki unnt að fallast á þessa kröfu aðalstefnanda.

Aðalstefnandi gerir kröfu um að fá greitt fyrir leigu á hrærivél. Krafa þessi er óumdeild og samþykkt af aðalstefnda.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að fá greidda þóknun vegna umsjónar á verkstað. Það er óumdeilt milli aðila, að ekki hafi verið um það samið að aðalstefnandi yrði byggingarstjóri á staðnum og að hann ætti rétt á þóknun vegna þessa. Á það er réttilega bent af aðalstefnanda, að skv. 4.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 292/1979 með síðari breytingum er boðið að hafa skuli byggingarstjóra á verkstað. Í tilvitnaðri grein er sagt, að byggingarfulltrúi skuli viðurkenna byggingarstjóra, einnig segir að ef ekki sé byggingarstjóri á staðnum, þá skuli byggingarfulltrúi viðurkenna þann meistara, sem sjá skuli um að samræma framkvæmdir við bygginguna. Ekki verður séð af gögnum málsins, að byggingarfulltrúi hafi viðurkennt aðalstefnanda til þessa starfa. Ekki verður séð, að aðalstefnandi geti ráðið sig byggingarstjóra hjá öðrum og krafið um þóknun, þó svo að byggingarreglugerð boði að byggingarstjóri sé á verkstað. Verður að vera um gagnkvæmt samkomulag milli aðila að ræða. Af þessum ástæðum verður krafa aðalstefnanda, hvað þetta varðar, ekki tekin til greina.

Krafa aðalstefnanda um, að aðalstefndi skuli greiða kr. 18.000,00 vegna múrunar á lofti umfram veggi, hefur ekki verið mótmælt af hálfu aðalstefnda með haldbærum rökum. Verður því fallist á þessa kröfu aðalstefnanda.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kostnað vegna ferða á verktímanum, meðan á innihúðun stóð. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að svo hafi um samist milli aðila, að aðalstefnandi skyldi bera allan kostnað af ferðum hans og manna hans. Sturlaugur Þorsteinsson verkfræðingur hefur borið vitni fyrir dóminum og sagt að aðalstefnandi hafi sagt að ef eitthvert „strögl“ yrði um reikning

hans, sem er dómskjal nr. 10, þá kæmi hann með reikning vegna ferða. Í framburði Bjarna Ásbjörnssonar, fyrrverandi skrifstofustjóra Nesjahrepps, fyrir dóminum kemur fram, að þá fyrst hafi hann séð kröfu frá aðalstefnanda um greiðslu á ferðakostnaði, þegar reikningur vegna hans barst í pósti. Líta verður til þess, að aðalstefnandi var við störf á staðnum, þegar hann bauð aðalstefnda, að hann tæki að sér verkið, og gerði í framhaldi af því samning við aðalstefnda. Einnig verður að líta til þess, að undir rekstri málsins kom fram, að kona aðalstefnanda hafði hér einnig viðveru er samið var um verkið. Aðalstefnandi hefur vísað til kjarasamnings Múrarasambands Íslands vegna kröfu um ferðakostnað. Telja verður að verktakar geti samið sig frá ákvæðum sem þessum í kjarasamningi. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðalstefnandi hafi reynt að ráða til sín aðstoðarmenn við verkið af svæðinu né að hann hafi í samráði við aðalstefnda ráðið menn utan svæðis. Verður því ekki annað séð en aðalstefnandi skuli bera kostnað af ferðum starfsmanna sinna. Það verður einnig að teljast óeðlilegt, ef samið hefði verið um greiðslu á ferðakostnaði verktaka og starfsmanna hans, að ferðakostnaðurinn skuli þá ekki koma fram í uppgjörsreikningi, heldur í reikningi sem berst aðalstefnda mánuði seinna. Af þessum ástæðum er ekki unnt að fallast á þessa kröfu aðalstefnanda.

Samkvæmt þessu verður að dæma aðalstefnda, Nesjahrepp, til að greiða aðalstefnanda, Baldri Jónssyni, kr. 85.630,00 að frá dregnum kr. 48.208,00 sem aðalstefnandi hefur lækkað dómkröfur sínar um, eða samtals kr. 37.422,00 með dráttarvöxtum eins og krafist er í stefnu.

Um gagnsök.

Gagnstefnandi segir að hann og gagnstefndi hafi gert um það samkomulag við upphaf verks að gagnstefndi skyldi greiða 1/2 af dvalarkostnaði fram til 1. september 1989, þ.e. meðan hann byggi á hótel Eddu, og 1/2 af fæðiskostnaði allan tímann. Gagnstefnandi hefur mótmælt þessu og hefur vísað til kjarasamnings Múrarasambands Íslands, þ.s. segir að ef meðlimir Múrarasambands Íslands vinni utan félagssvæðisins skuli þeim séð fyrir ókeypis fæði og húsnæði. Af framburði vitna og aðila fyrir dóminum verður að telja sannað, að framangreint samkomulag hafi verið gert milli aðila. Líta verður til þess, að gagnstefndi var á staðnum þegar hann bauð fram krafta sína til að múra húseign gagnstefnanda. Einnig verður að telja, að verktakar geti samið sig frá ákvæðum sem þessum í kjarasamningi félagsmanna. Fallist verður því á þá kröfu gagnstefnanda, að gagnstefndi greiði honum kr. 68.203 vegna uppihaldskostnaðar.

Í öðru lagi gerir gagnstefnandi kröfu um, að gagnstefndi verði dæmdur til

að greiða honum kr. 35.778 vegna umframskrefa á síma, en að síma hafi verið komið upp á verkstað að beiðni gagnstefnda. Gagnstefnandi segir að samkomulag hafi verið með aðilum, að gagnstefnandi skyldi greiða stofngjald og fastagjald af símanum, en gagnstefndi umframskref. Af gögnum málsins og framburði aðila og vitna fyrir dóminum er sannað, að síma hafi verið komið upp á verkstað að kröfu gagnstefnda. Einnig verður að telja sannað, að gagnstefnda bar að greiða þann kostnað sem hlaust af umframskrefum símans. Af gögnum málsins og vitnaleiðslum verður ekki annað séð en að síminn hafi verið ólæstur og menn getað notað hann. Gagnstefndi, sem bar ábyrgð á símanum, hefði getað stjórnað því, hverjir notuðu símann og hve mikið. Verður því fallist á þessa kröfu gagnstefnanda.

Í þriðja lagi gerir gagnstefnandi kröfu um að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 103.135 vegna ílagnar í svalir og tröppur og frágang innan húss, vegna þess að gagnstefndi hafi ekki lokið verki sínu. Óumdeilt er milli aðila, að ólokið var ílögn í svalir og tröppur og gagnstefndi hefur vegna þessa lækkað reikning sinn um kr. 48.208. Ekki hefur komið fram fyrir dóminum, hvaða verk það voru innan húss, sem Kolbeinn múrari varð að lagfæra. Á þessum forsendum er ekki unnt að fallast á það með gagnstefnanda að hann geti gert kröfu á hendur gagnstefnda um kr. 103.135. Skv. þeirri mælingu, sem greitt var eftir vegna múrunar utan húss, bar gagnstefnda kr. 48.208 vegna þessa verks. Verður því á það fallist með gagnstefnda að kröfur hans á hendur gagnstefnanda verði lækkaðar um kr. 48.208.

Í fjórða lagi gerir gagnstefnandi kröfu um að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 23.873 vegna ágalla á sandspörtlun. Það er viðurkennt fyrir dóminum, að sandspörtlun innan húss var áfátt. Einnig er viðurkennt fyrir dóminum, að athugasemdir vegna sandspörtlunar voru hafðar uppi við gagnstefnda. Ekki verður séð að gagnstefndi hafi hlutast til um viðgerðarvinnu á sandspörtlun. Verður því að fallast á þessa dómkröfu gagnstefnanda.

Samkvæmt þessu verður dæmt, að gagnstefndi, Baldur Jónsson, skuli greiða gagnstefnanda, Nesjahreppi, kr. 127.854,- ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í stefnu, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður að dæma aðalstefnda, Baldur Jónsson, til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000,-, þar með talinn virðisaukaskattur, og er þá tekið tillit til málskostnaðar í aðalsök og gagnsök.

Fallist er á þá kröfu gagnstefnanda að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök, kr. 37.422,00, auk

dráttarvaxta frá 1.4.1990 til 23.5.1991, kr. 9.846,00, eða samtals kr. 47.268,00, þar sem skilyrði til skuldajafnaðar eru fyrir.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Kristinsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu.

Dómsorð:

Aðalstefnandi, Baldur Jónsson, kt. 040539-3609, greiði aðalstefnda, Nesjahreppi, kt. 480269-4389, kr. 80.586,- með dráttarvöxtum, eins og greinir í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags, áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 6. febrúar 1992. Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 130.000,- í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt, af málflutningsþóknun og skal málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags og er heimilt að höfuðstólsfæra þá dráttarvexti að liðnum hverjum 12 mánuðum frá upphafsdegi vaxtatökunnar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.